# Þingsályktunartillögur samþykktar.

## 1. Ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar 1974.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt:
**Till. til þál. um, hvernig minnast skuli ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974** [10. mál] (A. 10).

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til fyrri umr.

**Forsrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Það er gamall og góður siður, ekki einungis á Íslandi, heldur víðast hvar, að minnast merkisafmæla, og má raunar segja, að við höfum stundum frekar haft ofrausn í slíku heldur en vanrækt, sbr. það, þegar mönnum í fyrra sumum þótti miður, að ekki skyldi efnt til sérstakrar stórhátíðar út af 20 ára afmæli endurreisnar lýðveldisins. Öðrum þótti jafnsögurík þjóð, sem svo margs hefur að minnast eins og Íslendingar, hafa ærin tilefni til hátíða, þótt ekki væri gert sérstakt eða óeðlilegt stáss af einungis slíku 20 ára afmæli. En hvað sem um það er, er ljóst, að 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar, sem minnzt var 1874, og 1000 ára afmæli Alþingis, sem minnzt var 1930, skildu eftir djúp spor í vitund allra þeirra, sem voru staddir við þær hátíðir, sem haldnar voru. Má e. t. v. segja, að þær hafi markað tímamót í sögu þjóðarinnar. Alveg er víst, að enginn þeirra, sem þátt tóku í þessum hátíðahöldum, hefði viljað vera án þess og þeirra minninga, sem við þá atburði voru tengdar. Svipað má raunar segja um lýðveldishátíðahöldin 1944, en þar stóð öðruvísi á, vegna þess að þá var verið að halda upp á atburð, sem var að gerast, en hitt voru minningarhátíðir um löngu liðna atburði.

Nú er það að vísu svo, að 1100 ára minning er e. t. v. ekki jafnhelg og 1000 ára minning, afmælið ekki jafneftirminnilegt. En þó hygg ég, að flestum komi saman um, að 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar sé svo merkilegt afmæli, að þá sé rík ástæða til þess að efna til mjög veglegra hátíðahalda. Slíkt sé ekki aðeins í samræmi við það, sem við höfum sjálfir áður gert, heldur það, sem flestar aðrar þjóðir eða allar mundu gera, ef svipað stæði á. Það má t. d. á það drepa, ég hygg, að það sé á næsta ári, sem Kanadabúar ætla að minnast með mjög veglegum hátíðahöldum og margvíslegum, m. a. mikilli sýningu, þess, að þá eru 100 ár liðin frá því, að þeirra sambandsríki var stofnað og þeir fengu að mestu sjálfstæði í innanlandsmálum. Og er það afmæli ólíkt tilkomuminna en það 1100 ára afmæli, sem við getum haldið upp á á árinu 1974. Ég vona, að það þurfi ekki um það að deila, að sjálfsagt sé að halda upp á þetta afmæli.

Hitt mundu kannske sumir segja, að óþarflega snemma væri farið um það að hugsa með þessari till. Ég hygg þó, að við athugun komist menn að raun um, að svo sé ekki, vegna þess að hér kemur vissulega margt til álita.

Það er fyrst á það að minnast, að enn höfum við ekki neina heillega frambærilega Íslandssögu. Þjóðvinafélagið og menningarsjóður hafa að vísu unnið mjög gott verk við útgáfu þeirra brota af Íslandssögu, sem efnt hefur verið til á vegum þessara aðila, en þar er ekki um neitt heillegt sagnfræðirit að ræða og raunar mjög mikið ósamræmi milli einstakra hluta þess. Í fyrsta lagi þarf að vinda að því bráðan bug að ljúka því verki, og þegar því er lokið, þarf á grundvelli þess að semja heillega Íslandssögu við almenningshæfi. Það var mikill missir, að prófessor Jón Jóhannesson skyldi falla frá fyrir aldur fram. Hann hafði bezt unnið að því að hefja slíka samfellda sögu. En um það tjáir ekki að fást, að hans nýtur ekki lengur við, áreiðanlega kemur maður í manns stað þar eins og annars staðar. En öllum má vera ljóst, að hér er tvöfalt óleyst verkefni varðandi sagnfræðingana, sem mjög væri ánægjulegt, ef hægt væri að ljúka fyrir 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar.

Þá mundi auðvitað mjög koma til álita að hafa viðtækar sýningar, bæði úr sögu þjóðarinnar, svipað og efnt var til í sambandi við lýðveldisstofnunina 1944 og þeir höfðu mikla ánægju af að skoða, sem þess áttu kost. Á það jafnt við um almennar listsýningar og listahátíðir auk almenningshátíðahalda, hvort sem æskilegt og rétt þykir að hafa slíka hátíð aðallega á Þingvöllum eða hér í Reykjavík, vegna þess, hvernig byggð Reykjavíkur er nátengd byggðasögu landsins í heild. Það má um þetta deila og hafa á því ólíkar skoðanir, hvor hátturinn væri eðlilegastur, hvar meginhátíðahöldin ættu að fara fram, auk þess sem sjálfsagt er, að í einstökum byggðarlögum séu sérhátíðahöld. Þetta þarf að hugleiða og gera sér grein fyrir.

Þá vitum við það einnig, að mjög er nauðsynlegt að koma upp tilteknum þjóðhýsum, eins og

nýju alþingishúsi og stjórnarráðshúsi. Til stjórnarráðs er búið að safna þó nokkru fé og búið að gera frumuppdrætti, sem virðast vel koma til álita. En öllu seinfarnara hefur gengið með þinghús, en sú bráðabirgðalausn, sem fengin er, má ekki með nokkru móti verða til þess að tefja framkvæmdir í þeim efnum. Þar stendur mest á samkomulagi um staðarval og eru sannast að segja, — ekki jafnmargar hugmyndir eins og þm. eru, það væri of mikið að segja, — en fullkomið ósamkomulag á milli manna, ekki eftir stjórnmálaskoðunum, heldur öðru í því efni. Það kemur ekki beint þessu máli við, en ég vil þó láta það uppi hér, að eftir því sem ég hugleiði það mál betur, hneigist ég sjálfur — það er eingöngu mín persónulega skoðun — meira að þeirri hugmynd, sem ég hygg að hv. þm. Benedikt Gröndal sé upphafsmaður að, að ætla þinghúsinu stað hér vestur af þessari byggingu. Þá væri hægt að koma því fyrir í nánum tengslum við hina gömlu Ingólfsbyggð. Ef það yrði ekki beint þar sem bær hans stóð, yrði það a. m. k. andspænis fyrsta túninu, sem ræktað var á Íslandi, fyrsta kirkjugarðinum og kirkjunni í Reykjavík og í nánum tengslum við okkar sögu. Það hefur verið haft á móti því, að þetta yrði of kostnaðarsöm lóð. Það er rétt, að hún mundi kosta töluvert mikið, ef nægilega stór spilda yrði tekin. En að því kemur, að þarna verður byggt upp, og með einhverjum hætti verður kostnaðurinn af þeim byggingum lagður á almennings bak, og ég sé sannast sagna ekkert athugavert við það, að menn safni smám saman fé í það með skattlagningu, eins og það yrði tekið af mönnum með álagningu á vöru eða einhvern annan hátt, sem ella mundi í þetta fara. En ég minnist á þetta hér vegna þess, að það færi auðvitað mjög vel á því, ef hægt væri að tengja báðar þessar nauðsynjabyggingar, nýtt stjórnarráðshús og nýtt alþingishús, við slíka stórhátíð eins og þessa 1100 ára hátíð.

Ýmislegt fleira kemur hér til álita, og skal ég ekki þreyta menn með því að rekja það í einstökum atriðum. En ég vonast til þess, að menn séu mér sammála um, að það sé ekki of snemma, sem þetta mál sé upp tekið, og æskilegt væri, ef góðir menn fengjust til þess að setjast á rökstóla nú þegar til íhugunar öllum þeim atriðum, sem hér koma til greina, svo að þessi hátíð gæti orðið okkur til sams konar vakningar eins og ég vil segja, að hátíðirnar 1874, 1930 og lýðveldishátíðin, þótt með ólíkum hætti væri, áreiðanlega hafa orðið. Og það er þá ekki einungis til vakningar með þjóðinni sjálfri og hvatningar, heldur einnig til þess að styrkja stöðu okkar út á við og vekja athygli á þeim þætti, sem við eigum í að hafa varðveitt og haldið við sameiginlegri menningu vestrænna þjóða. Nú er það að vísu svo, að ekki er þess að vænta, vegna þess að mun meira heyrist af okkar landi þjóða á milli nú í hinum stóra heimi heldur en var t. d. 1874 og 1930, en þær hátíðir urðu mjög til þess að vekja athygli á Íslandi í umheiminum, að sama nýjabragðið þyki að og þá.

Mönnum er Ísland ekki eins gerókunnugt nú eins og þá var. En þó kemur það enn glögglega fram, t. d. í sambandi við uppgötvun þessa korts um Vínlandsferðir, sem virðist vera mjög merkileg heimild, að mörgum er furðulega ókunnugt bæði um þær sögulegu staðreyndir, sem þetta kort er einungis eitt af mörgum vitni um, og þann þátt, sem Íslendingar áttu í þeim merkilegu ferðum, sem þá voru farnar. Það er okkur til styrktar, fámennum og af mörgum lítt metnum, ef menn þannig kynnast því, hvað þessi litla þjóð hefur þó gert og afrekað í sinni 1100 ára sögu. Ég held þess vegna, að þetta mál megi ekki skoðast sem neitt hégómamál, heldur sé hér mjög merkilegt viðfangsefni, sem við eigum að beina hug okkar að að leysa á þann veg, að þjóðinni verði til varanlegrar sæmdar og gagns.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka mjög undir þessa þáltill. hæstv. ríkisstj. og þá ræðu, sem hæstv. forsrh. hélt. Ég held, að það sé alveg ótvírætt, að það er sannarlega tími til kominn, að við förum að undirbúa þá hátíð, sem ætti að verða hér 1974, sérstaklega svo framarlega sem sá undirbúningur ætti að verða okkur til verulegs vegs á hinum ýmsu sviðum vísinda og lista, þannig að við minntumst þessara merkilegu tímamóta í sögu okkar þjóðar á þann hátt, sem mest gagn yrði að eftir á. Ég tel það einmitt mjög gott, að hæstv. ríkisstj. hefur flutt þetta nú þegar, því að ef þetta hefði verið látið bíða fram á síðustu stundu, þá er bæði ýmsu þá hroðað af og þetta yrðu þá meira hégómahátíðir með veizluhöldum og slíku, en minna gert aftur á móti af því, sem varanlega mundi halda uppi minningu þessara tímamóta.

Ég vil alveg sérstaklega taka undir það, að við reyndum á þessum tíma, þessum 9 árum, að gera verulegar ráðstafanir í sambandi við Íslandssöguna. Þetta er ekki vansalaust, eins og þetta er hjá okkur núna, ekki síst þar sem meginið af 19. og 20. öldinni er raunverulega að heita má lítt rannsakaður tími í Íslandssögunni, jafnvel svo að menn, prófessorar við háskólann, treysta sér vart til að kenna um 20. öldina og skera sig þannig úr frá öllum háskólum í veröldinni annars. Það er hægt að nema sögu hvers lands og skrifa um hana, taka doktorsritgerð í henni og annað slíkt, ég tala nú ekki um tímabil eins og síðasta stríð, meira að segja tímabilið 1950—1960. En hér á Íslandi er eins og menn þori ekki yfirleitt á þessu að snerta. Og ég vil lýsa þeirri skoðun minni, að til þess að vinna þetta verk, ættum við að vera mjög djarfir og ekki skammta of smátt. Ef við á þessum 9 árum leggjum fram árlega nokkurt fé til að vinna að þessu, ætti þetta að geta orðið til þess að efla verulega bæði okkar sagnfræði og ýmsar aðrar greinar okkar menningar. Við eigum nóg af sagnfræðingum, líka utan háskólans og ekki síðri en þá, sem í honum eru prófessorar. Og við eigum að nota þessa krafta. Það má ekki viðgangast hjá okkur, að við látum krafta, sem eru með beztu vísindamönnum, þræla sér út við það að vera kennarar hér við gagnfræðaskóla eða annað slíkt milli þess, sem þeir eru kannske háskólakennarar í Osló eða Kaupmannahöfn. Það er alveg ófært. að verulega góðir vísindamenn hafi enga aðstöðu til þess t. d. að skrifa um Íslandssöguna, einmitt þann hluta hennar, sem sízt er rannsakaður, og það er vart hægt að búast við því, að prófessor háskólans hafi við hliðina á kennslunni nema mjög takmarkaðan tíma til þess að skrifa. Ég held þess

vegna, að það væri ákaflega gott fyrir okkur að nota slíkt tækifæri eins og undirbúninginn að svona mikilli minningarhátíð til þess, eins og hæstv. forsrh. kom inn á, að gera verulega gangskör að því, að Íslandssagan verði skrifuð sem heillegust, yfirlit yfir söguna alla og eins þau sérstöku tímabil, sem hvað sízt eru rannsökuð enn þá. Því miður er það svo, — ég tek undir það, sem hann minntist eins ágæts prófessors í sögu hér, — því miður er það svo, að við erum alltaf að missa menn, sem hefðu getað, ef þeim hefði verið gefinn tími til þess, látið okkur í té þekkingu, sem nú er meira eða minna glötuð. Ég man, að ég fór alloft fram á það við þá menn, sem þá réðu, meðan prófessor Ólafur Lárusson enn þá lifði, að það yrði reynt að fá að skrifa upp, t. d. af einkaritara, þá miklu þekkingu, sem hann hafði um íslenzka sögu, ekki sízt þjóðveldistímann og miðaldirnar, en hann var hins vegar þannig gerður maður, að hann lét hluti aldrei frá sér fara, fyrr en hann var orðinn 100% öruggur um þá. En ef við hefðum fengið þekkingu slíks manns setta niður, þótt það væru gerðar aths. við frá hans hálfu, að hann væri ekki viss í öllu saman, hefði það getað hjálpað okkur ákaflega mikið, ekki sízt við ýmis erfiðustu tímabilin okkar, eins og 14. og 15. öldina, sem hann var svo sérstaklega vel að sér í. En við erum sem sé alltaf að missa af slíkum tækifærum, og við látum alltaf undir höfuð leggjast að nota þau, meðan þau gefast, og þetta má ekki svo til ganga hjá okkur. Þess vegna held ég, að undirbúningur slíkrar minningarhátíðar, þar sem veruleg fjárframlög væru lögð fram um leið til þess, gæti hjálpað okkur stórkostlega til þess að missa nú ekki eða a. m. k. grípa nokkuð af þeim tækifærum, sem við hefðum enn þá.

Það var annað líka í þessu sambandi, og það var viðvíkjandi okkar listamönnum. Ég man það, þegar við undirbjuggum t. d. sögusýninguna í sambandi við lýðveldisstofnunina, að þá fórum við til listamannanna okkar til þess að fá þá til að reyna að búa til söguleg málverk úr okkar sögu, svo að segja öllum hennar skeiðum. Nefndin var seint stofnuð hjá okkur. Þetta var skammur tími, og þetta var náttúrlega ekki nokkur undirbúningur, sem listamönnunum var gefinn. Út úr þessu komu samt hlutir, sem urðu þó til þess, að við höfum hér eina mynd frá þjóðfundinum, þó að ýmislegt sé gallað í sambandi við hana. Sannleikurinn er, að ef á að fara út í að búa til verulegar myndir, kostar það ákaflega mikla rannsókn af hálfu listamannanna. Þeir þurfa að setja sig svo vel inn í tímabilið og lifa sig svo inn í það til þess að geta skapað út frá því listaverk. Og manni rennur til rifja, þegar komið er t. d. í þinghúsin á Norðurlöndum og þar birtist allur sá auður, sem þeir eiga í málverkum frá sinni sögu, hvað við erum fátækir í þessum efnum.

Ég hef stundum rætt við okkar listamenn um þetta, málarana, og svarið hjá þeim hefur verið: Það er sannarlega ekki vegna þess, að við viljum ekki búa til söguleg málverk eða treystum okkur ekki til þess. En hver á að kaupa þau, ef við búum slíkt til? — Slíkt er venjulega ekki búið til nema eftir pöntun, þannig að það er alveg tilvalið, ekki sízt þegar höfð er fyrirhyggja eins og nú er um þetta, að byrja nú alllöngu fyrir fram og jafnvel með eins konar samkeppni á milli málara um, að þeir reyni nú að búa til söguleg málverk úr okkar sögu.

Ég man eftir því í sambandi við undirbúninginn undir lýðveldishátíðina, þegar við báðum t. d. menn eins og Jón Engilberts og Þorvald Skúlason að mála þarna, að þá voru sumir í sögusýningarnefndinni hjá okkur dálítið efasamir á, hvernig menn, sem höfðu t. d. mjög miklar tilhneigingar til að mála abstrakt, mundu komast frá slíku. Svo fór, að þau málverk, sem Þorvaldur Skúlason t. d. og Jón Engilberts bjuggu þá til, — þau voru um tíma einokunarinnar og okkar mestu niðurlægingartíma, — urðu til að setja alveg sérstakan ljóma á þá sýningu, og er það vel gert. Því miður er ég hræddur um, að ýmislegt af þessum málverkum kunni að vera glatað. Samt þarf að athuga það, þau áttu að vera geymd í háskólanum. En nú sem sé gæfist öllum þessum listamönnum okkar, ef hugsað væri þarna til í tíma, verulegur möguleiki til þess að vinna þarna vel að.

Alveg sama máli mundi gegna um þá músik eða um þær kvikmyndir eða annað slíkt, sem við mundum gera í sambandi við þetta. Ég gæti trúað t. d., að það yrði mjög uppi að vilja búa til svo að segja klassíska kvikmynd um Ísland, bæði að einhverju leyti sögulega, ef menn treystu sér til þess. en sérstaklega þó af náttúru okkar lands, til þess m. a. að geta sýnt úti um heim til að vekja eftirtekt á okkar landi, og þá þarf að vera tími til stefnu.

En eitt er það, sem mig langaði til að minnast á, þegar við erum að hugsa um svona hlut. Það er venjulega ekki hugsað um það fyrr en á síðustu stundu, þegar þarf að bjóða þeim mönnum, sem boðið er til slíkra hátíðahalda. Þá er oft farið meira kannske eftir tign manna og öðru slíku heldur en ýmsum verðleikum. Eitt er það, sem mér fyndist vera ákaflega æskilegt, að haft yrði í huga, þegar að þessu kæmi. Það væri, að 1974 yrði séð til þess, að þeim vísindamönnum úti um alla veröld, sem alla sína ævi eða mestallan hluta ævi sinnar hafa unnið meira eða minna fyrir Ísland, til þess að vekja þekkingu á Íslandi, til þess að kenna um Ísland, prófessorar við háskóla og aðrir menn, sem hafa gert okkar landi stórgagn með sinni iðju, slíkum mönnum væri boðið til landsins til þess að geta dvalizt þar, helzt 1—2 mánuði, þjóðin legði sérstaka rækt við það að finna á þessum tíma út, hvar þeir menn eru, sem vinna þannig fyrir okkur. Hvað eftir annað rekumst við á það, þegar við ferðumst um hin og þessi lönd, að allt í einu hittum við menn, sem eru ákaflega vel að sér um Íslandssögu, sem eru búnir að kenna um Ísland og Íslandssögu og íslenzkar bókmenntir og sérstaklega okkar fornbókmenntir, kannske áratugum saman, við sína háskóla og þekkja Ísland svo vel, að maður undrast, — menn, sem hafa aldrei til Íslands komið og horfa svo kannske fram á að hverfa svo í burtu, að þeir geti aldrei til Íslands komizt, því að þetta eru venjulega ekki menn, sem eru annars hátt settir í þjóðfélaginu, en því áhugasamari um þetta. Sömuleiðis höfum við orðið varir við það, hvernig eru menn úti um allan heim, sem hafa lært íslenzku, þýða íslenzkar bækur og hafa fengið svo mikla ást á okkar landi,

en koma kannske aldrei nokkurn tíma til þess. Við ættum að hafa þetta í huga, að þegar við minnumst nú okkar 11 alda byggðar, gætu komið hér saman þessir Íslandsvinir og verið hér um tíma, ekki sízt upp á það, að þessir menn hittu hver annan. Að vísu hefði verið heppilegt, að margir af þessum mönnum hefðu getað komið hingað áður, og gjarnan mætti hafa það í huga, af því að margir eru þeir nú orðnir svo gamlir, að þeir máske lifi ekki þennan tíma. En eitt af því, sem við ættum að hafa í huga, þegar að þessu kæmi, væri þetta.

Ég skal ekki fara hins vegar neitt inn á það, sem hæstv. forsrh. kom hér inn á um byggingarnar. Það er alveg rétt, að við mættum gjarnan setja okkur það að hafa komið slíkum byggingum upp og fara að ræða þau mál, sem við erum ákaflega ólíkra skoðana um, og reyna a. m. k. að lokum að koma okkur niður á, hvað heppilegast þyki í þeim efnum.

Ég vil þess vegna mjög taka undir þessa þáltill. hæstv. ríkisstj. og vonast til þess, að sú n., sem hún fer til, vinni vel að henni, og sem sagt, að hugmyndir um þetta komi sem fyrst fram, því að það er oft svo, að beztu hugmyndirnar um svona hluti þurfa hvað lengstan undirbúning.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og til allshn. með 45 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Sþ., 8. des., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 10. des., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 10, n. 120).

**Frsm. (Sigurður Ingimundarson):** Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta mál til athugunar og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Í till. felst, að kjósa skuli 7 manna n. til athugunar á því, hvernig minnast skuli ellefu hundruð ára byggðar á Íslandi á árinu 1974. Fljótt á litið kann að virðast langt til stefnu, en eins og hæstv. forsrh. gat um í framsöguræðu sinni, er verðugt að minnast svo merks afmælis á viðeigandi hátt, og kemur þá til greina að setja sér eitthvert markmið um framkvæmdir í menningar- eða þjóðernismálum, er síðar yrðu sögulegar og sýnilegar menjar sjálfs afmælisdagsins. Vafalaust er um margt að velja hvað þetta snertir og vel til fallið að nota slíkt tilefni til öflunar æskilegra og helzt sígildra þjóðarverðmæta, sem ef til vill yrðu seint eða aldrei til með öðrum hætti. Margt af því, sem til greina kann að koma, getur þurft langan undirbúning og ef til vill töluverða fjárveitingu, og ber því að fagna þeirri forsjálni, sem í till. felst, og leggur n. einróma til, að till. verði samþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 163).

---

## 2. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á 22. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt:
**Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar** [96. mál] (A. 185).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 23. fundi í Sþ., 16. des., var till. tekin til einnar umr.

**Forsrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Það er nú sýnt, að takast muni að ljúka störfum þingsins nú fyrir jól, hinn 18. des. í síðasta lagi, svo sem samkomulag hafði orðið um milli stjórnarflokkanna og stjórnarandstæðinga. Þegar það samkomulag var gert, tjáði ég hv. stjórnarandstæðingum, að ríkisstj. mundi leggja til, að þinginu yrði frestað til hins 7. febr., eða réttara sagt til febrúarbyrjunar 1966, og hefur orðið að ráði að leggja til að hafa frestunina til hins 7. febr. Það er miðað við þann dag vegna þess, að í janúarlok á að hefjast fundur í Norðurlandaráði í Kaupmannahöfn og þurfa nokkrir þm. og ráðh. að fara þangað, og þeir koma ekki heim aftur fyrr en seinni hlutann í næstu viku, þ. e. a. s. fyrstu vikunni í febrúar, svo að ekki hefur þótt taka því að reyna að hafa þingfundi þá viku, heldur byrja að öllu forfallalausu þann 7. febr. Þetta er auðvitað að því áskildu, að ekkert það beri að fyrir þennan tíma, sem geri það að verkum, að ríkisstj. þyki ástæða til að kalla þingið saman til fundar. Ef hún metur það rétt, mun þingið að sjálfsögðu kvatt saman eins fljótt og ástæða er til. Eins mun stjórnin í þinghléinu hafa samráð við þm. og þingflokka, eftir því sem hún metur rétt vera. Með þessum skýringum leyfi ég mér að leggja til, að hv. Alþ. samþykki þessa till.

**Eysteinn Jónsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að mér sýnist ekki ráðlegt að samþykkja þessa till., því að með henni er opnaður möguleiki fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að gefa út brbl. í þinghléinu, en það sýnist ekki hyggilegt að opna þann möguleika og hægt að fresta með öðru móti. Því vil ég ekki mæla með till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 30:15 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 30:13 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 203).

## 3. Markaðsrannsóknir í þágu útflutningsatvinnuveganna.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
**Till. til þál. um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna** [17. mál] (A. 17).

Á 6. og 8. fundi í Sþ., 20. og 27. okt., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

**Flm. (Jón Skaftason):** Herra forseti. Á þskj. 17 hef ég ásamt 8 öðrum þm. Framsfl. leyft mér að flytja till. til þál. um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að kjósa 5 manna mþn. til þess að athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar, svo og bæta gæðaeftirlit, þannig að sem beztum árangri verði náð með minnstum tilkostnaði, og leggja niðurstöður fyrir næsta reglulegt Alþ."

Ekki eru liðnir nema rúmir 2 áratugir frá því, er Íslendingar tóku stjórn eigin mála að fullu í sínar hendur. Margt framfarasporið hefur síðan verið stigið í sögu landsins, en játa verður þó, að margt eigum við enn þá eftir að læra af öðrum, sem framar okkur standa á vissum sviðum. En í heimi nútímans er það fyrst og fremst þekkingin, sem sköpum skiptir um afkomu þjóðanna. Íslendingar eiga mikil verzlunarviðskipti við aðrar þjóðir og hlutfallslega meiri miðað við þjóðarframleiðslu og mannfjölda en flestar menningarþjóðir. Útflutningur landsmanna er nær eingöngu sjávarafurðir, enda eru Íslendingar stórtækustu fiskimenn í heimi og flytja meginmagnið út, því að við erum ekki að sama skapi duglegir fiskneytendur. Á hinn bóginn er Ísland kaupandi að margs kyns varningi erlendis frá í óvenjuríkum mæli miðað við fólksfjölda, því að enn þá er innlendur iðnaður vanmáttugur og stenzt í fáum tilfellum óhefta samkeppni frá stóriðjufyrirtækjum iðnaðarlandanna, er byggja framleiðsluna á þörfum stórs markaðar og nota mikla tækni og dýran vélakost í rekstri sínum. Af báðum þessum ástæðum er ljóst, að utanríkisverzlun landsmanna ræður miklu um afkomu þeirra á hverjum tíma, þannig að það á ekkert síður að kappkosta að efla skipulagningu hennar og bæta á allan máta heldur en að auka sjálfar fiskveiðarnar.

Sjávarafurðir hafa undanfarandi ár numið um 90—95% af heildarútflutningi landsmanna. Sölumeðferð þeirra hefur að mestu leyti verið á höndum samtaka framleiðenda eða hálfopinberra aðila með þátttöku fulltrúa framleiðenda, eins og er t. d. um síldarútvegsnefnd. Yfirleitt hefur sölustarfsemi þessi gengið sæmilega, þótt ekki sé þar með sagt, að hún hefði ekki getað gengið betur í ýmsum tilfellum. Og áberandi er að minnsta kosti, hversu miklu betur samtökin hafa staðið í ístaðinu fyrir umbjóðendur sína heldur en t. d. þeir 20 eða 30 aðilar, sem annast, eða hafa að minnsta kosti annazt, sölu á skreiðarframleiðslu landsmanna með umboðsþóknunina eina að leiðarljósi.

En Íslendingar hljóta að keppa að meiri fjölbreytni í útflutningi, og nýjum útflutningsgreinum þarf að afla markaða og bæta markaðsaðstöðu þeirra eldri. Það er því knýjandi að móta stefnu í markaðsmálum, er byggist á víðtæku samstarfi hins opinbera og þeirra einstaklinga og samtaka, sem markaðsmálefnin varða sérstaklega, svo að kraftarnir og fjármagnið, sem varið er til þessara mála, nýtist sem bezt. Hef ég þá fyrst og fremst í huga stórfellda eflingu hvers kyns markaðsrannsókna, markaðsupplýsingaþjónustu og kynningarstarfsemi á innlendri framleiðslu erlendis. Með markaðsrannsóknum á að reyna að finna út, hvort hefja skuli framleiðslu ákveðinnar vöru og hvernig hún skuli gerð. Það er ekki einasta nauðsynlegt, að gæði vörunnar falli ákveðnum hópi manna í geð, heldur þarf sá hópur að vera svo stór og geta borgað svo vel, að tryggt sé, að framleiðslan gangi fjárhagslega. Við stofnun nýrra útflutningsfyrirtækja verður að hafa þetta sjónarmið enn betur í huga en gert hefur verið. Það er ótækt að ráðast í stórfellda fjárfestingu og dýra framleiðslu til útflutnings, sem svo ekki selst, þegar á reynir, eins og mörg dæmi eru um í atvinnusögu okkar.

En til þess að þetta geti orðið, þurfum við menntað fólk, fjármagn og vinnuskipulag, sem ekki er á færi einstakra framleiðenda, hvers út af fyrir sig, að standa fjárhagslegan straum af. En með samvinnu ríkisvaldsins og samtaka atvinnuveganna væri unnt að leysa þennan vanda. Eðlilegt er við uppbyggingu útflutningsiðngreina að líta til þeirra í fyrstu röð, sem vinna úr innlendu hráefni. Þetta hefur verið gert með miklum árangri í fiskiðnaðinum og ullar- og gæruiðnaði landsmanna. og má vafalítið auka þennan iðnað mjög verulega.

Ég veit, að öllum hv. þm. er ljóst mikilvægi þess, að ýtarleg rannsókn verði látin fara fram á þessum málum öllum, enda ber samhljóða samþykkt hv. allshn. frá því í fyrra á þessari þáltill. því vitni. Tími þingsins entist ekki þá til, að málið fengi fullnaðarafgreiðslu, en ég vona, að það takist nú. Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 10. fundi í Sþ., 10. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

---

Á 26. og 27. fundi í Sþ., 9. og 16. febr., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Sþ., 23. febr., var till. enn tekin til síðari umr. (A. 17, n. 152).

**Frsm. (Einar Ágústsson):** Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til meðferðar þáltill. á þskj. 17 um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna og hefur orðið sam-

mála um afgreiðslu till. Sams konar till. var flutt á s. l. Alþ. og allshn. varð einnig sammála um afgreiðslu hennar þá. En þar sem álit allshn. kom seint á þinginu, vannst ekki tími til að ræða till. þá, og var hún þess vegna flutt öðru sinni nú og liggur nú fyrir hér með breytingu allshn., sem ég mun nú leyfa mér að gera grein fyrir.

Þegar till. var hér fyrst til athugunar hjá allshn., var hún send til umsagnar 5 aðila. Þeir svöruðu allir bréfi allshn. um till. Ég vil leyfa mér í örstuttu máli að rekja þessi svör.

Í fyrsta lagi var till. send til umsagnar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Þeirra svar er dagsett 7. apríl 1965 og er í meginatriðum á þá lund, að samtökin telja veigamikið og æskilegt að efla markaðsrannsóknir og sölustarfsemi þjóðarinnar, eins og segir í ofangreindri till., og skipun mþn., er kveðji sér til samstarfs fulltrúa atvinnuveganna, er vinni í sameiningu að athugun þess, hvað vænlegt sé til að ná nefndu marki, að þessi tillöguflutningur sé rétt ráðstöfun, sem mæla beri með, eins og þar segir.

Till. var enn fremur send til umsagnar Sambandi ísl. samvinnufélaga. Það svar er dags. 5. apríl 1965. Efni þess er þetta: „Vér leyfum oss að mæla með samþykkt till., þar sem vér teljum þá athugun, sem hún gerir ráð fyrir að fari fram, bæði æskilega og nauðsynlega.“

Í þriðja lagi var till. send til umsagnar Félagi ísl. iðnrekenda. Þeirra umsögn er dagsett 26. apríl 1965, og inntak hennar er þetta: „Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu mjög efnahagsafkoma vor byggist á viðskiptum við önnur lönd. Á sviði markaðsöflunar og sölustarfsemi erlendis hefur þegar verið unnið þýðingarmikið starf á vegum helztu útflutningssamtaka, svo sem vörusýninganefndar og annarra. Vér teljum samt sem áður, að enn beri að efla þessa starfsemi og færa hana yfir á víðtækara svið. Mætti í því sambandi athuga, hvort við gætum ekki hagnýtt reynslu annarra þjóða í þeim efnum, svo sem Norðmanna og Dana.“ Þetta er inntakið í umsögn Félags ísl. iðnrekenda.

Þá var till. enn fremur send til umsagnar framleiðsluráðs landbúnaðarins. Umsögn þess er dags. 8. apríl 1965, og er frá því skýrt, að till. hafi verið lögð fyrir framkvæmdanefnd framleiðsluráðs og sú n. mæli eindregið með því, að þáltill. verði samþykkt.

Þessir fjórir aðilar, sem ég hef nú nefnt, mæla þannig allir með því, að till. verði samþykkt, en fimmti aðilinn, sem fékk hana til umsagnar, Félag ísl. fiskmjölsframleiðenda, telur sér ekki fært að mæla með samþykkt till., þar sem hún mundi hafa mikinn kostnað í för með sér, ef til framkvæmda kæmi, enda það verkefni, sem henni er ætlað að leysa, þegar að miklu leyti í höndum annarra aðila, eins og þar segir.

Allshn. hefur á grundvelli þessara umsagna og eigin athugunar komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé sameiginlegt álit, að markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna sé þýðingarmesta viðfangsefni þjóðarinnar í dag. N. telur, að áherzlu beri að leggja á meiri úrvinnslu íslenzkra hráefna, en eftir því sem sá iðnaður cykst og útflutningsvörur verða meira unnar en áður, verði markaðsmálin að sama skapi bæði þýðingarmeiri og erfiðari viðfangs. Íslenzkar iðnaðarvörur til útflutnings mæti meiri samkeppni á erlendum mörkuðum en hrávörurnar og sala þeirra sé háðari breytilegum smekk hins almenna neytanda. Þess vegna verði það fyrir okkur enn brýnni þörf en fyrr að fylgjast með, hverjar eru þarfir og óskir þeirra neytenda, sem við ætlum að ná til, og þess vegna verðum við að vinna að markaðsrannsóknum í stærri stíl en þeim, sem ætla má að einstakir útflytjendur hafi tök á, enda þótt sumir þeirra hafi þegar unnið talsvert starf á þessum vettvangi. Það er því sameiginleg niðurstaða af þessari athugun, að n. telur eðlilegt, að ríkisstj. láti fara fram athugun á því í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, hvernig þessum málum verði bezt fyrir komið, og leggi niðurstöðurnar fyrir Alþ. til ákvörðunar um það, hvernig nauðsynlegum stuðningi verði bezt fyrir komið.

Um það, hvað sé til ráða í þessu efni, skal ég fátt eitt segja hér. Það verður vitanlega úrlausnarefni þeirrar n., sem málið fær til meðferðar, ef till. verður samþ. En ýmislegt er þar eflaust, sem kemur upp í hugann. Það eru t. d. margir, sem hafa bent á það, að æskilegt væri, að við sendiráð landsins erlendis störfuðu viðskiptafulltrúar, sem væru samtökum útflytjenda til ráðuneytis um það, á hvern hátt bezt yrði unnið að markaðsöflun. Þá má enn fremur hugsa sér, að sett verði á stofn stofnun fyrir markaðsrannsóknir og markaðsleit og auglýsingastarfsemi. Það hlýtur að vera affarasælla, eða það er mín skoðun a. m. k., að það sé einhver einn aðili, sem hefur yfirumsjón og endanlegan ákvörðunarrétt um framkvæmd þessarar starfsemi, til þess að markvisst sé unnið. Fleira má eflaust nefna, sem kemur til athugunar í þessu sambandi hjá viðkomandi n., þó að ég skuli ekki tefja tímann á að fara lengra út í það að þessu sinni.

Í till. flm., eins og hún var upphaflega, var enn fremur gert ráð fyrir því, að gæðamatið yrði eflt, en allshn. hefur ekki á þessu stigi talið ástæðu til þess að álykta sérstaklega um það og leiðir það hjá sér. En vissulega getur það mjög komið til álita, ef markaðseflingarstofnun verður sett á stofn, að henni verði þá fengið það verkefni t. d. að setja stimpil sinn á gæðavöru, sem sérstaklega þarf að greiða fyrir og þegar fyrir liggur, að varan stendur undir þeim mælum, sem þar mundu til koma.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fyrir þessu lengri framsögu. Allshn. leggur einróma til, að till. um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi útflutningsatvinnuveganna verði samþ. með þeirri breyt., sem hún hefur gert grein fyrir á þskj. 152.

**Jón Skaftason:** Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. allshn. fyrir góða afgreiðslu á þeirri till., sem hv. 11. þm. Reykv. var hér að mæla fyrir áðan. Ég fagna því, að þeir aðilar, sem síðasti ræðumaður vék að, aðilar, sem eru mjög stórir í atvinnulífi Íslendinga, hafa allflestir tekið tillöguflutningi þessum mjög vel og mælt með, að sú rannsókn, sem till. gerir ráð fyrir, verði látin eiga sér stað. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um till. núna. Ég lýsi því aðeins yfir, að ég og margir fleiri binda miklar vonir við, að út úr þessari rannsókn geti komið ýmislegt það, sem á eftir að verða atvinnuvegum

okkar að miklu liði í framtíðinni, og þá er að sjálfsögðu tilgangi okkar flm. till. náð.

ATKVGR.

Brtt. 152 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 261).

## 4. Garðyrkjuskóli á Akureyri.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd** [66. mál] (A. 78).

Á 12. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 26. fundi í Sþ., 9. febr., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Við 7 þm. úr Norðurl. e. höfum leyft okkur að endurflytja till. okkar frá síðasta þingi um garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd Akureyrar. Till. er þó örlítið breytt, eins og ég mun koma að síðar. Sömu ástæður eru fyrir flutningi till. nú og í fyrra, en þá gerði ég í framsögu allýtarlega grein fyrir þeim, auk þeirra raka, sem voru í grg. till. og eru þar enn, því að sú grg. fylgir einnig till. nú á þskj. 78 og hefur að engu leyti breytt gildi.

Mikill garðræktaráhugi er á Norðurlandi. Margir aðilar þar hafa skorað á okkur þm. að norðan að koma því til leiðar, að ríkið stofni þar skóla í garðyrkju. Fremst í flokki áskorendanna eru kvenfélögin og kvenfélagasamböndin norðanlands. Margir þættir garðyrkjunnar eru einmitt á þeim sviðum, sem konurnar kunna jafnvel enn betur að meta en við karlmennirnir. Svo er t. d. um skrúðgarða og matjurtaræktun.

Um langt skeið hafði Ræktunarfélag Norðurlands garðyrkjunámskeið, sem jafnvel mátti kalla skóla, nokkra mánuði á sumri hverju. Þau námskeið eru talin hafa borið mikinn árangur, og segja kunnugir menn og fróðir, að rekja megi slóðir áhrifanna frá þeim víðs vegar um héruð. Spor þeirra áhrifa séu garðyrkjureitir á mörgum bæjum. En einmitt vegna þess, að námskeið þessi áttu sér stað, má vera, að fólkið á þessum slóðum sakni þess enn meira en ella, að kennslustofnun er nú engin í þessum greinum þar nyrðra síðan Ræktunarfélag Norðurlands hætti þeirri starfsemi, eins og eðlilegt var, um leið og það lagðist að miklu leyti niður vegna breytinga, sem gerðar voru á skipulagi búnaðarfélagsskaparins í landinu.

Ríkið rekur, eins og kunnugt er, einn garðyrkjuskóla, hann er í Hveragerði. Kennsla í þeim skóla hefur mest beinzt inn á svið ylræktar, en ylræktin er ekki nema hluti þess, sem fræða þarf um. Meiri hluti fólks hefur ekki aðstöðu til ylræktar. Fólk þarf líka að geta átt kost á kennslu í framleiðslu alls konar garðplantna, uppbyggingu skrúðgarða, hirðingu þeirra og ræktun þeirra. Einn skóli á Suðurlandi getur ekki notazt eins vel fyrir allt landið og tveir skólar, annar á Suðurlandi og hinn á Norðurlandi. Tveir skólar þannig settir verða betur sóttir en einn. Milli tveggja skóla getur verið verkaskipting og með þeim hætti miklu betur séð fyrir margbreyttum og staðbundnum þörfum. Tveir skólar eru helmingi nær því en einn, ef þeir eru sinn í hvorum landshluta, að fullnægja í þessum efnum landshlutajafnvægisréttlætinu.

Það liggur í augum uppi, að garðyrkjuskóli á Akureyri eða í nágrenni hennar yrði ákjósanlega staðsettur. Eins og segir í grg., sem till. fylgir, er á Akureyri eldri og rótgrónari garðmenning en almennt gerist á Íslandi. Þar eru margir garðar við íbúðarhús einstakir í sinni röð, fjölbreyttir og vænlegir til kynningar við skólakennslu. Þar er grasagarður, sem veitt gæti góð skilyrði til náms með kynningu á plöntugróðri, og mætti hugsa sér, að þar færi fram einhver hluti verknáms í skrúðgarðyrkju. Stutt er þar að jarðhita. Skólar eru á Akureyri og sérmenntað kennaralið, sem auðvelt ætti að vera að fá til stuðnings við kennslu í garðyrkjuskóla þar. Margir áhugamenn á Norðurlandi létu til sín heyra í fyrra, þegar till. okkar þá var til umr. hér á Alþ., og mæltu fastlega með henni. Einn þeirra var hinn kunni garðyrkjufræðingur á Akureyri, Jón Rögnvaldsson frá Fífilgerði. Hann ritaði blaðagrein. Nú vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr grein hans, af því að ég tel fróðlegt fyrir þingheim að heyra, hvað hann segir um þetta mál. Hann segir:

„Á undanförnum árum hefur tæpast verið hægt annað en að veita því athygli, að sífellt hafa verið að berast endurteknar áskoranir og tilmæli frá smærri og stærri fundum og félagssamtökum kvenna hér norðanlands til yfirvaldanna um aukinn stuðning við almenna garðyrkju í Norðlendingafjórðungi. Nú hafa allir þm. kjördæmisins lagt fram á Alþ. till. til þál. um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Eru þetta hinar mestu gleðifréttir fyrir alla sanna unnendur garðyrkju á Norðurlandi, og verður að treysta því, að Alþ. samþykki þessa tímabæru till. Það mun líka almennt viðurkennt, a. m. k. meðal nágrannaþjóða okkar, að garðyrkjan sé bæði hagsmuna- og menningarmál og því beri hinu opinbera að reyna að greiða fyrir framtaki einstaklinga á þessu sviði. Þetta sjónarmið virðist hið opinbera líka hafa viðurkennt hér á landi með stofnun garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi 1939. Er ekki að efa, að sá skóli hafi gert mikið gagn. En áhrifa hans hefur þó fremur lítið gætt hér norðanlands. Er það hvort tveggja, að skólinn er staðsettur á miklu jarðhitasvæði, og því hefur hann hneigzt í áttina að vera gróðurhúsaskóli, a. m. k. að verulegu leyti, enda geysileg verkefni og möguleikar á því sviði, því að vel má hugsa sér aldinrækt hér á landi í gróðurhúsum á stærstu jarðhitasvæðum og e. t. v. útflutning ávaxta, bæði ferskra og niðursoðinna. Þá er aðgætandi, að höfuðborgin er á næsta leiti við skólann með mikla og heillandi möguleika fyrir ungt fólk. Það er því næsta eðlilegt, að heimtur hafa orðið fremur slæmar á þeim fáu unglingum, sem sótt hafa skólann héðan að norðan, enda munu flestir, sem lokið hafa prófi frá garð-

yrkjuskólanum í Hveragerði, hafa setzt að í Reykjavík eða á Suðurnesjum. Og þar situr einnig hinn eini opinberi ráðunautur landsins í garðyrkju og hefur yfirdrifið að gera við leiðbeiningar meðal garðyrkjubænda og annarra á suðvesturhorni landsins.

Nú er vitanlegt, að fyrir dyrum stendur að endurskipuleggja og byggja yfir skólann í Hveragerði. Hafa heyrzt einstakar raddir, einkum sunnanfjalla, halda því fram, að að aflokinni fyrirhugaðri uppbyggingu mundi skólinn færari um að þjóna landinu öllu, en slíkt er hin mesta fásinna. Skólinn mun vegna aðstöðu sinnar halda áfram að verða fyrst og fremst gróðurhúsaskóli, enda ætti hann að vera brautryðjandi á sviði aldinræktar og blómaræktar, e. t. v. til útflutnings, eins og drepið er á hér að framan. Þá munu sennilega líða nokkur ár, þar til skólinn hefur verið endurreistur, og þýðir ekkert fyrir okkur Norðlendinga að byggja allt okkar traust á honum. Hitt er sjálfsagt, að við sameinumst öll um að vinna að stofnun garðyrkjuskóla fyrir Norðurland, og það mun vissulega ekki um hentugri stað að ræða en Akureyri með næstum 10 þús. íbúum og að sjálfsögðu fjölda unglinga. Mundu nokkrir þeirra að líkindum sækja skólann og ef nauðsynlegt reyndist með nokkrum styrk frá bænum. Þá verður að telja hagkvæmt fyrir allan Norðlendingafjórðung a. m. k. að sækja skóla hingað til Akureyrar.

Nú vill svo vel til, að ríkið er nýbúið að eignast gömlu gróðrarstöðina á Akureyri, eða tilraunaráð landbúnaðarins, sem ekkert mun hafa með hana að gera, og efasamt, að þessu gamla óskabarni Norðlendinga verði sýndur verðugur sómi, nema þar verði komið upp garðyrkjuskóla að nýju fyrir Norðurland, því að eins og kunnugt er rak Ræktunarfélag Norðurlands garðyrkjuskóla og námskeið í gróðrarstöðinni í hartnær 4 áratugi. Allir, sem eitthvað þekkja til þessara mála, vita, að garðyrkjuskólinn í gróðrarstöðinni var á sínum tíma hin merkasta stofnun, sem vakti áhugaöldu um allt Norðurland fyrir garðyrkju, enda komu nemendur úr flestum byggðarlögum fjórðungsins í skólann. Bera þessu vitni m. a. 40—50 ára gamlir trjálundir við marga sveitabæi víðs vegar um Norðurland. Munu flestöll þessara trjáa vera alin upp í gróðrarstöðinni á Akureyri, og þar á hinn nýi skóli að rísa og hefja plöntuuppeldi fyrir skrúðgarða handa almenningi eins og í gamla daga. Mundi grasagarðurinn á Akureyri geta orðið slíkum skóla ómetanlegur styrkur, t. d. um plöntuval og ræktunaraðferðir og margt fleira. Hér þarf tæplega neitt milljón króna skólabákn, a. m. k. ekki til að byrja með. Sennilega eru nægilegar byggingar fyrir hendi fyrst í stað og einn fastur kennari eða forstöðumaður mundi vera nóg til að byrja með, enda auðvelt að fá tímakennara í sérfögum á Akureyri. Hins vegar ætti skólinn að mínu áliti að leggja aðaláherzlu á verklegt nám í garðyrkju, og mætti e. t. v. koma þar upp stuttum vornámskeiðum í sambandi við skólann eins og í gamla daga.

Til mun vera einstaka maður, sem telur garðyrkju þýðingarlítið dútl, nema þá helzt kartöflurækt. Skólinn á að kenna okkur að rækta grænmeti og berjarunna og alveg sérstaklega jarðarber. Hæfileg neyzla grænmetis er talin mjög heilsusamleg og raunar ómissandi þáttur í mataræðinu. Einnig ætti skólinn að kenna skrúðgarðagerð, ræktun garðplantna og yfirleitt reyna að vekja áhuga almennings til sveita og við sjávarsíðuna fyrir bættri umgengni og snyrtingu við hús og heimili, enda þótt ekki sé um neinn skrúðgarð að ræða.“

Þetta ritar hinn kunni garðyrkjumaður, Jón Rögnvaldsson, sem er roskinn maður orðinn og reyndur, og ég tel hans álit mjög þungt á metum.

Þá ritaði einnig garðyrkjuráðunautur Búnaðarfélags Íslands, Óli Valur Hansson, grein, sem birtist í einu dagblaðinu 11. f. m. undir fyrirsögninni: „Hér þarf að bæta skilyrði til menntunar í garðyrkju.“ Ræðir hann, þessi garðyrkjumálamaður, ýtarlega þessi mál og hvar kennsla í þeim er á vegi stödd, og verður ekki betur séð og fundið en hann sé hlynntur því, að þessi þáltill. nái fram að ganga. Ályktunarorð hans þar að lútandi eru t. d., með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt verkaskipting á milli tveggja garðyrkjuskóla væri að mínum dómi að ýmsu leyti líklegri til farsæls árangurs fyrir garðyrkjumál landsins í heild og ekki hvað sízt fyrir þau ungmenni, er hafa hug á að nema garðyrkju og óska að sérhæfa sig á ákveðnum verksviðum hennar. Þegar aðeins einum skóla er ætlað að annast slíkt margþætt hlutverk, getur farið svo, að þungamiðjan raskist og falli t. d. einu verkefni frekar í vil en öðrum, eins og gerzt hefur við garðyrkjuskólann að Reykjum.“

Í fyrra var till. þessari vísað til hv. fjvn. til athugunar. N. skilaði áliti 5. maí og mælti einum rómi með því, að till. væri samþ. með umorðun, sem hún hafði gert. Þá var Alþ. að ljúka, svo að till. dagaði uppi eins og fleiri mál. Nál. fylgir till. nú í grg. okkar flm. og við höfum tekið upp till. fjvn., og það er hún, sem við flytjum nú nálega orðrétt. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á því, hvort eigi sé grundvöllur fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Skal þeirri athugun lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.“

Herra forseti. Af því að málið var athugað í n. á seinasta þingi og farið í flutningi málsins nú eftir till. n., sem athugaði till. þá, fyndist mér eðlilegt til vinnusparnaðar að afgreiða málið nú án þess að vísa því til n. eða fresta umr. Till., sem liggur fyrir, er till. n., sem athugaði málið í fyrra. En þyki hæstv. forseta þó réttara að láta n. athuga málið og fresta umr., get ég auðvitað fyrir mitt leyti ekkert haft á móti því og legg til, að því verði þá aftur vísað til hv. fjvn. En ég bendi á þetta, sem er dálítið sérstakt um mál, að það væri hægt að spara tíma og hafa hagkvæm vinnubrögð með því að afgreiða málið án þess að vísa því til n. og halda þó full þingsköp.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 30. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 78, n. 364).

**Frsm. (Ingvar Gíslason):** Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr. nú, var flutt á þingi í fyrra, en dagaði þá uppi í þinglokin. Þá fjallaði fjvn. um málið og var efnislega meðmælt till., en lagði hins vegar til, að henni yrði breytt að orðalagi. Og nú hefur málið verið tekið upp aftur á þessu þingi og þá í því formi, sem fjvn. lagði til í fyrra, og er skemmst af því að segja, að fjvn. hefur ekki breytt afstöðu sinni til þessa máls og leggur til, að till. verði samþ. eins og hún liggur fyrir á þskj. 78. En eins og orðalag till. ber með sér, er stefnt að því að láta nú í sumar gera athugun á því, hvort ekki sé grundvöllur fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í nágrenni Akureyrar.

Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að það sé verulegur áhugi á því á Norðurlandi, að garðyrkjuskóli megi rísa á Akureyri. M. a. hafa kvenfélögin norðanlands látið þetta mál mjög til sín taka og hvatt til aðgerða í því, enda er málið að nokkru leyti flutt fyrir áskorun frá þeim samtökum.

Aðstæður til garðyrkjukennslu á Akureyri eru góðar. Þar er ræktunaráhugi og ræktunarmenning, sem stendur traustum fótum, og kennslukraftar eru fyrir hendi til þess að kenna þær greinar, sem þörf er á í slíkum skóla. Og einnig má benda á það, að á Akureyri er „grasgarður" svokallaður, sem óhætt er að segja að sé eins og lifandi kennslutæki við slíka stofnun.

Ég vil geta þess, sem raunar hefur komið fram, þegar þetta mál var til umr. hér fyrr á þingtímanum, að garðyrkjukennsla fór fram á Akureyri um mjög langt skeið, ég hygg ein 30 ár, hér áður fyrr á vegum Ræktunarfélags Norðurlands, og ef garðyrkjuskóli yrði aftur stofnaður á Akureyri, er raunverulega um að ræða endurreisn fyrri starfsemi í þessari grein, og færi vel á því, að slík endurreisn mætti verða að veruleika. Ef þessi till. verður samþ., hygg ég, að þar sé um að ræða mjög mikilsverðan áfanga á þeirri braut, að aftur verði tekin upp garðyrkjukennsla á Akureyri.

Ég vil að lokum sem einn flm. þakka meðnm. mínum í fjvn. fyrir ágætar undirtektir undir þetta mál og vænti þess, að málið eigi greiðan gang í gegnum þingið. En sem sagt, fjvn. leggur til, að málið verði samþ. eins og það var sett fram nú og er í því horfi, sem fjvn. lagði til í fyrra.

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Till. þessi er áskorun á ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvort eigi sé grundvöllur fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd, og skal þeirri athugun lokið fyrir næsta Alþ.

Eins og sjá má, er fjvn. sammála um þessa till. og má þess vegna ætla, að hún verði samþykkt. Þá er vitanlega sjálfsagt að verða við því að láta þessa athugun fara fram. Um það, hvort grundvöllur er fyrir því að stofna hér annan garðyrkjuskóla og reka tvo garðyrkjuskóla, skal ég ekkert fullyrða nú. Ég vil hins vegar benda á það, að garðyrkjuskóli ríkisins hefur starfað í Hveragerði nú um 30 ára skeið eða nærri því og þessi skóli hefur búið við fjárskort og í lélegum húsakynnum. Nú er uppbyggingu þessa skóla vel á veg komið, þannig að þegar húsakosturinn hefur verið aukinn og kominn í það horf, sem honum er ætlað að vera, er hægt að taka fleiri nemendur þangað, og það hefur einnig verið fyrirhugað að koma upp við garðyrkjuskólann á Reykjum fullkominni tilrauna- og kennslustöð í garðrækt. En fram að þessu hefur garðyrkjustöðin í Hveragerði verið að talsverðu leyti miðuð við það, að skólinn gæti selt sér til hagnaðar framleiðsluna.

Nú má vel vera, þar sem garðyrkja er orðin svo mikill og stór þáttur í framleiðslu okkar og á eftir að verða enn stærri þáttur með aukinni þekkingu á garðrækt, að það sé eðlilegt, að það verði 2 garðyrkjuskólar. Ég vil ekki dóm á það leggja. En ég mundi segja, að ef ekki væri fjármagn til að búa vel að tveimur skólum, þá væri betra að hafa einn skóla, sem fengi öll tæki í hendur og aðstöðu til fullkominnar kennslu, en að hafa tvo skóla, sem ekki væri unnt að láta fá það, sem nauðsynlegt væri, svo að góður árangur næðist. Það verður þess vegna að ætla, að ef hv. Alþingi kemur til með að samþykkja, að hér verði tveir garðyrkjuskólar, annar í Hveragerði og hinn fyrir norðan, verði séð fyrir fjármagni, til þess að báðir þessir skólar verði reknir þannig, að að gagni geti komið. Og að sjálfsögðu verður þetta allt saman vegið og metið, eftir að sú rannsókn hefur fram farið, sem hér er gert ráð fyrir að verði framkvæmd.

Ég vildi aðeins taka þetta fram og vekja athygli á því, sem hefur gerzt og er að gerast í sambandi við garðyrkjuskóla ríkisins, og að það fylgir því að sjálfsögðu sú skylda að útvega nægilegt fé til rekstrar garðyrkjuskóla fyrir norðan, ef til hans verður stofnað, og þá án þess að skerða þær fjárveitingar eða draga úr því, sem sjálfsagt er að veita núverandi skóla. En ég vil ekki gera lítið úr garðyrkjunni. Það er ung atvinnugrein í landinu, sem að sjálfsögðu á fyrir sér að vaxa og verða enn þýðingarmeiri þáttur en hingað til hefur verið.

**Frsm. (Ingvar Gíslason):** Herra forseti. Ég skil hæstv. landbrh. ekki svo, að hann leggi á móti till., eins og hún er orðuð, og er það vel, enda vil ég vekja athygli á því, að hér er alls ekki um að ræða neina fyrirskipun frá Alþ. um það, að stofna skuli þennan skóla, heldur er farið fram á, að þetta mál verði athugað til næsta þings. Og ég vil geta þess, að í upphafi var till. miklu fortakslausari um þetta, en fjvn. breytti orðalagi hennar í það horf, sem hún er nú, og voru allir fjvn.-menn sammála um það.

Flm. að þessari till. eru allir þm. úr Norðurl. e., 7 talsins, og úr öllum flokkum, og vil ég enn vekja athygli á því, að hér er aðeins farið fram á það, að athugun verði gerð á þessu máli, en alls ekki um að ræða neina fyrirskipun af hálfu Alþingis um það, að þessi skóli skuli stofnaður.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 420).

## 5. Lækkun kosningaaldurs.

Á deildafundum 9. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um 18 ára kosningaaldur** [60. mál] (A. 69).

Á 13. og 25. fundi í Sþ., 24. nóv. og 7. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Sþ., 9. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

**Flm. (Benedikt Gröndal):** Herra forseti. Nokkrir þm. Alþfl. hafa leyft sér að flytja þáltill. um 18 ára kosningaaldur. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að taka upp 18 ára kosningaaldur á Íslandi. Athugun þessa skal gera 7 manna nefnd kosin af Alþ. N. kýs sér sjálf formann. N. skal skila áliti fyrir setningu reglulegs Alþingis 1966."

Alþfl. hefur ákveðið að vekja máls á þessari hugmynd við hina flokkana með því að flytja þessa þáltill. Í sjálfu sér væri einfalt mál að flytja frv. um breyt. á stjórnarskránni, þar sem aldrinum 21 væri breytt í 18. En þar eð umr. um þetta mál hafa enn ekki verið mjög miklar í landinu og aðrir flokkar hafa ekki, að því er okkur er kunnugt, látið í ljós opinberlega skoðun á málinu, þykir eðlilegra að fara fram á skipun n. á þessu stigi til þess að veita þannig svigrúm og tíma til athugunar og umr. Fari svo, að hugmyndin fái stuðning, er óþarft að láta samþykkt stjórnarskrárbreytingar af þessu tagi leiða til þingslita og kosninga, heldur virðist rétt að afgreiða málið þá á síðasta þingi fyrir reglulegar kosningar, en slíkt þing verður að öðru jöfnu veturinn 1966—1967 með þingkosningum vorið 1967, og er við það miðað í tillögugerðinni.

Þegar Alþfl.-menn voru fyrst kosnir á þing fyrir tæplega hálfri öld, höfðu þeir einir atkvæðisrétt við kjördæmakosningar, sem voru 25 ára og stóðu ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Við landskjör giltu þá sömu ákvæði nema 35 ára aldursmark. Það var frá öndverðu eitt af mestu áhugamálum Alþfl. að berjast fyrir rýmkun kosningarréttarins. Var markið sett við 21 ár og afnám skilyrðisins varðandi sveitarstyrk. Var þetta í samræmi við þær reglur, sem þá giltu með frjálslyndum þjóðum og gilda víða enn. Þm. eins og Jón Baldvinsson hreyfðu málinu í þessum sal ár eftir ár á fyrstu þingárum sínum. Ég get t. d. nefnt þingið 1922, þegar Jón Baldvinsson flutti þetta mál varðandi sveitarstjórnarkosningar. Hann sagði þá, að ýmsum þætti mikið los á þjóðfélaginu og ekki hreinar línur í landsmálum, jafnvel hið háa Alþingi hefði hlotið ámæli í því efni og væru þó flestir þm. ráðnir og rosknir. Taldi hann unga fólkið vera áhugasamara um opinber mál en hina eldri og benti m. a. á stuðning þess við mörg nauðsynjamál, t. d. þau, sem ungmennafélögin á sínum tíma tóku upp á arma sína, og starf þeirra allt. Taldi hann mikilsverðast, að menn skiptu sér í fylkingar eftir málefnum, og taldi, að unga fólkið stæði síður en svo hinum eldri að baki hvað það snertir. En þrátt fyrir þessar röksemdir, sem kunna að virðast augljósar í dag, var þn., sem um málið fjallaði, einróma á móti till., og frv. hans var fellt með 15:5 atkv. Baráttan um þennan áfanga í mannréttindum hvað kosningarrétt snertir stóð allan áratuginn frá 1920 og raunar fram yfir 1930. En smám saman vannst við málið stuðningur víðsýnna manna í öllum flokkum, og 1929 var lögfestur 21 árs kosningaaldur, en sveitarstyrksákvæðið afnumið að því er varðaði kosningar til sveitarstjórna, og með stjórnarskrárbreytingunni 1934 voru sömu ákvæði tekin upp við þingkosningar.

Síðan hafa miklar breytingar orðið á lífskjörum og lifnaðarháttum menningarþjóða. Velmegun er mun meiri og æskan virðist óneitanlega fá bráðari þroska en áður. Skólaganga er almennari en áður tíðkaðist og mun meira um framhaldsmenntun. Hin hraða uppbygging nútímaþjóðfélags á Íslandi hefur leitt til þess, að margt fólk er kallað til margvíslegra ábyrgðarstarfa mun fyrr en áður var.

Því er haldið fram gegn 18 ára kosningaaldri, að ungt fólk hneigist til ofstækis, öfga og yfirborðsmennsku. Ég tel þetta vera sleggjudóm og mundi ráðlegra að sýna æskunni fullkomið traust. Þá fyrst mun reyna á þroska hennar, og hann mun ekki bregðast í þessu efni frekar en hjá hinum eldri. Mikið er talað um vandamál æskunnar, ekki síst í svonefndum velferðarríkjum. Í þeim efnum munu fá ráð reynast betri en að veita æskufólki sinn sess í þjóðfélaginu með fullri ábyrgð og trausti.

Mikil hreyfing er nú víða um lönd um að koma á 18 ára kosningaaldri. Víðtækar umr. hafa verið um málið í Norðurlandaráði. Í Vestur-Þýzkalandi hefur ungt fólk í öllum flokkum tekið saman höndum og efnt til ráðstefnu um þetta mál, sem vakið hefur mikla athygli þar í landi. Í Bretlandi hallast stjórnarflokkurinn nú mjög í áttina til þessarar breytingar. En stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, hafa riðið á vaðið með framkvæmd á hugmyndinni um 18 ára kosningaaldur. Í Sovétríkjunum er kosningarréttur miðaður við þann aldur, þegar búast má við fullum vinnuafköstum af hverjum borgara, og var 18 ára markið valið frá því sjónarmiði. Í Bandaríkjunum var meira hugsað um margvíslega ábyrgð, sem lögð er á fólk þegar við 18 ára aldurinn. Því er ætlað að berjast og jafnvel fórna lífi sínu fyrir land sitt, og margar aðrar skyldur leggjast á það. Þar var 18 ára kosningaaldur fyrst tekinn upp í einu fylki, Georgíu, en hefur nú verið tekinn upp í mörgum fleiri fylkjum, og sum hafa raunar 19 eða 20 ár, þó að nokkur séu enn með hina gömlu reglu um 21 árs kosningaaldur.

Íslenzka lýðveldið þarf á hverjum manni og konu að halda, og það krefst félagslegs þroska af hverjum einstaklingi. Það er tími kominn til að sýna hinni fjölmennu kynslóð, sem innan skamms á að erfa landið, það traust að veita henni fulla íhlutun um stjórn landsins við 18 ára aldur. Ég vænti þess, að þingflokkarnir taki vinsamlega í þetta mál og meti það, að Alþfl. hefur ákveðið að flytja það í umræðuformi til að byrja með. Ég vænti þess, að það verði umr. um þetta mál, og ég treysti því fullkomlega, að þetta mál muni ná fram að ganga, en spurning sé aðeins hvenær.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og allshn.

**Eysteinn Jónsson:** Herra forseti. Í tilefni af þeirri þáltill., sem hér hefur verið mælt fyrir af hv. 1. flm., vil ég láta í ljós, að ég tel tímabært að taka þetta málefni til rannsóknar og meðferðar með það fyrir augum að veita mönnum fyrr kosningarrétt en nú er gert, og tel ég, að það ætti að vera verkefni þeirra, sem sú rannsókn er falin í mþn., að gera till. um, við hvaða aldur skynsamlegt sé að miða almennan kosningarrétt.

Hér er um mjög þýðingarmikið málefni að tefla og því í alla staði eðlilegt, að það sé vandlega athugað, og að mínu viti heppilegt að fela sérstakri n., einmitt mþn., þingkjörinni, forustu í þeirri athugun, sem eðlilega hlýtur að fara fram áður en ákvarðanir eru teknar, og raunar forustu varðandi undirbúning málsins að öðru leyti. Þetta vil ég að komi fram nú þegar við fyrri umr. málsins.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að taka undir það, sem fram kemur í þessari þáltill. Ég man eftir, að fyrir nokkrum árum ræddum við þetta á fundi í Norðurlandaráði og fór þar fram einmitt atkvæðagreiðsla um þessa hluti, og meiri hlutinn af íslenzku fulltrúunum stóð þá með því að lækka kosningaaldur. Ég vil leyfa mér að vona, að við frekari umræður, þegar þetta kemur aftur úr n., sýni það sig alveg, hver afstaða þingflokkanna er í þessum efnum, en ég álít það mjög tímabært, að þetta mál sé nú tekið upp, einmitt á því þingi, sem er næstsíðast, áður en til kosninga kemur, þannig að hægt væri að athuga það fyrir næsta Alþingi.

ATKVGR.

*Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.*

---

Á 36. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 20. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 69, n. 461).

**Frsm. (Sigurður Ingimundarson):** Herra forseti. Allshn. hefur haft þessa þáltill. til athugunar á nokkrum fundum og leitað umsagnar þeirra æskulýðsfélaga, sem eru innan Æskulýðssambands Íslands. Flest félögin hafa lýst stuðningi sínum við till., þ. á m. æskulýðssambönd allra stjórnmálaflokkanna, en Íslenzkir ungtemplarar og Samband bindindisfélaga í skólum eru andvíg till.

Allshn. hefur efnislega orðið sammála um að mæla með samþykkt till. með þeirri breytingu, að í stað „athugunar um lækkun kosningaaldurs í 18 ár“ komi: athugun um lækkun kosningaaldurs, — og með þeirri viðbót, að jafnframt skuli endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins, og er þá fyrst og fremst átt við fjárræðisaldur og hjúskaparaldur.

Ég er einn af meðflm. till., og ég vil fagna þeirri víðtæku samstöðu, sem hefur orðið um málið í allshn., þrátt fyrir þá breytingu, sem orðið hefur til samkomulags um orðalag.

Viðbótina um það, að jafnframt skuli endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins, tel ég beinlínis til bóta og raunar ekki nema beina afleiðingu af meginefni till. En sjálf breytingin, að í stað „18 ára kosningaaldurs“ komi: lækkun kosningaaldurs, er í sjálfu sér ekki óeðlileg, þar sem þáltill. gerir ráð fyrir því, að kosin sé 7 manna mþn. til þess að athuga þetta mál og henni falið að skila áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi. Tilgangurinn er að sjálfsögðu sá, að sannreynt sé í mþn., sem í eiga sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna, hversu víðtæka samstöðu megi skapa um málið og hversu langt sú samstaða leyfir, að gengið sé í lækkun kosningaaldursins. Niðurstaða þeirrar n. verður að sjálfsögðu þyngri á vogaskálunum en ósk flm. þáltill. og því engin ástæða til þess að gera ágreining um orðalag till., þar sem samstaða er um að athuga, hversu rétt sé að ganga langt í þá átt, sem till. gerir ráð fyrir.

Í grg. fyrir þáltill. er gerð grein fyrir þeim þjóðfélagslegu breytingum, sem gera það eðlilegt, að kosningaaldur sé nú lækkaður, og hv. 1. flm. till. gerði það enn ýtarlegar í framsöguræðu sinni. Við þann málflutning hef ég litlu að bæta, en ég vil þó, að eitt atriði sé sérstaklega athugað í þessu sambandi.

Það kom nýlega fram í alþjóðlegum skýrslum, að Ísland væri þriðja þjóðin, sem hefði hæstar þjóðartekjur á mann í Evrópu, næst á eftir Svíþjóð og Sviss. Ég skal ekki fullyrða neitt um það, hvern þátt landkostir lands vors eiga í þeirri staðreynd og þá fyrst og fremst fiskimiðin, en ég vil fullyrða, að tækniþekking og verkmenning þjóðarinnar hefur ekki skapað okkur þennan háa sess. Ég hygg, að þetta glæsilega þriðja sæti okkar um velmegun meðal Evrópuþjóðanna eigi m. a. að minnsta kosti rætur sínar að rekja til þátttöku unga fólksins í atvinnulífinu um aðalbjargræðistíma þjóðarinnar. Við erum góðu heilli lausir við herskyldu, og árlegur skólatími er hér nokkru styttri en annars staðar tíðkast, miðað við þá góðu aðstöðu, sem við höfum til árstíðabundinnar þátttöku skólaæskunnar í framleiðslustörfum þjóðarinnar. Stéttamunur er hér ekki meiri en svo, að það þykir sjálfsagt, að allir framhaldsskólanemendur fari til sumarstarfa, taki þátt í lífsbaráttu þjóðarinnar. Þetta er okkar aðalsmerki og góður grundvöllur gagnkvæms skilnings og lýðræðislegs þroska. Æska íslenzku þjóðarinnar býr við hagkvæm þroskaskilyrði til menntunar og heilbrigðrar þátttöku í atvinnulífinu og hefur góða aðstöðu til þess að öðlast snemma skilning á réttindum og skyldum einstaklingsins í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Ef aðrar þjóðir hafa ástæðu til þess að lækka kosningaaldur niður fyrir 21 ár, þá höfum við það líka. Þetta hafa sumar þjóðir þegar gert, og hefur það verið rakið í grg. með till.

Ég vil að lokum upplýsa, að fyrir þingi Norðurlandaráðs 1963 lá till. um áskorun á ríkisstj. Norðurlanda um lækkun kosningaaldurs. Till. var að vísu meðal aðaldeilumála þingsins. N., sem um málið fjallaði, lagðist gegn henni, en hún var samt samþ. með 29:27 atkv. Þetta sýnir okkur ljóslega, hvert stefnir í þessu efni. Málinu vex fylgi, og kosningaaldur verður lækkaður á Norðurlöndunum í náinni framtíð.

Við eigum að verða fyrstir Norðurlandaþjóðanna til þess að stíga þetta skref. Við eigum elzta löggjafarþingið og rótgróinn arf lýðræðislegrar hugsjónar. Við eigum að verða fyrstir til þess að sýna unga fólkinu það traust og þá örvun til ábyrgrar aðildar að jákvæðri þróun þjóðfélagsins, sem felst í þeirri rýmkun kosningaaldursins, sem í till. felst.

Það er því lagt til, herra forseti, að till. verði samþ. með þeim breyt., sem allshn. leggur til á þskj. 461.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 22. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 461,1 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 461,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 39 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 547), með fyrirsögninni:

**Þál. um lækkun kosningaaldurs.**

## 6. Listamannalaun.

Á deildafundum 19. apríl var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um undirbúning löggjafar um listamannalaun** [192. mál] (A. 523).

Á 38. fundi í Sþ., 20. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Efni till. þessarar er það, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþ. löggjöf um úthlutun listamannalauna. Skal við það starf haft samráð við Bandalag ísl. listamanna. Um rökstuðning fyrir þessari till. leyfum við flm. okkur að vísa til grg. till. Það er ósk okkar flm., að till. verði samþ., án þess að henni verði vísað til n., vegna þess, hversu stutt er nú til þingloka. Vænti ég, að hæstv. forseti og hv. Alþ. hreyfi ekki andmælum gegn því.

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ríkisstj. er ljóst og hefur verið ljóst, að mjög æskilegt væri, að nýrri skipan yrði komið á úthlutun þess fjár, sem Alþ. veitir árlega til listamannalauna. Ég vil því mæla með því, að till. verði samþ., án þess að henni sé vísað til n., og heiti því jafnframt, að ríkisstj. mun fyrir næsta þing leggja fram till. um nýskipan í þessum efnum, ef till. nær fram að ganga.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 626).

## 7. Klak- og eldisstöð fyrir laxfiska.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um stofnun klak- og eldisstöðvar fyrir laxfiska** [64. mál] (A. 75).

Á 12. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 9. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

**Flm. (Jónas G. Rafnar):** Herra forseti. Á síðasta þingi fluttu þm. Norðurl. e. ásamt hv. 8. landsk. þm. eftirfarandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að stofnsett verði á Norðurlandi klak- og eldisstöð fyrir lax og silung. Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé heppilegt að hafa það fyrirtæki á vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, m. a. vegna góðra skilyrða til hagnýtingar á volgu vatni frá jarðhita þar um slóðir."

Till. þessari var vísað til hv. fjvn., en n. vannst ekki tími til að afgreiða hana. Í framsögu fyrir till. gerði ég m. a. grein fyrir eftirfarandi atriðum:

Á undanförnum árum hefur áhugi almennings fyrir lax- og silungsveiði stórum farið vaxandi. Með aukinni eftirspurn og almennari þátttöku en áður hefur gjald fyrir veiðirétt mjög mikið hækkað og þá sérstaklega hvað varðar laxárnar. Erlendir veiðimenn sækja það og fast að komast í ár hér á landi, og má telja víst, að svo verði áfram. Það er því ljóst, að aðsókn í íslenzkar veiðiár mun verða mjög mikil á komandi árum, en það þýðir sama og öruggar tekjur fyrir þá aðila um land allt, sem veiðiréttindi eiga. Aukin fiskigengd í ám og vötnum er því stórfellt hagsmunamál fyrir fjöldamarga landeigendur. Með því að stofna með sér veiðifélög og með öðrum aðgerðum hafa þeir leitazt við að vernda þessa hagsmuni sína og tryggja framtíð þeirra.

Víða erlendis hefur laxveiði farið minnkandi. Virkjanir og ýmiss konar úrgangur frá iðjuverum og milljónaborgum hafa spillt laxagöngum. Þá er laxveiði í sjó og stunduð af kappi, og skerðir hún að sjálfsögðu stofninn. Til þess að hamla upp á móti þessari þróun hefur í mörgum löndum verið byrjað á fiskirækt í ám og vötnum. Visindi og tækni hafa verið tekin í þjónustu þessarar starfsemi, sem jafnt og þétt hefur fært út kvíarnar. Í þessum efnum höfum við Íslendingar ekki fylgzt með sem skyldi. Án efa stafar það af því, að lax- og silungsveiði hefur verið hér nokkuð jöfn í mörgum ám um árabil og því ekki orðið vart þeirrar hnignunar á stofnum þessara nytjafiska, sem annars staðar hefur gætt í ríkum mæli.

Nú má segja, að áhugi almennings fyrir fiskeldi hafi vaknað. Með því að hagnýta sér reynslu annarra þjóða sjá kunnáttumenn fram á, að með

starfrækslu klak- og fiskeldisstöðva megi með tímanum auka mjög fiskisæld í ám og vötnum, jafnvel yrði unnt að ala upp sterka stofna í ám, sem hafa ekki skilað arði.

Í haust var hér á vegum landbrn. sænskur fiskifræðingur, sem um árabil hefur unnið að laxeldismálum í heimalandi sínu. Taldi hann aðstæður til laxeldis góðar hér á landi. Mun það vera almenn skoðun þeirra, sem kynnt hafa sér hér þessi mál.

Fyrir nokkru kom ríkið upp laxeldisstöð í Kollafirði, en haldið er áfram uppbyggingu hennar. Í sumar gengu 57 laxar úr sjó upp í stöðina, og samkv. upplýsingum veiðimálastjóra, Þórs Guðjónssonar, má vænta þar góðs árangurs. Flm. þessarar till. telja nú tímabært, að ríkið komi upp annarri klak- og eldisstöð laxfiska eða beiti áhrifum sínum svo, að til hennar verði stofnað. Leggjum við til, að sú stöð verði staðsett á Norðurlandi og athugað verði þá sérstaklega, hvort ekki sé heppilegt, að hún komi á vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, sem er ein af beztu veiðiám landsins. Allar aðstæður eru þar góðar fyrir slíka stöð, t. d. hægt að fá þar vatn úr jarðhitalindum.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa þetta mál mitt lengra, en legg til, að umr. verði frestað og till. verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 75, n. 588).

**Frsm. (Ingvar Gíslason)**: Herra forseti. Þetta mál var flutt snemma á þingtímanum af þm. úr Norðurl. e. Málinu var síðan vísað til fjvn., sem hefur rætt till. á nokkrum fundum sínum, m. a. haft samráð við veiðimálastjóra um málið, og varð niðurstaðan í n. að vera efnislega sammála þessari till., þó þannig, að tillgr. yrði breytt eins og segir á þskj. 588. Fjvn. leggur til, að málið verði afgr. með þeim breytingum, sem þar greinir.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 42. fundi í Sþ., 29. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Brtt. 588 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr., sem ályktun Alþingis (A. 651).

## 8. Endurskoðun laga um þingsköp Alþingis.

Á deildafundum 25. apríl var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis** [197. mál] (A. 568).

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 29. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 652).

## 9. Framleiðsla sjávarafurða.

Á deildafundum 28. marz var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um athugun á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og eflingu þeirra iðngreina, sem vinna útflutningsverðmæti úr sjávarafla** [166. mál] (A. 379).

Á 34. og 36. fundi í Sþ., 30. marz og 13. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Sþ.. 20. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

**Flm. (Matthías Bjarnason)**: Herra forseti. Þessi till., sem ég flyt hér um athugun á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og eflingu þeirra iðngreina, sem vinna útflutningsverðmæti úr sjávarafla, felur það í sér, að Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að skipa þriggja manna n. til þess að gera ýtarlegar athuganir á því, á hvern hátt verði bezt að því unnið að koma á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og bæta nýtingu sjávaraflans með því að efla þær iðngreinar, sem vinna úr honum þær vörur, sem skapa mest útflutningsverðmæti. Jafnframt á n. að kynna sér það og gera till. um það, ef tök eru á, að komið verði í framkvæmd nýjum vinnsluaðferðum, svo sem frystiþurrkun og geislun með geislavirkum efnum.

Sjávarútvegurinn gegnir forustuhlutverki í íslenzku atvinnulífi, og við munum um ófyrirsjáanlega framtíð verða að styðjast við sjávarútveginn sem okkar aðalatvinnuveg, þó að við eðlilega ætlum okkur að koma á fjölbreyttara atvinnulífi og eiga ekki afkomu okkar næstum eingöngu undir einni atvinnugrein. En jafnhliða því að koma upp fleiri atvinnugreinum verðum við að hugsa alvarlega um, á hvern hátt við getum bezt tryggt grundvöll sjávarútvegsins. Við getum engan veginn lagt á það höfuðáherzlu að auka sífellt aflamagnið, því að það hlýtur að vera takmörkunum háð. Við höfum á undanförnum árum byggt glæsilegan fiskiskipaflota, eins og bezt sést á því, að fyrir rúmlega tveimur áratugum, eða árið 1944, áttum við 61 fiskiskip yfir 100 rúml.,

samtals 15200 rúml., og 560 fiskiskip með þilfari undir 100 rúml., samtals 11700 rúml. Samanlagður fiskiskipastóll okkar var þá 621 skip og samanlögð stærð þeirra 26900 rúml. 20 árum síðar, árið 1964, áttum við 204 fiskiskip yfir 100 rúml., samtals 56600 rúml., og 648 fiskiskip með þilfari undir 100 rúml., samtals 21700 rúml. Samanlagður fiskiskipastóll okkar það ár var því 852 skip og samanlögð stærð þeirra 78300 rúml. Á þessum 20 árum hefur rúmlestafjöldi íslenzka fiskiskipastólsins hækkað úr 26900 rúml. í 78300 rúml. eða um 191%. En þessar tölur segja okkur ekki allt. Fyrir tveimur áratugum var floti okkar að verulegu leyti gömul skip og úr sér gengin. En floti okkar nú er að miklu leyti nýleg skip, búin fullkomnustu tækjum, bæði hvað öryggi snertir og veiðiskap. Það má því fullyrða, að hér hefur orðið mikil breyting og möguleikar á öflun hráefnis hafa fyllilega fylgt þróun tímans á þessum árum tækniframfara.

Aflamagnið sýnir, að svo hefur einnig verið. Árið 1944 var heildaraflamagnið 461904 tonn. Þar af var síld 221843 tonn, og var það ár mikið síldarár. Á árinu 1964 var heildaraflamagnið komið upp í 971514 tonn, en þar af var síld og loðna 553036 tonn. Á s. l. ári, árinu 1965, var heildaraflamagnið meira en nokkru sinni fyrr, eða 1198304 tonn, þar af síld og loðna 812612 tonn. Þó er eftirtektarvert, að bolfisksaflinn hefur minnkað frá árinu 1964 til 1965, og margt bendir til, að yfirstandandi vertíð verði enn þá lakari en s. l. ár.

Það er eðlilegt, að þeirri spurningu sé oft varpað fram, hvort við getum vænzt þess í framtíðinni, að aflamagnið fari vaxandi, án þess að fiskistofninn sé skertur. Vissulega hljóta að vera takmörk sett fyrir því, hversu mikið má moka upp af sjávarafla, svo að stofninn verði ekki skertur, og margir vilja halda því fram, að við höfum þegar gengið of langt með mikilli veiði. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að a. m. k. þeir, sem tiltölulega lítið þekkja til þessa atvinnuvegar, trúi því, að honum fari hnignandi á næstu árum. Það er skoðun mín, að svo þurfi ekki að vera. Þó að aflamagnið aukist ekki frá því, sem nú er, höfum við mikla möguleika til þess að auka fjölbreytni í vinnslu sjávarafla og fara inn á víðtækara svið, vinna meira úr aflanum hér heima og gera hann að verðmeiri útflutningsvöru.

Sú grein fiskiðnaðar, sem tekið hefur mestum breytingum og hefur á undanförnum árum verið stærsti þátturinn í útflutningsverzlun okkar, er hraðfrystiiðnaðurinn. Ég get ekki stillt mig um að rekja í örstuttu máli byrjunarsögu þessarar greinar fiskiðnaðarins. Á árunum 1934—1935 fór mjög vaxandi áhugi á hraðfrystingu fisks, og var þá fiskimálanefnd sett á stofn. Eitt helzta verkefni hennar var að starfa að eflingu fiskiðnaðar í landinu. Á árunum 1934—1937 skapaðist mikið vöruaðlögunarvandamál hjá okkur Íslendingum, einkum vegna verðfalls á fiskinum og borgarastyrjaldarinnar á Spáni. Ríkisvaldið gerði á þessum tíma í samvinnu við framleiðendur mikið til þess að leysa þessi vandamál, og einn merkasti þátturinn í því var stofnun og starf fiskimálanefndar. Reynt var að afla markaða fyrir saltfiskinn í Suður-Ameríku, efla sem mest fiskiðnaðinn í landinu, og í því efni voru hraðfrystihúsin merkasti þátturinn og sá, sem borið hefur ríkulegastan ávöxt. Þegar n. hóf starf sitt, voru aðeins tvö hraðfrystihús starfandi í landinu og voru þau bæði í Reykjavík. Á fyrstu árum sínum lét fiskimálanefnd frysta nokkurt magn af fiski til að gera sölutilraunir með. N. seldi freðfisk bæði til Evrópu og Ameríku, en þessar tilraunir gengu illa, og tapaðist fé á þeim. Gekk svo fram um nokkurt skeið eða þar til fiskimálanefnd gerði samning um sölu freðfisksins við enskt fisksölufyrirtæki í Grimsby. Þessi samningur var gerður árið 1936, og markaði hann alger tímamót í þessari grein og hraðfrystiiðnaði yfirleitt. Með þessu var opnaður markaður fyrir hraðfrystan fisk í Bretlandi, þó að salan væri ekki mikil fyrstu árin, en þessi markaður fór sívaxandi og svo að segja allur freðfiskurinn var seldur til Bretlands til loka heimsstyrjaldarinnar síðari.

Fiskimálanefnd kom sér upp eigin hraðfrystistöð. Hún keypti frystihús, stækkaði það og flutti í betri húsakynni. Þetta hús var nokkurs konar tilraunastöð og skóli í hraðfrystingu, þar sem ýmis tæki og vélar voru reynd og fólki kennd vinnubrögð við hraðfrystinguna. Þeirri þekkingu, sem þarna fékkst, var síðan miðlað til annarra, sem reistu hraðfrystistöðvar. N. eignaðist líka eigið kæliskip, en rekstur þess gekk ekki vel, og ollu því m. a. ýmis óhöpp. Í stuttu máli má segja, að framkvæmdir fiskimálanefndar á sviði hraðfrystingar hafi verið fólgnar í eftirfarandi:

1) N. aflaði hraðfrysta fiskinum markaðar, annaðist sölu hans og reyndi að tryggja gæði framleiðslunnar.

2) N. var ráðgefandi um störf og gerð frystihúsa, vélar og tæki, keypti nauðsynjar handa húsunum. Hún tók fisk í geymslu fyrir hús, er lítlar geymslur höfðu, og var forsjá margra húsa í upphafi.

3) N. útvegaði verkvant fólk til þess að leiðbeina við hraðfrystingu í nýjum húsum.

4) N. veitti allflestum frystistöðvunum lán til að koma upp húsum þeirra, auka þau og stækka og til vélakaupa.

Fyrstu tilraunir fiskimálanefndar með sölu freðfisks gengu mjög illa. Sérstaklega voru vonbrigðin mikil með Ameríkumarkaðinn árið 1937. Þessi markaður er nú bezti markaður okkar fyrir freðfisk og hefur verið á undanförnum árum.

Sögu hraðfrystiiðnaðarins síðar er óþarfi að rekja að sinni.

Hvað viðkemur niðursuðunni, hefur þessi iðngrein aldrei orðið aðnjótandi stórrar og markvissrar fyrirgreiðslu, eins og frystiiðnaðurinn, eins og ég er búinn að geta um hér á undan. Margar sundurlausar tilraunir hafa verið gerðar í þessa átt, en oftast af miklum vanefnum. Fiskimálanefnd átti á sínum tíma aðild að stofnun niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju í Reykjavík, en sleppti síðan af henni hendinni. Síðan hafa verið gerðar tilraunir til að byggja upp einstakar verksmiðjur víða um land, en með mjög misjöfnum árangri og án nokkurs heildarramma. Enda er ekki hægt með réttu að tala um neinn íslenzkan niðursuðuiðnað, sem heitið getur í dag. Ef borið er saman við ýmsar aðrar þjóðir, sem stunda sjávarútveg að verulegu leyti, sjáum við þetta enn greinilegar. Árin 1961—1964 var hlutur niðursuðu í útflutningsverðmæti sjávarafurða

hjá Íslendingum aðeins 0.6%, en hjá Norðmönnum 17.7% og hjá Dönum 7.1%, og hjá ýmsum öðrum þjóðum er þetta hlutfall enn þá hærra, eins og t. d. Japönum, en þar er niðursoðið fiskmeti allt að 40% af heildarútflutningi þeirra af sjávarafurðum. Ef við svo berum saman verðmæti útflutnings sjávarafurða þessara þjóða, miðað við einingu, er áberandi, að þær bera meira úr býtum en við.

Næst verður þá fyrir að spyrja, hvaða möguleika við höfum á því að byggja upp slíkan iðnað. Undirstaða alls iðnaðar hlýtur alltaf að vera gott og nægilegt hráefni. Á þessu sviði erum við Íslendingar sérlega vel settir. Við ráðum yfir eða gætum ráðið yfir miklu magni af hráefni í þessa vinnslu. Má þar telja þorsk- og ufsahrogn, grásleppuhrogn, þorsklifur, síld af öllum stærðum, kræklingi, kúfisk, kolkrabba, rækjur, humar, grálúðu, hámeri, háf, hvalkjöt og ýmislegt fleira. Það er fróðlegt að nefna nokkur dæmi um það, í hve stórum stíl aðrar þjóðir hagnýta sér ýmis af þessum hráefnum, sem við alls ekki berum við að nota. Árið 1962 fluttu Hollendingar út 68 þús. tonn af kræklingi, og sama ár öfluðu Danir 13500 tonna af sömu vöru. Bandaríkjamenn fluttu út 1962 3500 tonn af niðursoðnum kolkrabba, og niðursoðinn kúfiskur frá Bandaríkjunum er boðinn til sölu í verzlunum hér í Reykjavík. Það er ekki heldur neitt nýtt fyrirbæri, að nýjar vinnsluaðferðir og veiðiaðferðir valdi því, að afli, sem áður var talinn einskis nýtur, verði að mjög verðmætri útflutningsvöru. Áður fyrr var allur fiskur nema þorskur kallaður tros, því að hann var ekki hæfur í saltfisk, trosið. Nú eru margar aðrar fisktegundir verðmætari en þorskurinn. Eitt eftirtektarverðasta dæmið er þó leturhumarinn, sem til skamms tíma var alls ekki nýttur. Ef sjómenn fengu hann í veiðarfæri sín, var honum hið bráðasta varpað fyrir borð. Á síðustu árum eða frá 1961—1964 hefur útflutningsverðmæti humars og afurða úr honum aukizt úr 26.4 millj. kr. upp í 105.5 millj. kr. Enn fremur er það athyglisvert, hversu ýmsar aðrar þjóðir sækjast eftir þessum hálfunnu eða lítt unnu vörum frá okkur sem hráefni í eigin verksmiðjur.

Hér er ekki ástæða til að fara mikið út í þann verksmiðjukost, sem fyrir hendi er í dag. En óhætt er að fullyrða, að bæði húsrými og vélakostur mundi nægja fyrir stóraukna framleiðslu, ef önnur skilyrði væru fyrir hendi. Það, sem háir þessum iðnaði, er í fyrsta lagi skortur á fé, bæði stofnfé og eins rekstrarfé. Engin lánastofnun telur það sitt hlutverk að lána hagkvæm stofnlán til niðursuðuiðnaðar, og engin framleiðsla þessa iðnaðar er talin vel hæf, nema hún sé seld fyrir fram. Þá er og enn þá erfiðara að fá lánsfé til kaupa á umbúðum, hjálparefnum og hráefni, og engin samstillt samtök hafa enn getað myndazt um slík innkaup. Af þessu leiðir, að engin skipuleg söluframkvæmd hefur getað skapazt, því að söluframkvæmd, sem alltaf á að byggjast á hráefni í sjónum, en ekki tilbúinni vöru, getur aldrei orðið raunhæf, þegar um fullunna vöru er að ræða. Auk alls þessa ber svo að gæta, að söluframkvæmd verður að ske í harðri samkeppni við gömul og gróin erlend fyrirtæki, sem í heimalandi sínu njóta oft alls konar fyrirgreiðslu hins opinbera, njóta miklu þægilegri umbúðaöflunar og í mörgu tilfelli hagkvæmari tollakjara en hliðstæður iðnaður hér á landi.

Þá vaknar sú spurning, til hvers sé hér að vinna. Þó að þessu sé nú að nokkru svarað hér að framan, er fróðlegt að taka tvö dæmi, sem engan veginn eru neinir loftkastalar. Ef 2200 tonn af þorskhrognum væru soðin niður í stað þess að flytja þau út frosin eða söltuð sem hráefni fyrir aðrar þjóðir, eins og nú er gert í ríkum mæli, mundi útflutningsverðmæti þeirra aukast úr ca. 38.5 millj. kr. í ca. 80 millj. kr. Að frádreginni hækkun á umbúðakostnaði við niðursuðuna nemur nettó-verðmætisaukningin um 21.5 millj. kr. Annað dæmi á sama hátt, grásleppuhrogn, ef 2200 tunnur af þeim væru lögð niður í glös í stað þess að selja þau óunnin, söltuð í tunnur, sem fara beint í vinnslu í erlendum verksmiðjum, eins og nú er að mestu gert, mundi verðmæti þeirra aukast úr ca. 11 millj. kr. í ca. 24 millj. kr., og að frádreginni hækkun á umbúðakostnaði nemur nettó-verðmætisaukningin um 8 millj. kr. Hér ber þess að gæta, að einungis eru hér tekin tvö lítil dæmi, sem hægt væri að framkvæma án nokkurrar verulegrar fjárfestingar í vélum eða byggingum. Dæmi þessi sýna ljóslega, hvernig með betri nýtingu er hægt að auka útflutningsverðmæti þess hráefnis, sem við þegar öflum, án þess að höggva árlega stærra og stærra skarð í þær hráefnislindir, sem við eigum völ á. Í báðum ofangreindum dæmum er magn það, sem miðað er við, aðeins lítill hluti þess hráefnis, sem við árlega öflum af viðkomandi tegundum.

Eitt lítið dæmi: um 1000 kg af síld, sem unnin væru á 3 mismunandi vegu. Í síldarverksmiðju sem mjöl og lýsi væri verðmæti þess 3000 kr. Í síldarsöltun að frádregnum umbúðakostnaði væri verðmætið 7000 kr. Í niðurlagningu að frádregnum umbúðakostnaði væri verðmæti þess 15 þús. krónur.

Til að gera sér nokkra hugmynd um markaðsmöguleika fyrir slíkar vörur má geta þess, að árið 1963 fluttu eftirtalin lönd inn niðursoðnar sjávarafurðir, sem hér segir: Efnahagsbandalagslöndin fyrir 3100 millj. ísl. kr., Bretland fyrir 4700 millj. ísl. kr. og Bandaríkin árið 1962 fyrir 3100 millj. ísl. kr. Flestir markaðssérfræðingar virðast vera á þeirri skoðun, að matvæli í því formi, sem þau eru auðveldast matreidd, en þar skara einmitt niðursuðuvörurnar fram úr, eigi stöðugt vaxandi vinsældum að fagna.

Ég minnist í till. einnig á tvær nýjar aðferðir við vinnslu matvæla, þ. e. frystiþurrkun og geislun með geislavirkum efnum. Tilraunir munu nú vera í undirbúningi með frystiþurrkun hér á landi, og hefur Rannsóknastofnun iðnaðarins fest kaup á tæki til þess að gera ákveðnar tilraunir í sambandi við frystiþurrkun, og eru það tveir sérfræðingar í þjónustu Rannsóknastofnunar iðnaðarins, báðir efnafræðingar, sem vinna að þessum tilraunum. Þetta er fyrsti vísirinn að því að kynna sér frystiþurrkun hér á landi. En frystiþurrkunin er í því fólgin, að matvælin eru þurrkuð frosin, án þess að þau þiðni. Vinnsluaðferð þessi er þegar notuð í framleiðslu t. d. í Bandaríkjunum, Danmörku og Bretlandi, og þegar í dag sjást innflutt frystiþurrkuð matvæli í verzlunum hér á landi. Við geislun með

geislavirkum efnum eru matvælin með því gerilsneydd og geymsluþol þeirra þar með a. m. k. aukið verulega. Báðar þessar vinnsluaðferðir eru jöfnum höndum notaðar fyrir landbúnaðar- og sjávarafurðir, og tel ég ekki óeðlilegt, að n. sú, sem till. mín gerir ráð fyrir, ef hún verður að veruleika, kynnti sér einnig, hvernig hægt væri að hagnýta þær enn fremur á sviði landbúnaðarafurða.

Ég hef gert að umtalsefni nauðsyn þess að auka fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og eflingu þeirra iðngreina, sem vinna útflutningsverðmæti úr sjávarafurðum, og legg á það ríka áherzlu með flutningi þessarar till. til þál., að þær leiðir, sem ég hef bent á, verði vandlega kannaðar og vel fylgzt með þróun annarra fiskveiðiþjóða um verkun og vinnslu sjávarafurða. Við megum ekki slá slöku við og verðum að vinna stöðugt að nýjum tilraunum á þessum sviðum og stefna að því að vera í röð þeirra þjóða, sem lengst eru komnar í tækniþróun á sviði matvælaframleiðslu. En þetta eitt er ekki nóg. Við þurfum einnig að selja vörur okkar og tryggja okkur sem hagkvæmasta samninga og gera okkur ljóst, hver staða okkar er í þessum efnum. Þróunin í viðskiptamálum Evrópu hefur orðið með þeim hætti, að allar Evrópuþjóðir eru nú aðilar að viðskiptabandalögum nema þrjár: Ísland, Spánn og Albanía. Það er skoðun mín, að við Íslendingar eigum hiklaust að gerast aðilar að Fríverzlunarbandalaginu, EFTA. Við getum á engan hátt staðið utan við viðskiptabandalög til lengdar, og við verðum að gera okkur það ljóst, að innan ekki langs tíma verðum við hraktir af þeim mörkuðum, sem við höfum nú í Vestur-Evrópulöndum, með því að innflutningstollar EFTA-landanna og Efnahagsbandalags Evrópu á vörum frá þjóðum utan þessara bandalaga fara sífellt hækkandi, á sama tíma sem þessar þjóðir stefna óðfluga að því, að tollar sín á milli fari lækkandi og verði engir innan ekki langs tíma. Á sama tíma og þjóðir Evrópu gerast aðilar að viðskiptabandalögum, hlýtur það að vera varhugavert fyrir þessa litlu þjóð að sitja hjá og hafast ekki að í neinni alvöru, vegna þess að hún er sundurþykk og yfirleitt þeir aðilar, sem þessi mál varða mestu, eru að verulegu leyti skoðanalausir allt fram að þessu. Við eigum þó að vera þess minnugir, hvernig ástandi útflutningsmála okkar var komið, þegar kreppan skall á og við vorum varnarlausir vegna einhliða framleiðslu og einhliða markaðslanda. Ég tel, að erfiðleikar þeir og annmarkar þeir, sem taldir eru á aðild okkar að slíkum samtökum, vaxi ýmsum óþarflega í augum, en í því sambandi er aðallega minnzt á þrennt, þ. e. vandamál iðnaðarins, viðskiptin við jafnkeypislöndin og áhrif tollalækkana á fjárhag ríkisins.

Að sjálfsögðu mundu skapast ýmsar tilfærslur innan iðnaðarins. En ég tel, að með aðstoð til vinnuhagræðingar, lækkun aðflutningsgjalda á hráefni umfram fullunna vöru o. fl. væri auðvelt að leysa vandann.

Hvað viðkemur viðskiptum við jafnkeypislöndin, má fyrst geta þess, að ýmis þeirra hafa óskað þess, að hætt yrði við núverandi viðskiptafyrirkomulag og viðskiptin afreiknuð í frjálsum gjaldeyri. Þetta hefur verið þróunin í þessum málum a. m. k. síðustu 15 árin. Annað er hitt, að þessi viðskipti hafa nú í dag miklu minni þýðingu en þau höfðu fyrir nokkrum árum. Árið 1959 námu þessi viðskipti ⅓ af heildarútflutningsviðskiptum okkar, en árið 1965 ekki nema aðeins 1/7 hluta þeirra.

Hvað viðkemur þriðja atriðinu, áhrifunum á tekjur ríkissjóðs, er tvímælalaust hægt að bæta það upp á annan hátt, t. d. með söluskatti, sem legðist jafnt á erlendar vörur sem innlendar.

Ég hef nú hér rakið nokkuð þau vandamál, sem skapast við aðild okkar að slíkum samtökum. En nú skulum við líta nokkuð á, hvaða vandamál skapast við að standa utan við þau.

Vegna tollhækkana og jafnvel þess, að núverandi tollkvótar falla í burtu, stöndum við svo illa að vígi í samkeppninni, að telja má víst, að við verðum alveg hraktir út af þessum mörkuðum. Má þegar sjá þessa þróun í útflutningsverzlun okkar á viðskiptunum við Bretland og V.-Þýzkaland. Árið 1961 tóku Bretar 23.6% af útflutningi okkar, en árið 1964 ekki nema 17.5%. Árið 1961 tóku Þjóðverjar 10.5%, en árið 1964 ekki nema 8.6%. Spurningin verður þá einfaldlega sú, hvort við höfum efni á því að treysta eingöngu á aðra markaði. Þá ber þess að geta, að mörg viðskiptalönd okkar, Austur-Evrópuríki, svo sem Rússland og Pólland o. fl., stefna markvisst að því að auka fiskveiðar sínar og verða sjálfum sér næg á því sviði, og þá eru ekki aðrir markaðir eftir en Bandaríkin og svo ýmis af þróunarlöndunum.

Ég ætla ekki að eyða lengri tíma í framsögu fyrir þessari till. Það mætti tala um þessi mál miklu lengra mál, en ég ætla að fara að ljúka þessum orðum. Tilgangur minn með þessari till. er að vekja athygli á því, að það hefur ekki verið nóg gert af því að efla nýjar iðngreinar á sviði sjávarafurða, og það, sem ég átti við með því að minna á upphaf baráttunnar fyrir að koma hraðfrysta fiskinum á markað erlendis, er það, að fyrir mér vakir, hvort ekki sé aftur hægt að gera stórt átak til þess að tryggja framgang niðursuðuiðnaðarins á Íslandi. Sá er tilgangur minn með þessari till., sem ég vænti að hv. alþm. taki vel og telji hana þess virði, að slík nefnd, sem till. gerir ráð fyrir, verði stofnuð og hún kanni þessi mál, því að hér er um mikilvæg mál að ræða og mikið starf að vinna.

Herra forseti. Að lokum legg ég til, að þessari till. verði vísað til hv. fjvn.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

**Jón Kjartansson:** Herra forseti. Það er ekkert eðlilegra en fram sé borin á Alþ. till. álík þeirri, sem flutt er á þskj. 379 af hv. 11. landsk. þm. um athugun á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og eflingu þeirra iðngreina, sem vinna útflutningsverðmæti úr sjávarafla.

Þegar litið er yfir þróun þá í síldariðnaði, sem átt hefur sér stað hér á landi s. l. 50 ár, kemur í ljós, að hún er vægast sagt hægfara. Síldin var þá söltuð í tunnur á frumstæðan hátt og seld til útflutnings, og er sama fyrirkomulagið ríkjandi í dag að mestu leyti. Afurðir síldarverk-

smiðjanna í landinu eru fluttar út enn sem fyrr, fljótandi lýsi og pokamjöl að mestu, þrátt fyrir mikið umtal um lýsisherzlu hér á hinu háa Alþingi. Það hefur aldrei neitt orðið úr framkvæmdum á lýsisherzlumálum Íslendinga, nema hvað nokkrar vélar í lýsisherzluverksmiðju voru komnar til Siglufjarðar fyrir allmörgum árum og seldar síðan. Tilraun var gerð á s. l. sumri með að pakkabinda og pressa síldarmjöl. Tókst þessi tilraun vel, eftir því sem upplýst hefur verið, og mun hafa haft nokkurn sparnað í för með sér, þó að ekki auki þetta útflutningsverðmæti síldarmjölsins sjálfs.

Þegar litið er yfir framleiðslu annarra sjávarafurða en síldarinnar, blasa við hraðfrystihúsin og þeirra framleiðsla. Þegar þau hófu starfsemi sína, var brotið blað í sögu sjávarútvegsmála og er sú löggjöf, sem er á bak við uppbyggingu hraðfrystihúsanna og uppbyggingu sölusamtakanna, heill kapituli út af fyrir sig, þó að ég fari ekki nánar út í að rekja hann. Þegar upp eru taldir þessir höfuðþættir í sambandi við nýtingu og sölu sjávarafla, er sagan næstum öll hjá þessari einni mestu fiskveiðiþjóð heims. Niðurlagning síldar á sér að vísu stað, ríkið sjálft á eina niðurlagningar- og niðursuðuverksmiðju og ástandið er þannig, að hún er rekin í lélegum húsakynnum með frekar lélegan vélakost, og þrátt fyrir það að afköstin séu lítil, er ekki hægt að selja vörur þær, sem þessi litla verksmiðja framleiðir, ef unnið er 8—9 mánuði á ári.

Það vakti ánægju meðal Íslendinga, þegar nýja niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjan tók til starfa í Hafnarfirði á s. l. ári, þó að það væri með nokkuð öðrum hætti en hefur átt sér stað undanfarin ár, þar eð þar er framleidd vara undir nafni útlendra eða að verulegu leyti á vegum stórs norsks útflytjanda. En það sorglega skeður, að þessi verksmiðja, sem kostaði tugi millj., hefur þurft að loka, og okkur er sagt, að hún hafi þurft að loka vegna þess, að það vanti síld til vinnslunnar. Það vantar sem sagt síld til niðurlagningarverksmiðju, sem tók til starfa 1965, á sama ári og veiddist yfir 4 millj. mála af síld við strendur landsins. Hvort sem það er rétt, að það vanti hráefni, eða stöðvunin er af einhverjum öðrum ástæðum, er það hörmuleg staðreynd, sem öllum kemur illa, að slíkum verksmiðjum, sem eru að hefja göngu sína á Íslandi, skuli þurfa að loka og hætta starfsemi þeirra í bili, af hvaða ástæðu svo sem það er.

Það er alveg rétt, eins og hv. flm. tekur fram í grg. sinni, að afkoma okkar í dag byggist fyrst og fremst á hinu mikla og sívaxandi aflamagni, en ekki á góðri nýtingu aflans. Þetta er náttúrlega engin ný uppgötvun. Þm. Framsfl. hafa á þingum undanfarið borið fram frv. og till. um þessi mál og úrbætur þar að lútandi. Ég vil minna á, að á Alþingi 1960 var samþ. þáltill. frá hv. 1. þm. Norðurl. e. um hagnýtingu síldaraflans, og var hún á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að athugaðir verði til hlítar möguleikar á að hagnýta síldarafla landsmanna betur en nú er gert og þá einkum með það fyrir augum, að sem mestur hluti síldarinnar verði fluttur út sem fullunnin neyzluvara.“

Þetta var samþ. á hv. Alþ. 27. maí 1960. Sjálfsagt hefur sjútvmrn. látið framkvæma eitthvað í framhaldi af þessari ályktun Alþingis, en því miður virðist manni, þegar litið er yfir gang þessara mála síðustu 5 árin, að það hafi ekkert stórkostlegt skeð. Það, sem hefur skeð, er, að byggð hefur verið ein stór verksmiðja og henni hefur verið lokað og litla ríkisverksmiðjan, þessi mjög svo litla ríkisverksmiðja fyrir norðan, getur ekki framleitt eins og hún hefur þó möguleika til í allri sinni smæð, þar sem ekki hefur verið hægt að selja alla framleiðsluna. Mér er það alveg ljóst. að það eru ákaflega mörg ljón á veginum í sölumálum okkar. Þó er það staðreynd, að í dag sveltur stór hluti heims og við strendur Íslands buslar fiskurinn, sem er ein bezta matvara, sem hægt er að fá, ef hún er vel tilreidd. Vissulega eru mörg ljón á veginum á sölumörkuðum erlendis, og það er ekki fyrr en eitthvað af þeim er lagt að velli, sem fer að birta til fyrir okkur í þessu efni.

Ég vil að lokum segja, að það er fyllsta þörf, að athugaðir séu enn meira en gert hefur verið og það sem fyrst allir hugsanlegir möguleikar í sambandi við aukna fjölbreytni í framleiðslu og sölu sjávarafurða. Það er eitthvað að hjá okkur í framleiðslumálum, þegar okkar duglegu sjómenn fiska á rúmum 200 skipum á einu sumri á fimmtu millj. mála af síld, en við seljum út eða söltum aðeins rúmar 400 þús. tunnur. Já, 400 þús. tunnur söltum við af þeim 4 millj., sem veiðast, og af þessum 400 þús. eru það aðrar þjóðir, sem tilreiða matinn á diskinn fyrir heimsmarkaðinn. Við erum í sömu sporum og fyrir 50—60 árum. Því vænti ég þess, að þessi till. verði samþ. hér á hinu háa Alþ., en ég vænti þess einnig, að núv. hæstv. sjútvmrh. taki þetta mál föstum tökum og að það lagist eitthvað verulega í þessum framleiðslu- og markaðsmálum okkar frá því, sem nú er.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 379, n. 645).

**Frsm. (Jón Árnason):** Herra forseti. Till. þessi til þál. um athugun á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og eflingu þeirra iðngreina, sem vinna útflutningsverðmæti úr sjávarafla, er flutt af hv. 11. landsk. þm., Matthíasi Bjarnasyni. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa þriggja manna n. til þess að gera ýtarlegar athuganir á því, á hvern hátt verði bezt að því unnið að koma á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og bæta nýtingu sjávaraflans með því að efla þær iðngreinar, sem vinna úr honum þær vörur, sem skapa mest útflutningsverðmæti. Jafnframt skal n. kynna sér og gera till. um, ef tök eru á, að komið verði í framkvæmd nýjum vinnsluaðferðum, svo sem frystiþurrkun og geislun með geislavirkun efnum. N. skal enn fremur athuga og gera till. um, á hvern hátt megi efla kynningu og sölumöguleika á þessum afurðum meðal viðskiptaþjóða

okkar, og leita úrræða til að selja íslenzkar sjávarafurðir til fleiri þjóða en nú er gert. N. skal leggja áherzlu á að hraða störfum sínum eftir föngum og skila áliti sínu og till. til ríkisstj.“

Till. þessi til þál. um athugun á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og eflingu þeirra iðngreina, sem vinna útflutningsverðmæti úr sjávarafla, er flutt af hv. 11. landsk. þm. Eins og fram kemur í tillgr., felur hún í sér áskorun á ríkisstj. um, að hún skipi þriggja manna n. til þess að gera ýtarlegar athuganir á því, á hvern hátt verði bezt að því unnið að koma á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávaraflans.

Það var einróma samþ. í fjvn., sem haft hefur mál þetta til athugunar, að mæla með því, að till. þessi verði samþ. óbreytt. Það er vissulega kominn tími til þess, að við Íslendingar hagnýtum betur en verið hefur það úrvalshráefni, sem íslenzki sjávaraflinn er, þannig að hann verði fullunnin vara, þegar hann er sendur til markaðslandanna, og með því móti miklum mun verðmætari en ella. Með tilkomu hraðfrystiiðnaðarins var stigið stórt spor í áttina til aukinnar hagnýtingar og verðmætasköpunar. Í þeirri framleiðslugrein hafa Íslendingar jafnan síðan sótt fram og hlotið viðurkenningu viðskiptaþjóða sinna fyrir því að vera með bezta hraðfrysta fiskinn, sem á heimsmarkaðinum er. Íslenzka niðursuðuiðnaðinum hefur hins vegar gengið erfiðlega að hasla sér völl og ná fótfestu í markaðslöndunum. Sú staðreynd er mörgum mikið áhyggjuefni, og þegar það er haft í huga, að Íslendingar ráða yfir úrvalshráefni til framleiðslunnar, verður ekki hjá því komizt, að rannsakað verði til hlítar, hvað hér er að, og þá reynt að bæta úr og yfirstíga þá erfiðleika, sem við er að etja, eftir því sem kostur er. Þá er á það að líta, eins og fram kemur í till. þessari, að með síaukinni tækni eiga sér stað ýmsar nýjungar á sviði framleiðslu matvæla. Er okkur mikil nauðsyn á því að fylgjast sem bezt með öllu slíku og vera fljótir að tileinka okkur allt það, sem verða má til framfara og aukinnar hagnýtingar í þessum efnum.

Herra forseti. Í framsögu fyrir till. gerði hv. flm. ýtarlega grein fyrir máli þessu. Komu þar fram margar athyglisverðar upplýsingar, sem ég vil leyfa mér að vísa til. Ég sé því ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið að þessu sinni, en legg til, að það verði að lokinni þessari umr. samþ. og afgr. til hæstv. ríkisstj. sem ályktun Alþingis.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 719).

## 10. Löndun erlendra fiskiskipa.

Á 34. fundi í Sþ., 30. marz, var útbýtt:
**Till. til þál. um endurskoðun lagaákvæða um löndun erlendra fiskiskipa í íslenzkum höfnum** [173. mál] (A. 401).

Á 36. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 38. fundi í Sþ., 20. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 39. fundi í Sþ., 22. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 401, n. 716).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 45 shlj. atkv.

**Frsm. (Matthías Bjarnason):** Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft þessa till. til meðferðar og mælir einróma með því, að till. verði samþ. eins og hún liggur fyrir á þskj. 401. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var einn nm., Ragnar Arnalds.
Eins og hv. þm. sjá, er þessi till. um það, að Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á því, hvort ekki sé tímabært að endurskoða gildandi lagaákvæði um löndun erlendra fiskiskipa af afla sínum í íslenzkum höfnum með það fyrir augum að bæta úr atvinnuerfiðleikum einstakra byggðarlaga, sem skortir hráefni til vinnslu. N. telur eðlilegt, að slík athugun fari fram, og mælir þess vegna með samþykkt till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 720).

## 11. Raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalssands.

Á deildafundum 22. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um rannsókn varðandi lausn á raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalssands** [73. mál] (A. 88).

Á 13. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 26. fundi í Sþ., 9. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

**Flm. (Ragnar Jónsson):** Herra forseti. Till. þá til þál., sem hér er til umr. og prentuð er á þskj.

88, hef ég leyft mér að flytja ásamt hv. 3. og hv. 5. þm. Sunnl. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka til fullnustu, hvernig hagkvæmast muni vera að leysa raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga þeirra, sem búa austan Mýrdalssands, og vinna að framgangi þess máls svo fljótt sem auðið er.“

Fyrir nokkrum árum var lokið við að leggja rafmagnslínu frá Soginu austur til Víkur í Mýrdal, en þar stoppaði við. Hefur hin langa og ótrygga leið yfir Mýrdalssand sjálfsagt verið meginorsök þess, að ráðamenn raforkumálanna hugðu ekki á frekari framkvæmdir í Vestur-Skaftafellssýslu að sinni. Mun engin áætlun um áframhaldandi framkvæmdir í þessu héraði vera fyrir hendi enn sem komið er, og er það áhyggjuefni margra. Mér er kunnugt um það, að allir íbúar sveitanna milli sanda urðu fyrir miklum vonbrigðum, að ekki skyldi takast að teygja Sogslínuna lengra en austur til Víkur. Þessi vonbrigði verða því tilfinnanlegri sem lengra líður. Raforkuþörfin vex með hverju ári, og það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. alþm. Nútímaþúskaparhættir krefjast síaukinnar raforku. Svo er og hitt, að fólk unir ekki til lengdar við það að vera afskipt um þau þægindi, sem allur þorri landsmanna býr nú við.

Það er alkunna, að Skaftfellingar voru brautryðjendur um rafvæðingu á bæjum sínum. Þeir áttu sín á meðal mikla sjálfmenntaða kunnáttu- og hagleiksmenn á sviði rafmagnstækninnar. Þessir menn aðstoðuðu sýslunga sína og fjölmarga aðra landsmenn við að beizla bæjarlækina. Þeir byggðu stíflurnar og rafstöðvarnar, önnuðust allar raflagnir og smíðuðu jafnvel túrbínurnar sjálfir. Þetta merkilega starf var að mestu leyti unnið löngu áður en hið opinbera fór almennt að sinna slíkum málum. En þótt víða hagaði vel til um byggingu vatnsaflsstöðva við bæina, sérstaklega með Síðunni, sums staðar í Landbroti og Skaftártungu, voru margir afskiptir. Heil hreppsfélög voru þannig sett, að engir möguleikar voru á því að reisa þar vatnsaflsstöðvar. Svo var um Meðalland og Álftaver. Þar vantaði fallhæðina. Í dag er því ástandið þannig, að í 5 hreppum af 7 í Vestur-Skaftafellssýslu búa menn ýmist við gamlar og úreltar einkavatnsaflsstöðvar, sem eru óvirkar langtímum saman, vegna þess að vatnið í lækjunum gengur til þurrðar í frostum að vetrinum og í þurrkum yfir sumartímann, eða þá að fólk hefur reynt að koma sér upp smáum dísilstöðvum, sem eru meira og minna ófullnægjandi. Frá þessu eru þó fáar undantekningar.

Ég ætla mér ekki að segja fyrir um það, á hvern hátt heppilegast er að leysa raforkuþörf þessa fólks, sem ég ræði hér um. Mér er vel ljóst, að á því eru ýmsir annmarkar vegna staðhátta, t. d. því að leiða rafmagn á staurum austur yfir Mýrdalssand. Vegalengdin er þó ekki aðalatriðið í mínum augum, því að línan mundi ná til 115—120 bæja. Hitt skiptir meginmáli, hvort hægt er að verja línuna á sandinum fyrir eyðileggingu. Fleiri leiðir eru sjálfsagt til en sú að leiða rafmagnið austur yfir Sand frá Soginu, en það er verk sérfræðinga að segja til um, hvað heppilegast er í því efni.

Ég drep á þetta vegna þess, að nokkru eftir að þáltill. okkar þremenninganna var lögð fram hér á hv. Alþ., kom fram frv. til l. frá hv. 6. þm. Sunnl. um rafvæðingu allra byggðra býla í Álftaveri, Leiðvallahreppi, Skaftártungu, Kirkjubæjarhreppi og Hörgslandshreppi fyrir árið 1968 með rafmagnslínu frá Soginu. Það er ánægjulegt að finna áhuga hjá sem flestum fyrir þessu mikla nauðsynjamáli, og ég ætti sízt að amast við því. En það liggur ekki fyrir neitt álit sérfróðra manna um það, að rafmagnslínan frá Vík austur yfir sand sé eina og rétta leiðin. Þess vegna fannst okkur flm. till. þeirrar, sem hér er til umr., nauðsynlegt að fá fyrst af öllu úr því skorið, hvaða leið er heppilegast að fara til þess að tryggja umræddum sveitum raforku. Það er þýðingarlaust að blekkja sjálfan sig eða aðra með því að loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að öll mannvirki á Mýrdalssandi eru í hættu, ef Katla skyldi taka upp á því að gjósa enn þá einu sinni. M. a. með þetta í huga töldum við flm., að heppilegasta leiðin til þess að þoka málinu áleiðis væri sú að koma því inn á Alþ. í formi þáltill., þar sem skorað væri á ríkisstj. að láta fram fara fullnaðarrannsóknir á því, hvað hagkvæmast og öruggast er að gera. Mér er kunnugt um, að undanfarið hefur farið fram undirskriftasöfnun undir áskorun til stjórnvalda um að láta án tafar gera áætlun um rafvæðingu sveitanna austan Mýrdalssands. Munu nær allir ábúendur og umráðamenn jarða á þessu svæði hafa ritað undir áskorunina.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. um þetta mál verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

**Helgi Bergs:** Herra forseti. Hv. flm. þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, drap á í ræðu sinni, að ég hefði flutt frv. í hv. Ed. um rafvæðingu þeirra sveita, sem um ræðir í þessari þáltill., og taldi, að það frv. hefði verið ótímabært, vegna þess að fyrst þyrfti að fara fram ýtarleg rannsókn á því, með hverjum hætti raforkuþörf þessara sveita yrði bezt leyst. Og þessi till., sem hér liggur fyrir, stefnir að því að sú rannsókn fari fram. Ég verð í því sambandi að láta í ljós undrun mína á því, að nú á árinu 1966 skuli hv. þm. upplýsa það, að menn séu ekki búnir að gera sér grein fyrir því, hvernig bezt væri að rafvæða þessar sveitir. Og ég get raunar bætt því við, að ég þykist hafa um það góðar upplýsingar, að svo sé ekki. Menn hafa nefnilega fyllilega gert sér grein fyrir því, að aðrar raunhæfar leiðir en sú að tengja þessar sveitir við núverandi veitukerfi eru í rauninni ekki fyrir hendi. Þetta á enn frekar við núna en nokkru sinni áður, vegna þess að með l. um landsvirkjun frá s. l. ári var vikið frá þeirri stefnu, sem lengi undanfarið hefur verið efst á baugi, nefnilega hin svokallaða smávirkjanaleið, smáar virkjanir fyrir takmörkuð svæði, í stað þess stefnt að stórvirkjunum með stóru veitukerfi. Ég hef kynnt mér það á raforkumálaskrifstofunni, áður en ég flutti frv. það, sem hv. þm. nefndi, að sérfræðingar raforkumálaskrifstofunnar eru þeirrar skoðunar, að það sé ekki um aðra raunhæfa leið í þessu máli að ræða en að tengja þessar sveitir við núverandi veitukerfi. — Þetta vildi ég, herra forseti, að gefnu tilefni láta koma fram.

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það er rétt, sem hér var sagt áðan, að Skaftfellingar voru brautryðjendur í því að raflýsa heimili sín. Á þessu svæði, sem hér er um að ræða, eru 70 einkarafstöðvar, vatnsaflsstöðvar, en 150 býli. Þessar vatnsaflsstöðvar eru misjafnlega góðar, enda margar orðnar nokkuð við aldur. Og það er ekki fyrr en nú á s. l. ári, sem ýmsir af þeim, sem þessar vatnsaflsstöðvar hafa, hafa minnzt á það, að þeir vildu gjarnan hætta við þær og fá rafmagn með öðrum hætti. Það er ekkert skrýtið, þótt ekki hafi allt fram undir þetta verið talið fært að láta þennan hluta Vestur-Skaftafellssýslu fá rafmagn frá samveitum, með tilliti til þess, að meira en helmingur þessara býla hefur haft rafmagn, sem allt fram undir þetta hefur verið talið fullnægjandi fyrir þessi býli.

Nú er það eins og hv. 1. flm. þessarar till. sagði hér áðan, að Vestur-Skaftfellingar á þessu svæði hafa nær allir, sem búsforráð hafa, skrifað undir áskorun um það, að þeir fái rafmagn með öðrum hætti, og tjáð sig fúsa til þess að leggja niður þessar einkarafstöðvar, sem þeir hafa notað til þessa. Og það er vitanlega alger forsenda fyrir því, að þeir geti fengið samveitu, að einkarafstöðvarnar verði lagðar niður og þeir gerist allir sameiginlegir notendur. Þetta undirskriftaskjal barst mér nú fyrir viku. Það var ekki vitað fyrr en nú fyrir viku, að þeir, sem hafa einkarafstöðvarnar, vildu leggja þær niður og leggja í kostnað við að fá rafmagn með öðrum hætti.

Ég tel, að sú till., sem hér er um að ræða, sé algerlega eðlileg, það sé nauðsynlegt, áður en ráðizt er í framkvæmdir á þessum stað, að gera sér fyllilega grein fyrir því, hvort það sé um aðra leið að ræða hentugri en þá að fá línu yfir sandinn. Hitt er svo jafnaugljóst, að þessi landshluti þarf að fá rafmagn eins og aðrir landshlutar, og að því verður vitanlega unnið nú, þegar það liggur fyrir, að grundvöllur er fyrir hendi, sem ekki var áður, meðan meira en helmingur býlanna hafði rafmagn og mestur hluti bændanna, sem hafði þetta rafmagn frá einkarafstöðvum, hafði allt fram að síðustu tímum talið það vera nægjanlegt.

Nú hafa þeir gert sér ljóst, að gömlu stöðvarnar nægja ekki vegna vatnsskorts, vegna aldurs, það þarf að endurnýja þær. Og þá er komið nýtt viðhorf. Það er rétt, sem hér var sagt áðan, að það var breytt um stefnu í virkjunarmálunum með því að virkja það, sem ódýrast er, og það, sem hentugast er til langframa, þ. e. að stefna að stórvirkjun og tengja síðan kerfin saman. Þetta er rétt. Hitt getur þó komið til álita, hvort þrátt fyrir þessa stefnu geti ekki verið heppilegt að virkja á stöku stöðum fyrir vissar sveitir. Og hér á dagskránni í dag er önnur þáltill. frá þm. Vestfjarða, sem gengur í sömu átt, og þeir telja, að það komi til greina að virkja þar fyrir viss svæði. Þetta gæti komið til greina á Vestfjörðum vegna þess, hversu dýrt er að leggja línur um þau svæði, sem þar eru, vegna landslags og vegalengdar, og ég segi ekkert um það á þessu stigi, hvort það gæti komið til greina í Vestur-Skaftafellssýslu. Ég tel, að það sé eðlilegt, að sérfræðingar segi síðasta orðið um það, og ég tel, að það þurfi ekki að eyða sérstaklega löngum tíma í að fá þá niðurstöðu, sem sjálfsagt er að hafa fyrir hendi, áður en til slíkra framkvæmda kemur sem þeirra að skapa Vestur-Skaftfellingum rafmagn, sem ekki hafa það nú.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 88, n. 715).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

**Frsm. (Unnar Stefánsson):** Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um og athugað till. til þál. um rannsókn varðandi lausn á raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalssands. Í till. segir:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka til fullnustu, hvernig hagkvæmast muni vera að leysa raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga þeirra, sem búa austan Mýrdalssands, og vinna að framgangi þess máls svo fljótt sem auðið er.“

N. sendi þessa till. til umsagnar raforkumálastjóra, og svaraði hann þeirri beiðni um umsögn með bréfi, dags. 25. apríl s. l., og lætur í ljós þá skoðun, að öflun raforku til þessara byggðarlaga sé mjög erfið fjárhagslega, um ýmsar lausnir geti verið að ræða tæknilega séð og ástæða sé til, að þetta mál verði athugað rækilegar en enn hefur verið gert. Lægi beinast við að leggja héraðsrafmagnsveitulínu til um 120 býla austan Víkur, en þá yrði samanlögð lengd háspennulínu yfir 240 km og kostnaður um 28 millj. kr. Reiknað er með árlegum halla, ef sú leið yrði valin, 2.9 millj. Hins vegar er bent á, að allmörg býli, sem þarna væru reiknuð með, eða um 70 samtals, hafa einkavatnsaflsrafstöðvar, sem eru í góðu ásigkomulagi og með samanlagt afl allt um 550 kw. Þessar stöðvar yrðu að leggjast niður, en yrði til hækkunar, ef ekki færi svo, á hinum árlega rekstrarhalla. Eftir þeim reglum, sem nú er farið eftir í rafvæðingarmálum, er alls ekki fram undan að gera neitt til að rafvæða þessa sýslu, nema aðrar leiðir yrðu athugaðar. Allmikið er nú um það, að settar séu upp dísilrafstöðvar fyrir hvert býli. Þannig hafa 100 býli sett upp slíkar stöðvar á s. l. ári, og er áætlað, að það verði meira á næsta ári.

Með hliðsjón af því, að raforkumálastjóri telur ástæðu til að athuga rækilegar raforkumál þessarar sýslu sérstaklega, var n. einhuga um að mæla með samþykkt till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 721).

# Þingsályktunartillaga felld.

## Vantraust á ríkisstjórnina.

Á deildafundum 21. marz var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um vantraust á ríkisstjórnina** [159. mál] (A. 346).

Á 32. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 33. fundi í Sþ., 25. marz, var till. tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

**Flm. (Eysteinn Jónsson):** Herra forseti. Góðir hlustendur. Væri allt með felldu, ætti ekki að vera við sérstakan vanda að kljást í atvinnu- og fjármálalífi landsmanna, því að verðlag á flestum útflutningsvörum hefur farið hækkandi ár frá ári og ný tæki stóraukið aflabrögðin. En því er ekki að heilsa, að allt sé með felldu. Þannig hefur verið á málum haldið, að sjávarútvegurinn getur ekki gengið án uppbóta, nema ef vera skyldi nýjustu og stærstu síldveiðiskipin, enda haldist þá aflamokið. Iðnaður á í vök að verjast og það svo, að ýmis fyrirtæki hafa orðið að stöðva rekstur sinn, en öðrum liggur við falli, og óðaverðbólgan lokar óðum ýmsum leiðum, sem opnar voru til útflutnings á iðnaðarvarningi. Dýrtíðarflóðið leikur landbúnaðinn þannig, að útflutningsuppbætur hrökkva ekki lengur til að mæta hækkunum framleiðslukostnaðarins, enda þótt óspart væri gefið í skyn, að útflutningsuppbæturnar mundu öllu bjarga fyrir landbúnaðinn. Ofan á þetta bætist, að kaupmáttur tímakaupsins er lægri nú en fyrir 7 árum. Ekkert lát er enn á verðbólguflóðinu, og síðustu fréttir frá ríkisstj. eru þær, að hún sé að gefast upp við að halda áfram niðurgreiðslum þeim á neyzluvörum, sem hún hefur þó framkvæmt undanfarið. Verkar þetta sem benzín á bálið og er enn þá einn vottur þess ráðleysis og þeirrar uppgjafar, sem einkennir ráðstafanir hæstv. ríkisstj. Fram að þessu hefur ríkisstj. talið sig vera að gera ráðstafanir til jafnvægis í þjóðarbúskapnum og stöðvunar verðbólgunni, en ástandið verður samt sífellt alvarlegra. Segist ríkisstj. fá heppilegar ráðleggingar annars staðar frá, en allt kemur fyrir ekki, alltaf sigur á ógæfuhlið.

Læknismeðul ríkisstj. eru helzt þau að klemma að viðskiptabönkunum, svo að þeir verði að takmarka lán sem mest til sinna viðskiptamanna. Veldur þetta nálega óbætanlegum rekstrarfjárskorti margra þýðingarmestu atvinnufyrirtækja í landinu, stórspillir afkomu þeirra og gerir þeim ókleift að standa undir kaupgjaldi því, sem dýrtíðin gerir óhjákvæmilegt að borga, og kemur í veg fyrir eðlilega framleiðsluaukningu vegna hagræðingar og aukinnar vélvæðni. Þannig verkar aðallyf ríkisstj., en verðbólgan, sem þetta á að lækna, magnast, en minnkar ekki. Jafnhliða þessu segist ríkisstj. vera að auka stofnlán til atvinnuveganna, en lítið verður úr því, þar sem dýrtíðin gleypir hækkanirnar í krónutölu nálega jafnóðum.

Annað höfuðúrræði stjórnarinnar er að draga úr opinberum framkvæmdum með þeim afleiðingum, að óleyst verkefni í samgöngumálum, skólamálum og heilbrigðismálum hlaðast upp, svo að dæmi séu nefnd. En ekki mætti þó minna vera við aflauppgrip og óvenjulegt góðæri en haldið væri vel í horfinu og hrundið áleiðis framkvæmdum í þessum málum, sem lífsnauðsynlegar eru, til þess að eðlileg framþróun almennt í landinu geti átt sér stað. En til dæmis um ástandið, eins og það er að verða, má nefna, að í vegamálum drögumst við nú þeim mun lengra aftur úr sem umferðarþörfin vex. Verðbólguframkvæmdir halda á hinn bóginn áfram fullum fetum og soga til sín vinnuafl og framkvæmdaafl í vaxandi mæli. Þetta ástand mætti lengi rekja, en tóm er hér ekki til þess, enda óþarft, því að vandinn blasir við hverjum manni og allir finna, að svona getur þetta ekki gengið. Breyta þar engu nýjustu bollaleggingar forsrh. og hans manna um það, að verðbólgan hér sé nú í raun og veru meinlaus orðin og verði að hafa sinn gang, að manni skilst. Er nú heldur skipt um tón, síðan forustumenn stjórnarflokkanna buðu sig fram síðast við alþingiskosningarnar upp á hátíðlega svardaga um að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Væri nú karlmannlegra að viðurkenna ósigur sinn en að beita slíkum vífilengjum.

En hvað sem því líður, fer það ekki fram hjá mönnum, að ríkisstj. hefur alls ekki náð tökum á málefnum þjóðarinnar. Ríkisstj. og flokkum hennar ætti ekki að dyljast lengur, fremur en fólki almennt, að hún er á rangri leið og að það þarf allt aðrar vinnuaðferðir en hún beitir til þess að ráða fram úr vandanum.

En það, sem hér hefur nú gerzt, minnir líka á þá alkunnu staðreynd, að það eru til menn, sem ekki er lagið að stjórna, þótt þeir séu góðum hæfileikum búnir að öðru leyti. Nú mættu menn halda, að ríkisstj. teldi mælinn fullan og byggist nú til að ráðast að rótum meinsins, beita sér

fyrir víðtækum ráðstöfunum til þess að stöðva verðbólguna og festa grundvöll íslenzks atvinnulífs. En það er öðru nær. Fyrir því vottar ekki, og eru uppgjafarmerkin greinilegri en fyrr, og það er allt annað í vændum.

Við þessi skilyrði hefur ríkisstj. nú tekið sér fyrir hendur að ryðja erlendri stóriðju braut inn á mesta þenslusvæði landsins og er komin á fremsta hlunn með að ganga frá samningum um erlenda fjárfestingu, sem nemur þúsundum milljóna. Ekki skortir þó þjóðina verkefni, sem nógsamlega er kunnugt, og þótt unnið sé að vísu mjög við verðbólguframkvæmdir ýmsar, þá er hitt staðreynd, að í öllum áttum eru framtakssamir menn með fyrirætlanir um stórbrotnar framkvæmdir í atvinnulífinu sjálfu, sem ekki komast áleiðis vegna þenslunnar, og í öllum áttum eru óunnin verk, í samgöngumálum, skólamálum, heilbrigðismálum og ótalmörgum öðrum greinum, sem af sömu ástæðu komast ekki í framkvæmd.

Það verður hlutskipti ríkisstj., haldi hún fast við alúmínsamninginn, að hefja tangarsókn gegn framkvæmdum Íslendinga til þess að rýma fyrir hinni erlendu stóriðju. Ráðh. boða beinlínis enn aukin niðurskurð opinberra framkvæmda í því skyni. Þá hefur þegar verið byrjað að herða enn lánsfjárhöftin til þess að draga úr framkvæmdum og rekstri íslenzkra atvinnurekenda og framkvæmdamanna, og verður þó að sverfa betur að, þegar til sjálfra stóriðjuframkvæmdanna kemur. Það bætist svo við og er ömurlegt til þess að vita, að hæstv. ríkisstj. hefur nú hrökklazt út á þá braut til þess að afsaka þessar fyrirætlanir sínar að veikja með margvíslegu móti traustið á innlendum atvinnuvegum, sem landsmenn hafa þó byggt endurreisn þjóðarinnar á.

Menn eru varaðir við að byggja um of á sjávarútvegi, landbúnaði og íslenzkum iðnrekstri. Gamalkunn tegund úrtölumanna hefur nú sótt í sig veðrið og herðir sóknina og varar þjóðina við að byggja á eigin framtaki, og hefur sjálfur forsrh. tekið forustuna fyrir þessu liði. En það eru að verða einkunnarorð þessarar sveitar, að Ísland sé á mörkum hins byggilega heims, og eiga menn svo að draga sínar ályktanir af því. Þetta er hliðstæður hugsunarháttur og sá, sem því réð, þegar nálega öll þýðingarmestu vatnsréttindi landsins voru seld útlendingum í því trausti, að stóriðja útlendinga væri lausnin á vandamálum þjóðarinnar. Allt annað væri of smátt í sniðum og ófullkomið, og engu öðru væri að treysta en atvinnurekstri útlendinga. En þjóðin hefur sannarlega risið á legg og byggt á sínu eigin framtaki og sinna manna í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, og allar hrakspár hafa sér til skammar orðið.

Nú ganga valdamenn á hinn bóginn þrátt fyrir þessa reynslu fram fyrir skjöldu og vara landsmenn við að treysta sjálfum sér og framtaki sínu og eigin atvinnuvegum. Atvinnugreinar okkar standa nú höllum fæti eingöngu vegna rangrar stjórnarstefnu og ráðleysis í stjórnarmálefnum landsins, en skilyrði hafa aldrei verið betri en nú, ef skynsamlega væri að farið og okkar eigin framleiðslugreinar studdar, í stað þess að setja fyrir þær fótinn með óskynsamlegri lánsfjárhaftapólitík og margvíslegu öðru móti, og gerðar eru gælur við óðaverðbólguna, á meðan hún grefur undan afkomu fyrirtækjanna, sem allt verður þó að byggjast á.

En þeir, sem beita sér nú fyrir erlendu fjárfestingunni, segja: Við verðum að gera þetta til þess að leysa raforkumálin nógu vel, — og svo geri þetta atvinnulífið fjölbreyttara og allt velti á því að gera það nógu fjölbreytt. En við þurfum ekki að gera þetta til að leysa raforkumálin vel, og kem ég að því síðar. En þá er hitt, að gera atvinnulífið fjölbreyttara, og sannarlega verðum við að leggja höfuðáherzlu á það. En þá er spurningin: Er það heppilegasta leiðin að taka hér inn erlenda stóriðju, erlendan atvinnurekstur í því skyni? Stjórnarflokkarnir virðast ekki annað sjá og vilja taka upp þá stefnu beinlínis, og m. a. segir Morgunblaðið orðrétt um þetta, „að með samkomulaginu um alúmínverksmiðjuna hafi brautin verið rudd til þess að nýta erlent einkafjármagn í þágu þróttmikillar uppbyggingar íslenzkra atvinnuvega á komandi árum“. Þetta er því flutt sem stefna og aðeins byrjun.

En hvert mundi þessi stefna til að gera atvinnulífið fjölbreyttara leiða okkur? Lítum á þennan fyrirhugaða alúmínsamning. Hagnaðurinn af rekstrinum á aldrei að koma til Íslands. Afskriftafé rennur út úr landinu jafnharðan, sem jafngildir því, að verksmiðjan flyzt út úr landinu, jafnóðum og hún slitnar. Tolla á enga að borga, skatta eftir sérreglu, sem tiltekur skattabyrðina í 25 ár, hvað sem líður skattabyrði íslenzkra atvinnurekenda. Raforkuverð á að vera miklu lægra en íslenzkir atvinnurekendur verða að borga. Af hlutabréfum borgi eigendur þeirra enga skatta og ekki skatta af þeim arði, sem úthlutað er af hlutafénu. Þeir borga kaup eins og aðrir og þjónustu, en rafmagn eftir sérsamningi, og þá er líka upptalið. Allt annað fjármagn fer út úr landinu, og ekkert byggist upp til frambúðar í landinu sjálfu á vegum þessa fyrirtækis. En slík uppbygging innlendra fyrirtækja er sjálf meginundirstaða gróandi atvinnulífs og framfara. Menn beri þetta saman við atvinnurekstur Íslendinga sjálfra og áhrif hans í þjóðarbúinu, og þá sjá allir skynsamir menn, hvar við værum komnir eftir stuttan tíma, ef atvinnurekstur útlendinga með þessum hætti ætti að verða leiðin til þess að gera íslenzkt atvinnulíf fjölbreyttara framvegis.

Hvernig mundi mönnum lítast á að gera þannig út íslenzka bátaflotann t. d., að bátahluturinn rynni að mestu leyti út úr landinu? Enda er sannleikurinn sá, að þær þjóðir, sem verulega hafa byggt á atvinnurekstri útlendinga með þessu sniði, hafa lent í stórfelldum vanda. Ég vona, að landsmenn og ekkert síður unga fólkið, því að þess er framtíðin, sjái við þeim mönnum, sem kalla atvinnurekstur af þessu tagi íslenzkan atvinnurekstur og hvetja við hvert tækifæri til þess, að erlendir aðilar séu teknir inn í atvinnulíf á Íslandi.

Stjórnin heldur því á lofti, að ofveiði geri vart við sig og ekki sé endalaust hægt að auka aflamagnið. Gerum ráð fyrir þessu og horfumst í augu við það. En hvernig á að mæta þessu? Á að láta íslenzkan atvinnurekstur og fram-

kvæmdir víkja fyrir atvinnurekstri útlendinga, sem tæki við af sjávarútveginum? Á að snúa sér frá sjávarútvegi og treysta í vaxandi mæli á stóriðju erlendra manna? Sannarlega á ekki að mæta þessu þannig, heldur með nýrri sókn til verndar fiskstofninum, þótt ólíkt sé þyngra fyrir en áður, þar sem Bretum hefur verið afhent svo að segja stöðvunarvald varðandi útfærslu landhelginnar, og svo með því að vinna meira og meira það stórkostlega hráefni, sem við fáum frá sjávarútveginum. En til þess að vinna fiskinn og þetta hráefni þarf fleira fólk að sjávarafurðavinnslunni og fleiri og betri vélar og aðstöðu og því meira fjármagn.

Gefur auga leið, hvernig lánapólitíkin, sem nú er rekin t. d., og aðrar ráðstafanir, sem í vændum eru í sömu stefnu til þess að rýma fyrir erlendri stóriðju, koma heim við þær kröftugu ráðstafanir til aukinnar fjölbreytni í sjávarútvegi, sem þyrfti að gera. En jafnhliða ber að styðja af alefli íslenzkt framtak í iðnaði, landbúnaði og öðrum atvinnugreinum, og mun verkefni sízt skorta. Sú kenning hefur því ekki við nein rök að styðjast, að svo sé komið fyrir okkur, að ekki séu aðrar leiðir fyrir hendi til að auka fjölbreytni í íslenzku atvinnulífi en þær að láta erlenda menn taka hér við atvinnurekstri og sætta sig við þá kosti, sem því fylgja.

Þjóðin verður að taka sig til og kveða niður úrtölumennina, sem nú leita fyrir sér með bölmóð sinn og úrtölur til afsökunar því að framlengja völd sín með blóðgjöf erlendis frá, þegar þeir með mistökum sínum hafa þrengt kosti íslenzkra atvinnuvega. En treystið því og því má treysta, að vandinn núna stafar ekki að neinu leyti af því, að íslenzkir atvinnuvegir eða þeir, sem að þeim standa, hafi brugðizt né ástæða sé til að vantreysta þeim framvegis. Vandinn er vegna sifelldra mistaka og rangrar stjórnarstefnu, sem verður að breyta, og það er ekkert síður hægt að búa við farsæla þróun atvinnu-, kjara- og efnahagsmála hér á landi en í öðrum nálægum löndum, ef skynsamlega er að farið.

En er þá hægt að leysa raforkumálin án þess að fá útlendinga til að reisa stóriðju í sambandi við þau? Búrfellsvirkjun í Þjórsá án alúmínvers er talin hagstæðasta virkjun, sem til greina kemur, mjög hagstæð og miklu minna átak en Sogsvirkjanir á sinni tíð. Um virkjun þessa og þau kjör, sem hún býður, lét raforkumálaráðh., Ingólfur Jónsson, svo um mælt á Alþ. 4. maí s. l., að „ef alúmínverksmiðja yrði ekki reist, yrði að taka á sig lítið eitt dýrari raforku fyrstu árin, eftir að stórvirkjunin yrði gerð, ef það yrði án alúmínverksmiðju, á meðan verið er að byggja markaðinn upp.“ Þetta voru orð hæstv. ráðh.: lítið eitt dýrari raforku fyrstu árin. En til þess að réttlæta alúmínsamninginn, reiknar iðnmrh., Jóhann Hafstein, þetta allt öðruvísi í skýrslu frá sér, sem birzt hefur í Morgunblaðinu, og fær hann út miklu meiri mun á rafmagnsverði og lætur síðan reikna þann mismun með vöxtum og vaxtavöxtum 20 ár fram í tímann til þess að fá áhrifamikla tölu, rétt eins og þegar menn í gamla daga, þegar króna var króna, voru að reikna, hvað ein króna gæti orðið mikil fyrir sér með tímanum.

En þessi útreikningar iðnmrh. eru mjög á sandi byggðir. T. d. reiknar hann hluta af skattgreiðslum alúmínversins sem tekjur af raforkusölu eða m. ö. o. raforkuverðið frá hringnum 20% hærra en það á að vera. Þá byggir hann á föstu verðlagi á byggingartíma og rekstrartíma, þótt enginn viti um þróun verðlagsmála, og sízt hægt við slíku að búast, eins og nú er í pottinn búið. Ekki virðist gert ráð fyrir neinum nýjum fyrirtækjum, sem raforku kaupi, sem komið geti upp í staðinn fyrir stóriðju, ef ekki er í hana ráðizt. Auðvitað veit ráðh. ekkert, hve mikið leggja þarf í kostnað aukalega til þess að sjá alúmínverinu fyrir raforku frá varastöðvum, þegar truflanir verða í Þjórsá. Og fleira kemur til, sem hér verður ekki farið út í, sem gerir það að verkum, að ekkert er upp úr þessum samanburði leggjandi, bæði vegna þess, hve dæmið er skreytt og skrumkennt af ráðh. hendi, sem gefur forsendurnar í dæmið, og vegna þess, hve margt er í óvissu.

Og hvað sem þessu líður stendur óhaggað, að raforkumálin er hægt að leysa á mjög hagstæðan hátt án alúmínversins, og það má líka taka fram, að okkur er ætlað miklu lægra raforkuverð en Norðmenn fá í hliðstæðum samningum við sömu aðila. Á næstunni munu menn heyra margvíslegar fortölur þeirra, sem fyrir þessu standa. Ýmist mun verða sagt, að hér sé á ferðinni mikil lyftistöng fyrir þjóðarbúið til þess að gera atvinnulífið fjölbreyttara. En inn á milli mun verða útmálað, að þessi stóriðja verði ekki nema mjög lítill liður í þjóðarbúinu og alúmínverksmiðjan verði ekki fyrir neinum.

Upplýst er, að Norðmenn hafa talið 100 þús. tonna alúmínverksmiðju undirstöðu 10 þús. manna byggðarlags, þegar allt er talið, sem utan á hleðst. 60 þús. tonna verksmiðja ætti þá samkv. því að byggja utan um sig 5—6 þús. manna byggðarlag eða hafa áhrif sem því nemur og þó miklu meiri á byggingartímanum.

Á svæðinu frá Kollafirði að Straumsvík búa nú um 100 þús. manns, og inn á þetta svæði á að setja stóriðjuna. Á öllu landinu annars staðar búa 93 þús. manns. Líklega hefur ekkert land við annað eins byggðavandamál að stríða og Ísland. Norðmenn telja sig búa við mikinn vanda í þessum efnum, en í Stór-Osló búa þó aðeins um 17% af norsku þjóðinni. Þeir hafa sett útlendingum þau skilyrði blátt áfram fyrir stóriðjusamningum sínum, að stóriðjuverin hjálpuðu til að leysa þeirra byggðavandamál, sem þó er smávægilegt í samanburði við okkar. Hafa erlendir aðilar fallizt á að taka á sig aukakostnað þar til þess að uppfylla þetta skilyrði. Hér hefur öllum tilraunum til þess að fá alúmínverið staðsett utan mesta þenslusvæðisins verið gersamlega vísað á bug af stjórnarvöldunum, en haldið dauðahaldi í þá staðsetningu, sem sýnilega hefur verið búið að festa sig á strax í fyrrahaust, áður en málið var sýnt alþm. og látið eins og efna ætti til víðtækrar samvinnu um málið.

Nú er sagt, að byggðavandamálið megi leysa

með því að setja á stofn atvinnujöfnunarsjóð, sem að styrkleika nemur þó aðeins broti af því, sem þurft hefði að gera, þótt engin alúmínverksmiðja hefði komið til. Upphaflega var talað um alúmínmálið eins og enginn vandi mundi verða með mannaflann, því að framboð yrði hér svo mikið af fólki. En eftir því sem þau mál voru nánar skoðuð, kom betur og betur í ljós, hvílíkur vandi þar er á ferðum, einkum þegar haldið er í það dauðahaldi að setja alúmínverið þar, sem þenslan er mest. Var þá gripið til þess örvæntingarráðs að veita hinum erlendu aðilum leyfi til þess að flytja inn erlent verkafólk eftir þörfum, og á að grípa til þess, ef ekki verður í tæka tíð búið að takmarka svo framkvæmdir og rekstur Íslendinga sjálfra, að vinnuafl verði tiltækt handa hringnum. En innflutningur erlends verkafólks hingað í verulegum mæli er enn nýtt, stórfellt vandamál, sem meira að segja meðal stórþjóðanna í Evrópu er orðið með erfiðustu viðfangsefnum.

Hvernig sem þetta er skoðað og sé raunsæi beitt, kemur það sama upp. Atvinnurekstur erlendra aðila jafnast aldrei að gagnsemi fyrir þjóðarbúið á við rekstur innlendra manna, og honum fylgja margar hættur og því meiri sem þjóðin er smærri. Við þurfum því að fara allra þjóða varlegast í þessu. Við þurfum alls ekki nú að grípa til þessa úrræðis fremur en fyrr, síðan endurreisn hófst, ekki til þess að eignast hagkvæmt raforkuver, og byggðavandann stóreykur þetta í stað þess að minnka hann. Fjölbreytni atvinnulífsins er lífsnauðsyn að auka, og það getum við gert eftir okkar leiðum, og alls staðar bíða framtakssamir menn með raunsæjar áætlanir um nýjan rekstur og eflingu þess atvinnurekstrar, sem fyrir er. Þess vegna ber nú að leggja alúmínmálið á hilluna, en snúa sér að því að virkja við Búrfell, og kemur þá grundvöllur að enn stærri virkjunum í Þjórsá síðar, eftir því sem skynsamlegt þykir. Beinum kröftunum að alhliða sókn til stuðnings íslenzku framtaki og íslenzku atvinnulífi, svo sem bezt hefur gefizt þjóðinni í hraðri sókn hennar frá fátækt til bjargálna. Fylgjum þeirri meginstefnu sem fyrr að taka lán erlendis til þess að byggja upp fjölbreyttari og arðvænlegri atvinnurekstur og alhliða framfarir. En reynslan sýnir, að á slíkum lántökum hefur okkur aldrei orðið hált, enda sé fénu ráðstafað af hagsýni og með fyrirhyggju.

En allt verður fyrir gýg unnið, nema snúizt verði gegn verðbólgunni, sem óðfluga grefur undan íslenzku atvinnulífi. Það verður ekki gert nema með því, að ríkisstj. fari frá og stokkað verði upp í íslenzkri pólitík. Þessi ríkisstj. hefur enga möguleika til þess að gangast fyrir þeirri stefnubreytingu í atvinnu- og efnahagsmálum, sem verður að koma til framkvæmda, né traust til þess að hafa þá forustu, sem þarf að koma til. Verðbólgan verður ekki lækkuð nema með nýjum, jákvæðum aðferðum og viðtæku samstarfi, þar sem kjarninn er sá, að það sitji fyrir, sem mestu skiptir. Skynsamlegur áætlunarbúskapur, sem í framkvæmdinni byggist á samstarfi ríkisvaldsins og annarra þjóðfélagsafla, er eina færa leiðin út úr því öngþveiti, sem nú er í komið, og eina færa leiðin til þess að draga úr og síðan stöðva verðbólguna. En með stöðvun verðbólgunnar leysast mörg vandamál, sem nú virðast óleysanleg, svo sem fjárhagur ríkissjóðs og vaxandi fjölda fyrirtækja, að ógleymdu því, að þegar svo væri komið, mundi reynast mögulegt að tryggja almenningi eðlilegar kjarabætur með vaxandi þjóðartekjum. Sterkur þáttur í framkvæmd þessarar stefnu verður að vera náið og öflugt samstarf ríkisvaldsins og einkaframtaks og félagsframtaks í landinu um það, hvað skuli sitja fyrir, hvað skuli taka fyrir og hvað ríkisvaldið þarf að gera og hvað einstaklingar og félög til þess að tryggja öfluga framkvæmdasókn, sem markvisst miðar að því að gera íslenzkt atvinnulíf fjölbreyttara og tryggara. Samræma verður hiklaust og með samstilltu átaki athafnir ríkisvaldsins og þar með einnig bankanna annars vegar og einstaklinga og félaga hins vegar, svo að það komist í framkvæmd og verði afdráttarlaust stutt, sem mestu máli skiptir. Sem sagt, það þarf meira en orðin tóm. Þess vegna verður það að vera ljóst, að það er hvorki samstarf né forusta í þessum skilningi, að mönnum sé hóað saman einu sinni eða tvisvar á ári til þess að hlýða á áróðursræður ráðh., jafnframt því sem hert er á rekstrarfjárlánaskrúfunni og verðbólgan fær í friði að naga rætur fyrirtækjanna. Á hinn bóginn ætti það að vera þýðingarmikill liður í framkvæmd þessarar nýju stefnu að bjóða út unga fólkinu í landinu, bæði í einkarekstri, félagsrekstri og opinberri þjónustu, til þess að glíma við ný verkefni eftir nýjum leiðum, því að einmitt unga fólkið er líklegra en aðrir til þess að geta rifið sig út úr þvarginu um einskis nýtar örvæntingarráðstafanir til þess að fleyta frá degi til dags og snúið sér að kjarnanum, hjálpað til að brjóta í blað og byggja frá grunni, valið heppileg verkefni og séð um, að þau komist í framkvæmd, en verði ekki vegna sérhagsmuna og flókinna, úreltra vinnubragða látin víkja fyrir því, sem sízt skyldi.

Núv. ríkisstj. hefur ekki skilyrði til þess að gangast fyrir því, sem gera þarf, og vill ekki heldur beita þeim jákvæðu vinnuaðferðum, sem taka þarf upp til þess að samstilla kraftana til sameiginlegra átaka við vandamálin. Ríkisstj. hefur fyrirgert rétti sínum til að sitja með því að ganga gersamlega í berhögg við fyrirheit sín og loforð við síðustu almennar alþingiskosningar. Ríkisstj. nýtur alls ekki trausts þjóðarinnar í vandasömum samskiptum við aðrar þjóðir. Ríkisstj. ber því að fara frá, og er það nauðsynlegt upphaf þeirra endurbóta, sem gera verður, og það vill Framsfl. leggja áherzlu á með þessari vantrauststill. En knýi ríkisstj. þinglið sitt til að fella vantrauststill. með það fyrir augum að fara ekki frá nú þegar, krefst Framsfl. þess eigi að síður, svo að uppfylltar verði lágmarkskröfur um velsæmi í lýðræðislandi, að ríkisstj. gangist fyrir því, að Alþ. verði rofið og gengið verði til almennra alþingiskosninga. Þetta er skýlaus krafa og lágmark þess, sem gera þarf, svo að þjóðin fái komið vörnum fyrir sig, áður en enn þá lengra verður

haldið út í fen verðbólgunnar. Og þetta er skylt að gera, áður en til greina gæti komið að fara inn á þá braut að gera samninga um erlenda stóriðju í landinu. En með slíkum samningum færu stjórnarflokkarnir langt út fyrir það umboð, sem þeim var gefið við síðustu alþingiskosningar. Krafan er því þingrof og kosningar, og að henni standa ekki aðeins framsóknarmenn, heldur fólk úr öllum stjórnmálaflokkum landsins og utan flokka, sem vill ekki láta misnota trúnað sinn lengur á þann hátt, sem gert hefur verið, og því síður til þess að gera nú 45 ára samning um erlendan stóratvinnurekstur á Íslandi, sem ekki var svo mikið sem imprað á síðast, þegar alþm. fengu umboð sín.

**Dómsmrh. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Háttvirtu hlustendur. Vegna þess, hve tíminn er takmarkaður í þessum umr., mun ég einskorða mál mitt við samningagerð ríkisstj. um álbræðslu á Íslandi, en meðráðherrar fjalla um önnur mál. Ég mun hafa þann hátt á, jafnframt því sem ég vík að efni ræðu hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, varðandi þetta mál, að svara þm. stjórnarandstöðunnar fyrir fram, svo líklegt þykir mér, að lítið nýtt muni fram koma í málflutningi þeirra.

Stjórnarflokkarnir höfðu gert stjórnarandstöðunni grein fyrir, að frv. til laga um álbræðslu yrði lagt fram í þinginu í næstu viku og að stjórnarflokkarnir óskuðu eftir útvarpsumr. um málið. Á þessu stigi kaus stjórnarandstaðan að bera fram vantraust áður og óska útvarpsumr. um það. Þm. stjórnarandstöðunnar hafa að vísu allir fengið afhenta fyrirhugaða samninga um álbræðslu, en í trúnaði, þar til málið yrði formlega lagt fyrir Alþingi. Af þessum sökum ræði ég ekki einstakar greinar samninganna, en fjalla um málið almennt.

Andstæðingarnir munu segja í fyrsta lagi, að við vanmetum aðrar atvinnugreinar. Gegn þessu talar allsherjaruppbygging síðustu ára, hvar sem er litið í atvinnulífinu, enda mun tilkoma nýs atvinnuvegar styðja hina eldri, en ekki lama. Enda sagði Eysteinn Jónsson áðan, að í öllum áttum væru framtakssamir menn með stórar fyrirætlanir í þjóðlífinu og þjóðfélaginu. Ræðupartur Eysteins Jónssonar hér áðan um vanmat okkar á öðrum atvinnugreinum var sáraómerkileg tugga á því, sem Tíminn hefur verið að klifa á undanfarið, og hreinlega ekki svaraverður.

Í öðru lagi er sagt, að álbræðslan muni taka vinnuaflið frá öðrum atvinnugreinum. Jafnhaldlaus rök eru fyrir þessari mótbáru. Gert er ráð fyrir því, að álbræðsla geti tekið til starfa á árinu 1969 og verði síðan stækkuð upp í full afköst, sem náist á árinu 1975. Þá er gert ráð fyrir, að um 450 manns muni starfa við fyrirtækið. Á tíu ára tímabilinu til 1975 er hins vegar gert ráð fyrir því, að fjölgun vinnandi fólks í landinu muni nema tæpum 17 þús. manns. Álbræðslan mun þannig aðeins taka til sín 3% vinnandi fólks á landinu í þjónustu álbræðslu, en árið 1975 yrði um ½% vinnandi fólks á landinu í þjónustu álbræðslu.

Allir sjá, að þetta skiptir litlu máli fyrir mannaflaþörf annarra atvinnugreina og sennilega allra sízt sjávarútvegs, þar sem mannaflaþörfin fer mjög lítið vaxandi, en stærri og afkastameiri framleiðslutæki og aukin tækni eru nú meginundirstaða þeirrar framleiðsluaukningar, sem þar á sér stað.

Að sjálfsögðu skapast nokkur vandamál með vinnuafl, meðan verksmiðjan er í byggingu, og þó mest á árinu 1967. Úr slíku vandamáli mætti m. a. leysa, ef menn vildu, þar sem um tímabundið viðfangsefni er að ræða, með erlendu vinnuafli, eins og íslenzk löggjöf gerir ráð fyrir og við höfum oft áður gripið til. Aðrar ráðstafanir koma að sjálfsögðu til álita, og hefur ríkisstj. það mál til vandlegrar athugunar.

Í þriðja lagi er sagt, og það sagði Eysteinn Jónsson áðan, að rafmagnssamningurinn sé óhagstæður. Hann bar það fyrir sig, að Ingólfur Jónsson hefði sagt á þingi í fyrra, að enda þótt virkjað væri við Búrfell án álbræðslu, þá mundi rafmagnið aðeins verða lítið eitt dýrara. Kann að vera, að Ingólfur Jónsson hafi látið slík orð falla. Eitthvað hefði nú verið viðkunnanlegra, að Eysteinn Jónsson hefði komið með einhverja útreikninga í þessu sambandi af eigin hálfu, en á s. l. þingi lágu ekki fyrir þeir útreikningar, sem liggja fyrir núna, og ekki sú vissa, sem nú er fyrir í þessu efni. Það hafa verið lagðir fram og þm. látnir í té í þingmannanefndinni ýtarlegir útreikningar Landsvirkjunar á því, að Búrfellsvirkjun í Þjórsá er miklu hagstæðari með álbræðslu en án hennar. Eysteinn Jónsson vitnaði til og var að tala um, að það væru útreikningar mínir um raforkuverðið. Ég hef enga útreikninga gert á raforkuverðinu. Það eru sérfræðingar, sem hafa gert þessa útreikninga, og Landsvirkjun hefur látið þessa útreikninga í té. Samt sem áður leyfir Eysteinn Jónsson sér að segja, að dæmi mitt sé skreytt og skrumkennt. Menn berja höfðinu við steininn. En samkvæmt þeim útreikningum, sem frá sérfræðingum liggja fyrir, er svo miklu hagstæðara að virkja með álbræðslu, að raforkuverðið til almennings mundi á árunum 1969—1975 verða 62% hærra, ef álbræðsla væri ekki byggð, 22% hærra á árunum 1976—1980, en 12% á árunum 1981—1985, og yfir allt tímabilið frá 1969—1985 mundi raforkuverð til almennings þurfa að vera nærri 30% hærra að meðaltali, ef Búrfellsvirkjun væri framkvæmd án rafmagnssamnings við álbræðslu.

Sé litið á áætlaða rekstrarafkomu Landsvirkjunar fram til ársins 1985, eins og hún mundi vera skv. hvorri leiðinni fyrir sig, með eða án álbræðslu, kemur í ljós, að samanlagður tekjuafgangur Landsvirkjunar til ársins 1985 mundi án vaxta — án vaxta, og ég tek það sérstaklega fram — verða 700 millj. kr. meiri, ef gerður yrði rafmagnssamningurinn við álbræðslu.

Ég hef að vísu sagt einnig annað, að kostnaðarverð viðbótarorku með álbræðslu, miðað við kostnað án álbræðslu, væri svo miklu hagstæðara, að safnazt mundu á árunum 1969—1985 í sjóð um 860 millj. kr., ef munurinn væri árlega lagður á 6% vexti. Bæði dæmin eru jafnrétt.

Allt eru þetta óhrekjandi staðreyndir, enda er engin tilraun gerð til þess að hrekja þessar tölur, þó að þær hafi verið settar fram opinberlega.

Ef allur hagnaðarmismunurinn á því að byggja Búrfellsvirkjun með álbræðslu í stað þess að byggja hana án hennar væri lagður í nýja stórvirkjun í vatnsföllum landsins á móti 50% lánsfjáröflun annars staðar frá, þá mundi það nokkurn veginn nægja t. d. fyrir virkjun Dettifoss.

Fyrstu 25 árin yrðu tekjur af raforkusölu til álbræðslu um 400 millj. kr. hærri en samanlagðar greiðslur vaxta og afborgana af Búrfellsvirkjuninni allri ásamt varastöðvunum. Samt er sagt, að rafmagnssamningurinn rísi ekki undir kostnaði af þeim hluta virkjunar, er ætlaður væri í álbræðslu.

Einnig er sagt, að ekki sé tekið tillit til varastöðvanna, þó að kostnaðurinn af byggingu og rekstri þeirra sé með í útreikningunum og það dyljist engum, sem vita vill. Það er sagt, að ekkert sé að marka áætlanirnar, því að verðhækkanir og verðbólga muni leiða til þess, að kostnaðurinn af Búrfellsvirkjun hækki svo mikið. Samt er það vitað, að nú er ekki lengur byggt á áætlunum, heldur að langmestu leyti á föstum kostnaði, sem fyrir liggur, eftir að tilboð hafa borizt í Búrfellsvirkjun, og við vitum, hver kostnaðurinn muni vera.

Einnig er þess að geta, að álbræðslan mundi greiða alla raforkuna, sem hún kaupir, í dollurum allan tímann, svo að vaxi verðbólgan í landinu, krónan minnki og verði jafnvel felld, þá hækkar greiðslan fyrir rafmagnið að krónutali, vegna þess að hún er gengistryggð eða í traustustu erlendri mynt.

Einnig er sagt, að ekki sé reiknað með kostnaði af ísvandamálinu. Nú liggur fyrir skýrsla Landsvirkjunar um það, að þetta vandamál hefur verið leyst á vísindalegum grundvelli í sambandi við ýtarlegar rannsóknir Vatns- og hafnarannsóknarstofnunar tækniháskólans norska í Þrándheimi og á grundvelli skýrslu og þeirrar formúlu, sem norsku ísafræðingarnir dr. Devin og Kanavin hafa gert, en íslenzkir verkfræðingar og amerískir hafa ráðið fram úr hinum tæknilega vanda. Vitna ég til skýrslu Landsvirkjunar og annarra upplýsinga, sem birzt hafa almenningi.

Ég hef nú minnzt á þrjú atriði, sem mótbárur andstæðinganna eru byggðar á: viðhorfið til annarra atvinnugreina, vinnuaflið og raforkusamninginn. En þeir munu í fjórða lagi segja, að það sé hættulegt að hleypa erlendu fjármagni inn í landið, það heyrðum við áðan, þjóðfrelsinu stafi af því voði og við fyrirgerum sjálfstæðinu. Ef menn treysta ekki sjálfum sér, treysta ekki Íslendingum í samskiptum við erlenda, þá er kannske ekki von, að menn haldi, að við séum menn til að varðveita sjálfstæði okkar. Við Íslendingar höfum á undanförnum árum í sívaxandi mæli átt pólitísk samskipti við erlenda aðila á erlendum vettvangi, í Atlantshafsbandalagi, í Evrópuráði, Norðurlandaráði og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í margháttuðum millirílkjaskiptum, og ég fullyrði, að við höfum alls staðar haldið okkar hlut og varðveitt okkar sóma. Er ástæða til að ætla, að við séum ekki menn til þess að semja við erlenda aðila um rekstur eins fyrirtækis hér á landi, sem þar að auki er skorinn mjög þröngur stakkur um aðstöðu hérlendis og mun ekki njóta nema takmarkaðra réttinda, enda ekki sótzt eftir nema takmörkuðum réttindum, eins og samningar munu bera með sér?

Mér finnst, að þeir með minnimáttarkenndina eigi að láta huggast.

Svo einkennilega vill líka til, að sumir þeirra voru ekkert hræddir við þessi erlendu áhrif, ef álbræðslan væri staðsett við Eyjafjörð eða annars staðar utan þéttbýlisins. Bréf þingflokks Framsfl. til iðnmrh. 8. des. 1964 ber m. a. þetta með sér. Eftir að þingflokkurinn hafði haft til athugunar skýrslur ríkisstj., sem honum voru afhentar 23. nóv. sama ár, þar sem í voru ráðagerðir um hina erlendu álbræðslu í sambandi við stórvirkjun, þá segir í bréfi Framsfl. m. a.: „Flokkurinn telur rétt, að athugaðir séu í sambandi við stórvirkjun möguleikar á því að koma upp alúmíníumverksmiðju.“ Og hér er átt við álbræðslu þeirra erlendu aðila, sem nú er samið við. Hitt var að vísu jafnframt tekið fram í bréfi flokksins, að flokkurinn legði á það megináherzlu, að hann teldi, að slíkri verksmiðju bæri, ef til kæmi, að velja stað með það fyrir augum, að starfsemi hennar stuðlaði að jafnvægi í byggð landsins, en verksmiðjan er jafnt eign erlends fyrirtækis, hvar sem hún er staðsett.

Sama kemur fram í ályktun bæjarstjórnar Akureyrar frá sínum tíma, þegar ályktað var að skora á ríkisstj., að samið yrði við útlendinga um að reisa álbræðslu við Eyjafjörð. Sama kemur reyndar einnig fram í ályktun hinna ágætu forustumanna Þingeyinga, sem héldu fund í janúarmánuði og gerðu ályktun varðandi þetta mál, en í þeirri ályktun felst einmitt, að það sé rétt, eins og þar segir, að semja við erlenda aðila um stórbrotna atvinnuuppbyggingu, ef slíkur atvinnurekstur er staðsettur þannig, að það stuðli að búsetu og fjármagnsmyndun í þeim landshlutum, þar sem nauðsyn er að efla byggð vegna jafnvægis í þjóðarbúskapnum, eins og sagði í ályktuninni. Það er sem sé engin minnimáttarkennd í Þingeyingum, enda munu þeir þegar hafa ráðið við sig að styðja og gerast hluthafar í kísilgúrverksmiðju við Mývatn í samfélagi við amerískt fyrirtæki, ef samningar takist, og telja sér til hagræðis, að alerlent fyrirtæki til sölu á kísilgúrnum yrði staðsett og til heimilis í Húsavík.

Þá kem ég að fimmtu mótbárunni, að það hefði átt að staðsetja bræðsluna annars staðar og þá helzt fyrir norðan. Ríkisstj. lagði áherzlu á, að kannaðir væru til hlítar möguleikar á því að staðsetja verksmiðjuna fyrir norðan og þá helzt við Eyjafjörð, vegna þess hve ríkisstj. telur mikilvægt, að gætt sé jafnvægis, svo sem verða má, milli byggðarlaga. Aðstaða til þess reyndist ekki vera fyrir hendi vegna þess, hve það hefði orðið miklu kostnaðarsamara, virkjun þar hundruðum milljóna króna dýrari og bygging álbræðslu einnig kostnaðarsamari.

Ríkisstj. ákvað hins vegar, þegar ekki var fyrir hendi fjárhagsleg aðstaða til þess, að verksmiðjan yrði byggð fyrir norðan, að undirbúa fyrir Alþingi frv. til l. um atvinnujöfnunarsjóð eða framkvæmdasjóð strjálbýlisins, sem hefði þann tilgang að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbættara atvinnulífs og skilyrði að öðru leyti fyrir hendi til arðbærra framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Frv. um þessa sjóðsmyndun verður lagt

fyrir Alþingi. En einn megintekjustofn sjóðsins yrði skattgreiðslur frá álbræðslu, ef reist yrði. Mun fjmrh. gera nánar grein fyrir þessu máli í þessum umr. Þetta teljum við skynsamlegra sjónarmið og líklegra til þess að verða landsmönnum að liði almennt heldur en sú ráðstöfun að leggja hundruð milljóna króna byrði á þjóðina til þess eins að geta staðsett álbræðsluna á tilteknum stað.

Þið munuð í sjötta lagi heyra þær mótbárur stjórnarandstöðunnar, að bygging álbræðslu nú sé ekki tímabær, enda þótt hún gæti síðar meir orðið til mikillar blessunar fyrir landslýðinn. Víst er eitt, að við höfum ekki tíma til að fresta virkjun fallvatnanna. Búrfellsvirkjunina yrðum við þá að ráðast í án álbræðslu með stórkostlegu fjárhagslegu óhagræði fyrir okkur sjálfa, eins og ég hef áður gert grein fyrir. Eru menn svo alveg vissir um, ef við frestum nú samningum um álbræðslu, að þeir stæðu okkur til boða síðar? Ég skal ekkert um það fullyrða, en fróðir menn telja, að það kunni að vera stutt í land, að önnur orka en vatnsaflið verði ódýrari til framleiðslu rafmagns, og er þar átt við kjarnorku.

Ég hef nú farið nokkrum orðum um ýmsar þær helztu mótbárur gegn byggingu álbræðslu, sem þið heyrið fram koma hér í umr. í kvöld og hafið heyrt dálítið þegar í stað. Ýmist eru þær veigalitlar eða beinlínis rangar, af því að menn vita ekki eða vilja ekki vita staðreyndir í málinu.

Eftir að hafa svarað mótbárum andstæðinganna gegn því, að reist verði álbræðsla á Íslandi, væri eðlilegt að spyrja: Hvers vegna er talið rétt að reisa álbræðslu, og hver eru meginrökin með því? Hugleiðingar um stóriðju á Íslandi í einu eða öðru formi eru sprottnar af nauðsyn þess að tryggja nógu mikinn vöxt þjóðarbúskapar okkar. Samhliða hefur verið talið, að stóriðja í formi orkufreks iðnaðar, eins og álbræðsla er, sé forsenda þess, að við getum hafið stórvirkjanir í fallvötnum landsins, sem taldar eru hagkvæmastar og gefa landsmönnum því kost á ódýrasta rafmagni. Ég skal nefna nokkur dæmi um augljósan hag okkar: 1) Það mundi hafa mjög hagstæð áhrif á þróun raforkumála í landinu, orkuvinnslu í fallvötnum landsins. 2) Það mundi hafa mjög hagstæð áhrif á gjaldeyrisöflun okkar og þjóðartekjur. 3) Skattgreiðslur álbræðslu yrðu verulegar og gætu lagt grundvöll að fjáröflun til styrktar atvinnuþróun í landinu, þar sem þess væri sérstaklega þörf til þess að auka jafnvægi milli byggðarlaga. 4) Álbræðsla hérlendis er líkleg til þess að hafa örvandi áhrif á almenna iðnvæðingu í landinu. 5) Með byggingu álbræðslu við Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar yrði byggð stór og örugg höfn, sem gæti komið að margvíslegum öðrum notum en fyrir álbræðsluna sjálfa, bæði meðan álbræðslan er starfrækt og einnig síðar, eftir að starfrækslu hennar væri lokið. 6) Með því að leyfa erlendum aðilum að reisa álbræðslu fyrir eigið áhættufé er frá engum öðrum tekið neitt fjármagn, en þvert á móti mundi bygging álbræðslunnar og rekstur hennar hafa hagstæð áhrif á öflun fjármagns til annarra framkvæmda og annarra atvinnugreina.

Ég vík nú nánar að hverju þessara atriða.

Hinn mikil hagnaður, sem í því felst að gera samning við álbræðslu nú um sölu á rafmagni, liggur einfaldlega í því að geta miklu fyrr en ella nýtt til tekjuöflunar fyrir þjóðarbúið stórfellda raforkuframleiðslu, sem ella væri ekki markaður fyrir. Þetta mun svo aftur hafa í för með sér örari uppbyggingu rafmagnsframleiðslunnar í framtíðinni, ásamt þeim margvíslegu efnahagslegu tækifærum, sem í því felast. Um 22 árum eftir að Búrfellsvirkjunin við Þjórsá tæki til starfa með raforkusölu til álbræðslu verða öll lán hennar fullgreidd, svo að allar tekjur frá álbræðslunni vegna raforkusölu, að frádregnum tiltölulega litlum árlegum rekstrarkostnaði, mundu þá vera hreinn greiðsluafgangur fyrir raforkukerfið, en gert er ráð fyrir því, að álbræðslan muni greiða fyrir rafmagnið á annað hundrað milljónir króna árlega.

Eysteinn Jónsson sagði hér áðan, að allt fjármagnið færi út úr landinu. Jú, það er alveg rétt, hagnaðurinn fer út úr landinu. En hann kom líka utan frá til þess að reisa verksmiðjuna og reka hana og hafa áhættuna af því að reka hana. Svo spyr Eysteinn Jónsson: Hvernig lízt mönnum á að byggja bátaflotann svona, að allur hagnaðurinn fari út úr landinu? Hafa útlendingar byggt okkar bátaflota? Nei, það eru landsmenn sjálfir, og þess vegna njóta þeir hagnaðarins af því. Svona finnst mér, að menn þurfi ekki að spyrja og ekki vera með svona látalæti.

Ef litið er á gjaldeyris- og þjóðartekjur í sambandi við álbræðsluna, koma til álita eftirfarandi atriði: Hreinar gjaldeyristekjur af 60 þús. tonna álbræðslu reiknast 300—320 millj. kr. Miðað við mannaflaþörf við rekstur hennar reiknast hreinar gjaldeyristekjur á mann um 700 þús. kr. á ári. Sennilega eru samsvarandi tölur í sjávarútveginum um 250—300 þús. kr. á mann á ári. Miðað við reynslu okkar er líklegt, að þjóðartekjur séu um fjórum sinnum meiri en hreinar gjaldeyristekjur, sem þær grundvallast á. Skv. þessu má ætla, að álbræðslan skapi svigrúm til aukinnar aukningar þjóðartekna, er nemi allt að 1200 millj. kr., sem dreifast um hagkerfið í heild. Skattgreiðslur álbræðslunnar eru verulegar. Aðalskattgreiðslan fer fram í formi framleiðslugjalds á hvert tonn málms, sem framleiddur er. Það er misskilningur, að álbræðslunni sé ætlað að njóta skattfríðinda. Framleiðslugjaldið er reiknað á grundvelli gildandi skattalaga og miðað við það, hvað fyrirtækinu mundi verða gert að greiða samkvæmt þeim. Það hefur hins vegar verið talið hagræði, að skattgreiðslan færi fram í þessu formi. Er það álit bæði innlendra sérfræðinga á þessu sviði og einnig erlendra, sem leitað hefur verið um álits þar að lútandi. Þetta fyrirkomulag hefur ekki heldur orðið neitt deiluatriði í þessu máli við undirbúning þess. Miðað við full afköst, 60 þús. tonn á ári, yrði skattgjaldið rúmar 50 millj. kr. fyrst, en færi hækkandi skv. ákvæðum samningsins, þar sem greiðslan á tonn hækkar verulega, eftir því sem á líður og afskriftartími verksmiðjunnar er á enda, en hæst kemst skattgjaldið eftir 15 ár í 35 dollara á tonn. Skattgjaldið gæti þá úr því orðið allt að 100 millj. kr. á ári. Eins og ég hef áður gert grein fyrir, er gert ráð fyrir, að það renni til atvinnujöfnunarsjóðs, sem á að vinna að atvinnuaukningu til jafnvægis í byggð landsins, eins og það er orðað, að frádregnum þeim hluta þess, sem rennur til heimasveitar, þ. e. Hafnarfjarðar, og iðnlánasjóðsgjaldi.

Samhliða uppbyggingu álbræðslu yrði byggð höfn við Straumsvík, og hið erlenda fyrirtæki borgar kostnaðinn af henni. Er hún hluti Hafnarfjarðarhafnar, sem nú tekur einnig yfir þetta svæði. Samkvæmt ráðgerðum samningi greiðir álbræðslan, eins og ég sagði, kostnaðinn við byggingu hafnarinnar, ábyrgist viðhaldskostnaðinn og hefur þá forgangsrétt til notkunar hafnarinnar. Áætlanir um kostnað þessarar hafnarbyggingar í dag munu nema um 100 millj. kr., en reynist kostnaðurinn meiri, greiðir álbræðslan hann engu að síður á 25 ára tímabili.

Hafnarfjörður hefði að sjálfsögðu mestan beinan hag af þessari hafnargerð, en ég tel, að hún mundi í framtíðinni að öðru leyti hafa mikið þjóðhagslegt gildi.

Það liggur mjög nærri að álykta, að bygging og rekstur álbræðslu mundi geta haft veruleg áhrif til góðs á eflingu iðnvæðingar almennt í landinu. Skapast mundu tækifæri til þess að koma upp í landinu vinnslu úr áli, einkum til innanlandsnotkunar. Eitt af því, sem háir íslenzkum iðnaði, er hráefniskostnaður, þar sem flest hráefni eru hér innflutt og mun dýrari en í þeim iðnaðarlöndum, sem við er keppt. Mér er kunnugt um, að íslenzkir iðnrekendur tengja töluverðar vonir við byggingu álbræðslu frá því sjónarmiði, að hún geti skapað mikilvæg ný tækifæri, sem í því fælust, að ál gæti orðið hér jafnódýrt eða ódýrara en í nágrannalöndunum.

Loks er að því að víkja, að allt fjármagnið til byggingar álbræðslu kæmi frá erlendum aðilum, allt að 2500 millj. kr. eða þar um bil. Það er því frá engum innlendum aðila tekið né heldur hagnýttir til þess lánsmöguleikar, sem draga mundu úr öðrum lánsmöguleikum til eflingar íslenzku atvinnulífi. Þvert á móti er það augljóst, að bygging álbræðslunnar með þeim kostum, sem henni eru samfara, mikilli gjaldeyrisöflun, verulegri aukningu þjóðartekna, mundi skapa nýja möguleika til aukinnar lánsfjáröflunar af hálfu Íslendinga sjálfra öðrum atvinnugreinum til uppbyggingar og hagræðis.

Auðvitað verður ekki fram hjá því komizt, að nokkur áhætta gæti verið því samfara fyrir Íslendinga, að byggð yrði hér álbræðsla. Í allri samningagerðinni við hina erlendu aðila hefur af Íslendinga hálfu verið leitazt við að draga sem mest úr sérhverri slíkri áhættu. Lögð hefur verið áherzla á það, að hið svissneska fyrirtæki tæki á sig miklar skuldbindingar í þessu sambandi, svo að hagur Íslendinga væri sem bezt tryggður og tekjur af álbræðslunni fyrir íslenzka þjóðarbúið öruggar og jafnar.

Mikilvægast í þessu málefni eru ákvæðin um lágmarksgreiðslur fyrir raforku, sem þýðir, að álbræðslan er skuldbundin til þess að greiða fyrir þá raforku, sem um er samið að selja henni, hvort sem hún þarf á henni að halda eða ekki. Gilda þessi ákvæði, á meðan samningurinn er í gildi.

Í öðru lagi yrði hið svissneska fyrirtæki skuldbundið til þess að lækka aldrei framleiðslu álbræðslunnar á Íslandi meira hlutfallslega en annarra álbræðslna sinna að samanlögðu. Þetta þýðir, að lækkun framleiðslu vegna sölutregðu t. d. mun aldrei bitna á álbræðslunni á Íslandi umfram aðrar, sem í eigu fyrirtækisins eru.

Þessi ákvæði, um fasta lágmarksgreiðslu fyrir raforku og stöðuga framleiðslu, eiga að tryggja það, eins og bezt verður á kosið, að atvinnu- og skattgreiðslur og aðrar tekjur af álbræðslunni verði jafnar og öruggar.

Ég tel óhætt að fullyrða, að skuldbindingar hins svissneska fyrirtækis séu yfirleitt miklu meiri en almennt tíðkast um atvinnurekstur útlendinga og óvenjulega fast um búið, að fyrirtækið skili öruggum tekjum í þjóðarbúið. Það er ekki ósennilegt, að hægt hefði verið að fá einhver af hinum fjárhagslegu atriðum samninganna eitthvað hagstæðari, ef slakað hefði verið á hinum hörðu kröfum um skuldbindingar af hálfu hins erlenda fyrirtækis. Það hefur hins vegar verið eindregið mat ríkisstj. og annarra, sem um mál þetta hafa fjallað, að nauðsynlegt væri að forðast alla áhættu í þessum efnum, svo sem kostur væri, svo að þessi framkvæmd yrði til þess að auka öryggið í þjóðartekjum Íslendinga, en ekki til þess að draga úr því.

Mál þetta hefur átt langan aðdraganda og kostað mikinn undirbúning. Ríkisstj. hefur kappkostað að láta Alþingi fylgjast vel með undirbúningi málsins og hverju hefur fram undið á hverjum tíma. Á s. l. ári hefur þingmannanefnd, valin af þingflokkunum, unnið að undirbúningi málsins til meðferðar hér í þinginu, en hún hefur verið skipuð tveimur fulltrúum allra þingflokka, en sjálfur hef ég haft með höndum formennsku þessarar nefndar. Þessi þingmannanefnd hefur haldið alls 26 fundi, og hún hefur á hverjum tíma haft aðgang að öllum gögnum þessa máls, bæði varðandi orkumál og álbræðslu. Hún hefur haft aðstöðu til þess að kynna sér nokkuð eðli og rekstur álbræðslu og kynna sér uppbyggingu og starfsemi hins svissneska álfyrirtækis. Hún hefur yfirfarið öll samningsuppköst aðalsamningsins og verið kynnt efni fylgisamninga. Hún hefur starfað eins og hver önnur þingmannanefnd að undirbúningi málsins, án hliðsjónar af afstöðu þm. í grundvallaratriðum til þess, hvort þeir teldu æskilegt, að þetta mál næði fram að ganga eða ekki.

Ég sé ástæðu til þess að þakka þingmannanefndinni fyrir störf hennar og ágætt samstarf við n. frá öndverðu. Mér er vel ljóst, að starfsemi hennar hefur á margan hátt leitt til góðs og umbóta í þeirri samningagerð, sem við höfum haft með höndum, og það er því meiri ástæða til þess, að starfsemi þingmannanefndarinnar njóti fullrar viðurkenningar af minni hálfu, þar sem ég í öndverðu var nokkuð efins um, að þátttaka allra þingflokka í henni mundi verða til þess að greiða fyrir undirbúningi málsins. Svo hefur engu að síður orðið, eins og ég sagði. Um það á hins vegar enginn misskilningur að ríkja, að sumir nm. hafa frá öndverðu verið andvígir grundvallaratriðum málsins, og síðar hefur komið í ljós, að andstaða þeirra við málið var víðtækari en mér fannst ástæða til að ætla.

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Ég beini að lokum orðum mínum til æskufólks þessa lands, sem á að erfa landið. Meðan ætlað er, að samningurinn við hið svissneska fyrirtæki sé í gildi, mun íbúatala Íslendinga tvöfaldast. Hér mun upp úr aldamótum búa 400 þús. manna þjóð. Ég viðurkenni, að ég er bjartsýnn á framtíð þessarar litlu þjóðar, en sú bjartsýni helgast einnig af

því, að við séum á hverjum tíma menn til þess að hagnýta sérstaka möguleika, sem að því stefna að treysta efnahagskerfi þjóðarinnar, og þorum m. a., ef svo ber undir, að gera samninga við erlenda aðila í sambandi við áhættufjármagn og tæknikunnáttu, ef við teljum, að þeir komi þjóðinni að gagni. Það hefur ekki ætíð verið vöxtur í íslenzku atvinnulífi. Það hefur ekki ætíð verið vinnuaflsskortur hjá þessari litlu þjóð. Þeir, sem minnast atvinnuleysisáranna, hafa ef til vill ríkari ástæðu til þess en aðrir að leggja sig fram um það að gera hverjar þær ráðstafanir, sem teljast mega líklegar til þess að bægja vágesti atvinnuleysis og örbirgðar frá dyrum þjóðarinnar. Við erum að vísu lítil þjóð í harðbýlu landi, en þessi litla þjóð á mikla möguleika í ónotuðum auðlindum landsins, í vatnsafli og jarðvarma, í gróðurmold og fengsælum fiskimiðum. Íslenzka þjóðin býr yfir miklum framtíðarmöguleikum. Á því veltur, að við hagnýtum þá með hagsýni, bjartsýni og djörfung á hverjum tíma.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Nýlega hefur ríkisstj. tilkynnt, að hún hafi gert fullnaðarsamkomulag við svissneska auðhringinn Swiss Aluminium um byggingu og rekstur alúmínbræðslu í Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar. Samningur um málið verður undirritaður af ríkisstj. og fulltrúum alúmínhringsins á mánudaginn kemur, en síðan lagður fyrir Alþ. til löggildingar. Þannig hefur ríkisstj. ákveðið að ljúka þessu stórmáli án samráðs við þjóðina og á þann veg, að Alþingi er stórlega misboðið.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, gaf hún mörg og mikil fyrirheit. Hún lofaði réttri skráningu á krónunni og stöðugu verðlagi. Í hennar tíð hefur dýrtíðin ætt yfir með meiri hraða en nokkru sinni áður. Þegar stjórnin tók við, var vísitala framfærslukostnaðar 100 stig. Nú er hún 182 stig eða hefur hækkað um 82%. Vísitalan fyrir vörur og þjónustu sýnir þó enn betur verðlagsþróunina í tíð stjórnarinnar. Hún var 100 stig í upphafi stjórnartímans, en í jan. s. l. var hún 211 stig. Þannig hefur ríkisstj. tekizt að hækka verðlag í landinu um meir en helming í stað þess að tryggja stöðugt verðlag.

Í upphafi stjórnartímans lofaði stjórnin að afnema með öllu styrki og uppbætur til atvinnuveganna. Það loforð hefur verið efnt þannig, að í dag er varið mörg hundruð millj. kr. í styrki og uppbætur til framleiðslunnar. Stjórnin lofaði alhliða uppbyggingu atvinnulífsins í landinu. Reyndin er hins vegar sú, að togaraútgerð landsmanna hefur dregizt saman um helming, og ekki er annað sýnna en hún hverfi úr sögunni með öllu, ef svo heldur áfram sem verið hefur. Iðnaðurinn hefur dregizt saman, og heilir landshlutar, sem átt hafa í atvinnulegum erfiðleikum, hafa enga teljandi aðstoð fengið frá stjórnarvöldunum.

Í tíð núv. ríkisstj. hefur eftirlit með verðlagningu svo að segja verið lagt niður, okurvextir hafa verið lögleiddir og brask með íbúðarhúsnæði hefur verið flokkað undir frelsi til athafna og viðskipta. Skattar, sem áttu að afnemast af almennum launatekjum, hafa stórhækkað og þó mest á þeim, sem sízt skyldi. Nauðsynlegustu umbætur í húsnæðismálum almennings hefur þurft að knýja fram með verkföllum, en verkföll hafa orðið tíðari og meiri á tímum núv. stjórnar en á valdatíma nokkurrar annarrar ríkisstj. Undirlægjuháttur stjórnarvalda við erlent vald hefur verið meiri en nokkru sinni. Samið hefur verið um hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði, hermannasjónvarp leyft á aðalþéttbýli landsins, og nú síðast er samið um að veita erlendum auðhring margvísleg sérréttindi til atvinnurekstrar í landinu. Ríkisstj. hefur því sannarlega unnið til vantrausts með stórkostlegum brigðmælum og með því, að sannazt hefur, að hún hefur hvorki vilja né getu til að ráða fram úr þeim vanda, sem við er að glíma, með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum.

Með samningunum við svissneska alúmínauðhringinn hítur ríkisstj. þó höfuðið af skömminni. Með honum hlýtur að skipta sköpum, svo örlagaríkur sem hann mundi verða fyrir framtíð þjóðarinnar. Ríkisstj. á því að falla á þessari samningsgerð, og þjóðin á að fá að segja sitt orð í þjóðaratkvæðagreiðslu um jafnörlagaríkt mál. Þó að ríkisstj. hafi unnið að samningagerð við útlendinga í nærfellt 5 ár um svonefnda stóriðju, hefur hún harla lítið viljað ræða þau mál efnislega í áheyrn þjóðarinnar eða á Alþingi. Það var í samræmi við þau vinnubrögð, að ríkisstj. tilkynnti fyrir nokkrum dögum þá fyrirætlun sína að biðja um útvarpsumræður um 1. umr. alúmínmálsins, þegar hún legði það fyrir þingið í næstu viku. Slík málsmeðferð hefði þýtt það, að hver flokkur hefði aðeins mátt ræða þetta stórmál við fyrstu og aðalumræðuna í þinginu í 45 mín. Þar með hefði 1. umr. verið lokið að fullu um mál, sem lagt er fyrir þingið í formi fullgerðra samninga, sem jafngilda stórri og þykkri bók. Við Alþb.-menn vildum fá samkomulag um umræður í útvarp um alúmínmálið, án þess að þær drægju á nokkurn hátt úr umr. um málið á Alþingi. Því var neitað. Þá vildum við umr. um vantraust í 2 kvöld, eins og venjulega hefur verið, og yrði þá hægt að ræða álmálið ýtarlega, en ríkisstj. var því mótfallin líka. Það er því ríkisstj. ein, sem færzt hefur undan að ræða alúmínmálið efnislega frammi fyrir þjóðinni.

En hver eru þá meginatriði alúmínsamninganna við svissneska auðhringinn? Þau eru þessi: Ráðgert er, að Íslendingar ráðist í stórvirkjun í Þjórsá við Búrfell. Heildarafl raforkuversins yrði 210 þús. kw., en ⅔ hlutar þeirrar orku yrðu seldir alúmínhringnum á föstu verði til langs tíma. Verð á hverri kwst. er umsamið 10⅘ úr eyri og yrði svo til óbreytt í 25 ár. Heildarstofnkostnaður virkjunarinnar var áætlaður árið 1964 1670 millj. kr., en þar að auki þarf að byggja varaaflstöðvar, sem kosta 160 millj. og reknar yrðu með olíuafli. Þá er í samningunum ráðgert, að Swiss Aluminiumhringurinn byggi og reki alúmínbræðslu í Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar. Stærð bræðslunnar er 60 þús. tonn af alúmínmálmi á ári. Stofnkostnaður er áætlaður 2500 millj. kr., og er þá við það miðað, að allir tollar og aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til verksmiðjunnar hafi verið gefin eftir, en sú eftirgjöf er talin nema 500 millj. kr. Hafnarfjarðar-

kaupstaður á að gera hafskipahöfn í Straumsvík, og mun hún kosta um 100 millj. kr., en síðan mun alúmínhringurinn greiða afnotagjöld af höfninni.

Þessi eru aðalatriði samninganna á ytra borðinu séð. En við skulum nú athuga nokkru nánar kjarna þessara samninga og þann tilgang, sem að baki þeim býr. Jafnhliða er rétt að athuga þær röksemdir, sem ríkisstj. færir fram til réttlætingar samningsgerðinni.

Það er einkum þrennt, sem ríkisstj. telur samningunum til gildis. Í fyrsta lagi er því haldið fram, að samningarnir skapi grundvöll að því, að Íslendingar geti ráðizt í stærri raforkuvirkjun en ella, og þar með muni landsmenn fá aðgang að ódýrari raforku. Í öðru lagi er sagt, að alúminverksmiðjan muni breikka grundvöll atvinnulífsins og gera afkomu landsmanna öruggari. Í þriðja lagi er fullyrt, að meira muni fást fyrir það vinnuafl, sem leigt yrði til verksmiðjunnar, en íslenzkir atvinnuvegir geti gefið.

Athugum fyrstu röksemdirnar um stærri virkjun og ódýrari raforku fyrir landsmenn. Um það er ekki deilt, að ein hagstæðasta virkjunaraðstaða, sem Íslendingar eiga, er í Þjórsá við Búrfell. Þó að erfiðleikar geti orðið á því að tryggja nægilega mikla og jafna orku frá rennslisvirkjun við Búrfell vegna ísmyndunar og aurskriðs, breytir það ekki þeirri staðreynd, að virkjunarmöguleikar þar eru hagstæðir miðað við fullvirkjun og nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Þessa raforkuaðstöðu ágirnist svissneski alúmínhringurinn. Samkv. samningunum tryggir alúmínhringurinn sér raforkuna á 10.75 aura hverja kwst. mörg ár fram í tímann. Miðað við fyrirliggjandi kostnaðaráætlanir um virkjunina telja þeir, sem að þessum samningum standa, að beint framleiðslukostnaðarverð raforkunnar verði 10.40 aurar hver kwst. Miðað við kostnaðaráætlanir ætti því raforkuverðið til hringsins að vera ⅛ úr eyri ofan við beint framleiðslukostnaðarverð hver kwst. En hér er um áætlaðan stofnkostnað virkjunar að ræða, en ekki endanlegan byggingarkostnað. Fari verkið fram úr áætlun, er augljóst, hvað verður um raforkuverðið, og til viðbótar við óvissuna um endanlegan byggingarkostnað er svo sú staðreynd, að færustu virkjunarsérfræðingar Íslendinga telja algert óráð að semja um jafnmikla stöðuga orkusölu frá Búrfellsvirkjun og hér er ráðgert, án þess að gerðar verði kostnaðarsamar varúðarráðstafanir til þess að draga úr ísskriðshættu fyrir ofan virkjunarstaðinn. Heimskunnir erlendir sérfræðingar, sem hér hafa dvalizt, hafa varað sterklega við ísmyndunarvandanum í Þjórsá og bent á öryggisráðstafanir, sem gera þyrfti ofan virkjunar. Á aðvaranir þessara sérfræðinga er ekki hlustað, einvörðungu af þeim ástæðum, að ef tekið yrði tillit til ábendingar þeirra, færi ráðgerður stofnkostnaður virkjunarinnar óumdeilanlega yfir það mark, að hægt væri að réttlæta umsamið raforkuverð til alúmínhringsins. Allar líkur benda til þess, að raforkuverðið til hringsins sé undir beinu framleiðslukostnaðarverði. Til samanburðar við verðið til hringsins má benda á, að nýlega hefur sami auðhringur gert samning við Norðmenn um kaup á raforku til sams konar alúmínbræðslu hringsins þar í landi. Norðmenn sömdu um 20% hærra raforkuverð og þó einnig um vísitölubundna hækkun á því verði. Ljóst er einnig, að fulltrúar Alþjóðabankans, en hann lánar fé til raforkuversins, telja raforkuverðið of lágt. Þeir hafa gert kröfur um, að hluti af skattgreiðslum alúmínbræðslunnar verði fyrstu árin færður yfir og reiknaður inn í rafmagnsverðið og gangi til greiðslu á afborgunum og vöxtum af lánum virkjunarinnar.

Ekki er raforkusamningurinn hagstæðari, sé litið til framtíðarinnar. Í grg., sem fylgdi frv. ríkisstj. um Landsvirkjun á síðasta þingi, sagði orðrétt sem hér segir:

„Raforkunotkunin vex svo ört, að hún tvöfaldast á hverjum 10 árum. Áður en 10 ár eru liðin, verður því að vera lokið að virkja afl til viðbótar, er nemur öllu því rafafli, sem nú er fyrir hendi í orkuverum landsins, og þannig mun raforkunotkunin halda áfram að vaxa hér á landi næstu áratugi.“

Þetta sagði í grg. fyrir frv. ríkisstj. Nú er samanlagt afl í vatnsorkuverum landsins 125 þús. kw. Vegna raforkuþarfar landsmanna sjálfra þarf því að virkja 125 þús. kw. vegna næstu 10 ára og síðan þar til viðbótar 250 þús. kw. á næsta 10 ára tímabili þar á eftir, eða samtals á næstu 20 árum 375 þús. kw. Í hlut landsmanna eiga að koma 84 þús. kw. úr hinni nýju Búrfellsvirkjun. Á næstu 30 árum þurfa landsmenn því að ráðast í nýjar rafvirkjanir umfram Búrfell, sem nema um 300 þús. kw. Þær virkjanir verður að gera við dýrari skilyrði en eru við Búrfell. Með alúmínsamningunum er verið að selja ódýrustu virkjunaraðstöðu Íslendinga á leigu til 45 ára eða þann tíma, sem ráðgert er að alúmínbræðslan starfi. Það eru því engar líkur til þess, að raforkusalan til alúmínhringsins verði Íslendingum hagstæð eða leiði til lækkandi raforkuverðs fyrir landsmenn.

Útreikningar þeir, sem hæstv. iðnmrh. vitnaði í um rekstrarlegan hagnað af sölu raforku til alúmínbræðslunnar umfram það, sem yrði, ef virkjað væri fyrir landsmenn eina, eru algerlega út í hött og óraunhæfir. Í öðru tilfellinu er reiknað með, að öll orkan notist strax vegna sölunnar til verksmiðjunnar, en í hinu, að mikill hluti orkunnar, sem fyrir hendi er, seljist ekki, og þó er reiknað með stofnkostnaði, sem einnig heyrir til síðari virkjunarstiga. Auðvitað væri hægt að nýta umframorkuna fyrstu árin, t. d. með aukinni húsahitun og lækkun orkuverðsins í öðrum tilfellum og fleiri ráðstöfunum. En ráðh. hefði átt að reikna út, hvað Íslendingar tapa miklum fjármunum á því að geta ekki notfært sér rafmagnið frá Búrfellsvirkjun í næstu 45 ár.

Ekki standast aðrar röksemdir alúmínmanna betur en fullyrðingarnar um lækkun rafmagnsverðsins. Hver verður breikkun atvinnulífsins, og hvað um afkomuöryggi landsmanna? Í alúmínbræðslunni er ráðgert að vinni um 500—600 manns, eftir að reksturinn hefst, þar af allmargir útlendingar. Laun Íslendinganna eiga að vera í samræmi við aðrar launagreiðslur í

landinu. Alúmínbræðslan mun því hafa nákvæmlega sams konar gildi í atvinnulegum efnum og atvinnan á Keflavíkurflugvelli hefur haft. Þar verður aðeins um að ræða sölu á vinnuafli. Þjóðhagslega séð er sú ráðstöfun óhagstæð, þar sem um er að ræða aðila, sem á ekki að greiða í þjóðarbúið hliðstæð gjöld og aðrir atvinnurekendur gera og hefur auk þess rétt til að flytja úr landi allan hagnað sinn og allar afskriftir fyrirtækisins og mun því ekkert af mörkum leggja til atvinnulegrar uppbyggingar fyrir framtíðina. Það, sem hér hefur verið sagt, er aðeins lítið brot af því, sem í þessari sérstæðu samningagerð felst og augljóslega er gegn hagsmunum Íslendinga.

Víkjum enn að nokkrum þýðingarmiklum atriðum þessara samninga. Ráðgert er, að hinn svissneski auðhringur fái hér margvísleg sérréttindi umfram landsmenn sjálfa og fyrirtæki þeirra. Þannig á í upphafi að gefa auðhringnum eftir tolla og aðflutningsgjöld af verksmiðjubyggingunni, sem nema 500 millj. kr. Sú eftirgjöf jafngildir því, að fyrirtækið verði með öllu skattfrjálst í 10—15 ár a. m. k. Slíka tolla eiga hins vegar fyrirtæki Íslendinga að greiða skilmálalaust. Þá þarf hringurinn ekki að greiða tolla af rekstrarvörum verksmiðjunnar og fær því fríhafnaraðstöðu í næstu 45 ár. Svissneski auðhringurinn fær leyfi til þess að stofnsetja hér dótturfélag, Íslenzka álfélagið h/f. Það á að heita íslenzkt félag og njóta hér allra réttinda sem slíkt og auk þess margvíslegra réttinda umfram önnur hlutafélög í landinu. Þetta dótturfélag alúmínhringsins má flytja inn bíla, olíur, vistir, vélar og tæki, efni í hús eða heil hús handa starfsmönnum sínum og yfirleitt flesta hluti, sem það þarf á að halda, án þess að greiða nokkra tolla eða aðflutningsgjöld. Augljóst er, að svæði alúmínverksmiðjunnar við Straumsvík verður að girða af eins og Keflavíkurflugvöll, og þar verður að setja á fót heila sveit tollgæzlumanna, sem jöfnum höndum þarf að gæta hafnarinnar og svæðisins í landi. Skatta á félagið að greiða samkv. sérstökum samningi, en þó aldrei hærri miðað við tekjur en íslenzk fyrirtæki greiða. Framtal þarf fyrirtækið ekki að leggja fyrir íslenzk skattayfirvöld, heldur skal erlend endurskoðunarskrifstofa annast slíkt, ef bókhald verksmiðjunnar er ekki samþ. athugasemdalaust. Íslenzka álfélagið svonefnda skal undanþegið íslenzkum gjaldeyrislögum og hafa heimild til að ráðstafa gjaldeyri sínum að vild. Þannig á atvinnurekstur útlendinga að búa við allt önnur kjör en atvinnurekstur landsmanna sjálfra. Hann á ekki að greiða toll af stofnframkvæmdum, hann á ekki að greiða toll af rekstrarvörum, hann á að fá raforku fyrir 10¾ úr eyri kwst., þegar íslenzkur fiskiðnaður greiðir 1 kr. fyrir hverja kwst. Hann verður undanþeginn ýmsum almennum gjöldum og síðan, þegar hinn erlendi rekstur hefur notið allra þessara fríðinda, er sagt, að hann skuli greiða sömu prósentuupphæð í skatta af nettótekjum sínum og félög landsmanna eiga að gera. Augljóst er, að með slíkum reglum greiðir hann raunverulega miklu lægri gjöld en atvinnurekstur landsmanna. Og síðan á þessi erlendi aðili að keppa um vinnuaflið við innlendan atvinnurekstur. Rísi upp ágreiningur á milli aðila alúmínsamningsins, t. d. á milli Álfélagsins h/f og Landsvirkjunar eða Hafnarfjarðarkaupstaðar eða á milli þess og ríkisstj., skal þetta íslenzka félag, sem annars nýtur allra réttinda sem íslenzkt félag og ýmissa réttinda þó umfram það, ekki teljast íslenzkt lengur, heldur svissneskt félag, og þá skal erlendur gerðardómur úrskurða um ágreiningsmál þess. Þannig felur samningurinn í sér, að erlent auðfélag fær rétt til atvinnurekstrar í landinu með miklum sérréttindum, fær réttindi samkv. íslenzkum lögum, þegar það er hagstætt, en neitar að hlíta íslenzkri lögsögu og úrskurði íslenzkra dómstóla um málefni, sem hér gerast. Hér er um sérstaka lítilsvirðingu á íslenzku réttarfari að ræða og algert vantraust á hæstarétti landsins. Samningsákvæði sem þetta eru algerlega óþekkt á Norðurlöndum eða í nálægum löndum. Í Noregi verður svissneski alúmínhringurinn að starfa samkv. norskum lögum og nýtur þar engra sérréttinda umfram aðra.

Afleiðingar alúmínsamninganna hljóta að verða þær háskalegustu fyrir þróun efnahagsmálanna í landinu. Ráðgerðar framkvæmdir við virkjun og verksmiðju munu kosta um 4500 millj. kr. Vinnuafl, sem bundið verður við stofnframkvæmdir verksmiðjunnar og virkjunarinnar, getur orðið um 2000 manns, þegar mest er. Slíkar stórframkvæmdir hljóta að draga vinnuafl frá öðrum framkvæmdum í landinu. Eða hvaðan á vinnuaflið að koma? Er ætlunin, að mörg hundruð manna frá Vestfjörðum, úr Norðurlandi eða úr sveitum landsins setjist um skeið að við Straumsvík og Búrfell? Ríkisstj. viðurkennir að nokkru leyti vinnuaflsvandamálið. Hún talar því um, að gera verði ráðstafanir til þess að draga úr opinberum framkvæmdum, á meðan vinnuaflsþörf stórframkvæmdanna sé mest. Opinberar framkvæmdir eru skólabyggingar, íbúðabyggingar, hafnarframkvæmdir, hitaveituframkvæmdir, vatnsveituframkvæmdir, vegagerð og bygging sjúkrahúsa. Þessar framkvæmdir eiga að víkja fyrir stórframkvæmdum útlendinga á næstu árum. Og hverjar verða afleiðingar enn meiri þenslu á vinnumarkaðinum? Hvað um dýrtíðarvandamálið? Er það kannske leyst? Og hvað um stöðu íslenzkra atvinnugreina? Er ekki augljóst, að það, sem nú er erfitt viðfangs og hættulegt í efnahagsmálum þjóðarinnar, hlýtur að versna stórum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum?

En það, sem þó er hættulegast við alúmínsamningana, er það, að með þeim er verið að marka nýja stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar. Það er verið að ryðja braut þeirri stefnu, að útlendingar fái atvinnurekstrarréttindi í landinu. Það er verið að hverfa frá þeirri grundvallarstefnu, að landsmenn sjálfir skuli eiga atvinnutækin og nýta auðlindir landsins. Það, sem áður var grundvallaratriði í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, eins og að koma verzlun þjóðarinnar í hendur innlendra manna og að gera útgerð og fiskverkun eign landsmanna og ná óumdeilanlega rétti þjóðarinnar yfir fallvötnum landsins, það á nú að víkja fyrir nýrri stefnu,

fyrir þeirri stefnu, að Íslendingar feli útlendingum forsjá sinna atvinnumála og ráðist sem vinnumenn í þjónustu þeirra.

Alúmínverksmiðjan er aðeins eitt dæmi um þessa nýju stefnu. Þeir alúmínmenn draga enga dul á það, að þeir ætla sér að halda áfram á sömu braut. Þeir hafa strax hafið áróður fyrir olíuhreinsunarstöð útlendinga í landinu, og þeir hafa opinberlega rætt um beina þátttöku erlends einkafjármagns í íslenzkum fiskiðnaði. Auðhringar Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna hafa mjög barizt fyrir því á undanförnum árum að fá sem mest olnbogarými til atvinnurekstrar, flutnings fjármagns og vinnuafls á milli landa. Í því skyni hafa þeir reynt að byggja upp samtök þjóða eins og Efnahagsbandalagið.

Samningur ríkisstj. við svissneska alúmínhringinn er eins og forleikur að því, að aðrir auðhringar brjótist inn í íslenzkt þjóðfélag með forréttindaaðstöðu sína og blind gróðasjónarmið. Þessi nýja stefna er ógnvaldur við efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Það þarf ekki mörg erlend stórfyrirtæki með atvinnurekstraraðstöðu á Íslandi til þess að ná undirtökunum í efnahagsmálum jafnfámennrar þjóðar og okkar þjóð er. Allar forsendur eru á móti alúmínsamningunum. Þeir eru fjárhagslega séð slæmir. Þeir eru hættulegir, eins og ástatt er í efnahagsmálunum. Þeir mundu auka á dreifbýlisvandamálið, og þeir mundu skapa herfilegt misrétti á milli atvinnurekstrar landsmanna og atvinnurekstrar útlendinga. Raforkumálin getum við auðveldlega leyst sjálfir og betur nú en nokkru sinni áður. Atvinna er næg í landinu, og möguleikar til aukinnar framleiðslu eru miklir. Það er því allt á móti þessari samningsgerð, en ekkert með, ef hagsmunir þjóðarinnar eru látnir ráða.

Góðir hlustendur. Núv. ríkisstj. hefur ekki reynzt fær um að leysa ýmis mikilvægustu málefni þjóðarinnar. Hún hefur magnað dýrtíðarvandamálið með rangri stefnu í efnahagsmálum. Hún nýtur ekki trausts vinnustéttanna í landinu. Hún lætur undan kröfum útlendinga í þeim málum, sem varða réttindi og sjálfstæði landsins. Hún hefur tapað trú á gæði landsins og getu landsmanna til að hagnýta þau. Hún hefur nú gert samning við erlendan auðhring um sérréttindi í landinu og um það, að málefni íslenzkra aðila skuli ekki háð íslenzkri lögsögu og íslenzkum dómsúrskurði, heldur rekast og dæmast fyrir erlendum gerðardómi. Slík ríkisstj. hefur sannarlega unnið til vantrausts. Slík ríkisstj. á að falla. Það er krafa okkar Alþb.-manna, að samningurinn við svissneska alúmínauðhringinn verði lagður undir þjóðaratkv. Verði því neitað, krefjumst við þess, að þing verði rofið og efnt til nýrra kosninga, svo að þjóðin fái að lýsa yfir því vantrausti á ríkisstj. og stefnu hennar, sem hún á skilið.

Eftir tvo mánuði fara fram almennar kosningar í bæjum og þorpum landsins. Þær kosningar hlýtur þjóðin að notfæra sér, verði neitað um þjóðaratkvæði um alúmínmálið, og aðvara valdhafana á eftirminnilegan hátt.

Ég vil nota tækifærið og hvetja allt Alþb.-fólk til þess að styðja nú samtök sín og efla starfsemi sína. N. k. miðvikudag verður Alþb.-félag stofnað í Reykjavík, og fleiri munu á eftir koma annars staðar á landinu. Ég skora á Alþb.-fólk í Reykjavík að fjölmenna á stofnfundinn á miðvikudaginn og efla um leið sókn þeirra, sem öflugast berjast gegn stefnu ríkisstj. og þeim þjóðhættulega samningi við erlendan auðhring, sem hún nú ætlar sér að gera.

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er ekki oft, sem það vekur ánægju að sjá till. frá leiðtogum stjórnarandstöðunnar. Flutningur vantrauststill. af hálfu stjórnarandstöðunnar nú er hins vegar beinlínis ánægjulegur, þar eð hann veitir okkur í stjórnarflokkunum kærkomið tækifæri til þess að gera grein fyrir störfum okkar og stefnu. Við höfum mikinn áhuga á því, að þjóðin hafi sem bezta aðstöðu til þess að dæma störf okkar sem réttast. Þessi vantrauststill. er því sannarlega kærkomið tilefni fyrir okkur í ríkisstj. til þess að leggja spilin á borðið og spyrja þjóðina, hvort hún telji okkur hafa verið að gera rétt eða rangt á undanförnum árum.

Þann tíma, sem ég hef hér til umráða, ætla ég að nota til þess að gera grein fyrir meginþáttunum í stefnu okkar undanfarin 6 ár og þeim árangri, sem ég tel að hafi náðst. Rétt lýsing á staðreyndum varðandi þróunina undanfarið og ástandið í dag er bezta svarið við fullyrðingum stjórnarandstöðunnar um, að allt sé hér á afturfótum og allt hafi stefnt í öfuga átt, síðan þeir sjálfir hurfu úr ríkisstj. Ég ætla fyrst að ræða um efnahagsmál þjóðarinnar.

Bezti mælikvarðinn á það, hvort vel eða illa sé haldið á stjórn efnahagsmála, er vöxtur þjóðarframleiðslunnar. Að vísu getur gott árferði stuðlað að miklum vexti þjóðarframleiðslunnar og erfitt árferði getur dregið úr honum. Á hinn bóginn getur röng stefna í efnahagsmálum dregið úr hagstæðum áhrifum góðs árferðis. Til þess að mikill vöxtur þjóðarframleiðslu náist um margra ára skeið, þarf því hvort tveggja að fara saman, gott árferði og þess konar stjórn í efnahagsmálum, sem veitir þjóðinni sem bezt tækifæri til að hagnýta góðar ytri aðstæður.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að núv. ríkisstj. beitti sér fyrir gagngerðri breytingu í efnahagsmálum á fyrsta starfsári sínu, 1960. Lagt var út á nýja braut. „Hin leiðin", sem áður hafði verið farin, var yfirgefin. Það hlaut auðvitað að taka nokkurn tíma, að árangur stefnubreytingarinnar kæmi í ljós. En hann lét ekki lengi á sér standa. 1—2 árum eftir stefnubreytinguna hófst mikið gróskutímabil í íslenzku efnahagslífi. Reynslan hér á landi varð hin sama og hafði orðið í fjölmörgum öðrum löndum, að afnám innflutningshafta, leiðrétting gengisskráningar og aukið jafnvægi í peninga- og fjármálum bætti ekki aðeins fjárhagsstöðu þjóðarinnar gagnvart öðrum löndum, heldur hafði einnig mjög örvandi áhrif á framleiðslu og framleiðni. Við þetta bættist svo hagstætt árferði. Hvort tveggja þetta hefur valdið því, að á undanförnum árum hefur þjóðarframleiðslan aukizt mjög mikið. Á s. l. 4 árum, eða á

árunum 1962—1965, hefur þjóðarframleiðslan aukizt um 6—7% á ári að meðaltali og framleiðslan á mann um 4—5%.

Allt of sjaldan hefur verið vakin athygli á því, að þessi vöxtur þjóðarframleiðslunnar s. l. 4 ár er langmesta aukning þjóðarframleiðslu, sem nokkurn tíma hefur átt sér stað á Íslandi, síðan farið var að semja skýrslur um þessi efni. En hér er ekki aðeins um að ræða met í framleiðsluaukningu hér á landi. Athugun á alþjóðlegum hagskýrslum leiðir einnig í ljós, að þessi vöxtur þjóðarframleiðslunnar er meiri en dæmi eru til um í nálægum löndum á sama tíma. Auðvitað á mikil aflaaukning sinn þátt í þessu. En því fer þó víðs fjarri, að hún sé eina skýringin. Sést það bæði á því, að heildarframleiðsluaukningin er hlutfallslega miklu meiri en svarar til aflaaukningarinnar, og hinu, að batinn hófst augljóslega, áður en t. d. hin mikla síldveiði kom til skjalanna, eins og m. a. má sjá á því, að gjaldeyrisviðskipti þjóðarinnar við önnur lönd urðu hagstæð þegar á árunum 1960—1961.

Til þess að menn geri sér sem ljósast, hversu gífurleg breyting hefur orðið á árlegri aukningu þjóðarframleiðslunnar s. l. 4 ár, miðað við það, sem átti sér stað, meðan „hin leiðin" var farin, má athuga árlegan vöxt þjóðarframleiðslunnar síðustu 4 árin, áður en hin nýja stefna var tekin upp, eða árin 1956—1959. Á þessum árum var vöxtur þjóðarframleiðslunnar aðeins 3% á ári að meðaltali eða um 1% á mann. Hann var m. ö. o. aðeins þriðjungur til helmingur þess, sem hann hefur verið undanfarin ár. Árlegur vöxtur þjóðarframleiðslunnar á 4 síðustu árunum, sem „hin leiðin" var farin, var einn hinn minnsti, sem um getur í nálægum löndum. Ekki verður þó illu árferði um kennt. Eitt þessara ára, árið 1958, reyndist metár til þess tíma að því er aflabrögð snertir.

Sagan er þó ekki sögð öll með því að skýra frá árlegum vexti þjóðartekna eða þjóðarframleiðslunnar á undanförnum árum. Í þeim tölum er ekki tekið tillit til breytinga, sem orðið hafa á verðlagsþróuninni í viðskiptalöndum okkar. Hún hefur einnig reynzt hagstæð. Þegar tillit er tekið til hennar, kemur í ljós, að vöxtur þjóðartekna hefur reynzt enn þá örari en vöxtur þjóðarframleiðslunnar eða tæp 8% á undanförnum 4 árum og vöxtur þjóðartekna á mann tæp 6%.

Nú er eðlilegt, að menn spyrji: Hverjar breytingar hafa orðið á skiptingu þjóðarteknanna? Þótt ör vöxtur þjóðarframleiðslunnar og þjóðartekna sé auðvitað ávallt æskilegur, gæti sá galli verið á gjöf Njarðar, að tekjuskiptingin yrði jafnframt ójafnari en áður var, að hinir ríku yrðu ríkari, en hinir fátæku fátækari. Ef athuguð er hlutdeild atvinnutekna verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna í heildarþjóðartekjunum, kemur í ljós, að hlutdeild þessara launastétta í þjóðartekjunum hefur farið vaxandi undanfarin ár og var hærri á árunum 1964 og 1965 en á nokkru öðru ári síðan 1948, þegar skýrslur um þetta efni voru fyrst gerðar, að árinu 1959 einu undanskildu, en þá sköpuðust um skamman tíma sérstakar aðstæður, sem ekki gátu staðizt til frambúðar. Á öllum árunum, frá því að styrjöldinni lauk og fram til ársins 1960, var halli á greiðsluviðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd, ef árið 1954 eitt er undanskilið.

Þegar rætt er um þessi greiðsluviðskipti, er almennt samkomulag um, að rétt sé að taka ekki tillit til innflutnings skipa og flugvéla, vegna þess að hann er mjög breytilegur frá ári til árs og greiddur að mestu leyti með erlendu lánsfé til langs tíma. Á 5 ára tímabilinu 1955—1959 nam þessi greiðsluhalli um 200 millj. kr. að meðaltali á ári. Þegar í stað að afloknum efnahagsráðstöfunum ríkisstj. í ársbyrjun 1960 hvarf þessi halli og greiðsluafgangur myndaðist, er nam 200 millj. kr. 1960 og yfir 400 millj. kr. 1961. Þessi mikla breyting til batnaðar átti sér því stað, áður en áhrifa hins góða árferðis fór að gæta. Er þetta ein sönnun þess, að aflaaukningin er ekki aðalskýringin á hinni stórbættu gjaldeyrisstöðu og síðar á hinum mikla vexti í þjóðarframleiðslunni undanfarin 4 ár, þótt hún eigi auðvitað mikinn þátt í henni. Síld, sem var ekki farin að veiðast 1960, gat varla bætt gjaldeyrisstöðuna á því ári.

Síðan 1960 hefur greiðslujöfnuðurinn verið hagstæður á hverju einasta ári, að meðaltali um 400 millj. kr. á ári á 5 ára tímabilinu 1960—1964 og væntanlega um meira en 700 millj. kr. á árinu 1965. Í tölum þessum er eins og áður ekki tekið tillit til innfluttra skipa og flugvéla. Þessi góða gjaldeyrisafkoma hefur svo auðvitað haft í för með sér, að Íslendingar hafa safnað gildum gjaldeyrissjóði erlendis. Um s. l. mánaðamót fór erlend gjaldeyriseign Íslendinga yfir 2000 millj. kr. Gjaldeyrisforðinn svarar til meira en fjögurra mánaða innflutnings, og þykir það hvarvetna vera sterk gjaldeyrisstaða.

Á árunum fyrir 1960 höfðu erlendar skuldir þjóðarinnar til langs tíma vaxið ört og þá jafnframt greiðslubyrðin af þeim, en hún er yfirleitt mæld með því að bera greiðslu vaxta og afborgana af slíkum lánum saman við heildargjaldeyristekjur þjóðarinnar. Þessi vaxandi greiðslubyrði var auðvitað mjög óskyggileg, ekki hvað síst vegna þess, að vöxtur þjóðartekna og gjaldeyristekna var þá hægur og gjaldeyrisstaðan afar slæm. Þetta hvort tveggja, ör skuldasöfnun og slæm gjaldeyrisstaða, hafði valdið því, að Íslendingar nutu ekki trausts á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum né hjá þeim alþjóðastofnunum, sem veita framkvæmdalán til langs tíma. Í þessu efni eins og á öðrum sviðum var gerbreytt um stefnu 1960. Tekið var upp strangt eftirlit með erlendum lántökum og að því stefnt, að greiðslubyrðin lækkaði að nýju. Erlendar skuldir til langs tíma lækkuðu á árunum 1961 og 1962, og greiðslubyrðin, sem komst upp í 11% af gjaldeyristekjunum á árinu 1961, lækkaði að nýju ofan í 8—9% á árunum 1962—65. Þetta ásamt mjög bættri gjaldeyrisstöðu og styrktum efnahag landsins yfirleitt hafði í för með sér, að lánstraust landsins erlendis var endurreist. Þess vegna hefur að nýju verið hægt að auka hagkvæmar erlendar lántökur til framkvæmda og þá ekki síst lántökur til mjög langs tíma hjá alþjóðastofnunum og á erlendum fjármagnsmörkuðum, án þess að greiðslubyrðinni hafi verið íþyngt um of.

Þegar þessar óvefengjanlegu staðreyndir, sem ég hef nú rakið, eru hafðar í huga, verður ekki annað sagt en annaðhvort mikla glámskyggni eða mikið virðingarleysi fyrir sannleikanum þurfi til þess að staðhæfa, að hér sé allt á afturfótum eða allt stefni hér í öfuga átt. Hitt er satt, að skugga ber á þessa hagstæðu þróun. Það er skuggi verðbólgunnar. Ég hef aldrei gert neina tilraun til þess að draga fjöður yfir það, að ekki hefur tekizt að stöðva verðbólguþróunina. Verðlag og kaupgjald hefur haldið áfram að vaxa, að hækka á víxl undanfarin ár, eins og átt hefur sér stað allar götur síðan í byrjun síðari heimsstyrjaldarinnar. Síðan 1960 hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 10% að meðaltali á ári. Hækkunin hefur þó verið misjöfn. Hún var minnst frá því um haustið 1960 eða eftir að efnahagsráðstafanir ríkisstj. voru komnar til framkvæmda og fram á sumar 1961 og aftur fyrri hluta árs 1962. Hún var mest í lok árs 1963 og fyrri hluta árs 1964, er hún náði ískyggilegum hraða. Þá óheillaþróun tókst þó að stöðva með samkomulaginu á milli verkalýðshreyfingarinnar, vinnuveitenda og ríkisstj. í júní 1964.

Á undanförnum mánuðum hefur hraði verðhækkana aftur aukizt nokkuð, í kjölfar mikilla hækkana á afurðum erlendis, mikilla kauphækkana innanlands á s. l. ári og mikillar hækkunar á verði landbúnaðarafurða á s. l. hausti. Síðan júnísamkomulagið var gert 1964, hefur hækkun framfærsluvísitölunnar þó ekki verið meiri en sem svarar tæpum 7% á ári eða talsvert minni en meðalhækkunin síðan í stríðslok.

Auðvitað er það mjög miður farið, að ekki skuli hafa tekizt að stöðva verðbólguna. Það er enn eitt brýnasta verkefni íslenzkra efnahagsmála. Og ríkisstj. er enn sem fyrr reiðubúin til heils hugar samstarfs við launþegasamtök og vinnuveitendasamtök um ráðstafanir í því skyni. En á það ber að benda og leggja á það sérstaka áherzlu, að undanfarin ár hefur verðbólgan þó ekki verið meiri en svo, að vöxtur þjóðarframleiðslunnar hefur orðið meiri en nokkru sinni fyrr og gjaldeyrisstaðan er orðin sterkari en hún hefur verið síðan í stríðslok. Verðbólgan hefur því hvorki stefnt afkomu útflutningsatvinnuveganna né gengi krónunnar í hættu.

Auðvitað á hagstæð verðlagsþróun erlendis þátt í því, að þjóðarbúskapurinn hefur þolað verðbólguna, og hefur sú þróun raunar beinlínis kynt undir verðbólgunni. Við getum ekki treyst því, að sú hagstæða verðlagsþróun haldist. En staðreyndin er engu að síður sú, að þrátt fyrir þá verðbólgu, sem hér hefur verið og sem betur fer fer minnkandi allra síðustu ár, þá hefur okkur tekizt að auka þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur og stórbæta gjaldeyrisstöðu okkar út á við, samfara því að innflutningur hefur verið gerður svo að segja alfrjáls og gengi krónunnar hefur haldizt traust og stöðugt.

Nú skulum við líta á þróunina í helztu atvinnuvegunum undanfarin ár.

Aldrei hafa orðið aðrar eins framfarir í íslenzkum sjávarútvegi og undanfarin 6 ár. Fiskiskipaflotinn hefur síðan í ársbyrjun 1960 aukizt um 35%. Afkastageta frystihúsanna hefur aukizt um fjórðung. Bræðsluafköst síldarverksmiðjanna hafa aukizt um rúml. 60%. Heildarafli hefur meira en tvöfaldazt. Og nú er verið að ráðast í byggingu stærri orkuvera en þjóðin hefur átt fram að þessu og stofnun nýrrar stóriðju í sambandi við það. Iðnaðurinn, sem orðinn er aðalatvinnuvegur landsmanna við hlið sjávarútvegsins, hefur haldið áfram að auka framleiðslu sína, enda þótt nokkur hluti hans hafi átt í nokkrum erfiðleikum vegna þess, að aukið viðskiptafrelsi og lækkaðir tollar hafa valdið því, að hægt hefur verið að flytja inn frá útlöndum vissar iðnaðarvörur fyrir lægra verð en unnt hefur verið að framleiða þær fyrir hér innanlands. Hefur þá bæði aukningu viðskiptafrelsisins og tollalækkuninni verið hagað þannig, að iðnaðurinn fengi svigrúm til að laga sig að hinum breyttu aðstæðum. Enn frekari ráðstafanir þarf þó að gera í því skyni, og eru þær fyrirhugaðar m. a. á þann hátt að veita iðnaðinum kost á sérstökum hagræðingarlánum.

Í viðskiptamálum þjóðarinnar hefur beinlínis orðið bylting á undanförnum árum. Fyrir 1960 hafði í 30 ár þurft opinbert leyfi til þess að flytja inn flestar vörur til landsins og til þess að kaupa erlendan gjaldeyri, hvort sem var í smáum stíl eða stórum. Í 30 ár hefur hér lengst af verið skortur á ýmsum algengum erlendum neyzluvörum. Jafnsjálfsögð fæðutegund og nýir ávextir sáust hér t. d. ekki árum saman, nema þá helzt um jólaleytið. Skortur var á algengasta fatnaði, svo sem sokkum. Menn urðu að standa í biðröðum til þess að kaupa sér skó. Og þannig mætti lengi telja. Allt þetta er nú gerbreytt, og hafa nú neytendur úr miklu og góðu vöruúrvali að velja. Sú kjarabót verður ekki reiknuð í peningum, sem í því felst að geta valið úr fjölbreyttum og góðum vörum við ráðstöfun tekna sinna í stað þess að verða að sætta sig við að taka það, sem að manni er rétt, hvort sem manni geðjast það vel eða illa. Auðvitað væri tekjuauki til lítils gagns, ef skilyrðin til að ráðstafa tekjum sér til hagsbóta og ánægjuauka bötnuðu ekki, en hér hefur einmitt hvort tveggja gerzt á undanförnum árum. Tekjur manna hafa aukizt, og skilyrðin til að ráðstafa tekjum til hagsbóta og ánægjuauka hafa batnað.

Ánægjan yfir þeim miklu framförum, sem hér hafa orðið, og hinni miklu velmegun, sem hér er ríkjandi, má þó ekki leiða til þess, að við gerum of lítið úr þeim vandamálum, sem við er að glíma og sum eru meira að segja bein afleiðing framfaranna. Verðbólguna hef ég þegar gert að umtalsefni. Að öðru langar mig einnig til að víkja lítils háttar. Ég á hér við hið mikla og alvarlega vandamál, sem skapazt hefur vegna offramleiðslu landbúnaðarafurða. Mikil framleiðsluaukning hefur orðið í íslenzkum landbúnaði á undanförnum árum, eins og í öðrum atvinnugreinum og í þjóðarbúskapnum yfirleitt. Hin mikla framleiðsluaukning í sjávarútveginum hefur orðið þjóðarbúinu til mikilla hagsbóta, því að meginhluti framleiðslu sjávarútvegsins er fluttur út fyrir hærra verð en nemur framleiðslukostnaðinum innanlands og meira að segja fyrir mjög hækkandi verð á undanförn-

um árum. Fyrir aukna framleiðslu og aukna þjónustu iðnaðarins hefur reynzt markaður innanlands og vaxandi þjóðartekjur hafa kallað á stóraukin viðskipti. Sérstaða landbúnaðarins hefur hins vegar verið fólgin í því, að minni aukning hefur orðið á eftirspurn eftir afurðum hans en hinna höfuðatvinnuveganna. Þetta á sér eðlilega skýringu. Íslenzki landbúnaðurinn framleiðir algeng undirstöðumatvæli. Allir vita, að eftir að vissu neyzlumarki er náð, auka menn ekki neyzlu sína á t. d. kjöti, kartöflum og mjólk, þótt tekjur manna vaxi. Tekjuaukinn er notaður til ýmissa annarra hluta. Þess vegna er ekki við því að búast, að eftirspurn eftir landbúnaðarvörum aukist nema sem svarar fólksfjölguninni. Framleiðsla landbúnaðarins hefur aukizt mun meira en fólksfjölguninni nemur, einkum og sér í lagi hefur þó framleiðsla mjólkurafurða á undanförnum árum aukizt svo mikið, að um alvarlega offramleiðslu á því sviði er orðið að ræða.

Síðan 1960 hefur mjólkurframleiðslan aukizt um 7% á ári að meðaltali, en neyzla mjólkur og mjólkurafurða í landinu hefur hins vegar ekki aukizt nema um rúm 2% á ári. Þetta hefur haft það í för með sér, að sumpart hefur orðið að flytja sívaxandi hluta mjólkurframleiðslunnar úr landi fyrir lítið verð og sumpart hafa mjólkurafurðir hlaðizt upp sem lítt seljanlegar birgðir í landinu. 1960 nam mjólk til útflutningsframleiðslu innan við 3% af heildarmjólkurframleiðslunni, en í fyrra var hlutfallið komið upp í hvorki meira né minna en 22%. Hversu alvarlegt þetta er, sést bezt, þegar það er haft í huga, að fyrir útfluttar mjólkurafurðir fæst að meðaltali aðeins um 25% af framleiðslukostnaðinum innanlands. Að því er sauðfjárafurðirnar snertir, er ástandið ekki eins alvarlegt. Þó er þar einnig um offramleiðslu að ræða, sem flytja verður til útlanda fyrir miklu lægra verð en nemur framleiðslukostnaði innanlands.

Fyrir mörgum árum var augljóst, hvert stefndi í þessum efnum. Ég gerði þessi vandamál landbúnaðarins að umræðuefni á Alþingi og utan þings fyrir nokkrum árum. Var þá ráðizt harkalega á mig úr ýmsum áttum fyrir skilningsleysi á gildi landbúnaðarins og jafnvel fjandskap í garð bænda. Það er nú komið í ljós, að ég var þá síður en svo of svartsýnn á það, sem fram undan væri í íslenzkum landbúnaðarmálum. Þau mál eru nú komin í alvarlega sjálfheldu. Offramleiðsla landbúnaðarins er orðin svo mikil, að flytja þarf út meira en 10% af heildarframleiðslunni. Það veldur því, að skv. gildandi lögum má ríkissjóður ekki greiða útflutningsbætur á allt það vörumagn, sem flytja verður út. Útflutningsbæturnar eru komnar upp í 220 millj. kr. á ári og eru þar með orðnar óeðlilega þungur baggi á skattgreiðendum. Og safnazt hafa saman birgðir af smjöri í landinu, sem nema nú um 1200 smálestum. Framleiðslukostnaður þessara smjörbirgða er um 200 millj. kr. Útflutningsverð þeirra er hins vegar um 40 millj. kr., ef þær væru seljanlegar, en miklir örðugleikar munu vera á því að selja þessar birgðir, ef það þá yfirleitt reynist kleift.

Þegar ég ræddi fyrst vandamál landbúnaðarins fyrir nokkrum árum og varaði við þróuninni í þessum efnum, var vandamálið fyrst og fremst fólgið í því, að bilið milli framleiðslukostnaðarins innanlands og útflutningsverðsins var sífellt að aukast samfara vaxandi framleiðslu, og byrðarnar á skattgreiðendurna vegna hækkandi útflutningsbóta voru þess vegna sífellt að þyngjast. Það var augljóst, að landbúnaðurinn gat ekki risið undir hækkandi framleiðslukostnaði innanlands, eins og allir hinir aðalatvinnuvegir landsmanna reyndust geta gert. En nú er vandamál landbúnaðarins orðið enn þá alvarlegra. Nú er svo komið, að offramleiðsla landbúnaðarins er ekki aðeins orðin byrði fyrir skattgreiðendurna yfirleitt og þjóðarbúið í heild, heldur einnig fyrir bændastéttina sjálfa. Fyrir þær landbúnaðarvörur, sem selja verður á erlendum markaði án útflutningsbóta, fá bændur auðvitað aðeins erlenda markaðsverðið að frádregnum vinnslukostnaði, flutningskostnaði til útlanda og sölukostnaði. Þegar bezt lætur, er það verð, sem bændur þannig fá, minna en ½ hluti af því verði, sem þeim er tryggt á innanlandsmarkaði og þeir sjálfsagt telja sízt of hátt. Fyrir sumar þær mjólkurvörur, sem framleiddar eru til útflutnings, er markaðsverðið meira að segja ekki nógu hátt til að greiða vinnslu- og flutningskostnað. Slík framleiðsla er bóndanum sjálfum auðvitað til beins tjóns. Framleiðsla á slíkum vörum rýrir beinlínis heildartekjur bændastéttarinnar og þar með þjóðarinnar.

Til skamms tíma var það fyrst og fremst hagsmunamál skattgreiðenda og þjóðarheildarinnar, að offramleiðsla landbúnaðarins væri takmörkuð. Nú er það líka orðið brýnt hagsmunamál bændastéttarinnar sjálfrar, að gerðar verði gagngerðar ráðstafanir í því skyni að draga úr offramleiðslu landbúnaðarins. Auðvitað verður ekki í einni svipan ráðin bót á jafnumfangsmiklu og alvarlegu viðfangsefni og hér er um að ræða. Og fleiri þjóðir en við Íslendingar eiga við erfiðleika að etja á sviði landbúnaðarframleiðslunnar, þótt líklega séu þeir meiri hér en í nokkru öðru nálægu landi. En nauðsynlegt er að taka þetta mikla vandamál föstum tökum og gera vandaða áætlun um lausn þess á nokkrum árum.

Góðir áheyrendur. Ég sagði í upphafi, að flutningur þessarar vantrauststill. mætti vera okkur í stjórnarflokkunum kærkomið tilefni til þess að gera þjóðinni grein fyrir störfum okkar og stefnu. 28 þm. stjórnarandstöðuflokkanna munu að sjálfsögðu greiða atkv. með þeirri till., sem foringjar þeirra hafa flutt. Það skiptir okkur í stjórnarflokkunum litlu máli. Hitt er miklu mikilvægara, hvort þjóðinni finnst við eiga vantraust skilið fyrir það, sem við höfum gert. Á ríkisstj. vantraust skilið fyrir það, að vöxtur þjóðarframleiðslu og þjóðartekna hefur undanfarið verið miklu meiri en nokkru sinni fyrr? Á hún vantraust skilið fyrir það að hafa breytt gífurlegum árlegum greiðsluhalla í utanríkisviðskiptunum í mikinn greiðsluafgang? Á hún vantraust skilið fyrir að hafa stjórnað gjaldeyrismálum þjóðarinnar þannig, að hún á nú yfir 2 milljarða í gjaldeyrissjóði erlendis? Á hún vantraust skilið fyrir að hafa eflt sjávar-

útveginn meira en nokkurn tíma áður? Á hún vantraust skilið fyrir, að íslenzkur iðnaður er að verða æ fjölbreyttari, fyrirhuguð er bygging stærri raforkuvera en nokkru sinni fyrr og ný stóriðja í því sambandi? Á hún vantraust skilið fyrir að hafa gert innflutningsverzlunina og gjaldeyrisviðskiptin frjáls? Á hún vantraust skilið fyrir, að gengi krónunnar er nú stöðugt og hún er gjaldgeng, hvar sem er í heiminum? Á hún vantraust skilið fyrir meiri umbætur í almannatryggingum en áður hafa þekkzt? Á hún vantraust skilið fyrir meiri framkvæmdir í skólamálum og gagngerðari breytingar á skólakerfinu en nokkurn tíma áður hafa verið framkvæmdar?

Ég hef þá trú á dómgreind Íslendinga, ég hef meiri trú á dómgreind Íslendinga en svo, að þeir telji ríkisstj. og stuðningsflokka hennar eiga vantraust skilið fyrir verk sín undanfarin 6 ár. Hitt er svo annað mál, að enn er ótal verk að vinna á öllum sviðum íslenzks þjóðlífs og menningarlífs. Úr fjölmörgu þarf enn að bæta. Þróunin má aldrei nema staðar. Allar framfarir skapa ný markmið, nýja möguleika, alltaf þarf að setja markið hærra og hærra. En hvorum skyldi vera betur treystandi til þess að ná æ hærri markmiðum, þeim, sem sagzt hafa verið á réttri leið undanfarin ár og hafa reynzt vera það, eða hinum, sem alltaf hafa sagt, að allt væri rangt, sem verið væri að gera, og vilja ekki enn viðurkenna annað en að allt sé á afturfótunum og í öngþveiti. Sannleikurinn er sá, að afturhaldið og þröngsýnina, skilningsleysið og ný viðhorf og breytta tíma hefur á undanförnum árum fyrst og fremst verið að finna innan stjórnarandstöðunnar hér á Íslandi.

Tillögugerð og málflutningur stjórnarandstöðunnar hefur ekki einkennzt af nýjum hugmyndum, skilningi á hinni öru þróun nútímans, bjartsýni eða trú á þjóðina og æsku hennar. Málflutningur stjórnarandstöðunnar hefur verið nöldur og neikvæðar úrtölur. Allt er rangt, sem verið er að gera. Og hafi stjórnarandstaðan gert till. um athafnir, framkvæmdir eða fjárveitingar, hafa þær yfirleitt ekki verið í neinum tengslum við neina raunhæfa framkvæmdamöguleika, heldur augljósar yfirboðstill. Öll afstaða íslenzku stjórnarandstöðunnar hefur undanfarin 6 ár ýmist verið algerlega neikvæð eða langt utan við allan raunveruleika.

Ef nokkurt vantraust væri nú tímabært eftir 6—7 ára stjórnarandstöðu Framsfl. og Alþb., væri það vantraust á stjórnarandstöðuna fyrir neikvæða afstöðu hennar, fyrir skort hennar á skilningi á því, sem nauðsynlegt hefur verið til þess að efla framfarir, hagsæld og menningu á Íslandi, fyrir vöntun hennar á vilja til þess að taka þátt í mesta uppbyggingarstarfi, sem unnið hefur verið á Íslandi síðan land byggðist.

**Ólafur Jóhannesson:** Herra forseti. Hv. hlustendur. Eins og sakir standa, er eðlilegt, að Alþ. sé rofið og efnt sé til nýrra kosninga og málin lögð í dóm þjóðarinnar. Rétt er, að ríkisstj. segi áður af sér. Þess vegna flytjum við þáltill. um vantraust á stjórnina. Ástæðurnar til þeirrar vantrauststill. og þingrofskröfu eru margar, en meginástæðurnar eru þó fyrst og fremst tvær, þ. e. í fyrsta lagi hið alvarlega og óskyggilega ástand í efnahagsmálum og alger ósigur stjórnarinnar í baráttunni við verðbólguna og í annan stað fyrirhugaðir og yfirvofandi stóriðjusamningar. Ég mun að mestu takmarka mál mitt við þessi tvö meginatriði.

Það var eitt af meginmarkmiðum núverandi stjórnar að vinna bug á verðbólgunni, að vinna að stöðvun dýrtíðarinnar. Á sínum tíma var því meira að segja lýst yfir af fyrirsvarsmanni stjórnarinnar, að ef ekki tækist að stöðva verðbólguna, væri allt annað unnið fyrir gíg. En þrátt fyrir þau stóru orð og fögru fyrirheit, hefur verðbólgunni alls ekki verið haldið í skefjum. Hún hefur þvert á móti magnazt ár frá ári á valdatíma núverandi stjórnarflokka og verið hraðskreiðari en nokkru sinni fyrr. Og nú er verðbólguskriðan á fleygiferð. Þann sannleika þekkir allur landslýður, og það er margviðurkennt af ríkisstjórninni sjálfri, að ekki hafi tekizt að hafa hemil á verðbólguþróuninni, enda þýðir ekki að neita þeirri staðreynd, sem sönnuð verður með óyggjandi tölum. Það er t. d. fróðlegt að athuga vísitölu neyzluvöruverðlags. Samkv. upplýsingum Efnahagsstofnunarinnar var sú vísitala árið 1939 103.6 stig, miðað við ársmeðaltal. Á tuttugu ára skeiði, eða til 1959, hafði hún hækkað í 977 stig. En hverjum breytingum hefur hún svo tekið í tíð núverandi stjórnar? Árið 1960 var hún 1091.7 stig, 1961 1213.2 stig, 1962 1356.1 stig, 1963 1527.9 stig, 1964 1824.8 stig og 1965 1959.9 stig, eða hafði hækkað nær jafnmikið á þessu 6 ára tímabili og á 20 árum áður. Þessar tölur segja vissulega sína sögu um dýrtíðarvöxtinn í tíð núverandi stjórnar. Séu borin saman 2 sex ára tímabil, árin 1954—1959 annars vegar og árin 1960—1965 hins vegar, og athugað, hver hækkunin hefur orðið prósentvís, kemur í ljós, að á fyrra tímabilinu hefur hækkunin samtals numið 33%, en á síðara 6 ára tímabilinu, þ. e. á valdatíma núverandi stjórnar, hefur hækkunin samtals numið 96.5%. Sé litið á hækkunina frá einu ári til annars, var hún á fyrra tímabilinu mest árið 1956, eða 11.3%, á síðara tímabilinu var hún 4 árin yfir 11%, en mest árið 1964, eða 19.4%.

Samkvæmt Hagtíðindum var byggingarkostnaður á 370 m³ íbúð árið 1960 453500 kr., en í febrúarmánuði s. l. er hann talinn vera 967000 kr. og hafði þá hækkað frá því í febr. 1965 um 151000 kr. Eins og tölur þessar bera með sér, hefur byggingarkostnaður meira en tvöfaldazt á valdatímabili núv. stjórnar. Á síðustu 3 árum hefur byggingarkostnaður slíkrar íbúðar hækkað um 342000, en nú er hámarkslán húsnæðismálastjórnar 280000 kr. Hækkun byggingarkostnaðar síðustu 3 ár hefur ekki aðeins étið upp hækkun lánsins, heldur hefur hún meira en étið upp allt lánið. Það er ekki að furða, þó að þessir menn séu að glamra um stórátak í húsnæðismálum. Þeir ættu heldur að segja eins og satt er, að í tíð núv. stjórnar hafi verið gert stórfellt átak til að koma byggingarkostnaðinum upp úr öllu valdi.

Ég læt nú þessi tvö dæmi nægja, en þannig

mætti lengi halda áfram og sýna fram á það með óhrekjandi tölum, hversu ríkisstj. hefur staðið gersamlega ráðþrota gagnvart dýrtíðarflóðinu. Sjálfsagt hefur hana þó ekki vantað viljann til þess að halda verðbólgunni í skefjum, ef marka má yfirlýsingar hennar bæði fyrr og síðar. Ekki hefur erfitt árferði, aflabrestur eða minnkandi þjóðartekjur orðið stjórninni þrándur í götu eða staðið í vegi fyrir skynsamlegri stjórn á efnahagsmálum, þvert á móti. Lánið hefur leikið við stjórnina í þeim efnum. Hér hefur, sem kunnugt er, verið metafli ár eftir ár, hækkandi verðlag á útflutningsafurðum og vaxandi þjóðartekjur. Samt hefur ríkisstj. ekkert ráðið við verðbólguna. Ekki getur ástæðan verið sú, að umsamið kaupgjald hafi farið fram úr því, sem þjóðartekjur leyfðu, ef kaupmáttur tímakaups er hér minni en hann var fyrir nokkrum árum.

Hvað hefur ríkisstj. vantað í viðureigninni við verðbólguna? Ég held, að hana hafi skort skilning á viðfangsefninu, þess vegna hafi hún farið vill vegar. Ég held, að hana hafi vantað getuna. Sannleikurinn er sá, að þrátt fyrir mikið yfirlæti hefur ríkisstj. aldrei náð tökum á efnahagsmálunum í heild. Hún hefur verið haldin oftrú á aðgerðir í peningamálunum einum saman. En þær aðgerðir hennar hafa ekki staðizt dóm reynslunnar. Þær hafa sumar reynzt gagnslausar til að hamla gegn verðþenslunni, en aðrar orðið til að auka fjármagns- og framleiðslukostnað og hafa þar með ýtt undir og magnað dýrtíð og verðbólgu, og má þar til nefna vaxtahækkanir og gengislækkanir.

Viðbrögð ríkisstj. við vandamálum efnahagslífsins hafa upp á síðkastið í vaxandi mæli einkennzt af bráðabirgðaráðstöfunum og handahófsúrræðum, sem vitaskuld eru þó engin úrræði, heldur gálgafrestur á gálgafrest ofan. Vafalaust hefur stjórnin viljað gera betur, viljað stjórna betur. En hvað sem því líður, er staðreyndin þessi, sem ekki verður umflúin, að stjórnin hefur ekkert ráðið við dýrtíðina, og það sem verra er, hinn gífurlegi verðbólguvöxtur síðustu ára á sumpart beinlínis rætur að rekja til aðgerða ríkisstj. sjálfrar, en að öðrum þræði verður hann rakinn til stjórnleysis og aðgerðaleysis valdhafanna.

Afleiðingar hinnar geigvænlegu verðbólguþróunar blasa svo við í öllum áttum. Þær bitna auðvitað á öllum almenningi, sem á í vök að verjast vegna vaxandi dýrtíðar og horfir fram á lífskjararýrnun af hennar völdum. Það er launamönnum sívaxandi áhyggjuefni, hvernig þeir eigi að sjá sér og sínum farborða, láta tekjurnar hrökkva fyrir nauðþurftum. Það er óreiknandi dæmi, hvernig þeir lægst launuðu komast af. Bilin á milli þjóðfélagsþegnanna breikka. Hinir ríku verða ríkari og hinir fátæku fátækari. En þó kemur e. t. v. síðar röðin að þeim ríku, því að verðbólgan hefur sama eðli og byltingin, að hún étur sín eigin börn. Byggingarkostnaðurinn leggst á unga fólkið eins og ok. Fjárlögin margfaldast, skattabyrðin þyngist stöðugt, en allt er þó kórónað með því, að greiðsluhalli er hjá ríkissjóði 2 síðustu árin. Hvar finnast dæmi slíks? Afleiðingar verðbólgunnar þjaka og framleiðsluatvinnuvegina og eyðileggja rekstrargrundvöll hverrar atvinnugreinarinnar á fætur annarri. Það er alvarlegast, því að þeir eru sá grundvöllur, sem afkoma landsmanna byggist á.

Það liggja fyrir margir vitnisburðir um versnandi afkomu, hallarekstur og jafnvel yfirvofandi framleiðslustöðvun hjá helztu atvinnuvegunum. Þeir vitnisburðir eru ekki aðeins frá einstökum atvinnurekendum, heldur og frá fundum þeirra og fyrirsvarsmönnum stéttasamtakanna. Hér er eigi tími til að rekja slík ummæli nema að örlitlu leyti. Formaður Stéttarsambands bænda segir svo í janúarhefti Freys, þar sem hann ræðir um búreikninga og afkomuhorfur landbúnaðarins:

„Þýðingarmesta ályktunin, sem draga má af niðurstöðum þessara reikninga, er sú, að bændur, eins og allur almenningur, tapa sífellt á verðbólgunni, að framleiðslukostnaðarverð á afurðum fjarlægist það að geta orðið samkeppnisfært á erlendum mörkuðum, eftir því sem dýrtíð hér á landi eykst, og kjör bænda batna allt of lítið borið saman við aðrar stéttir, þó að verðlagið hækki sífellt. Höfuðnauðsyn er fyrir bændur sem þjóðfélagið í heild, að verðbólgan verði stöðvuð."

Þetta sagði formaður Stéttarsambandsins.

Um iðnaðinn er það vitað, að hann hefur átt í sívaxandi erfiðleikum, ekki aðeins af völdum síhækkandi framleiðslukostnaðar og verðbólgu, heldur og mörgum ástæðum öðrum. Má í því sambandi vitna til ummæla formanns Félags iðnrekenda, er hann ritaði grein í Morgunblaðið 14. janúar s. l. Hann segir þar m. a.:

„Á árinu 1964 tóku erfiðleikar að gera vart við sig í ýmsum greinum verksmiðjuiðnaðarins. Stöfuðu þeir af stórauknu frjálsræði í innflutningi, lækkun tollverndar með nýjum tollalögum, sem sett voru á miðju ári 1963, og vegna örrar hækkunar framleiðslukostnaðar."

En hvað er þá að segja um sjávarútveginn, þessa höfuðstoð íslenzks atvinnulífs? Hann ætti svo sannarlega að standa með blóma nú, ef allt væri með felldu. En það er nú eitthvað annað en svo sé. Staðreyndin er sú, að hann verður ekki lengur rekinn án aðstoðar, nema nokkur stærstu skipin, sem búið hafa við áður óþekkt aflabrögð á síldveiðum. Því til sönnunar nægir að nefna frv. um aðstoð við sjávarútveginn, sem fjallað hefur verið um hér á Alþ. að undanförnu. Frystihúsaeigendur komu saman á fund hér í Reykjavík í síðasta mánuði. Í ályktun frá þeim fundi segir m. a. á þessa leið:

„Fundur frystihúsaeigenda, haldinn í Reykjavík 25. febr. 1966, lýsir áhyggjum yfir vaxandi verðbólgu. Of mikil samkeppni um takmarkað vinnuafl þjóðarinnar hefur leitt til aukinna erfiðleika í hráefnisöflun og rekstri hraðfrystihúsanna. Áframhald slíkrar þróunar mun fyrirsjáanlega leiða til samdráttar í hraðfrystingu sjávarafurða, þrátt fyrir að markaðir hafa verið góðir fyrir framleiðsluvörurnar." Og enn segir: „Fundurinn lítur svo á, að verði frekari framleiðslukostnaðarhækkanir eða raskist samkeppnisaðstaða fiskiðnaðarins af öðrum ástæðum, hljóti til þess að koma, að gengi íslenzku krónunnar verði lækkað eða gripið verði til annarra ráðstafana, sem hafi hliðstæðar verkanir í för með sér útflutningsframleiðslunni í hag."

Þetta segja nú þeir menn, sem öllum hnútum eru kunnugastir af eigin reynd. Það er ekki ég, sem hér er að gera gengisfellingu skóna. Nei, það eru frystihúsaeigendur, sem að sögn eru margir hverjir sérstakir vildarvinir forsrh.

Ég hef talið rétt að vitna hér til þessara ummæla framangreindra aðila, en þau verða ekki talin nein gífuryrði, sett fram vegna vantrauststillögunnar. Það mætti einnig, ef tími væri til, tilgreina áþekk ummæli margra annarra aðila. Aðvörunarorð þeirra er ekki hægt að láta sem vind um eyrun þjóta. Allir þessir aðilar eru sammála um, að aðalbölvaldur íslenzks atvinnulífs sé verðbólgan, enda verður því ekki með nokkrum rökum á móti mælt. Allir leggja þeir höfuðáherzlu á nauðsyn þess, að verðbólgan sé stöðvuð, að ráðizt sé að rótum meinsins. Hvers vegna er þá ekki snúizt í alvöru að því að hefta þá óheillaþróun?

Það er vissulega mannlegt að skjátlast. Við því er e. t. v. ekki mikið að segja, ef menn læra af reynslunni að draga réttar ályktanir af mistökum sínum og bæta ráð sitt. En því er síður en svo að heilsa með núverandi valdhafa. Þeir fást ekki til að játa mistök sín. Þeir fást ekki til að skipta um stefnu. Þeir fást ekki til að prófa nýjar leiðir til lausnar vandans. Það er ljóst af viðbrögðum þeirra við vandamálum atvinnuveganna, en um nokkur slík mál hefur verið fjallað hér á Alþ. að undanförnu. Það er um það eitt hugsað að tjalda til einnar nætur. Þar er enn um að ræða bráðabirgðaúrræði og aðeins bráðabirgðaúrræði, sem sum hver eru vægast sagt heldur kynleg. Má þar til dæmis nefna 80 millj. kr. aðstoð við sjávarútveginn, sem ekki verður komizt hjá að veita, enda þótt ekki væri gert ráð fyrir því í fjárl. En stjórnin hefur hreinlega gefizt upp við að afla fjár á móti, segist ekki sjá sér fært að skera niður verklegar framkvæmdir sem því svarar, enda áður búin að höggva ótæpt í þann knérunn. Hún sér þann einn kost að fella niður niðurgreiðslur um tilsvarandi upphæð. En það hefur þær afleiðingar, að launagreiðslur ríkissjóðs hækka fljótlega a. m. k. um 20 millj. eða líklega meira, þegar öll kurl koma til grafar. Jafnframt hækka svo beinar launagreiðslur atvinnurekenda, þeirra sem aðstoðina eiga að fá, um 15 millj. kr. eða kannske meira, svo að aðstoðin verður raunverulega ekki nema 65 millj. Allar þessar hækkanir fara svo auðvitað óðum út í verðlagið. Úrræði ríkisstj. verður sem sagt til þess að auka spennuna og magna dýrtíðina. Þetta jafngildir raunverulega algerri uppgjöf gagnvart verðlagsþróuninni.

Allt er eftir þessu. Það er þrautreynt, að núverandi ríkisstj. fæst ekki til að taka upp önnur vinnubrögð. Hún fæst ekki með neinu móti til að horfast í augu við sjálft höfuðvandamálið, verðbólguna. Í stað þess ætlar ríkisstj. nú að bæta gráu ofan á svart og stofna til stórframkvæmda með atbeina erlends fjármagns á því svæði, þar sem þenslan er mest og vinnuaflsskorturinn tilfinnanlegastur. Er þó augljóst mál, að slíkt hlýtur að verka á verðbólguna líkt og þegar olíu er hellt á eld, hlýtur að ýta stórkostlega undir hana og magna hana margfaldlega. Hvernig halda menn, að sjávarútveginum með þeirri aðstöðu, sem hann hefur í dag, muni ganga að keppa um vinnuaflið við stóriðjufyrirtæki, sem styðst við erlent fjármagn? Og hvað þá um þá landshluta, sem eiga í vök að verjast vegna aflabrests og atvinnuleysis og fólkið leitar nú þegar frá á vinnumarkaðinn hér syðra? Nei, sannleikurinn er sá, að bygging hinnar fyrirhuguðu álverksmiðju við Hafnarfjörð er óskynsamleg, eins og á stendur. Hennar er vissulega engin þörf þar vegna atvinnuástandsins. Hún leysir engan vanda atvinnulífsins. Þvert á móti mun hún fyrirsjáanlega stórauka erfiðleika undirstöðuatvinnuveganna, a. m. k. í bili, og valda margvíslegri truflun.

Stjórnin hefur fengið aðvaranir frá ýmsum þeim aðilum, sem hér mega gerst til þekkja. Alþýðusambandið hefur mótmælt, búnaðarþing hefur mótmælt, fundur frystihúsaeigenda, sem ég áður hef vitnað til, hefur varað við. Í ályktun hans segir m. a.:

„Með tilliti til þeirrar aðstöðu, sem útflutningsiðnaður landsmanna hefur með samkeppni á erlendum markaði, lýsir fundurinn yfir sérstökum ótta við ráðagerðir um stórframkvæmdir útlendinga í landinu, á sama tíma sem landsmenn sjálfir ráðast í stærri og meiri raforkuframkvæmdir en nokkru sinni fyrr."

En stjórnin ætlar þversýnilega að fara að eins og fyrri daginn. Hún ætlar að virða allar aðvaranir að vettugi. Hún hefur þó ekkert sérstakt umboð fengið til fyrirhugaðra stóriðjusamninga. Það mál var ekki á dagskrá við síðustu alþingiskosningar. Kjósendur hafa ekki átt þess kost að tjá sig um það mál. Það er þó lágmarkskrafa, að það sé borið undir kjósendur, áður en horfið er að þeirri nýbreytni að veita útlendingum leyfi til að byggja atvinnustöðvar hér á landi. En auk þess eru í fyrirhuguðum stóriðjusamningum ýmis atriði, sem óverjandi er að um sé samið að kjósendum fornspurðum. Þess vegna á að efna til nýrra kosninga, áður en þessu máli er til lykta ráðið. Það á ekki að láta stjórnina komast upp með að fara fram hjá kjósendum í þessu stórmáli. Þess vegna þarf Alþingi að lýsa vantrausti á stjórnina.

Hér er ekki hægt að ræða einstök ákvæði hinna flóknu og torskildu stóriðjusamninga. Það verður gert innan skamms, er þeir hafa verið formlega lagðir fyrir þingið og verða þar ræddir sérstaklega. Þó vil ég aðeins minnast á örfá atriði, sem hafa þegar komið fram í opinberum umr. eða blöðum.

Þess er þá fyrst að geta, að samið er um fast raforkuverð, alveg án tillits til þess, hver raunverulegur stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar verður. Það virðist vægast sagt óskynsamlegt og gæti reynzt hreinasta glæfraspil. Þá virðist og óvefengjanlegt eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að umsamið raforkuverð sé lægra og óhagstæðara hér en í Noregi. Er óskiljanlegt, hvernig slíkt þarf að vera. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt, að við förum að gefa með því rafmagni, sem við seljum útlendingum, að við förum að selja þeim raforku undir kostnaðarverði. Álbræðslan á að búa við sérstakar fastákveðnar skattareglur, sem eru aðrar en íslenzk fyrirtæki lúta, og eiga ekki að breytast skv. skattalögum, en þó á bræðslan að skrásetjast sem íslenzkt hlutafélag. Það er og vitað, að gert er ráð fyrir sérstöku og alveg óvenjulegu réttarfari í ágreiningsmálum, sem rísa kunna út af stóriðjusamningunum eða í sambandi við þá. Í þeim málum eiga íslenzkir dómstólar ekki að hafa lögsögu, nema um það verði samkomulag á milli aðila. Þau ágreiningsmál eiga að fara fyrir eins konar

alþjóðlegan gerðardóm, sem sitja skal í útlöndum og skipaður skal fulltrúum frá aðilum, en oddamaður tilnefndur af þeim í sameiningu, en ef samkomulag næst ekki, þá af forseta alþjóðadómstólsins. Segja má, að þetta væri ekki athugavert, ef um væri að ræða venjulegan milliríkjasamning. En hér er ekki um milliríkjasamning að ræða. Hér er ekki um samning milli tveggja ríkisstjórna að tefla. Hér er um að ræða samninga ríkisstj., Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar við einkafyrirtæki. Eftir öllum venjulegum reglum heyra ágreiningsmál út af slíkum samningum hér á landi undir venjulega dómstóla, alveg án tillits til þess, hvort samningsaðili er innlendur eða útlendur. Þetta er viðurkennd regla í öllum réttarríkjum. Ég efast um, að í nágrannalöndum okkar sé fordæmi fyrir því, að ríkisstjórnir semji hliðstæð mál undan eigin dómstólum. Krafa einkafyrirtækis erlends hlutafélags um að taka þessi ágreiningsmál undan lögsögu íslenzkra dómstóla hlýtur að byggjast á vantrausti á íslenzku réttarfari og tortryggni í garð íslenzkra dómstóla. Á bak við hlýtur í raun og veru að búa sú skoðun, að hér sé ekki fullkomið réttarríki. Víst er þetta óvenjulegt og óviðunandi, þegar um er að ræða ágreining hins svissneska hlutafélags við stjórnvöld hér á landi. En þó ofbýður manni þá fyrst, þegar gert er ráð fyrir, að sama regla gildi um ágreiningsmál út af samningum við hið íslenzka álfélag, sem svo er kallað, en það félag er látið heita íslenzkt félag, á að skrásetjast hér sem slíkt, á samkv. orðanna hljóðan að fara að íslenzkum lögum og hafa stjórn, sem að meiri hluta er skipuð íslenzkum ríkisborgurum. Hvernig á ríkið að semja svo um, að ágreiningsmál þess, Hafnarfjarðarkaupstaðar eða Landsvirkjunar við íslenzkt hlutafélag séu tekin undan íslenzkum dómstólum og fengin alþjóðlegum gerðardómi til úrlausnar? Fyrr má nú rota en dauðþrota. Og hvernig í ósköpunum er hægt að kalla það íslenzkt félag, sem lýtur ekki lögsögu íslenzkra dómstóla? Ég efast ekki um, að ráðh. hafi lagt sig alla fram við þessa samningsgerð, og ég efast ekki um, að hann hafi ýmsu fengið breytt til batnaðar í þessum samningum. Ég tel víst, að hann hafi reynt að fá breytingu á þessum ákvæðum, en það hefur ekki tekizt. Þá hefði hann að mínum dómi átt að setja hnefann í borðið og segja: Hingað og ekki lengra. — Undir svona nokkuð er ekki hægt að skrifa fyrir fullvalda ríki, sem vill telja sig í hópi réttarríkja. Það er niðurlægjandi, og í því felst frekleg móðgun, bæði gagnvart þjóðinni og íslenzkum dómstólum. Og ég verð að segja það eins og það er, að ég vorkenni dómsmrh. að verða að ganga undir það jarðarmen að undirrita slíkt. Finnst mönnum nú vanþörf á, að svona samningar séu bornir undir kjósendur, áður en þeir eru undirskrifaðir?

Ég hef hér drepið á þau mál, sem að mínum dómi eiga nú að ráða úrslitum um traust eða vantraust á ríkisstj. Hinu dettur mér ekki í hug að neita, að sitt hvað hafi áunnizt í löggjöf og landsstjórn á ýmsum sviðum, og þrátt fyrir ranga stjórnarstefnu hafa auðvitað margvíslegar framkvæmdir átt sér stað. En það vegur ekki að mínu áliti upp á móti hinu, sem miður hefur farið, og þeim tækifærum, sem hafa verið látin ónotuð.

Ég held, að sú stjórn, sem haldið hefur þannig á málum í einu mesta góðæri, sem sögur herma, þegar á heildina er litið, að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar verða ekki reknir án aðstoðar eða styrkja, eigi vantraust skilið. Vandi efnahagsmálanna verður ekki leystur undir forustu þeirrar stjórnar. Ég hef aldrei gert lítið úr þeim vandamálum, sem verðbólgan skapar. Ég held, að þar sé við að fást mjög erfitt viðfangsefni. Ég hef haldið og held, að í viðureigninni við verðbólguna sé naumast árangurs að vænta, nema sem flestir landsmenn eða helzt allir snúi bökum saman. Það þarf nýja stefnu, það þarf ný vinnubrögð, og það þarf víðtæka samstöðu um nýja forustu. Það held ég, að æ fleiri landsmenn skilji.

Viðskmrh. var að segja það hér áðan, að stjórnin fagnaði þessari vantraustst1l., af því að hún gæfi stjórninni tilefni til að ræða málin og spyrja þjóðina, hvernig stjórnin hefði tekizt. Allt væri komið undir því, hvernig þjóðin svaraði. En spurningin er bara sú, hvort þeir háu herrar vilja lofa þjóðinni að svara nú. Við förum ekki fram á annað. — Góða nótt.

**Ingólfur Jónsson:** Herra forseti. Vantraustið hefur vakið furðu manna, einnig meðal liðsmanna Framsfl. og Alþb. Vitað er, að stjórnarandstæðingar hafa ekkert að bjóða þjóðinni. Sundurlyndi og úrræðaleysi þessara flokka muna flestir, þó að liðin séu 8 ár, frá því að þeir gáfust upp við að stjórna landinu. Þegar núverandi ríkisstj. komst til valda, tók hún við þrotabúi vinstri stjórnarinnar. Allir sanngjarnir menn viðurkenna, að stjórnarflokkunum hefur tekizt að leysa ýmsa þætti efnahagsvandamálanna og vinna þjóðinni á ný traust og álit, sem áður var glatað vegna skulda og vanskila erlendis. Höfuðverkefni núverandi ríkisstj. hefur verið annars vegar að bjarga fjármálunum út á við og hins vegar að byggja upp atvinnulífið og bæta lífskjör almennings. Spurningin er þá sú, hvort þetta hafi tekizt.

Um fjárhaginn út á við þarf ekki að ræða, þar sem gjaldeyrisvarasjóður yfir 2000 millj. kr. talar sínu máli.

Atvinnuvegir landsmanna voru í strandi, þegar núv. ríkisstj. tók við. Framleiðsla landbúnaðarvara hafði dregizt saman, svo að flytja varð inn smjör á ársbyrjun 1960. Í þingtíðindum 1959—1960 má lesa þingræður framsóknarmanna, þar sem því er haldið fram, að landbúnaður hljóti að dragast saman, að innflutningur á landbúnaðarvörum verði varanlegur, vegna þess að ríkisstj. muni búa illa að landbúnaðinum. Staðreyndirnar eru aðrar. Nú hafa margir áhyggjur af því, að landbúnaðarframleiðslan sé of mikil. Það er vitanlega ástæðulaust að hafa áhyggjur af því, þótt rétt megi telja að færa nokkuð til milli framleiðslugreina, eins og rætt hefur verið um af hálfu bændasamtakanna. Sú tilfærsla þarf að fara fram með nákvæmni og athugun, svo að ekki verði mjólkurskortur á aðalmarkaðssvæðunum. Ef lítil framleiðsla á landbúnaðarvörum stafar af því, að illa er búið að bændum, en tæplega þarf að efa, að sú hlyti ástæðan að vera, er augljóst, að mikil framleiðsla stafar af því, að sæmilega hefur verið búið að landbúnaðinum. Ræktunin mun hafa verið á s. l. ári nærri því

helmingi meiri en hún var 1958. Vélakaup og ýmsar framkvæmdir í landbúnaðinum hafa aukizt að sama skapi. Þetta er lofsvert og kemur þjóðinni allri til góða nú þegar, en ekki síst þegar fram líður. Það mun síðar sannast. Bændunum hefur fækkað nokkuð, vegna þess að lélegar jarðir og afskekktar hafa farið í eyði og smærri jarðir lagðar undir aðrar til þess að gera skilyrðin betri til búrekstrar. Verðlagsmál landbúnaðarins voru leyst á heppilegan hátt á s. l. hausti, eftir að verðlagslöggjöfin var gerð óvirk. Þingmenn Framsfl. reyndu að magna upp óánægju meðal bænda með búvöruverðið. Tilraunir í þá átt fengu ekki hljómgrunn hjá bændum. Ríkisstj. skipaði nefnd s. l. haust til þess að vinna að endurskoðun verðlagslöggjafarinnar með það fyrir augum að endurvekja samstarf framleiðenda og neytenda við verðlagningu búvöru. N. varð ekki sammála. Till. og álit meiri hluta og minni hl. n. eru nú í athugun hjá ríkisstj.

Oft er talað um samgöngumálin og lélega vegi hér á landi. Til vegamála var varið á s. l. ári um 400 millj. kr., en ekki nema 80 millj. 1958. Vegavísitalan 1965 hafði hækkað um 86% á þessum tíma. Þótt þetta sé miklu meiri hækkun en nemur aukinni umferð og hækkuðum vegagerðarkostnaði, má segja, að brýn nauðsyn sé á að auka tekjur vegasjóðs frá því, sem nú er. Vegagerð í okkar strjálbýla landi er mjög dýr. Reykjanesbrautin varð dýr, en vitnar um, hvað koma skal, hvernig vegir eiga að vera, þar sem umferðin er mest. Í okkar stóra og strjálbýla landi er erfiðara að leysa þessi mál með hraða en í hinum þéttbýlu löndum. Á Íslandi eru aðeins tæpir 2 menn á ferkm. En í þéttbýlli löndum eru 50—100 manns á hvern ferkm, í Danmörku um 80 manns. Það er ekki undarlegt, þó að vegirnir séu að jafnaði betri, þar sem margmennið er. Þótt stjórnarandstæðingar og þá helzt framsóknarmenn tali oft af vandlætingu um, hversu litlu fé sé varið til vegamála, verður það tæplega tekið alvarlega, þegar tillit er tekið til þess, hvernig búið var að þessum málum, þegar þeir höfðu völdin. Til flugvallagerðar verður varið árið 1966 56 millj. kr. Mun það vera 12 sinnum meira en veitt var til þessara mála 1958. Hefur mikið áunnizt í framkvæmd þessara mála, þó að mikið sé ógert til þess að fullnægja þörfinni til frambúðar.

Stjórnarandstæðingar hafa oft rætt um góðæri, sem verið hafi undanfarið, og þess vegna hafi ríkisstj. lifað. Góðæri hefur vissulega verið, og ber að þakka það og vona, að svo verði áfram. Aflabrögð síðari árin hafa verið ágæt, sérstaklega á síldveiðum. Reyndir sjómenn segja, að síldin hafi því aðeins veiðzt, að til voru stór fiskiskip með nýtízku tækjum. Síldin hefur oft verið langt frá landi og ekki mögulegt fyrir smærri skip að stunda veiðar á fjarlægum miðum. Fiskiskipastóllinn hefur verið stóraukinn. Bátar um og yfir 100 lestir brúttó voru aðeins 49 að tölu 1958, en hefur fjölgað um 116, en rúmlestatalan þó enn þá meira eða um nærri því 300%. Um verksmiðjur og iðjuver má það segja, að aukningin sé í samræmi við vöxt skipastólsins. Ef ekki hefði verið skipt um stefnu í fjárhags- og gjaldeyrismálum, var útilokað, að þjóðin gæti aukið skipastólinn og byggt verksmiðjur. Fyrir hendi var hvorki gjaldeyrir né lánstraust til þess að ná tækjunum heim. Þjóðin hefði orðið að vera án síldarinnar, sem sótt var á djúpmið, og án þeirra tekna og gjaldeyris, sem fyrir þessi verðmæti hefur komið.

Í atvinnumálum þarf að vera raunsæi, hyggindi og framtak, til þess að vöxtur atvinnuveganna megi hverju sinni vera í samræmi við aukningu vinnuaflsins í landinu. Þjóðinni fjölgar árlega um nærri 4000 manns, og það verður að tryggja atvinnu fyrir alla. Það verður að efla þær atvinnugreinar, sem eru fyrir í landinu, eftir því sem unnt er. Vinnsla sjávarafurða og landbúnaðarvara getur tekið við auknu vinnuafli. Þótt að þessu sé unnið og hagræðing og hvers konar viðleitni til aukinnar tækni og nýtingar hráefna verði notuð, er nauðsynlegt eigi að síður að taka upp nýjar atvinnugreinar, ef þær reynast hagkvæmar. Virkjun stórfljótanna gefur þá raforku, sem þjóðin þarf til venjulegra nota og aukins iðnaðar. Nú stendur fyrir dyrum stórvirkjun í Þjórsá. Er það vissulega gleðiefni. Miðað við aðrar þjóðir nota Íslendingar mikið rafmagn. Rafknúin heimilistæki eru notuð hér á flestum heimilum, þar sem aðeins efnaðri heimili leyfa sér slíkt víðast erlendis. Rafvæðing landsins er vel á veg komin. Eftir að 10 ára áætluninni lauk, hefur verið unnið að lagningu rafmagns til bæja með meðalfjarlægð 1—1.5 km. Síðan verður sennilega tekin fyrir vegalengdin 1.5—2 km. Þess verður ekki langt að bíða, að allir Íslendingar hafi rafmagn. Frá Þjórsárvirkjun fær stór hluti landsmanna raforku. Með því að virkja á hagkvæman hátt, verður raforkuverðið 62% lægra fyrstu árin heldur en ef virkjanirnar eru smærri og eingöngu miðað við venjulega notkun landsmanna. Með því að leyfa byggingu álverksmiðju er mögulegt að virkja á ódýrasta máta og tryggja almenningi hagkvæmara raforkuverð en annars var mögulegt. Verksmiðjan er einnig spor í þá átt að gera atvinnuvegina fjölbreyttari og skapa gjaldeyristekjur í þjóðarbúið. Stjórnarandstæðingar segja, að ekki sé tímabært að byggja verksmiðjuna hérlendis. Norðmenn hefðu gjarnan tekið við henni. Þeir taka við erlendu fjármagni og selja erlendum aðilum raforku til stóriðju. Norska þjóðin hefur notið góðs af því. Stjórnarandstæðingar vilja með andstöðu sinni við hagkvæma virkjun í Þjórsá leggja þungar byrðar á almenning með 62% hærra raforkuverði en vera þarf.

Stefna ríkisstj. hefur verið sú að efla atvinnuvegina og tryggja öllum landsmönnum nægilega vinnu og bætt lífskjör. Til þess að fá svör við því, hvort þetta hefur tekizt, er auðveldast að spyrja menn úr öllum stéttum, hver reynslan er í þessum efnum. Ég hef rætt við marga um þessi mál. Verkamaður með 5 manna fjölskyldu segir m. a.:

„Það hefur aldrei verið mögulegt að komast af með 8 stunda vinnudag, ef menn vildu veita sér margt umfram brýnustu nauðsynjar. Áður var oft atvinnuleysi, en nú hafa allir vinnu. Ríkisstj. hefur unnið að því að efla atvinnuvegina og tryggja þannig nóga atvinnu fyrir alla. Sú stefna horfir til heilla og framfara fyrir

þjóðina. Kjörin eru nú jafnari og betri en áður. Öryggi þeirra, sem minnst eiga, er stóraukið með atvinnuöryggi og eflingu almannatrygginga. Við treystum því, að ríkisstj. vinni áfram að framförum og bættum lífskjörum almenningi til handa.“

Þannig talaði verkamaðurinn. Þannig tala aðrir launþegar, sem skoða málin á hlutlausan hátt. Bændur gera sér á sama hátt grein fyrir því, að möguleikar þeirra eru aðrir og betri en var áður. Nú efast enginn, sem þekkir til landbúnaðar, um gildi hans fyrir þjóðfélagið og framtíðarmöguleika. Sjómenn og útgerðarmenn vita, hvers virði uppbygging sjávarútvegsins er og sú aukning á skipastóli og vinnslustöðvum, sem hvarvetna hefur orðið. Kaupsýslumenn þurfa nú ekki að eyða hálfum vinnutímanum á biðstofu nefndar til þess að fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, eins og áður var. Með auknu frelsi í verzlun og viðskiptum hefur komið vöruúrval og bætt aðstaða fyrir allan almenning að velja og hafna í stað þess að taka áður við því, sem á boðstólum var, eða fá ekkert að öðrum kosti. Hafta- og skömmtunarstefnu Framsfl. hefur verið kastað fyrir borð og verður vonandi aldrei aftur tekin upp. Það hefur þó komið greinilega fram, að „hin leiðin“, sem Framsókn vill fara, er leið hafta og skömmtunar.

Þjóðin hefur heilbrigða dómgreind og lætur ekki blekkjast. Þess vegna er almennt brosað að vantrauststill. uppgjafar- og kreppuflokkanna. Þjóðin vill ekki víkja af vegi framfara og uppbyggingar. Hún vill ekki kalla yfir sig ráðleysi Framsóknar og Alþb., sem virðast ekkert hafa lært á þeim 8 árum, sem þessir flokkar hafa búið við valdaleysi.

Það er skylda að vinna ávallt ákveðið að alhliða uppbyggingu atvinnulífsins, hvers konar framförum og bættum lífskjörum þjóðarinnar. Með því að efla almannatryggingar, eins og nú hefur verið gert, er hagur þeirra, sem verst eru settir, bættur. Ólafur Thors lýsti því sem stefnuatriði Sjálfstfl., að tryggja bæri alla Íslendinga gegn skorti. Sjálfstæðismenn hafa fylgt þeirri stefnu og munu ávallt fylgja henni. Það verður bezt gert með því að efla atvinnulífið og almannatryggingarnar. Þá munu þeir, sem þarfnast hjálpar, fá nægilega aðstoð og þjóðfélagsheildin eflast. — Góða nótt.

**Fjmrh. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er auðskilið mál, að stjórnarandstöðuflokkar vilji koma ríkisstjórn frá völdum. En til þess þarf meira en óskhyggju. Núv. stjórnarsamstarf hefur staðið óslitið lengur en áður hefur þekkzt um samvinnu flokka hér á landi. Orsökin er sú, að saman hafa farið full heilindi í samstarfi og fastmótuð heildarstefna, sem hlotið hefur staðfestingu þjóðarinnar í almennum kosningum. Ekkert gefur stjórnarandstöðunni ástæðu til að halda, að sú samstaða hafi bilað, og verður því vantrauststill. þessi naumast skilin á annan veg en að stjórnarandstöðuforingjarnir séu að kanna eigið lið og fá það staðfest, sem er ríkisstj. sízt til óþæginda, að allir þingmenn stjórnarandstöðunnar séu andvígir efnahagsmálastefnu ríkisstj. og sér í lagi því stóra átaki, sem nú er verið að gera til að stuðla að atvinnuöryggi hinnar uppvaxandi kynslóðar í landinu.

Núverandi stjórnarandstöðuflokkar vita gerla, hvernig fer, þegar flokkar efna til stjórnarsamstarfs á þeim einum grundvelli að vera í stjórn. Allur valdaferill vinstri stjórnarinnar mótaðist af sundurlyndi og þar af leiðandi fálmkenndum aðgerðum. Öll stjórnarandstaða Framsóknar og Alþb. undanfarin 6 ár hefur markazt af ótrúlegu stefnuleysi og ábyrgðarlausum málflutningi innan þings og utan, og hafa framsóknarmenn þar oft verið sýnu verri. Í byrjun var því haldið fram, að stjórnin stefndi markvisst að atvinnuleysi, og lengi opnuðu foringjar Framsóknar ekki svo sinn munn, að þeir fordæmdu ekki samdráttarstefnu ríkisstj. Nú hins vegar er það veigamesta röksemdin fyrir því, að ríkisstj. eigi að fara frá, að hún hafi misst alla stjórn á framkvæmdum og fjárfestingu í landinu og nú sé framsóknarmönnum og Alþb.-mönnum einum treystandi til þess að taka upp nógu kröftuga samdráttarstefnu. Aðeins að einu leyti hafa stjórnarandstæðingar fylgt ákveðinni línu, sem þeir hafa aldrei farið út af, og það er að taka í hverju máli þá afstöðu, er þeir töldu vinsælasta hjá þeim, er hlut átti að máli. Það má því á vissan hátt segja, að þeir hafi verið reglusamir í óreglunni. Það hefur jafnvel gengið svo langt, að framsóknarmenn hafa í kjaradeilum vissra hálaunastétta fordæmt harðlega gerðardómslausn, þótt þeir hafi staðið að flestum gerðardómsákvörðunum síðustu áratuga og um láglaunafólk hafi verið að ræða.

Ríkisstj. hefur óspart verið fordæmd fyrir vaxandi dýrtíð, en aldrei hafa launþegar borið fram svo háar kaupkröfur, að andstöðuflokkarnir hafi ekki sameinazt um að telja þær sjálfsagðar, og að dómi framsóknarmanna hefur hlutur bænda yfirleitt verið fyrir borð borinn við ákvörðun búvöruverðs.

Varðandi fjármálastefnuna hafa rækilega verið kistulagðar allar fyrri kenningar formanns Framsfl. og enginn gengið vasklegar fram í að moka yfir þær en hann sjálfur. Vissulega hafa fjárlög hækkað mikið ár frá ári af ýmsum ástæðum, sem ekki er tími til að ræða nú. Þetta hafa stjórnarandstæðingar fordæmt. En samhliða ásökunum um hækkandi ríkisútgjöld hafa þeir árlega borið fram till. um stórkostleg ný útgjöld, sem stundum hafa numið hundruðum millj., en svo greitt atkv. sem einn maður gegn allri tekjuöflun. Lengi vel var rökstuðningur fyrir þeirri afstöðu sá, að ríkissjóður hefði svo miklar umframtekjur, að út úr flæddi. Þegar svo hallarekstur verður hjá ríkissjóði á árinu 1964, er í bili blaðinu snúið við og Framsfl. flytur aðeins eina hækkunartill. við fjárlagafrv. fyrir árið 1966, en raunar mjög myndarlega, greiðir þó jafnframt atkv. og andstöðuflokkarnir báðir gegn öllum ráðstöfunum ríkisstj. til að jafna hallann á ríkisbúskapnum. Þegar spurt er: Hvað viljið þið þá gera, góðu herrar? — þá er svarað: Það er ekki okkar skylda að benda á það. Okkar réttur er sá að berjast fyrir meira fé til góðra mála og

gegn allri skattaáþján. — Og nú hafa framsóknarmenn aftur náð sér á strik eftir hjásetuna við fjárlögin, því að fyrir fáum dögum lögðu þeir fram frv. um að taka af ríkissjóði 120 millj. kr. tekjur og leggja til vegasjóðs, af því að þar er um gott og vinsælt mál að ræða, og í sama dúr leggja framsóknarmenn í Nd. til, að samþ. verði frv. um hægri akstur, en felld niður ákvæði frv. um sérstaka fjáröflun til að standa straum af þeim mikla kostnaði, er nema mun um 50 millj. kr. Hér eru aðeins nefnd tvö nýjustu dæmi um framfarabaráttu Framsfl., því að mörg önnur mál eiga þeir fyrir þessu þingi, er valda mundu ríkissjóði stórfelldum nýjum útgjöldum án nokkurs tekjuauka. Og til þess að láta ekki alveg sitt eftir liggja í ábyrgri fjármálastjórn sagði formaður Alþb. á þingi fyrir fáum kvöldum, að auðvitað væri sjálfsagt að veita útgerðinni 80 millj. kr. ríkisaðstoð, en ástæðulaust væri að afla fjár í því skyni, heldur ætti bara einfaldlega að ákveða, að ríkissjóður skyldi greiða þetta, án neinna nýrra tekna.

Stjórnarandstæðingar átelja ríkisstj. mjög fyrir það, hversu marga sérskatta hún hafi á lagt síðustu árin. En þeim láist að skýra frá því, að þeir hafa verið fylgjandi öllum þeim ráðstöfunum, sem skattar þessir áttu að standa straum af. Stofnlánadeild landbúnaðarins varð að efla, en það mátti ekki leggja á búvörugjald. Iðnlánasjóð varð að auka stórlega, en það mátti ekki leggja á iðnlánasjóðsgjald. Jafnvægissjóð á að mynda með því einfalda ráði að taka til hans 2% ríkistekna, þó að það sé enginn afgangur. Þannig mætti telja lengi kvölds dæmi um fjármálastefnu hinnar ábyrgu stjórnarandstöðu. Um flest umbótamál ríkisstj. hefur verið sagt, að þau gengju of skammt.

Það er dæmalaust einfalt að vera stórtækur í umbótamálum í stjórnarandstöðu, og svona málflutningur getur máske gengið, ef flokkar treysta því að fá aldrei stjórnarforustu. En þeir, sem taka hinn margbreytilega áróður stjórnarandstæðinga alvarlega, mega sannarlega ætla, að ekki verði amalegt að lifa í landinu, ef þessir tveir flokkar fá völdin. Stóraukin útgjöld til alls konar merkilegra umbótamála, minni skattar, hærri laun, lægri vextir, nóg lánsfé, meiri byggingar, minni þensla, minni verðbólga, — allt þetta og raunar enn glæsilegri tilvera bíður þjóðarinnar og umfram allt æskunnar, segir aðalhugsjónasmiður Tímans, ef þjóðin vill bara gera svo vel að feta í fótspor formanns og ritara Framsfl. einu leiðina, „hina leiðina“. Eina skýringin, sem fengizt hefur á þessari dularfullu leið, er sú, að hún merki röðun framkvæmda og þó án fjárfestingareftirlits. Þá er vissulega ekki um neitt óþekkt ráð að ræða, því að framkvæmda og fjáröflunaráætlanir ríkisstj. síðustu 4 árin hafa einmitt miðað að því að beina framkvæmdafé landsmanna að mikilsverðustu verkefnunum.

Mig hefur oft furðað á því, að jafngáfaður maður og formaður Framsfl. skuli hafa forustu um jafneinstæðan hentistefnu- og hráskinnaleik og flokkur hans hefur leikið síðustu árin. Hann sýnist vera kominn á þá skoðun, að sjónhverfingar og töfrabrögð séu lykillinn að valdastólunum, enda verður naumast önnur skýring fundin á fjármálastefnu hans en að hann sé farinn að stunda hina gömlu gullgerðarkúnst eða treysti á að finna töfrakassa, sem aldrei tæmist, þó að ekkert sé í hann látið. En hætt er við, að þar verði sá mæti maður fyrir vonbrigðum, og árangur af brögðum síðustu ára er varla uppörvandi: fyrst hræðslubandalagshugmyndin, þá kenning þeirra um landauðn og jafnvel glötun íslenzks þjóðernis, ef kjördæmin yrðu stækkuð, í síðustu kosningum „þriðja leiðin“, sem aldrei fékkst skilgreind, og hinn dæmalausi áróður um það, að framlengja ætti veiðiheimild Breta innan landhelgi og ofurselja Íslendinga Efnahagsbandalagi Evrópu, ef stjórnarflokkarnir fengju meiri hluta. Þótt nokkuð áynnist sums staðar í bili, var meiri hluti kjósenda í öllum þessum tilfellum það glöggskyggn að sjá í gegnum blekkingavefinn. En það virðist hér sem oftar, að menn læri lítið af reynslunni, og nú gerist það sorglega, að margir úr forustuliði Framsóknar tala sannarlega gegn betri vitund. Það á að reyna að gera álmálið að þjóðernismáli og ala á eðlisbundnum ótta við erlend áhrif við tilkomu einnar verksmiðju í erlendri eigu. Nú á öll landsbyggðin aftur að vera í voða, af því að það rís við Hafnarfjörð iðjuver, sem veitir 4—5 hundruð manns atvinnu. Nú hamast margir góðir og gegnir framsóknarmenn við það að grafa sem lengst í djúp gleymskunnar ræður og greinar um blessun stóriðju og erlent fjármagn. Margendurteknar yfirlýsingar um Dettifossvirkjun og stóriðju í því sambandi henta nú ekki áróðrinum. En þeim mönnum, sem af einlægni vildu vinna að því máli og halda því fram, að álbræðsluna eigi að reisa við Eyjafjörð, vil ég segja það, að eindreginn vilji stjórnarvalda var fyrir því að beita sér fyrir þeirri lausn málsins, ef fært þætti kostnaðar vegna. Og gerðar hafa verið fullkomlega hlutlausar áætlanir og samanburður á kostnaði við staðsetningu nyrðra eða syðra. Kostnaðaraukinn við staðsetningu nyrðra, hvort heldur með virkjun Dettifoss eða við Búrfell, var allt of mikill til þess, að sú leið væri fær, ekki vegna Svisslendinga, heldur okkar vegna. Það er svo vert að hafa í huga, að þótt Búrfell sé virkjað fyrst og álbræðsla reist við Hafnarfjörð, mun það án efa flýta virkjun Dettifoss og leggja grundvöll að stóriðju nyrðra, ef menn óska.

Ríkisstj. hefur fullan skilning á nauðsyn þess að koma í veg fyrir óeðlilega röskun byggðarinnar. En sannleikurinn er sá, að tilflutningur fólks úr strjálbýli til þéttbýlis stafar ekki eingöngu og jafnvel ekki fyrst og fremst af atvinnulegum, heldur félagslegum og menningarlegum ástæðum. Aldrei áður hefur jafnmiklu fé verið varið til framkvæmda víðs vegar úti um land og nú síðustu árin, og fyrst nú hafa kerfisbundin átök verið gerð í því skyni. Ríkisstj. mun næstu daga leggja fyrir Alþ. frv. um myndun sjóðs, sem á næstu árum getur haft til ráðstöfunar hundruð millj. kr., sérstaklega til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þegar þess er gætt, að á næsta áratug má ætla, að vinnufæru fólki fjölgi um 16—17 þús. manns, sjá menn í senn, hversu fjarstæðar eru kenningarnar um, að bygging og starfræksla álbræðslu

umturni þjóðfélaginu, og hversu ábyrgðarlaust það er gagnvart hinni uppvaxandi kynslóð að gera ekki ný átök til eflingar atvinnulífi þjóðarinnar til að tryggja afkomuöryggi hinna mörgu nýju vinnufæru borgara. Vissulega dettur engum í hug að efla ekki með öllum skynsamlegum hætti núverandi atvinnuvegi. En miðað við reynslu og horfur væri fullkomið ábyrgðarleysi af stjórnarvöldum að treysta því, að núverandi atvinnugreinar, sem einmitt þarf að tæknivæða enn meir, geti tekið við allri fjölgun vinnandi fólks.

Það er dálítið kaldhæðnislegt, að stjórn landssamtaka verkalýðsins skuli mótmæla tilkomu nýs stóriðjuvers. Þá var þó skiljanlegri á sínum tíma andstaðan gegn kolakrananum, þótt óskynsamleg væri. Á sama tíma mega afskipti búnaðarþings teljast furðuleg, þegar þess er gætt, að sízt eru horfur á því, að landbúnaðurinn geti á næstu árum veitt fleira fólki atvinnu. Þótt full atvinna sé í landinu, lífskjör almennings hafi aldrei verið betri, framleiðsluaukning meiri en í flestum öðrum löndum og hlutur ríkissjóðs í þjóðartekjunum minni en víðast annars staðar, er engum ljósara en ríkisstj. sjálfri, að við ýmsar hættur er að fást í efnahagsmálum. Þótt tekizt hafi að halda áfram að bæta aðstöðuna út á við, hefur verðbólgan aukizt hættulega mikið. Verðbólga er nú mjög vaxandi vandamál í flestum nálægum löndum, og mun það tíðindum sæta, að á s. l. ári urðu verðlagshækkanir meiri í Danmörku en hér. Þótt hækkandi verðlag í viðskiptalöndum okkar geri vissulega ekki viðskiptaaðstöðu okkar betri, dregur það ekki úr nauðsyn þess að sporna gegn verðbólgunni.

Dýrtíðin er meinsemd, sem allir í orði virðast einhuga um, að þurfi að stöðva, en því miður verður minna úr andstöðunni oft, þegar á hólminn er komið. Stjórnarandstæðingar halda því óspart á lofti, að verðbólgan sé ríkisstj. að kenna. Þetta er vitanlega fullkomin fjarstæða. Verðbólgan hefur verið eitt erfiðasta vandamál ríkisstj. allra flokka í meira en tvo áratugi. Orsakir hennar eru ýmsar, en meginþættirnir eru kaupgjaldið og búvöruverðið. Í þessari baráttu hafa ýmis ráð verið reynd, bæði frjálst samkomulag og lögþvinganir í ýmsum myndum. Það er skoðun ríkisstj., að eina farsæla leiðin út úr þessum vanda sé samkomulag við áhrifaríkustu aðilana um raunhæfar og sanngjarnar aðgerðir í launa- og verðlagsmálum, grundvallaðar á viðurkenningu staðreynda og fullum heilindum. Þróun kjarasamninga síðustu tveggja ára gefur vissar vonir um, að sá skilningur sé að aukast, og með auknum rannsóknum á eðli efnahagsþróunarinnar, sem mjög hefur þokað í jákvæða átt síðustu árin, á að vera auðið fyrir alla þá, sem í alvöru vilja sporna gegn verðbólgunni, að finna lausn vandans með alþjóðarhagsmuni fyrir augum.

Menn verða að venja sig af að skoða verðlags- og kaupgjaldsmál gegnum pólitísk gleraugu, heldur frá raunhæfu hagsmunasjónarmiði þjóðfélagsstéttanna og þjóðarheildarinnar. Að vísu reka við okkur þar á hinn mikla vanda að finna skiptigrundvöll þjóðartekna, en allra aðila vegna verður að finna hann.

Alger uppgjöf fyrir efnahagsvandamálunum hrakti núv. stjórnarandstöðuflokka úr stjórnarsessi haustið 1958. Síðan hefur öll orka þeirra beinzt að því að finna einhver úrræði til að koma ríkisstj., sem tók við þrotabúi þeirra, frá völdum. Hins vegar hefur þeim á 6 ára hvíldartíma gersamlega láðst sú sjálfsagða skylda stjórnarandstöðu að marka ákveðna stefnu, svo að þjóðin vissi, hvað við tæki, ef þeim væri fengin forustan. Það eru auðvitað alltaf til ævintýramenn, sem vilja kanna ókunna stigu, en meginhluti fólks vill vita, hvert það leggur leið sína, þegar afkoma þess og framtíð er í húfi. Er þess því naumast að vænta, að almennt sé fólk fúst til að fylgja leiðsögumanni, sem síðast skildi við það á barmi hengiflugs, þótt leiðsögumaðurinn síðar reyni að lokka það inn á „þriðju leiðina“ eða „hina leiðina“, meðan honum vefst jafngersamlega tunga um tönn að gera grein fyrir, hvert leiðin liggur. Ætli fólk kjósi þá ekki fremur að sinni að fylgja þeim, sem forðuðu því frá hengifluginu og hafa síðan leitt það um vegu, sem enn sem komið er a. m. k. hafa legið til aukinnar farsældar og frjálsræðis, jafnvel þótt mönnum kunni að þykja sú leið ekki ætíð nægilega auðfarin? — Góða nótt.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Góðir hlustendur. Vantraust á ríkisstj. á djúpan hljómgrunn í brjóstum þjóðarinnar. Væri þjóðin nú spurð, væri stjórnin fallin. Hennar líf treinist nú aðeins fyrir tilverknað handjárnaðs þingliðs. Ef aðeins 2 þm. í þingliði stjórnarinnar reyndust þeir menn að hlýða kalli sannfæringar og samvizku, væri stjórnin vissulega fallin.

Það er fyrsta skylda þingræðisstjórnar í lýðræðislandi, ef hún kemur ekki fram aðalmálum stefnu sinnar, að biðjast þá lausnar. Þessari frumskyldu hefur núv. ríkisstj. brugðizt. Hún komst fyrir löngu í algerar ógöngur og þrot með framkvæmd stefnu sinnar. Síðan hefur hún verið máttlaus, reikul og ráðalaus og allt sigið fyrir henni sífellt meir á ógæfuhlið. Allt þetta hefur verið rækilega rakið og fullsannað af stjórnarandstæðingum í þessum umr.

Stjórnarstefnan er orðin gatslitin og stagbætt flík með bót á bót ofan. Allt er orðið vafið styrkjum og uppbótum til bráðabirgða. Allir framleiðsluatvinnuvegir þjóðarinnar stynja undir afleiðingum stjórnarstefnunnar, og hörðustu fylgismenn Sjálfstfl. í forustuliði atvinnulífsins rekja harmatölur sínar og raunir í heyranda hljóði og lýsa sök á hendur ríkisstj. ýmist í sjálfu Morgunblaðinu eða í blöðum stjórnarandstæðinga. Svona ógæfulega getur ekki farið í mesta góðæri, sem yfir land og þjóð hefur komið, nema stjórnarstefnan sé alröng í grundvallaratriðum, og það er hún. Ástand atvinnuveganna er órækasta sönnun þess.

Þá er skattniðslan á almenningi og ranglætið í skattamálum vegna útbreiddra skattsvika hinna stóru slíkt, að fádæmum gegnir. Ég tek aðeins eitt dæmi. Verkamaður fékk nýlega bréf frá skattstofunni. Skattskýrsla hans sýndi, að hann hefði haft 132 þús. kr. til framfæris sér og fjölskyldu sinni, þ. e. að frádregnum sköttum og útsvari. Og nú var boðskapur embættismannskunnar þessi: Á þessu getur þú ekki lifað, góði minn. Þér verða áætlaðar tekjur og skattur, ef ekki koma upplýsingar, sem gera þetta skiljanlegt. —

En nú skal upplýst, að verkamannskaupið er 41.74 kr. á klst. eða 333.92 kr. á dag fyrir 8 stunda vinnu. Sé unnið alla virka daga ársins, þ. e. a. s. 300 daga, eru verkamannstekjur 100 176 kr. Hvernig skyldi hann nú eiga að fara að því að lifa á þessari upphæð? Það virðist óráðin gáta. En vinni hann 2 tíma í aukavinnu hvern virkan dag ársins, verða tekjur hans 142500 kr. Að frádregnum sjúkrasjóðsgjöldum og öðrum slíkum gjöldum stendur hann einmitt í sporum verkamannsins, sem skattstofan sendi áminningarbréfið með 132 þús. kr. til framfæris fjölskyldunni. Sjálfsagt er það rétt, að erfitt sé að framfleyta fjölskyldu af slíkum tekjum, en þannig eru nú verkamannakjörin. Svívirðan liggur hins vegar í hinu, að honum átti að áætla skatt, honum var hótað hörðu, og það sýnir einmitt, að hér er gengið fastar fram í eltingarleik við fátæklinga en við skattsvikarana allt í kringum þá.

En hafi menn haldið, að syndamælir stjórnarinnar væri fullur orðinn, skal nú út af flóa. Á mánudaginn kemur tekur hæstv. iðnmrh., Jóhann Hafstein, handskrift sína og undirritar með fyrirvara um samþykkt Alþ. síðar samninga við erlendan auðhring, Swiss Aluminium, um risastóra álúmíníumbræðslu, sem rísa skal við Straumsvík hjá Hafnarfirði. Þess hefur greinilega orðið vart, að menn í öllum landshlutum, öllum stéttum og flokkum bera ugg í brjósti vegna þessa máls og þeirrar gerbreyttu stefnu, sem það boðar í íslenzku atvinnulífi gagnvart erlendu auðmagni. Menn sjá, að málið getur orðið örlagarikt fyrir framtíð þjóðarinnar. Aðvörunarraddir berast að úr öllum áttum, en stjórnin daufheyrist við, veit sig raunar í minni hl. með þjóðinni, en virðist samt ætla að treysta á flokksagann og handjárnin í þingsölunum. Margir helztu forustumenn í sjávarútvegi og fiskiðnaði hafa varað við og mótmælt fyrirhuguðum álúmíníumsamningum. Búnaðarþing, sem skipað er roskn-um og ráðsettum bændahöfðingjum, gerði samþykkt gegn álúmíníummálinu og taldi málið óheillavænlegt, ef framkvæmt yrði. Einstakir bændur hafa líka látið til sín heyra, og eru þeir yfirleitt ekki taldir öfgamenn. Einn þeirra segir:

„Nú er í álúmíníummálinu kropið fyrir þjóðernislausri ófreskju, sem ekki þekkir annað síðalögmál, sem sé gullinu æðra. Henni eigum við nú að fórna með samningi um aldarfjórðungs skeið dýrmætustu vatnsréttindum landsins, fá henni börn okkar til að mala meira gull og enn meira, en þola innstreymi erlends úrkastslýðs ella, og fá henni með þessu aðstöðu til að segja fyrir, hvernig við skulum sitja og standa í landi okkar. Milljarðafyrirtæki lætur nefnilega ekki afskiptalaust, hverjir fara með völd í landinu. Þjálustu og þægustu mennirnir hljóta velþóknun þeirra, sem hjartað og pyngjan eru eitt. Gegn þessu eigum við að fá milljónatölu ísl. kr. allháa, en verðlitla nú, verðminni að ári, e. t. v. verðlausa áður en lýkur leigutímanum. Þetta allt eru tortryggilegustu viðskipti, sem átt hafa sér stað á Íslandi. Öðrum megin gullgræðgin og þorstinn óslökkvandi, hins vegar lítilþægnin, ósjálfstæðið, auðmýktin og nokkrir silfurpeningar."

Þetta segir bóndinn. Hjá honum kveður við líkan tón og hjá Sigurði Líndal í Morgunblaðinu í fyrradag, sem skrifaði snjalla hugvekju um öfuga sjálfstæðisbaráttu, sem nú sé í hávegum höfð.

Síðan gerir bóndinn samanburð á þessum samningum og nýgerðum alúmíníumsamningi sama auðhrings við Norðmenn. Hann segir:

„Sannanirnar fyrir því, hvað samningarnir eru hraksmánarlegir, eru lagðar okkur upp í hendur. Samanburður þess, hvað Norðmönnum er boðið í sömu andrá og af sömu aðilum og Íslendingum, sýnir sig. Andskotanum er ekki réttur litli fingurinn, heldur höndin öll við fyrstu kveðjur, og hver efast þá um, að hann þrífi líka hina?"

Þið heyrið af þessu, góðir hlustendur, að þessum gáfaða bónda er heitt í hamsi. Orð hans eru einlæg og alvöruþrungin aðvörun fyrir slys. Og þannig finnur þjóðin til í þessu máli, það má stjórnin vita. En varnaðarorðin berast víðar að. Alþýðusamband Norðurlands hefur lýst yfir eindreginni andstöðu við málið. Hið sama hefur fjöldi einstakra verkalýðsfélaga gert, þ. á m. verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík, og A. S. Í. hefur vandlega fylgzt með undirbúningi þessa máls, kannað öll gögn þess undireins og tiltæk voru, rætt vinnumálahlið þess við umboðsmann alúmíníumhringsins og haft um það fleiri en eina umr. á fundum miðstjórnar. Síðan tók miðstjórn A. S. Í. rökstudda afstöðu til málsins með ályktun, sem ég tel að eigi fyllsta erindi til þjóðarinnar. Ályktun A.S.Í. er á þessa leið:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur, að hugsanleg samþykkt á fyrirhuguðum samningi íslenzka ríkisins og Swiss Alumínium um stofnun alúmíníumverksmiðju hér á landi mundi marka nýja og hættulega stefnu í íslenzkum atvinnumálum, þar sem horfið yrði í ríkum mæli frá þeim skráðu og óskráðu lögmálum, sem fylgt hefur verið fram til þessa, sem sé þeim, að íslenzk atvinnufyrirtæki væru byggð á íslenzku framtaki, fjármagni í eign Íslendinga eða undir þeirra ráðstöfunarvaldi og að öllu á íslenzkum lagagrundvelli, en horfið að því að veita erlendum aðilum óskoruð yfirráð yfir stórfyrirtækjum á íslenzkri grund og gera útlendinga þannig að sterkum áhrifaaðila í atvinnulífi þjóðarinnar og efnahagsþróun landsins og veita þessum aðilum að auki margs konar og mikilvæg forréttindi umfram íslenzka atvinnurekendur og jafnvel undanþiggja þá í mörgum greinum íslenzkri lögsögu. Vill miðstjórn A.S.Í. beina sterkum aðvörunarorðum sínum til allrar alþýðu, til þjóðarinnar og til löggjafarvaldsins gegn þessari grundvallarstefnubreytingu í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar og lýsir eindreginni andstöðu sinni gegn henni. Með tilvísun til þeirrar túlkunar, sem frammi er höfð af forvígismönnum hinnar erlendu stóriðju, þeirri, að með samningum við Swiss Aluminium sé aðeins um að ræða upphaf annarra og meiri framkvæmda, sem í sömu átt stefna, er því ekki aðeins um að ræða einangraða framkvæmd, heldur fyrsta spor í þá átt að skerða efnahagslegt sjálfsforræði þjóðarinnar með vaxandi erlendri íhlutun í atvinnulífinu. Miðstjórn A. S. Í. telur, að fyrir liggi nú óyggjandi upplýsingar um fjölmörg fyrirhuguð samningsatriði við Swiss Aluminium, sem leiða hljóti til þeirrar niðurstöðu, að samningunum beri algerlega að hafna af hálfu Íslendinga. Í því sambandi vill miðstjórnin m. a. benda á eftirfarandi:

1. Raforkuverð til alúmíníumbræðslunnar yrði lægra en nokkurs staðar þekkist í Vestur-Evrópu og vafalaust undir kostnaðarverði, ef litið er til framleiðslukostnaðar íslenzkrar raforku til langs tíma eða þess tíma, sem samningurinn á að gilda. Samningurinn mundi því hækka orkukostnað íslenzkra atvinnugreina, og annarra íslenzkra orkunotenda.

2. Framkvæmdir og rekstur alúmíníumhringsins yrðu hafnar á tímum verðþenslu og vinnuaflsskorts í undirstöðuatvinnugreinum landsmanna og hefðu því vafalaust áhrif í þá átt að torvelda æskilega þróun þeirra og tefja almennar framfarir og framkvæmd, auk þess sem þær mundu magna verðbólgu og þannig skerða lífskjör alls almennings beint og óbeint.

3. Með tilkomu hinna erlendu stórframkvæmda væri innflutningur erlends vinnuafls jafnframt fyrirhugaður í meiri eða minni mæli og raunar beinlínis um hann samið. En slíkt hlyti að leiða af sér áður óþekkt vandamál á vinnumarkaðnum.

4. Hið erlenda fyrirtæki yrði sakir stærðar sinnar og fjármagns mikill áhrifaaðili um kjaramál vinnumarkaðarins og þannig beinn þátttakandi í öllum átökum um arðskiptingu í íslenzku þjóðfélagi.

5. Fyrirhugað er að veita hinu erlenda fyrirtæki margháttuð forréttindi, svo sem í tolla- og skattamálum, meðferð gjaldeyris, svo og algert frelsi til þess að flytja hagnað sinn af rekstrinum úr landi. Auk þess er fyrirhugað, að það geti skotið deilumálum við íslenzka aðila til erlends gerðardóms, en lúti ekki í þeim efnum íslenzkum lögum, nema það sjálft kjósi.

Af fyrrgreindum ástæðum ályktar miðstjórn A. S. Í., að fyrirhugaður samningur um erlenda stóriðju sé hvort tveggja í senn andstæður hagsmunum íslenzkrar alþýðu og íslenzku þjóðarinnar og gangi í berhögg við þá meginstefnu hennar að byggja lífskjör sín og efnahagslegar framfarir á framtaki þjóðarinnar sjálfrar og því fjármagni, sem hún sjálf skapar eða er fær um að afla sér án annarlegra og óaðgengilegra skilmála, og sé því þjóðinni bæði óhagkvæmur og ósæmandi. Því skorar miðstjórnin á öll þjóðholl öfl í landinu að snúa bökum saman gegn hinum fyrirhugaða stóriðjusamningi og hindra framgang hans."

Þetta er, eins og menn heyra, brennandi aðvörun A. S. Í. til allrar alþýðu, til þjóðarinnar, til löggjafarvaldsins og til Swiss Aluminium. Stjórnarmeirihl. er hinir tveir þm., í andstöðu eru verkalýðssamtökin, bændasamtökin, ýmis önnur samtök framleiðslustétta og fjöldi einstaklinga úr öllum flokkum og stéttum. Þetta er margbrotið mál og stórt í sniðum, svo stórt, að þjóðin á rétt á því, að það sé lagt undir hennar úrskurð, þjóðaratkv. Og ég spyr, eins og áður hefur verið spurt í þessum umr.: Vill ríkisstj. leggja málstað sinn undir þann sjálfsagða dóm? Við sjáum, hvað setur um það.

Ég undirstrika nú eftirfarandi atriði varðandi það, sem Alþýðusambandið annars hefur tekið fram: Hyggið að þeim reginmun, sem verður á raforkuverði til alúmíníumhringsins og til íslenzkra orkunotenda, einkum þegar líður á samningstímann. Hyggið að, hversu undirstöðuatvinnuvegunum muni vegna að tryggja sér nauðsynlegt vinnuafl, þegar samtímis bætast ofan á yfirfylltan vinnumarkað stórframkvæmdir eins og þær, sem nú skal greina, og allar samtímis: hernámsframkvæmdirnar í Hvalfirði, Búrfellsvirkjunin, bygging varaaflstöðva, bygging alúmíníumbræðslunnar við Straum með öllu því, sem henni fylgir, og heil stórskipahöfn við Straumsvík með meiru. Hyggið að, hversu verðbólguflaumurinn muni magnast og ólga, almennar framfarir innanlands bíða hnekki og ríkisstj. verða alls ómerkur samningsaðili um stöðvun dýrtíðarvandamáls. Hyggið að þeim alvarlegu vandamálum, sem fylgja munu innflutningi erlends vinnuafls í stórum stíl. Hyggið að þeim áhrifum, sem hinn erlendi risi á hinum litla íslenzka vinnumarkaði hlýtur að hafa á glímuna um skiptingu vinnuverðmætanna. Auk þess hefur líka komið til tals, að Swiss Aluminium gangi beint í vinnuveitendasamtökin og efli þannig andstæðinginn beinlínis með fjármunum. Hyggið loks að öllum þeim forréttindum, sem erlendi auðhringurinn á að njóta umfram íslenzk fyrirtæki, og þá ekki síst að hann flytur allan gróða sinn úr landi, rétt eins og dönsku einokunarkaupmennirnir gerðu áður fyrr. Þá er það toppmæld svívirðing við íslenzka dómstóla og réttarfar, að íslenzka félagið ÍSAL skuli vera samið undan íslenzkri lögsögu og geti flúið með deilumál sín til erlends gerðardóms. SID-samþykktin, sem byggja skal á erlenda gerð, hefur aðeins verið fullgilt af þremur löndum í Afríku, Fílabeinsströndinni, Mið-Afríkulýðveldinu og smáríkinu Máritaníu. Og þarna þóknast þeim að vísa Íslandi til sætis.

Þá er og skylt að geta þess, að það er algert einsdæmi, eftir því sem ég bezt veit, að sjálfstætt ríki semji við einstaklinga annars ríkis, eins og er gert með þessum samningi. Hið versta er þó ekki þetta eina mál út af fyrir sig, svo illt sem það þó er, heldur hitt, að hér er tekin upp ný stefna, sem stig af stigi gæti brotið niður efnahagslegt sjálfsforræði þjóðarinnar.

Herra forseti. Tími minn er víst senn á þrotum. En að lokum vil ég samt segja þetta: Ég mótmæli því eindregið, að við séum á nokkurn hátt til neyddir að leggja út í alúmíníumævintýrið, því að án þess getum við ekki leyst raforkumál okkar, eins og stjórnarherrarnir segja. Þetta er rangt með öllu. Þetta er alger falskenning. Ríkisstj., sem vantreystir íslenzkum bjargræðisvegum og íslenzkri þjóð, á og verður að falla. Byggja verður hins vegar upp stjórnarstefnu, sem miði grundvöll sinn við þörf og gengi íslenzkra framleiðsluatvinnuvega. Fullvinnsla íslenzkra afurða til lands og sjávar margfaldar þjóðartekjur og fullnægir allri okkar vinnuaflsþörf eftir hendinni, og þangað ber vissulega geirnum að snúa. Sameinum öll þjóðleg og framsækin öfl um íslenzka efnahagsstefnu, höfnum því að gefa erlendum auðhringum yfirráðaaðstöðu í atvinnulífi þjóðarinnar.

Alþb. er nú að efla skipulag sitt. Stofnað var Alþb.-félag á Húsavík um seinustu helgi, og allir, sem unna málstað Alþb., eiga að mæta á stofnfundi Alþb. í Reykjavík í Lídó á miðvikudaginn kemur. Síðan mun Alþb. leggja sig fram um það að laða vinstri öflin til samstarfs um íslenzka framfarastefnu. Stjórnarstefna byggð á bjargi

verkalýðssamtaka og samvinnuhreyfingar og á lýðræðislegum sósialisma verður að leysa óheillastefnu núv. ríkisstj. af hólmi. — Góða nótt.

**Sjútvmrh. (Eggert G. Þorsteinsson):** Herra forseti. Góðir Íslendingar. Aldrei fyrr hef ég heyrt forustumann verkalýðssamtaka vara við of mikilli atvinnu í landinu, en þessu höfum við nú orðið áheyrendur að.

Það er nú þegar ljóst í þessum umr., hver ástæðan er til flutnings þeirrar vantrauststill., sem hv. stjórnarandstæðingar hafa nú flutt hér sameiginlega. Grunntónninn er sá, að flm. till. vilja með henni reyna að sýna almenningi í landinu, að í a. m. k. einu máli geti þeir verið sammála: að vera á móti tillögu- og frv.-flutningi ríkisstj. og þar af leiðandi öllu framkvæmdastarfi hennar í reynd. Þegar þeir hafa svo í umr. um þessi mál á hv. Alþ. verið því spurðir, á hvern hátt annan þeir kysu að umrædd vandamál væru leyst, fást ýmist engin svör eða svarað er með því að segja: Það er ekki hlutverk stjórnarandstöðu að vísa stjórninni veginn til lausnar vandamála. — Að sjálfsögðu á þetta ekki undantekningalaust við alla hv. stjórnarandstæðinga. Heiðarlegar og ágætar undantekningar eru frá þessari reglu, sem vert er að minnast. Hvort tveggja er, að þessar undantekningar eru þó enn of fáar og hið neikvæða og ófrjóa virðist vera í meiri hl. í báðum stjórnarandstöðuflokkunum, með þeim afleiðingum, að áhrif þeirra á gang mála verða ýmist engin eða vart merkjanleg til jákvæðra framfaramála. Þetta er mikið alvörumál, ekki aðeins fyrir kjósendur, er fólu þessum flokkum trúnað sinn í síðustu kosningum, heldur fyrst og fremst fyrir þjóðarheildina. Slík afstaða hlýtur að vekja allt hugsandi fólk til meðvitundar um mikilvægi kosningarréttarins og það, hverjum trúnaður með honum er veittur hverju sinni.

Allir landsmenn, sem hafa látið sig atvinnumál einhverju skipta, hafa í áratugi fundið að því andvaraleysi, er þeir hafa talið vera ríkjandi um varanlega tryggingu atvinnu í landinu. Til rökstuðnings þessum skoðunum hefur verið bent á þá hættu, sem þjóðinni allri og þá sér í lagi vinnandi fólki stafaði af því að eiga alla sína afkomu undir sveiflukenndu fiskimagni og síbreytilegri veðráttu frá ári til árs. Reynsla undanfarandi áratuga hefur verið talin næg sönnun þess, að tryggja verði jafnframt betur aðrar atvinnugreinar, sem ekki væru jafnháðar árstíðabundnum aflabrögðum og hvikulli veðráttu. Ríkisstj. hefur talið það skyldu sína að kanna til hlítar hugsanlega möguleika til varanlegri tryggingar atvinnu í landinu og þá fyrst og fremst með það í huga að hagnýta jafnframt þá möguleika, sem felast í óbeizluðum auðlindum landsins. Eftir langa og ýtarlega rannsókn hefur athyglin beinzt að stórvirkjun í Þjórsá, svo sem hæstv. iðnmrh. hefur þegar rækilega útskýrt. Til að fá þessa orku nægjanlega hagkvæma og ódýra þarf að virkja stærra en íslenzkur markaður hefur þörf fyrir næstu áratugi. Þess vegna þarf að tryggja sölu þessarar orku við því verði, sem staðið getur undir kostnaði við virkjunarframkvæmdir. Sá aðili, sem að fyrrgreindri rannsókn lokinni var talið þjóðhagslega hagkvæmast að taka upp samninga við, var svissneska alúmíníumfyrirtækið Swiss Aluminium. Fyrirtækið þarf til sinna afnota þá raforku, sem við getum af hendi látið, um leið og við með sölu orkunnar tryggjum öruggan rekstur orkuversins. Þegar þessar staðreyndir liggja fyrir og stjórnarandstæðingar hafa haft opinn aðgang að því að fylgjast með aðdraganda þeirrar niðurstöðu, heitir viðurkenning staðreyndanna nú allt að því landráð eða afsal landsréttinda. Þá er allt í lagi, engin þörf á atvinnutryggingu og engin ástæða til að óttast aflabrest eða slæmt tíðarfar. Öll fyrri rök með erlendu fjármagni til tryggingar íslenzku atvinnulífi eru nú ekki lengur frambærileg og heita nú á þeirra máli undirlægjuháttur við erlenda auðhringa. Í andstöðuhitanum er jafnvel gengið svo langt að fullyrða, að undanfarin ár hafi ríkisstj. vísvitandi haldið að sér höndum um framkvæmdir og í stuðningi við framfarir í aðalatvinnuvegi landsmanna, sjávarútveginum, til að auðvelda stóriðju inngöngu í íslenzkt athafnalíf. Þannig fá hv. stjórnarandstæðingar út þá niðurstöðu, að umrædd stóriðja sé tilræði við íslenzkan sjávarútveg sérstaklega og yfir höfuð við innlent athafnalíf.

Það er því ekki að undra, þótt hinum almenna manni, er les slík skrif og hlustar á þann málflutning, komi til hugar hin óyfirvegaða afstaða mannanna, er á sínum tíma reyndu að mótmæla komu talsímans til Íslands með óvenjulegri fylkingu manna og hesta til Reykjavíkur. Nútíðarskoðanabræður talsímamótmælenda töldu fyrir fáum árum, þegar kjördæmaskipun landsins var breytt til að jafna kosningarrétt landsmanna, að af því mundi leiða grasleysi til sveita og aflaleysi til sjávar, m. ö. o. móðuharðindi af manna völdum. Kjördæmaskipun landsins var eigi að síður breytt, og hið gagnstæða birtist landsfólkinu í ljósi staðreyndanna. Afli hefur aldrei verið meiri en síðan og offramleiðsla í landbúnaði vegna aukinnar ræktunar er nú helzta vandamál þeirrar atvinnugreinar.

En þá er rétt að minnast þeirra ásakana, sem uppi hafa verið hafðar um aðgerðaleysi stjórnarvalda í sjávarútvegi á samstarfstíma núv. stjórnarflokka frá árinu 1959. Heildarfjárfesting þjóðarinnar til fiskveiða og fiskvinnslu hefur á þessu tímabili numið 3158 millj. kr. og þess vegna aldrei verið meiri. Fiskiskipaflotinn hefur í heild aukizt um 20 þús. lestir eða úr 57800 lestum í 77900 lestir. Vélbátum yfir 100 rúml. fjölgaði á þessu tímabili um 123, og enn eru að koma með skömmu millibili ný og stærri fiskiskip í veiðiflotann, sem smíðuð eru bæði innanlands og utan. Það eru þessi skip, sem hafa fært að landi meginhluta hins dýrmæta síldarafla síðari ára. Afkastageta frystihúsanna hefur aukizt á s. l. 4 árum, eða frá árinu 1961 til ársloka s. l. árs, miðað við 16 klst. vinnutíma, úr 1927 lestum í 2503 lestir eða um 25%. Bræðsluafköst síldarverksmiðjanna hafa aukizt frá árslokum 1958 til ársins 1965 úr 70840 málum á sólarhring í 120250 mál á sólarhring. Þróarrými síldarverksmiðjanna hefur á sama tíma aukizt úr 414 þús. málum í 700 þús. mál. Útflutningur sjávarafurða jókst á því 4 ára tímabili, sem endanlegar tölur liggja nú fyrir um, frá árinu 1960—1964, úr 2650 millj. kr. í 4384 millj. kr. Heildaraflamagnið á þessum árum, sem fyrst og fremst er að þakka hinni öru endurnýj-

un á stærri gerðum fiskiskipaflotans og fullkomnari veiðitækni þeirra, sér í lagi á síldveiðum, jókst á árunum 1959—1965 úr 400 þús. smál. í 1 millj. 90 þús. smál. Þessar stórstígu framfarir síðustu ára í íslenzkum sjávarútvegi vitna glöggt gegn öllum ásökunum um, að núv. ríkisstj. hafi haldið að sér höndum um framfarir og endurbætur í þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar.

Nú sem áður er erfiðleikum bundið að spá um framtíð íslenzks sjávarútvegs. Tvennt er þó ljóst, að þrátt fyrir tilkomu nýrra atvinnugreina og nýrra iðjuvera til tryggingar atvinnulífi landsmanna verður sjávarútvegurinn enn um ófyrirsjáanlega framtíð lífæð þjóðarinnar, og s. l. 7 ár hafa verið mesta framfaratímabil í sögu fiskveiða og fiskvinnslu hér á landi. Þessi undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar á þrátt fyrir fyrrgreindar og óvefengjanlegar framfarir nú sem fyrr við sína tímabundnu erfiðleika að stríða, sér í lagi í tveim greinum fiskiskipa, þ. e. á togurum og minnstu stærðum vélbátaflotans. Tvær stjórnskipaðar n. vinna nú að athugun á vandamálum þessara mikilvægu greina veiðiflotans. En jafnframt því sem hugað er að lausn þessa vanda, er nauðsynlegt að gera sér ljóst, með hvaða hætti þjóðinni er hagkvæmast, að endurnýjun veiðiflotans eigi sér stað í framtíðinni.

Af hálfu hv. stjórnarandstæðinga hefur verið lögð áherzla á það, að alvarlegan vinnuaflsskort muni leiða af byggingu alúmíníumverksmiðju, sérstaklega meðan á byggingartíma stendur. Persónulega vil ég ekki gera lítið úr þeim vanda. Þrátt fyrir mjög sveiflukennda þörf okkar fyrir vinnuafl á undanförnum árum hefur í fullu samstarfi við verkalýðsfélögin tekizt að leysa þann vanda. Eftir sömu leiðum verður nú að leysa hinn tímabundna vanda sjálfs byggingartíma orkuversins og verksmiðjunnar.

Það hefur verið tiltölulega hljótt um hin félagslegu málefni hér á hv. Alþ. síðustu árin, og segir það eitt út af fyrir sig sína sögu. Á stundum hafa þau mál þó verið eitt helzta deiluefnið. Höfuðástæða til þeirra kyrrðar, sem nú hefur ríkt um þessi mál, er, að ríkisstj. hefur tekizt að ná samkomulagi og jafnvel beinu samstarfi við verkalýðssamtökin um lausn margra þeirra vandamála.

Eitt allra viðkvæmasta og um leið víðtækasta vandamál almennings hafa verið húsnæðismálin og þá sér í lagi lánsfjárskorturinn. Allt fram til ársins 1960 höfðu hlaðizt upp hjá húsnæðismálastofnuninni óafgreiddar lánsumsóknir, sem í allt að 3—4 ár höfðu enga fyrirgreiðslu hlotið vegna fjárskorts. Þessi langi biðtími eftir lánum jók að sjálfsögðu byggingarkostnaðinn með lengdum byggingartíma og kom fram í æ fleiri hálfbyggðum íbúðum, sem enginn hafði not af. Síðan hefur tekizt hægt og hægt að þoka lánsfjármálunum í það horf, að á s. l. hausti var í fyrsta sinn í 10 ára sögu stofnunarinnar hægt að afgreiða allar lánshæfar umsóknir, en á því ári nam heildarupphæð lánanna á 4. hundrað millj. kr. Höfuðástæðan til, að þessu marki var náð, var það samstarf um lausn þessa vanda, sem tókst milli ríkisvalds og verkalýðssamtaka með kjarasamningunum í júní 1964 og aftur í júní 1965.

Enn þá hefur ekki verið sigrazt á hinni hlið húsnæðisvandamálsins, þ. e. hinum háa byggingarkostnaði. Ríkisstj. hefur með frv. því, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþ. um breytingar á tollskrá, lagt til, að verulega yrðu lækkaðir tollar á ýmsum tegundum byggingarefnis og tilbúinna húshluta. Nauðsynlegt er, að þessar tollalækkanir komi raunverulega fram í lækkuðum byggingarkostnaði og að þrautreyndar verði allar færar leiðir til að lækka þennan viðtæka útgjaldalið almennings. Jafnframt þessari tollalækkun er samkv. fyrrgreindum kjarasamningum í undirbúningi hjá sérstakri n. byggingaráætlun um fjöldaframleiðslu íbúða. Full ástæða er til að ætla, að einnig um framkvæmd þessa mikilvæga máls takist nauðsynlegt samstarf og samvinna við verkalýðssamtökin og vonandi með sama árangri fyrir íbúðarbyggjendur og um lánsfjármálin. Án þess samstarfs verður vart raunhæfs árangurs að vænta. Öll lög og reglugerðir um opinber afskipti af húsnæðismálum eru nú í endurskoðun hjá húsnæðismálastjórn.

Af öðrum almennum félagsmálum, sem nú eru í undirbúningi á vegum ríkisstj., má nefna nefndarskipun til samningar frv. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn og endurskoðun l. um uppsagnarrétt verkafólks, og hinn 27. okt. s. l. var skipuð þriggja manna n. til að endurskoða gildandi lög og reglur um orlof. Fyrir Alþ. liggur nú frv. um breytingu á l. um atvinnuleysistryggingar, sem m. a. gerir ráð fyrir rýmkun á lánsheimildum sjóðsins, skemmri biðtíma eftir bótarétti og hækkuðum atvinnuleysisbótum.

Af framangreindu er ljóst, að ríkisstj. vill með raunhæfum hætti koma til móts við óskir verkalýðssamtakanna og alls almennings í landinu, svo sem aðstæður frekast leyfa hverju sinni, og metur mikils það samstarf, sem við samtökin hefur tekizt um framkvæmd vandasamra mála, er varða heill alþjóðar. Alþfl. mun í þessu stjórnarsamstarfi eins og áður beita áhrifum sínum til, að þeirri stefnu verði áfram haldið í fullu samræmi við allt fyrra starf flokksins í íslenzkum þjóðmálum s. l. 50 ár.

**Helgi Bergs:** Gott kvöld, góðir áheyrendur. Jóhanni Hafstein var mikið í mun áðan að sýna fram á aukinn hagnað af raforkusölu til alúmínbræðslu. Augljóst er, að hann og félagar hans óttast, að íslenzka þjóðin sé ekki nægilega stórhuga til þess að virkja Þjórsá við Búrfell, eins og ákveðið hefur verið, fyrir sjálfa sig, án þess að selja útlendingum vænan hluta af þessari ódýrustu orku sinni. Orkan frá Búrfellsvirkjun mundi endast okkur einum til 1985, en með alúmínbræðslu aðeins til 1976, og ekkert liggur fyrir um það, hvað þá taki við. Aðeins hlýtur að verða að gera ráð fyrir, að sú orka mundi verða dýrari, þar sem Búrfellsvirkjun er talin ódýrasta virkjunin, sem völ er á. Birtar eru yktar, villandi og beinlínis rangar frásagnir af því feiknafé, sem á að sparast við það að selja útlendingum ódýrustu orku okkar. Í Morgunblaðinu 24. febr. s. l. birti Jóhann Hafstein ráðh. grein, þar sem hann segir:

„Sé munurinn á rekstrargjöldum frá ári til árs lagður á 6% vöxtu, safnast í sjóð, sem árið 1976, er orðinn rúmar 300 millj. kr. og árið 1985 rúmar 600 millj. kr., ef bræðsluleiðin er farin."

Og nú í kvöld er ráðh. kominn upp í 860 millj. kr. Hvort tveggja er rangt og villandi, í fyrsta lagi vegna þess, að reiknað er með 2.2 aurum á kwst. hærra rafmagnsverði frá bræðslunni fyrstu 6 árin en raunverulegt er, en þessir aurar eru millifærsla til Landsvirkjunarinnar af skatttekjum af verksmiðjunni, en gert er ráð fyrir, að fyrstu 6 árin renni 3/8 hlutar skattanna til Landsvirkjunarinnar. Með 6% vöxtum til 1985 nemur þessi munur tæpum 200 millj. kr. eða nákvæmlega 194 millj., miðað við samningsbundið orkumagn, og um þessa upphæð eiga útreikningar ráðh. í fyrsta lagi að leiðréttast. Í öðru lagi eru útreikningarnir villandi vegna þess, að orka Búrfells verður fullnotuð 1976, ef bræðsla verður byggð, og enginn veit, hvað sú orka, sem við bætist eftir það, kostar, því að engar viðhlítandi áætlanir hafa verið um það gerðar og enginn veit, hvar næst verður virkjað. Í þriðja lagi eru áætlanir um rekstrarkostnað virkjunarinnar vægast sagt ónákvæmar, m. a. vegna óvissunnar um ísmyndunina og þær truflanir, sem af henni leiðir. Þessi óvissa er viðurkennd af öllum sérfræðingum, sem um málið hafa fjallað, þó að mat þeirra á því, hversu varlegir eða óvarlegir útreikningarnir séu, sé mismunandi. En jafnvel þótt fallizt væri á þessa útreikninga, hvað kemur þá í ljós? Sparnaður ráðh. ávaxtaður með 6% til 1985 og leiðréttur vegna skattamillifærslunnar var í febrúar talinn 400 millj. og nú 660 millj. kr. Það er hægt að fá háar tölur með því að reikna vexti langt fram í tímann. En hvað þýðir þetta í tölum, sem auðvelt er að átta sig á? Hvað þarf að spara árlega héðan í frá til 1985, til þess að það verði 400 millj. kr. þá með 6% vöxtum? Svarið er 10.9 millj. kr. á ári, eða ef nýja talan er tekin, 660 millj. kr., verður svarið 18 millj. kr. á ári. Samkv. bjartsýnustu útreikningum ráðh. er þá meðalsparnaður á ári 10—18 millj. kr. frá 1966—1985. Þótt um þennan sparnað væri að ræða, fer því víðs fjarri, að hann réttlæti, að ráðizt verði í alúminbræðslu, eins og nú er ástatt, og öðrum atvinnuvegum þar með stefnt í tvísýnu. Það er smápeningur miðað við það, sem í húfi er. En svo fer því raunar víðs fjarri, að þetta sé allt sparnaður. Það er nefnilega að verulegu leyti lán hjá framtíðinni. Ef við seljum ódýrustu orkuna útlendingum, förum við sjálfir fyrr að nota dýru orkuna. Af hverju skyldi ráðh. reikna dæmið til 1985, en ekki t. d. til 1995 eða þá til enda samningstímabilsins, ársins 2014? Það er af því, að upp úr 1985 fer að koma í ljós, hvernig þessi sparnaður hefnir sín, þegar við förum að nota dýrari orkuna sjálfir. Þá þarf að fara að borga lánið, sem nú á að taka fyrir rafmagnsreikningnum okkar hjá framtíðinni. Það verða önnur sjónarmið en rafmagnsgróði að ráða um það, hvort hér verður útlend stóriðja eða ekki.

Alþ. ákvað í fyrra að virkja Þjórsá við Búrfell. Spurningin nú er, hvort auka eigi virkjunarhraðann nú strax, til þess að selja orkuna til alúminbræðslu. Það er því næsta kátlegt að sjá í blaði í dag, að miðstjórn Alþfl. lýsir nú stuðningi sínum við Búrfellsvirkjunina. Þeir eru einu ári á eftir tímanum. Sú ákvörðun var tekin í fyrra. Það var myndarleg, stórhuga og rétt ákvörðun. Við skulum ekki spilla henni nú með því að sleppa 60% af orku virkjunarinnar frá okkur til annarra. Læt ég þetta svo nægja til þess að svara alúmínmönnum í kvöld, það mál verður rætt síðar.

Nær allir atvinnuvegir eiga nú við mikla og vaxandi örðugleika að etja eftir samfellt góðæri um árabil. Iðnaðurinn dregst saman, og kennt er um aukinni samkeppni vegna lækkaðrar tollverndar. Því hefur þó verið lofað í hvert sinn, sem tollverndin hefur verið rýrð, að aðrar ráðstafanir yrðu gerðar til þess að efla samkeppnishæfnina. En þær hafa látið á sér standa, eins og raun ber vitni. Það er þó raunar ekkert nýtt, að íslenzkar iðnaðarvörur þurfi að keppa við erlendar. Það hafa alltaf verið erlendar iðnaðarvörur á markaðinum hér í samkeppni við innlendar. Það, sem erfiðleikana skapar fyrst og fremst, er það, að tilkostnaðurinn hér innanlands eykst í sífellu og framleiðslukostnaðurinn verður of hár. Það er dýrtíðin, sem grefur undan iðnaðinum. Bændurnir standa frammi fyrir tekjurýrnun, verðlagsramminn er sprunginn, marga milljónatugi skortir á, að útflutningsuppbæturnar, sem allan vanda áttu að leysa, geti tryggt grundvallarverð.

Annar aðaltalsmaður ríkisstj. í landbúnaðarmálum, Gylfi Þ. Gíslason menntmrh., ræddi hér áðan um vandamál landbúnaðarins. Hann sagði, að vandinn væri fólgin í því, að framleiðslan hefði aukizt meira en neyzlan á undanförnum árum. Hvílíkt óttalegt slys, að það skyldi nú ekki hafa getað verið öfugt! Það var ekki von, að þeir vísu menn gætu varað sig á því, að framleiðslan ykist í samfelldu góðæri ár eftir ár. En þetta er ekki heldur mergur málsins. Ef verðlagsþróunin hefði orðið með skaplegum hætti, mundi ekki skorta neitt á, að útflutningsbæturnar nægðu fyrir grundvallarverði, þó að framleiðslan hefði aukizt eins og hún hefur gert. Það er tilkostnaðurinn við framleiðsluna, sem er orðinn of hár. Það er dýrtíðin, sem hefur grafið undan landbúnaðinum líka. Það var strax í ársbyrjun 1964, að nauðsynlegt reyndist að veita sjávarútveginum uppbætur til þess að forðast stöðvun hans. Síðan hefur alltaf öðru hverju þurft að gera nýjar og nýjar bráðabirgðaráðstafanir í sama skyni, en dýrtíðin hefur gert þær jafnóðum að engu og grefur í sífellu undan sjávarútveginum eins og öðrum atvinnugreinum. Síðast nú þessa dagana er Alþ. að samþykkja nýjar bráðabirgðaráðstafanir, sem augljóst er að verða ekki þær síðustu.

Til þess að veita sjávarútveginum uppbætur, sem nema 80 millj. kr., er boðað, að lækka eigi niðurgreiðslur, svo að ríkissjóður verði skaðlaus af, og það verður ekkert smáræði, því að hverri niðurgreiðslulækkun fylgir hækkun á kaupgjaldsvísitölu, sem kemur fram í öllu verðlagi og framleiðslukostnaði í landinu. 25 aurar af hverri kr., sem ríkissjóður sparar í niðurgreiðslur, fara í auknar kaupgreiðslur hjá honum sjálfum. Kaupgjald og verðlag mun strax hækka um 2½—3% og gefa dýrtíðarskrúfunni aukið snúningsafl, þyngja sjávarútvegsins mun fljótt léttast aftur um þessar 80 millj. kr. Með þessu ráðslagi gefur ríkisstj. frá sér síðustu slitrin af viðleitni sinni til viðnáms gegn dýrtíðinni.

Það þarf vissulega mikil brjóstheilindi til að fullyrða það, eins og Gylfi Þ. Gíslason gerði hér

áðan, að hvorki afkoma atvinnuveganna né gengisskráningin væri í hættu af þeirri dýrtíðarþróun, sem orðin er. Ráðh. lýsti því einnig mjög hér áðan, hversu þjóðartekjurnar hefðu vaxið. Hann hefði átt að gera grein fyrir því, hvert sú aukning hefur farið. Ekki hefur hún farið til atvinnuveganna, ekki til launþega, en hvert?

En Magnús Jónsson þekkir orsakir verðbólgunnar. Þær eru aðallega kaupgjaldið og búvöruverðið, sagði hann hér áðan, og þá vita launþegar og verkamenn það.

Í þeim áróðurspésa, Viðreisn, sem stjórnin tók fé úr ríkissjóði til að prenta og senda inn á hvert heimili í landinu, segir með feitu letri og venjulegu yfirlæti orðrétt á bls. 23:

„Ríkisstj. telur, að með þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem till. hennar fela í sér, muni nýtt viðhorf skapast. Útflytjendur verða framvegis að sæta ríkjandi gengi og geta ekki fengið aukinn launakostnað endurgreiddan í hækkuðum útflutningsbótum. Þá er það einnig ætlun ríkisstj. að leyfa engar verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu vegna launahækkana.“

Svo mörg voru þau orð. Laglega hafa þau verið haldin. Ríkisstj. boðaði aðgerðir í peningamálum og lofaði að nota þær til þess að skapa jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar, en hefur beitt þessum aðgerðum til þess að sölsa undir sitt harðsnúna og hlutdræga einræðisvald sem mest af fjármunum almennings til að ráðstafa þeim að geðþótta sínum. En jafnvægisviðleitnin var látin lönd og leið. Ríkisstj. lofaði stöðvun dýrtíðarinnar, en hefur staðið í þeirri mestu dýrtíðaróstjórn, sem hér hefur verið, síðan minnihlutastjórn Sjálfstfl. sat 1943. Hún hefur svikið flest, sem hún lofaði þjóðinni. Hún hefur brugðizt þeirri frumskyldu sinni að veita þjóðinni forustu í framfaramálum. Hún á ekki skilið traust þings eða þjóðar, og henni ber að fara frá. — Góða nótt.

**Forsrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Núv. ráðh. er fjarlægur sá hugsunarháttur, sem sumir andstæðinga okkar eru haldnir, að til séu óhagganleg sannindi um lausn allra vandamála, kenningar, sem í raun réttri geri þeim stjórnendum, sem slíka opinberun hafa hlotið, skylt að halda völdunum, hvað sem vilja kjósenda líður. Því miður eru það ekki yfirlýstir kommúnistar einir, sem eru helteknir þvílíku kredduofstæki. Það lýsir sér ótvírætt í þessum orðum hv. alþm. Helga Bergs, sem hann mælti á flokksstjórnarfundi framsóknarmanna hinn 15. marz s. l. og hljóðuðu svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þessu ári fara fram sveitarstjórnarkosningar, sem verða munu örlagaríkari en slíkar kosningar eru allajafna. Úrslit þeirra munu í verulegum atriðum móta vígstöðuna við alþingiskosningarnar að ári, en þær verða prófraun á þingræðisfyrirkomulag okkar. Fái ríkjandi meiri hl. ekki verðskuldaða hirtingu þá, þá hefur það fallið á prófinu.“

Þetta sagði Helgi Bergs. Enginn skyldi ætla, að hinn opinskái alþm., Helgi Bergs, væri einn í Framsfl. um þessa skoðun sína. Hinn 20. marz var í einni ritstjórnargrein Tímans komizt svo að orði:

„Kjördæmabreytingin seinasta var miðuð við það m. a., að Sjálfstfl. gæti haft verzlunarstöðu í sem flestar áttir.“

Þetta voru orð Tímans. Auðsætt er, að enn hafa framsóknarmenn engu gleymt og ekkert lært. Í huga þeirra býr ekki sú sannfæring, að kjördæmaskipun til Alþ. beri að haga svo, að vilji kjósenda njóti sín sem allra bezt, heldur hljóti hún að miðast við hagsmuni þeirra flokka, sem völdin hafa hverju sinni. Við sjálfstæðismenn höfum ætíð kappkostað að tryggja, svo sem unnt hefur verið, jafnrétti kjósenda. Andstaðan gegn þessu hefur fyrst og fremst komið frá framsókn armönnum, ekki sízt vegna þess, að þeir hafa talið þingræði og lýðræði falla á prófinu, ef Framsókn væru ekki tryggð völdin.

Sjálfstæðismenn vita, að það erum við þm., sem eigum samkv. þeim reglum, sem stjórnarskrá lýðveldisins setur, að ganga undir prófraun hjá kjósendum, en ekki þeir hjá okkur. Þegar þar að kemur, munu kjósendur fara eftir sínu eigin mati. Ólíklegt er annað en þeir finni, hver munur er orðinn á kjörum almennings frá því, sem áður var. Menn óttast að vísu sífelldar verðhækkanir og þar af leiðandi vaxandi verðbólgu. Gegn verðbólgu vinnur hver og einn bezt með því að kunna sér hóf, haga kröfugerð og framkvæmdum svo, að ekki hljóti að leiða til verðbólguvaxtar. En hingað til hafa aðvaranir verkað minna en skyldi, og stoða lítt gagnkvæmar ásakanir í þeim efnum. Allir þingflokkarnir hafa glímt við verðbólguna á síðasta aldarfjórðungi. Má raunar fara mun lengra aftur í tímann. Allt frá tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar hefur verið háð viðureign við jafnvægisleysi í efnahagsmálum hér á landi með gengissveiflum eða öðrum neyðarráðstöfunum á nokkurra ára fresti. Jafnvægisleysið hefur leitt af þeirri ferð frá allsleysinu, sem lengst af hefur einkennt þá öld, sem við lifum á.

En þótt ekki hafi tekizt að stöðva hér vöxt verðbólgu eða skapa hér fullt jafnvægi, hefur núv. ríkisstj. heppnazt að forða frá þeim afleiðingum verðbólgu, sem alvarlegastar eru taldar: annars vegar örbirgð þeirra, sem safnað hafa fé til efri ára, en glatað verðmæti þess vegna gildisrýrnunar gjaldmiðilsins, og hins vegar stöðvun framkvæmda og hagvaxtar af sömu orsökum.

Allir eru sammála um, að aldrei hefur verið betur að öldruðu fólki búið en einmitt hin síðari ár. Umbætur í tryggingarmálum, ekki sízt fyrir forustu ríkisstj., hafa skapað þar þáttaskil.

Engum getur dulizt, að hagnýtar framkvæmdir hafa aldrei verið meiri hér á landi en nú að undanförnu. Á sama stendur, hvert litið er þessu til staðfestingar. Horfum á sjávarútveginn, sem stjórnin er sökuð um að hún kunni ekki að meta. Í raunverulegum verðmætum var fjármunamyndun í honum að meðaltali 50% meiri árlega 1960—1965 en 1956—1959. Góð aflabrögð og hagstætt verðlag áttu sinn þátt í þessari stórkostlegu aukningu, en hún hefði ekki orðið nema fyrir forgöngu ríkisstj., m. a. um sambærilega aukningu stofnlána. Og hvað sem verðbólgunni líður, og hún hefur hættur í för með sér, getur hún aldrei gert að engu þá ótrúlegu aukningu þjóðarauðs, sem fólgin er í margháttuðum mannvirkjum innanlands. Á aðeins 7 árum, eða frá árslokum 1958 til ársloka 1963, hefur þjóðarauðurinn í mannvirkjum, vélum og tækjum aukizt úr 28

þús. millj. kr. í 41 þús. millj. kr. eða um 45%. Er þá reiknað á föstu verðlagi. Þessi aukning hefur að heita má öll sprottið af innlendum sparnaði, þar sem heildarskuldir þjóðarinnar við útlönd hafa miðað við þessa aukningu lítið sem ekkert hækkað á þessu tímabili eða aðeins um 500 millj. króna.

Það var orð að sönnu, sem Lúðvík Jósefsson sagði á Alþ. hinn 15. des. s. l.:

„Ég tel, að aldrei áður hafi þjóðin haft jafnmikla og góða möguleika til mikilla framkvæmda og framfara.“

Þessi orð Lúðvíks áréttaði hinn sama dag flokksmaður hans, Magnús Kjartansson, er sagði:

„Við þurfum sannarlega ekki að blygðast okkar í samanburði við aðra fyrir þá efnahagsþróun, sem hér hefur orðið á undanförnum áratugum. Og efnahagslega séð erum við betur færir til þess en nokkru sinni fyrr að ráðast í ný verkefni.“

Þetta var yfirlýsing Magnúsar Kjartanssonar.

Eins og Einar Olgeirsson útskýrði skörulega hér á Alþ. hinn 16. þ. m., er hið ánægjulegasta við þessa efnahagsþróun, að hún hefur ekki orðið einhverjum fáum útvöldum einum til gagns, eins og mátti skilja af orðum síðasta hv. ræðumanns, heldur eins og Einar sagði:

„Verandi núna með fremstu í löndum veraldar hvað efnahag snertir, a. m. k. árstekjur almennt, þótt kannske ríkidæmið sé ekki á við aðrar þjóðir.“

Þetta sagði Einar Olgeirsson.

Þessir vitnisburðir hljóða raunar nokkuð á annan veg en við heyrum frá sömu herrum í kvöld og höfum oftast áður heyrt. En sízt skyldum við hneykslast á því, þótt þeir endist ekki ætíð til að segja ósatt, heldur meta það við þá, þegar þeir vilja hafa það, sem sannara reynist, enda komast þessir menn að sjálfsögðu ekki hjá því að viðurkenna, að vöxtur þjóðartekna hefur aldrei verið til langframa örari en hin allra síðustu ár. Láta mun nærri, að þjóðartekjur hafi vaxið um 50% frá árinu 1953 þangað til 1965 á föstu verðlagi, og hafa launþegar í heild fyllilega haldið fyrra hlutfalli sínu í þeim vexti. Þessi mikli vöxtur er einsdæmi í sögu þjóðarinnar og er t. d. hin síðari ár um það bil tvöfalt meiri en til jafnlengdar 1956 og 1958.

Þrástagazt er raunar á því, að kaupgeta tímakaups verkamanna hafi minnkað. Sú fullyrðing hefur ætíð verið villandi, þó að Eysteinn Jónsson væri að rifja hana upp í ræðu sinni áðan, og fær nú með engu móti staðizt, því að síðustu skýrslur sanna þá breytingu, sem á er orðin. Hinn 1. marz s. l. var kaupmáttur tímakaups fyrsta taxta Dagsbrúnar 14.8% hærri en 1. júní 1964. Hjá vikukaupsmönnum á sama taxta var þessi hækkun þó enn þá meiri eða milli 20 og 25%. Um það verður ekki deilt, að þessi breyting á rætur sínar að rekja til júnísamkomulagsins 1964, sem hv. alþm. Hannibal Valdimarsson hafði á sínum tíma drengskap til að viðurkenna hlutdeild ríkisstj. í.

Óþarft er að deila um, að ótalmargt stendur til bóta hér eins og hvarvetna annars staðar. En eru horfur á því, að betur takist til, þótt hv. stjórnarandstæðingar fái aukin völd? Almenningur hefur ekki gleymt reynslunni af þeim á árunum frá 1956—1958. Tilburðir þeirra nú minna á hið fornkveðna:

„Afturgengin Grýla gægist yfir mar,
ekki verður hún börnunum betri en hún var.“

Í þingbyrjun taldi formaður Framsóknar upp nokkur ráð, sem verða mættu til að létta af þokunni, sem hann uggði að byrgja mundi sumum sýn. Þrátt fyrir þau úrræði hefur henni augljóslega ekki létt af hugskotssjónum framsóknarmanna. Máltækið segir: „Margt býr í þokunni.“ Enda heyrast nú hinir yngri í flokknum hrópa, eins og nýlega var skráð í Tímanum: „Kallið er komið.“ Og hinir eldri kyrja: „Ó, blessuð stund, er burtu þokan líður.“

Alþjóð horfir furðu lostin á þennan þokuvillta lýð, því að yfir öðrum skín sólin í heiði. Enn sem fyrr vita menn þó, að á Íslandi er allra veðra von. Skýrsla Jóns Jónssonar um þorskstofninn er alþjóð kunn. Í skýrslu Jakobs Jakobssonar fiskifræðings, dags. 21. marz þ. á., er þess getið, að síldveiðarnar norðanlands og austan hafi í vaxandi mæli byggzt á síld af norskum uppruna. Hann birtir töflu, sem sýnir, að hlutur íslenzku síldarinnar hafi minnkað úr 53% 1962 í aðeins 6.5% á s. l. ári. Jakob segir orðrétt:

„Full ástæða er til að ætla, að á sumri komanda muni síldaraflinn norðanlands og austan eigi síður en á s. l. sumri og hausti byggjast á göngum norska síldarstofnsins á Íslandsmið.“

Þessar skýrslur vísindamanna sanna ævaforna reynslu Íslendinga, að valt er að treysta því, að góðæri vari að eilífu. Þess vegna sameinast yfirgnæfandi meiri hl. landsmanna um að nota góðærið til þess að geta verið betur búinn erfiðari árum. Í þeirri viðleitni liggur nú mest við, að í framkvæmd verði hrundið hinum vel undirbúnu og hagkvæmu ráðagerðum um stórvirkjanir og stóriðju til að koma nýjum stoðum undir hagsæld þjóðarinnar.

Fjölyrt hefur verið í kvöld um, að það væri lítilsvirðandi ákvæði í þessum samningum, að hinum svissneska viðsemjanda verði heimilt að bera hugsanlegan ágreining við ríkisstj. undir alþjóðlegan gerðardóm. Þó að dótturfélag hins svissneska viðsemjanda sé búsett hér, er hinn svissneski samningsaðili sjálfur búsettur erlendis, og hann ber ábyrgð á öllum skuldbindingum dótturfélagsins. Gerðardómsákvæðin eru í samræmi við alþjóðlegan samning, sem 33 ríki, þ. á m. öll Norðurlöndin, hafa undirritað. Réttarríki er engin minnkun að því að taka þátt í slíkum samningum. Það hefur ekkert að óttast, enda er hér berum orðum tekið fram, að dæma skal eftir íslenzkum lögum. Á sínum tíma beitti Hermann Jónasson sér fyrir, að Ísland gerðist aðili mannréttindadómstólsins í Strasbourg. Engu að síður töldu framsóknarmenn það svívirðilegt, er Páll nokkur Magnússon, nú þeirra uppáhald, reyndi að bera ágreining um stóreignaskatt undir þann dómstól. Úrslit þess málstilbúnaðar urðu ekki til þess að rýra veg hins íslenzka réttarríkis, heldur til þess að styrkja hann.

Hjal hinna og þessara um, að stóriðjan ógni sjálfstæði þjóðarinnar, er lítils virði miðað við skoðun hinnar gömlu sjálfstæðishetju, bóndans Péturs Ottesens, þess manns, sem lengst allra hefur setið á Alþ. og nú hefur af sinni ómetanlegu reynslu eindregið mælt með álbræðsluráðagerðunum. Þá er og algerlega rangt hjá hv. þm. Eysteini Jónssyni, að ekki hafi verið rætt um

stóriðju í síðustu kosningum. Í stjórnmálayfirlýsingu Sjálfstfl. fyrir þær var undirbúningur hennar talinn meðal hinna veigamestu atriða og málið margrætt á fjölda funda víðs vegar um landið.

Meiri hl. Alþingis mun fella þá vantrauststillögu, sem nú er til umræðu, og ekki hlaupast frá þeirri ábyrgð, sem traustsyfirlýsing kjósenda við síðustu kosningar lagði honum á herðar. — Góða nótt.

**Ragnar Arnalds:** Herra forseti. Frændur okkar, Norðmenn, eru rómaðir fyrir gestrisni og hlýjar móttökur, þegar útlendinga ber að garði. Þangað þykir flestum gott að koma. Fyrir fáum árum börðu svissneskir samningamenn að dyrum norskra ráðamanna. Þeir vildu fá að reisa alúmínverksmiðju í Noregi og væntu sér mikilla fríðinda. Norðmenn svöruðu og sögðust engin fríðindi veita umfram þau, sem norskir atvinnuvegir búa við, hvorki fríðindi í tollum né sköttum. Þar að auki kröfðust þeir, að verksmiðjan yrði staðsett í útkjálkabyggð, þar sem atvinnuástand væri lélegt, en ekki í blómstrandi byggðum, þar sem vinnuafl skorti. Samningamennirnir létu kröfur sínar niður falla og beygðu sig fyrir skilyrðum Norðmanna.

Íslendingar eru rómaðir fyrir gestrisni og góðar móttökur, þegar útlendinga ber að garði. En þeir eru líka þekktir að því að vilja ekki vera minni menn en frændur þeirra Norðmenn. Fáum árum eftir Noregsförina börðu Svisslendingar að dyrum íslenzkra ráðamanna. Erindi þeirra var hið sama. Þeir kröfðust mikilla fríðinda. Ríkisstj. Íslands setti engin skilyrði. Hún beygði sig fyrir kröfunum og samþykkti þau fríðindi, sem Norðmenn höfðu neitað.

Örlæti gestgjafans hefur mjög verið til umr. hér í kvöld. Jóhann Hafstein, ráðh. sá, sem forustu hefur haft í samningum við Svisslendinga, las hér upp áðan margar tölur og stórar um þann mikla gróða, sem Íslendingar mundu hafa af byggingu og rekstri alúmínverksmiðjunnar. Ræðumenn stjórnarandstöðunnar hafa þó sýnt fram á með skýrum rökum, að í gróðavonum ráðh. er flest ofreiknað. Tíminn leyfir ekki, að þau rök séu endurtekin, en í öllu þessu talnaflóði, sem hellt hefur verið yfir landsmenn hér í kvöld, vil ég þó benda hlustendum á þá einu staðreynd í þessu máli, sem enginn mun reyna að vefengja, staðreynd, sem vissulega segir sína sögu. Samningurinn við Íslendinga er í öllum mikilvægum atriðum stórum lakari en hliðstæður samningur sömu manna við Norðmenn. Eða verður því neitað, að rafmagnsverðið til Svisslendinga er miklu lægra hér? Verður því neitað, að hringurinn ætlar ekki að reisa reykhreinsunartæki fyrir verksmiðjuna eins og í Noregi, en fær óhindraður að spúa eitruðum reyk yfir Suðurnes með afleiðingum, sem enginn getur sagt fyrir um? Verður því neitað, að í Noregi réðu norskir hagsmunir staðsetningu verksmiðjunnar, en hér á landi völdu útlendingarnir sjálfir þann stað, sem óhagkvæmastur er fyrir þjóðarheildina? Verður því neitað, að verksmiðjan sleppur við alla tolla á Íslandi, en verður að greiða þá í Noregi? Verður því neitað, að í Noregi lýtur verksmiðjan í einu og öllu norskum lögum, en hér á landi á hún að standa utan við lög og rétt? Þannig mætti lengi telja, ef tími væri nægur.

Það er ein helzta röksemd ríkisstj. í þessu máli, að atvinnuvegir landsmanna séu of einhliða, vart sé að treysta á fiskinn, sem syndir í sjónum. Forsrh., sem talaði hér seinast, vitnaði mjög í fiskifræðinga, sem telja, að um ofveiði sé að ræða hér við land. Auðvitað munu allir vera því samþykkir, að atvinnuvegir landsins séu efldir og gerðir fjölbreyttari. En hvaða leið á að velja?

Menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, ræddi hér mest um hagfræðileg málefni, enda menntaður í þeirri fræðigrein. Ekki mun hann neita því, að efnahagslíf þjóðar er almennt talið frumstætt og vanþroska, ef það byggist einungis á hráefnaframleiðslu, en því meiri fullvinnsla sem á sér stað, þeim mun traustari fótum er efnahagur landsins talinn standa. Í dag eru Íslendingar fyrst og fremst hráefnisframleiðendur. Fiskurinn er seldur hrár og lítt unninn úr landi, en aðrar þjóðir hafa vit og vilja til þess að margfalda hráefnisverðið og hagnast drjúgum á fullvinnslu vörunnar. Mikilvægasta skrefið, sem unnt er að stíga í dag til eflingar íslenzkra atvinnuvega, er ekki það að hefja hráefnissölu á nýju sviði, selja útlendingum rafmagn fyrir verð, sem er um eða undir kostnaðarverði. Í þess stað eigum við að hefja stóriðju í matvælaiðnaði, sjóða og leggja niður fisk eða reisa verksmiðjur til að herða lýsi og kaldhreinsa. Það er tvímælalaust nauðsynlegasta og nærtækasta verkefni Íslendinga að fullvinna afurðir sínar af sjó og landi og margfalda þannig verðmæti framleiðslunnar.

15% af útfluttum sjávarafurðum Norðmanna er fiskur í loftþéttum umbúðum, soðinn eða lagður niður. Á Íslandi er hliðstæð tala innan við 1%, enda má með sanni segja, að niðursuðuiðnaður á Íslandi hafi staðið í stað í aldarfjórðung. Hvað veldur? Er hráefnið lélegt? Nei, sannarlega ekki. Það er almennt viðurkennt eitt hið bezta í heimi. Hver er þá skýringin? Hún er sú, að aldrei hefur verið gert raunverulegt átak til að brjótast inn á frjálsan markað. Við kaupum ný og ný skip og veiðum meira og meira. En ríkisvaldið hefur aldrei lagt fram nægilegt fjármagn til að leysa þennan iðnað úr þeirri sjálfheldu, sem hann hefur verið í um aldarfjórðung, lyfta honum úr öskustónni, skipuleggja hann og hefja stórfellda auglýsingaherferð, leita markaða, skapa nýja markaði. Rafmagnssala til útlendinga er heimskulegt úrræði í atvinnumálum, röng stjórnarstefna, stefna, sem miðar ekki að úrvinnslu íslenzkra hráefna, lágkúruleg og skammsýn stefna, sem afhendir útlendingum frumkvæðið í uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega, stefna, sem miðar að því að takmarka framkvæmdir á Norðurlandi og víðar, til þess að unnt sé að sópa atvinnulausu fólki eins og fénaði suður á land í vinnu hjá Amerikönum í Hvalfirði og Svissurum í Straumsvík.

Margt einkennilegt og ótrúlegt getur að líta í væntanlegum alúmínsamningi. Eitt hið furðulegasta er þó skollaleikurinn með þjóðerni verksmiðjunnar. Í einni gr. samningsins er það skýrt tekið fram, að hlutafélagið sé íslenzkt félag og njóti allra réttinda, sem íslenzk lög veita. En síðar í samningnum kemur fram, að skoða ber félagið sem svissneskan þegn. Ef ágreiningur

verður milli félagsins og íslenzka ríkisins um túlkun á íslenzkum lögum og efni samningsins, þá skal erlendur gerðardómur kveða upp fullnaðarúrskurð, og þeim dómi verður ekki áfrýjað til hæstaréttar. Félagið nýtur allra réttinda sem íslenzkur þegn, en þegar að skyldunum kemur, er félagið allt í einu orðið svissneskt. Félagið þarf ekki að lúta íslenzkum tollalögum, íslenzkum skattalögum og fjöldamörgum öðrum skyldum, sem íslenzkir atvinnurekendur verða að beygja sig undir. Það þarf ekki einu sinni að beygja sig undir úrskurðarvald íslenzkra dómstóla um skýringu á íslenzkum lögum, og samt telst það íslenzkt og nýtur allra réttinda samkv. lögum okkar lands. Með þessu einstæða ákvæði er bókstaflega verið að flytja dómsvaldið út úr landinu. Í stjórnarskrá lýðveldisins segir ótvírætt, að íslenzkir dómstólar skuli dæma um öll þau mál, sem gerast í íslenzkri lögsögu. Engin sjálfstæð þjóð getur samið af sér þennan rétt, og fyrir því eru engin fordæmi, svo að mér sé kunnugt. Ef t. d. norsk ríkisstj. hefði leyft sér að undirrita slíkan samning við erlendan auðhring, hefði hún vafalaust verið neydd til þess að segja af sér. Slíkt réttindaafsal er hnefahögg í andlit þjóðarinnar og einstæð svívirðing við hæstarétt Íslands.

Hinn erlendi gestur, sem drepur nú að dyrum okkar Íslendinga og æskir inngöngu, er vissulega nokkuð tröllvaxinn í samanburði við það atvinnulíf, sem fyrir er í landinu. Framleiðsluverðmæti þessarar einu verksmiðju verður árlega á við 10 sementsverksmiðjur. Þessi auðhringur mun bera ægishjálm yfir alla íslenzka atvinnurekendur. Hann mun verða máttugt vald, erlent áhrifaafl í íslenzku þjóðlífi, ríki í ríkinu. Enginn þarf að efast um, að fyrr en varir verður þessi útlendi auðjötunn kominn á kaf í fjárhættuspil íslenzkra stjórnmála, a. m. k. í skugganum á bak við tjöldin. Ég nefni eitt dæmi: Í skýrslu, sem alþm. allir hafa fengið frá ríkisstj., er þess getið á bls. 15, að alúmínhringurinn verði að greiða gífurlegt fé í tolla erlendis, vegna þess að Ísland sé ekki í Efnahagsbandalagi Evrópu. Er gefið í skyn, að hringurinn mundi jafnvel vilja hækka raforkuverðið, ef Ísland gengi í bandalagið. Flest bendir til þess, að innan tíðar muni á ný hefjast umr. um hugsanlega aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu. Stuðningsmenn slíkrar innlimunar búa sig til sóknar. En þegar málið kemur á dagskrá, er kominn inn í landið fjársterkur útlendur aðili, sem hefur gífurlegra hagsmuna að gæta, hagsmuna, sem metnir eru á hundruð millj. kr. Dettur þá nokkrum heilvita manni í hug, að hringurinn muni láta málið afskiptalaust? Mun hann ekki hiklaust styðja og styrkja þau öfl og þau málgögn í landinu, sem vilja vinna að innlimun Íslands í evrópska stórríkið? Enginn þarf að efast um, að með þessum auðhring er komið í landið voldugt pólitískt áhrifaafl í höndum erlendra manna, sem ekki þurfa andartak að hugsa um íslenzka hagsmuni eða velferð Íslendinga.

Eftir aldalanga baráttu endurheimtu Íslendingar sjálfstæði sitt, efnahagslegt og pólitískt, en menningarlegu fullveldi glataði þjóðin aldrei. Aðeins 22 árum eftir lýðveldistökuna ætti ekki að þurfa að minna Íslendinga á, að það er skylda þeirra, bæði gagnvart feðrum sínum og afkomendum, að varðveita fullveldi landsins og gera engar þær ráðstafanir í íslenzkri lögsögu, sem geta leitt til þess, að þjóðin missi tökin á einhverri grein íslenzks sjálfstæðis.

Hin einstæða einokunaraðstaða, sem Bandaríkjamönnum hefur verið veitt til áhrifa í íslenzku menningarlífi með sjónvarpinu, er eitt skýrasta dæmið um það, hvernig þjóðin kann að glata menningarlegu fullveldi sínu. Erlent stórveldi fær leyfi til að reka öflugasta áróðurs- og áhrifatæki nútímans í íslenzkri menningarhelgi, og þúsundir manna með ríkisstj. í fararbroddi skilja ekki eða vilja ekki skilja, hvað er að gerast í þjóðlífi okkar, þegar tugþúsundir íslenzkra barna og unglinga sitja dag eftir dag klukkustundum saman við útsýnisglugga amerískrar menningar og ómenningar.

Alúmínmálið er enn eitt hörmulegt dæmi þess, að sjálfstæði þjóðarinnar ríðar til falls í höndum þeirra, sem með völdin fara. Verði erlendum auðhring hleypt inn í landið með risavaxinn rekstur, er vísvitandi vegið að rótum hins íslenzka fullveldis með tvennum hætti. Íslendingar eru að selja af hendi hluta af efnahagslegu og atvinnulegu sjálfstæði þjóðarinnar, sem forfeður þeirra endurheimtu með langri baráttu, og þeir eru í öðru lagi að rýra stjórnarfarslegt sjálfstæði sitt: afhenda dómsvald úr landinu, svipta sig löggjafarrétti gagnvart langstærsta fyrirtæki landsins og kalla yfir sig pólitíska íhlutun erlendra aðila, sem skortir ekki fé til að skakka leikinn, svo að um munar, í íslenzkum stjórnmálum, ef hagsmunir þeirra heimta.

Herra forseti. Allt vald í þjóðfélagsmálum er hjá þjóðinni sjálfri. Það er alger forsenda lýðræðis í landinu, að ákvarðanir þings og stjórnar séu í samræmi við vilja þjóðarinnar. Allt bendir nú til þess, að meiri hl. þjóðarinnar sé andvígur væntanlegu réttindaafsali í hendur erlendra auðmanna. Ríkisstj. hefur ekkert umboð frá þjóðinni. Hún getur ekki bundið landsmenn í hálfa öld við svo smánarlegan samning, nema samþykki þeirra sé fengið. Það er ófrávíkjanleg réttlætiskrafa, að málið sé lagt undir þjóðardóm.

**Benedikt Gröndal:** Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ýmsir hafa velt því fyrir sér síðustu daga, hvers vegna Alþb. krafðist útvarpsumr. nú strax, en gat ekki og vildi ekki bíða í örfáa daga, þangað til álmálið hefur verið lagt formlega fram á Alþ. Ég hygg, að við höfum fengið svarið í ræðum þeirra Lúðvíks Jósefssonar og Hannibals Valdimarssonar í kvöld. Þeim lá á að auglýsa stofnfund Alþb., sem halda á í Lídó eftir nokkra daga, og ég vona, að ríkisútvarpið sendi þeim ekki auglýsingareikning fyrir. En það er þó gleðilegt, að loksins skuli 10 ára gamall flokkur hafa fyrir því að stofna flokksfélög, svo að kjósendur í lýðræðisríki geti gengið í flokkinn og haft áhrif á það, hvað hinir sjálfskipuðu foringjar hans gera.

Í þessum umr. hafa þrír framsóknarmenn, formaður, varaformaður og ritari þess ágæta flokks, flutt skörulegar ræður. Þær eru sögulegar að einu leyti, að nú minntist enginn þeirra orði á „hina leiðina“. Fyrir örfáum dögum sagði Helgi Bergs á einhverri ráðstefnu, að „eina leiðin“

væri „hin leiðin“. En í kvöld er það almælt hér í þingsölum, að „hin leiðin“ sé nú þegar orðin ófær og þeim þyki ráðlegt að minnast ekki frekar á hana.

Umr. í kvöld hafa leitt í ljós, að fyrirhuguð virkjun Þjórsár og bygging álbræðslu sunnan við Hafnarfjörð eru meginástæður fyrir till. um vantraust á ríkisstj., sem framsóknarmenn og Alþb.-menn flytja í bróðerni. Tel ég því rétt að gera nokkra grein fyrir stefnu Alþfl. í því máli, en miðstjórn flokksins hefur fyrir fáum dögum gert um það ýtarlega ályktun.

Þegar deilt er um svo miklar framkvæmdir, fer oft og tíðum svo, að fylgjendur málsins sjá ekkert nema kosti við það, en andstæðingar ekkert nema galla. Er þá von, að óbreyttum áheyrendum þyki erfitt að velja á milli. Það er megineinkenni á ályktun Alþfl., að þar kemur fram fullur skilningur bæði á kostum þess, að hér verði reist álbræðsla, og erfiðleikum, sem kunna að fylgja þeirri framkvæmd. Í heild er mat flokksins, að það sé tvímælalaust hagkvæmt fyrir þjóðina, að þessi verksmiðja verði reist, og þjóðin megi ekki láta það tækifæri ganga sér úr greipum. Hins vegar varar flokkurinn við hættum á þenslu í efnahagslífi og öðrum erfiðleikum, sem ríkisstj. verður að hafa og getur haft gætur á.

Fyrsta atriði þessa máls er að svara þeirri spurningu, hvort við viljum yfirleitt fá erlent fjármagn til landsins. Þess munu fá eða engin dæmi, að frjálsar þjóðir hafi neitað sér um erlent fjármagn, ef þær áttu þess kost til að hraða uppbyggingu nýrra atvinnuvega. Ófrjáls þjóð, sem berst fyrir frelsi, óttast erlent fjármagn í landi sínu. En með sjálfstæði öðlast þjóðin það vald, sem hún þarf til að hafa hemil á slíku fjármagni og hagnýta það, án þess að alvarlegar hættur stafi af, ef hún heldur vöku sinni.

Í raun réttri hygg ég, að allir flokkar á Alþ. séu fylgjandi því, að íslenzka þjóðin notfæri sér erlent fjármagn á einhvern hátt. Framsóknarmenn eru hlynntir notkun erlends fjármagns. En þetta er því miður eitt af mörgum málum, þar sem afstaða þeirra fer aðallega eftir því, hvort þeir eru í stjórn þá stundina eða ekki. Kommúnistar eru á móti vestrænu fjármagni, það vitum við. En kemur nokkrum manni til hugar, að þeir mundu ekki telja ágætt, ef okkur stæði til boða að fá t. d. Rússa eða Rúmena til að reisa olíuhreinsunarstöð hér uppi á Íslandi? Yrði svar þeirra nokkuð annað en: já takk?

Enda þótt allir flokkar séu undir niðri reiðubúnir til að styðja notkun erlends fjármagns með einhverju móti, er að sjálfsögðu ekki sama, hvernig slíkt er framkvæmt. Við heyrum hér á landi þá skoðun, að við eigum að opna allar dyr og bjóða hingað hverjum þeim, sem vill koma með fjármagn í fyrirtæki. Alþfl. hafnar þessari skoðun. Flokkurinn telur ekki rétt, að settar séu heildarreglur um erlent fjármagn á Íslandi, heldur beri okkur að meta hvert mál fyrir sig af gætni og varúð. Þess vegna er ekki rétt, þó að einhverjir einstaklingar hafi sagt það, að álmálið sé alger stefnubreyting og hljóti annað og meira að fylgja á eftir. Það verður að metast, ef frekari tækifæri gefast til slíkra hluta.

Þá er að kanna, hvort Íslendingum sé hagkvæmt að leyfa svissnesku félagi að reisa álbræðslu með þeim kjörum, sem nú standa til boða, og þar skilur leiðir. En Alþfl. hefur að mjög vel athuguðu máli komizt á þá skoðun, að þetta sé hagkvæmt. Meginástæðan fyrir því, að álbræðsla er Íslendingum hagkvæm, er bygging orkuversins við Búrfell. Það er betra að reisa stórt orkuver en lítið, raforkan verður þá ódýrari. Með því að hafa trygga sölu á miklu magni af raforku við föstu verði til langs tíma getum við ráðizt í stærri framkvæmdir, sem skapa okkar fjárhagslega möguleika til að hafa raforkuverð lægra en ella yrði eða ráðast í nýjar framkvæmdir mjög fljótlega á eftir þeim fyrstu. Að sjálfsögðu má deila um margt í þessu sambandi. Verð það, sem Svisslendingar eiga að greiða fyrir orkuna, er dálítið lægra en þeir greiða í Noregi, en miðlungsverð, þegar borið er saman við fleiri lönd. Meginatriði í þessu sambandi er í fyrsta lagi, að við þurftum að bjóða betur en Norðmenn, ef við vildum, að verksmiðjan yrði reist á Íslandi, en ekki í Noregi. Þetta er augljós staðreynd, en að öðru leyti er það, sem andstæðingar málsins hafa sagt hér í kvöld um samanburð við Noreg, yfirleitt vitleysa og blekking og þá alveg sérstaklega hjá síðasta ræðumanni. Mun það vafalaust verða borið betur saman, þegar nánari umr. verða. Ég get nefnt það sem dæmi, að í raun og veru borgar Alusuisse enga tolla af því, sem það flytur inn til Noregs í verksmiðju, og í raun og veru mun félagið enga skatta borga um alllangt árabil vegna þess, hvernig afskriftareglur eru þar ytra. Fleira mætti telja, sem mun sýna það, að fyrir utan raforkuverðið eitt er samanburður við Noreg miklu hagstæðari okkur heldur en stjórnarandstæðingar reyna að telja hlustendum trú um.

Í öðru lagi er það að nefna, að samkv. útreikningum sérfræðinga, innlendra og erlendra, er þetta rafmagnsverð hærra en framleiðsluverð, og nú er ekki lengur um neinar áætlanir að ræða, því að tilboð í orkuverið hafa verið opnuð, og er breytilegur innlendur kostnaður svo lítill, að hann á ekki að hagga endanlegri niðurstöðu. Höfuðatriði þessa máls er þá, að álbræðslan gerir okkur kleift að ráðast í stærra orkuver, greiða það fyrr með gengistryggingu á erlendu lánunum og loks að byrja mörgum árum fyrr en ella á enn nýjum virkjunarframkvæmdum. Ætti Helgi Bergs að kunna að meta það, því að þessar framkvæmdir munu að öllum líkindum fyrst og fremst hafa áhrif í uppsveitum Suðurlands.

Í öðru lagi mun álbræðslan reynast þýðingarmikil ný atvinnugrein, sem mun treysta stoðir íslenzkrar framleiðslu, veita atvinnu, örva viðskipti og auka gjaldeyristekjur. Þjóðinni fjölgar ár frá ári, en landbúnaður og sjávarútvegur okkar taka ekki við þúsundum manna til viðbótar þeim, sem þar starfa í dag. Það viðurkenna allir, sem vilja sjá. Við munum á komandi árum stórauka afköst og vinna afurðir okkar í þessum iðngreinum betur. Þannig fáum við meiri verðmæti en áður, en vélar munu taka við mörgum störfum af manna höndum. Því er skynsamlegt að kasta ekki frá sér tækifæri til að koma á fót nýrri atvinnugrein, einum af þeim þáttum stóriðnaðar, sem á hvað mesta framtíð fyrir höndum. Deila má um, hvort við hefðum átt að reisa álbræðslu á eigin spýtur, verða meðeigendur eða

láta Svisslendinga eiga bræðsluna eina. Í því sambandi er rétt að athuga, að hinn erlendi aðili tekur alla áhættu, ef hann á mannvirkið, og við Íslendingar getum notað okkar eigin fjármuni til að halda áfram að byggja upp eldri atvinnuvegi eða koma upp enn öðrum nýjum.

Ástæða er til að gefa gaum þeim áhrifum, sem bygging orkuvers og álbræðslu getur haft á vinnumarkað okkar. Bendir Alþfl. á þetta í ályktun sinni og leggur sérstaklega áherzlu á, að ríkisvaldið geri, þegar þar að kemur, ráðstafanir þær, sem þurfa virðist til að draga úr þenslu vegna þessara framkvæmda, og verður þá annað að koma á undan opinberum framkvæmdum. Enda þótt sjá megi fyrir erfiðleika á þessu sviði, er rétt að minnast þess, að á árunum 1965—1970 bætast yfir 8000 manns í raðir starfandi fólks í landinu. Erfiðleikarnir virðast því ekki svo miklir, að skynsamlegt sé að hætta við allt saman af þeim ástæðum. Orkuver og stóriðja eru mannvirki, sem undirbúin eru og reist á heilum áratug, og er ekki hægt að fresta þeim eða hætta við þau, þótt aflabrögð og atvinna séu með mesta móti í nokkur ár. Aðalatriðið er að minnast þess, að þrátt fyrir allt er engin vissa fyrir áframhaldandi þenslu á vinnumarkaði, eins og verið hefur á suðvestanverðu landinu um skeið. Dæmin eru nóg, sem minna okkur á, hve stutt getur verið yfir að mörkum atvinnuleysis.

Alþfl. hefur sem verkalýðsflokkur lagt sérstaka áherzlu á að fylgjast með því, sem snertir verkalýðssamtökin í þessu máli. Til greina hefur komið að flytja inn eitthvað af vinnuafli, ef það verður óhjákvæmilegt, og þá líklega helzt frá Noregi, þar sem verið er að byggja sams konar verksmiðju fyrir sama félag. Leggur Alþfl. áherzlu á, að í þeim efnum verði höfð full samráð við verkalýðsfélögin, hvert á sínu sviði, eins og raunar er venja. Þá er og augljóst, að gangi álbræðslufélagið væntanlega í atvinnurekenda- eða iðnrekendasambönd hér á landi, bætist þessum aðilum nýr og sterkur félagi með alþjóðlegan hring að baki sér. Mundi þetta styrkja svo mjög aðstöðu atvinnurekenda, m. a. í viðureign við samtök launþega hér á landi, að við það verður ekki unað, og er það því stefna Alþfl., að álbræðslufélagið gangi ekki í þessi samtök. Sambærilegt afl verkalýðs megin, fólkið, sem kemur til með að vinna þarna, eru Íslendingar, sem búa í þessu landi og hefðu unnið hér hvort eð er og verið í einhverjum verkalýðsfélögum, svo að styrkur verkalýðshreyfingarinnar er óbreyttur.

Það er gamall draumur á Íslandi og yrkisefni stórhuga skálda, að þjóðin geti virkjað fossa og hagnýtt aflið „frá landsins hjarta rót“ í stórverksmiðjum, sem framleiða nauðsynjar nútímalífs. Þessi draumur hefur enn ekki orðið að veruleika nema í smáum stíl, af því að við höfum ekki ráðið við að reisa stóru orkuverin sjálfir. Þau verða að vera íslenzk, af því að þau eru eins og hjarta í efnahagslífinu, en raforkan eins og blóð í blóðrás, sem gefur þrótt hverju líffæri. Öðru máli gegnir um eina verksmiðju, þótt stór sé. Hún verður alltaf endanlega á valdi þess, sem ræður rafmagninu. Við getum nú gert þennan draum að veruleika. Orkuver við Þjórsá og álbræðsla í Straumsvík eru aðeins tvö af mörgum áformum um framtíðina, sem við viljum hrinda í framkvæmd. Auðvitað tökum við á okkur margvíslega áhættu. Hjá því verður aldrei komizt. Auðvitað rísa margvísleg vandamál, en þau verður að leysa. Hvort tveggja eru aukaatriði miðað við kjarna málsins, að beizla stórfljótin á næstu áratugum og nota orkuna ekki aðeins til álbræðslu, heldur til margvíslegrar annarrar framleiðslu.

Það er í rauninni stórmerkilegt, að nú á tímum skuli stjórnarandstaðan finna það helzt til gagnrýni á ríkisstj., að hún ætli að gera of mikið, byggja landið of ört. Ekki getur sú ríkisstj. verið dáðlaus eða afturhaldssöm, sem verður fyrir slíkri gagnrýni.

Við megum ekki gleyma því, hve þjóðin stækkar ört. Þegar raforka byrjar að renna frá Þjórsá, þegar fyrsti málmurinn verður bræddur við Straumsvík, verða íbúar Íslands um 210 þús. Þegar síðari áfanga virkjunarinnar lýkur og síðari hluti verksmiðjunnar er tilbúinn, verða íbúar landsins um 230 þús. Hugsið um þetta, góðir hlustendur. Hugsið einnig um allt það, sem við þurfum að gera til að tryggja lífskjör næstu afkomenda okkar. Þetta er ekki í fjarlægri framtíð. Þetta verður á okkar dögum og barna okkar á næstu 10 árum. Við þurfum meiri tækni, meiri framleiðni, meiri fjölbreytni í atvinnuvegum næstu ár. Þess vegna er ástæða til að segja við Íslendinga það, sem sýslumaður á Norðurlandi sagði við sitt fólk fyrir 1½ öld eða svo: „Verið ekki fráleitir öllu nýju, fortakið ekki framandi, en látið ykkur heldur ekki finnast of mikið um það.“

Við getum ekki lýst vantrausti á ríkisstj., af því að hún framkvæmi of mikið af draumum þjóðarinnar. Þess vegna er sjálfsagt að fella þá vantrauststill., sem framsóknarmenn og Alþb.-menn hafa flutt.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, **og sögðu**

já: EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HÁ, DÁ, HV, HB, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, RA, SE, SkG, ÞÞ, AG, ÓskJ, ÁB, BFB, BP, EðS, EÁ, EOl.

nei: RG, FS, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PS, SÁ, SB, SI, SÓÓ, SvG, SvJ, ÞK, AuA, AJ, BGr, BBen, BGuðm, DÓ, EggÞ, BF.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

# Þingsályktunartillaga, vísað til ríkisstjórnarinnar.

## Fulltrúar Íslands á þjóðaráðstefnum.

Á deildafundum 16. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um skýrslugjafir fulltrúa Íslands á þjóðaráðstefnum** [71. mál] (A. 86).

Á 12. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 26. fundi í Sþ., 9. febr., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Ólafur Jóhannesson):** Herra forseti. Í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 86, er lagt til, að ríkisstj. sé falið að gera till. um það, með hverjum hætti Alþ. verði gefnar skýrslur um þær fjölþjóðlegu ráðstefnur, sem fulltrúar af Íslands hálfu sækja eða Ísland á aðild að. Um það eru nú ekki neinar fastar reglur, svo að mér sé kunnugt um, hvorki í lögum né neinum öðrum fyrirmælum. En svo sem alkunna er og hér þarf ekki að rekja, hefur það farið mjög í vöxt á síðari árum, að Ísland taki þátt í ýmiss konar alþjóðlegu samstarfi og fulltrúar af þess hálfu sæki ýmsar fjölþjóðlegar ráðstefnur. Fulltrúar Íslands á slíkum samkomum gefa að sjálfsögðu ríkisstj. þar um skýrslu, og vafalaust eru þær skýrslur athugaðar í utanrrn., og sjálfsagt eru þær skýrslur skoðaðar af ríkisstj. og ræddar þar. Um það efast ég ekki. Hins vegar hefur það alls ekki tíðkazt hingað til, að slíkar skýrslur væru lagðar fyrir Alþingi. Á slíkum fundum er þó oftlega fjallað um málefni, sem Alþingi ætti að fylgjast sem bezt með og þarf reyndar oft síðar að taka afstöðu til, annaðhvort beint eða óbeinlínis. Alþ. á m. a. auðvitað að fá vitneskju um það, hvað hinir íslenzku fulltrúar hafi lagt til mála á þvílíkum fundum og hver hafi verið afstaða þeirra til framkominna till. þar. Þar er einmitt oft um að ræða mikilvæg utanríkismálefni og alþjóðaskipti, sem Alþingi á að fylgjast með og á að hafa sitt um að segja, að því leyti sem Ísland varðar. Það mun varla verða vefengt, að það sé Alþ., sem á að réttu lagi að ráða mestu um utanríkisstefnu landsins á hverjum tíma. Það er undirstrikað í 21. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem samþykki Alþ. er áskilið til þeirra mikilvægu milliríkjasamninga, sem þar greinir. Þess vegna hefur hér einnig einmitt og að vísu að erlendri fyrirmynd verið sett á fót sérstök þn., utanríkismálanefnd. Um verkefni þeirrar n. segir svo í þingskapalögum, 16. gr. þeirra:

„Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig á milli þinga, og skal rn. ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga."

Ljóst er af þessu og reyndar einnig öðru, sem hér skal þó eigi rakið, að utanrmn. hefur algera sérstöðu meðal þn. Henni er ætlað að starfa jafnt um þingtímann sem utan hans. Undir hana á ekki einungis að bera utanríkismál, sem eru til meðferðar í þinginu hverju sinni, heldur á rn. og að bera undir hana utanríkismál almennt, hvort heldur er um þingtímann eða utan hans. Með þeim hætti er Alþ. eða fulltrúum þess ætluð aðild að utanríkismálum.

Nú er það kunnara en svo, að hér þurfi að rekja með mörgum orðum, að á ýmsu hefur oltið um störf utanrmn. Það er áreiðanlega ekki ofmælt, að á því hafi orðið mikill misbrestur, bæði fyrr og síðar, að utanrmn. hafi fengið þau málefni til meðferðar, sem lög ætluðust þó til. Ég hygg, að hér sé ekki hægt að saka einn stjórnmálaflokk öðrum fremur. Þar munu allir eiga nokkra sök. En um hitt ættu allir að geta orðið sammála, að æskilegt væri, að utanrmn. yrði virkari í framtíðinni en verið hefur að undanförnu. En hvaða úrræði séu til þess, skal ég ekki fara út í hér. Það er önnur saga og liggur raunar nokkuð utan við þetta mál, sem hér er um að ræða, en sjálfsagt gæti þar ýmislegt komið til greina. T. d. mætti hugsa sér að fara þá leið, sem farin hefur verið í Danmörku, taka ákvæðin um utanrmn. út úr þingsköpum og setja sérstök lög um utanrmn. og undirstrika með þeim hætti þá algeru sérstöðu, sem hún hefur. Það hefur reyndar verið reynt hér á sínum tíma sérstakt undirnefndarfyrirkomulag í utanrmn., eins og menn sjálfsagt minnast. Það var upp tekið hér um skeið, en mun ekki hafa gefið góða raun, enda mjög óeðlilegt.

Eftir því sem ég veit bezt, hafa skýrslur frá fulltrúum Íslands á fjölþjóðlegum ráðstefnum eða fundum yfirleitt ekki verið lagðar fyrir utanrmn. Fyrir hana hafa t. d. ekki verið lagðar skýrslur frá fulltrúum á fundi Sameinuðu þjóðanna, frá fulltrúum á fundi Evrópuráðs eða fulltrúum í Norðurlandaráði, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Því síður hafa slíkar skýrslur verið lagðar beint fyrir Alþ. Hér er þó í fæstum tilfellum um nokkurt leyndarmál að tefla, því að í þessum tilfellum er um að ræða samkomur, sem almennt eru háðar í heyranda hljóði. Ég hygg, að þessu sé hagað nokkuð á annan veg hjá þingum

annarra þjóða. Á mörgum þeirra fara fram almennar umr. um utanríkismál. Ég nefni í þessu sambandi Norðurlandaráð, af því að mér er það af skiljanlegum ástæðum efst í huga nú í svipinn. En í skýrslu, sem forsetar Norðurlandaráðs leggja fyrir fund ráðsins í upphafi og útbýtt er og prentuð er í ráðstíðindum, er á bls. 28 sagt frá því, með hverjum hætti sendinefndir á Norðurlandaráðsfundi gefi viðkomandi þingum skýrslu um það, sem þar fer fram og gerist. Og samkv. því, sem segir í þessari skýrslu forsetanna á bls. 28, lagði sendinefnd Danmerkur 12. jan. 1966 skýrslu fyrir þing Danmerkur um 13. fund Norðurlandaráðs 1965, og skýrslan hefur þar verið tekin til meðferðar af sérstakri nefnd. Sendinefnd Noregs gaf 16. okt. 1965 skýrslu viðvíkjandi 13. fundi ráðsins til Stórþingsins, og fjallaði utanríkismálanefnd þar um skýrsluna og hefur gefið út álit. Um Finnland segir, að umr. um skýrslur eða meðferð skýrslna frá sendinefnd Finnlands viðvíkjandi starfsemi ráðsins árin 1963 og 1964 hafi ekki enn verið til lykta leiddar á ríkisþingi Finna. Í Svíþjóð lagði sænska sendinefndin skýrslu, eða réttara sagt var það sænska stjórnin, sem lagði skýrslu fyrir sænska ríkisþingið um 13. fund Norðurlandaráðs með bréfi, dags. 9. apríl 1965, og þar er svo rakið miklu nánar um það, hvernig þetta fer fram í sænska ríkisþinginu, sem ég hirði ekki um að rekja hér. En það vekur athygli, að vísu ekki mína eða okkar, sem til þekkjum, að í þessari skýrslu forsetanna er Íslands í þessu sambandi að engu getið. Og það er út af fyrir sig skiljanlegt fyrir okkur, þar sem engin skýrsla varðandi starfsemi Norðurlandaráðs hefur verið lögð fyrir Alþ.

Sama máli gegnir um samtök eins og Sameinuðu þjóðirnar og Evrópuráðið, sem Ísland er aðili að og á fulltrúa á þingum þessara samtaka, fulltrúa, sem tilnefndir eru af ríkisstj. að vísu, en vissulega væri það út af fyrir sig tímabært að taka það til athugunar, hvort ekki ætti að kjósa þá fulltrúa af Alþingis hálfu. En það er önnur saga og annað mál, sem ég skal ekki fara út í í þessu sambandi.

Sama máli gegnir svo um ýmsar fjölþjóðlegar ráðstefnur, sem haldnar eru um tiltekin málefni og sóttar eru af Íslands hálfu. Vitaskuld getur þar stundum verið um lokaðar ráðstefnur að ræða og málefni, sem leynt eiga að fara, og ber þá vitaskuld að virða það. En ég held í stuttu máli, að öll rök hnigi að því, að við eigum að breyta okkar starfsháttum að þessu leyti. Alþ. á að fá aðstöðu til þess að kynna sér skýrslur þessar. Það á að fá tækifæri til þess að ræða þær, enda sé þar ekki um leyndarmál að tefla. Þess vegna er þessi þáltill. flutt, en þar er lagt til, eins og áður segir, að ríkisstj. sé falið að setja reglur um þessar skýrslugjafir til Alþ. eða undirbúa löggjöf um það efni. Eins og vikið er að í grg., gæti sjálfsagt komið til álita að setja þessar reglur með forsetaúrskurði, en líklega yrði talið eðlilegra að taka þær upp í lög. Við flm. gerum ráð fyrir því, að ríkisstj. velji þann kostinn, sem eðlilegri þykir að athuguðu máli.

Það getur verið álitamál, hver háttur á framlagningu slíkra skýrslna sé heppilegastur, t. d. hvort það eigi að leggja þær beint fyrir Alþ. og þá í hvaða formi eða hvort leggja eigi þær fyrir utanrmn., sem síðar gæti e. t. v. lagt starfsskýrslu fyrir þingið, og gæti þá slík skýrsla orðið grundvöllur að almennum umr. um utanríkismál. Enn fremur mætti auðvitað hugsa sér, að utanrrh. innleiddi umr. á ári hverju eða á þingi hverju um utanríkismál og slíkar skýrslur fylgdu þá þeirri ræðu, sem eins konar fskj.

Ég hef jafnan lagt á það áherzlu, að við Íslendingar þurfum að hafa og skapa sem mesta samstöðu um utanríkismál. Við þurfum um meðferð þeirra að skapa vissar tradisjónir. Við þurfum, eftir því sem kostur er, að halda þeim utan við venjulegt dægurmálapex. En viðtæk samstaða um utanríkismál og traust utanríkismálastefna verður að mínum dómi ekki bezt tryggð með því, að ríkisstj. og stjórnarflokkar á hverjum tíma einoki þessi mál og haldi yfir þeim óþörfum leyndarhjúpi, heldur með umr. fyrir opnum tjöldum og þá auðvitað fyrst og fremst á þeim vettvangi, sem þar til er eðlilegastur, þ. e. á Alþingi. Með þeim vinnubrögðum yrði tortryggni eytt og skilyrði gætu verið sköpuð fyrir skynsamlegri samvinnu stjórnar og stjórnarandstæðinga um utanríkismál.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari umr. sé frestað, svo að n. gefist tóm til að íhuga málið, og leyfi mér að leggja til, að till. sé vísað til utanrmn.

**Forsrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Hér er hreyft merkilegu máli, og ég er því sammála, að það væri mjög æskilegt, að oftar yrði rætt um utanríkismál á Alþ. heldur en gert hefur verið, og til þess þurfi að finna form. Mér finnst eðlilegt, að þingflokkar og ríkisstj. beri saman ráð sín um það. Það er einnig mjög æskilegt, ef hægt er að endurvekja starf utanrmn., sem eins og hv. tillögumaður gat um hefur verið lítt virk nema sem venjuleg þn. undanfarin ár af ástæðum, sem óþarfi er að rekja hér. En mér finnst rétt, að þau komi fram, að ríkisstj. hefur ekki haldið neinum skýrslum þm. fyrir Alþ., því að eftir því sem ég bezt veit, er það ekki tíðkanlegt og hefur ekki verið, að þm., sem hafa farið á slíka fundi, semdu skýrslur. Ég man það, að ég og hv. tillögumaður ásamt einum nú látnum þm. fórum á fyrsta fund Sameinuðu þjóðanna, sem Íslendingar tóku þátt í. Ég man ekki eftir því, að við semdum neina skýrslu né værum krafðir neinna skýrslna, er við komum heim, og ég hygg, að sá háttur hafi haldizt. Ég segi ekki, að það sé til fyrirmyndar. Ég held þvert á móti, að það væri eðlilegt, að þm. gerðu grein fyrir í stórum dráttum a. m. k. þeim málum, sem þeir hafa haft afskipti af. Hitt má segja, að það að gefa almennt yfirlit hafi tiltölulega litla þýðingu. Eins hygg ég, að það sé ekki venja, að þm. á Norðurlandaráðsfundum sendi skýrslu til ríkisstj. Það hefur þá verið tekið upp, eftir að ég hætti að mæta þar sem þm. Ég hef ekki séð slíkar skýrslur.

En þó að ég hyggi, að það sé svo, að þm. hafi yfirleitt ekki sent skýrslur, þegar þeir hafa farið á slíka fundi, og það stendur á sama, frá hvaða flokki þeir hafa verið, sá háttur hefur ekki komizt á, þá er hitt föst venja, að embættismenn senda ríkisstj. skýrslur um sínar ferðir, og sumt af þeim skýrslum má segja, að hafi erindi til a. m. k. utanrmn. Aðrar eru þess eðlis, að þær er ekki

hægt að láta fara úr stjórnarráðinu, vegna þess að þar er fjallað um sérstök trúnaðarmál. Það er eðlilegt. Þarna verður að gera nokkurn skilsmun á. En um leið og ég lýsi því, að ég er samþykkur því, að þetta verði athugað, og tel, að merku máli sé hreyft, má ekki ríkja sá misskilningur, að þm. hafi yfirleitt sent slíkar skýrslur til stjórnarinnar og hún síðan á þeim legið. Þessi háttur hefur aldrei komizt á, að því er ég bezt veit. En það er fullkomlega ástæða að athuga, hvort ekki sé ástæða til að breyta því. Hitt sjáum við svo að vísu af því, sem hv. tillögumaður las upp, að það hefur auðvitað ósköp litla þýðingu að semja skýrslu um Norðurlandaráðsfund, sem haldinn er í Reykjavík í febr., og senda hana norska þinginu í okt. haustið 1965 eða danska þinginu í jan. 1966. Það er orðið ósköp í það slegið, þegar slík skýrslugerð er viðhöfð. Það er frekar fyrir siðasakir heldur en efnis, sem slík skýrsla er gerð. Annað mál er, eins og Svíarnir hafa, að þeir senda skýrsluna nokkuð skjótlega, samkv. því sem tillögumaður upplýsti. Finnar sýnast hafa á þessu svipaðan hátt og við, að þeir sennilega semja enga skýrslu og senda enga skýrslu.

Að ekki er þarna minnzt á okkur, kemur sennilega af þessu, sem við verðum að átta okkur á og ég hef raunar áður hreyft, að því er ég hygg, að til langframa er mjög takmarkað gagn af þátttöku í Norðurlandaráði af hálfu Íslendinga, nema því aðeins að við kostum því til að láta fleiri embættismenn vinna úr þeim gögnum, sem þar eru fram lögð, og leggja fram gögn af okkar hálfu. Við sjáum, að það er orðinn heill hópur, sem hin ríkin hafa til undirbúnings þessum fundum í — hvað við eigum að kalla það? — skrifstofum hvers ríkis fyrir sig, sem starfa að þessum málum. Það vakir ekki fyrir mér, að við eigum að fara að koma upp slíkum stofnunum. Á því höfum við engin efni. En ég held, að það sé alveg aðkallandi, að við látum 1—2 menn, t. d. í utanrrn., taka það alveg sérstaklega að sér að fylgjast með því, sem þarna gerist, vinna úr miklum gögnum, sem þarna eru, og sjá til þess, að Íslendingar sendi upplýsingar til þessarar stofnunar. Yfirleitt er það ekki gert nú. Má raunar segja, að það skipti þá ekki hina ákaflega miklu máli, þó að þeir heyri ekki, hvað Ísland hafi til mála að leggja eða hvernig þessu sé háttað hér. Við höfum sérstöðu. En þó er lakara, að það er yfirleitt ekki svarað, yfirleitt ekki gerð grein fyrir því, hvernig málum er fyrir komið hjá okkur. En látum það vera. Hitt er verra, að ég er hræddur um, að það sé ekki til neinnar hlítar unnið úr þeim margföldu upplýsingum, sem þarna koma fram og við, sem höfum þarna mætt og lítillega reynt að fylgjast með þá daga, sem við höfum þarna setið, sjáum að geta orðið okkur að margvíslegu gagni. Það er að vísu svo, að ef verið er að vinna að sérstöku máli hér, vita menn, að þarna er hægt að fá upplýsingar. En þarna er líka hvöt til margháttaðrar löggjafar, ef því væri beint til réttra stjórnarvalda, — hvöt, sem ég er hræddur um, að þau fái ekki, af því að menn fylgjast einfaldlega ekki sökum mannaflaskorts með því, sem þarna er verið að vinna, sem engan veginn er jafnlítilvægt og stundum er látið og ætla mætti eftir árangrinum af hverjum einstökum fundi.

Ég vildi láta þessar athugasemdir koma hér fram, ekki vegna þess, að ég sé hv. frsm. ósammála, heldur til fyllingar því og til viðbótar því, sem hann sagði.

**Flm. (Ólafur Jóhannesson):** Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir vinsamlegar undirtektir undir þetta mál. Varðandi það, sem hann sagði um skýrslur, sem gefnar eru ríkisstj., veit hann þar um náttúrlega betur en ég. Ég gekk út frá því sem nokkurn veginn gefnu, að þeir, sem almennt sæktu ráðstefnur af Íslands hálfu, hvort heldur eru stjórnskipaðir menn, þm. eða aðrir eða kosnir af þinginu, gæfu ríkisstj. með einhverjum hætti skýrslu þar um. En nú hefur hæstv. ráðh. upplýst, að það muni ekki tíðkast, að þm. gefi slíkar skýrslur, og var mér raunar kunnugt um það að því er Norðurlandaráð snertir, en hins vegar munu embættismenn gefa skýrslur. Ég minnist þess með nokkuð öðrum hætti en hæstv. forsrh., hvernig skýrsla var gefin um fyrsta fund Sameinuðu þjóðanna, af því að ég man ekki betur en ég a. m. k. sæti þó nokkuð lengi við að skrifa slíka skýrslu undir forustu þess manns, sem þá var formaður sendinefndarinnar, og ég vona, að hún hafi borizt rétta boðleið. En það, sem hæstv. forsrh. sagði um þetta atriði, undirstrikar raunar aðeins það, að hér er þörf á nánari athugun og rétt að taka þessi mál öll til meðferðar.

Svo vil ég bara að lokum leyfa mér að undirstrika alveg sérstaklega það, sem hann sagði varðandi þátttöku Íslands í Norðurlandaráði. Ég held, að við getum ekki algerlega vansalaust haldið áfram að taka þátt í því starfi, sem þar er unnið, án þess að senda svör við þeim bréfum, sem send eru, þar sem óskað er umsagna um mál. Það er afskaplega ömurleg tilfinning að sitja á nefndarfundum, þar sem fjallað er um hin ýmislegu mál og þar sem fyrir liggja umsagnir frá öllum hinum Norðurlandanna, en kannske ekki ein einasta frá Íslandi. Hitt er alveg ljóst, að hér verður að fara vissan meðalveg, vegna þess að við getum ekki kostað til eins miklu og hinar þjóðirnar. En við verðum, úr því að við tökum þátt í þessu, að sinna þessu með heldur virkari hætti en verið hefur, og það gladdi mig alveg sérstaklega, að hæstv. forsrh. lýsti einmitt fullum og alveg sérstökum skilningi á því.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 20. apríl, var till. tekin til frh. einnar ummr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 86, n. 514).

**Frsm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Utanrmn. hefur rætt þessa till., sem flutt er af Ólafi Jóhannessyni og Þórarni Þórarinssyni. Var utanrrh. viðstaddur á fundi n., þegar till. var rædd þar. Það var samhljóða álit nm. og ráðh., að æskilegt væri, að Alþingi séu gefnar skýrslur um það, sem fram fer á alþjóðafundum og ráðstefnum, sem Ísland tekur þátt í. Einstakir al-

þjóðafundir kynnu þó að vera þess eðlis, að slíkar skýrslugjafir um þá til Alþ. hentuðu síður eða jafnvel ekki. N. var einnig sammála um, að athugun færi fram á því, hvaða háttur væri á hafður í þessum efnum meðal annarra þjóða Norðurlanda. Samkv. framansögðu leggur utanrmn. til, að till. verði vísað til ríkisstj. til aðgerða og athugana.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 29. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 514 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 40 shlj. atkv.

# Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

## 1. Atvinnulýðræði.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
**Till. til þál. um atvinnulýðræði** [15. mál] (A. 15).

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Sþ., 27. okt., var till. aftur tekin til fyrri umr.

**Flm. (Ragnar Arnalds):** Herra forseti. Á þskj. 15 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um atvinnulýðræði. Með þeirri hugmynd er að því stefnt, að starfsmenn fyrirtækja, jafnt í einkarekstri sem í opinberri þjónustu, fái aukinn íhlutunarrétt um stjórn og allan rekstur þess fyrirtækis, sem þeir vinna hjá. Í till. er gert ráð fyrir, að 11 manna n. skipuð fulltrúum launþegasamtaka, vinnuveitenda og stjórnmálaflokka, taki málið til undirbúnings og athugunar, en í fyrstu lotu verði athyglinni einkum beint að fyrirtækjum í eigu ríkis og bæjarfélaga.

Með ýmsum hætti er hægt að hugsa sér slík afskipti starfsmanna af rekstri fyrirtækja, og vil ég nefna hér nokkur dæmi til skýringar. Hugsanlegt væri, að starfsmenn í stórri verksmiðju mynduðu sérstakt ráð, er væri ráðgefandi í öllum mikilvægum málum, er rekturinn varða, og hefði jafnvel úrslitavald í nokkrum sérstökum málaflokkum. Eins væri það ekki óeðlilegt, að starfsmenn t. d. sementsverksmiðjunnar ættu fleiri eða færri fulltrúa í stjórn verksmiðjunnar, sem kjörnir væru úr þeirra hópi. Slík tilhögun í einhverri mynd er auk þess ekki aðeins sjálfsögð hjá stærri einkafyrirtækjum og ríkisfyrirtækjum, sem rekin eru á viðskiptagrundvelli, heldur er einnig hugsanlegt að auka áhrif starfsmanna ýmissa ríkisstofnana á stjórn þeirra. Væri ekki í rauninni skynsamlegt, að kennarar ættu þátt í vali skólastjóra, og hvað mælir á móti því, að bankastarfsmenn fái íhlutunarrétt um val bankastjóra? Þannig má lengi telja. Vafalaust eru margir óvanir slíkum hugmyndum og svartsýnir á, að slíkt skipulag geti blessazt. Ég býst þó við, að fáir muni neita því, að mörgum árekstri yrði forðað, t. d. verkfalli eins og einn ríkisbankinn fékk á sig í fyrra, ef starfsmönnum væru veitt þau sjálfsögðu lýðræðisréttindi að mega taka þátt í vali yfirmanna sinna. Hins vegar munu margir vera efins um, að t. d. verkamenn í verksmiðjum geti átt hlut að framkvæmdastjórn fyrirtækis, svo að vel fari. Menn segja, að venjulegur starfsmaður hafi hreinlega ekki vit á slíkum málum og eigi því ekkert að skipta sér af þeim.

Þessu er til að svara, að atvinnulýðræði táknar alls ekki, að allir eigi að verða framkvæmdastjórar. Fulltrúar starfsmanna eiga einungis að setjast í nokkur þau sæti, fleiri eða færri, sem nú eru setin af fjármagnseigendum á hluthafafundum eða af pólitískum fulltrúum á stjórnarfundum ríkisfyrirtækja. Þótt starfsmennirnir hafi e. t. v. litla þekkingu á rekstri fyrirtækisins, vita þessir menn oft miklu minna um rekstrinn. En þessir pólitísku fulltrúar taka eftir sem áður ákvarðanir, og þær eru auðvitað byggðar á niðurstöðum skipulagssérfræðinga og tæknimanna eða skýrslum viðskiptafræðinga eða öðrum gögnum. Árið 1949 var komið á víðtæku lýðræði í júgóslavnesku atvinnulífi. En flestir verkamennirnir, sem þá tóku á sig að bera ábyrgð á og stjórna verksmiðjum landsins, kunnu hvorki að lesa né skrifa. En þeir tóku ákvarðanir og það með góðum árangri. Þá má einnig benda á, að venjulegt íslenzkt sveitarfélag er ekki síður flókið fyrirbæri en stórt atvinnufyrirtæki. En það er hinn almenni maður, sem situr í sveitarstjórn og tekur ákvarðanir í samræmi við heilbrigða skynsemi. Þó verður þess ekki vart, að nokkrum detti í hug að breyta skipulagi sveitarstjórnarmála í einræðisátt. Og eins er það með núverandi einræðisskipulag í atvinnurekstri. Það mun eftir nokkra áratugi þykja jafnfráleitt skipulag og einræði konungs eða keisara þykir nú, enda er það reyndar söguleg staðreynd, að þegar baráttan um pólitíska lýðræðið stóð sem hæst í Evrópu, var það jafnan viðkvæðið, að ekki væru nú allir hæfir til að verða konungar.

Enda þótt ég efist ekki um, að íhlutunarréttur starfsmanna muni hafa holl og góð áhrif á stjórn fyrirtækjanna og rekstur, skal ég þó fúslega viðurkenna, að atvinnulýðræði er misjafnlega auðvelt viðfangs í framkvæmd. Það mun ekki ná fram að ganga nema á löngum tíma og eftir margvíslegar tilraunir. En þegar þarf að hefjast handa um undirbúning, koma af stað viðræðum milli launþega og vinnuveitenda, leita eftir reynslu annarra þjóða og síðast, en ekki sízt, rannsaka íslenzkar aðstæður. Atvinnuhættir á Íslandi eru að ýmsu leyti frumstæðari en í nágrannalöndunum og ójafnvægi á flestum sviðum: ringulreið

og óðaverðbólga, ofsagróði og botnlaus taprekstur oft og tíðum. Rekstur sumra atvinnugreina minnir að sumu leyti á þjóðfélagsástandið í sumum nýfrjálsum löndum, þar sem fáfræðin og spillingin í hinu pólitíska lífi er svo ægileg, að þjóðirnar virðast dæmdar til að fá yfir sig harðhenta einræðisherra. Ég viðurkenni sem sagt fúslega, að eins og á stendur er það ekki alls staðar í íslenzku atvinnulífi til bóta að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð. Sums staðar er sjálfsbjargarviðleitnin svo afgerandi þáttur rekstrarins, að lýðræðið á þar ekki heima. Nefna mætti til viðbótar ýmis vandamál, sem sérstaklega snerta íslenzkar aðstæður, t. d. smæð fyrirtækjanna og fámenni á vinnustað eða hin losaralegu tengsl margra verkamanna við vinnustaðina í sambandi við verstöðvarnar og aðra árstíðabundna vinnu. Ég sé þó ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þessi atriði hér, þar sem sérstaklega er um þetta rætt í allýtarlegri grg.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að framfarir í tækni og vísindum eru mjög örar á okkar tímum. Hin nýja iðnbylting, sem einkennist af sjálfvirkni og gífurlegri fjöldaframleiðslu, mun bæta lífskjör almennings stórkostlega á komandi árum. En þessi þróun er þó ekki með öllu hættulaus. Í fyrsta lagi má hún ekki hafa í för með sér, að valdið yfir atvinnurekstrinum safnist á hendur örfárra manna. Í öðru lagi er það staðreynd, að samfara vaxandi sjálfvirkni verða störf manna einhæfari, andlausari og tilbreytingarsnauðari. Þessi hlið málsins er mjög mikilvæg, og væri í rauninni eðlilegt að fjalla um hana í löngu máli. Ég mun þó ekki gera það hér, en vil aðeins minna á, að það er samfélagsleg nauðsyn, að hinn vinnandi maður verði virkur þátttakandi og stjórnandi á þeim stað, þar sem hann dvelur þriðjung ævi sinnar, en sé ekki aðeins tannhjól í hinni tröllvöxnu vélasamstæðu atvinnulífsins.

Ég var áðan, meðan umr. um vegaskattinn stóðu sem hæst, að blaða í tímaritinu Nordisk kontakt, sem okkur þm. er sent, og sá þar grein um landsþing danska sósíaldemókrataflokksins. Kemur þar fram strax í aðalfyrirsögn, að eitt helzta umræðuefnið á þinginu var einmitt atvinnulýðræði í Danmörku. Þetta kemur vissulega ekki á óvart. Fá mál eru ofar á baugi í pólitískum umr. á Norðurlöndum en einmitt spurningin um lýðræði í atvinnurekstri. Það var eitt seinasta verk Stórþingsins norska í vor sem leið að samþykkja ný lög um atvinnulýðræði, og þessi löggjöf var eitt helzta blómið í hnappagati norska Verkamannaflokksins í nýafstöðnum kosningum, þótt sumir teldu að vísu of langt gengið og aðrir of stutt. Svipaða sögu má segja víða að úr heiminum. Þetta er mál, sem stöðugt leitar ofar á dagskrána í almennum stjórnmálaumr. Hér á Íslandi hafa umr. um atvinnulýðræði verið mjög af skornum skammti. E. t. v. hefði verið eðlilegra, að mál eins og þetta hefði verið tekið til umr. í samtökum vinnuveitenda og launþega, áður en vakið var máls á því hér á Alþ. Enn hafa þó ekki sézt nein merki þess, að almennur áhugi hafi skapazt á þessu máli. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að löngu sé tímabært orðið að hefja athuganir og umr. um málið, og að því vil ég reyna að stuðla með flutningi málsins hér á þingi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri að sinni, en vísa til grg. um frekari rökstuðning. Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni fyrri umr. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 2. Samdráttur í iðnaði.

Á deildafundum 14. okt. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um athugun á samdrætti í iðnaði** [21. mál] (A. 21).

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 8. fundi í Sþ., 27. okt., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

**Flm. (Einar Ágústsson):** Herra forseti. Samhljóða þáltill. þeirri, sem ég mun nú mæla fyrir nokkrum orðum, var flutt á síðasta þingi, en fékk þá ekki endanlega afgreiðslu. Er hún því flutt hér á ný á þskj. 21 og er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram í samráði við Félag ísl. iðnrekenda og fulltrúa iðnverkafólks athugun á samdrætti, sem orðið hefur í ýmsum iðngreinum að undanförnu. Athugun þessi skal beinast að því, að finna þær orsakir, sem samdrættinum valda, og hvaða ráðstafanir megi gera til þess að koma í veg fyrir hann.“

Vegna þess að mál þetta var nokkuð rætt hér á síðasta þingi, tel ég ekki þörf langrar framsögu nú. Ég mun þó leyfa mér að fara um málið örfáum orðum.

Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að í ýmsum greinum iðnaðar hefur orðið verulegur samdráttur á síðustu mánuðum, og hafa nokkur fyrirtæki orðið að leggja rekstur sinn alveg niður, en önnur að draga hann mikið saman og fækka starfsfólki. Vitað er, að ýmsar ástæður liggja til þeirra erfiðleika, sem hér um ræðir, og má þar t. d. nefna minnkaða tollvernd, erlend undirboð, lánsfjárskort, óhagstæð skattakjör o. fl., sem kemur einnig til greina. Í sumum tilfellum hníga fleiri en ein orsök til þessara erfiðleika og vega þá mismunandi þungt. Enn eru að berast fréttir af örðugleikum iðnfyrirtækja og

jafnvel gjaldþrotum sumra þeirra, sem fram að þessu hafa verið talin hvað stærst og öflugust í þessari framleiðslugrein. Hér er því um óheillaþróun að ræða, sem áríðandi er að sporna gegn eftir föngum. Til þess að hægt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, er óhjákvæmilegt að þekkja til fulls þær orsakir, sem samdrættinum valda, og því er það skoðun okkar flm., að umrædd athugun þurfi að fara fram.

Nú er svo komið, að flejra fólk hefur framfæri sitt af hvers konar iðnaðarstarfsemi en nokkurri einni atvinnugrein hér á landi. Þýðing iðnaðarins fyrir íslenzkan þjóðarbúskap er óumdeilanleg og mun án efa fara enn vaxandi, enda hljótum við Íslendingar eins og aðrar þjóðir að stefna að því að efla þennan þátt atvinnumálanna og búa honum skilyrði eftir föngum til jafns við aðrar atvinnugreinar þjóðarinnar.

Það mun víðast hvar vera reynsla þjóða, að þá fyrst hafi þeim skilað verulega áleiðis til bættra lífskjara, þegar iðnaði þeirra fleygði fram. Og undirstaða margra fremstu menningar- og framfaraþjóða eða þjóðfélaga heims er einmitt iðnaður í einni eða annarri mynd. Það er líklegt, að svo verði einnig um okkur. Alveg sérstaklega bíða mörg verkefni óleyst í vinnslu innlendra framleiðsluvara, og er það vafalaust eitt brýnasta framtíðarverkefni okkar að búa í haginn á þeim vettvangi sem frekast er kostur.

Einhverjir kunna að álíta, að saklaust sé, þótt nokkur fólksfækkun verði í iðnaði, meðan atvinna er næg í landinu af völdum hagstæðs sjávarafla. Því miður getur enginn sagt um það með nokkurri vissu, hversu lengi sú hagsæld kann að haldast. Ef illa tekst til um aflabrögð, getur atvinnuástandið breytzt á stuttum tíma, og hin öra fólksfjölgun getur þá leitt til þess, að hér skapist atvinnuleysi, ef iðnaðurinn heldur áfram að dragast saman, eins og nú virðast horfur á. Þessu til viðbótar má benda á það, sem m. a. kemur fram í umsögn Iðju, félags verksmiðjufólks á Akureyri, um þessa þáltill., en þar segir, með leyfi forseta:

„Um það atriði, hvort iðnaðurinn sé nauðsynlegur til að veita fólki atvinnu, hvort það geti ekki flutt sig í aðrar atvinnugreinar, ef samdráttur ætti sér stað í bili eða yrði varanlegur, er því til að svara, að í langflestum tilfellum mundi vera um atvinnuleysi að ræða. Eldri konur og húsmæður, sem notið hafa vinnunnar ýmist hálfan eða heilan vinnudag, verða hvað verst útundan, en hafa þó mikla þörf á atvinnu vegna dýrtíðar og annarra erfiðleika, en mundu ekki fá vinnu við sitt hæfi hér í bæ (það er Iðja á Akureyri, sem þetta sendir frá sér), eins og á stendur og ekki geta farið til annarra staða í atvinnuleit."

Hér er hreyft athyglisverðum þætti í sambandi við þetta mál.

Ljóst er, að stóraukin dýrtíð samfara lánsfjárskorti hefur skapað iðnaðinum margvíslega rekstrarörðugleika. Afleiðingin er sú, að iðnaðurinn stendur mjög höllum fæti í samkeppninni við erlend iðnaðarfyrirtæki, sem búa við miklu betri kjör, bæði að því er snertir vexti og útvegun rekstrarfjár. Oft hefur verið á það bent, að iðnaðurinn hér á landi eigi að geta staðizt samkeppni erlendis frá án verndartolla, eða óeðlilega hárra aðflutningsgjalda. Þessu marki verður að mínum dómi því aðeins náð, að iðngreinunum sé ekki íþyngt svo með ónógu og dýru lánsfé, að samkeppnisaðstaða þeirra sé þegar af þeirri ástæðu gersamlega vonlaus, þegar erlend framleiðsla flæðir inn í landið.

Á síðasta þingi, þegar sams konar þáltill. var borin fram, en fékk ekki endanlega afgreiðslu, var till. send ýmsum aðilum til umsagnar, og til að undirstrika það með örfáum orðum, sem ég hef nú drepið á, vil ég, með leyfi forseta, vitna í nokkur atriði af þeim, sem í þessum umsögnum koma fram.

Í umsögn Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, sem mælir með samþykkt till., er m. a. vakin athygli á, að á undanförnum árum hafa verið gerðar þær ráðstafanir í tolla- og innflutningsmálum, sem leitt hafa til þess, að íslenzkur iðnaður eigi nú í vök að verjast vegna harðnandi samkeppni við erlenda framleiðslu, og hefur, eins og þar segir orðrétt, jafnvel orðið að heyja samkeppni við innfluttar iðnaðarvörur, sem seldar eru undir eðlilegu kostnaðarverði. Á sama tíma hefur verið látið undir höfuð leggjast að veita iðnaðinum þá fyrirgreiðslu, sem nauðsynleg verður að teljast til þess að gera iðnaðinum kleift að mæta hinni auknu samkeppni. Er nú svo komið, að vissar greinar iðnaðarins fara halloka vegna hinnar harðnandi samkeppni, og er atvinnuöryggi þeirra, sem í þeim greinum starfa, stefnt í hættu. — *Þetta segir Iðja, félag verksmiðjufólks* í Reykjavík, með bréfi, dags. 29/3 til hv. allshn., undirskrifuðu af formanni félagsins, Guðjóni Sigurðssyni.

Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri, tekur mjög í sama strenginn. Af svari hennar kemur m. a. fram, að hinn 1. apríl s. l. höfðu uppsagnir félagsmanna þar numið 10% af heildartölu félagsmanna allra og að þar hafi aðallega verið um að ræða konur, sem eiga erfitt, ef ekki ómögulegt með að komast í aðra vinnu, eins og ég drap á áðan í þeim stutta kafla, sem ég las úr þessu bréfi.

Ég hef hér í örstuttu máli drepið á nokkra þætti og gert mér far um það að hafa ræðuna stutta, en drepið á viðhorf iðnverkafólksins, sem þetta mál varðar. En iðnrekendurnir hafa líka látið til sín heyra. Í umsögn Félags ísl. iðnrekenda segir, með leyfi forseta:

„Það er rétt, sem um getur í till., að um samdrátt í vissum iðngreinum hefur verið að ræða að undanförnu. Álítum við rétt, að rannsókn fari fram á því, hvað samdrætti þessum veldur, og mælum með því, að till. verði samþykkt."

Mjög í sama streng tekur Samband ísl. samvinnufélaga, sem rekur 12 verksmiðjur og veitir um það bil 600 manns atvinnu í þessari grein. Samband ísl. samvinnufélaga mælir einnig með samþykkt till.

Þannig eru þessir 4 aðilar, 2 frá iðnverkafólki og 2 frá samtökum iðnrekenda, því meðmæltir, að sú athugun, sem till. gerir ráð fyrir, nái fram að ganga eða megi fram fara.

En það er einn aðili, sem ekki sér ástæðu til að samþykkja umrædda till. Það er Efnahagsstofnunin, efnahagsstofnun hæstv. ríkisstjórnar. Þar kveður allmjög við annan tón en í þeim umsögnum, sem ég nú hef nefnt. Þar er þetta vanda-

mál ekki miklað fyrir sér. Að vísu er játað, að samdráttar hafi gætt í nokkrum iðngreinum, en þó talið, að verðmætasköpun iðnaðarins í heild hafi ekki minnkað, þótt mannafla hafi fækkað. Í umsögn Efnahagsstofnunarinnar er talað um, að í skjóli hafta hafi margs háttar framleiðsla byggzt upp og að neytendur hafi orðið að sætta sig við fábreytt vöruúrval og oft orðið að borga fyrir það hærra verð en kaupa mátti fyrir erlendis frá. Síðan segir, að mörg séu dæmi þess, að ýmsar greinar íslenzks iðnaðar muni alls ekki geta framleitt það vöruúrval á heimsmarkaðsverði, sem neytendur óska eftir. Þó er að vísu í umsögninni ekki fullyrt, að iðnaður í þessum greinum eigi að leggjast niður í landinu, en talið líklegt, eins og þar segir, að einhver sérhæfð framleiðsla hans geti dafnað hér á landi, bæði fyrir innlendan og erlendan markað.

Það er skiljanlegt, að þeir, sem svona líta á iðnaðinn, telji ekki þörf á frekari athugun á því viðfangsefni, sem þáltill. fjallar um. Ég er ekkert hissa á því. Ef því er slegið föstu, að íslenzkur iðnaður geti ekki framleitt það vöruúrval á heimsmarkaðsverði, sem neytendur óska eftir, eins og þarna er komizt að orði, þá finnst efalaust mörgum það vera rétt að hætta þessu bardúsi og snúa sér að öðru, einhverju, sem við getum. En af því, sem ég hef hér áður sagt, finnst mér þó koma fram, að jafnvel þótt hér væri rétt frá skýrt, jafnvel þótt íslenzkur iðnaður gæti aldrei um aldur og ævi staðizt samkeppni við erlenda aðila, en því held ég þó fram, að það sé alls ekki fullreynt, þá er það mín skoðun, að íslenzkur iðnaður geti samt átt rétt á sér, og vísa ég þar í það, sem ég hef áður sagt um gildi hans fyrir þjóðina og um þá atvinnu, sem hann veitir í mörgum tilfellum fólki, sem getur ekki fengið vinnu við annað, og mundi þá vinnukraftur þess fara algerlega forgörðum. Hitt er svo vitanlega sjálfsagt, að vissar kröfur um vörugæði og vissar kröfur um verð verður iðnaðurinn að sjálfsögðu að uppfylla. Annars á hann ekki neinn rétt á sér. En ég held því fram, að hagur þjóðarinnar af framleiðslu eigin iðnaðarvarnings komi fram í fleiru en þessu og vísa til þess, sem ég hef áður sagt.

Í fyrra, þegar þessi þáltill. var athuguð í hv. allshn., komst það svo langt, að hv. n. skilaði áliti, klofnaði um málið að vísu. Meiri hl. vildi vísa málinu til ríkisstj., minni hl. vildi láta samþ. umrædda þáltill. Nál. meiri hl. var prentað á þskj. 497 í fyrra, og það er vissulega rétt, sem þar kemur fram, að nokkrar ráðstafanir hafa ýmist verið gerðar eða undirbúnar til lausnar á þeim vanda, sem hér er fjallað um. Og ég hef ekkert á móti því að viðurkenna það, að hæstv. iðnmrh. hefur sýnt skilning á því, hvernig ýmsar efnahagsaðgerðir að undanförnu hafa komið illa við iðnaðinn í landinu. Það hefur hann gert, og það er skylt að viðurkenna. En þrátt fyrir það er það þó skoðun okkar flm. þáltill. á þskj. 21, að sú athugun, sem till. gerir ráð fyrir, eigi að fara fram og þurfi að fara fram. Á athugun samkv. till. og þeim athugunum eða rannsóknum, sem lýst er í nál. meiri hl., er í fyrsta lagi sá meginmunur, að samkv. þáltill. er ætlazt til, að fulltrúar iðnverkafólks og iðnrekenda eigi aðild að þeirri athugun, sem gerð verður, en það tel ég alveg nauðsynlegt. Þar að auki meina ég, að sú athugun, sem þáltill. gerir ráð fyrir, eigi að vera ýtarlegri, það sé heildarskoðun á öllum þessum málum, en mér virðist af því, sem talið er upp í nál. meiri hl., að þar sé meira fjallað um einstaka þætti, án þess að málið sé kannske allt skoðað í heild, þó að ég sé ekkert að gera lítið úr því, sem gert hefur verið. Í þriðja lagi, og það er kannske ekki það sízta, þá sýnir sú þróun, sem orðið hefur í málefnum iðnaðarins, síðan þetta nál. er gefið út, 14. apríl í vor, að þær ráðstafanir, sem hv. nm. bundu svo miklar vonir við að mundu snúa þróuninni alveg við, hafa ekki reynzt þess megnugar að koma í veg fyrir samdráttinn, sem orðinn var. Samdrátturinn hefur haldið áfram síðan í vor, og hann mun eflaust halda áfram, ef ekki verður að gert.

Með hliðsjón af þessu teljum við flm. þáltill. fulla ástæðu til þess, að Alþ. geri samþykkt eitthvað í þá átt, sem till. gerir ráð fyrir, auk þess sem þáltill. frá því í fyrra fékk aldrei að koma til atkv. á Alþ., og ég tel það lágmarkskröfu um þau mál, sem þm. flytja, að þau fái þinglega afgreiðslu. Ég sé ekki annað en það ætti að vera vel hægt og sé raunar óskiljanlegt, að það skuli ekki vera algild regla.

Ég vil því, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessari umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. allshn. til endurnýjaðrar athugunar, m. a. með hliðsjón af þeim breyttu viðhorfum, sem í þessum málum kunna að vera, frá því að sú n. fjallaði síðast um málið fyrir 6 mánuðum.

**Dómsmrh. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Þessi litilfjörlega till., sem hér er til umr., er afturganga frá síðasta þingi. Það er látið að því liggja, að mikill samdráttur sé í iðnaðinum, og ekki nóg með það, heldur séu mestar horfur á því, að hann haldi áfram til eilífðarnóns. Svona var þessi barlómur á síðasta þingi líka. Það voru lítil rök færð að þessu þá, og mig furðar enn þá meira á því nú, þegar flm. hafa haft sannarlega nægan tíma til þess að reyna að gera sér sjálfir einhverja svolitla grein fyrir því máli, sem þeir flytja hér, að það skuli ekki koma fram meiri rökstuðningur en hér hefur enn komið fram fyrir því, að nauðsyn sé á einhverri sérstakri rannsókn í sambandi við samdrátt í iðnaðinum, og látið að því liggja eins og ekkert sé gert eða hafi verið gert af hálfu þeirra, sem að þessum málum vinna, ekki aðeins ríkisstj., sem ekki er kannske fyrst og fremst aðili þarna, en þeim öðrum mönnum, sem eru í fyrirsvari fyrir iðnaðinn. En það er sannarlega langt í frá, að það hafi ekki margvíslegar aðgerðir átt sér stað á sviði iðnaðarins á undanförnum árum, sem einmitt hafa sérstaklega verið miðaðar við það að mæta þeim erfiðleikum, sem óhjákvæmilega hafa mætt íslenzkum iðnaði á síðustu árum og eru ákaflega skiljanlegar. Ég sé þess vegna ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um þessi mál almennt, áður en till. fer til n., og gæti þá orðið til nokkurrar vísbendingar í sambandi við þá athugun, sem færi fram í nefndinni.

Með auknu innflutningsfrelsi, eins og bent hefur verið á, hefur komið inn á markaðinn mikið af vörum og meira vöruval orðið til heldur en hér var áður, sem að ýmsu leyti getur gert iðn-

aðinum nokkra erfiðleika á einstökum sviðum, þannig að þeir eru verulegir. En aðalástæðan fyrir öllu þessu var sú, að iðnaðurinn var ekki nægilega undirbúinn til þess að taka á móti þeim breytingum, sem fólust í frjálsari innflutningi og frjálsari viðskiptum. Honum höfðu verið með fjárfestingarhömlum og innflutningshömlum um langt árabil meinað að koma upp hentugu húsnæði t. d. til framleiðslunnar, og enn er fjargviðrazt yfir því, þegar verið er að byggja nýtt iðnaðarhúsnæði hér í bænum nú á síðustu árum, og honum var einnig meinað með sömu aðferðum að afla nauðsynlegra tækja til framleiðslunnar. Þörfin fyrir nýjungar, „móderniseringar", í framleiðslunni var því ákaflega mikil, þegar samkeppnisaðstæður breyttust eftir 1960, og á árunum eftir 1960 hefur ýmislegt verið gert til þess að bæta úr því, sem látið var að verulegu leyti undir höfuð leggjast á árunum fyrir 1960. Iðnlánasjóður hefur verið stórlega efldur. Fjárfestingarhömlum hefur verið aflétt. Frelsi hefur ríkt í véla- og tækjakaupum að mestu leyti. Verið er að breyta lausaskuldum iðnfyrirtækjanna í föst lán. Og teknar eru til starfa á þessu sumri endurskipulagðar rannsóknastofnanir í þágu iðnaðarins og margt fleira, sem ég skal víkja að.

Þegar menn eru að tala um að rannsaka samdráttinn, ætti fyrst og fremst að leiða rök að því, hvað samdrátturinn er mikill, hvað hefur ekki verið gert nema ákaflega lauslega, og í öðru lagi, þegar verið er að tala um að reyna að finna orsakir að samdrættinum og hvaða ráðstafanir megi gera, ættu menn að huga að þeim ráðstöfunum, sem verið er að gera og gerðar hafa verið og ég skal víkja að. Það er erfitt að átta sig á, hve samdrátturinn í iðnaðinum er mikill, vegna þess að það er erfitt að fá skýrslur um það. En það er þó hægt að gera sér óljósa grein fyrir starfsmannahaldi í helztu iðngreinum samkv. úrtaksrannsóknum Hagstofu Íslands. Þær eru að vísu ákaflega ófullkomnar og byggðar á hlutfallaskiptingu í iðnaðinum frá 1959, sem að verulegu leyti er raskað í dag. Það kemur fram, að í einstökum iðngreinum hefur orðið fækkun á þessum tíma og þá aðallega í skó- og fatagerð. Þó er fækkun starfsfólksins ekki meiri en svo, að 1963 t. d. í janúarmánuði er talið, að um 1080 manns hafi unnið í þessum iðngreinum og aftur á móti 1965 1113. En það er rétt, að í vissum greinum fataiðnaðarins, fatagerðarinnar, hefur mannafækkun átt sér stað. En þetta er þó alls ekki neitt verulegt, og þarna er, eins og ég nefndi þessar tölur, ekki um neina sérstaka fækkun að ræða. En hún hefur þó komið fram síðar. Í heild virðist vera eftir þessum skýrslum heldur minni mannafli í iðngreinum nú en hann var t. d. fyrir 3 árum eða 1963. Þar fyrir þarf þetta ekki að þýða, að það sé samdráttur í iðnaði, þó að einhver lítils háttar mannfækkun sé í iðngreinunum, og það er vegna þess, að með aukinni tækni getur stórkostlega vaxið framleiðslugetan, framleiðnin, þrátt fyrir það að færra fólk starfi að iðngreinunum. Og hin nýja tækni er beinlínis þannig vaxin, að vélakosturinn gerir það að verkum, að það er nauðsynlegt á mörgum sviðum að fækka fólki, og það getur beinlínis leitt, ekki af samdrætti, heldur af vexti í iðnaði á vissum sviðum, það getur leitt af honum óhjákvæmilega fækkun á fólki. Þess vegna verður starfsfólkstalan alls ekki eðlileg viðmiðunartala um samdrátt í iðnaðinum.

Ég skipaði n. eftir þáltill. til þess að rannsaka möguleikana á að koma upp iðnaði, sérstaklega á þeim stöðum í landinu, þar sem lítil atvinna var, og fengu þm. á sínum tíma, að ég hygg, þetta nál. og þar var fjallað um ýmsa þætti þessa máls og möguleikana til þess að koma upp nýjum iðnaði. Það má segja, að niðurstaðan hafi í stórum dráttum verið sú, að það hafi alls staðar borið meira eða minna að sama brunni, að þar sem ekki voru skilyrði til þess að vinna úr sjávaraflanum, voru ákaflega erfiðar aðstæður til þess að koma upp nýjum iðnaði.

Það er alveg augljóst, að á einu sviði, sem ég hef lagt mikla áherzlu á að láta athuga og kanna, þ. e. í veiðarfæraiðnaðinum, stöndum við mjög höllum fæti. Þar hafa iðnfyrirtækin átt í mikilli vök að verjast við erlenda samkeppni, og þar hefur verulega fækkað vinnuafli. Ég skipaði í septembermánuði á s. l. ári nefnd manna til að rannsaka veiðarfæraiðnaðinn í landinu og ætlaðist til, að sú rannsókn væri ýtarleg, því að að minni hyggju er hér um mjög alvarlegt mál að ræða, ef við getum ekki byggt upp heilbrigðan veiðarfæraiðnað miðað við þann mikla markað, sem við höfum einmitt fyrir veiðarfæri hér hjá okkur, og eins og aðstaða að öðru leyti er, þar sem það hefur beinlínis verið lífsspursmál fyrir okkur Íslendinga á vissum tímum, og er það ljóst úr síðustu heimsstyrjöld, að hafa okkar eigin veiðarfæraiðnað. En aðstaðan hefur verið þannig, að hvert veiðarfærafyrirtækið á fætur öðru, sem sett hefur verið á laggirnar eftir 1930, hefur lognazt út af og gefizt upp. Þessi n. var skipuð með þeim verkefnum að framkvæma sérfræðilega athugun á því, hvort ekki sé tímabært, að íslenzkum veiðarfæraiðnaði verði búin sömu kjör og öðrum íslenzkum iðnaði og hliðstæðum erlendum iðnaði, t. d. miðað við meðaltollverð Efnahagsbandalags Evrópu og EFTA-landanna, og einnig, hvort stefna beri að stórfelldri aukningu umrædds iðnaðar með þátttöku erlends fjármagns eða aukningu í áföngum með innlendu fjármagni. Nú fyrir nokkru hefur þessi n. skilað ýtarlegu áliti, sem felur í sér mjög gaumgæfilega heildarathugun og rannsókn á þessu máli. Mér hefur ekki enn gefizt kostur að kryfja til mergjar niðurstöður n. og rannsóknir, en þær munu koma til athugunar í ríkisstj. og þá væntanlega í framhaldi af því þær hugsanlegu aðgerðir, sem hér væri hægt að stefna að til þess að vernda íslenzkan veiðarfæraiðnað til að búa honum þau kjör, að hann hafi sambærileg skilyrði, sem hann ekki hefur haft, við aðrar atvinnugreinar, hvorki í iðnaði, verzlun, landbúnaði né sjávarútvegi, og geti haldið áfram að þróast og standa föstum fótum í okkar þjóðfélagi.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta nú vegna þess, hversu lítill tími hefur gefizt til að athuga þetta gaumgæfilega nál., en ég vildi mega vona, að upp úr því gætu vaxið raunhæfar og alvarlegar ráðstafanir til að tryggja þennan iðnað hér á landi.

Ég hef einnig beitt mér fyrir því, að sú eina veiðarfæragerð, sem nokkuð kveður að hér nú, Hampiðjan, verði studd með lánveitingum og

ábyrgðum á erlendum lánum til þess að aðhæfa sig hinni nýju tækni í veiðarfæraiðnaðinum, og eru ráðagerðar uppi í því fyrirtæki nú að taka upp samkeppni við erlendan gerviefnaiðnað á sviði veiðarfæranna með kaupum nýrra véla. Framkvæmdabankinn hefur heitið fyrirtækinu lánum, og fyrirtækið hefur fengið heimild til þess að taka erlend lán og verður á annan hátt stutt af því opinbera, eftir því sem í þess valdi stendur, til þess að byggja sig upp á nýjum grundvelli í samræmi við þær kröfur tímans, sem nú eru uppi.

Það er ein grein iðnaðar, sem mikið hefur verið talað um að undanförnu og sannast að segja margir aðilar hafa verið að leggja í. Það er sútun á íslenzkum skinnum. Hér voru nokkrar sútunarverksmiðjur í landinu, en ýmsar fleiri hafa risið upp, er verið að byggja og áætlanir eru um að byggja. Ég hef að beiðni bæjarstjórnar Sauðárkróks falið Iðnaðarmálastofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins að gera stofnkostnaðar- og rekstraráætlun fyrir slíkt fyrirtæki á Sauðárkróki, og er verið að vinna að henni á þann hátt að veita þessum aðilum aðstoð. En hitt hef ég einnig gert, að fela Iðnaðarmálastofnuninni og Rannsóknastofnun iðnaðarins að framkvæma fyrir iðnmrn. almenna rannsókn á þessari grein iðnaðarins í landinu, sútunarverksmiðjunum, hráefnamöguleikunum, markaðsmöguleikunum, eftir því sem hægt er, og hvaða aðstöðu þurfi að skapa þessum fyrirtækjum fjárhagslega varðandi stofnkostnað og rekstrarkostnað. En mig uggir, að hér sé að fara eins og á sumum sviðum öðrum hjá okkur, að mönnum dettur í hug einhver ein iðngrein og ryðjast í hana hér og hvar með allt of miklum hraða, og ég er dálítið efins um, hvort svo mörg fyrirtæki sem nú eru í uppsiglingu á þessu sviði gera sér fulla grein fyrir þeim áhrifum, þegar þau öll koma á skömmum tíma inn í rekstur á þessu sviði, og þurfi e. t. v. að athuga málið nánar. Mín rannsókn byggist ekki á því að bregða fæti fyrir neinn, heldur aðeins að liðsinna þessum aðilum og veita þeim þá aðvörun, ef á þarf að halda, og einnig til þess að byggja á aðstoð frá því opinbera, fjáröflunarsjóðum hins opinbera, þegar á að taka ákvarðanir um það, hve mikið er eðlilegt að veita í stofnlán og rekstrarlán til þessara fyrirtækja.

Þarna hef ég nú nefnt þrjár rannsóknargreinar í iðnaðinum, sem unnið hefur verið að að undanförnu, og ég get bætt einni við. Það er ullariðnaðurinn. Þar eru á ferðinni mjög merkilegar rannsóknir, sem studdar eru af hálfu hins opinbera, og veitt hefur verið fé í fjárl. að undanförnu til að rannsaka í samvinnu við Norðmenn, hvernig hægt er að gera íslenzku ullina og tilsvarandi norska ull verðmeiri en hún hefur verið fram að þessu við iðnvinnslu og þá fyrst og fremst með því að skilja sundur togið og þelið í ullinni og fá verðmætari framleiðslu. Það var 19. júní 1964, að ég skipaði þá Pétur Sigurjónsson verkfræðing og Stefán Aðalsteinsson búfjárfræðing í nefnd til þess að hafa samráð við fulltrúa frá Norðmönnum um samvinnu milli landanna á þessu sviði. Það liggja ekki fyrir endanlegar niðurstöður þessarar rannsóknar enn þá, en það hefur verið unnið ötullega að þessu af hálfu Norðmanna og Íslendinga, og ég held, að mér sé óhætt að segja, að við Íslendingar höfum lagt til verulega sérþekkingu og jafnvel vísindalega þekkingu á þessu sviði, sem hafi gert okkar hlut í þessum rannsóknum engu minni en Norðmanna. Það, sem þegar liggur fyrir í dag, er allt jákvætt og bendir til þess, að á þessu sviði sé að vænta með aukinni tækni og meiri rannsóknum möguleika fyrir töluvert verðmeiri framleiðslu en við höfum notið fram til þessa, og er það auðvitað bæði iðnaðinum mikið gleðiefni og ætti að vera landbúnaðinum það einnig.

Ný iðnfyrirtæki hafa risið upp líka, þegar önnur hafa dregizt eitthvað saman. Við þurfum ekki annað en að minnast þess, að ekki alls fyrir löngu var opnað eitt merkilegasta iðnfyrirtæki hér á sviði fiskiðnaðar sem hráefnis í Hafnarfirði, þar sem er Norðurstjarnan, og byggist einnig á samvinnu Norðmanna og Íslendinga, og þarf ég ekki að lýsa því fyrir hv. þm. En þarna er eitt tæknilega fullkomnasta iðnfyrirtæki, sem við höfum séð, og veitir mörgu fólki atvinnu og boðar ekki neinn samdrátt, heldur mikla aukningu og nýjar leiðir Íslendinga til útflutnings á miklu verðmætari iðnaðarvarningi en þeir hafa áður getað boðið upp á.

Um samdráttinn í iðnaðinum er svo almennt það að segja, að það gengur nokkuð til og frá frá ári til árs. Þjóðarframleiðsla okkar Íslendinga hefur aukizt, sem betur fer, á undanförnum árum, og þar hefur iðnaðurinn stundum á undanförnum árum staðið sig vel. Stundum hefur framleiðslan verið minni. En alls ekki boðar þetta nokkurn allsherjar samdrátt eða samdrátt, sem við þurfum að vera hræddir um að sé að færast í vöxt og muni standa til eilífðar eða fram í tímann. Bæði landbúnaður og iðnaður hafa á einstökum tímum frá því 1960, ef við tökum 4 s. l. ár, 1961, 1962, 1963 og 1964, sem við vitum um, komið nokkuð öðruvísi út en gert var ráð fyrir í áætlunum. Framleiðsluaukningin í landbúnaðinum hefur verið 1961 5.1%. Það var heldur meira en gert hafði verið ráð fyrir. Það heldur minnkaði, það var minna en engin aukning 1962, 2.6% aukning 1963 og 3.7% aukning 1964. Sjávarútvegurinn hefur verið sú atvinnugrein, sem við vitum allir að hefur aukið langmest framleiðslu sína á undanförnum árum og hefur verið máttarstólpinn í aukningu þjóðarframleiðslunnar. Aukningin hefur verið frá ári til árs allt að 10—12%, sem er gífurlega miklu meira en áætlað var, að aukningin gæti orðið, um 5% frá ári til árs, og það byggist á miklum og ágætum sjávarafla og þorskafla og hinni miklu síldveiði, sem til er komin vegna hins nýja og mikla fiskiflota okkar og hinnar nýju og margháttuðu og merkilegu tækni við veiðarnar, sem fiskimenn okkar hafa tileinkað sér. Um iðnaðarframleiðsluna innanlands er það að segja fyrir utan fiskiðnaðinn, að hún minnkaði 1961 um 7%. 1962 jókst hún um 8%. Þá jókst sjávarútvegur ekki nema um 6.5%, það eina ár, hin árin um 10—12%. Sjávarútvegurinn jókst um 11% 1962 á móti iðnaðinum 8%. En sjávarútvegurinn jókst 6.5% 1963, en iðnaðurinn þá 6%. Sem sagt, þessi tvö ár, 1962—1963, er framleiðsluaukningin í iðnaðinum 8 og 6%. Svo er gert ráð fyrir því, þótt ég hafi ekki endanlegar tölur, að það sé engin

framleiðsluaukning á s. l. ári, 1964, og þess vegna er framleiðsluaukningin á þessum 4 árum ekki nema tæp 2% í iðnaðinum, 9.9% að meðaltali í sjávarútveginum, 2.6% í landbúnaði og 5.7% í þjóðarframleiðslunni í heild. Þetta eru svo sem ekki neinar hryllilegar tölur, sem ættu að gefa tilefni til þess barlóms, sem mér virðist gæta í sambandi við framtíð iðnaðarins, og ég held, að iðnaðinum sé næsta mikil óþökk í því, bæði hér og annars staðar, að það sé verið að halda því að fólkinu, að hér sé þessi stanzlausi samdráttur og samdráttur þess eðlis, að það sé ekki að búast við öðru en hann haldi áfram og iðnaðurinn sé að moltna niður í landinu. Þetta er til stórkostlegs baga fyrir þessa atvinnugrein, og það er miklu nær að reyna að vekja trú og traust almennings á þessari atvinnugrein, svo mikilvæg sem hún er í sambandi við atvinnuöflun í þjóðfélaginu.

Þá er því haldið fram, að verðbólgan sé að drepa iðnaðinn alveg eins og aðra atvinnuvegi, eins og við heyrum hér og höfum heyrt, frá því að þing kom saman. Það er alltaf stöðugt þetta sagt: Ja, verðbólgan er að *eyðileggja allt, og* ríkisstj., sem setti sér það markmið að stöðva verðbólguna, og það var hennar höfuðmarkmið, ræður ekki við neitt og ætti þess vegna að segja af sér. — Nú er það alls ekki rétt með farið, að það hafi verið eitt höfuðstefnumið ríkisstj., að stöðva verðbólguna og þess vegna hafi hún brugðizt loforðum sínum, því að um það sagði í yfirlýsingunni, þegar viðreisnarstjórnin settist á laggirnar 20. nóv. 1959 og þáv. hæstv. forsrh., Ólafur Thors, gerði grein fyrir hér á þinginu, að ríkisstj. leggur áherzlu á, að kapphlaup hefjist ekki á nýjan leik milli verðlags og kaupgjalds, og hún leggur áherzlu á, að þannig sé haldið á efnahagsmálum þjóðarinnar, að ekki leiði til verðbólgu. Ríkisstj. hefur lagt áherzlu á það, og hún hefur gert hverja aðgerðina á fætur annarri til þess að stuðla að því, að kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags leiði ekki til verðbólgu. Hún hefur þess vegna verið á þessu sviði algerlega trú þeirri yfirlýsingu, sem hún gaf, og þeirri stefnu, sem hún markaði sér 1959. Ég þarf ekki annað í þessu sambandi en að vitna til þess og minna menn á það í fáum orðum, að árið 1963 var mjög geigvænlegt á sviði verðbólguþróunar hér á landi. Um mitt árið var felldur kjaradómur, þar sem meðalhækkun embættismannalauna var um 45%. Þetta eru tölur, sem erlendum aðilum finnst allundarlegar, að *allt í einu geti* kaup hækkað um 45% í einu stökki. Það var sagt, áður en dómurinn féll, að kaup embættismanna þyrfti að lagfærast í samræmi við það, sem orðið hefði hjá öðrum atvinnustéttum. Engu að síður var þetta notað til þess að gera kröfur um nýjar kauphækkanir hjá öðrum atvinnustéttum eftir á, og almennt hækkaði svo kaup æ ofan í æ á árinu og almennt yfir heilu línuna sennilega meira en 30%. Það sáu allir, að þetta gat ekki leitt til góðs og hér vorum við komnir á yztu nöf.

Það yrði of langt mál að fara að rifja það upp, en ríkisstj. varaði við þessari þróun og gerði grein fyrir því, þegar hún reyndi að leita sátta í lok ársins 1963, að hún mundi gera gagnráðstafanir og mundi verða neydd til þess að gera gagnráðstafanir, strax og þing kæmi saman eftir áramótin 1963—1964, til þess að hér færi ekki allt um koll, og það gerði ríkisstj., með nýjum álögum auðvitað, sköttum, söluskatti og aðgerðum í sambandi við sjávarútveginn, sem gat ekki risið undir þessum álögum. En þá var ástandið þannig, að það héldu allir, að ekkert væri fram undan nema gengisfelling og það væri búið að eyðileggja viðreisnina. Og þá glottu sumir hér í þingsölunum. En þeir glotta ekki núna, þessir menn, og tala ekki um gengislækkun. Og það var m. a. vegna þess, að ríkisstj. átti góðan hlut að því, eins og sagði í stefnuyfirlýsingunni ásamt með öðru, að gera ráðstafanir til þess, að kaupgjald og verðlag leiddi ekki til sívaxandi verðbólgu, sem kippti grundvellinum undan efnahagslífi okkar. Og það staðfestist í júnísamkomulaginu, sem gert var milli ríkisstj. annars vegar og fulltrúa launþegasamtakanna og vinnuveitendanna hins vegar. Og þá var spyrnt við fótum og gert samkomulag til árs, sem í aðalatriðum grundvallaðist á því, að grunnkaupshækkanir yrðu mjög óverulegar, eins og þær einnig urðu. Svipað samkomulag hefur orðið á þessu ári, þó *ekki í eins ríkum mæli, en samt sem áður nægj*anlega traust til þess, að þeim, sem mest óskuðu eftir, að hér færi allt um koll, hefur þó ekki orðið að ósk sinni. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði aðeins um 3% fyrstu 9 mánuðina eftir júnísamkomulagið 1964, en á jafnlöngum tíma á undan júnísamkomulaginu og fyrir áhrif þess, sem gerðist í efnahagsmálum í kaupskrúfum og kapphlaupi verðlags og kaupgjalds 1963, hækkaði hún um 18% á 9 mánuðum áður, en 3% á næstu 9 mánuðum eftir júnísamkomulagið 1964. Ríkisstj. átti verulegan þátt í því, og dreg ég þó alls ekki úr þætti fulltrúa neytenda og fulltrúa verkalýðs og vinnuveitenda að draga úr verðbólgunni. 1963 og fram í júnímánuð hækkaði vísitala framfærslukostnaðar hér um 5 stig, en til desember 1963 og frá júlí sama ár hækkaði hún um 15 stig. Þá fóru alvarlega að segja til sín þau miklu umbrot og verðþensla, sem var á þessu ári, og þannig hækkaði vísitalan á árinu 1963 um 20 stig. Árið 1964 til júní hækkaði vísitalan um 17 stig, og þar eru enn áhrif frá verðlagsþróuninni á árinu 1963, en eftir júnísamkomulagið og til áramóta hækkaði vísitala framfærslukostnaðar aðeins um 2 stig. Og 1965, til júní núna á þessu ári, hefur vísitala framfærslukostnaðar aðeins hækkað um 6 stig og um 3 stig síðan.

Ég veit, að verðbólgan er iðnaðinum ekki síður erfið heldur en öðrum atvinnugreinum. En ríkisstj. hefur sannarlega gert og viljað gera sínar ráðstafanir til þess að draga úr óheillaáhrifum þessarar verðbólgu. Og við skulum gera okkur grein fyrir einu, að ef árferði hefði ekki verið jafnhagstætt og það hefur verið til sjávarins, er ekkert líklegra en að sjávarútvegurinn hefði ekki risið undir þeim aukna tilkostnaði, sem orðið hefur í landinu, og því hefði þá væntanlega ekki verið hægt að mæta með öðru en leiðréttingu á hlutfalli verðlags hérlendis og erlendis, þ. e. gengisbreytingu, og hún hefði auðvitað reynzt iðnaðinum hagstæð. Það má þess vegna segja, að hið mikla góðæri til sjávarins hafi að vissu leyti verið iðnaðinum erfitt í samkeppninni, eins og eðlilegt er á hverjum tíma.

Á þetta er allt saman að líta, og þegar allir

þessir hlutir eru skoðaðir með sanngirni, verður alls ekki sagt, að í raun og veru hafi hallað á iðnaðinn. Ég viðurkenni, að hann á við vissa erfiðleika að etja í sambandi við vissa samkeppni. En honum hefur verið veittur aðlögunartími á ýmsum sviðum, sem hægt er að gera nánari grein fyrir, ef þess er óskað, og margvíslegar ráðstafanir, sem hafa allar miðað að því að gera honum kleift að mæta þessum nýju viðhorfum.

Það er látið að því liggja í till. hérna, að iðnaðinum sé íþyngt með ónógu lánsfé. Ég er búinn að tala um hitt atriðið, sem var talað um, þessa stórauknu dýrtíð, en það sé einhver sérstakur lánsfjárskortur á sviði iðnaðarins fram yfir aðrar atvinnugreinar. Þetta fær alls ekki staðizt. Ég hef áður gert grein fyrir þessu á aðalfundi Félags ísl. iðnrekenda fyrr á þessu ári. En útlánatölurnar sýna, að þegar hlutföllin eru miðuð við hlutföllin á milli atvinnugreinanna, heldur iðnaðurinn fullkomlega sinu hlutfalli. Ef útlánum viðskiptabankanna er skipt á landbúnað, sjávarútveg, verzlun og iðnað og annað, hefur iðnaðurinn árið 1960 12.2%, 1961 13.4%, 1962 13.7%, 1963 14.3% og 1964 14.4%. Iðnaðinum hefur alls ekki verið íþyngt með neinum lánsfjárskorti umfram aðra. Ég veit, að margir kvarta undan lánsfjárskorti á sviði iðnaðarframleiðslu, alveg eins og alls staðar annars staðar í okkar fámenna og fjármagnsrýra þjóðfélagi. Þvert á móti hafa verið gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til þess að veita iðnaðinum aðstoð í sambandi við stofnlán og rekstrarlán. Það er árið 1963, sem hin nýju lög um iðnlánasjóð eru sett, og hún hefur síðan tekið alveg stakkaskiptum, þessi stofnlánadeild iðnaðarins. Fyrir þann tíma var ráðstöfunarfé sjóðsins örfáar millj. kr. Það var komið hæst upp í 4.4 millj. kr. árið 1960. Á tveimur síðustu árum og árinu í ár hefur ríkisstj. útvegað iðnlánasjóði lánsfé samtals 68.5 millj. kr., — iðnlánasjóði, sem hafði hæst til ráðstöfunar 1960, var kominn upp í 4.4 millj. kr. Á þessum 3 árum hefur iðnlánasjóður fengið fyrir tilverknað ríkisstj. til ráðstöfunar 68.5 millj. kr. til útlána. Ráðstöfunarfé sjóðsins í ár mun verða 55 millj. kr., og það var undanfarin tvö ár, 1962—1963, milli 40 og 50 millj. kr. Á sama tíma og þetta gerðist jók Framkvæmdabankinn stórkostlega útlán sín til iðnaðar, þannig að það mun láta nærri, að á árunum 1964 og 1963 hafi verið milli 40 og 50 millj. kr. hvort árið um sig af lánsfé bankans varið til iðnaðarfyrirtækja, og er langt umfram það, sem áður hafði verið, og var veitt einmitt með hliðsjón af hinni sérstöku aðstöðu iðnaðarins.

Það voru sett á þingi 1964, eins og menn muna, lög um að breyta lausaskuldum iðnaðarins í föst lán. Þetta voru rammalög og þurftu mikinn undirbúning, og það má kannske ásaka mig fyrir, að það hafi dregizt of lengi að setja reglugerð til framkvæmda á þessum lögum. Það var vegna þess eðlis laganna, að það þurfti að setja mjög ýtarlega reglugerð um framkvæmdina, því að lögin voru, eins og ég sagði, aðeins rammalög. Ég taldi, að það mundi enginn ávinningur verða af l., nema bankarnir, allir viðskiptabankarnir og í samvinnu við Seðlabankann, fengjust til þess að gangast í að eiga hlut að því að semja ásamt iðnmrn. reglugerð og starfsreglur, sem farið yrði eftir. Og þetta tókst með þeim hætti, að Seðlabankinn tók að sér forustuna fyrir beiðni mína og í nánustu samvinnu við stjórn iðnlánasjóðs, og á s. l. vori var sett mjög ýtarleg og gagnger reglugerð um framkvæmd þessarar löggjafar, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að hún á eftir að verða iðnaðinum til mikilla bóta.

Það hefur verið talað ýmislegt um að styrkja lánsfjáraðstöðu iðnaðarins í sambandi við endurkaup á lánum hjá Seðlabankanum. Ég skal ekki eyða tímanum núna í að víkja að því, því að önnur till., sem liggur fyrir þinginu, fjallar um það mál, og má þá ræða það undir þeim lið.

Iðnaðinum var veitt mikið hagræði á síðasta þingi í sambandi við afgreiðslu tollalaga, af því að það voru verulega lækkaðir tollar á vélum til iðnaðarins, innfluttum vélum og tækjum til iðnaðarframleiðslunnar, og svo verulega, að iðnaðinn hlýtur að hafa munað mikið um.

Það hefur verið lögð áherzla á að auka menntun í landinu til styrktar iðnaði. Fyrir þessu þingi liggur frv. til nýrra iðnfræðslulaga. Í ár er annað árið, sem tækniskóli starfar, sem er menntun, sem verður fyrst og fremst og ekki sízt mikilvæg á sviði iðnaðarframleiðslunnar. Og samtökum iðnaðarmanna hefur verið veitt ýmiss konar sérfræðileg aðstoð, fengnir erlendir sérfræðingar til þess að athuga og kanna ýmsa þætti þessara mála, sem samtökin hafa óskað eftir, og vonandi getur orðið meira af því, og einn þátturinn af þessu er sú rannsókn á sviði ullariðnaðarins, sem ég gerði grein fyrir áðan. Það hefur verið lagt fé af hálfu þess opinbera, Alþingis, eins og hv. alþm. er kunnugt um, á undanförnum árum til hagræðingar á sviði atvinnumála, og er það ekki sízt á sviði iðnaðarins, sem það kemur til góða. Og það er þess að vænta, að af þessu leiði aukna hagkvæmni og framför í atvinnurekstrinum.

Þegar við erum að tala um samdrátt, hefur ríkisstj. beinlínis haft áhuga á því og viljað stuðla að því, að í vissum iðngreinum gæti hafizt veruleg aukning og þensla, og þar á ég ekki sízt við íslenzkar skipabyggingar, stálskipasmíðar innanlands. Fyrir atbeina ríkisstj. hafa aðilar verið studdir til þess að hefja byggingar eða búa sér út aðstöðu til stálskipasmíði og til þess að byggja upp gömlu slippana hér, sem nú eru orðnir allt of litlir, 20—30 ára gamlir slippar, sem ekki lengur anna þeim stóru fiskiskipum, sem við nú búum við. Og það er áfram að því stefnt að stuðla að því, að nægilegt lánsfé fáist til þess að stórefla þessa atvinnugrein, og við Íslendingar ættum sannarlega að keppa að því í framtíðinni að vera okkur sjálfum nógir í byggingu íslenzkra fiskiskipa og allri þjónustu, sem að þeim lýtur. Hérna er þegar um stórkostlega þenslu á sviði iðnaðar að ræða, og vonandi verður um miklu meiri þenslu að ræða á komandi árum. Við höfum keypt nýjan skipastól af erlendum aðilum fyrir — á kannske 2—3 árum — um 1000 millj. kr., og við sjáum, hve mikil verkefni eru hér. Íslendingar lærðu sjálfir að byggja sín eikarskip og eikarbáta og gerðu það ágætlega, þó að þeir hefðu ekki getað annað sínum þörfum þá. Nú er að hefjast handa um það að búa þessari nýju atvinnugrein, stálskipasmíðinni, þá aðstöðu, að við getum í æ ríkara mæli á kom-

andi árum gerzt á þessu sviði sjálfum okkur nógir.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri. Ég sagði í upphafi máls míns, að við værum hér að ræða um ekki mikilvæga till., og það get ég vel endurtekið, og það sé næsta lítil þörf á því, að Alþ. sé núna að stofna til einhverra rannsókna á því, af hverju samdráttur sé og hvað sé hægt að gera til úrbóta á þessu sviði. Það er á öllum sviðum verið að vinna að þessum málum, það á ekki bara við af hálfu ríkisstj. og iðnmrn., heldur þeirra aðila, sem hafa fyrirsvar þarna. Það eru dugmiklir atvinnurekendur í fjölmörgum greinum, og enda þótt rétt sé, að samdráttur sé sums staðar, er mikil þensla á öðrum sviðum, og það er verið að gera ráðstafanir til þess að sporna við þeim samdrætti, sem á einstökum sviðum hefur komið fram. Ég lýk svo máli mínu með því að leggja áherzlu á, að það væri miklu þarfara verk að vekja athygli þjóðarinnar á mikilvægi þessarar atvinnugreinar hjá okkur Íslendingum, en vera ekki að þessum sífellda barlómi, að þessi atvinnugrein sé að ganga sér til húðar.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Sþ., 10. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

**Flm. (Einar Ágústsson):** Herra forseti. Þegar fundi var slitið hér í hv. Sþ. á miðvikudaginn var, hafði ég kvatt mér hljóðs til þess að gera að umtalsefni í stuttu máli nokkur atriði, sem fram komu í ræðu hæstv. iðnmrh. um þá till. um athugun á samdrætti í iðnaði, sem hér er til umr. Þó að nokkuð langt sé um liðið, ætla ég samt að víkja að málinu örfáum orðum.

Ég verð að segja það, að það urðu mér nokkur vonbrigði, hvernig hæstv. ráðh. tók þessu máli. Hér er um það að ræða, að samtökum iðnverkafólks og iðnrekenda verði gefinn kostur á að eiga aðild að allsherjarathugun á því, hvaða orsakir liggja til þess samdráttar í iðnaði, sem orðið hefur á undanförnum missirum, og hvaða ráðstafanir megi gera til þess að koma í veg fyrir hann. Ég lýsti því um daginn, hvaða undirtektir till. hefði fengið hjá þeim samtökum viðkomandi aðila, sem hv. allshn. sendi hana til umsagnar, en þessir aðilar voru: Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri, Félag ísl. iðnrekenda, Samband ísl. samvinnufélaga. Frá öllum þessum samtökum bárust umsagnir, sem eindregið hvöttu til samþykktar umræddrar þáltill., og þau fluttu öll fram gild rök máli sínu til stuðnings, eins og ég vitnaði til í fyrri ræðu og skal ekki endurtaka. Þrátt fyrir þetta lagðist hæstv. ráðh. algerlega gegn till., fór um hana háðulegum orðum, taldi hana lítilsverða og óþarfa, og mátti jafnvel skilja á máli hans, að flutningur hennar væri iðnaðinum til óþurftar.

Rökstuðningur hæstv. ráðh. var sá, að svo miklar ráðstafanir hefðu þegar verið gerðar iðnaðinum til hagsbóta í seinni tíð, að ekki væri þörf á því frekar. Ég lét þess getið í máli mínu á miðvikudaginn var, að hæstv. iðnmrh. hefði sýnt skilning á því, hversu ýmsar efnahagsaðgerðir að undanförnu hafa komið illa við iðnaðinn, og nokkrar ráðstafanir hafi ýmist verið gerðar eða undirbúnar til að mæta þeim vanda, sem hér er um fjallað, enda hafði meiri hl. allshn. Sþ. tínt af mikilli samvizkusemi allt það fram, sem þar um ræðir, eins og sjá má á þskj. 497 frá síðasta þingi. Hæstv. ráðh. sá samt ástæðu til að skýra frá þessu með eigin orðum og útskýringum, og er vitanlega ekki nema gott eitt um það að segja.

Okkur flm. þessarar till. var auðvitað vel kunnugt um þessar aðgerðir, sem ég skal ekkert gera lítið úr, en við töldum samt, að umrædd athugun ætti að fara fram, enda væri á henni og því, sem gert hefur verið, sá mikli munur, að hér er ætlazt til, að fulltrúar iðnverkafólks og iðnrekenda eigi aðild að athugun, auk þess sem ráðgerð er heildarathugun, en fram að þessu hafa verið skoðaðir einstakir þættir iðnaðarins, og síðast, en ekki sízt, að sú staðreynd blasir við, að þrátt fyrir það, sem gert hefur verið, heldur samdráttur áfram í mjög mörgum greinum iðnaðarins.

Um einstök atriði í ræðu hæstv. ráðh. vil ég segja þetta: Hæstv. ráðh. keppast nú mjög við að telja fólki trú um, að þeir berjist hinni góðu baráttu gegn verðbólgunni og verði harla mikið ágengt. Ósköp er ég samt hræddur um, að illa gangi þeim að sannfæra almenning í landinu um þetta, fólkið, sem þarf að láta tekjurnar hrökkva fyrir gjöldunum, þrátt fyrir mikla tilburði og talsverða leikni þeirra sumra hverra a. m. k. í þeitingu talna og útreikninga. Hæstv. iðnmrh. vildi greinilega ekki láta sitt eftir liggja í þessu efni hér á miðvikudaginn var. Hann taldi, að það væri hin mesta fjarstæða, sem framsóknarmenn héldu fram, að verðbólgan væri að drepa iðnaðinn, eins og hann komst að orði, og sagði það ekki rétt með farið, að það hefði verið eitt af höfuðstefnumarkmiðum hæstv. ríkisstj. að stöðva verðbólguna. Hann rökstuddi þetta með því, að í stefnuyfirlýsingunni frá 1959 hefði verið sagt, að stjórnin legði áherzlu á, að þannig sé haldið á efnahagsmálum þjóðarinnar, að ekki leiði til verðbólgu. Hvort stefnumarkmið hæstv. ríkisstj. og það, sem hún leggur áherzlu á, er eitthvað tvennt ólíkt, skal ég ekki segja um eða hvernig á að skilja þessa yfirlýsingu. En hitt er vitað, að talsmenn stjórnarflokkanna hafa jafnan haldið því fram og halda því ávallt fram, að vinstri stjórnin hafi farið frá vegna yfirvofandi verðbólguaukningar og þeir hafi talið það eitt af hlutverkum sínum að koma í veg fyrir áframhaldandi verðbólguvöxt, og nú er því haldið fram, að þetta hafi tekizt.

Í framhaldi af þessum skýringum hæstv. ráðh. á stefnuyfirlýsingunni var komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi barátta hefði gengið að óskum að undanförnu og að dýrtíðarvöxturinn væri hér hraðminnkandi. Þótt margir þm. og margir hæstv. ráðh. hafi hér að undanförnu farið með margar tölur um dýrtíðarvöxtinn fyrr og nú, langar mig í tilefni af þessu að gera örlítinn samanburð á t. d. vísitölu byggingarkostnaðar, vegna þess að hún á vel við, þegar rætt er um búsifjar iðnaðarins af verðbólgunni, til þess að sýna, hvernig barátta hæstv. ríkisstj. við að halda þannig á efnahagsmálum þjóðarinnar, að ekki leiði til verðbólgu, eins og segir í áðurnefndri

yfirlýsingu hæstv. stjórnar, hafi gengið, hvort sem það var nú eitt af höfuðstefnumarkmiðunum eða ekki.

Í okt. 1959 var vísitala byggingarkostnaðar samkv. Hagtíðindum 132 stig. Eftir 3 ár, þ. e. hinn 1. okt. 1962, var þessi sama vísitala orðin 180 stig og hafði því hækkað um 48 stig á þremur árum eða 16 stig að meðaltali á ári 3 fyrstu ár hæstv. núv. ríkisstj. í valdastólunum. Var þetta ekki góður árangur? Hafði ekki tekizt bara vel að halda þannig á efnahagsmálum þjóðarinnar, að ekki leiddi til verðbólgu? Vel má vera, að hæstv. núv. ráðh. þyki það, og þeir eru raunar að sækja í sig kjark til þess að halda því fram. En hæstv. þáv. forsrh. þótti annað. Í áramótaræðu sinni á gamlársdag 1962 sagði hann þetta, með leyfi forseta:

„Ég skal strax kveða upp úr með það, að í vissum aðalefnum hefur viðreisnin tekizt betur en björtustu vonir stóðu til. Hins vegar játa ég hispurslaust, að enn hefur ekki tekizt að ráða niðurlögum verðbólgunnar, enda þótt rétt sé, að þjóðin standi í dag betur að vígi en fyrir þremur árum til að fást við hana. En takist ekki að sigrast á verðbólgunni, gleypir hún fyrr eða síðar ávexti þess, sem bezt hefur tekizt. Er þá unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir höndum."

Þetta var úttektin eftir þriggja ára stjórnarsetu þeirra viðreisnarmanna. Verðbólgan ósigruð, og yfirvofandi, að hún gleypti ávexti þess, sem bezt hefur tekizt, og þá allt unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir höndum.

En einn vonarneisti leyndist í öskunni. Þjóðin stendur betur að vígi en fyrir þremur árum að fást við verðbólguna, var sagt. Þá er rétt að skoða, hvernig eftirkomendunum hefur tekizt að hagnýta aðstöðuna. Þeir stóðu þó allténd betur að vígi. Hinn 1. okt. s. l. var vísitala byggingarkostnaðar komin upp í 267 stig. Hækkunin frá 1. okt. 1962 var þar af leiðandi ekki 48 stig, eins og á fyrra 3 ára tímabilinu. Nei, hún var 87 stig á síðari þrem valdaárunum, — ekki 16 stig að meðaltali á ári, eins og 1959—1962, heldur 29 stig að meðaltali frá 1962—1965, nærri því tvöfalt meiri, ef stigin eru lögð til grundvallar. Og af því að hæstv. ráðh. hafa lagt mikið kapp á að halda því fram, að vísitölustigin væru þeim mun léttbærari, sem menn hefðu meira af þeim, og allur reikningur annar en prósentureikningur væri rangur og villandi, er kannske rétt að bæta því við hér til samanburðar, að frá 1. okt. 1961 til 1. okt. 1962 hækkaði vísitala byggingarkostnaðar úr 168 stigum í 180 stig, þ. e. um 12 stig eða 7.1%. Þetta var hækkunin árið sem ég minntist á áðan, þegar enn hafði ekki verið sigrazt á verðbólgunni. Frá 1. okt. 1964 til 1. okt. 1965, þ. e. síðasta vísitala, sem gefin hefur verið út og gildir fyrir það tímabil, sem við nú lifum í, á þessu ári, hækkar vísitala byggingarkostnaðar hins vegar úr 220 stigum í 267 stig eða um 47 stig, en það gerir 21.4%. Hér eru tekin sambærileg tímabil, eitt ár í báðum tilfellum, og hækkunin reiknast í prósentum frá árinu á undan, þannig að ég hygg, að þessi aðferð standist jafnvel kröfur hæstv. viðskmrh., nema þá rangt sé reiknað hjá mér, en það verður þá vafalaust leiðrétt.

Þegar þetta er haft í huga, er þá nokkur firra að segja það, sem ég gerði á miðvikudaginn var, að stóraukin dýrtíð hafi skapað iðnaðinum margvíslega rekstrarörðugleika? En þessi orð mín virðast hafa verið undirrót dýrtíðarkaflans í ræðu hæstv. iðnmrh. Ég held, að tæplega verði hægt að vefengja þau. Ég held, að það sé staðreynd, að dýrtíðin vaxi og hún valdi iðnaðinum, eins og raunar öllum öðrum atvinnugreinum og öllum rekstri, margvíslegum örðugleikum.

Þá sagði ég enn fremur, að iðnaðurinn byggi við lánsfjárskort, sem rýrði afkomu hans. Einnig þessu var tekið með miklum fyrirvörum af hæstv. iðnmrh. Hann sagði, að þessu væri ekki til að dreifa umfram aðrar atvinnugreinar, og svo fór hann að telja upp það, sem gert hefði verið iðnaðinum til hjálpar í þessu tilliti. Ég hygg, að iðnaðurinn búi yfirleitt við mjög erfið skilyrði um útvegun lánsfjár til starfsemi sinnar, bæði hvað rekstrarlán og fjárfestingarlán snertir, þrátt fyrir þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, og ég get enn endurtekið, að ég er ekkert að lasta þær. En úr því að farið er að ræða þetta atriði, mætti eflaust gera sér grein fyrir því, hverjar þessar fjárútveganir eru. Hæstv. iðnmrh. nefndi þetta, ef ég man rétt:

Í fyrsta lagi, að iðnlánasjóði hefðu verið fengnar nýjar og stórauknar tekjur. Þetta er að nokkru leyti rétt. Með nýju lögunum frá 1963 var framlag ríkissjóðs ákveðið 2 millj. kr. á ári, en afgangurinn af þeim 40—50 millj. kr., sem sjóðurinn hefur í árlegar tekjur, er fenginn með 0.4% gjaldi á svo til alla iðnaðarframleiðslu. Þarna er því nánast um tilfærslu að ræða úr einni grein iðnaðar í aðra, og enda þótt gjaldið fáist kannske reiknað í verðlagið, hækkar framleiðsluverðið að sama skapi og samkeppnisaðstaðan versnar. Þrátt fyrir þessa tilfærslu á tekjum og fjármunum er iðnlánasjóður samt fjárvana og getur ekki annað eftirspurn.

Í öðru lagi var nefnt, að samþ. hafa verið l. um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán. Hæstv. ráðh. sagði, að nokkuð hefði dregizt að setja reglugerð um þetta efni, en hún væri nú komin, og það er vissulega gott. Ég tel víst, að þetta fyrirkomulag verði iðnaðinum til mikils hagræðis, þegar það kemur til framkvæmda. En ekki verður þar þó um nýtt fjármagn iðnaðinum til handa að ræða, heldur aðeins breytingu eldri lausaskulda í föst lán. Það auðveldar auðvitað reksturinn talsvert, ekki sízt hjá þeim, sem duglegir hafa verið að fá bráðabirgðalánin í lánastofnunum.

Í þriðja lagi var nefnt, að samþ. hafi verið á Alþ. till. um endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum iðnaðarins. Mér er ekki kunnugt um, að sú till. hafi komið enn til framkvæmda á nokkurn hátt. En þar sem hér á fundinum er sams konar till. til umr., er rétt að fresta allri umr. um hana á þessu stigi, sérstaklega ef von er á nýjum upplýsingum um það efni frá hæstv. ráðherra, eins og mátti skilja af ræðu hans um daginn.

Í fjórða lagi var nefnt, að þær tollalækkanir, sem gerðar hafa verið, hafi komið iðnaðinum til góða í sambandi við vélakaupin. Þessu ber auðvitað ekki að neita. En hafa verður í huga, að umræddar tollaaðgerðir voru liður í heildartollalækkun, sem á ýmsum öðrum sviðum snerti iðnaðinn mjög illa, þannig að ég hygg, að láta muni

nærri, að í bezta falli standist á, hvað vinnst og hvað tapast.

Í fimmta lagi voru nefnd lán úr Framkvæmdabankanum, sem iðnaðinum hafa verið veitt, og þar er um hreina fjármagnsviðbót fyrir iðnaðinn að ræða, sem þeim, er njóta, kemur auðvitað að fullu gagni.

Þá held ég, að þessi fyrirgreiðsluatriði séu upp talin, eða ég man ekki betur.

Ég hef ekki löngun til þess að gera lítið úr því, að þessi atriði hjálpi iðnaðinum eitthvað, eins og ég hef margoft tekið fram. En ég held því fram, og ég veit það, að þrátt fyrir þetta á þessi atvinnugrein við mikla fjárhagsörðugleika að etja. Vegna vaxandi dýrtíðar þurfa fyrirtækin langtum fleiri krónur en áður til að halda rekstrinum í horfinu. Af þeirri verðbólgusparifjármyndun, sem á sér stað í landinu, tekur hæstv. ríkisstj. til sinna þarfa í einni eða annarri mynd um ⅓ hluta og tók áður meira. Afleiðingin er sú, að um 1500 millj. kr. eru frystar í Seðlabankanum og hundruð millj. eru teknar úr bankakerfinu til framkvæmda á vegum ríkissjóðs, en viðskiptabankarnir verða að neita viðskiptavinum sínum um aukna fyrirgreiðslu, þótt þeir geti tölulega sannað, að þeim sé lífsnauðsyn á rekstrarfjárviðbót til að halda í horfinu. Þetta ástand hlýtur að hitta iðnrekendur eins og aðra og þó í þeim mun ríkara mæli, sem vitað er, að aðrir atvinnuvegir hafa búið við einmuna góðæri og þá sjávarútvegurinn alveg sérstaklega, en iðnaðurinn er hins vegar eins konar þolandi góðærisins, eins og hæstv. iðnmrh. benti einmitt sjálfur á í ræðu sinni um daginn. Þess vegna er það rétt, að iðnaðurinn er rekstrarfjárþurfi og það jafnvel meira en aðrir höfuðatvinnuvegir, og ætla ég þó alls ekki að bera á móti því hjá hæstv. ráðh., að almennur lánsfjárskortur eigi sér stað í okkar fámenna og fjármagnsrýra þjóðfélagi. Það er hverju orði sannara, að lánsfjárskortur er hér mikill, bæði af eðlilegum og tilbúnum ástæðum.

Í framsöguræðu minni lagði ég áherzlu á það, að við Íslendingar ættum að draga lærdóma af þeirri reynslu annarra þjóða, að þeim hafi mörgum hverjum skilað hraðast í átt til bættra lífskjara, þegar iðnaði þeirra óx fiskur um hrygg, og að alveg sérstaklega biðu mörg verkefni í vinnslu innlendra framleiðsluvara. Þetta vil ég enn undirstrika. Ég veit, að ýmsir erlendir sérfræðingar, sem hingað hafa komið eða um mál okkar hafa fjallað, hafa talsvert ríka tilhneigingu til þess að sjá okkur alla Íslendinga fyrst og fremst sem vinnuafl við fiskveiðar og fiskverkun í einni eða annarri mynd, og eflaust er það rétt út frá hagfræðilegri teóríu, að á þann hátt mundum við skila mestum afköstum og draga mesta björg í alheimsbúið. En ætli þá væri ekki jafnframt tímabært að hætta að hugsa um sjálfstætt þjóðfélag á Íslandi? Ég er hræddur um það.

Sem betur fer eru það ekki heldur allir erlendir sérfræðingar, sem þannig hugsa. Í skýrslu þeirri, sem Arne Haar deildarstjóri frá Noregi gerði á vegum Efnahagsstofnunarinnar um tollvernd íslenzks iðnaðar og vitnað hefur verið til í sambandi við meðferð þessa máls, segir hann um þetta atriði, að jafnvel þótt Ísland hafi um næstu framtíð verulegt tækifæri til frekari þróunar fiskveiða og fiskiðnaðar, þarfnast landið einnig, þegar til lengdar lætur, iðnvæðingar, sem stuðlað getur að meiri fjölbreytni í atvinnulífinu og að stöðugra jafnvægi í efnahagslífinu. Ég sagði enn fremur um daginn, að iðnaðurinn þyrfti að halda áfram að veita mörgu fólki atvinnu, ekki aðeins þeim, sem ekkert annað geta gert, eins og mörgum konum og meira og minna fötluðu fólki t. d., heldur þarf hann jafnframt að búa sig undir að taka við hluta af þeirri fólksfjölgun, sem fyrirsjáanleg er. Um þetta segir í áðurnefndri skýrslu, að þótt nú sé skortur á vinnuafli, muni fjölgun fólks á starfsaldri yfir lengri tíma litið gera tilkall til vaxtar efnahagsstarfseminnar jöfnum skrefum. Iðnaðarframleiðslan hljóti að eiga mikilvægan þátt í þessum vexti og þess vegna verði að kappkosta að varðveita þróunargrundvöll þeirra iðngreina, sem nú framleiða fyrir innlendan markað. Undir þetta vil ég taka og vonast til, að þessi skilningur verði ríkjandi, en ekki það sjónarmið, sem mér virðist koma fram af umsögn Efnahagsstofnunarinnar, að því sé slegið föstu, að íslenzkur iðnaður geti ekki framleitt það vöruúrval á heimsmarkaðsverði, sem neytendur óska eftir, og þess vegna eigi að leggja hann að miklu leyti niður.

Um það, hvað hafa beri í huga við undirbúning áætlunar um aðlögun iðnaðarins að breyttum staðháttum vegna efnahagsaðgerðanna, segir Arne Haar, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirvega verður alla þá þætti, sem haft geta þýðingu fyrir samkeppnisaðstöðu iðnaðarins og frekari þróun hans. Í raun réttri hefur þetta í för með sér, að stefnuna í iðnaðarmálum verður að taka til nýrrar yfirvegunar í allri sinni fjölbreytni. Við þessum vandamálum eru engar beinar lausnir. Þessi skýrsla er ekki heldur við það miðuð að leggja fram fullmótaða áætlun um aðgerðir. Hún er ætluð sem grundvöllur umr., sem frekara starf að þessum málum gæti byggzt á.“

Þetta segir hinn norski sérfræðingur, sem hæstv. ríkisstj. fékk hingað til að athuga aðlögunarvandamál iðnaðarins. Þess er að vænta, að farið verði eftir ráðum hans og frekara starf að þessum málum verði látið fara fram m. a. á grundvelli þessarar skýrslu. Væri það nú til of mikils mælzt, að fulltrúar frá samtökum iðnaðarfólks og iðnrekenda fengju að eiga aðila, sem tækju þátt í þessum framhaldsviðræðum og aðgerðum til aðstoðar við íslenzkan iðnað á þessum erfiðu tímamótum? Mér finnst, að þetta ætti að vera auðsótt mál, því að þrátt fyrir mikilvægi iðnaðarins fyrir þjóðarheildina eru það þó þessi fjölmennu samtök, sem mestra hagsmuna eiga að gæta, því að sá er eldurinn heitastur, er á sjálfum brennur. Þetta er það, sem þáltill. á þskj. 21 fer fram á, og mér sýnist því einsætt, að hana beri að samþykkja.

**Sveinn Guðmundsson:** Herra forseti. Þessi þáltill. er 21. mál Sþ., sem hér er borin fram af framsóknarmönnum, að ríkisstj. láti fara fram í samráði við Félag ísl. iðnrekenda og fulltrúa iðnverkafólks athugun á samdrætti í ýmsum iðngreinum að undanförnu. Ég leyfi mér að spyrja hv. flm., hvers vegna þessi athugun fari ekki einnig fram í samráði við fulltrúa frá Iðnaðardeild S. Í. S. Vita þeir kannske ekki, að samvinnufélögin standa enn þá utan heildarsamtaka

iðnaðarins í landinu? (Gripið fram í.) Þetta er aðeins fyrirspurn. Ekki verður því trúað, að viljandi sé hér sneitt hjá samvinnuhreyfingunni. Er það ekki einmitt þetta, að till. er sýndarmennska og þeir hafa ekki trú á, að hún geri nokkurt gagn, og hún er búin til í fljótræði? Ég held það. Varðandi byggingarkostnað, sem hv. 11. þm. Reykv. talaði hér um á undan mér í ræðustólnum, hefur kannske þessi hv. þm. trú á því, að það sé um samdrátt að ræða í byggingariðnaðinum? Er það þess vegna, sem hann tekur byggingariðnaðinn hér sérstaklega til umr. Er það ekki einmitt þetta, að stjórnarandstaðan og þessir hv. þm. vilja og óska einskis frekar en einmitt, að verðbólgan verði sem mest, að það komi óðaverðbólga og skapist, svo að núv. ríkisstj. verði að hrökklast frá völdum? Mér skilst það, því að það er alveg nægileg atvinna a. m. k. í byggingariðnaðinum og þurfti ekki að taka hann sérstaklega fyrir. Og miklar kauphækkanir fara mjög illa með þann hluta iðnaðarins, sem beinlínis vinnur í samkeppni við útlönd. Í þetta þarf ekki að skipa n. Þó mun öllum hv. alþm. vera ljóst, að þegar landbúnaðarafurðir til útflutnings eru styrktar með nær 200 millj. kr. og sjávarútvegurinn fær viðlíka stórar upphæðir úr ríkiskassanum, er eðlilegt, að ekki vænkist samkeppnisaðstaða þess iðnaðar, sem keppir ótollað við erlenda iðnaðarvöru.

Við, sem höfum stundað iðnaðarstörf síðasta aldarfjórðung eða lengur, munum tvenna tímana. Við munum haftastefnuna og ríkisafskiptin. Við munum innflutningshöftin á nauðsynlegustu vélum, þannig að marga menn þurfti til þess að vinna sama verk í úreltum tækjum. Þetta hefur breytzt með auknu frjálsræði og fullkomnari vélakosti. Bátagjaldeyrisfyrirkomulag er einnig svo skammt að baki, að það er minnisstætt, þegar iðnaðarmenn og iðnrekendur þurftu að greiða 80% ofan á gjaldeyrinn auk venjulegra tolla á nauðsynlegustu verkfæri. Með frjálsum innflutningi hafa margar iðngreinar getað aflað sér véla, og hefur þannig tækni og sjálfvirkni fleygt fram á mörgum sviðum iðnaðarins, sérstaklega verksmiðjuiðnaðarins. Þannig hefur verið hægt að fækka starfsliði. Þeir, sem hins vegar hafa ekki notað sér frjálsræðið, hafa eðlilega dregizt aftur úr. Handavinnan hefur verið látin víkja, þar sem því hefur verið við komið, og hefur þetta að sjálfsögðu sparað vinnuaflið víða, þó að framleiðsluaukning hafi verið í þessum sömu iðngreinum. Og slíkt er að sjálfsögðu ekki hægt að flokka undir samdrátt í iðnaði, eins og hv. flm. vilja hér gera með þessari till. sinni. Hins vegar er auðsætt, að aukinni framleiðni í iðnaði verður ekki við komið nema með auknu fjármagni.

Ekki er hægt að segja annað en vel hafi verið séð fyrir fjárfestingarfé til iðnaðarins á valdatímabili núv. hæstv. ríkisstj., miðað við það, sem áður var, bæði með aukningu iðnlánasjóðs og iðnaðarlánum Framkvæmdabankans. En þessir sjóðir hafa samkv. upplýsingum hæstv. iðnmrh. við þessar umr. farið ört vaxandi og útlán til fjárfestingar í iðnaði numið 80—90 millj. kr. á s. l. ári. Um framleiðslulán til iðnaðarins, m. a. endurkaup Seðlabankans á iðnaðarvíxlum, er öðru máli að gegna. En ég mun geyma mér að ræða það mál, þangað til betra tækifæri gefst, sem væntanlega verður nú á næstunni.

Fyrr við þessar umr. upplýsti hæstv. iðnmrh., að sú grein iðnaðar, þar sem samdráttur hafi orðið raunverulegur, er í veiðarfæraiðnaði. Þar hafi hann skipað n. á s. l. ári til rannsóknar, svokallaða veiðarfæraiðnaðarnefnd, sem nú hafi skilað áliti. Ég beini þeim tilmælum til hæstv. ráðh., að alþm. verði látið í té þetta nál., jafnframt því sem ég fagna því, að nú skuli vera gengið til móts við sjálfsagðar óskir þessarar nauðsynlegu greinar íslenzks iðnaðar, eins og hæstv. iðnmrh. lét um mælt.

**Dómsmrh. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Það má náttúrlega lengi halda áfram umr. undir þessum málalið og næstum því undir hvaða málalið, sem hér kemur til umr. á þinginu, að deila um dýrtíðarvöxtinn, eins og hv. 11. þm. Reykv. gerði í sinni síðari ræðu og gerði að aðalatriði í því sambandi, og ég býst við að þessa ræðu megum við hlusta á frá honum síðar á þinginu og oftar en einu sinni og endurtekna í eitthvað svipaðri mynd af mörgum hans flokksbræðrum og oftar en einu sinni. Við höfum þurft að hlusta á þetta undanfarið í sambandi við landbúnaðarmálin, ég veit ekki, á hve mörgum fundum, og því verður víst ekki lokið, þó að það mál hafi loksins komizt til nefndar.

Annars var margt fallegt og slétt í ræðu hv. 11. þm. Reykv., eins og jafnan er hjá honum. Fallegasti parturinn var nú, þegar hann var að lesa upp úr skýrslum, sem ríkisstj. hefur fengið sérfræðinga til þess að útbúa fyrir sig, og þykir mér vænt um, að hann hefur tekið eftir þeim og leggur áherzlu á, að við reynum að koma til framkvæmda einhverju af því, sem þar er rakið.

Seinast, þegar verið var að deila hér um dýrtíðina og dýrtíðarvöxtinn, var það vísitala framfærslukostnaðarins, sem deilt var um, og ég veit ekki, það er kannske vegna þess að viðskmrh. hafi þá tekizt að binda enda á deiluna um dýrtíðarvöxtinn á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, að hv. 11. þm. Reykv. tók nú til við vísitölu byggingarkostnaðar til þess að sýna fram á, að verðbólgan hefði aukizt miklu meira í tíð núv. ríkisstj. en hjá undanförnum ríkisstj. og meðan hans flokksmenn voru við völd. En það vill svo til, að ef við leggjum vísitölu byggingarkostnaðar til grundvallar verðbólguvextinum og tökum vísitölu byggingarkostnaðar á tímabilinu frá 1949, þegar framsóknarmenn komu í ríkisstj., þ. e. í okt. 1949, — þeir koma í ríkisstj. 1950 nokkrum mánuðum seinna, — og til 1958, ég held, að hún sé reiknuð út fjórum sinnum á ári, þessi vísitala, er hækkunin alls til 1958, rétt áður en vinstri stjórnin fer frá, 146.3%, í 9 ár að meðaltali 16.2% á ári. En frá því aftur á móti seinni hluta árs 1958 og þangað til í júní 1965 er hækkunin alls 85.1%, í 6.7 ár, og meðaltalshækkunin á ári verður þá 12.8%. Jafnvel vísitala byggingarkostnaðarins hjálpar ekki þessum hv. þm. til þess að sannfæra menn um, að verðbólgan sé meiri í tíð núv. stjórnar heldur en þegar þeir báru ábyrgð á ríkisstj. eða voru þátttakendur í ríkisstj., framsóknarmenn. Allt fer þetta á sömu leið. Aðalatriðið, sem ég lagði megináherzlu á í minni ræðu í sambandi við verð-

bólguvöxtinn, vegna þess að hv. 11. þm. Reykv. hafði gefið tilefni til þess, var það, að ríkisstj. hafði lýst yfir, eins og hann vitnaði til, að hún legði áherzlu á, að kapphlaupið hefjist ekki á nýjan leik á milli verðlags og kaupgjalds og þannig sé haldið á efnahagsmálum þjóðarinnar, að ekki leiði til verðbólgu, og þetta var upphaflega yfirlýsing ríkisstj. 20. nóv. 1959 í sambandi við verðbólgumálin. Þessari stefnu hefur ríkisstj. fylgt. Og ríkisstj. hefur gert miklu meiri og veigameiri ráðstafanir en nokkur önnur ríkisstj. hér á landi til þess að koma í veg fyrir þetta kapphlaup kaupgjalds og verðlags. Því máli mínu til sönnunar vitnaði ég í þann þátt, sem ríkisstj. átti í júnísamkomulaginu 1964, en það samkomulag hafði í stórum dráttum þau áhrif, að framfærslukostnaðurinn í landinu, vísitala framfærslukostnaðar, hækkar aðeins um 3% fyrstu 9 mánuði, eftir að samkomulagið var gert, en á jafnlöngum tíma þar á undan hafði hún hækkað um 18%. Þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir á árinu 1964 og nú á líðandi ári til þess að skapa meira jafnvægi og minna kapphlaup á milli kaupgjalds og verðlags, eru þær helztu ráðstafanir, sem hafa leitt til stöðvunar á verðbólgu, sem áður var hækkandi hjá okkur. Það er rétt, að það er mikil hækkun verðbólgunnar vegna áhrifa verðþenslunnar á árinu 1963, og hún var svo mikil, eins og ég viðurkenndi og tók fram í minni ræðu, að þá töluðu flestir um, að gjaldmiðillinn, íslenzka krónan, mundi ekki standast verðþensluna og það mundi verða gengishrun á árinu 1964. En einmitt fyrir efnahagsráðstafanir ríkisstj., bæði þessar og ýmsar aðrar, hefur tekizt að koma í veg fyrir það og á sama tíma að skapa traustari gjaldeyrissjóði en við Íslendingar höfum nokkru sinni áður átt.

Ég vil svo aðeins taka það fram að lokum, að ég er alveg sömu skoðunar og á síðasta fundi, þegar þetta mál var rætt, um þessa till., sem hér er til meðferðar, að mér finnst hún algerlega þýðingarlaus og litilfjörleg og flutt í sýndartilgangi. Af hverju flytja þessir menn ekki einhverja till. um eflingu iðnaðarins? Það á endilega núna að fara að rannsaka samdráttinn í iðnaði. Þeir hafa haft fjölda tækifæra til þess að sýna fram á þennan samdrátt. Það hefur bara staðið á því, að hann væri sýndur, samdrátturinn. Í einstökum atvinnugreinum hefur verið bent á örfærra fólk við vinnuna. Það þýðir ekki samdrátt í iðnaði. Hver hefur fremleiðnin og framleiðsluaukningin verið? Ég benti á það, að á árunum 1962 og 1963, þá var fyrra árið 8% framleiðsluaukning í iðnaði og meira í iðnaði en nokkurri annarri atvinnugrein og 6% síðara árið. Það minnkaði 1961 og sennilega stendur í stað 1964. En þannig er það, að þetta gengur nokkuð í bylgjum hjá iðnaðinum, alveg eins og í öðrum atvinnugreinum hjá okkur. Og þáttur iðnaðarins er ekkert lélegri en annarra atvinnugreina, þegar frá er skilinn, — og það tók ég fram seinast, — hinn gífurlegi og sérstæði vöxtur í sjávarútveginum síðustu árin vegna aukinnar tækni við síldveiðarnar og nýrra síldargangna eða a. m. k. möguleika fiskimanna okkar til þess að fylgjast með síldargöngunum og veiða síld við aðstæður, sem áður var alls ekki hægt að veiða nokkra síld. Þess vegna sagði ég, að það væri til óþurftar — og endurtek það — að vera sí og æ að vekja athygli eða reyna að vekja athygli á einhverjum ímynduðum samdrætti í iðnaðinum. Það er hægt að afla allra þessara upplýsinga, og liggja fyrir meira og minna upplýsingar um þetta, og fulltrúum iðnverkafólks eða iðnrekenda hefur alls ekki verið haldið utan við það, ef þeir hafa óskað eftir því. Þess vegna er till. alveg tilgangslaus. Og eins og kom fram á síðasta þingi og ég hef sýnt fram á núna, er ekki nein þörf fyrir þessa sérstöku rannsókn.

Ég fullyrði, að þessi till. er ekki borin fram til þess að vera iðnaðinum neitt til þurftar, og hún verkar ekki heldur til þurftar iðnaðinum. Ég ætla hins vegar að vona, að hún sé svo ómerkileg, að hún verði ekki til óþurftar fyrir iðnaðinn.

**Flm. (Einar Ágústsson):** Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. — Hv. 10. þm. Reykv. tók hér til máls áðan. Aðaláhyggjuefni hans í sambandi við þessa tillögugerð sýndist mér vera það, að flm. hefðu gleymt iðnaðardeild Sambands ísl. samvinnufélaga, og get ég heitið honum fullum stuðningi við brtt. í átt, ef honum finnst þessi athugun ekki geta farið fram án þess, að iðnaðardeild Sambands ísl. samvinnufélaga eigi þar aðild að. Ég veit hins vegar ekki, hvað þessi hv. þm. hefði sagt, ef við hefðum tekið iðnaðardeild Sambands ísl. samvinnufélaga inn í till. En mér gæti dottið í hug, að þá hefði verið fundið að því, að alls staðar vildi Sambandið koma sínum áhrifum að. Það hefur maður a. m. k. oft heyrt. En hvað um það, hv. þm. talaði um þessa till. út frá sínu sjónarmiði, og hann talaði um ástandið í iðnaðinum frá sínum bæjardyrum, en hann er, eins og kunnugt er, einn af stærstu iðnrekendum landsins. Og hann er ánægður, og það er gott. En ég ætla bara að benda á það, að þannig talar hann ekki fyrir munn samfélagsmanna í Félagi ísl. iðnrekenda, því að það félag hefur sent umsögn um þessa till., og þar segir, með leyfi forseta:

„Vér höfum móttekið bréf yðar, dags. 23. þ. m., þar sem beiðzt er umsagnar um þáltill. um athugun á samdrætti í iðnaði. Það er rétt, sem um getur í till., að um samdrátt í vissum iðngreinum hefur verið að ræða að undanförnu. Álítum vér rétt, að rannsókn fari fram á því, hvað samdrætti þessum veldur, og mælum með því, að áður nefnd till. til þál. verði samþykkt."

Þetta er umsögn heildarsamtakanna, Félags ísl. iðnrekenda, og þó að einstaka atvinnurekandi kunni að finnast, sem unir glaður við sinn hag, er það greinilega ekki heildarskoðun samtakanna og þau mæla með samþykkt till. Þetta vil ég undirstrika. Hv. þm. svarar fyrir sig. Hann er ánægður. En það eru fleiri og greinilega meiri hl. í hans félagi, sem ekki er ánægður, og hann óskar eftir því, að þessi athugun fari fram, sem hér er talað um. Þetta bréf er dags. 31. marz 1965. Ég hygg, að aðstæður iðnaðarins hafi ekki batnað það mikið síðan, að umsögn félagsins yrði með öðru móti.

Ég ætla ekki að gera að löngu umtalsefni það, sem hæstv. iðnmrh. sagði nú í síðari ræðu sinni. Ég vil aðeins benda honum á, út af tali hans um samanburð á verðhækkun, að það er misminni

hjá honum, að ég hafi gert samanburð á verðhækkun í tíð núv. ríkisstj. og annarra ríkisstj. Sá samanburður, sem ég gerði hér, laut aðeins að því að athuga, hvernig núv. hæstv. ríkisstj. hefði tekizt að ráða niðurlögum verðbólgunnar eða haga þannig aðgerðum í efnahagslífi þjóðarinnar, að ekki yki verðbólguna. Og ég gerði samanburð á þremur fyrri árum þessarar hæstv. ríkisstj. og þremur síðari árum, svo að ég tek það ekki til mín, sem hann sagði um samanburð við aðrar ríkisstj. Ég hef ekki gert hann hér. Það eru aðrir, sem hafa gert það. En um verðbólguna, sem ég gerði að umtalsefni, samanburð milli þriggja fyrri áranna og þriggja síðari áranna, erum við alveg sammála. Hæstv. ráðh. sagði réttilega, að það hefði orðið mikill verðbólguvöxtur á árinu 1963, og það er einmitt sú tala, sem ég var að gera hér grein fyrir, svo að þar ber ekkert á milli.

Hæstv. ráðh. spurði, hvers vegna við hefðum ekki lagt til einhverjar ráðstafanir, sem yrðu gerðar iðnaðinum til hagsbóta, í staðinn fyrir að vera að klifa á athugun á samdrætti í iðnaði. Ef till. er lesin öll, sést, að í henni er einmitt gert ráð fyrir því, að ráðstafanir verði gerðar til að bæta úr samdrætti í iðnaði. Það er meginefni till. En það er lagt til, að þær ráðstafanir séu gerðar á grundvelli athugunar, og ég hygg, að það sé fróðra manna skoðun, að þær aðgerðir, sem byggðar eru á heildarathugun, muni gefast bezt til að bæta úr þeim vandræðum, sem kunna að vera fyrir hendi.

Hæstv. ráðh. segir, að þessi till. sé lítilfjörleg. Hann má vel hafa um hana þau orð, sem honum sýnist. Það er hans mat. En ég held, að hann ætti ekki að byggja andstöðu sína við till. á því, að hún sé flutt iðnaðinum til óþurftar. Það held ég, að sé of langt gengið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 15. nóv., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Á 32., 34., 36., 38. og 41. fundi í Sþ., 23. og 30. marz, 13., 20. og 27. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 21, n. 356 og 367).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 3. Kaup Seðlabankans á víxlum iðnaðarins.

Á deildafundum 14. okt. var útbýtt frá Sþ.:

***Till. til þál. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins*** [22. mál] (A. 22).

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 8. og 9. fundi í Sþ., 27. okt. og 3. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

**Flm. (Þórarinn Þórarinsson):** Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er orðin nokkuð gamall kunningi hér á Alþ. Upphaf hennar er það, að vorið 1958 átti núv. 10. þm. Reykv. sæti á Alþ. sem varaþm. og flutti þá till., sem hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, sem nú gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.“

Þessi till. hlaut góðar undirtektir hér á Alþ. og var samþ. nokkurn veginn óbreytt. Af hálfu þeirrar ríkisstj., sem þá sat hér að völdum, vinstri stjórnarinnar, var, að því er ég bezt veit, hafinn nokkur undirbúningur að því að hrinda þessari ályktun Alþ. í framkvæmd. En nú stjórn sat aðeins skamman tíma, lét af völdum á sama ári, og varð því ekki úr framkvæmdum hjá henni. En vilji Alþ. lá eigi að síður áfram fyrir hendi, og var því sjálfsagt, að þær ríkisstj., sem þá tóku við af vinstri stjórninni, hryndu þessari ályktun þingsins í framkvæmd. En það hefur samt þannig atvikazt, að ár eftir ár hefur liðið, án þess að nokkuð væri gert af hálfu stjórnarvaldanna til þess að framkvæma þessa ályktun.

Þegar það hafði dregizt í ein 3—4 ár, að þetta væri gert, fannst mér rétt að endurflytja þessa till. hér í hv. Alþ. og hef gert það árlega síðan, án þess að það hafi þó enn nokkurn árangur borið. Ég hygg, að það liggi þó alveg ljóst fyrir, að þörfin fyrir það, að iðnaðurinn fái þá jafnréttisaðstöðu við aðra atvinnuvegi, sem hér um ræðir, er enn þá ríkari en hún var fyrir 8 árum. Það hefur t. d. gerzt í fyrsta lagi á þessu tímabili, að gengi íslenzkrar krónu hefur tvívegis verið fellt og það að sjálfsögðu mjög aukið rekstrarlánaþörf iðnaðarins. Þessu til viðbótar hefur svo átt sér stað gífurlegri verðbólguvöxtur 2—3 seinustu árin heldur en nokkru sinni fyrr og það haft að sjálfsögðu þau áhrif, að rekstrarlánaþörf iðnaðarins hefur stórkostlega aukizt.

Mér finnst rétt í þessu sambandi, af því að það kom fram í umr. áðan, að rifja upp nokkrar tölur, sem eiga að geta gefið glögga hugmynd um þetta, en það er vísitala byggingarkostnaðarins, sem m. a. hæstv. iðnmrh. gerði að umtalsefni hér áðan, því að það var alls ekki rétt hjá honum, að það hefði eingöngu verið rætt um framfærsluvísitöluna í sambandi við umr. um landbúnaðarmálin, heldur hafði ekki síður verið rætt um vísitölu byggingarkostnaðarins, vegna þess að hún gefur miklu gleggri mynd um aukningu framleiðslukostnaðarins í landinu heldur en þó framfærsluvísitalan.

Sú vísitala, sem nú gildir um byggingarkostnaðinn, hennar grundvöllur er frá 1. okt. 1955. Og þróunin í þessum efnum hefur í stuttu máli verið sú, að fyrstu 8 árin, sem þessi vísitala gilti, frá 1955—1963, 1. okt., hækkaði hún úr 100 í 183 stig eða um 83 stig á þessu tímabili eða til jafn-

aðar um 10 stig á ári. Síðan 1. okt. 1963, eða núna tvö seinustu árin, hefur þessi vísitala hækkað um hvorki meira né minna en 84 stig til viðbótar eða um jafnmörg stig á þessum tveimur árum og á átta árunum áður. Og ef hæstv. ráðh. vilja fá þetta reiknað út í prósentum, kemur það þannig út, að fyrstu átta árin hefur vísitalan eða byggingarkostnaðurinn hækkað um 80% eða til jafnaðar um 10% á ári, en núna tvö seinustu árin hefur byggingarkostnaðurinn hækkað um 46% eða til jafnaðar um 23% á ári.

Hæstv. iðnmrh. var að nefna það áðan, að það hefði orðið mikil hækkun byggingarkostnaðarins á árunum 1950—58, og nefndi í því sambandi, að þessi hækkun hefði orðið til jafnaðar á ári 17%. Ég veit ekki, á hvaða tölum hann byggir þetta. En jafnvel þó að þessar tölur hafi verið réttar, að byggingarkostnaðurinn hafi hækkað um 17% til jafnaðar á ári á þessu tímabili, hefur þó hækkunin orðið enn þá meiri tvö seinustu árin, þar sem hún hefur orðið til jafnaðar 23% á ári. Ég hygg líka, að það geti allir iðnrekendur borið það og það muni t. d. hv. 10. þm. Reykv., sem nú er að kveðja sér hljóðs, vel geta borið, að framleiðslukostnaðurinn hjá iðnaðinum hefur aldrei tekið meira stökk en einmitt núna seinustu árin. Mér þykir a. m. k. mjög furðulegt, ef hann vill ekki við það kannast, að þróunin hafi orðið á þann veg. En þetta gerir það að sjálfsögðu nauðsynlegt, að bætt sé úr rekstrarfjárþörf iðnaðarins, og eðlilegt, að það sé gert með þeim hætti, að hann fái sömu fyrirgreiðslu og aðrir atvinnuvegir hafa fengið, þ. e. að Seðlabankinn kaupi framleiðslu- og hráefnavíxla hans með líkum hætti og hann kaupir þessa víxla af sjávarútvegi og landbúnaði.

Í þeim umr., sem hafa farið fram um þetta mál á undanförnum þingum, hafa menn stundum verið að reyna að draga línu milli atvinnuveganna eftir því, hvort þeir öfluðu gjaldeyris eða spöruðu gjaldeyri. Það hefur verið sagt, að þær atvinnugreinar sjávarútvegs og landbúnaðar, sem flyttu út vörur og öfluðu þannig gjaldeyris, ættu að njóta sérstakra forréttinda í þessum efnum. Ég sé ekki neinn mun á því, hvort atvinnugrein heldur aflar gjaldeyris, eins og útflutningsatvinnuvegirnir gera, eða sparar gjaldeyri, eins og t. d. landbúnaðurinn og mikill hluti iðnaðarins gera. Hvort tveggja kemur að sama gagni fyrir þjóðarbúið, og þess vegna eiga þessar atvinnugreinar að njóta sömu réttinda, hvort heldur þær framleiða vörur fyrir útlendan eða innlendan markað, hvort heldur þær afla gjaldeyris eða spara gjaldeyri. Þær hafa jafnmikla þýðingu fyrir þjóðarbúið, hvort heldur sem þær gera, og þess vegna eiga þær að njóta jafnræðis í þessum efnum.

Það, sem hefur á vantað hér, eins og á svo mörgum öðrum sviðum, er, að iðnaðurinn nyti jafnréttis við aðra atvinnuvegi. Þrátt fyrir þá þýðingu, sem hann er búinn að sýna að hann hefur, er þannig ástatt enn þá, að menn vilja ekki á mörgum sviðum veita honum sömu aðstöðu og hinir eldri atvinnuvegir þjóðarinnar hafa. Þó er alveg víst og án þess að nokkuð sé lítið gert úr sjávarútvegi og landbúnaði, og það hljóta áfram að verða okkar aðalatvinnuvegir eða undirstöðuatvinnuvegir, að þá er ekki síður nauðsynlegt að efla iðnað í landinu, margbreyttan iðnað, því að ég hygg, að það sé erfitt að benda á þá þjóð, sem stendur á verulega fjárhagslega sterkum grunni, ef hún hefur það sem sína aðalundirstöðu í atvinnumálum að framleiða hráefni. Ég held, að engin slík þjóð hafi sterka aðstöðu, og aðeins þær þjóðir hafi sterka aðstöðu, sem auk þess sem þær framleiða hráefni geta einnig framleitt fullunnar iðnaðarvörur og það sem allra margbreytilegastar. Og eftir því sem þjóðinni fjölgar og aðstaða okkar batnar að öðru leyti, eigum við að sjálfsögðu að keppa að því að hafa okkar atvinnugreinar sem allra fjölbreyttastar, og það gerum við að sjálfsögðu framar öðru með því að efla iðnaðinn í landinu og gera hann sem margbreyttastan. Til þess að svo verði gert, þarf að skapa honum í fjárhagslegum efnum sömu aðstöðu og öðrum atvinnuvegum, ekki lakari. En sannarlega býr iðnaðurinn við lakari aðstöðu í þessum efnum, meðan svo er háttað, að t. d. Seðlabankinn kaupir hráefna- og framleiðsluvíxla af sjávarútvegi og landbúnaði, en lætur iðnaðinn vera þar algerlega útundan.

Ég satt að segja skil ekki þá þrjózku, sem þær ríkisstj. hafa sýnt, sem farið hafa með völd á undanförnum árum og ekki hafa viljað viðurkenna rétt iðnaðarins í þessum efnum og framkvæma þar þingviljann, sem hefur legið fyrir í 8 ár. Það er einhver óskiljanleg ástæða, sem veldur því, að þessi vilji Alþ. hefur ekki náð fram að ganga vegna þrjózku ríkisstj. Og það getur ekki verið önnur ástæða, sem hér liggur til grundvallar, heldur en sú, hvað sem þessir háu herrar segja, að þeir vilja ekki enn þá viðurkenna, að iðnaðurinn eigi að hafa sama rétt í landinu og aðrar iðnaðargreinar. Meðan þeir standa á móti þessu réttindamáli, er algerlega tilganglaust fyrir þá að berja sér á brjóst og vilja halda því fram, að þeir vilji jafnrétti í þessum efnum. Í verki skammta þeir iðnaðinum minni rétt en aðrir atvinnuvegir hafa.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

**Sveinn Guðmundsson:** Herra forseti. Þáltill. er á þskj. 22 um endurkaup Seðlabankans á iðnaðarvíxlum. Ég vil þakka aðalflm., hv. 5. þm. Reykv., fyrir að hafa endurvakið þetta nauðsynjamál, sem að vísu var samþ. hér á hv. Alþ. 3. júní 1958 samkv. till. minni og ætti því fyrir löngu að vera orðið að veruleika.

Á sínum tíma voru miklar vonir íslenzks iðnaðar bundnar við samþykkt þessarar þáltill., og þessar vonir hafa ekki alveg slokknað enn þá. Satt að segja er ég alveg undrandi yfir, hvað framkvæmdastjórn eða bankastjórn Seðlabankans hefur tekizt að svæfa þetta mál lengi eða á áttunda ár.

Það mun hafa verið árið 1962, þegar þrýstingur á framkvæmd þessa máls fór að verða óþægilega mikill, að hæstv. viðskmrh. skipaði n. sérfróðra manna til þess að endurskoða og gera till. um endurkaup Seðlabankans og framkvæmd till. Þessi n. gaf þann úrskurð, að endurkaupum Seðlabankans á hráefna- og framleiðsluvíxlum iðnaðarins skyldi komið á, svo framarlega sem slíkt lánakerfi ætti að halda áfram fyrir landbúnað og sjávarútveg.

Í lagafrv. um Seðlabanka Íslands, sem hæstv. ríkisstj. lagði fyrir Alþ. 1963 og samþ. var sem lög á því þingi, er kveðið svo á, að innistæðubinding Seðlabankans megi nema allt að 25% af aukningu hjá hverri lánastofnun. Í 1. gr. þessara l. segir, að megintilgangur innlánsbindingar sé að afla fjár, m. a. til kaupa Seðlabankans á afurðavíxlum. Í grg. fyrir þessu frv. er beinlínis tekið fram, að þessi aukning innlánsbindingar sé gerð til þess, að hafizt geti endurkaup útflutningsiðnaðarins og þess iðnaðar, sem engra tollfríðinda nýtur.

Því hefur verið haldið fram, að þáltill. slík sem samþ. var 1958 og sú, sem hér er til umr. nú á hv. Alþ., sé aðeins viljayfirlýsing, sem viðkomandi ríkisvaldi beri ekki endilega að hegða sér eftir. Ég er ekki lögfróður og skal ekki dæma um það. En heldur finnst mér slík rök hjákátleg. Hinu verður þó ekki á móti mælt, að lög frá hv. Alþ. og forsenda þeirra sé það vald, sem taka beri tillit til.

Lög um Seðlabanka Íslands, sem samþ. voru á 84. löggjafarþingi hv. Alþ., taka af öll tvímæli í þessu máli, þ. e. að Seðlabankanum beri að endurkaupa iðnaðarvíxla. Á meðan ekki var komið bundið fé í Seðlabankann samkv. þessum l., var lítið hægt að segja. En í árslok 1963 eða um það leyti sem l. voru samþ. var bundið fé í Seðlabankanum 796.9 millj., en í júnílok s. l. var þetta bundna fé orðið 1249½ millj. kr. Samkv. þessum tölum er aukin binding Seðlabankans á þessu tímabili 450 millj. kr. og verður örugglega um næstu áramót 500 millj. Ég álít, að nú sé svo komið, að verði ekki hafin nú þegar endurkaup hráefna- og framleiðsluvíxla iðnaðarins, sé brostin forsenda fyrir þessari lagasetningu og bindingaraukningu hjá Seðlabankanum. Verði þá að nema þessi lög um Seðlabankann úr gildi og skila viðskiptabönkunum til baka þeirri fjárfúlgu, sem tekin hefur verið af þeim, m. a. í þessu yfirskini.

Til viðbótar við það, sem ég hér hef sagt, væri ástæða til þess að minna á orð hæstv. viðskmrh. og bankamálaráðh., sem hann viðhafði á hv. Alþ. síðasta dag janúar 1964. Þá sagði þessi hæstv. ráðh., að hann teldi eðlilegt, að iðnaðurinn fengi hjá Seðlabankanum hliðstæða fyrirgreiðslu og landbúnaður og sjávarútvegurinn hafa notið um árabil. Hæstv. ráðh. sagði einnig orðrétt hér á Alþ. þann dag, þegar seðlabankafrv. var til umr., með leyfi hæstv. forseta:

„Með aukinni bindingu er það yfirlýstur tilgangur, að þá skuli Seðlabankinn hefja endurkaup á hráefna- og framleiðsluvíxlum iðnaðarins, og Seðlabankinn hefur lýst því yfir í viðræðum, að aukið bindingarfé muni hann nota í þessu skyni."

Ég sný mér sérstaklega að þessum hæstv. ráðh. vegna orða hans sjálfs, þótt ég hins vegar viti, að hæstv. ríkisstj. hefur öll bankamálin í sínum höndum. Og hæstv. viðskmrh. sagði enn fremur þennan sama dag, 31. jan. 1964, hér á Alþ., með leyfi hæstv. forseta:

„Sem viðskmrh. hef ég talið það í minum verkahring að vinna að því, að iðnaðurinn fengi aðstöðu í Seðlabankanum til endursölu á sínum víxlum, og ég vil innilega vona, að Alþ. beri gæfu til þess að samþykkja seðlabankafrv., því að þá fyrst mun iðnaðurinn geta fengið þá sanngjörnu meðferð mála sinna, sem hann sannarlega á rétt á."

Ég efast ekki um, að hér hefur hæstv. viðskmrh. talað af heilum hug. Ég hef ekki lesið ummæli hans hér til þess á nokkurn hátt að gera lítið úr hans velvilja þessum atvinnuvegi til handa. Ég hef hins vegar talið mér skylt að benda á hið mikla vald, sem afhent virðist vera einum aðila, þ. e. Seðlabankanum, sem lætur undir höfuð leggjast að framkvæma vilja hv. Alþ. Að mínum dómi er það Seðlabankinn, sem stendur í vegi fyrir því, að endurkaup hráefna- og framleiðsluvíxla iðnaðarins séu hafin. Ég vænti þess fastlega, að nú þegar eftir þessar umr. taki hæstv. ríkisstj. málið í sínar hendur, þannig að viðunandi lausn fáist á þessu mikla hagsmunamáli íslenzks iðnaðar.

**Dómsmrh. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. „Allar vildu meyjarnar með Ingólfi ganga," stendur þar, og það má vera mikið gleðiefni fyrir iðnaðinn, hve margir gerast nú talsmenn hans hér á þingi. Ég skal fara örfáum orðum um þessa till.

Það er rétt, sem hv. flm. sagði, að hún er gamalkunn, hefur verið hér á ferðinni áður og var flutt 1958 af þeim hv. þm., sem nú var að ljúka máli sínu, Sveini Guðmundssyni, og var þá samþ. En hv. 1. flm. till. nú, 5. þm. Reykv., taldi, að það væri enn ríkari nauðsyn en fyrir 8 árum á samþykkt þessarar till. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins. Hérna held ég að sé afskaplega mikill misskilningur á ferðinni, því að að svo miklu leyti sem till. átti rétt á sér 1958, er það að segja um aðstöðu Seðlabankans til þess að endurkaupa víxlana, að aðstöðumunur iðnaðarins er alveg gjörólíkur núna og þá, og ég skal aðeins, til þess að fara fljótt yfir sögu, nefna, að 1958 hefur iðnlánasjóður líklega haft, — ég hef ekki tölurnar við höndina, — en það hafa líklega verið eitthvað um 2 millj. kr. til ráðstöfunar. En iðnlánasjóður hefur haft til ráðstöfunar undanfarin 3 ár 40, 50 og upp í 60 millj. kr. Það hafa verið samþ. lög og reglugerðir um lausaskuldir iðnaðarins, og er unnið að því nú að breyta lausaskuldum, sem til urðu, óumsömdum lausaskuldum á umliðnum árum, í löng og föst lán. Þetta er annar verulegur þáttur í breyttri aðstöðu iðnaðarins til lánamálanna. Ríkisstj. hefur hlutazt til um það á undanförnum árum, að veittar hafa verið um 68.5 millj. kr. af svokölluðum PL-480 lánum til iðnaðarins gegnum iðnlánasjóðinn, og jafnframt hefur ríkisstj. hlutazt til um sérstakar lánveitingar til einstakra greina iðnaðarins, eins og stálskipasmíða og dráttarbrauta, á s. l. ári, sem innifalið er í fjáröflunar- og framkvæmdaáætlun ríkisstj. það ár, um 15 millj. kr. á þessum sérstaka lið, og stofnlánadeild sjávarútvegsins tók að sér þær lánveitingar á þessu ári. Lán Framkvæmdabankans hafa að gefnu tilefni til að styrkja aðstöðu iðnaðarins verið stóraukin á undanförnum árum og munu, eins og ég hef áður sagt, nema milli 40 og 50 millj. kr. á 3 undanförnum árum,

þannig að ef teknar eru saman lánveitingar þessa fjárfestingarbanka og umráðafé iðnlánasjóðs til lánveitinga á undanförnum 2—3 árum, eru þær um 100 millj. kr., en var, eins og ég segi, í iðnlánasjóði eitthvað 1—2 millj. kr., þegar þessi till. var fyrst flutt. Og ofan á þetta hefur svo bætzt það, að það hafa gífurlega vaxið útlán viðskiptabankanna til iðnaðarins, þannig að á árunum frá 1961 og það sem af er þessu ári, árinu 1965, og ef við áætlum þessa stund, sem eftir er, að það verði svipað og hin árin hafa verið, hefur verið 80% útlánaaukning á þessum árum til iðnaðarins frá viðskiptabönkunum.

Allt þetta, sem ég nú hef nefnt, hefur gerbreytt aðstöðu iðnaðarins í sambandi við lánsfjármöguleika. Þessu vildi ég vekja athygli á.

Þá er það hins vegar, að halda mætti því fram, að það væri þörf á því engu að síður að bæta lánaaðstöðu iðnaðarins með endurkaupum Seðlabankans á afurða- og framleiðsluvíxlum iðnaðarins. Og það hefur verið mín skoðun, að það ætti að vera eitt ráðið til viðbótar til þess að létta undir með iðnaðinum. Ég hef hins vegar leyft mér að halda því fram og gerði það síðast á ársþingi íslenzkra iðnrekenda, að ég varaði alvarlega við því fyrir iðnaðinn í heild að gera sér miklar vonir um mikinn stuðning af endurkaupum Seðlabankans á víxlum og það vegna þess, hvernig aðstaða iðnaðarins væri og ósambærileg á mörgum sviðum við aðrar atvinnugreinar, sem njóta þessara endurkaupa, sjávarútveg og landbúnað. Mín skoðun var sú, að þetta mundi fyrst og fremst koma vissum stærri fyrirtækjum til góða og fyrirtækjum, sem gætu framleitt iðnaðarvörur til útflutnings. Eftir þennan fund hins vegar hef ég lagt ítrekaða áherzlu á það við Seðlabankann að huga vandlega að málinu og reyna eftir megni að koma í framkvæmd einhverjum endurkaupum, sem iðnaðinum væru verulega að liði og væru að bankans dómi eðlileg, miðað við aðrar atvinnugreinar, og forsvaranleg frá sjónarmiði bankans að sjálfsögðu.

Það, sem ég nú að lokum tek fram, er afstaða Seðlabankans, sem ég hef leyfi til þess að láta í ljós við þessar umræður, varðandi endurkaup á afurðavíxlum iðnaðarins. Á síðasta ársfundi Seðlabankans lýsti bankastjórnin yfir, að hún teldi endurkaup iðnaðarvíxla réttlætanleg, þar sem sýnt væri fram á, að viðkomandi starfsgrein nyti ekki viðunandi fyrirgreiðslu bankakerfisins og sérstök ástæða væri til forréttinda af því tagi, sem endurkaupin eru. Bankastjórnin hefur markað þá stefnu að taka við beiðnum frá viðskiptabönkunum um endurkaup iðnaðarvíxla, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt: 1) Víxlarnir séu tryggðir með 1. veðrétti í útflutningsvörum eða vörum fyrir innlendan markað, þar sem hliðstæðar vörur innfluttar eru tollfrjálsar eða tollvernd ekki teljandi. Nauðsynlegt er varðandi hið síðarnefnda, að fyrir liggi greinilegar upplýsingar um hreina tollvernd, þar sem bæði sé tekið tillit til tolla á hráefnum og hliðstæðum vörum fullunnum. 2) Hinar veðsettu vörur séu fullunnar, í söluhæfu ástandi og auðseljanlegar. Jafnframt séu aðstæður til þess að taka veð í þeim á tryggilegan hátt og engar aðrar kvaðir eða lán hvíli á þeim. 3) Fyrir liggi að dómi Seðlabankans fullnægjandi upplýsingar um, hvert sé lágmarksverðmæti vörunnar á markaði. 4) Fyrir liggi sundurliðaðar upplýsingar um fjárhag fyrirtækisins, eftir því sem Seðlabankinn telur nauðsynlegt hverju sinni, svo sem um skuldir við innlenda banka, erlend vörukaupalán og heildareignir og skuldir fyrirtækisins. 5) Sýnt sé fram á, að þörf sé fyrir fyrirgreiðslu í formi endurkaupa, þar sem aðrar viðunandi fjáröflunarleiðir séu ekki fyrir hendi.

Hér eru í 5 liðum taldar ástæður og forsendur seðlabankastjórnarinnar fyrir endurkaupum iðnaðarvíxla, eins og þessi till. fjallar um. Ég álít, að það sé hæpið að segja, þegar þetta liggur fyrir, að Seðlabankinn standi í vegi fyrir endurkaupum iðnaðarvíxla. Það verða þá að liggja fyrir beiðnir frá viðskiptabönkunum, alveg eins og í sambandi við landbúnað og sjávarútveg, að Seðlabankinn endurkaupi af þeim viðskiptavíxla af því tagi, sem hér um ræðir, til þess að greiða fyrir lánsfjáraðstöðu iðnaðarfyrirtækja. Þegar þetta liggur fyrir, sem ég nú hef lýst yfir, eða gerð er jafngóð grein fyrir, mundi ég ætla, að það væru fyrst og fremst iðnfyrirtækin og þeirra fyrirsvarsmenn, sem ættu að taka málið upp við viðskiptabankana og í samráði við þá að gera grein fyrir þeirri lánsfjárþörf, sem rúmast innan þessara marka, og það mundi samkvæmt fyrir fram gefnum yfirlýsingum Seðlabankans nægja til þess, að slíkir víxlar sem þessir væru endurkeyptir og væru í hlutfalli og samræmi við það, sem tíðkast í hinum atvinnugreinunum, landbúnaði og sjávarútvegi. Ég efast ekkert um, að ef eitthvað er í þessum yfirlýsingum hér, sem bankarnir og iðnrekendurnir og iðnfyrirtækin fyndu einhverja vankanta á og gætu með rökum farið fram á að yrði breytt til þess að liðka enn meir til fyrir endurkaupunum, mundi það út af fyrir sig vera auðsótt. Það er aðalatriðið að minni skoðun af hálfu Seðlabankans að halda í meginlínum þeirri stefnu, sem hann þarna hefur markað.

Ég lýk svo þessu máli mínu með því að endurtaka það, að þetta er eitt af þeim lánamálum iðnaðarins, sem ég hef lengi haft þá persónulegu skoðun á, að enda þótt afstaða Seðlabankans yrði jákvæð, ættu menn að forðast að gera sér of mikinn mat úr þeim möguleikum, sem þarna opnuðust. En það eru þarna nýir lánsfjármöguleikar iðnaðarins í samræmi við þær yfirlýsingar, sem ég hef greint frá hendi Seðlabankans.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 15. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 4. Hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum lánsfé.

Á deildafundum 14. okt. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um, að framfylgt verði lögum um það hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum hæfilegt lánsfé** [23. mál] (A. 23).

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 8., 9., 10. og 12. fundi í Sþ., 27. okt., 3., 10. og 17. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

**Flm. (Þórarinn Þórarinsson):** Herra forseti. Þessi till. fjallar um það að skora á ríkisstj. að sjá um, að Seðlabanki Íslands kappkosti að fullnægja því hlutverki, sem honum er ætlað í l. frá 24. marz 1961, að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt.

Ég hygg, að það þurfi ekki að rekja það fyrir hv. alþm., að þó að nú sé góðæri í landinu af náttúrunnar völdum og hvað viðskiptaárferði snertir, eiga atvinnuvegirnir eigi að síður við mikla erfiðleika að etja. Það er tvennt, sem einkum veldur þessu: í fyrsta lagi verðbólgan, sem hefur farið sívaxandi og aldrei meira en seinustu árin, sem að sjálfsögðu þrengir að atvinnuvegunum með margvíslegum hætti, og svo í öðru lagi eru það lánsfjárhöftin, sem valda því, að atvinnufyrirtæki geta í mörgum tilfellum ekki hagað rekstri sínum svo sem heppilegast væri né ráðizt í þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar væru til þess að auka hagræðingu í rekstri þeirra og mundu gera þeim kleift að taka nýja tækni í þjónustu sína. En það er ljóst, ef menn kynna sér tölur í þessu sambandi, að lánsfjárskorturinn hefur þrengt í vaxandi mæli að atvinnuvegunum á undanförnum árum. Að vísu kann sumum að virðast, þegar litið er á tölur fljótlega, að þetta geti ekki verið rétt, því að samkv. skýrslum Seðlabankans námu útlán banka og sparisjóða í árslok 1959 3.9 milljörðum kr., en nú í ágústlok 1965 námu þessi útlán orðið 7.5 milljörðum kr., svo að þau hafa næstum tvöfaldazt. En það, sem menn verða að gera sér grein fyrir í þessu sambandi, er það, að rekstrarkostnaður fyrirtækja hefur á þessu tímabili miklu meira en tvöfaldazt í flestum greinum. Ég hygg, að ef menn líta t. d. á reikninga bæjarfélaga og rekstrarreikninga ríkisins, þó að framlögum til yfirborgana og uppbóta sé sleppt, hafi rekstrarkostnaður þessara aðila á umræddu tímabili í mjög mörgum tilfellum þrefaldazt, en í öðrum tilfellum eitthvað mitt á milli þess að tvöfaldast og þrefaldast. Ég hygg, að það sama gildi um atvinnufyrirtækin einkafyrirtækin og samvinnufyrirtækin, í þessum efnum, að rekstrarkostnaður þeirra hafi margfaldazt með svipuðum hætti og hinna opinberu fyrirtækja, því að þegar ég tala um rekstrarkostnað opinberra aðila, á ég að sjálfsögðu ekki við þau framlög þeirra, sem renna beint til sérstakra verklegra framkvæmda og heyra ekki beint undir rekstrarkostnaðinn.

Af þessu er það ljóst, að þó að útlánin hafi aukizt mikið á undanförnum árum, nægir það hvergi nærri til þess að fullnægja þeirri lánsfjárþörf, sem skapazt hefur vegna enn þá meira aukins rekstrarkostnaðar atvinnufyrirtækjanna. Ef vel hefði átt að vera, hefðu útlánin þurft að aukast stórlega miklu meira á undanförnum árum, ef þau hefðu átt að hrökkva til þess að vega gegn hinum aukna rekstrarkostnaði.

Nú mætti að sjálfsögðu segja, að ef þessi lánsfjárskortur stafaði af því, að sparifjáraukningunni í landinu hefði verið þannig háttað á þessu tímabili, að ekki hefði verið hægt að fullnægja meira en þetta lánsfjárþörfinni, væri kannske ekki svo mikið við þessu að gera. Nú er því hins vegar ekki til að dreifa, heldur stafar þetta af því, að núv. ríkisstj. hefur tekið upp mjög stórfelld lánsfjárhöft, sem eru fólgin í því, að Seðlabankinn er látinn frysta, eins og svo er kallað, verulegan hluta af aukningu sparifjárins, þannig að nú fyrir nokkru munu hafa verið frystar í Seðlabankanum með þessum hætti kringum 1300 millj. kr. Og þetta hefur átt sér stað, án þess að Seðlabankinn veiti atvinnufyrirtækjunum nokkuð meiri fyrirgreiðslu núna en hann áður gerði, eins og sést á því, að í árslok 1959 námu endurkeyptir víxlar, sem hann hafði keypt af bönkum og öðrum lánsstofnunum, 857 millj. kr., en í ágústlok s. l. nam þessi upphæð ekki nema 842 millj. kr., þannig að endurkeyptir víxlar hjá Seðlabankanum námu minni upphæð í ágústlok s. l. en í árslok 1959, þannig að þessi þjónusta, sem Seðlabankinn þannig veitir, hefur lækkað í krónutölu á þessu tímabili, þrátt fyrir það þó að krónan hafi stórkostlega minnkað að verðgildi og þörf atvinnuveganna fyrir þessa þjónustu hafi stórkostlega aukizt.

Ég tel, að með þessum athöfnum sé brotið stórkostlega í bága við þau lög, sem Seðlabankanum eru sett og hann á að sjálfsögðu fyrst og fremst að starfa eftir. Í 3. gr. l. um Seðlabankann, frá 24. marz 1961, er starfssvið bankans ákveðið, og segir svo í þessari gr., þar er verkefni hans fært upp í einum 7 liðum, en í 1. lið, sem að sjálfsögðu er lögð mest áherzla á, þar sem hann er fyrstur í upptalningunni, segir á þessa leið um verkefni Seðlabankans, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkefni hans er að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt."

Ég hygg, að það þurfi ekki að deila um það, að það vinnur algerlega gegn þessu markmiði bankans að sjá um það, að lánsfé sé hæfilegt og miðað við það, að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt, að þau lánsfjárhöft, sem hafa verið tekin upp og bankinn hefur beitt á undanförn-

um árum, stríði algerlega gegn þessum ákvæðum í l. hans um það meginverkefni, sem honum er ætlað að rækja. Það má að vísu segja, að í þessari gr. komi það einnig fram, að það sé verkefni bankans að vinna að því, að verðlag haldist stöðugt, og einhverjir kunna að trúa því, að því takmarki megi ná með lánsfjárhöftum. En ég hygg, að reynslan, sem þjóðin hefur búið við á undanförnum árum, sýni, að því sé fjarri, að það sé hægt að tryggja stöðugt verðlag með slíkum lánsfjárhöftum sem Seðlabankinn hefur beitt, því að þrátt fyrir þessi höft hefur verðbólgan vaxið meira í landinu en nokkru sinni fyrr og því augljóst, að lánsfjárhöft Seðlabankans hafa engin áhrif haft í þessu sambandi, og af þeim ástæðum er óeðlilegt og óþarft, að þeim sé beitt. Hins vegar stríða þau algerlega gegn hinu aðalatriðinu, sem nefnt er í áður áminnztri lagagr., að bankinn eigi að sjá um, að lánsfé sé hæfilegt, miðað við það, að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt, því að það geta að sjálfsögðu allir gert sér ljóst, þegar atvinnufyrirtæki skortir stórkostlega lánsfé, bæði til rekstrar og eins til þess að koma fram nauðsynlegum framkvæmdum, svo að þau geti hagnýtt sér nýja tækni, að því marki verður ekki náð með því að búa að þeim eins og gert er með umræddum lánsfjárhöftum.

Ég tel því samkvæmt þessu, sem ég nú hef sagt, að það liggi alveg ljóst fyrir, að með lánsfjárhöftunum og sérstaklega þó með frystingu sparifjárins, sem Seðlabankinn hefur tekið upp, sé algerlega brotið gegn einu því aðalmarkmiði, sem Seðlabankanum sé ætlað að hafa, og þess vegna sé nauðsynlegt fyrir Alþ. að skora á ríkisstj. að sjá um það, að Seðlabankinn fari í þessum efnum eftir þeim l., sem honum hafa verið sett. En það gerir Seðlabankinn sannarlega ekki, meðan sparifjárfrystingunni er haldið uppi með svipuðum hætti og nú á sér stað. Með því háttalagi brjóta þeir, sem stjórna Seðlabankanum, hverjir sem það eru, algerlega gegn l. um starfssvið bankans. Og Alþ. verður þess vegna að hlutast til um það, að þeim l. verði framfylgt, þegar þeir svíkjast um það, sem um þetta verkefni eiga að sjá, en það er stjórn Seðlabankans eða þeir, sem stjórna Seðlabankanum.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

**Ólafur Björnsson:** Herra forseti. Það stendur svo í grg. fyrir þessari þáltill., með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi mikli lánsfjárskortur atvinnuveganna stafar ekki af því, að lánsfé vanti, heldur hinu, að ríflegur hluti sparifjárins eða yfir 1000 millj. kr. hefur verið frystur í Seðlabanka Íslands.“

Að mínu áliti er þessi skoðun algerlega röng, og vildi ég því fara um málið örfáum orðum, áður en það fer til nefndar.

Nú neita ég því ekki, að lánsfjárskortur sé staðreynd. En að orsökin til hans sé hin svokallaða sparifjárfrysting, því vil ég eindregið mótmæla. Annars finnst mér dálítið einkennilegt að tala um frystingu í þessu sambandi. Það er eins og þetta sé hugsað þannig, að peningarnir séu teknir úr umferð og geymdir í frystihólfi í Seðlabankanum, og þá líklega jafnframt hugsað þannig, að seðlabankastjórarnir geti haft sér það til skemmtunar að fara niður í hólfið og kasta peningunum yfir höfuð sér, eins og sagt var um draugana í gamla daga. En í fyrsta lagi er það algerlega rangt, að þessir peningar hafi verið teknir úr umferð og settir í þetta svokallaða frystihólf. Öllum ætti að vera kunnugt um það, að Seðlabankinn hefur mikla útlánastarfsemi, og má þar m. a. nefna, að samkv. síðasta efnahagsyfirliti Seðlabankans frá 31. okt. 1965 námu endurkeyptir víxlar 1 milljarði og 72 millj. kr., ef talið er í heilum millj. Það er nærri því jafnhá upphæð og sparifjárbindingin nemur, en hún nam á sama tíma 1319 millj. kr. En auk þessa má á það benda, sem hæstv. viðskmrh. hefur oft réttilega bent á, þegar þessi mál hefur borið á góma hér á hv. Alþ., en hann er nú fjarstaddur, að það er ekki nokkur vafi á því, að sparifjárbindingin hefur átt verulegan þátt í því að gera Seðlabankanum mögulegt að safna þeim gjaldeyrissjóðum, sem þjóðin nú á.

Orsakirnar til lánsfjárskortsins eru að mínu áliti allt aðrar en sparifjárfrystingin svokallaða eða lánsfjárhöftin, eins og það er líka kallað, sem að mínu áliti er nýyrði, sem að skaðlitlu mætti hverfa aftur úr íslenzkri tungu, því að ég held, að það sé mjög erfitt að skilgreina orðið á nokkurn þann hátt, að í því geti verið skynsamleg meining. Og hverjar eru þá orsakirnar? Jú, hv. 1. flm. þessarar þáltill. var að mínu áliti alveg inni á réttri hugsun, þegar hann nefndi verðbólguna sem aðra orsök lánsfjárskortsins heldur en lánsfjárhöftin, sem bankarnir eiga að framkvæma. Það er nefnilega ávallt þannig, að þegar verðbólguþróun ríkir í þjóðfélaginu, verður lánsfjárskortur. Þá verður eftirspurnin eftir lánsfé meiri en hægt er að fullnægja. Allir vilja þá taka peninga að láni, því að þeim er ljóst, að þeir hagnast á því að geta endurgreitt þessa peninga með verðminni peningum en þeir voru, þegar þeir fengu þá að láni. En hins vegar verða menn tregir til að eignast peninga. Þeir, sem peninga hafa milli handa, vilja þá annaðhvort festa þá í raunverulegum verðmætum eða eyða þeim, t. d. með því að gera sér glaðan dag fyrir þá. En góðar endurminningar geta verið fjárfesting líka í ákveðnum skilningi. Ef útrýma á lánsfjárskortinum, verður það að mínu áliti ekki gert nema með einu móti, nefnilega því að stöðva verðbólguþróunina, en að fara út í leiðir til þess mundi auðvitað leiða of langt í þessu sambandi.

Þá segir svo í grg. fyrir þessari þáltill., með leyfi hæstv. forseta:

„Reynslan hefur hins vegar sýnt, að verðþensla hefur aldrei verið meiri en síðan frystingin kom til sögunnar, og hefur hún því bersýnilega engan árangur borið á því sviði.“

Mig furðar satt að segja á því, að greindir og gegnir menn eins og þeir hv. þm., sem standa að þessari þáltill., skuli telja sér samboðinn málflutning og rökstuðning af þessu tagi. Í fyrsta lagi er það nú þannig að mínu áliti, að það er

ekki rétt, að verðþenslan hafi aldrei verið meiri en síðan frystingin kom til sögunnar. En það mál mun hafa verið mjög ýtarlega rætt í hv. Nd. fyrir nokkrum dögum, þegar landbúnaðarmálin voru þar til umr., og hygg ég, að allt, sem máli skiptir í sambandi við það, hafi þá komið fram, og mun því ekki fara út í það, enda snertir deilan um það, hvort verðbólguþróunin á síðustu árum hafi verið meiri eða minni en stundum áður, að mínu áliti ekki kjarna þessa máls, sem hér er um að ræða. Það er alveg rétt, að verðbólgustigið hefur undanfarin ár verið hærra en æskilegt er. Það má telja nær víst, að hagvöxtur hefði orðið meiri en hann raunverulega er, ef verðbólgustigið hefði verið lægra. Um það geri ég ekki neinn ágreining við hv. flm. En að álykta á þeim grundvelli, að allar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að hamla gegn verðbólguþróuninni, séu gagnslausar, tel ég algerlega rangt, og væri í rauninni að mínu áliti hægt að segja með jafngildum rökum, að þjóðfélagið kosti svo og svo miklu til lækna og heilbrigðisþjónustu, en samt haldi sjúkdómar áfram að hrjá mannkindina, svo að það sé þá auðsætt, að öll þessi framlög til heilbrigðismála komi ekki að neinu gagni.

En það, sem er aðalatriðið, er þetta, hvort verðbólguþróunin hefði ekki orðið enn þá örari, ef þessar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar, því að nú er það bæði svo, að stundum hefur verðbólgan verið meiri en síðustu árin, og förum við til annarra landa, þekkist þó hærra verðbólgustig en 10%, t. d. 50% í Brasilíu samkv. skýrslu, sem útbýtt var meðal þm. ekki fyrir löngu, og þannig má finna fleiri dæmi. Og ég tel ekki nokkurn vafa á því, að ef ekki hefðu verið gerðar ýmsar ráðstafanir í peningamálum til þess að hamla gegn verðbólguþróuninni, hefði hún orðið meiri en raun er á, þó að hitt sé að vísu ekki ágreiningsmál, að það hefur ekki tekizt að stöðva hana, hverju sem þar er um að kenna, það skal ég ekki fara út í.

Nei, það er ekki ónógt peningaframboð, sem veldur takmörkun framkvæmda á vegum atvinnuveganna. Þar er það annað, sem er þyngra á metunum, og þá fyrst og fremst vinnuaflsskorturinn og svo í öðru lagi ónóg sparifjármyndun. Það er að vísu rétt, að einstaklingar og einstök fyrirtæki getur vantað peninga til ýmiss konar framkvæmda, en að einblína á það er að mínu áliti að sjá ekki skóginn fyrir einstökum trjám. Aukið peningaframboð, miðað við þá verðbólguþróun, sem nú er, mundi að mínu áliti aðeins valda aukinni verðbólgu og því beinlínis hafa öfug áhrif við það, sem til er ætlazt. Það, sem þarf að gera í þessum málum, er ekki að fyrirskipa Seðlabankanum að auka peningaframboðið á óeðlilegan hátt, slíkt mundi ekki ná tilgangi sínum, heldur þvert á móti hið gagnstæða, heldur er það hitt, sem þarf að gera, að vekja traust á verðgildi peninganna, þannig að menn vilji eiga peninga frekar en festa þá eða eyða þeim. Þegar það hefur tekizt, með hvaða úrræðum sem er, mundi undir öllum kringumstæðum draga mjög úr lánsfjárskortinum. Það er að mínu áliti sú leið, sem fara á í þessu efni.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 9. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 5. Löggjöf um þjóðaratkvæði.

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:

**Till. til þál. um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði** [32. mál] (A. 32).

Á 8., 9., 10. og 12. fundi í Sþ., 27. okt., 3., 10. og 17. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

**Flm. (Ólafur Jóhannesson):** Herra forseti. Ég hef hér ásamt tveim hv. þm. leyft mér að flytja till. til þál. um undirbúning löggjafar um þjóðaratkv. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að kjósa 5 manna n. til að rannsaka, hvort ekki sé rétt að setja löggjöf um þjóðaratkv. í mikilvægum löggjafarmálefnum, svo og hvort ekki sé rétt að setja grundvallarreglur þar um í stjórnarskrána. Skal n., ef hún telur ástæðu til, semja lagafrv. um það efni. N. skal kynna sér sem rækilegast öll atriði varðandi þjóðaratkvgr., þar á meðal reynslu annarra þjóða í þeim efnum, en einkum ber n. að athuga eftirtalin atriði: a) Hvort í ákveðnum tilvikum eigi að vera skylda eða aðeins heimild til þjóðaratkvgr.; b) hvaða aðilar eigi að fá rétt til að krefjast þjóðaratkvgr., t. d. hvort þann rétt eigi að veita tiltekinni tölu þm. eða ákveðnum fjölda kjósenda; og c) hvort úrslit þjóðaratkvgr. eigi að vera bindandi eða aðeins til ráðgjafar."

Eins og segir í grg. fyrir þessari till., „tíðkast það í ýmsum löndum, að þjóðaratkvæði fari fram um löggjafarmálefni. Þar sem það á sér stað, á það stundum stoð í stjórnarskrá, og getur það þá verið ýmist þannig, að það sé beinlínis boðið í stjórnarskrá, að þjóðaratkv. skuli fara fram um tiltekin löggjafarmálefni, og eins getur það líka átt sér stað, að í stjórnarskrá sé heimild til þjóðaratkvæðis, þannig að ákveðinn fjöldi þm. eða ákveðinn fjöldi kjósenda geti krafizt þess, að þjóðaratkv. fari fram. Það er svo mismunandi, þar sem slíkt þjóðaratkv. fer fram, hvort það er bindandi um það málefni, sem þjóðaratkv. er leitað um, eða aðeins ráðgefandi.

Hér á landi hefur kveðið lítið að þjóðaratkvæði. Í stjórnarskránni eru aðeins tvö ákvæði, sem varða það efni. Í öðru tilfellinu er um að ræða breytingar á kirkjuskipun ríkisins samkv. 62. gr. og í hinu tilfellinu er um það að ræða, að ef forseti synjar að staðfesta lög eða laga-

frv., þá á þjóðaratkvæði að skera úr um frambúðargildi þeirra laga. Á hvorugt þessara tilvika hefur reynt í framkvæmdinni. Hins vegar hefur þó þjóðaratkvæði farið fram nokkrum sinnum hér, þ. á m. um sjálfa lýðveldisstjórnarskrána á sinni tíð samkv. ákvæði í stjórnskipunarlögum þar um. Enn fremur um sambandslögin, bæði um gildistöku þeirra og eins niðurfellingu. Jafnframt hefur það svo nokkrum sinnum átt sér stað, að Alþ. hafi samþykkt að kanna hugi kjósenda til tiltekinna löggjafarmálefna. Það hefur átt sér stað m. a. um bannlögin, bæði þegar þau voru sett og eins þegar þau voru afnumin, og einnig um þegnskylduvinnu á sínum tíma. Atkvgr. um bannlögin eða um það, hvort bann skyldi hér sett, fór fram á sínum tíma samkv. ályktun Nd. Alþ. 1908, og niðurstaðan af þeirri atkvgr. varð sú, að 3/5 kjósenda voru með banni, 2/5 á móti. Bannl. voru síðan sett, svo sem kunnugt er. 1916 fór fram atkvgr. um það, hvort þegnskylduvinna skyldi hér á landi lögleidd. Sú atkvgr. fór fram samkv. þál., sem samþ. var í báðum deildum þings. Niðurstaða þeirrar atkvgr. varð sú, að um 80% kjósenda greiddu atkv. gegn þegnskylduvinnu, og það kom ekki til neinnar lagasetningar um það efni. 1933 fór svo fram atkvgr. meðal þjóðarinnar um það, hvort bannl. skyldu afnumin eða það af þeim, sem þá var eftir. Sú þjóðaratkvgr. fór fram samkv. ályktun sameinaðs þings, og niðurstaða þeirrar þjóðaratkvgr. varð sú, að 57.7% kjósenda greiddu atkv. með afnámi bannl., en 42.3% með því að halda bannl. áfram í gildi. Eins og kunnugt er, afnam svo Alþ. bannl. eftir þessa atkvgr.

Af þessum dæmum, sem ég hér hef nefnt, er það augljóst, að Alþ. hefur í hvert eitt sinn, sem skoðanir kjósenda hafa verið kannaðar um þessi löggjafarmálefni, farið eftir þeim vilja, sem í þeim birtist.

Í okkar stjórnarskrá eru engin ákvæði um heimild til þjóðaratkv. Nú er það svo að margra dómi, að það er ástæða til þess að athuga, hvort ekki sé rétt að grípa til þjóðaratkv. hér á landi meir en átt hefur sér stað. Því verður ekki neitað, að þjóðaratkv. getur verið virkur þáttur í raunverulegu lýðræði. Flestir vilja nú játa lýðræði og telja það gott. En það er ekki nóg að játa lýðræði með vörunum. Menn verða líka að fylgja raunverulegu lýðræði í framkvæmd. Og það er svo, að sums staðar a. m. k. hefur að undanförnu vaknað nokkur áhugi á þjóðaratkv. á ný. Ég hygg, að það séu tiltölulega fá ár síðan það fór fram í Svíþjóð gaumgæfileg athugun á því, hvort ekki ætti að taka þar upp ákvæði um þjóðaratkvgr. Ég veit, að sú n., sem kannaði þetta, skilaði ýtarlegu áliti, en mér er ekki kunnugt um, að enn hafi samt verið sett löggjöf þar um í því landi. Ég hygg, að í stefnuskrám a. m. k. tveggja, ef ekki fleiri þeirra flokka í Noregi, sem náðu meiri hl. við síðustu kosningar og standa nú að þeirri stjórn, sem þar situr, hafi verið ákvæði, sem til þess benti, að þeir mundu vilja vinna að því að kanna, hvort ekki ætti að taka upp þjóðaratkv. í ríkara mæli en þar hefur átt sér stað.

Ég held, að það sé ástæða til að kanna þetta efni hér á landi. Það er að vísu svo, að þegar það á að athuga, koma mörg atriði til skoðunar. Á nokkur þeirra er bent í þessari þáltill., en vitaskuld er sú upptalning á engan hátt tæmandi. Það þarf að athuga þetta gaumgæfilega, og þess vegna er þessi þáltill. fram borin. Það er ekki ástæða til að hrapa að neinu í þessu efni, en það er mín skoðun, að það fari vel á því og gæti haft heppilegar afleiðingar fyrir skoðanamyndun hér í landinu, ef það væri hægt að koma við þjóðaratkv. oftar en átt hefur sér stað.

Ég tel eðlilegt, að sú athugun, sem hér er um að ræða, fari fram af þingkjörinni n. Þess vegna er lagt til í þessari till., að Alþ. kjósi 5 manna n. til að rannsaka þetta málefni með þeim hætti, sem þar nánar segir. Ég fyrir mitt leyti tel sjálfsagt og eðlilegt, að allir þingflokkar eigi þátt í þeirri athugun eða geti átt þátt í þeirri athugun. Þess vegna má segja, að það hefði verið eðlilegra, að í þessari þáltill. hefði verið mælt svo fyrir, að n. skyldi skipuð 7 mönnum, og það má kannske segja, að það sé nánast fyrir vangá okkar tillögumannanna, að það hefur ekki verið gert. En ég vænti þess, að hv. n., sem fær þessa till. til meðferðar, athugi það, og það er síður en svo, að við flm. höfum nokkuð á móti því, að tölu nm. sé breytt á þá lund, að tryggt sé, að allir þingflokkar geti þar átt sinn fulltrúa.

Ég held svo, herra forseti, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þessa till., en vísa að öðru leyti til þeirrar grg., sem henni fylgir, en leyfi mér að leggja til, að henni verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn. til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 30. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 6. Lagning Vesturlandsvegar.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um lagningu Vesturlandsvegar** [39. mál] (A. 40).

Á 8. fundi í Sþ., 27. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 9., 10., 12., 13. og 17. fundi í Sþ., 3., 10., 17. og 24. nóv., 8. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 9. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

**Flm. (Jón Skaftason):** Herra forseti. Á þskj. 40 hef ég leyft mér að flytja þáltill. um lagningu

Vesturlandsvegar. Tillgr. sjálf er stutt og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að nota lántökuheimild í III. kafla vegáætlunar fyrir árin 1965—1968 vegna Vesturlandsvegar, til þess að endurbygging vegarins geti hafizt á næsta sumri.“

Í vegáætlun þeirri, sem vitnað er til í tillgr., er Vesturlandsvegur í Reykjaneskjördæmi talinn liggja frá Reykjavík við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð og að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu í Hvalfjarðarbotni. Eins og öllum hv. alþm. mun kunnugt, liggja leiðir allra bifreiða, sem fara á milli Reykjavíkur og Vesturlands, Norðurlands og Austurlands, um þennan þjóðveg. Um hann eða hluta hans fer einnig fjöldi bifreiða, sem flytja sand og möl til bygginga og ýmissa annarra mannvirkja í Reykjavík, en slíkt efni hefur um mörg undanfarin ár verið sótt í nágrannasveitirnar norðan Reykjavíkur. Sömu sveitir eiga öll sín viðskipti við Reykjavík og þurfa allt þangað að sækja og flytja. Fyrir stuttu lét vegamálastjórnin framkvæma talningu 4 daga í röð á þeim hluta vegarins, sem liggur í gegnum Mosfellssveit, og reyndist meðalumferðin dag hvern vera 2617 bifreiðar og þar af um 28% stórir flutningavagnar, sem ætla má að flytji 3—4 þús. smál. á dag. Þessi mikla notkun vegarins og léleg gerð hans veldur því, að óframkvæmanlegt reynist að halda honum ökufærum mikinn hluta ársins, þótt allmiklu sé til þess kostað. Þá er slit þeirra ökutækja, sem um slíkar vegleysur þurfa að fara daglega, mjög stór útgjaldaliður.

Á Alþ. snemma í desember, að mig minnir, var lagt fram undirskriftaskjal frá um 200 íbúum Mosfellssveitarhrepps, þar sem skorað er á stjórnvöld og hv. Alþ. að vinna að endurbótum og endurbyggingu þessa vegar. Ég geri ráð fyrir því, að sumum hv. alþm. sé þetta erindi kunnugt, því að a. m. k. okkur þm. Reykn. mun öllum hafa verið sent það. Með erindi þessu fylgdi nokkuð ýtarleg grg., þótt ekki væri hún mjög löng, þar sem drepið er á þau vandkvæði, sem núverandi ástand vegarins skapar íbúum Mosfellshrepps og þeim, sem veginn þurfa að nota.

Ég held, að ekki sé sérstök ástæða til að hafa miklu lengri framsögu með þáltill. þessari. Ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. hafi allir af eigin reynd nokkur kynni af Vesturlandsveginum og menn séu út af fyrir sig ekki ósammála um, að mikið og knýjandi verkefni bíði þar í vegagerð landsmanna. Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um mál þetta verði frestað og því vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 7. Þjóðaratkvæðagreiðsla um samkomustað Alþingis.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um samkomustað Alþingis** [40. mál] (A. 41).

Á 8., 9., 10. og 12. fundi í Sþ., 27. okt., 3., 10., og 17. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

**Flm. (Ágúst Þorvaldsson):** Herra forseti. Á árinu 1958, hinn 30. maí, var samþ. þál., þar sem skorað var á ríkisstj. að skipa n. til að endurskoða lagaákvæði og stjórnarákvarðanir um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna, og átti ríkisstj. samkv. ályktuninni að leggja fyrir Alþ. till. til breytinga, eftir því sem ástæða þætti til að endurskoðuninni lokinni. Fulltrúar fjórðungsþinganna áttu að tilnefna menn í n., einn frá hverju þeirra. Samband ísl. sveitarfélaga átti að tilnefna einn mann. Sjötti maðurinn skyldi skipaður án tilnefningar og vera formaður n. Var Gísli Guðmundsson alþm. skipaður formaður n. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga var formaður þess, Jónas Guðmundsson, frá fjórðungsþingi Vestfirðinga Jóhann Gunnar Ólafsson bæjarfógeti á Ísafirði, frá fjórðungsþingi Norðlendinga Ásgrímur Hartmannsson bæjarstjóri í Ólafsfirði, frá fjórðungsþingi Austfirðinga Gunnlaugur Jónasson bankagjaldkeri á Seyðisfirði, og fyrir Sunnlendingafjórðung var ég skipaður.

Þessi n. vann að verkefni sínu og hélt marga fundi og aflaði ýmissa gagna. Hún skilaði áliti til ríkisstj. síðla árs 1962 og gerði till. í átta liðum, ýmist um ný aðsetur ríkisstofnana eða að komið yrði upp nýjum stofnunum úti um land til ýmissar þjónustu fyrir fólkið, sem þar býr. Sú till., sem n. setti efst, var það, að látin yrði fara fram þjóðaratkvgr. um það, hvort Alþ. skuli framvegis háð á Þingvöllum við Öxará, og ef í ljós kæmi við slíka atkvgr. vilji þjóðarinnar fyrir því að flytja Alþ. á Þingvöll, yrðu af hálfu stjórnarvaldanna gerðar ráðstafanir til þess að búa þinginu þar starfsskilyrði.

Nú er liðið nokkuð á fjórða ár, síðan n. skilaði till. sínum, en ekki hefur ríkisstj. sinnt þeim enn sem komið er. Okkur flm. þessarar þáltill. þótti því rétt að hreyfa þessu máli hér á hinu háa Alþ., þar sem svo langt er um liðið, síðan við áttum þátt í tillögugerð um þetta mál, en ekkert frá stjórnarvöldunum er komið um það í dagsins ljós, eins og ég sagði.

Öllum er kunnugt, sem á Alþ. sitja, að ekki verður lengi við unað úr þessu þau starfsskilyrði, sem Alþ. á við að búa hvað húsrými snertir, enda munu vera í athugun á vegum Alþ. einhvers konar úrbætur, þó að e. t. v. sé þar varla hugsað stærra enn sem komið er en til bráðabirgðaúrlausnar.

Alltaf mun sá andi hafa vakað í brjósti margra góðra Íslendinga, að Alþ. ætti hvergi annars staðar að vera en á Þingvöllum. Hefur sú hugsjón nokkrum sinnum verið rædd hér á hinu háa Alþ.

sjálfu, og er það nokkuð rakið í grg. þeirri, sem fylgir þessu máli. Í þau skipti, sem þetta mál hefur verið gert að þingmáli, hafa flm. þess og fylgjendur verið úr röðum þeirra þm., sem ötulastir voru um sjálfstæðis- og þjóðernismál Íslendinga. Er líða tók að 1000 ára afmæli Alþingis árið 1930, kom í ljós, að áhugi á því að heyja þingið á Þingvöllum við Öxará var enn vakandi hér á landi. Ýmsir gerðust þá til að rita um málið í blöð eða tímarit. Einn af þáv. þm. höfuðstaðarins, Magnús Jónsson prófessor, skrifaði árið 1923: „Það er nokkurs konar prófsteinn á þjóðina, hvenær hún er orðin fullvaxin og veit, hver hún er, þá flytur hún Alþ. á Þingvöll við Öxará. Annars staðar getur það ekki átt heima.“ Þá minntust menn þess einnig, að þjóðin hafði aldrei átt þess kost að ráða sjálf þingstað sínum og að álits hennar hafði ekki verið leitað. Og á Alþ. 1926 fluttu þrír þm., það voru þeir Sveinn Ólafsson, Ásgeir Ásgeirsson og Benedikt Sveinsson, í Nd. svo hljóðandi till. til þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Nd. Alþingis ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram þjóðaratkvgr. á sumri komanda jafnhliða landskjörinu um það, hvort samkomustaður Alþingis skuli vera á Þingvöllum við Öxará frá 1930. Skal við atkvgr. farið eftir nýjustu kjörskrám til alþingiskosninga fyrir sérstök kjördæmi.“

Þessi till. var felld með litlum atkvæðamun. Með henni voru greidd í Nd. 12 atkv., en 14 á móti.

Árið 1929 var svipuð till. aftur flutt í Nd., þá af 10 þm., og enn árið 1930, þá af 9 þm. Í þessi tvö skipti varð hún ekki útrædd. En árið 1929 bárust þinginu áskoranir frá mörgum ungmennasamböndum um að láta þjóðaratkvgr. fara fram. Eftir Alþingishátíðina féll málið svo niður um sinn.

Á það var bent í umr. á Alþ. 1926—1930, að oft, þegar mikils hefði þótt við þurfa í sjálfstæðisbaráttunni, hefðu þeir, er þar voru á oddi, túlkað hug þjóðarinnar til Þingvalla með því að boða þar, en ekki í höfuðstaðnum, til fulltrúafunda, er sóttir voru hvaðanæva að af landinu. Nú eftir 35 ár mætti bæta því við, að árið 1944 þótti öllum það eitt hlýða, að yfirlýsingin um stofnun lýðveldisins væri birt á hinum forna þingstað. Ásgeir Ásgeirsson sagði í umr. á Alþ. árið 1926, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingvellir eru einstakur staður, og ég skil ekki þá þjóð, sem ekki vill nota sér þá fágætu eign til að halda erfikenningum í þingmálum og stjórnmálum betur vakandi en nú. Það er sagan, sem heimtar, að Alþ. verði háð á Þingvöllum.“

Ég tel víst, að enn séu allskiptar skoðanir um það meðal þjóðarinnar, hvað rétt sé að gera í þessu máli, og er slíkt að vonum, svo mjög sem við Íslendingar erum gjarnir til þess að vera ósammála um flest. Ég hygg hins vegar, að enginn muni þó sá vera, sem ekki vill telja Þingvelli við Öxará mestan og helgastan sögustað þjóðar vorrar og eitt hið mesta djásn af mörgum á landi hér vegna náttúrufegurðar og mikilfenglegra minja frá sköpunarsögu þessa mikla eldfjallalands. Sá maður væri harla tilfinningasnauður og tómlátur, sem ekki yrði fyrir sterkum áhrifum á huga sinn og hjarta yfir öllum þeim dásemdarverkum drottins, sem við augum blasa hvarvetna á Þingvöllum og í nágrenni þeirra.

Það er nú samt svo með okkur Íslendinga, eins og aðrar þjóðir sennilega, að þjóðartilfinning okkar er ekki eingöngu til orðin vegna skyldleika okkar við landið sjálft og hina sérstæðu náttúru þess, heldur einnig og ekki síður vegna sögu þjóðarinnar frá upphafi. Það er þessi saga með sigrum og ósigrum þjóðarinnar og kynslóðanna, skini og skúrum í lífi þeirra, sem veldur því, að við finnum til öll með svipuðum hætti, þegar eitthvað skeður, sem við öll annaðhvort þráum, eins og við t. d. þráðum fullt frelsi, óttumst, eins og t. d. þegar við óttumst hafís, eldgos eða jarðskjálfta, eða elskum, eins og t. d. frelsi og full mannréttindi. Saga okkar er auðug af alls konar atburðum, er mótuðu líf og starf kynslóðanna, trú þeirra, ást þeirra og hatur, viljann til að lifa í landinu, bæta það og fegra, auðga lífið af fögrum hugsunum, eins og skáld og aðrir andans menn hafa gert. Þessi saga vor í meginþáttum var ráðin á Þingvöllum í tæpar 9 aldir. Þar höfnuðu landsmenn tilmælum um að láta Grímsey af hendi, af því að þeir þóttust sjá, að þangað mætti halda langskipum frá Noregi og þar væri hægt að fæða her manns, eða m. ö. o., þar væri hægt að hafa setulið. Á Þingvöllum tók Alþ. við kristinni trú, sem síðan hefur verið þjóðinni líkn og traust í heljarnauðum og siðferðileg stoð í gæfu og meðlæti. Það er sagt um Múhameðstrúarmenn, að þeir snúi andliti sínu til Mekka, þar sem gröf spámannsins er, þegar þeir gera bæn sína. Mekka er þeirra sameiningartákn, staðurinn, þar sem örlagastafirnir voru smíðaðir í hið andlega musteri trúar og siðgæðishugmyndir þær, sem standa ofar öðru í þeirra hug

Við Íslendingar höfum fengið frá Þingvöllum allt það, sem mestum og beztum örlögum hefur valdið í lífi okkar sem þjóðar. Og það hefur gerzt á síðari tímum, eftir að Alþ. hefur flutt frá Þingvöllum, að þjóðin vildi helga þar og hvergi nema þar hinn langþráða atburð, þegar lýst var yfir lýðveldi á Íslandi árið 1944. Þannig eru Þingvellir okkar Mekka. Þangað fara valdsmenn þjóðarinnar með flesta gesti landsins til þess að sýna þeim þann stað, þar sem þetta litla ríki og örsmáa þjóð grundvallaði stjórnskipun, sem stóð um aldir og fræg er fyrir frelsisanda, sem óvíða þekktist annars staðar en hér á þeim tíma.

Þingstjórn er að vísu talin ævagömul og eldri en konungsstjórn meðal germanskra þjóða. Norsk lög og norskar réttarvenjur fluttust með landnámsmönnum til Íslands. Í bók sinni, Saga Íslendinga, segir Jón Jóhannesson prófessor, að í upphafi víkingaaldar hafi verið mörg þing í Noregi og ýmis lög og að svæðin, þar sem sömu lög giltu, hafi verið smá, en svo hafi verið æðri þing fyrir þessi svæði, sem kölluð voru allsherjarþing. Hér á landi voru fyrst stofnuð nokkur héraðsþing, svo sem Þórsnesþing á Snæfellsnesi og þing það, er Þorsteinn Ingólfsson stofnaði á Kjalarnesi og talið er að hafi verið aðeins dómþing til þess að framfylgja lögum þeim og réttarvenjum, er landnámsmenn höfðu vanizt í ættbyggðum sínum í Noregi. Á þeim öldum, er þjóðveldi stóð hér á landi og allir Íslendingar lutu einum og sömu lögum, er Alþingi á Þingvöll-

um setti, höfðu hvorki Norðmenn, Svíar né Danir ein lög hverjir fyrir sig í sínu landi. Íslendingar eru þannig fyrsta Norðurlandaþjóðin, sem stofnaði eitt allsherjarþing, er setti öllum íbúum landsins ein og sömu lög. Getum við verið stoltir af því framtaki forfeðra okkar, og á þeim forna grundvelli, sem þeir þannig byggðu, stendur enn í dag þjóðerni vort, saga og réttur.

Frá því Alþ. var stofnað árið 930, var það alla þjóðveldisöld háð á Þingvelli við Öxará og síðan allt til 1798. En árið 1799 var það flutt til Reykjavíkur og svo lagt niður árið 1800. Og þegar það var endurreist árið 1845, kom það saman hér í Reykjavík 1. júlí það ár, og hér hefur það verið haldið alltaf síðan.

Með þessum fáu orðum hef ég aðeins drepið á vissa þætti í sögu Alþ., er það hefur spunnið í örlagavef íslenzku þjóðarinnar. Svo rík er mörgum manni í huga, bæði okkur flm. þessarar þáltill. ásamt þeim, sem með okkur störfuðu í mþn. um aðsetur ríkisstofnana, sem ég gat um hér í upphafi máls míns, svo og fjölda annarra manna, hin forna frægð og söguhelgi Þingvalla, að við teljum sjálfsagt, að þjóðin fái að segja sitt orð um það í leynilegri atkvgr., hvort hún vill flytja Alþ. aftur á hinn sögufræga og fagra stað.

Allir vita, að ekki verður því lengi skotið á frest úr þessu að byggja ný húsakynni yfir starfsemi Alþ. Hið góða, gamla hús, alþingishúsið hér við Austurvöll í Reykjavík, er bæði allt of lítið og miðað við nútímaaðstæður óhentugt til að gegna sínu hlutverki. En ekki nóg með það, að húsið sjálft sé úrelt orðið, heldur er staðsetning þess einnig að mínum dómi háð verulegum ágöllum, og vil ég þar fyrst og fremst nefna, að önnur aðalleið flugvéla um Reykjavíkurflugvöll liggur hér yfir alþingishúsið og oft er hér hávaði af slíku svo mikill, að ég a. m. k. heyri illa það, sem fram fer hér í sölum Alþ., þegar þannig stendur á, að flugvélar fljúga hér yfir. Í öðru lagi má nefna, að hér liggja að þinghúsinu fjölfarnar götur af bifreiðaumferð á tvo vegu alveg upp að veggjum þinghússins, og verða þm. oftast að sæta lagi og hafa á því vakandi athygli, þegar þeir koma eða fara vegna starfa sinna hér í þinghúsinu, að verða ekki undir bifreiðunum, sem aka fram hjá dyrum þess með ofsahraða. Hið sama gildir einnig um alla aðra, sem starfa í þinghúsinu eða eiga þangað leið. Bifreiðum er lagt fyrir austurgafli hússins og hávaðinn gífurlegur af götuumferðinni og þegar menn eru að ræsa þar bifreiðar sínar í gang, eftir að þær hafa staðið þar utan við veggi þinghússins.

Ég verð að segja það, að ég hef oft furðað mig á því, síðan ég kom hér fyrst fyrir rúmum 9 árum, að ekki skuli hafa verið takmörkuð umferð bifreiða í kringum þinghúsið, meðan Alþ. er háð.

Ég þykist vita, að ein höfuðröksemdin gegn því, að Alþ. verði háð á Þingvöllum, verði sú, að þar verði þm. of einangraðir frá ýmsum höfuðstofnunum þjóðarinnar hér í Reykjavík, svo sem ráðuneytum, bönkum og öðrum ríkisstofnunum. Gera má einnig ráð fyrir því, að sumir telji, að þinghald á Þingvöllum mundi valda erfiðleikum fyrir ráðh. og ýmsa embættismenn vegna fjarlægðar. Þetta kunna að þykja góð rök nú í dag. En ég spái því, að eftir nokkur ár mundu slík rök þykja mjög fáfengileg, ef þróun í samgöngutækni verður á næstu áratugum slík sem hún hefur verið á liðnum árum, t. d. síðan 1940. Ég sá það nýlega einhvers staðar í bók eða blaði, að þar var verið að lýsa vörusýningu í Leipzig í Þýzkalandi, og þar var m. a. frá því sagt, að vegalengdin um sýningardeildirnar á þessari vörusýningu væri röskir 50 km, en það er sama vegalengd og er héðan af Lækjartorgi til Þingvalla. Ég hygg, að vegalengdir innan stórborga erlendis séu víða ekki minni og sums staðar allmiklu meiri. En eins og tækninni í samgöngumálum fleygir mjög ört fram nú á tímum og fjarlægðir milli staða hverfa smátt og smátt vegna hins aukna hraða og nýrra samgöngutækja, eru ekki síður örar framfarirnar í allri fjarskiptatækni, og er alls staðar að verða auðveldara að koma tali og boðum milli staða, jafnvel myndum af því, sem er að gerast, er jafnóðum auðvelt að koma fyrir augu manna í mikilli fjarlægð, svo sem kunnugt er. Og það mætti segja mér, að það yrði ekki langt þangað til ræður þm. gætu komið á pappír út úr einhverri vél jafnharðan og þær eru haldnar, og mundi þar engu skipta, hvort sú vél væri fjær eða nær ræðumanni.

Það kann að vera, að þetta þyki draumórar. En svo er ekki. Ég fullyrði það, að svo er ekki, því að flest af þessu er nú þegar orðinn veruleiki einhvers staðar. Ég tel þess vegna, að fjarlægð frá Reykjavík til Þingvalla geti ekki hrundið þeirri hugmynd, að Alþ. verði háð á Þingvöllum.

En þá vil ég með nokkrum orðum telja fram það, sem ég tel því til gildis fyrir störf Alþ., að það verði háð á Þingvöllum.

Hér í höfuðborginni er mjög ónæðissamt fyrir þm. og margt, sem truflar störf þeirra. Á Þingvöllum mundi verða miklu næðissamara og kyrrlátara og menn gætu átt þar hægara með að einbeita sér við athugun þingmála og yrðu þar talsvert óháðari alls konar áhrifum frá ys og þys borgarlífsins og þeirra, sem vilja hafa áhrif í einu eða öðru formi á afstöðu þm. Ég tel, að fulltrúar þjóðarinnar á Alþ. eigi fyrst og fremst að vinna að löggjafarstörfum. En eins og aðstöðu þm. er nú háttað, fer minnst af tíma þeirra í slíkt. Meginhlutinn af starfsorku þm. fer í að leysa og greiða úr ýmsum viðskipta- og fjármálum fyrir einstaklinga og félagssamtök og fyrirtæki í kjördæmum þeirra, ganga í banka til að selja víxla og útvega lán, ráða fólk til starfa fyrir ýmsa aðila, og svo mætti lengi telja. Ég vil ekki gera lítið úr þessari þjónustu. En ég held, að tími slíkrar þjónustu af hálfu þingmanna hljóti mjög fljótlega úr þessu að renna sitt skeið til enda, og ég vil segja það, að ég tel, að hann eigi að gera það. Ég tel, að framkvæmdavaldið hljóti að læra það fljótlega úr þessu, að það er og á að vera þjónustubundið í þágu allra landsmanna jafnt, og þess vegna verði ekki mjög lengi úr þessu sá háttur á hafður, að fulltrúar í æðstu stofnun þjóðarinnar, Alþingi, séu á eilífum erli og sífelldum biðilsbuxum frammi fyrir framkvæmdavaldinu til þess að flytja bænarskrár og sýna umboðsskjöl frá fólki og byggðarlögum. Framkvæmdavaldið á að koma til fólksins, hvar sem það er búsett, og segja: Hér er ég, skyldugt og reiðubúið til að þjóna þegnréttindum hvers manns og til þess að uppfylla sanngjarnar og

löglegar kröfur. — Umboðsstöðvar framkvæmdavaldsins hljóta, áður en langt líður, að rísa upp úti um landið, og er ég þar algerlega á sama máli og hv. þm. Lúðvík Jósefsson talaði um hér í kvöld, að ég álít, að það eigi að koma upp sem víðast um landið umboðsstöðvum framkvæmdavaldsins, þar sem þær geti framkvæmt og þjónað þörfum íbúanna á hverjum stað. Ég er þess vegna viss um, að sá tími nálgast óðum, að þm. munu geta farið að einbeita kröftum sínum og notað tímann til þess að sinna löggjafarstarfinu, sem ég lít svo til að sé nú eins konar aukastarf, hitt taki miklu meiri tíma, að sinna alls konar umboðsstörfum fyrir ýmsa aðila.

Á Þingvöllum ætti að verða ólíkt næðissamara fyrir þm. að dvelja og starfa, og ég er viss um, að Alþingi fengi við það að flytjast til Þingvalla aukið traust og álit. En mér er ekki grunlaust um, að nokkuð skorti á, að þjóðin beri óskorað traust til Alþingis, eins og nú er háttað. Með auknum þroska þjóðarinnar, sem ég veit að allir alþm. vona að vaxi sem fyrst og sem bezt, er ég viss um, að þjóðin gerir kröfur um að tengja Alþingi sem traustustum böndum við þann söguhelga stað, Þingvöll, og mun þá rætast það, sem Magnús Jónsson prófessor skrifaði um þetta á árinu 1923 og ég áðan rifjaði upp.

Svo gnæfa Þingvellir yfir aðra staði í landinu sem sögustaður, að oft hafa þar verið haldnir ýmsir þjóðmálafundir, sem mikils hefur þótt varða, að vel tækjust og þjóðarathygli vektu. Ég álít, að nútímatækni geri flutning Alþingis til Þingvalla ekki aðeins mögulegan, heldur í raun og veru sjálfsagðan. Þær breytingar, sem orðið hafa hin síðustu ár í sambandi við Alþingi, eins og t. d. fjölgun þingmanna, stækkun kjördæma, síaukinn málafjöldi á Alþingi og hraðvaxandi ný viðfangsefni, sem eru afleiðing nýrrar þekkingar og nýrrar tækni, allt þetta og margt fleira gerir nauðsynlega þá breytingu, að húsakynni Alþingis verði stórbætt og þm. sköpuð aðstaða til að hafa næði við löggjafarstörfin og um leið verði þeir að mestu losaðir við daglegan eril og sendimannastörf, þar sem þeir þurfa oft að ganga fyrir margra manna kné til þess að fá leyst hin og þessi tiltölulega smávægileg málefni.

Fáar þjóðir munu eiga svo sérkennilegan helgistað, sem hefur helgazt af svo langri stjórnmála- og þjóðarsögu eins og Þingvellir. En hvað hefur verið gert fyrir þennan helgistað þjóðarinnar? Það er, held ég, harla lítið. Hann hefur að sjálfsögðu verið friðlýstur, og þar heitir nú þjóðgarður, þar sem hið forna Alþingi var háð og næsta nágrenni þess. Sú friðlýsing er þó naumast miklu meiri en svo, að sauðkindum er varnað að kroppa gras á grónum götum og búðartóftum hinna fornu goða og þingreiðarmanna þeirra.

Um aldamótin 1800 var lögréttuhúsið á Þingvöllum rifið og selt á uppboði.

Á þessu ári eru liðin 125 ár síðan Kristján konungur VIII gaf út tilskipun til nefndar embættismanna um að athuga, hvort ekki væri vel til fallið að stofna til ráðgjafarþings á Íslandi og hvort ekki væri rétt að nefna það Alþing eins og hið forna þing og halda það á Þingvöllum. Þeir urðu í meiri hluta, sem ekki þótti fært að hafa Alþingi á Þingvöllum. Þær ástæður, sem þá voru færðar fram gegn því að halda Alþingi á Þingvöllum, eru ekki lengur fyrir hendi, þó að þá kunni þær að hafa verið veigamikil rök, eins og það t. d., að það tæki tvo daga að ferðast fram og aftur milli Reykjavíkur og Þingvalla og að þingmenn yrðu að lifa á skrínukosti þar eystra.

Embættismannanefndin var skipuð 10 æðstu embættismönnum landsins. Nefndin varð sammála um að mæla með endurreisn Alþingis, en hún klofnaði um þingstaðinn. Helmingur nefndarmanna mælti með Reykjavík, en hinn helmingur nefndarinnar vildi láta fyrsta þingið vera í Reykjavík og láta síðan þingið sjálft ákveða þingstaðinn. Þó voru tveir þessara manna, þeir Bjarni Thorarensen skáld og Jón Jónsson á Melum, sýslumaður Strandamanna, eindregið fylgjandi Þingvöllum, og sögðu þeir í greinargerð um málið, að þjóðin æskti þess, að Alþingi væri á Þingvöllum. Páll Eggert Ólason staðfesti þessa fullyrðingu þeirra og segist styðjast um það við mikinn fjölda sendibréfa frá þessum tíma, er geymzt hafa.

Með þeirri þáltill., sem hér er á dagskrá, er ekki gert ráð fyrir öðru en að leita eftir þjóðarvilja um það, hvort Alþingi skuli háð á Þingvöllum í framtíðinni. Ef sá þjóðarvilji er ekki fyrir hendi og ef það kemur í ljós við slíka atkvgr., að þjóðin vill heldur hafa Alþingi áfram hér í Reykjavík, þá er auðvitað nauðsynlegt að vinda að því bráðum bug, að varanlegum úrbótum á húsnæðismálum Alþingis verði komið í framkvæmd.

Komi hins vegar í ljós, að þjóðarviljinn kjósi Þingvöll við Öxará fyrir framtíðarstað Alþingis, eins og okkur flm. þessarar þáltill. þætti ekki ólíklegt, þá þyrfti að leysa aðkallandi þörf Alþingis fyrir aukið húsnæði til bráðabirgða hér í höfuðstaðnum, þar til búið væri að byggja og búa í haginn fyrir Alþingi á Þingvöllum, en eðlilega mundi það taka alllangan tíma.

Sú kynslóð, sem stofnaði lýðveldið hér á Íslandi fyrir rúmum 20 árum, var gæfusöm kynslóð að hafa fengið að lifa þann tíma og að hafa framkvæmt hina gömlu hugsjón og aldalöngu þrá kynslóðanna um að færa Íslendingum, öldum og óbornum, fullt frelsi aftur. Enn þá er kynslóðin að störfum, sem svo gæfusöm var. En brátt taka við af henni nýir menn, erfingjar lýðveldisins. Mér finnst, að sú kynslóð, sem einhuga stofnaði lýðveldið og þannig færði landinu hið forna frelsi aftur, hún eigi eftir, til að fullkomna verk sitt, að flytja Alþingi til Þingvalla að nýju. Það má að minnsta kosti ekki minna vera, að mínu áliti og okkar flm., en að álits þessa fólks sé leitað um slíkt þjóðræknismál.

Með þeirri þáltill., ef samþ. verður, sem hér liggur fyrir á þskj. 41, er ríkisstj. falið að láta samhliða næstu sveitarstjórnarkosningum fara fram þjóðaratkvgr. um það, hvort stefnt skuli að því, að Alþingi verði háð á Þingvöllum.

Herra forseti. Ég legg svo til, að till. verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 30. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 8. Dreifing framkvæmdavalds.

Á deildafundum 26. okt. var úthýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um dreifingu framkvæmdavalds og eflingu á sjálfstjórn héraða** [42. mál] (A. 43).

Á 8., 9., 10. og 12. fundi í Sþ., 27. okt., 3., 10. og 17. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

**Flm. (Lúðvík Jósefsson):** Herra forseti. Með þáltill. þessari er lagt til, að Alþ. kjósi 7 manna mþn., sem hafi það verkefni að athuga, með hvaða hætti bezt verði unnið að dreifingu framkvæmdavalds til fleiri staða en nú er og til eflingar á sjálfstjórn í landsfjórðungunum eða á öðrum stórum landssvæðum, eins og í till. segir. N. er ætlað að athuga sérstaklega um möguleika á að flytja að meira eða minna leyti ýmsar ríkisstofnanir eða mikilvægar þjónustustofnanir frá höfuðborginni til staða úti á landi í þeim tilgangi að auðvelda afgreiðslu mála og skapa meira jafnvægi í landinu. Þá er einnig lagt til, að n. athugi gaumgæfilega um möguleika á því að veita héraðsstjórnum rétt til fjármálalegrar yfirstjórnar og ráðstöfunar á tilteknum fjárveitingum, sem varða viðkomandi hérað eða umdæmi.

Tildrög þessarar till. eru þau, að miklar umr. hafa átt sér stað undanfarin ár um þann vanda, sem stafar frá vaxandi misvægi í þróun byggðarinnar í landinu. Allir virðast á einu máli um það, að óæskilegt sé, að byggðin úti á landi dragist saman á þann hátt, sem verið hefur nú um nokkurt skeið, og að byggðin hér í höfuðstaðnum og næsta nágrenni hans vaxi af slíkum hraða sem raun hefur verið á. Þegar rætt hefur verið um þessi vandamál, hafa skiljanlega verið uppi ýmsar skýringar á því, hvaða ástæður lægju einkum til þessarar þróunar. Mest hefur athygli manna beinzt að atvinnumálunum, og því hefur þá verið gjarnan haldið fram, að ráðið til þess að snúa þessari þróun við væri það að skapa betri atvinnuskilyrði á þeim stöðum úti á landi, sem einkum hafa orðið fyrir barðinu á fólksflóttanum.

Enginn vafi leikur á því, að mikil og örugg atvinna ræður miklu um búsetu manna. Það gefur auga leið, að fólk hlýtur að flytja frá þeim stöðum, þar sem atvinna er ónóg, og til þeirra staða, sem næga og örugga atvinnu hafa að bjóða. Það má því að mínum dómi engan veginn vanmeta þær till., sem fram koma um úrbætur í atvinnumálum landsbyggðarinnar til þess að hamla gegn fólksflutningunum þaðan. En það er skoðun mín, að ýmis fleiri atriði en viðhorfin í atvinnumálum hafi mikil áhrif á búsetu manna í landinu. Ég tel því, að nauðsynlegt sé að gefa vel gaum ýmsum slíkum atriðum, sem mikilvæg áhrif hafa einnig í þessum efnum. Efni þessarar till. miðar að því, að könnuð séu ýmis slík atriði og reynt verði að finna leiðir til þess að bæta úr vandanum einnig á þeim sviðum.

Það er alkunna, að á síðari árum hefur þróunin orðið sú í okkar þjóðfélagi, að meir og meir af hvers konar yfirstjórn og framkvæmdastofnunum ríkisins hefur flutzt til Reykjavíkur eða verið sett þar upp. Það er ekki aðeins það, að svo til öll heildverzlun landsins sé rekin í Reykjavík og þar með séu svo að segja allir vöruflutningar til landsins látnir fara gegnum Reykjavík, heldur hafa svo að segja allar framkvæmdastofnanir ríkisins verið byggðar hér upp. Hér í höfuðstaðnum eru miðstöðvar fræðslumálanna, skrifstofa fræðslumálastjóra og skólaeftirlitsins, hér eru skrifstofur vita- og hafnarmála fyrir allt landið, hér er skrifstofa vegamálastjórnar landsins alls, hér er hin mikla Tryggingastofnun ríkisins, ein umfangsmesta almannastofnun þjóðarinnar, hér eru miðstöðvar húsnæðismálastjórnar alls landsins, sem ákveður lánveitingar til íbúðabygginga, jafnt fyrir íbúana á Vestfjörðum og Austfjörðum eins og fyrir íbúa Reykjavíkur. Hér í Reykjavík eru allir stofnlánasjóðir og stofnlánabankar landsins, og hér eru svo að segja öll vátryggingarfélög, sem starfa í landinu. Þannig mætti lengi telja upp stofnanir og fyrirtæki, sem allir landsmenn verða að leita til að meira eða minna leyti með málefni sín. Það fólk, sem í höfuðborginni býr eða í næsta nágrenni hennar, á tiltölulega greiðan aðgang að þessum stofnunum. Það getur sjálft rætt við þá menn í þessum stofnunum, sem fjalla eiga um erindi þess. Allt öðruvísi er þessu farið um það fólk, sem býr úti á landi og óhægt á um vik með að reka erindi sín hér í Reykjavík. Fólkið úti á landi verður að skrifa mörg bréf og senda útfylltar margar skýrslur og veita mörg umboð til þess að geta fengið t. d. nauðsynlegustu lán vegna íbúðarhúsabygginga. Og ef um afbrigðileg tilvik er að ræða, getur þessi málarekstur orðið æði tafsamur og þungur í vöfum. Þetta þekkja allir þeir, sem hafa þurft að reka slík mál sem þessi, sem ég hef hér minnzt á, við framkvæmdavaldið hér í Reykjavík. Við vitum það, að allir þeir, sem hafa með að gera framkvæmdir á vegum sveitarfélaga eða annarra slíkra aðila, verða að leggja margar göngur hingað suður til Reykjavíkur til þess að fá úrgreiðslu á sínum málum. Það er ekki hægt að koma fram byggingu á nýju barnaskólahúsi eða fá fram meiri háttar breytingu á barnaskóla, án þess að leitað sé um það til réttra yfirvalda hér í Reykjavík, leitað eftir samþykki þeirra, og hér verður að framkvæma, eins og þessi mál eru nú skipulögð, alla undirbúningsvinnu að þessum verkum, gera allar teikningar, kostnaðaráætlanir o. s. frv. Hið sama er að segja um hafnarframkvæmdir. Með þær verður að leita til yfirvaldanna hér í Reykjavík, fá samþykki þeirra fyrir þeim hugmyndum, sem menn hafa um slíkar framkvæmdir hver á sínum stað úti á landi. Hér verður að gera allar áætlanir og teikningar, og hér verður yfirstjórn verksins raunverulega að vera. Hið sama er að segja um vega- og brúargerðir. Fram-

kvæmdakerfið er þannig, að allar brýr, sem byggðar eru í landinu á vegum ríkisins, hvar svo sem þær eru byggðar, eru teiknaðar og um þær eru gerðar áætlanir hér í Reykjavík. Þannig er þessu varið.

Það er enginn vafi á því, að reynslan hefur sýnt, að það er erfitt og kostnaðarsamt á margan hátt fyrir aðila úti á landi að sækja í gegnum allar þessar framkvæmdastofnanir, sem staðsettar eru hérna í Reykjavík, með málefni sín. Og það er margfalt erfiðara fyrir menn úti á landi að vinna að framkvæmdum eða framgangi slíkra mála sem þessara heldur en hina, sem búa í næsta nágrenni við Reykjavík.

Ég held, að það sé enginn vafi á því, að nú sé svo komið, að þetta miðstöðvarvald hér í Reykjavík sé orðið allt of viðamikið, það sé búið að staðsetja hér fjöldamargar stofnanir, sem engin bein nauðsyn sé á að hafa staðsettar hér í Reykjavík og gætu fullt eins vel verið staðsettar annars staðar á landinu. Ég held því, að það sé orðin þörf á því að taka þessi mál öll til rækilegrar endurskoðunar og athuga um það, hvað af þessum stofnunum væri hægt að flytja héðan úr höfuðstaðnum og út á land eða hvort ekki væri mögulegt að skipta sumum þessum stofnunum þannig, að nokkuð sjálfstæðar starfsdeildir frá þeim væru reknar í hinum ýmsu landshlutum. Mér sýnist t. d., að fyllilega kæmi til greina, að nokkur hluti af núv. vegamálaskrifstofu, sem er rekin hér í Reykjavík, gæti verið staðsettur norður á Akureyri og að slík skrifstofa hefði þá með að gera brúargerðir og vegagerðir, t. d. á Norðurlandi og e. t. v. á Austurlandi, en það sé engin nauðsyn að hafa alla yfirstjórn þessarar stofnunar búsetta hér í Reykjavík. Svipað lít ég á varðandi yfirstjórn hafnar- og vitamála. Ég álít, að það væri auðvelt verk að skipta þeirri stofnun í nokkrar undirdeildir, og mætti þá standa miklu eðlilegar og betur að framkvæmd mála en nú er. Í þessum efnum þarf einnig að gefa nákvæmlega gaum staðsetningu á skólum í landinu. Það er enginn vafi á því, að á seinni árum hefur um of verið stefnt í þá átt að byggja upp meginhlutann af framhaldsskólakerfinu í landinu hér í Reykjavík. Ég held, að í mjög mörgum tilfellum hefði mátt staðsetja hina ýmsu framhaldsskóla annars staðar í landinu og slík staðsetning hefði orðið til þess að auðvelda mjög fólkinu, sem býr utan Reykjavíkur, aðsókn að skólum fram yfir það, sem nú er.

Það er mín skoðun, að framkvæmd þessara mála geti haft mjög mikil áhrif um það, hvernig búseta manna í landinu kann að þróast. Það á ekki að gera því fólki, sem býr úti á landi, erfiðara fyrir um að njóta þess, sem ríkið eða almannastofnanir eiga að veita landsmönnum, heldur en þörf er á. Ég býst við því, að því yrði e. t. v. borið við, ef ætti að flytja einstakar stofnanir héðan úr höfuðstaðnum og staðsetja þær úti á landi, ef ætti að skipta öðrum stofnunum upp í nokkrar starfsdeildir, að e. t. v. kunni að leiða af þessu nokkurn kostnaðarauka. Það má vera, að svo yrði að vissu leyti. En þegar tillit er tekið til þess mikla kostnaðar, sem nú fellur á fólkið, sem heima á utan Reykjavíkur og verður varðandi þessi mál öll að leggja á sig ferðalög og dvöl hér í Reykjavík til þess að vinna að framgangi þessara mála, er ég ekki í neinum vafa um það, að þeim aðilum, sem verða að koma utan af landi hingað til Reykjavíkur til þess að vinna að þessum málum, mundi sparast mikið fé, og til þess verður einnig að taka tillit.

Ég tel, að það sé fráleitt skipulag, sem við búum nú við varðandi t. d. yfirstjórn húsnæðismálanna í landinu. En nú er skipulagið þannig, eins og allir hv. alþm. vita, að aðili, sem heima á langt frá Reykjavík, kannske á tiltölulega afskekktum stað úti á landi, verður að sækja til ákveðinnar yfirnefndar hér suður í Reykjavík um leyfi til þess að mega byggja sér íbúðarhús. Eins og lagaákvæðin eru nú, er með öllu óheimilt, ef menn vilja yfirleitt eiga kost á því að fá nokkurt lán út á íbúðina, að byrja framkvæmdir, fyrr en tiltekið leyfi þessarar yfirstjórnar hér í Reykjavík hefur fengizt. Aðilinn, sem heima á langt frá Reykjavík og þarf í slíkum tilfellum sem þessum að sækja um lán, verður auðvitað að fá sér rétt eyðublöð og útfylla þar marga dálka og svara mörgum fsp. Hann þarf að útvega sér teikningar að húsinu, a. m. k. í þríriti. Og mörg önnur form verður að fylla út. Síðan er umsóknin send. Í mjög mörgum tilfellum kemur það fyrir, að yfirstjórnin hér í Reykjavík finnur, að það er eitthvað áfátt varðandi umsóknina, og þá byrja bréfaskriftir. Þá er farið að senda bréf til baka til umsækjandans. Hann er spurður spjörunum úr, og þá þarf hann allajafna að útvega sér aðra teikningu eða enn frekari skýringar og senda suður á nýjan leik, og þegar þessi aðili hefur loksins getað fengið úrskurð um lán til íbúðarbyggingarinnar, þá verður hann að finna sér einhvern aðila í Reykjavík og gefa honum fullt umboð til þess að skrifa undir lánsskjölin fyrir sig, til þess að möguleiki sé fyrir hann að nálgast fjárhæðir, því að svo haganlega er frá þessum málum gengið, að aðili, sem á heima úti á landi og ekki á hægt um vik að ferðast til Reykjavíkur sjálfur til þess að ná í lánsfjárhæðina, getur ómögulega fengið að skrifa undir lánsskjölin sjálfur, hann verður að gefa einhverjum aðila í Reykjavík umboð til þess, því að hér verður að ganga frá lánsskjölunum, því að þeir, sem með þessi mál hafa að gera, telja, að það sé ekki hægt að trúa mönnum úti á landi fyrir því að ganga frá slíkum pappírum sem þessum. Ég veit, að allir hv. alþm. þekkja, hvernig skipulagið er á þessum málum, og í rauninni er skipulagið ekkert miklu verra varðandi yfirstjórn húsnæðismálanna og afgreiðslu þeirra mála heldur en í fjöldamörgum öðrum tilfellum, varðandi aðra sjóði, sem landsmenn verða mjög að sækja til í ýmsum tilfellum, því að það fellur einmitt í hlut margra þm. að leita þarna meðalgöngu fyrir fólkið úti á landi. Og ég efast ekki um, að það er sameiginlegt álit, að ég hygg allra þm., að hér er um vægast sagt mjög þunglamalegt skipulag að ræða, sem torveldar fólki úti á landi að fá notið réttar síns til fulls, sem hlýtur á beinan og óbeinan hátt að hafa áhrif á það, hvort menn vilja leggja það á sig, þegar mörg atriði eins og þessi safnast saman, að eiga heima úti á landi og hvort þeir gefast ekki upp og flytja heldur hingað suður, þar sem framkvæmd allra þessara mála er og þar sem miklu auðveldara er að komast í gegnum allar þessar viggirðingar.

Það er því skoðun mín, að það sé mjög þýðingarmikið, þegar rætt er um það vandamál, sem misvægið í byggð landsins vissulega er, að athuga um skipulag það, sem nú er í ýmsum efnum á slíkum sviðum, sem ég hef hér aðallega gert að umtalsefni. Eins og segir í grg. þessarar till., þá yrði það meginverkefni þeirrar n., sem gert er ráð fyrir, að Alþ. kjósi samkv. till., að gera till. um leiðir til þess að draga úr hinu mikla miðstöðvar- og framkvæmdavaldi í Reykjavík og til þess að snúa við þeirri þróun, að svo að segja allar meiri háttar þjónustustofnanir, opinber fyrirtæki, skólar og menningarstofnanir á vegum ríkisins séu staðsettar í höfuðborginni.

Við flm. þessarar till. flytjum hana ekki á neinn hátt vegna fjandskapar við höfuðborgina. Við gerum okkur fulla grein fyrir því, að það er óhjákvæmilegt, að höfuðborgin hafi ýmiss konar yfirstjórn þýðingarmikilla mála í landinu og að höfuðborgin sé stór og myndarleg borg. Það er ekki aðeins gagnlegt fyrir þá, sem í höfuðborginni búa, það er þýðingarmikið fyrir alla landsmenn. En ofvöxtur höfuðborgarinnar og of mikil samþjöppun valds þar er jafnhættulegt hér og í öðrum löndum, en sama vandamál og um er rætt í þessari till. er nú mjög á dagskrá í mörgum löndum.

Herra forseti. Ég hef hér áður á Alþ. talað fyrir þessari till. og sé þess vegna ekki ástæðu til þess að rekja efni hennar í löngu máli, enda veit ég, að hv. alþm. hafa þegar hugleitt það mál, sem till. fjallar um. Ég legg til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjvn. til fyrirgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 30. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 9. Rekstrargrundvöllur togaraflotans.

Á deildafundum 28. okt. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um athugun á rekstrargrundvelli togaraflotans og endurnýjun hans** [47. mál] (A. 50).

Á 9. og 10. fundi í Sþ., 3. og 10. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

**Flm. (Gils Guðmundsson):** Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr., var flutt á hv. Alþ. í fyrra, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Okkur flm. þykir ekki síður ástæða til að flytja hana nú í annað sinn og freista þess þar með að fá hv. Alþ. til að taka afstöðu í þessu máli, sem að okkar dómi er mikilvægt fyrir sjávarútveginn og íslenzkan þjóðarbúskap í heild.

Í grg. fyrir till. er rakinn nokkuð sá mikilvægi þáttur, sem íslenzk togaraútgerð hefur átt í þeirri uppbyggingu, sem hér hefur orðið á þessari öld. Skal það ekki endurtekið hér, sem í grg. segir. Flestir munu og viðurkenna, að togarar hafa átt miklu hlutverki að gegna. Hins vegar hefur þess gætt í vaxandi mæli síðustu árin, að menn tækju að draga í efa þjóðhagslegt gildi togaraútgerðar nú og í framtíðinni. Veldur þar mestu um, að íslenzk togaraútgerð hefur átt í erfiðleikum síðustu árin. Hitt kemur einnig til, að bátaflotinn hefur vaxið mjög og fiskibátarnir hafa stækkað. Álykta ýmsir á þá leið, að tími togaranna sé að öllum líkindum liðinn og vélbátarnir geti komið og muni koma í þeirra stað. Við flm. þessarar till. teljum þá skoðun, sem ég nú lýsti, ranga, a. m. k. studda svo hæpnum rökum, að nauðsynlegt sé að kanna málið allt frá grunni, áður en nokkru er slegið föstu í þessum efnum. Við lítum svo á, að erfiðleikar togaraútgerðarinnar stafi að verulegu leyti af því, að flestir íslenzku togararnir eru nú að verða eða eru orðnir gamlir, óhagkvæmir og dýrir í rekstri, m. ö. o. úreltir. Hitt virðist auðsætt, að með bátaflota einum verða íslenzk fiskimið ekki nýtt að fullu. Þar þurfa togskip einnig til að koma, skip, sem geta veitt á djúpmiðum og á öllum árstímum, skip, sem eru ekki bundin við þau tímabil, þegar fiskur gengur á grunnmið.

Frá sjónarmiði okkar flm. er það hið mesta nauðsynjamál, að nú verði gengið að því með atfylgi og framsýni að tryggja framtíð togaraútgerðar á Íslandi, svo að hægt verði á komandi tímum að hagnýta fiskimið okkar sem bezt í þágu landsmanna sjálfra. En til þess að það megi takast, þarf hið stórvirka veiðitæki, botnvarpan, að vera hagnýtt á nútímahátt. Eins og ég sagði, eru togarar okkar nú flestir að verða gömul skip og miður hagkvæm. Á s. l. ári voru gerðir héðan út 29 togarar, en í ár munu þeir vera 27, sem út hafa verið gerðir. Þessir togarar skiptast í 3 aldursflokka. Elztir eru gömlu nýsköpunartogararnir, sem samið var um smíði á árið 1946 og komu til landsins árin 1947 og 1948. Þessi skip eru flest um 650 smálestir að stærð. Í næsta aldursflokki eru nokkrir togarar, sem keyptir voru um og eftir 1950, og er stærð þeirra 700—850 smálestir. Loks voru svo keyptir 5 togarar kringum 1960, og eru þeir flestir tæpar 1000 smálestir. Öll eru þessi skip, jafnt hin yngri sem eldri, svipuð að öllum búnaði og gerð. Aðalmunurinn er sá, að nýrri skipin flest hafa meira burðarmagn en hin eldri og geta því flutt meira aflamagn að landi, þegar uppgripaveiði er að fá.

Á síðari árum hafa hins vegar orðið gífurlegar breytingar, allt að því bylting í togarasmíði, veiðitækni og aflameðferð hjá ýmsum öðrum fiskiveiðiþjóðum. Skuttogarar hafa komið til sögunnar og eru að allra dómi, sem hafa kynnt sér þá skipagerð, stórfelld framför frá eldri skipagerðum. Vinnuaðstaða er þar stórbætt frá því, sem er á hinum eldri skipum. Tekizt hefur að koma þar við margvíslegri vinnuhagræðingu og vélvæðingu, sem leiðir m. a. til mikils sparnaðar í mannafla.

Við Íslendingar stöndum í dag frammi fyrir þeirri staðreynd, að hinum gömlu og úreltu togurum okkar fækkar stöðugt, en þeir, sem enn er haldið úti, berjast mjög í bökkum. Verði lítið eða ekkert að gert, blasir við, að íslenzk togaraútgerð kemst í alger þrot og skipin verða smám saman seld úr landi fyrir brotajárnsverð. En hver yrði afleiðing þessa, ef togaraútgerð legðist hér algerlega niður? Við búum við gjöful fiskimið, sem eiga með hóflegri notkun að geta orðið okkur fengsæl hér eftir sem hingað til. Keppikefli okkar hlýtur að vera að nýta öll þessi fiskimið á skynsamlegan hátt, en eftirláta ekki verulegan hluta þeirra öðrum þjóðum eingöngu, eins og yrði, ef íslenzk togaraútgerð legðist niður. Hverfi íslenzk togaraútgerð úr sögunni, yrðu mikilsverð fiskimið utan landhelgi okkar aðeins nýtt af öðrum þjóðum. Þá mundu og Íslendingar ekki hafa nein teljandi not af fjarlægum miðum, svo sem við Grænland eða Nýfundnaland, en þau hafa verið notuð allmikið á undanförnum árum af íslenzkum togurum.

Íslenzki togaraflotinn í dag er um margt úreltur, eins og ég áðan sagði, og svarar ekki kröfum tímans, það er satt. Þó er engin ástæða til að gleyma því, að jafnvel þessir togarar, sem nú eru taldir úreltir, eru þrátt fyrir allt býsna fengsæl og stórvirk atvinnutæki. Árið 1964 var eitt hið versta aflaár íslenzkra togara. Þau 29 togskip, sem þá gengu á veiðar, fiskuðu þó þetta aflaleysisár um 65 þús. smálestir. Hver íslenzkur togari mun nú hafa um 30 manna áhöfn. Hver togarasjómaður skilaði því í land á árinu 1964 um 75 smálestum af fiski þetta aflaleysisár. Mun láta nærri, að gjaldeyrisverðmæti alls togaraaflans árið 1964 hafi numið 500 millj. kr. eða 575 þús. kr. á hvern togarasjómann.

Enda þótt íslenzkir togarar hafi nú um sinn siglt með nær allan aflann á erlendan markað, vegna þess að þeir hafa yfirleitt fengið þar gott verð, en fiskverð hér innanlands verið óheyrilega lágt, má ekki gleyma því, að oft hafa togararnir tryggt rekstur hinna stærri frystihúsa, bæði í Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri og raunar víða um land. Sá tími kemur vafalitið fyrr en varir, að við þyrftum mjög á sliku að halda að nýju. Verulegur hluti bátaflotans, þ. á m. öll stærstu skipin, er nú farinn að stunda síldveiðar mestallt árið. Það eru nú aðeins minni bátarnir, þeir sem á annað borð eru gerðir út, sem veiða fyrir hraðfrystihúsin, en hinir minni bátar eru að vonum mjög háðir fiskgengd á grunnmið, en hún reynist stundum nokkuð stopul.

Að mínum dómi bíða okkar tvenns konar verkefni í sambandi við íslenzka togaraútgerð og framtíð hennar. Hið fyrra er að leita allra tiltækra ráða til að bæta rekstur og afkomu þeirra togara, sem enn eru í eigu landsmanna. Með ýmsum aðgerðum ætti það að vera hægt að vissu marki. Hitt verkefnið, sem er þó enn þá brýnna, ef litið er til framtíðarinnar, er, að hafizt verði þegar handa um endurnýjun togaraflotans á grundvelli þeirrar tækni, sem nú er fyrir hendi, og nauðsynlegrar reynslu, en hún fæst langbezt með því, að byggð verði hið allra fyrsta t. d. 2 eða 3 skip í tilraunaskyni handa okkur Íslendingum. Um stærð þeirra togara og gerð yrði að sjálfsögðu að hlíta forsögn kunnáttumanna, erlendra og innlendra. Telja má líklegt og raunar fullvíst, að til þess að greiða fyrir þessu máli þurfi aðstoð hins opinbera að koma til, bæði að því er varðar aðild að smíðasamningi og útvegun lánsfjár. Hins vegar tel ég eðlilegt, að starfandi bæjarútgerðum og öðrum togarafélögum verði gefinn kostur á að eignast og reka hina nýju togara, þegar þar að kæmi.

Í þessu máli öllu er vitanlega margs að gæta, og nauðsynlegt er að kanna það sem bezt og frá sem flestum hliðum. Þess vegna er hér lagt til, að hv. Alþ. kjósi 7 manna n., er vinni að þessu máli, afli nauðsynlegra upplýsinga og standi síðan að tillögugerð um úrbætur og framkvæmdir. Skal n. hafa sem bezt samstarf við fulltrúa frá togaraeigendum og togarasjómönnum og afla þeirrar sérfræðilegrar aðstoðar, innanlands og utan, sem þurfa þykir.

Ég vænti þess, að till. þessi fái nú góðar undirtektir hér á hv. Alþ. Ég legg til, að henni verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 30. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 10. Sumarheimili kaupstaðabarna í sveit.

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um sumarheimili kaupstaðabarna í sveit** [48. mál] (A. 51).

Á 13., 17. og 25. fundi í Sþ., 24. nóv., 8. des. og 7. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 9. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

**Flm. (Einar Ágústsson):** Herra forseti. Á þskj. 51 hef ég ásamt hv. 3. þm. Vestf., Sigurvin Einarssyni, og hv. 5. þm. Norðurl. e., Ingvari Gíslasyni, leyft mér að bera fram þáltill. um, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að skipa 5 manna mþn. til þess að gera till. um stofnun sumarheimila í sveitum fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum. Tilefni þessa tillöguflutnings eru þær breytingar, sem orðið hafa á íslenzku þjóðlífi á síðustu áratugum.

Hér áður, þegar ég og minir jafnaldrar vorum að alast upp, var það og löngum áður háttur kaupstaðarbúa að koma börnum sínum í sumardvöl á sveitaheimilum. Slíkar sumardvalir voru mjög eftirsóttar og þóttu hollar og þroskavænlegar fyrir börnin. Á þennan hátt komust þau í

tengsl við náttúru landsins og lærðu að umgangast dýrin og kynntust framleiðslustörfum í sveitum, sjálfum sér til gagns og þroska og fólkinu í sveitunum yfirleitt til ánægju. Tengsli fólksins héldust og styrktust, þess, sem bjó í sveitunum, og hins, sem heima átti við sjávarsíðuna, og tilfinningin jókst fyrir því, að allir ættum við Íslendingar sameiginlega hagsmuni. Á þeim tíma, sem mér er minnisstæðastur í þessu sambandi, voru ástæður þannig, að sæmilegir möguleikar voru til þess í sveitunum að veita þessum sumardvalargestum viðtöku. Hlutföllin milli búsetu í sveitum og bæjum voru allt önnur þá en þau eru nú.

Núna er þetta allt saman gerbreytt, eins og allir vita. Möguleikar sveitaheimilanna til slíkrar starfsemi eru alveg hverfandi hjá því, sem áður var. Sveitaheimilum hefur farið fækkandi undanfarin ár, en auk þess hefur fólki á þeim heimilum, sem enn eru fyrir hendi, fækkað mjög, m. a. vegna aukinnar vélvæðingar í landbúnaðinum. Þar er því ekki lengur fyrir hendi sá vinnukraftur innan húss, sem nauðsynlegur er til að sinna þörfum aðkomubarna. Afleiðing þessa er auðvitað sú, að þeim börnum, sem eiga kost á sumardvöl í sveit, fer sífellt fækkandi.

En þörf kaupstaðarbarna er þó alls ekki minni en áður var. Þvert á móti vex hún auðvitað hröðum skrefum með auknum fólksflutningum til þéttbýlissvæðanna. Í Reykjavík einni eru nú búsett um 78 þús. manns, og á Faxaflóasvæðinu búa yfir 100 þús. manns, og víðar er þéttbýli en hér. Sveitabýli eru hins vegar um 5700 á öllu landinu. Þessar tölur sýna, hve langur vegur er frá því, að sveitaheimilin geti leyst allan þann vanda, sem hér er gerður að umtalsefni. Hér þurfa nýjar aðgerðir til að koma, ef kaupstaðarbörn eiga að fá að halda áfram að njóta sveitadvalar að sumrinu.

Ýmis félagasamtök í landinu hafa á virðingarverðan hátt leitazt við að bæta nokkuð úr þörfinni og orðið talsvert ágengt í því efni. Það er skylt að viðurkenna. Í þessu sambandi má t. d. nefna Kristilegt félag ungra manna og kvenna í Reykjavík. Þessi samtök hafa haldið uppi sumardvalarstarfsemi í Vatnaskógi og Vindáshlíð, og mörg börn héðan hafa notið dvalar á þessum stöðum. Þarna er þó aðeins um stuttan tíma að ræða fyrir hvert barn, ein og í mesta lagi tvær vikur. Þá má nefna Rauða krossinn og heimili hans að Laugarási, Silungapolli og víðar. Þjóðkirkjan hefur á síðari árum haldið uppi slíkri starfsemi og fleiri samtök, sem of langt yrði hér upp að telja. Alls eru þeir aðilar, sem Reykjavíkurborg t. d. hefur styrkt í þessu skyni, 9 talsins. Þessir 9 aðilar geta tekið á móti 980 börnum með 30 þús. dvalardaga, en aðrir aðilar, svo sem KFUM og þjóðkirkjan, sem ekki eru styrktir sérstaklega af Reykjavíkurborg, geta látið í té um 50 þús. dvalardaga.

Sameiginlegt öllum þessum heimilum er, að þar er enginn búskapur rekinn, en það teljum við flm. þessarar till. mikinn galla. Það er skoðun okkar, eins og fram kemur í till., að stefnt skuli að því, að á slíkum sumarheimilum hafi börnin viðfangsefni, er geti orðið þeim að sem mestum andlegum og líkamlegum þroska, þ. á m. ræktunarstörf, gæzla húsdýra og umgengni við þau, svo að eitthvað sé nefnt. Á þann hátt teljum við, að þessar sumardvalir verði líkari því, sem þær áður voru og við teljum að hafi reynzt vel, og þær hafi meira uppeldisgildi.

Þá þykir mér rétt að geta þess, að í Reykjavík hefur verið starfræktur undanfarin sumur vinnuskóli fyrir unglinga 12—15 ára, sem á s. l. ári tók á móti 542 unglingum til vinnu í takmarkaðan tíma. En í hverjum af þessum árgöngum, 12—15 ára, munu nú vera um 1600 ungmenni.

Hvort tveggja þetta, sem ég hef nú hér nefnt, vinnuskóli Reykjavíkurborgar og sumardvalarstaðir annarra aðila, er að sjálfsögðu góðra gjalda vert. En það leysir ekki nema að mjög takmörkuðu leyti það viðfangsefni, sem hér er við að fást.

Um ráðstafanir annarra sveitarfélaga en Reykjavíkur er mér minna kunnugt, en ég veit þó, að einnig þær eru víðast hvar ófullnægjandi. Af þessu leiðir auðvitað, að foreldrar í kaupstöðum og öðru þéttbýli hafa neyðzt til að koma börnum sínum til starfa á hinum almenna vinnumarkaði þann tíma, sem þau eru ekki í skóla, eða láta þau ganga iðjulaus og í hálfgerðum vandræðum með sjálf sig, en slíkt iðjuleysi er ungmennum áreiðanlega ekki hollt og getur leitt til óæskilegra hluta.

Að vísu er ég þeirrar skoðunar, að hæfileg vinna sé hverju ungmenni holl og margfalt betri en iðjuleysi. En því er þó ekki að neita, að barnavinna getur boðið margvíslegum hættum heim, og eru því miður dæmi þess, að börn hafa verið sett til þeirra starfa, sem ekki verða talin þeim hættulaus, hvorki andlega né líkamlega. Koma í hugann t. d. fregnir þær, sem birtust í Reykjavíkurblöðunum á s. l. sumri um barnavinnuna við Reykjavíkurhöfn og mörgum okkar eru eflaust enn í fersku minni.

Að áliti okkar flm. er hér um tvöfalda hættu að ræða: Annars vegar þá, að kaupstaðarbörn missa af þeim skóla, sem sveitin og sveitalífið hefur verið börnum landsins. Hins vegar ráðast þau til þeirra starfa við sjávarsíðuna, sem jafnvel geta orðið þeim viðsjárverð, eða þau hafa engin sérstök viðfangsefni við að fást, sem einnig er óæskilegt, eins og ég áðan sagði. Hér sýnist því vera verkefni, sem þarfnast úrlausnar.

Ég tel eðlilegt, að sú nefnd, sem skipuð verður, ef þessi till. verður samþ., hafi samráð við þá aðila, sem mest hafa að málum þessum unnið, og þess vegna eru í till. okkar nefndir þessir aðilar: borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórnir allra kaupstaða, sveitarstjórnir kauptúna, hreppa og barnaverndarráð. Vel má vera, að þessi upptalning sé ekki tæmandi, og kæmi þá til athugunar í þeirri nefnd, sem fengi málið til meðferðar, að bæta þar um, ef svo yrði talið.

Það er að sjálfsögðu mikið verkefni að koma upp nægilega mörgum dvalarheimilum í sveitum fyrir kaupstaðarbörn, þannig að viðhlítandi verði fyrir þessum málum séð, og lausn þess verður eflaust talsvert kostnaðarsöm. En hér er líka mikið í húfi. Við segjum oft, að æska landsins sé dýrmætasti þjóðarauðurinn, og ekkert verkefni er þá verðugra en það, sem stuðlar að auknum þroska æskunnar. Því verður að ætla, að skilningur allra, sem hér eiga hlut að máli, Alþingis, bæjar- og sveitastjórna og foreldra, á þessari þörf reynist svo mikill, að ekki verði horft í það,

þótt framkvæmdirnar kosti nokkurt fé, og þess vegna verði fljótlega hafizt handa í þessum efnum. En okkur flm. er ljóst, að málið þarf gaumgæfilegrar athugunar við og mikið veltur á því, að það sé skipulega að málinu unnið. Því er gert ráð fyrir því, að n. verði skipuð til tillögugerðar um málið og hún verði skipuð þannig, að ráðh. nefni 4 menn eftir tilnefningu þingflokkanna, en fimmta manninn skipi ráðh. án tilnefningar og verði sá formaður nefndarinnar.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að hafa lengri framsögu um þessa till., en ég legg til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 11. Vatnsrennsli í Tungulæk í Landbroti.

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:

**Till. til þál. um aðgerðir til þess að auka vatnsrennsli í Tungulæk í Landbroti** [54. mál] (A. 59).

Á 10. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 12., 13., 27. og 28. fundi í Sþ., 17. og 24. nóv., 16. og 23. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 12. Lækkun dráttarvaxta í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans.

Á deildafundum 8. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um lækkun dráttarvaxta í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans** [57. mál] (A. 64).

Á 10. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 13. og 17. fundi í Sþ., 24. nóv. og 8. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 9. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

**Flm. (Björn Pálsson):** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér þáltill. um lækkun dráttarvaxta í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans, sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að dráttarvextir í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans verði lækkaðir úr 1% á mánuði í ¾% á mánuði eða sem svarar 9% á ári.“

Í sjálfu sér þarf ég ekki að halda langa ræðu um þetta. Aðalatriðið er tekið fram í grg. í fáum orðum, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það í ræðu nákvæmlega.

Ég veit það vel, við vitum það þingmennirnir, að það er ekki ætlazt til þess, að við séum að skipta okkur af, hve háir vextir eru eða um gengisskráningu íslenzku krónunnar. Árið 1961 var þetta vald tekið af þinginu og falið Seðlabankanum eða raunverulega sennilega frekar ríkisstjórninni, því að ríkið á Seðlabankann. Ég skal raunar ekki fullyrða um það, hvort bankastjórarnir ráða yfir ríkisstj. eða ríkisstj. yfir bankanum viðvíkjandi þessum atriðum eða hvort þar er um samkomulag að ræða, sem sennilega er nú. En staðreynd er, að það er ekki ætlazt til þess, að við skiptum okkur mikið af þeim hlutum. Það hafa legið frv. frammi undanfarin ár um að breyta þessu og breyta vöxtunum, færa þá yfir í svipað horf og þeir voru fyrir 1960, en það hefur ekki fengið afgreiðslu. Ég fer ekki heldur fram á það í þessari þáltill., að vöxtum af víxlum eða dráttarvöxtum af þeim verði breytt, heldur aðeins að dráttarvextir í stofnlánadeildinni og fiskveiðasjóðnum verði lækkaðir frá því, sem var 1960. Víxlavextir voru ákveðnir 12% 1960, síðar voru þeir lækkaðir um 3%, en um s. l. áramót eða eftir að þessi þáltill. var samin og lögð fram, þá voru þeir aftur hækkaðir um 1%, þannig að raunverulega hafa vextirnir ekki lækkað á víxlum nema sem svarar 2% frá 1960. Hins vegar hafa vextir af föstum lánum í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans staðið í stað, og dráttarvextir af þeim upphæðum hafa ekki lækkað neitt og eru 12% nú.

Nú er það þannig með fiskveiðasjóðinn, að það er tekið af öllum útflutningsvörum sjávarafurðanna á annað prósent, sem er lagt í þennan sjóð. Samt á ríkissjóður fiskveiðasjóðinn, þannig að sjómenn og útgerðarmenn og aðrir þeir, sem að þessari framleiðslu vinna, greiða þarna mikil gjöld. Það er því ekki óeðlilegt, að það sé tillit tekið til þess og að lán til fiskvinnslustöðva og skipa séu nokkru lægri en almenn lán, enda er það svo, en þegar vextir af víxlum voru lækkaðir, þá hefur alveg láðst að lækka þessa dráttarvexti.

Ef við athugum þetta mál af sanngirni, hljótum við að viðurkenna, að í flestum tilfellum eða nær öllum er þetta ekki af hirðuleysi, sem menn borga ekki vexti og afborganir af lánum sínum, heldur af getuleysi. Við vitum, að aðstaða útgerðarinnar er ákaflega misjöfn og breytileg, þannig að hún getur verið í þessum landsfjórðungnum erfið í ár, en hagstæð eftir 1—2 ár o. s. frv., og ég skal raunar viðurkenna það, að sá maður, sem stjórnar fiskveiðasjóði,

hefur skilning á þessum málum, en hann hefur sagt mér, að sér sé ekki heimilt annað en innheimta þessa dráttarvexti, og ég held það sé gert undantekningarlítið í fiskveiðasjóði. Það er miklu minna um vanskil hjá Búnaðarbankanum, stofnlánadeild hans. S. l. ár er mér sagt, að væri ekki nema í kringum milljón, sem væri vangreitt, og það væri í flestum tilfellum af jörðum, sem á einhvern hátt tilheyrðu ríkinu eða opinberum aðilum, en aftur mjög lítið um vanskil hjá einstökum bændum. Hins vegar voru í fiskveiðasjóði vanskilaskuldir ca. 130 millj. Ég veit, að þeir bátar, sem hafa stundað síldveiðar s. l. tvö ár og gengið vel, þeir eiga auðvelt með að standa í skilum. Hins vegar er nokkur hluti af síldveiðibátunum, sem hefur haft takmarkaðan afla, og hafa ýmsir þeirra lent í greiðsluörðugleikum, og svo eru það sérstaklega þeir bátar, sem stunda fiskveiðar, smábátarnir og fiskibátarnir, sem stunda línuveiðar, sem eiga erfitt uppdráttar. Reynt hefur verið að bæta úr þessu með ýmsum ráðum, m. a. með lánum til bátanna, sem ekki eru líkur til að verði endurgreidd.

Mín skoðun er sú, að það sé ekki rétt að leggja það miklar byrðar á menn, ef hægt er að komast hjá því, að þeir gefist upp. Lagnir hestamenn hlífast við að uppgefa hesta sína eða leggja það þungar byrðar á þá, að þeir leggist. Ég held, að þeir, sem eiga að stjórna fjármálum þjóðarinnar, þurfi líka að athuga það að leggja ekki byrðar á neina aðila það miklar, að þeir gefist alveg upp. Það segir gamalt máltæki, að guð hjálpi þeim, sem hjálpi sér sjálfir. Ég vil ekki taka það allt of bókstaflega, en staðreyndin er, að það verður margur til að rétta þeim hjálparhönd, sem reynir að bjarga sér sjálfur. En ef menn missa sjálfsbjargarviðleitnina, eru öll sund lokuð. Ég sé því ekki, að það sé viturlegt eða sanngjarnt, að fiskveiðasjóður eftir fyrirskipun Seðlabankans og Seðlabankinn vafalaust með samþykki ríkisstj. leggi það þungar byrðar á þá útvegsmenn, sem erfiðasta hafa aðstöðuna, að það skapi fullkomið vonleysi hjá þeim. Ég fer ekki fram á, að þessir vextir séu lækkaðir nema í 9% á ári, og það er þó 2½% hærri vextir en þeir fá af sínum föstu lánum, svo að þetta ætti ekki að skaða viðkomandi lánastofnun, síður en svo, þó að einhver dráttur yrði, en það mundi hvetja mennina til að reyna að greiða þetta, og aðalatriðið fyrir þessar stofnanir, fiskveiðasjóð og stofnlánadeildina, er það, að skuldir innheimtist, en ekki, að það séu innheimtir af þeim okurvextir.

Það hafa ýmis gjöld verið lögð á útvegsmenn síðari árin. Þeir, sem bezta hafa aðstöðuna, hafa getað greitt þetta, en hinir, sem lakari hafa aðstöðuna, eiga annaðhvort örðugt með það eða geta það alls ekki. Ég get nefnt sem dæmi launaskattinn, sem lagður var á í fyrra. Ég get nefnt, að orlof var hækkað um 1%. Enn þá eru útvegsmenn og önnur atvinnufyrirtæki í landinu pínd til að leggja í atvinnuleysistryggingasjóð, sem sópar af þjóðinni, bæjarfélögum, ríkissjóði og einstaklingum og fyrirtækjum, um 100 millj. á ári, sem virðist vera lagt fyrir að mestu eða öllu leyti. Þar við bætast tugmilljóna vextir, sem bætast við hann árlega, og þetta er eingöngu gert til að útvega fé til að lána út. Það vita allir menn, að það þarf ekki vegna atvinnuleysis, því að það er ekkert atvinnuleysi, og atvinnuleysistryggingasjóður er það mikill, að vextir af honum mundu miklu meir en nægja til að fyrirbyggja það, ef um verulegan atvinnuskort yrði að ræða, ef einhver landshluti þyrfti styrktar við. Það má kannske segja, að hver liður af þessu hafi ekki svo mikið að segja, en búið er að pína útgerðina þannig eða vissan hluta hennar vægast sagt, að ekkert er til að borga með, og þetta bætist svo ofan á. Það þarf peninga til að geta borgað þetta, þó að það séu ekki stórar upphæðir. Ég held, að það sé réttara að hafa byrðarnar ekki of þungar, svo að það þurfi ekki að hlutast til um að létta baggana, taka einhvern hluta af þeim, eins og gert er óbeint með þessum styrkjum og lánum, sem aldrei verða borguð, það sé bezt að reyna að hvetja menn til sjálfsbjargarviðleitni og reyna að stuðla að því, að menn komist af án þess að biðja um aðstoð.

Svo er eitt með þessa útgerðarmenn, að það er erfitt að fá greiðslurnar í mörgum tilfellum, og það sem meira er, að það er misjafnlega erfitt. Ég hef átt skipti við ýmsar fiskvinnslustöðvar, og þetta er ákaflega örðugt. Mér virðist t. d. um fiskafurðir, sem ég hef þurft að innheimta fyrir, að Austfirðingar og Vestmanneyingar hafi reynzt eiga auðveldast með að greiða, aftur þeir, sem hafa bein viðskipti við bankana hér, aðalbankana, þeir hafa átt erfiðara. Ég skal ekki fullyrða, í hverju þetta liggur, en ég er sannfærður um, að að einhverju liggur það í því, að það er meiri skilningur hjá útibússtjórunum á þörfum og kjörum atvinnurekendanna en hjá þessum herrum, sem sitja hér í aðalbönkunum í Reykjavík, þeir fá betri fyrirgreiðslu. Sannleikurinn er sá, að þeir, sem verka fisk og ekki eiga verulegt kapital til að leggja í það sjálfir, eru alltaf í vanskilum, þótt Seðlabankinn láni rúm 50% og viðbótarlán sé 15%. Í fyrsta lagi er mjög varlega áætlað útflutningsverðið, og þegar búið er að draga frá kostnað, er þetta ekki meira en 65%, sem menn fá lánað. Ef þessir menn eiga að standa í skilum, þurfa þeir að eiga 35% sjálfir. Í mörgum tilfellum eiga þeir það ekki og alls ekki þeir, sem eru að byrja. Gömul og gróin fyrirtæki, það getur skeð, að þau eigi það, en ekki byrjendur, þannig að þeir, sem gera út báta, en verka ekki fiskinn sjálfir, eiga í mörgum tilfellum mjög erfitt með að fá þetta greitt strax. Þetta veldur eðlilega því, að þeir eiga örðugt með að standa í skilum við lánastofnanirnar, þannig að í mörgum tilfellum eru vanskil af því, að það innheimtist ekki fyrir afurðirnar, sem bátarnir afla og leggja inn hjá fiskkaupendum eða verka sjálfir. Ég held því, að það hljóti allir að viðurkenna, að það sé bæði skynsamlegt og sanngjarnt að lækka þessa dráttarvexti í þessum lánastofnunum, sem eru að miklu leyti byggðar upp fyrir fé, sem tekið er af þeim mönnum, sem fá féð lánað.

Ég vil vænta þess, að ríkisstj. taki með skilningi á þessu máli og hlutist til um það við forráðamenn bankans, — ég veit hún getur

komið því fram, sem hún vill koma fram, við forráðamenn bankans, — að þessir dráttarvextir verði gerðir hóflegri en þeir eru nú, þannig að þeir skapi ekki algert vonleysi hjá þeim, sem af einhverjum ástæðum eiga erfitt með að greiða á réttum gjalddaga. Við höfum ekki önnur ráð, a. m. k. ekki þeir, sem ekki eru stuðningsmenn ríkisstj. og geta þess vegna ekki talað á þingflokksfundum hjá þeim flokkum, sem hafa ráðherra í ríkisstjórn, — við höfum ekki önnur ráð en að hreyfa þessu í þinginu, og ég vona, að þing og stjórn taki það til vinsamlegrar athugunar.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að þessari þáltill. verði vísað til fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 13. Endurskoðun skólalöggjafarinnar.

Á deildafundum 11. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um endurskoðun skólalöggjafarinnar** [62. mál] (A. 73).

Á 26. fundi í Sþ., 9. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 23. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

**Flm. (Páll Þorsteinsson):** Herra forseti. 7 þm. Framsfl. bera fram till. þessa til þál. um endurskoðun skólalöggjafarinnar, og mun ég af hálfu flm. gera grein fyrir till. með nokkrum orðum.

Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna n. til þess að annast í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld og kennarasamtökin endurskoðun á allri skólalöggjöf landsins nema löggjöf um Háskóla Íslands. Endurskoðunin miðist fyrst og fremst við, að samhæft verði hið opinbera fræðslustarf í almennum skólum og sérskólum aðkallandi þörfum þjóðlífsins á hverjum tíma og að allir fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu. Leita skal n. aðstoðar sérfræðinga eftir þörfum við endurskoðunina. N. kýs sér sjálf formann. Áliti og till. skili n. til Alþ., svo fljótt sem hún fær við komið. Kostnaður við störf n. greiðist úr ríkisstjóði."

Margir hafa látið þá skoðun í ljós að undanförnu, að tímabært sé og nauðsynlegt að taka skólalöggjöfina eða a. m. k. aðalþætti hennar til endurskoðunar. Þessi skoðun hefur komið fram bæði hér á hv. Alþ. og utan þings og ekki síst hjá mönnum, sem sérþekkingu hafa á uppeldis- og kennslumálum og kunnugir eru starfsháttum skólanna. Mörg félagasamtök hafa ályktað um þetta mál og yfirleitt á einn veg. Og nú er svo komið, að hæstv. ríkisstj. hefur sjálf tekið undir þetta. Í tilkynningu ríkisstj., sem hæstv. forsrh. flutti á Alþ. 13. okt. s. l., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðgerð er heildarendurskoðun á þeim þáttum skólalöggjafarinnar, sem ekki hafa verið endurskoðaðir á undanförnum árum, í þeim tilgangi að laga námsefni og skipulag skólanna að breyttum þjóðfélagsháttum, setja nýjar og einfaldari reglur um samskipti ríkis og sveitarfélaga um stofnun og rekstur skóla og endurskipuleggja yfirstjórn fræðslumálanna. Teknar verði upp skipulegar vísindalegar rannsóknir í skóla- og uppeldismálum. Samin verður framkvæmdaáætlun um skólabyggingar á næstu árum, og verður þar stefnt að því að fullnægja með skipulegum hætti þörf fyrir skólahúsnæði á öllum skólastigum."

Í þessari tilkynningu segir aðeins, hvað ráðgert er af hálfu ríkisstj. í þessum efnum. Um það er ekkert sagt, hvernig ríkisstj. hyggst láta framkvæma endurskoðunina, hver eigi að hafa þar forustu eða hverjir skuli leysa verkið af hendi.

Í till. okkar er kveðið svo á, að n., er Alþ. kýs hlutfallskosningu, skuli annast endurskoðunina og hafa um málið samráð við stjórnarvöld og kennarasamtökin. Leita skal nefndin aðstoðar *sérfræðinga eftir þörfum* við endurskoðunina, eins og kveðið er á í till. Skv. till. er Alþ. falin forusta um þetta mikilvæga mál og vandasama. Augljóst er, að það, sem kveðið er á um í þessari till., og það, sem ríkisstj. ráðgerir í þessum efnum, getur vel samrýmzt, þannig að heildarendurskoðun skólalöggjafarinnar verði tryggð með atbeina Alþ. og endurskoðunin framkvæmd á þann hátt, sem í till. þessari segir. Við flm. viljum því vænta aukins stuðnings Alþ. við þessa till.

Vissir þættir skólalöggjafarinnar eru orðnir gamlir. T. d. eru lög um fræðslumálastjórn 36 ára. Fyrir 11 árum var með lögum verksviði fræðslumálastjóra skipt og komið á fót stofnun fjármálaeftirlits skóla. Nú er yfirstjórn fræðslumála og undirbúningur fjárveitinga til skólaframkvæmda hjá menntmrn., fræðslumálaskrifstofu og fjármálaeftirliti skóla, en ekki fullt samræmi í löggjöfinni um þennan þátt mála. Hin almenna skólalöggjöf, þ. e. um skólakerfi og fræðsluskyldu, barnafræðslu, gagnfræðanám og menntaskóla, er senn tvítug. Á s. l. 20 árum hafa orðið örari breytingar á þjóðlífinu en nokkru sinni fyrr. Þéttbýli hefur stóraukizt, bæir stækkað og þar setzt að nær öll fólksfjölgunin. En strjálbýlið heldur varla sínum fólksfjölda og alls ekki í réttu hlutfalli við íbúatölu landsins í heild. Heimili í þéttbýlinu hafa ekki skilyrði til að veita jafnsterk uppeldisáhrif og sveitaheimilin gerðu, og heimavistarskólarnir í sveitum taka til sín börn og ungmenni af sveitaheimilunum, meðan námstíminn varir, og taka þar með í sínar hendur að miklu leyti það uppeldisstarf, sem sveitaheimilin önnuðust fyrr. Þetta er orðið óhjákvæmilegt og að ýmsu leyti hagkvæmt, enda er mikið leitað eftir fjárframlögum til að reisa heimavistarskóla. En þetta fyrirkomulag leggur skólunum ríka skyldu á herðar, og ríkisvaldið verður að búa þeim góð skilyrði til að rækja þær skyldur.

Síðan hin almenna skólalöggjöf, er nú gildir, var sett, hefur orðið gerbreyting á atvinnuhátt-

um þjóðarinnar. Vélvæðing ryður sér til rúms í nær öllum atvinnugreinum. Þetta gildir ekki einungis gagnvart aðalatvinnuvegum þjóðarinnar og við stórar framkvæmdir. Breytingin nær einnig til margs konar iðnaðar, og notkun véla við skrifstofustörf og hvers konar skýrslugerð ryður sér ört til rúms. Þessi öra breyting á atvinnuháttum og vinnubrögðum knýr á um endurskoðun skólalöggjafarinnar, ef þess er nægilega gætt, að fræðslukerfi landsins á hverjum tíma sé sem bezt samhæft þeim kröfum, sem gera verður með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta og nýrrar þekkingar á sviði uppeldis- og fræðslumála.

Fyrir flm. þessarar till. vakir, að endurskoðunin, sem framkvæma á samkv. henni, verði ekki einungis miðuð við barnafræðslustigið. Hún þarf að grípa inn á svið framhaldsmenntunar, bæði gagnfræðaskóla, menntaskóla og margra sérfræðiskóla, þar sem ekki sé einvörðungu fjallað um fjölda skólanna og stærð, heldur og um námsefni og kennsluhætti.

Menntaskólum þarf að fjölga, svo sem lög kveða á um. Námsefni og starfshætti þeirra þarf að endurskoða m. a. með tilliti til fjölbreyttari skiptingar í deildir.

Þá telja flm. ekki sízt nauðsynlegt að kanna rækilega og gera sér grein fyrir þörf þjóðfélagsins fyrir ýmsa sérfræðiskóla, svo sem í tækni og hagnýtum greinum, sem snerta atvinnuvegi landsins, og að athugað sé um skipan þeirra og stöðu innan fræðslukerfisins.

Á Norðurlöndum hafa lýðháskólar lengi starfað og þróazt samhliða samfelldu skólakerfi. Hér þarf í löggjöfinni að hafa rúm fyrir æskulýðsskóla, er geti starfað á svipuðum grundvelli og lýðháskólar gera í nágrannalöndunum.

Þegar gildandi skólalöggjöf var sett, var að ýmsu leyti lagt út á nýjar brautir í skólastarfi hér á landi. Nú er fengin svo löng reynsla af framkvæmd þeirrar skólalöggjafar, sem í gildi er, að af þeirri reynslu má margt læra. Við endurskoðun skólalöggjafarinnar ber að draga rökréttar ályktanir af fenginni reynslu, svo sem um gildi hins svonefnda landsprófs og framkvæmd þess, um það, við hvaða aldur nemenda á að miða skipti milli barnafræðslustigs og gagnfræðastigs, og fleira mætti nefna.

Lög um fræðslukerfi og skólaskyldu kveða að vísu á um skólaskyldu allra barna á aldrinum 7—15 ára. Frá því eru þó gerðar vissar undanteknir. Undanþáguákvæði laganna um framkvæmd skólaskyldu ber að líta á sem bráðabirgðaákvæði, sem nauðsynleg voru á sínum tíma og réttmætt að framkvæma um sinn. En nú eru fræðslukröfur vaxandi, en skilyrði til heimakennslu mjög erfið víðast hvar. Hins vegar er nú orðinn mikill aðstöðumunur til skólagöngu eftir því, hvort í hlut eiga dreifbýli eða kaupstaðir, þannig að stórlega hallar á sveitir og hinar smærri byggðir við sjávarsíðuna að þessu leyti. Það er staðreynd, að skólanám barna og unglinga víða í sveitum er enn í framkvæmd mun skemmra og námsgreinar þar oft fábreyttari en í kaupstöðum og hinum stærri kauptúnum. Vilja flm. sérstaklega benda á, að jöfnun þessa aðstöðumunar sækist allt of seint, þrátt fyrir það að gildandi skólalöggjöf er nú orðin tvítug.

Þá viljum við flm. sérstaklega benda á vaxandi erfiðleika unglinga í sveitum og þorpum til gagnfræðanáms og nauðsyn þess, flestu öðru fremur, að gera mjög verulegt átak í því skyni að ryðja þeim erfiðleikum úr vegi, einkum með því að fjölga héraðsskólum í landinu. Hver sýsla er að jafnaði sérstakt fræðsluhérað samkv. skólalöggjöfinni, og með gildandi lögum um gagnfræðanám var stefnt að því, að einn gagnfræðaskóli hið minnsta skyldi starfa í hverju fræðsluhéraði. Þrátt fyrir þetta hefur enginn héraðsskóli verið reistur hér á landi s. l. 16 ár. Aðsókn að þeim héraðsskólum, sem starfandi eru, hefur hin síðari ár verið svo mikil, að árlega hefur orðið að vísa fjölmörgum umsækjendum frá skólavist og í sumum héruðum verða vandamenn unglinga að hafa mörg útispjót um að fá skólavist þeim til handa, eftir að skyldunámi lýkur.

Samkv. gildandi lögum eiga skólar gagnfræðastigsins að greinast í tvær hliðstæðar deildir, verknámsdeild og bóknámsdeild. Barnapróf veitir rétt til inngöngu í hvora þessara deilda um sig. Enn vantar mikið á, að þetta sé þannig í framkvæmd, að barn, sem lýkur prófi, geti gengið til náms í verknámsdeild gagnfræðastigs, hvar sem er á landinu. Þetta þarf að endurskoða með tilliti til þess, að samræmi sé í löggjöf og framkvæmd.

Þeir, sem ræða skólamál, tala stundum um gamla og nýja skólann. Þetta getur táknað annars vegar skóla, er álítur markmið sín sígild og þeim verði aðeins náð eftir venjubundnum leiðum, sem skólinn hefur sjálfur markað, hins vegar skóla, er leggur mesta áherzlu á, að starfshættir séu í samræmi við atvinnulegar og félagslegar aðstæður í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Að mínum dómi er ekki rétt og naumast hægt að aðgreina þetta tvennt fullkomlega. Með menntuninni ber að efla persónulegan þroska og styrkja siðgæði þeirra, er hennar njóta. Þess á skólinn að gæta á öllum tímum.

Hin sérstæða íslenzka menning hefur varðveitzt og þróazt, frá því að byggð hófst hér á landi. Því þarf nú að gefa sérstakar gætur, að á þeim meiði myndist ekki brotalöm á tímum hinna hraðfleygu breytinga á atvinnuháttum og þjóðlífi. Við eigum að kosta kapps um að varðveita þjóðernið og efla þjóðlega menningu. Skólunum ber jafnan að leggja ríka áherzlu á þær greinar, sem eru séreign þjóðarinnar og sérkenna menningu hennar, hver skóli með því námsefni og aðferðum, er hæfir stöðu hans í skólakerfinu. En í skólakerfinu verður jafnframt að taka tillit til þess og í vaxandi mæli, að við lifum í samfélagi þjóða og verðum að standa á svipuðu stigi og þær þjóðir, sem okkur eru næstar, bæði efnahagslega og menningarlega, til þess að dragast ekki aftur úr öðrum. Þá þarf að auka kennslu í mörgum greinum, sem í eðli sínu eru alþjóðlegar. Við verðum að búa margt æskufólk vel undir það að tileinka sér og hagnýta nýja og aukna tæknikunnáttu til eflingar atvinnulífi þjóðarinnar. Ef gáfur hvers og eins fá að njóta sín sem bezt í námi og starfi, verður í senn tryggð farsæld einstaklingsins og efling þjóðlífsins.

Eðlilegt er og sjálfsagt að dómi okkar flm. þessarar till. að hv. Alþ. hafi sjálft forustu um framkvæmd þessa vandasama og mikilvæga máls, eins og hér er lagt til. Þetta mál var borið fram

á síðasta Alþ. og till. um þetta efni þá vísað til hv. fjvn. Fjvn. skilaði álitum um málið hinn 5. maí 1965, eða fáum dögum fyrir þingslit, svo að það vannst ekki tími til þess á síðasta þingi að afgreiða þetta mál endanlega. Þess vegna er málið nú flutt hér að nýju.

Fjvn. tók í sjálfu sér vel undir þessa till. og viðurkenndi nauðsyn þess, að endurskoðun sú, sem hér um ræðir, yrði látin fara fram. Það kemur glöggt fram í nál. Þó að n. ætti ekki samstöðu um niðurstöðuna, kemur þetta fram í báðum nál. eða álitum beggja hluta n. Þar kemur það einnig fram, að fjvn. hafi í fyrra sent þessa till. til umsagnar og fengið svör frá fræðslumálastjóra, fjármálaeftirlitsmanni skóla, rektor menntaskólans á Akureyri, skólameistara menntaskólans á Laugavatni og Sambandi ísl. barnakennara. Og í nál. kemur það enn fremur fram, að þeir aðilar, sem n. leitaði álits hjá, taka allir undir nauðsyn þess, að skólakerfið sé rannsakað gaumgæfilega, og sumir mæla ákveðið með samþykkt till., eins og hún liggur fyrir. Og enn fremur segir í nál.:

„Ekki verður séð, að neinn grundvallarskoðanamunur sé milli tillögumanna og umsagnaraðila. Rauði þráðurinn í umsögnum þeim, sem borizt hafa, er sá, að samræmd athugun á skólakerfinu þurfi að fara fram.“

Ég mun nú ekki, nema tilefni gefist, hafa öllu fleiri orð um þessa till., vænti þess, að málið liggi skýrt fyrir hv. þm., og ég tel eðlilegt, að sú n., sem kannaði þetta mál í fyrra, fái það enn til athugunar. En vegna þeirrar athugunar, sem þá var gerð, verð ég að vænta þess, að n. geti nú á skömmum tíma tekið afstöðu til málsins. Ég legg því til, herra forseti, að þegar þessari umr. lýkur, verði till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 14. Verkefna- og tekjustofnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga.

Á deildafundum 22. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um endurskoðun á reglum um verkefna- og tekjustofnaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna** [74. mál] (A. 90).

Á 26. fundi í Sþ., 9. febr., var till. tekin til fyrri umr.

**Flm. (Karl Kristjánsson)**: Herra forseti. Rétt er að segja, að ríkið og sveitarfélögin séu þjóðfélagið, þótt skilgreina megi þetta vitanlega margvíslega. Enginn þjóðfélagsþegn getur staðið utan þessara stofnana. Frá þeim fær hver maður sinn þjóðfélagslega stuðning, og til þeirra innir hann, beint og óbeint, þegnskyldur sínar. Alþingi ákveður með löggjöf starfssvið sveitarfélaganna og rétt þeirra til gjaldheimtu. Sú löggjöf gildir auðvitað, eins og önnur löggjöf, milli þess að hún er endurskoðuð. Sveitarstjórnirnar eru bundnar af þessari löggjöf. Þær geta ekki breytt henni, hve mjög sem hún kann að vera þeim óhentug oft og einatt, einni eða fleirum.

Alþingi gegnir sams konar hlutverki fyrir ríkið og sveitarstjórn fyrir sveitarfélag að því er fjármálin snertir. Sá er þó hinn mikli munur þar á, að Alþ. hefur vald til að setja lög um meiri gjaldheimtu handa ríkissjóði, hvenær sem að kallar, og einnig vald til að létta af ríkissjóði útgjöldum, ef svo horfir við.

Mörg eru þau tilkostnaðarverkefni þjóðfélagsins, sem með lögum hefur verið ákveðið, að skipt skuli vera til útgjalda milli ríkisins og sveitarfélaganna. Enn fremur fá sveitarfélögin seinustu árin dálitla hlutdeild í söluskatti, sem ríkið innheimtir. Þannig eru fjármál ríkisins og sveitarfélaganna samanfléttuð. En valdið um þau efni er hjá Alþingi.

Um skeið hafa verið svo miklir breytingartímar í þjóðfélaginu á flestum sviðum, að það er sárafátt þar, sem ekki hefur meira og minna raskazt. Þjóðfélagið gerir miklu meira fyrir þegna sína en áður var og á margvíslegri hátt en áður var. Um leið þarf auðvitað meira að gjalda til þjóðfélagsins. Hinum öru breytingum er samfara sú hætta, að hlutföll raskist og verði röng, þótt réttlát kunni að hafa verið, í þátttöku ríkis og sveitarfélaga í samfélagsmálunum: kostnaðarskiptingunni, tekjustofnaskiptingunni, jafnvel stjórnunarskiptingu við sameiginlegar framkvæmdir þessara aðila.

Það er skoðun mín, sem byggð er á nokkurri reynslu, er ég hef fengið af því að eiga sæti á Alþingi og einnig í sveitarstjórnum, að þess sé alls ekki gætt oft og einatt, eftir því sem þyrfti, við eina og aðra lagasetningu á Alþ., hvaða áhrif hún kann að hafa á hag sveitarfélaganna. Látið er sitja fyrir að sjá ríkissjóði farborða. Þetta er kannske eðlilegt eftir atvikum. Lögin eru stundum sett af skyndingu vegna þjóðfélagsframkvæmda, sem kalla snögglega að. En þetta hlýtur að leiða af sér, að Alþ. verður við og við að taka til sérstakrar athugunar, hvernig staða sveitarfélaganna er í heildinni.

Enginn vafi er á því, að þvílík athugun er nú bráðnauðsynleg eftir gjörbreytingar þær, sem átt hafa sér stað í skipun mála og tilkostnaði. Þess vegna er það, að tímanlega í nóv. s. l. lögðum við 5 þm. fram á Alþ. á þskj. 90 till. til þál. um endurskoðun á reglum um verkefna- og tekjustofnaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna. Till. þessi, sem hér er nú til umr., hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa 6 manna n. til að endurskoða núgildandi reglur um verkefnaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna, svo og í því sambandi tekjustofnaskiptinguna, eins og hún nú er orðin milli þessara aðila. Þingflokkarnir tilnefni 4 nm., sinn manninn hver, Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn manninn í n., ríkisstj. skipi sjötta

manninn án tilnefningar og verði hann formaður n. Nefndin skili áliti og till. svo fljótt sem hún telur sig geta. Kostnaður við störf n. greiðist úr ríkissjóði."

Sönnun þess, að till. þessi var tímabær frá sjónarmiði sveitarstjórnarmanna í landinu, kom brátt í ljós. Dagana 22.—24. nóv. var haldin hér í Reykjavík ráðstefna um fjármál sveitarfélaganna. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga gekkst fyrir ráðstefnunni, en aðilar að henni voru líka félmrn., fjmrn., Hagstofa Íslands og Efnahagsstofnunin. Á ráðstefnunni mættu fulltrúar úr Reykjavík og öllum bæjarfélögum landsins, einnig fulltrúar frá milli 50 og 60 hreppum. Á fyrsta fundi ráðstefnunnar flutti hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson, mjög fróðlegt erindi um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Í upphafi máls sins sagði hæstv. fjmrh. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi viðskipti eru svo fjölþætt og umfangsmikil, að nauðsynlegt er í senn að gera sér grein fyrir eðli þeirra, hversu sakir standa í þeim viðskiptum og hvort ástæða sé til að haga þeim með einhverjum öðrum hætti."

Þetta fróðlega erindi fjmrh. hefur nú verið prentað og gefið út í tímariti Sambands ísl. sveitarfélaga, Sveitarstjórnarmálum. Í erindinu er yfirlit um þá málaflokka, sem ríki og sveitarfélög hafa fjárhagslega samvinnu í. Sú skýrsla er ekki alveg tæmandi, en þó ýtarleg, og hvergi nema þar mun slíkt yfirlit vera til um sameiginleg kostnaðarmálefni ríkisins og sveitarfélaganna. Af því að þessi skýrsla felur í sér sterkan rökstuðning fyrir þeirri till., sem ég er að gera grein fyrir, og sýnir, hve hér er um geysilega margþætt samband að ræða, fjárhagslegt samband milli sveitarfélaga og ríkisins, vil ég leyfa mér að lesa útdrátt úr skýrslunni, með leyfi hæstv. ráðherra. Útdrátturinn er mikil stytting skýrslunnar, en ég ætlast til, að tryggt sé, að hann sé efnislega réttur, því að hann var gerður fyrir mig á skrifstofu Sambands ísl. sveitarfélaga.

Fyrst eru það skólamál:

a) Byggingarkostnaður. Ríkissjóður greiðir 50% stofnkostnaðar við heimangönguskóla barnafræðslustigs og gagnfræðastigs og 50% stofnkostnaðar iðnskóla. Ríkissjóður greiðir 75% stofnkostnaðar við heimavistarskóla barnafræðslustigs og gagnfræðastigs, 75% stofnkostnaðar húsmæðraskóla og 75% stofnkostnaðar skólastjóra- og kennarabústaða. Með l. frá 1962 yfirtók ríkissjóður alla héraðsskólana nema einn.

b) Rekstrarkostnaður: Ríkissjóður greiðir 25% rekstrarkostnaðar við skóla barnafræðslustigsins, 50% rekstrarkostnaðar gagnfræðaskóla, iðnskóla og húsmæðraskóla og rekstrarkostnað héraðsskólanna allra nema eins að öllu leyti.

Kennaralaunin: Ríkissjóður greiðir 92—93% af launum kennara við barnafræðslustigið, en laun við gagnfræðaskóla, iðnskóla og húsmæðraskóla að öllu leyti.

Tónlistarskólar: Ríkissjóður greiðir ⅓ hluta rekstrarkostnaðar, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans.

Almenningsbókasöfn: Ríkissjóður greiðir að jafnaði allt að því 50% rekstrarkostnaðar eftir nánari ákvæðum l. frá 1963, framlag til stofnkostnaðar skv. fjárveitingu hverju sinni.

Leiklistarstarfsemi: Ríkissjóður styrkir leiklistarstarfsemi gegn jafnháum framlögum frá viðkomandi sveitarfélagi.

Félagsheimili: Félagsheimilasjóður greiðir 40% af stofnkostnaði félagsheimila, sem fá tekjur af skemmtanaskatti.

Íþróttamannvirki: Íþróttasjóður greiðir 40% af stofnkostnaði íþróttamannvirkja, íþróttahúsa, sundlauga og íþróttavalla.

Hafnarmál: Ríkissjóður greiðir 50% af stofnkostnaði við smáhafnir, sem kosta innan við 1,6 millj. kr., en 40% af stofnkostnaði við aðrar hafnargerðir. Auk ríkisframlags fá sveitarstjórnir fyrirgreiðslu í formi ríkisábyrgðar á þeirra hluta.

Vegagerð: Ráðstöfunarfé sýsluvegasjóða var stóraukið við breytingu á vegalögum árið 1963. Ríkisframlag til sýsluvegasjóða skal eigi vera lægra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan. Til gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum með meira en 300 íbúa er varið 12½% af heildartekjum vegamála.

Heilbrigðismál: Með sjúkrahúsalögum frá 1964 var ákveðið, að ríkissjóður greiddi 60% af byggingarkostnaði sjúkrahúsa sveitarfélaga. Áður voru greiddir ⅝ hlutar eða ⅔ hlutar eftir stærð sveitarfélagsins. Með l. 1964 var ákveðið, að styrkurinn skyldi greiðast á 8 árum til stærri sjúkrahúsa og 5 árum til minni sjúkrahúsa. Ríkissjóður greiðir ⅓ hluta rekstrarkostnaðar heilsuverndarstöðva og að fullu laun fastra lækna slíkra stöðva, einnig ⅔ hluta af launum ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaðar.

Löggæzlumál: Ríkissjóður greiðir skv. l. frá 1963 helming kostnaðar við lögreglu sveitar og sýslufélaga skv. nánari ákvæðum laga.

Vinnumiðlun: Ríkissjóður greiðir ⅓ hluta kostnaðar við vinnumiðlun.

Heimilishjálp: Ríkissjóður greiðir ⅓ hluta af halla, sem verður á heimilishjálp.

Skipulagsmál: Ríkissjóður greiðir skv. skipulagslögum helming kostnaðar við gerð skipulagsuppdrátta.

Vatnsveitur: Ríkissjóður greiðir 50% af stofnkostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir.

Elliheimili: Ríkissjóður greiðir byggingarstyrki til elliheimila og veitir auk þess einnig aðstoð við rekstur barnadvalarheimila, dagheimila og vistheimila fyrir börn, gegn jafnháu framlagi annars staðar frá. Hluti af tekjum happdrættis DAS rennur til stuðnings íbúða fyrir aldrað fólk í sveitarfélögum.

Bjargráðasjóður: Ríkissjóður greiðir 5 kr. á íbúa móti sveitarfélögum til bjargráðasjóðs, en frv. liggur fyrir Alþ. um hækkun á framlaginu upp í 10 kr. á íbúa.

Verkamannabústaðir: Ríkissjóður greiðir jafnháa upphæð og sveitarfélög til byggingarsjóðs verkamanna, eftir ákvörðun sveitarstjórna 40—60 kr. á íbúa.

Heilsuspillandi húsnæði: Ríkissjóður lánar í þessu skyni jafnháa fjárhæð og sveitarfélag leggur fram.

Landakaup: Ríkissjóður leggur fram árlega 3 millj. kr. og lánar sveitarfélögum til kaupa á löndum allt að 60% kostnaðarverði.

Raforkumál: Landsvirkjun er vísir að samvinnu um þessi mál.

Jarðhitaleit: Jarðhitasjóður lánar helming af kostnaði við jarðboranir í leit að jarðhita.

Enn fremur má nefna utan skýrslunnar, sem ég gat um áðan: lög um eyðingu refa og minka, lög um rottueyðingu, lög um eyðingu svartbaks og ýmiss konar löggjöf um landbúnaðarmálin í dreifbýlishreppum. Lög um almannavarnir mætti enn fremur nefna og svo almannatryggingar og atvinnuleysistryggingar, sem báðir aðilar, ríkið og sveitarfélögin, taka þátt í.

Ég vænti þess, að hv. þm. sjái, að um tímabært mál er að ræða. Það er tímabært að láta allsherjarathugun fara fram á hinni fjölþættu verkefnaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna og þá um leið einnig á því, hvort tekjustofnaskiptingin er við hæfi og í samræmi við útgjaldaskiptinguna. Athugunina á auðvitað að miða við það fyrst og fremst, hvort skiptingin í hverju tilfelli er réttlát og sanngjörn, en einnig við það, hvort skiptingin er hagkvæm þjóðfélagslega í framkvæmd, og loks, hvort sveitarfélögin hafi, þegar á allt er litið, eins og nú er komið, eðlilegt sjálfstæði í ráðstöfun þess fjár, sem þau leggja á og innheimta. Ýmsir efast um, að svo sé. Þetta allt eru mikilsverð grundvallaratriði fyrir þjóðfélagið og sízt of miklu til kostað, þótt nefnd geri sérstakar athuganir á þessu.

Ráðstefna sveitarfélaganna, sem ég vitnaði til áðan að haldin hefði verið hér í Reykjavík 22.—24. nóv. s. l., samþykkti að fela stjórn sveitarfélagasambandsins að beita sér fyrir því við ríkisstj., að komið verði á fót samvinnunefnd ríkis og sveitarfélaga, er endurskoði löggjöf varðandi greiðslur vegna sameiginlegra verkefna þessara aðila. Með þessari samþykkt tel ég, að ráðstefnan hafi tekið undir við okkur, sem höfðum þá þegar flutt þessa till. Ég tel eðlilegast, að Alþ. skipi þessa samvinnunefnd ríkisins og sveitarfélaganna, eins og þáltill. gerir ráð fyrir. Ég tel við eiga, að hver þingflokkur velji einn mann í n. Með þeirri skipan eru mestar líkur til, að þær till., sem samkomulag verður um í n., verði samþ. á Alþ. Samband sveitarfélaganna á að leggja til einn mann í n., og ríkisstj. skipar einn mann án tilnefningar og verði hann formaður n. Með slíku fyrirkomulagi á fulltrúavali í n. virðist mér eðlilega til samvinnu stofnað um athugun þessara fjölþættu málefna.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. vil ég leyfa mér að leggja til, að till. verði vísað til síðari umr. og til hv. fjvn., þar sem hér er um fjárhagsmálefni að ræða.

**Fjmrh. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að fara að gera hér aths. við ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e., enda situr það sízt á mér, af því að allmikið af því, sem hann sagði, tók hann upp úr ræðu, sem ég hafði flutt á þingi sveitarfélaga eða ráðstefnu þeirra, og að öðru leyti það, sem hann hafði til þessara mála að leggja og rökstuddi sína till. með, get ég fullkomlega tekið undir, enda er hann manna kunnugastur málefnum sveitarfélaga og hefur þar lengi verið í forsvari. Ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er aðeins til þess að gera grein fyrir því, hvað gerzt hefur í þessum málum.

Hann vék að því, að þing það, sem hann minntist á, eða ráðstefna sveitarfélaganna um fjárhagsmál þeirra, hefði tekið undir þá þáltill., sem þeir hv. þm. Framsfl. nokkrir hafa hér flutt og er hér til umr., og má segja, að það sé rétt og satt. En ég vil þó, vegna þess að hann vitnaði í ræðu mína, sem flutt var að morgni þess dags, sem þessari þáltill. var útbýtt í Alþ., taka það skýrt fram, svo að það valdi ekki misskilningi, að ég er ekki með því að halda fram, að þeir hafi ekki haft alveg sína sjálfstæðu skoðun um það mál, en hafi ekki sótt neina vizku til mín um það. En þó vildi svo til, að í þessari sömu ræðu, sem hv. þm. vitnaði í, komst ég svo að orði, með leyfi hæstv. forseta, eftir að hafa vikið að þeim samskiptum, sem hv. þm. hér alveg réttilega gerði grein fyrir:

„Sú spurning hlýtur að sjálfsögðu að vakna, hvort þessi hlutverkaskipting sé eðlileg, bæði að því er greiðsluhlutfall snertir og þá eigi síður hitt, hvort ekki gæti verið heppilegra, að samaðild þessi væri á færri sviðum, þannig að annar hvor þessara aðila tæki að sér að öllu leyti að greiða kostnað við vissa þjónustu eða framkvæmdir og hinn aðilinn við aðrar. Hef ég heyrt raddir um þetta efni frá ýmsum sveitarstjórnarmönnum, og er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til að hafa forgöngu um athugun þessa máls í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga, ef forráðamenn sambandsins óska eftir því. Getur raunar verið, að af ríkisins hálfu verði talið nauðsynlegt að athuga ýmsa þætti þessara mála, en ég tel æskilegt, að sú athugun sé í náinni samvinnu við sveitarfélögin."

Sveitarfélagaþingið gerði síðan þá ályktun, sem hv. þm. hér réttilega vitnaði til, og í framhaldi af þeirri ályktun og með hliðsjón af því, sem ég hafði lýst í minni ræðu, fól ég tveimur embættismönnum, annars vegar úr fjmrn. og hins vegar úr félmrn., að hefja viðræður við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga til þess að kanna nánar hugmyndir sambandsstjórnarinnar og skoða það, hvaða leiðir kæmu helzt til greina í þessum efnum.

Ég hygg sannast sagna, að af hvorugum aðilanna, hvorki af hálfu ríkisins né af hálfu sveitarfélaganna, hafi það verið hugsað nákvæmlega niður í kjölinn, hvernig hagkvæmast væri að koma þessu fyrir, og það var þess vegna mjög æskilegt að taka viðræður upp á því stigi, að þetta væri kannað af hálfu rn. annars vegar og sveitarfélagasambandsins hins vegar.

Þetta vildi ég aðeins upplýsa, áður en þessi till. er tekin til meðferðar í n., og teldi mjög æskilegt, að till. yrði rædd, sem ég geri ráð fyrir raunar, að n. muni gera, við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, því að ég er ekki alveg viss um á þessu stigi, áður en þessi mál eru rædd innan þessara samtaka, — og þar veit ég m. a. að hv. 1. flm. hennar hefur góða aðstöðu til þess að koma sínum sjónarmiðum að, — er ég ekki viss um, hvort það væri æskilegt, að

Alþ. fastmótaði þau vinnubrögð, sem eftir yrði farið í þessum efnum. Ég tel það grundvallarþýðingu, að þarna sé lögð traust undirstaða að aðferð í vinnubrögðum, og ég er a. m. k. á þessu stigi ekki sannfærður um það, að þessi leið sé æskileg, þótt okkur greini alls ekki á um það, að rétt sé og nauðsynlegt, að athugun þessarar fjölþættu verkaskiptingar fari fram, m. a. til þess að gera sér grein fyrir, hvort hægt er að koma þessu fyrir með einfaldari hætti.

Þetta taldi ég rétt, herra forseti, aðeins að kæmi hér fram, til þess að menn vissu, að það hefur þegar hafizt athugun málsins, og það verður þá skoðað á grundvelli þess, sem þegar kann að hafa gerzt í því, hvort hyggilegt sé að velja þá leið, sem hér er lagt til, eða halda athuguninni áfram eitthvað fyrst um sinn á embættismannagrundvelli, ef svo má segja, eins og nú þegar hefur verið lagður, því að í það hafa af ríkisins hálfu verið settir þeir menn, sem fróðastir eru og færastir til þess og þekkja bezt til samskipta ríkis og sveitarfélaga.

**Flm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir góðar undirtektir hans, enda bjóst ég við þeim eftir að hafa hlýtt á hann á ráðstefnu sveitarfélaganna og ræðu hans þá, sem ég sá ástæðu til þess að vitna sérstaklega til. Mér þótti mjög vænt um það, að þetta kom fram þarna á ráðstefnunni, því að það fól í sér beinar undirtektir við þá till., sem ég hafði beitt mér fyrir að lögð var fram hér á Alþ., og sýndi það, að till. var rétt hugsuð.

Ég hafði aldrei búizt við því, að slík till. sem þessi færi gegnum Alþ. öðruvísi en hún væri send til umsagnar Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég hef jafnan beitt mér fyrir því hér á Alþ., þegar málefni hafa verið í nefndum, sem ég hef átt sæti í, sem snerta sveitarfélögin, að þau væru send til umsagnar stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Hins vegar hefur Alþ. ekki alltaf gætt þess að gera það, og um það kom fram kvörtun á margnefndri ráðstefnu, og sú kvörtun var talin á þeim rökum reist, að ráðstefnan sá ástæðu til þess að álykta um það atriði. Og ég vil nú að gefnu tilefni vekja athygli þingheims á þessari ályktun, en hún er, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Ráðstefna Sambands ísl. sveitarfélaga um fjármál sveitarfélaga, haldin í Reykjavík 22.—24. nóv. 1965, leggur áherzlu á, að öll frv., sem Alþ. fjallar um og sveitarfélögin varða, svo og frv. að reglugerðum, sem snerta málefni, er varða sveitarfélögin í heild, verði send Sambandi ísl. sveitarfélaga til umsagnar.“

Mér finnst alveg einboðið, að sú n., sem væntanlega fær till., sem hér er til umr., til meðferðar, leiti álits stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og ég tel ákaflega gott og heppilegt, að hæstv. fjmrh. hefur nú þegar gert gangskör að því að kveðja embættismenn til að kanna þessi mál. Mér finnst það vænlegt fyrir málefnið hér á Alþ. að geta fengið þá til ráðgjafar um afgreiðslu málsins. En hitt vil ég samt leggja áherzlu á að gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh., að ég tel, að skipun n. verði heppilegust þannig, að allir flokkar þingsins eigi þar fulltrúa. Ég tel það heppilegra en að nefndarstarfið og tillögugerðin í því sambandi verði gerð af embættismönnum ríkisins, — heppilegra að því leyti, að það tryggir málunum öruggari framgang, ef samkomulag fæst í n. milli fulltrúa stjórnmálaflokkanna og svo auðvitað annarra aðila, sem að málefninu vinna, og þá fyrst og fremst fulltrúa frá félmrn. og Sambandi ísl. sveitarfélaga. — Svo endurtek ég aftur þakkir mínar til fjmrh. fyrir undirtektir hans.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 15. Kaup lausafjár með afborgunarkjörum.

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um setningu laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum** [80. mál] (A. 100).

Á 14. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Ólafur Jóhannesson):** Herra forseti. Ég hef á þskj. 100 ásamt 4 þm. Reykn. leyft mér að flytja till. til þál. um undirbúning löggjafar um kaup lausafjár með afborgunarkjörum. Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja frv. til l. um kaup lausafjár með afborgunarkjörum og leggja það frv. síðan fyrir Alþ.“

Eins og í grg. þessarar till. segir, verður það stöðugt tíðara hér á landi, að lausafjárkaup fari fram með þeim hætti, að kaupandi gjaldi aðeins lítinn hluta umsamins kaupverðs við afhendingu, en greiði síðan eftirstöðvarnar með tilteknum afborgunum á tilteknum gjalddögum. Jafnframt er æ oftar svo um samið, að seljandi haldi eignarrétti sínum af hinum selda hlut, unz kaupverðið er að fullu greitt. Eru nú margvíslegir lausafjármunir seldir með þessum kjörum, eins og t. d. notaðar bifreiðar, húsgögn, heimilistæki, hljóðfæri, sjónvarpstæki og bækur, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Sjálfsagt hafa þessi samningskjör greitt fyrir viðskiptum og stuðlað að því, að menn eignuðust lausafjármuni, sem þeir ella hefðu orðið að vera án. Að því leyti til er ekki nema gott eitt um þessa söluaðferð að segja. En hinu ber ekki heldur að neita, að á þessum viðskiptaháttum geta verið ýmsir vankantar. Þá má misnota. Og eitt er víst, að við slík afborgunarkaup reynir á ýmis atriði, sem koma ekki til, þegar um er að ræða venjuleg lausafjárkaup. Ákvæði hinna almennu lausafjárkaupalaga eiga

því ekki að öllu leyti við um þessi afborgunarkaup.

Hér á landi hafa samt ekki verið sett nein sérstök lög um slík afborgunarkaup. Þvílík lög hafa hins vegar verið sett fyrir löngu í nágrannalöndum okkar og voru reyndar upphaflega sett þar um svipað leyti og lög um lausafjárkaup, í Svíþjóð 1915, Noregi 1916 og í Danmörku 1917. Þau lög voru undirbúin af norrænni samstarfsnefnd. Á þeim tíma hefur sennilega ekki þótt þörf á slíkum lagaákvæðum hér, því að afborgunarkaup munu þá lítið hafa tíðkazt hér á landi. Lög Norðurlandanna um afborgunarkaup voru endurskoðuð um það bil fyrir 15 árum. Íslandi var boðin þátttaka í þeirri lagasamvinnu eða lagaendurskoðun, en ekki var talið hægt að senda fulltrúa af Íslands hálfu þá, þótt því væri lýst yfir, að Ísland hefði mikinn áhuga á málinu. Þessi samnorræna samstarfsnefnd um þetta efni skilaði svo áliti í málinu 1950, og hin endurskoðuðu lagafrv. hafa síðan verið lögð til grundvallar nýrri lagasetningu á Norðurlöndum um þetta efni. Í Danmörku voru slík lög t. d. sett 11. júní 1954. En hér hafa enn ekki verið sett nein lög um þetta efni. Er það þó orðið mjög svo tímabært að dómi okkar flm., enda er fullvíst, að afborgunarkaup hafa færzt mjög í vöxt hér á landi á síðustu árum, eins og ég áðan sagði. Það er því orðin þörf á föstum reglum um þessa tegund lausafjárkaupa, því að vegna vöntunar á föstum reglum hefur komizt á ýmiss konar óvandi í sambandi við þessi kaup. Má þar m. a. nefna það, sem talsvert mun tíðkað, að kaupendur eru ekki aðeins látnir skrifa undir afborgunarsamning með eignarréttarfyrirvara, heldur eru þeir einnig látnir gefa út sérstakan víxil fyrir hverri einni einustu afborgun. Af þessu geta óþægindi stafað fyrir kaupanda. Víxlarnir kunna að dreifast á fleiri hendur. Menn gleyma því kannske, þegar þeir greiða afborgun, að heimta þann sérstaka víxil til baka, og þetta er náttúrlega alger misnotkun á víxilforminu. Ég hygg, að dómstólar, t. d. hér í Reykjavík, kannist talsvert við mál af þessum toga spunnin. Ég held þess vegna, að það sé tímabært að láta athuga þessi mál og setja löggjöf um þetta efni.

Í þessu sambandi má geta þess, að fyrir 2—3 árum var hér á hv. Alþ. í sambandi við áskorun til ríkisstj. um það að láta endurskoða veðlög samþykkt, að jafnframt skyldu endurskoðaðar reglur um sölu muna með eignarréttarfyrirvara. Mér er ekki kunnugt um, að það hafi komið fram neinar till. af hálfu ríkisstj. samt um setningu reglna um sölu með eignarréttarfyrirvara, enda vafasamt að blanda því saman við endurskoðun veðlaga. Þess vegna er full ástæða til þess að samþykkja þessa till. nú.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að æskja þess, að till. þessari verði vísað til allshn. til athugunar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 16. Embættisbústaðir.

Á 14. fundi í Sþ., 30. nóv., var útbýtt:

**Till. til þál. um embættisbústaði** [84. mál] (A. 114).

Á 17. fundi í Sþ., 8. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 23. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

**Flm. (Björn Jónsson):** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 114 till. um embættisbústaði. Efni till. er það, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþ. löggjöf um embættisbústaði og sé sá undirbúningur miðaður við það að endurskoða og samræma gildandi lagafyrirmæli, reglur og venjur varðandi skyldur ríkisins til þess að sjá embættismönnum fyrir bústöðum, jafnframt því sem haft sé í huga að koma í veg fyrir óþörf útgjöld vegna bygginga, kaupa og viðhalds á embættisbústöðum, en leitazt hins vegar við að leysa með viðunandi hætti þau húsnæðismál ríkisstarfsmanna, sem nauðsynlegt verður talið að hið opinbera hafi með höndum.

Það verður að telja hafið yfir vafa, að það sé óhjákvæmilegt, að ríkið hafi nokkur afskipti af húsnæðismálum sumra starfsmanna sinna, sérstaklega þar sem svo háttar til, að störf hlutaðeigandi manna eru staðbundin í dreifbýli og útilokað af þeim sökum, að þess verði krafizt af viðkomandi embættismanni, að hann sjái sér sjálfur fyrir bústað, meðan hann gegnir starfi sínu. En allt öðru máli virðist gegna um þá, sem hafa embætti í fjölbýlinu, þar sem aðstaða opinberra starfsmanna og sýslunarmanna að þessu leyti er algerlega sambærileg við aðstöðu þeirra, sem vinna í þjónustu einkaaðila, og í raun og veru engar frambærilegar ástæður fyrir hendi til þess, að þeir njóti sérstakra forréttinda umfram aðra að þessu leyti. Í reyndinni virðist það hafa verið hendingu háð, hvort þessi mikli aðstöðumunur hefur verið metinn að nokkru leyti. Þannig virðist sem heilar starfsstéttir í fjölbýlinu og þ. á m. hér í höfuðstaðnum eigi sama rétt til þess, að þeim sé séð fyrir embættisbústöðum, eins og stéttarbræður þeirra í afskekktustu héruðum í landinu, þar sem þessi hlunnindi eru vafalaust nauðsyn og réttlætismál. Svo að dæmi sé tekið, er það svo t. d., að héraðsdómarar, sem flestir eru búsettir í fjölbýlinu, njóta á þessu sviði forréttinda, sem virðast ekki hafa við að styðjast mikla nauðsyn eða eðlilegar forsendur. Og í skjóli þeirra laga, sem um þessi forréttindi þeirra gilda, hefur verið eytt milljónum eða öllu heldur milljónatugum af almannafé að ástæðulausu og jafnvel gengið svo langt, að það hafa verið keyptir bústaðir fyrir slíkar fjárupphæðir, að það getur ekki flokkazt undir annað en hreint hneyksli. Er þar skemmst að minnast t. d. kaup-

anna á embættisbústað fyrir bæjarfógetann í Hafnarfirði og sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu á s. l. ári, en aðeins vextirnir af þeirri upphæð, sem sá bústaður var keyptur fyrir, munu nema verulega hærri upphæð en laun þess manns, sem embættið á að skipa.

Svo að fljótt sé yfir sögu farið og hér aðeins rakið eitt dæmi, má segja, að hvort tveggja sé það, að lagaákvæðin um bústaði embættismanna ríkisins eru sundurleit og án nokkurs rökrétts samræmis og framkvæmd þeirra oft og tíðum harla tilviljunarkennd, eins og mörg dæmi sanna, t. d. annars vegar um einstaka bústaði, sem varið hefur verið til millj. kr. fyrir einn og einn mann, og hins vegar um bústaði, sem vafalaust nauðsyn er á, en ekki svara til hóflegra nútímakrafna, sem til þeirra verður að gera. Í þessum efnum gætir augljóss öngþveitis, sem hvort tveggja hefur leitt til óþarfrar fjáreyðslu og einnig til stórfelldrar mismununar milli embættismanna innbyrðis. Á þessu þarf að ráða bót, og það er skoðun mín, að það verði naumast gert nema með allsherjarendurskoðun á þeim sundurleitu lögum, sem hér lúta að, og þessum málum öllum og endurmati á þeim reglum og venjum, sem í gildi hafa verið. Í því efni virðist eðlilegast, að hin sundurleitu lagafyrirmæli, sem um þessi efni gilda, væru öll numin úr gildi og sett ný heildarlög um þessi efni, eftir að nauðsynlegri athugun væri lokið. Við þá lagasetningu þyrfti að mínu viti að búa svo um hnútana, að sæmileg ráðdeild væri tryggð í framkvæmdum og tilkostnaði, en jafnframt gætt þess, að lögin stuðluðu að því að auðvelda rekstur embættismanna- og starfsmannakerfisins.

Ég verð að segja, að það verður að telja sennilegt samkv. fenginni reynslu, að bæði mætti losa verulegar fjárupphæðir, sem þegar hafa verið festar að nauðsynjalausu í embættisbústöðum í fjölbýlinu, og firra þannig ríkisstjóð frekari byrðum af þeim, og einnig leysa betur en áður og án aukinna útgjalda, jafnvel með samhliða sparnaði, þau húsnæðismál ríkisstarfsmanna, sem er talið réttmætt og nauðsynlegt að sinnt sé af opinberri hálfu. Þá verður að telja, að það væri til verulegra bóta, að allt eftirlit með embættisbústöðum og rekstri þeirra væri á einni hendi ákveðinnar ríkisstofnunar, en ekki á fjölmörgum höndum, eins og nú er, þ. e. a. s. á höndum ýmissa embættismanna, sem annaðhvort annast þau mál sem aðalstarf eða sem aukastarf, en hafa hins vegar engin sameiginleg fyrirmæli eða reglur til að fara eftir og sennilegast ekkert samstarf sín á milli, sem geti tryggt samræmi og aukna hagkvæmni í framkvæmd. Það skal viðurkennt, að ég hef hér ekki á reiðum höndum tölulegar upplýsingar um það, hvað þessi þáttur ríkisútgjalda er stór í sniðum. En sú takmarkaða — ég vil segja takmarkaða — vitneskja, sem um þetta fæst af ríkisreikningum og fjárl., bendir þó til þess, að hér sé um að ræða svo miklar upphæðir, sem vafalaust teljast í tugum millj. kr. á ári, að það sé fyllsta ástæða til að athuga gaumgæfilega þau atriði, sem þessi þáltill. fjallar um og ég hef hér stuttlega drepið á.

Að svo komnu sé ég ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða frekar um málið, en legg hins vegar til, að umr. verði frestað og málinu vísað til, — ég ætla, að samkv. efni málsins væri eðlilegt, að það færi til hv. fjvn.

**Fjmrh. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Í framsöguræðu minni við 1. umr. fjárl. í haust komst ég m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í löggjöf um ýmis embætti er gert ráð fyrir embættisbústöðum, en naumast er þó hægt að segja, að fullt samræmi sé í þeim reglum. Víða um landið, þar sem erfitt er um húsnæði eða torvelt að selja húseignir fullu verði, verður ekki hjá því komizt að hafa embættisbústaði. Hins vegar sýnist mér fráleitt að byggja embættisbústaði í höfuðborginni og öðrum þéttbýlissvæðum, þar sem verðgildi húsa er stöðugt. Er það hvorki til góðs ríkinu né viðkomandi embættismanni, og virðist eðlilegra á þeim stöðum að reyna að greiða fyrir því með lánsfé, að embættismennirnir geti sjálfir eignazt sitt húsnæði, enda er reyndin sú, að embættisbústaðir eru yfirleitt mjög dýrir í byggingu og það, sem einum hentar, hentar alls ekki þeim næsta. Fulltrúar úr þeim ráðuneytum, sem hinir ýmsu embættisbústaðir heyra undir, vinna nú að heildarathugun þessa máls.“

Þetta taldi ég rétt að kæmi hér fram með hliðsjón af þeirri till., sem hér liggur fyrir.

Ég er hv. flm. algerlega sammála um allar þær röksemdir, sem hann færði fyrir máli sínu. En með hliðsjón af því, að nú þegar er í gangi innan stjórnarráðsins heildarathugun á málinu, tel ég, að fullnægt sé í rauninni því, sem hann er að fara fram á með sinni till. Það hefur verið að þessu unnið nú um alllangt skeið, og ég vonast til þess, að innan ekki langs tíma liggi fyrir heildarniðurstöður um málið.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að það gilda margvísleg lagaákvæði um embættisbústaði þessa. Það eru að vísu ekki mjög háar fjárhæðir á hverju ári, sem fara til þessara bygginga, en samtals er hér orðið um mjög verulegar fjárhæðir að ræða, og það er mikill fjöldi húsa, sem er í eigu ríkisins sem embættisbústaðir ýmissa embættismanna hér og þar á landinu. Það hefur jafnframt komið í ljós við athugun á þessu máli, að það er mjög mikið ósamræmi í því, hvað bæði gildir um húsaleigu og margt annað í sambandi við þessa bústaði, og það verður ekki sagt, að það sé endilega víst eða eðlilegt, að þeir embættismenn, sem nú eiga lögum samkv. rétt á slíkum bústöðum, eigi fremur að fá þá heldur en ýmsir aðrir, þannig að það er alveg rétt, að heildarathugun þessa máls er hin brýnasta nauðsyn. Eins og hv. tillögumaður sagði í ræðu sinni áðan, geri ég naumast ráð fyrir því, að hjá því verði komizt, að ríkið eigi allmarga embættisbústaði hér og þar um landið, þar sem verðgildi húsa er með þeim hætti, að það getur verið miklum erfiðleikum bundið fyrir fráfarandi embættismann að selja sinn bústað. En í þéttbýlinu er þetta óeðlilegt og hvorugum aðila til góðs, að þessi tilhögun sé á höfð. Hins vegar kann að vera sanngjarnt að greiða fyrir embættismönnum ýmsum, eftir að það hefur verið metið, hvað eðlilegt er, og tekið tillit til samræmis í því efni, að hve miklu leyti embættismenn eigi að njóta slíkra hlunninda.

Það hefur lengi verið gagnrýnt og það með réttu, hvernig háttað er byggingu embættisbústaða, og þeir hafa í heildina tekið, hygg ég, orðið í flestum greinum mun dýrari en þær byggingar, sem einstaklingar hafa ráðizt í, og embættisbústaðirnir eru oft og tíðum mjög óhentugir fyrir embættismennina, þar sem þeir eru oft af þeirri stærð, sem alls ekki hentar einum, þó að það geti hafa verið hentugt fyrir annan. Það er ljóst, að að svo miklu leyti sem halda á áfram að byggja embættisbústaði, verður að leggja miklu meiri áherzlu á að reyna að byggja bústaði af „standard"-gerð, þannig að það fari ekki eftir nánast sagt duttlungum hverju sinni, hvers konar embættisbústaðir eru reistir hér eða þar.

Öll þessi atriði, sem ég hef hér nefnt, er ætlazt til að þessir fulltrúar rn., sem embættisbústaðirnir nú heyra undir, athugi og reyni að gera sér grein fyrir og geri síðan heildartill. um málið. Hvort það verður niðurstaðan að setja sameiginlega löggjöf um alla embættisbústaði eða ekki, skal ég ekki um segja. Það er of snemmt að fullyrða neitt um það. En öll þau sjónarmið, sem hv. flm. gerði grein fyrir, munu verða tekin til greina í sambandi við þessa athugun og eru innan þess starfsramma, sem þessum embættismönnum rn. hefur verið settur.

Ég vildi láta þetta koma fram hér, ekki til þess út af fyrir sig að draga úr gildi þeirrar till., sem hér er, af því að hún er ekki annað en staðfesting á því, að það séu útbreiddari skoðanir en kom fram í minni ræðu í haust, að hér sé um nauðsynjamál að ræða, og get ég ekki annað en fagnað því. Ég tel hins vegar, að málið sé nákvæmlega á þeim rekspöl og unnið á því sviði, sem till. gerir ráð fyrir, og sé komið það langt áleiðis, að þess megi vænta, að niðurstöður fáist innan ekki langs tíma.

**Flm. (Björn Jónsson):** Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni sérstakri yfir undirtektum hæstv. fjmrh. við þetta mál. Ég verð að viðurkenna, að ég hafði ekki veitt athygli svari hans í fjárlagaræðunni, og ég lýsi því yfir, að málið er ekki þannig vaxið frá minni hálfu, að ég hafi verið að grípa hans ágætu hugmynd, sem þar kom fram, heldur var till. mín algerlega sett fram án tillits til þess, enda hafði ég það ekki í huga og hafði ekki tekið eftir því, þegar hann hélt sína ræðu. En það er ekki það, sem skiptir máli. Hitt er ánægjuefni, að hæstv. ráðh. hefur komið auga á þetta og eftir því sem hann segir þegar gert nokkrar ráðstafanir til þess, að að málinu verði unnið á líkan hátt og hér er gert ráð fyrir.

Það er auðvitað matsatriði fyrir þá n., sem fær málið til umr., hvort hún telur þær ráðstafanir, sem hæstv. ráðh. hefur gert, nægja eða hvort hún telur betra, að málið hafi stuðning frá þinginu, sem mér sýndist alla vega vera sterkara fyrir hann og fyrir þá menn, sem að málinu vinna. Er sjálfsagt að athuga það. En hitt er auðvitað algert aðalatriði, hvernig að málinu verður unnið og það sé tekið raunhæfum tökum. Ég vil þó taka það fram og benda á það, að mín till. gerir ráð fyrir því, að sett verði heildarlöggjöf um þessi efni, og ég fæ ekki séð, hvernig sem að málinu verður unnið, ef veruleg breyting á að verða á skipun þessara mála, að það sé unnt að gera það öðruvísi heldur en lögum sé breytt og þau mörgu sundurleitu lagaákvæði, sem um þetta gilda, verði felld inn í einn lagabálk. En það er nægur tími til að ræða þetta frekar, þegar málið hefur fengið eðlilega afgreiðslu í n., og ég geymi mér það þangað til.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 17. Dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

Á 14. fundi í Sþ., 30. nóv., var útbýtt:

**Till til þál. um dvalarheimili fyrir aldrað fólk** [85. mál] (A. 121).

Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., var till. tekin til fyrri umr.

**Flm. (Ágúst Þorvaldsson):** Herra forseti. Till. til þál. um dvalarheimili fyrir aldrað fólk á þskj. 131 er flutt af mér og 4 öðrum hv. þm. Framsfl. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa till.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa 7 manna n. til að athuga og gera till. um, hvernig hagfelldast væri fyrir ríkið í félagi við Tryggingastofnun ríkisins, sveitarfélög og sýslufélög að koma upp á hentugum stöðum víðs vegar um land dvalarheimilum fyrir aldrað fólk. Skal n. þannig skipuð, að þingflokkarnir tilnefni sinn nm. hver, Tryggingastofnun ríkisins einn mann, Samband ísl. sveitarfélaga einn mann, 7. maðurinn skipi ríkisstj. án tilnefningar og verði hann formaður nefndarinnar. N. skal m. a. sérstaklega athuga möguleika á því, að hreppsfélög með aðstoð frá ríki og almannatryggingum geti látið byggja færanleg íbúðarhús, sem aldrað fólk, t. d. hjón í sveitum, geti fengið leigð til notkunar á þeim stað, er þau kjósa. Enn fremur skilyrði til, að sýslu- og bæjarfélög með aðstoð sömu aðila láti reisa dvalarheimilahverfi á jarðhitasvæðum til afnota fyrir aldrað fólk úr viðkomandi sýslu- eða bæjarfélögum. N. skili till. sínum til ríkisstj. Kostnaður við störf n. greiðist úr ríkissjóði."

Í grg. með þessari þáltill. er rökstutt efni hennar, og þess vegna mun ég aðeins með örfáum orðum rifja upp það helzta af því.

Meðalaldur manna hefur lengst mjög mikið hina síðustu áratugi hér á landi, eins og kunnugt er. Íslenzka þjóðin er svo lánsöm, að nú er manndauðahlutfall lægra hér hjá okkur en í nokkru öðru Evrópulandi. Árið 1910 urðu 6.5% landsmanna 65 ára og eldri, en árið 1960 voru 8.1% 65 ára og eldri. Þannig hefur stækkað mjög sá hluti þjóðarinnar, sem nær háum aldri.

Með almannatryggingunum hefur verið stigið stórt og happasælt skref til þess að hjálpa aldr-

aða fólkinu. Það er trú mín, að sú hjálp muni fara vaxandi á komandi tímum, og ég álít, að það þurfi hún líka að gera. En ellilífeyrisgreiðslur einar út af fyrir sig leysa ekki að fullu vandamál hinna öldruðu. Það verða alltaf einhverjir aldraðir og þeir margir, sem þurfa á víðtækari aðstoð að halda.

Við flm. að þessari till. lítum þannig á, að einn þáttur ellitrygginga ætti að vera í því fólginn, að í hverju héraði eða byggðarlagi væri komið upp húsnæði og notalegum hælum fyrir hina öldruðu, sem þeir ættu aðgang að, þegar þörfin kallar. Oft getur gamalt fólk bjargað sér sjálft lengi, ef það hefur þægilega aðstöðu hvað húsakynni snertir, og mikið getur munað um vinnuafl þess fyrir þjóðarbúið, ef það getur fengið aðstöðu til þess að búa þar, sem það fær störf, sem því henta. Ég var t. d. að lesa um það í einu dagblaðinu hér í morgun, að blaðamenn höfðu hitt að máli konu, 75 ára að aldri, sem var að vinna í frystihúsi, og hún vann frá 7—10 tíma á hverjum degi við þessi störf.

Ég hygg, að það sé mikils virði fyrir þjóðarbúið að nota vinnuafl aldraða fólksins og það sé hagur í því að búa þannig um, að sem mest not geti orðið af störfum þess, um leið og líðan þess er gerð eins góð og mögulegt getur verið. Víða er það þannig í sveitum og smærri þorpum til og frá um þetta land okkar, að gamla fólkið verður að flytja í burtu, um leið og það leggur niður atvinnureksturinn eða fastráðin störf, sem það hefur um langan tíma haft með höndum. Og þessir burtflutningar stafa aðallega vegna þess hjá fjölda þessa fólks, að það eru engin húsakynni til fyrir fólkið á þeim stað, þar sem það hefur búið um langa tíð og mundi helzt vilja dveljast. Ef hins vegar húsnæði væri fyrir hendi, gæti það verið áfram í sínum átthögum og séð um sig sjálft, meðan heilsan leyfir því, og í mörgum tilfellum, eins og ég sagði áðan, mundi notast af því vinnuafli, sem þetta fólk hefur yfir að ráða, sem annars mundi falla niður og þjóðfélaginu væri tapað. Ég þykist líka vita það, og mér finnst það a. m. k. sjálfum, að margur mundi vilja borga töluvert hærra tryggingagjald, ef þeir ættu það víst í ellinni að geta fengið húsnæði við sitt hæfi, þar sem þeir helzt vildu dveljast, eða ættu kost á auðfenginni dvöl á hæli, ef heilsan væri farin að bila.

Með þessari þáltill. er þeirri hugmynd hreyft, eins og ég hef hér lítillega drepið á, að það verði athugaðir þessir möguleikar, að sveitarfélögin og ríkið og almannatryggingarnar í sameiningu komi upp þægilegum íbúðarhúsum fyrir aldrað fólk, húsum, sem t. d. væri hægt að færa úr stað og aldrað fólk gæti fengið leigð, og þegar t. d. öldruð hjón hefðu notað slíkt hús og annaðhvort dæju eða yrðu að flytja úr því, gætu önnur fengið það flutt til sín eða flutt inn í það, þar sem það væri. Enn fremur á jarðhitasvæðum, sem víða eru um landið, yrði komið upp smáhverfum lítilla, notalegra íbúðarhúsa fyrir aldrað fólk. Og svo í þriðja lagi, að komið yrði upp hælum, þar sem þeir sjúku og hrumu gætu fengið að dveljast síðustu æviárin við notalega aðhlynningu, sem þeim ber og þeir þurfa að hafa.

Þetta verkefni er, eins og ég hef sagt, þríþætt, og ég vænti þess, að þessir þrír aðilar, sem ég hef nefnt: sveitarfélögin, ríkið og almannatryggingarnar, geti tekið höndum saman um þetta verkefni og smátt og smátt hrundið því í framkvæmd, eftir því sem þörfin krefði á hverjum tíma. Ég ætlast ekki til þess, að það sé hægt að gera stórvirki allt í einu í þessum efnum. Ég býst við, að það yrði að byrja á þessu í smáum stíl. En sennilega mundi slík starfsemi færast í aukana, eftir því sem þörfin krefði hverju sinni.

Sú löggjöf, sem við nú eigum og höfum, er tiltölulega ný um aðstoð í þessum efnum. Hún er ekki fullnægjandi, að mínum dómi, m. a. vegna þess, að það hefur ekki verið gert ráð fyrir auknum framlögum, ekki a. m. k. nægilega auknum, hvorki frá því opinbera né öðrum aðilum, til þess að standa undir slíkri starfsemi.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð en ég þegar hef haft. Till. skýrir sig sjálf. Þess vegna ætla ég ekki að nota lengri tíma. Í grg. eru helztu rökin dregin fram, eins og ég sagði, fyrir þessu málefni, og þess vegna ætla ég ekki að hafa um þetta fleiri orð.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að gera till. um það, að þessari till. verði nú að lokinni þessari fyrri umr. vísað til fjvn. til athugunar.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 18. Raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum** [87. mál] (A. 147).

Á 17. fundi í Sþ., 8. des, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 27. og 28. fundi í Sþ., 16. og 23. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 9. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

**Flm. (Sigurður Bjarnason):** Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þremur öðrum hv. þm. úr Vestfjarðakjördæmi að flytja þáltill. um raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum, sem hér liggur fyrir á þskj. 147. Efni till. þessarar er áskorun á ríkisstj. um að láta fram fara rannsókn á því, hvernig þeim byggðarlögum á Vestfjörðum verði tryggð afnot raforku, sem samveitur ná ekki til sakir strjálbýlis. Skal í því sambandi athuga sérstaklega, hvernig sérvirkjunum verður við komið í þágu einstakra byggðarlaga og býla.

Augljóst er orðið af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um framhald rafvæðingar landsins, að vegna strjálbýlis á Vestfjörðum er ekki gert ráð fyrir, að allmargir sveitabæir í þessum landshluta fái raforku frá samveitum. Hins vegar er þörf fólksins í þessum héruðum fyrir lífsþægindi raforkunnar ekki minni en í þéttbýlinu. Án raforku getur nútímafólk ekki verið.

Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið, hafa um 8500 manns af íbúum Vestfjarða nú afnot raforku frá samveitum. Íbúar í Vestfjarðakjördæmi eru hins vegar um 10500. Um 2000 Vestfirðingar hafa því í dag ekki afnot raforku frá samveitum. Raforkumálastjórnin áætlar, að raforku frá einkarafstöðvum hafi um 1000 Vestfirðingar. Án allra afnota raforku eru því í dag um 1000 manns á Vestfjörðum.

Þegar athugað er sérstaklega, hvernig ástandið sé í raforkumálum vestfirzkra sveita, kemur þetta í ljós: 136 sveitabæir í Vestfjarðakjördæmi hafa í dag rafmagn frá samveitum. 138 sveitabæir í kjördæminu njóta raforku frá mótorrafstöðvum. 51 sveitabær á Vestfjörðum hefur rafmagn frá vatnsaflsstöðvum. Samtals hafa því 325 sveitabæir í Vestfjarðakjördæmi afnot raforku með einhverjum hætti í dag. Nákvæmustu upplýsingar, sem hægt er að fá um það, hve margir sveitabæir í þessum landshluta séu nú án raforku, eru þær, að um 150—180 býli séu í þessum flokki.

Samþykkt hefur verið í raforkuráði að leggja á þessu ári rafmagn til 9 sveitabæja í Álftafirði í Norður-Ísafjarðarsýslu og enn fremur að leggja rafmagnslínu yfir Hrútafjörð til Borðeyrar í Strandasýslu. Er gert ráð fyrir, að með þeirri framkvæmd muni 10 notendur í Bæjarhreppi í Strandasýslu fá raforku frá samveitum. Vonir standa enn fremur til þess, að 8 sveitabæir á Ingjaldssandi í V.-Ísafjarðarsýslu fái raforku frá samveitu á næsta ári. Þetta munu vera einu framkvæmdirnar í raforkumálum Vestfjarða, sem endanleg ákvörðun hefur verið tekin um. En gert hefur verið ráð fyrir því, að rafmagn frá samveitum yrði lagt til byggðarlaganna í Bjarnarfirði, Kollafirði og Bæjarhreppi í Strandasýslu og Barðastrandarhreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu. Um það hefur þó ekki verið tekin endanleg ákvörðun. Fjarlægð milli bæja í þessum sveitum mun vera að meðaltali um 2 km. Eins og kunnugt er, er nú unnið að rafmagnslögnum frá samveitum til sveitabæja, þar sem meðaltalsfjarlægð á milli bæja er 1—1½ km. Mun gert ráð fyrir, að þær framkvæmdir taki a. m. k. tvö ár. Horfurnar á skjótri úrlausn raforkuþarfar fyrrgreindra byggðarlaga á Vestfjörðum auk margra annarra í þessum landshluta eru því ekki ýkjabjartar.

Um nýjar heildarvirkjanir til þess að fullnægja aukinni raforkuþörf Vestfirðinga er það að segja, að unnið hefur verið að áætlunargerð um virkjun í botni Arnarfjarðar, bæði um heildarvirkjun í Mjólká og Dynjanda, sem miðast við framtíðina, svo og um hlutavirkjun til að fullnægja næstu þörfum.

Af þeim upplýsingum, sem hér hafa verið greindar, er auðsætt, að fara verður sérstakar leiðir til þess að tryggja mörgum sveitum Vestfjarða raforku. Koma þar til greina sjálfstæðar smærri vatnsaflsvirkjanir fyrir einstök byggðarlög, svipað og gert hefur verið í Snæfjallahreppi við norðanvert Ísafjarðardjúp, og í öðru lagi aukin aðstoð hins opinbera við dísilorkuver í þágu einstakra býla eða byggðahverfa.

Það er skoðun okkar flm. þessarar till., að fólkið í hinni strjálustu byggð landsins eigi ekki síður rétt á því að njóta lífsþæginda raforkunnar en íbúar þéttbýlisins, þess vegna sé óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir til að rafvæða strjálbýlustu sveitirnar. Við leggjum þess vegna áherzlu á, að till. þessi leiði til þess, að rannsókn fari fram á því hið allra fyrsta, hvernig leyst verði raforkuvandamál vestfirzkra sveita.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. um till. verði frestað og henni verði vísað til hv. allshn.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeim áhuga fyrir raforkuframkvæmdum, sem fram kemur í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir og hv. 2. þm. Vestf. var að mæla fyrir. En ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að fyrir þessu þingi liggur frv., óafgreitt, um raforkuveitur, flutt af okkur nokkrum þm. Framsfl. Þetta mál var tekið til 1. umr. 26. okt. í haust og var því þá vísað til þn. í hv. Nd., en hún hefur enn ekki skilað áliti, og vil ég vænta þess, að við fáum að sjá það innan skamms. En í þessu frv. okkar eru einmitt till. gerðar um þetta sama mál, sem hér er á ferð í þáltill. á þskj. 147. Í frv. er fyrst og fremst gert ráð fyrir því, að á árunum 1966—1968 skuli leggja rafmagnslínur frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins til allra heimila, sem ekki hafa áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni, og er gert ráð fyrir því, að framkvæmdunum sé skipt sem jafnast á þessi þrjú ár og hagað þannig, að línur verði fyrst lagðar um sveitir, þar sem skemmst er milli býla, en síðan áfram í röð eftir vegalengdum og síðast um þau svæði, þar sem meðallínulengdin er mest. Þá segir í 3. gr. frv. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að undirbúa ákvarðanir um, að hve miklu leyti raforkuþörf sveitanna verði fullnægt með línum frá samveitum, láti raforkuráð gera kostnaðaráætlun um raflínulagnir frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins um þær byggðir, þar sem meðallínulengd milli býla er 2—2½ km og 2½—3 km."

Og síðan segir í 3. gr. frv.:

„Einnig geri ráðið till. um aukna aðstoð til þeirra, er koma upp vatnsaflsstöðvum til heimilisnota utan samveitusvæðanna, t. d. með meiri og hagstæðari lánum. Þá geri raforkuráð till. um uppsetningu dísilstöðva til rafmagnsframleiðslu á þeim heimilum, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum, og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, og séu till. við það miðaðar, að notendur slíkra stöðva njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum."

Lagt er til, að áætlanir þessar og till. verði fullgerðar fyrir 1. okt. 1966.

Ég vil enn fremur, með leyfi hæstv. forseta,

rifja upp örfá orð úr grg. með frv., að því leyti sem þau snerta þetta, áætlanir um aðstoð til þeirra, sem verða utan samveitusvæðanna, en þar segir svo:

„Samkv. 3. gr. frv. er raforkuráði einnig ætlað það verkefni að gera áætlanir um meiri aðstoð en nú er veitt við byggingu vatnsaflsstöðva fyrir einstök heimili eða fleiri saman, t. d. með auknum, hagstæðum lánum, enn fremur að gera áætlanir um uppsetningu dísilstöðva, þar sem önnur úrræði eru ekki fyrir hendi, og verði áætlanir þessar við það miðaðar, að notendur slíkra stöðva njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Þetta gæti orðið annaðhvort á þann hátt, að hið opinbera kæmi stöðvunum upp og leigði þær fyrir hóflegt gjald eða veitt yrðu rífleg lán með lágum vöxtum og jafnvel beinn stuðningur til kaupa á stöðvunum."

Og lagt er til, eins og áður segir, að áætlanagerð þessari verði lokið fyrir 1. okt. n. k.

Frv. okkar um það að hraða framkvæmdum við samveitur er byggt upp að nokkru leyti á áætlun, sem raforkumálaskrifstofan lét gera 30. júní 1964 um raflínur til sveitabýla, þar sem meðalvegalengd milli bæja er frá 1 og upp í 2 km, og síðan, eins og áður segir, lagt til, að í framhaldi af því verði gerð rannsókn á því, hvað kosti að koma upp samveitum um strjálbýlli svæði. En í þessari áætlun raforkumálaskrifstofunnar frá í júní 1964 er gert ráð fyrir samveitum á árunum 1966—1970. Nær áætlunin til 774 býla og áætlaður kostnaður við raflínulagnir til þeirra um 147 millj. kr. Þetta verður að teljast tiltölulega lág upphæð, þegar miðað er við það, að á árinu 1953 eða 1954 var ákveðið að leggja fram 250 millj. kr. auk framlaga úr héruðunum til rafvæðingarinnar, en þá voru, eins og kunnugt er, fjárlög ríkisins margfalt lægri en þau eru nú.

Við leggjum sem sagt til, að þessu verði lokið á þremur árum, 1966—1968, í stað þess, að áætlun raforkumálaskrifstofunnar var ráðgert, að þessu yrði lokið á árinu 1970. Og á þessari áætlun eru nokkrar línur í Vestfjarðakjördæmi, en yfirleitt eru þær þarna heldur á seinni árunum, því að vegalengdin er það mikil þar. Þó er þarna t. d. Ingjaldssandslína sett á árið 1968 með 8 býli og Bæjarhreppslína frá Borðeyri til 20 býla er þar sett á árið 1968. Á árið 1969 hefur raforkumálaskrifstofan sett Þingeyrarhreppslínu í Vestur-Ísafjarðarsýslu til 8 býla og Kollafjarðarlínu í Strandasýslu til 14 býla. En síðan koma á síðasta ári í þeirra áætlun frá 1964 nokkrar línur í Vestfjarðakjördæmi, sem þeir gerðu ráð fyrir að yrðu byggðar 1970. Það er Múlalína við Gilsfjörð til 3 býla, Barðastrandarlína frá Patreksfirði til 29 býla, Hólslína í Önundarfirði, 2 býli, Valdasteinsstaðalína í Hrútafirði, 3 býli, Grænumýrartunga í Hrútafirði, 2 býli, og Bjarnafjarðarlína í Strandasýslu 9 býli. En samkv. okkar frv. viljum við flýta þessu um tvö ár, þannig að eftir okkar frv., ef samþ. yrði og framkvæmt, mundu þessar línur verða lagðar 1968. Nú horfir að vísu ekki vel með þetta sem stendur, því að samkv. þeirri áætlun, sem raforkuráð samþykkti um framkvæmdir á árinu 1966 seint á s. l. ári, hefur það ekki gengið eins langt og var í þessum till. eða áætlunum raforkumálaskrifstofunnar frá 1964. Það hefur ekki gengið eins langt í framkvæmdum á þessu ári.

Það er vitanlega alveg rétt hjá hv. 2. þm. Vestf., að það er brýn þörf að hraða rannsóknum á þessum málum og ljúka rafvæðingunni sem allra fyrst. Og þá er sjálfsagt að leggja línur frá samveitum um þau svæði, þar sem mögulegt er kostnaðarins vegna. En það þarf jafnframt að rannsaka, á hvern hátt er hægt að bæta úr þörf hinna, eins og hv. þm. réttilega tók fram. En ég vil aðeins benda á það til athugunar fyrir þá n., sem fær þetta, að þetta á ekki við um Vestfjarðakjördæmi eitt. Svona er þetta um allar jarðir. Í öllum kjördæmum landsins utan Reykjavíkur og líklega Reykjaneskjördæmis eru mörg býli, sem munu ekki geta fengið rafmagn frá samveitum, og það þarf að sjá fyrir þörfum þeirra alveg jafnt og Vestfirðinga. Og ég vil benda á það, að í frv. okkar, sem ég hef hér gert nokkuð að umtalsefni og er á þskj. 29, er till. um að gera slíka áætlun fyrir landið allt, og ég vildi því skjóta því til hv. 2. þm. Vestf. sem og meðflm. hans að þáltill., sem hér liggur fyrir, að bezti stuðningur þeirra við málið væri trúlega sá að styðja framgang frv. á þskj. 29, því að það nær til landsins alls og er, eins og ég áður sagði, um þetta sama mál, sem hann og félagar hans hreyfa í þáltill. á þskj. 147.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Norðurl. v., lýsa ánægju minni yfir fram kominni till. um athugun á virkjunarskilyrðum fyrir byggðarlög á Vestfjörðum, hvort sem er varðandi aðstöðu til þess, að þau fái raforku frá samveitum eða sérveitum. Það er ekki nema ágætt, að hv. Alþ. láti nú í ljós vilja sinn á því, hvort slík rannsókn fari fram. Og einnig tek ég undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það væri ekki minna um það vert, ef hv. Alþ. fengist til þess að samþ. frv. það, sem fyrir þinginu liggur um rannsókn á virkjunarskilyrðum í dreifbýlinu varðandi landið allt.

Á næstsíðasta þingi flutti ég ásamt hv. 3. þm. Vestf., Sigurvin Einarssyni, litla þáltill. Hún var miklu minni í sniðum en þessi og ekkert í samlíkingu við hið stóra mál, sem felst í frv. hv. 1. þm. Norðurl. v. En samt fór nú svo, að hv. Alþ. færðist ekki svo mikið í fang að afgreiða þá till., og var þó ekki um mikið beðið. Sú till. var látin sofna svefninum langa í n., og ég vil bara vona, að þessi till., sem hér er nú til umr., verði ekki svæfð, og þá enn síður frv., sem hér hefur verið minnzt á í umr. Þessi till. okkar þm. úr Vestfjarðakjördæmi var á þá leið, að raforkumálaskrifstofunni yrði falið að rannsaka aðstöðu til vatnsaflsvirkjunar fyrir byggðirnar í Skjaldfannadal í N.-Ísafjarðarsýslu og á Langadalsströnd, nánar tiltekið bæina Skjaldfönn, Laugaland, Laugarás, Ármúla I og II, svo og bæina Vonaland, Melgraseyri, Hamar, Hallsstaði, Hafnardal, Nauteyri, Rauðamýri og Tungu. Við bentum á, að þetta byggðarlag væri þannig sett, að það mundi tæpast geta fengið raforku frá samveitukerfi ríkisins, og þess vegna þyrfti að rannsaka hið fyrsta, hvort hagkvæm skilyrði væru þar ekki fyrir hendi til vatnsaflsvirkjunar með sérvirkjunum. Við bentum á, að þarna væru ým-

is vatnsföll, sem vel gætu komið til greina með tilliti til sérvirkjana, svo sem vatnsföllin Traðarlækur svokallaður og Bæjará, enn fremur vatnsföll innar á Langadalsströndinni, eins og Blævardalsá, og innar á innri hluta Langadalsstrandar, í innri hluta Nauteyrarhrepps, þar kæmu til mála ár eins og Hafnardalsá eða Þverá hjá Nauteyri og jafnvel Hvannadalsá. Við óskuðum þess, að rannsóknunum væri beint að þessum vatnsföllum til þess að fá úr því skorið, hvert þeirra hefði upp á hagkvæmust virkjunarskilyrði að bjóða. En það er enginn vafi á því, að þetta byggðarlag hefur upp á gnægð góðra skilyrða að bjóða til vatnsaflsvirkjana, ekki síður en í Snæfjallahreppi, sem nú hefur á síðasta ári fengið raforku frá sérvirkjun við ágæt skilyrði skv. till., sem ég flutti þar um fyrir mörgum árum, en er nú loks komin til framkvæmda.

Ég veit, að þetta byggðarlag, sem við ræddum um í okkar litlu till. á þinginu 1964, fellur vitanlega undir þá rannsókn, sem framkvæma á skv. þeirri till., sem nú er til umr. Ef hún verður samþykkt, fæst þar með lausn á því máli, sem fólst í till., sem svæfð var á næstsíðasta þingi, og má það þá gott heita, að það mál er þannig vakið til lífsins af þessu þingi, ef svo farsællega vill til, að þingið daufheyrist ekki við að samþ. hana, eins og það gerði við hina till.

Ég vil sem sé vonast til þess, að hv. Alþ. fáist nú til að fela raforkumálaskrifstofunni þetta verkefni, að rannsaka virkjunarskilyrðin, bæði með tilliti til samveitna og sérvirkjana í dreifbýlinu á Vestfjörðum, og þó öllu helzt, að það verði tekið fastari tökum og raforkumálaskrifstofunni falið hið stóra verkefni, að rannsaka þetta fyrir landið allt.

**Þorvaldur G. Kristjánsson:** Herra forseti. Í þessari till., sem ég er meðflm. að, er rætt um það, að ríkisstj. láti fara fram rannsókn á því, hvernig þeim byggðarlögum á Vestfjörðum verði tryggð afnot raforku, sem samveitur ná ekki til sakir strjálbýlis. Við gerum ráð fyrir því, að samveitur geti ekki náð til allra byggða á Vestfjörðum. En það er mikil spurning og mikið atriði, hvað það er mikið af byggð á Vestfjörðum, sem samveitur mundu ekki ná til. Ég hef tilhneigingu til að líta svo á, að það sé ekki endanlega ákveðið eða þurfi ekki að vera endanlega ákveðið, vegna þess að þar er á ýmislegt að líta.

Þegar ákveðið er það hámark vegalengdar, sem má vera á milli bæja, til þess að þeir fái samveitu, er lagður til grundvallar þeirri ákvörðun samanburður á stofnkostnaði og rekstrarkostnaði samveitna annars vegar og dísilstöðva hins vegar. En þetta er ekki eins einfalt mál og í fljótu bragði má virðast. Það er bæði, að samanburðargrundvöllurinn er breytilegur, svo og, að hér gætu ýmis önnur atriði komið til greina.

Það er svo, að stöðugt eru tækniframfarir, og á síðustu missirum hafa orðið tækniframfarir, sem stuðlað hafa að lækkun stofnkostnaðar við samveitur. Í því efni má minna á það, að áður var gert ráð fyrir tveggja víra línum, núna er hægt að nota eins víra línur, nú er farið að nota plaststrengi, og fleira mætti sjálfsagt nefna af tækniatriðum, sem ég hef ekki kunnáttu til að rekja hér. En þessi atriði hljóta að mínu viti að ráða nokkru um það, hvar á að setja mörkin á milli samveitna og dísilstöðva, ef þar er lagður til grundvallar kostnaðarsamanburður.

Þá er spurning, hvort það geti ekki verið áhorfsmál, hvort rétt sé fyrir hið opinbera að leggja millj. kr. í einstakar framkvæmdir, svo sem skóla og menningarsetur, ef viðkomandi byggðarlag fær ekki rafmagn frá samveitu eða þá sérvatnsvirkjunum. Ég nefni t. d. einn hrepp, sem kemur til athugunar í þessu sambandi, Rauðasandshrepp í Barðastrandarsýslu. Þar er núna verið að byggja barnaskóla, sem kostar milljónir. Þar er heimilið í Breiðuvík. Og þar er nýbúið að reisa stóran flugvöll, þriðja stærsta flugvöll á landinu. Mér sýnist, að það sé einsætt, að í slíku byggðarlagi, þar sem þessar framkvæmdir hafa átt sér stað, þurfi að koma rafmagn og með hagkvæmara móti en með dísilstöðvum, annaðhvort með samveitum eða sérvatnsvirkjun.

Þessar hugleiðingar mínar byggjast á þeirri skoðun, og ég held, að menn séu almennt á þeirri skoðun, að rafmagn frá dísilstöðvum einstakra sveitabæja sé ekki sambærilegt við rafmagn frá samveitum. Það er ekki sambærilegt þegar af þeirri ástæðu, að slíkt rafmagn er ekki stöðugt. Menn keyra ekki vélarnar sólarhringinn út, og menn geta ekki notið ýmissa þæginda, sem rafmagnið skapar, eins og kæligeymslna, ísskápa og annars þess háttar. Og þegar gerður er kostnaðarsamanburður, sem skera á úr því, hvort sé hagkvæmara, dísilstöðvar eða samveitur, fyrir hin dreifðu bændabýli, þarf enn fremur að hafa í huga örar afskriftir af sjálfum dísilvélunum, vélgæzlu, aðdrætti olíu o. fl.

Þegar á allt er litið, er spurningin sú, hvort ekki geti verið þjóðhagslega hagkvæmara að rafvæða sveitirnar frekar með samveitum en talað hefur verið um fram til þessa. Ég hef séð útreikninga, sem benda til þess, að hagkvæmt sé að ganga verulega lengra í rafvæðingu sveitanna með samveitum en reiknað hefur verið með til þessa. Mér er tjáð, að þessir útreikningar séu gerðir af sérlærðum mönnum, en ég vil ekki fullyrða að svo stöddu um réttmæti þeirra. En mér finnst einsýnt, að þetta mál sé tekið til nýrrar yfirvegunar af raforkumálastjórninni, og þá kæmi mér ekki á óvart, þó að yrði komizt að þeirri niðurstöðu, að það gæti verið hagkvæmara þjóðfélagslega að ganga lengra í samveitum en reiknað hefur verið með fram til þessa. Mér finnst, að það sé nauðsynlegt í sambandi við úrlausn rafmagnsmálanna á Vestfjörðum að taka þetta atriði til athugunar, og ég bendi á það vegna þess, að það hefur ekki komið fram í þessum umræðum.

Ég vænti þess, að þessi till. fái skjóta og góða afgreiðslu hér á þinginu og að árangur hennar geti orðið sá að hrinda í framkvæmd ýmsum aðkallandi verkefnum í rafmagnsmálum Vestfjarða.

**Sigurvin Einarsson:** Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem sagt hefur verið, að það væri mjög æskilegt, að Alþ. gæti afgr. þessa till., þó að það hafi mistekizt áður að fá samþykktar till. svipaðs eðlis, eins og hefur verið bent á. En ég vil minna á, að það eru líka til staðir, þar sem ekki er aðkallandi þörf á sérstökum rannsóknum, heldur virðist aðeins standa á fé.

Hv. 4. þm. Vestf. drap á það hér áðan, að einstök byggðarlög hefðu alveg sérstaka þörf fyrir raforku vegna stofnana, sem þar eru, og bygginga, sem eru að rísa upp, og nefndi hann í því sambandi Rauðasandshrepp. Þetta er alveg rétt hjá honum. Það hefur orðið dýrt ríkinu að reka barnaheimilið í Breiðuvík í öll þessi ár án raforku frá samveitu. Þær eru búnar að kosta mikið, dísilstöðvarnar allar, sem búið er að nota þar, því að þær eru orðnar margar. Nú er að rísa upp barnaskóli, eins og bent var á, í Örlygshöfn, sem auðvitað þarf raforku, og flugvöllur er kominn í Sandodda. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um þörfina fyrir raforku. Það virðist ekki vera nein vandasöm rannsókn, sem þarna þarf að fara fram. Vegalengdirnar liggja fyrir, og það er sjálfsagt hægt að reikna á hverri venjulegri skrifstofu, hvað þetta muni kosta.

Ég vil jafnframt benda á Barðastrandarhrepp. Þar er allmikið þéttbýli og mjög myndarleg sveit, og vegalengd milli bæja þar er innan við þau takmörk, sem eru sett um dreifingu rafmagns. Það eina, sem er í vegi hvað snertir fjarlægðir þarna, er háspennulína yfir fjallgarð. En ég hef aldrei skilið, að það eigi að taka slíkar vegalengdir með í útreikningum um vegalengdir milli bæja, enda hefur það ekki verið gert í mörgum tilfellum. Ég vil minna á Þverárvirkjun, þegar raforka var lögð suður yfir Tröllatunguheiði, að auðvitað kom engum í hug að fara að reikna vegalengdina yfir heiðina inn í dæmið, þegar reiknað var út, hvaða bær ættu að fá raforku í Geiradals- og Reykhólasveit. Og alveg eins er um Barðastrandarhrepp, að línan yfir fjallið kemur ekki að mínum dómi við vegalengdum milli bæja, en þær eru miklu minni en ákveðið er í núverandi reglum um dreifingu raforku. Og ég vil nefna þriðja dæmið. Það er Bæjarhreppur í Hrútafirði. Nú mun standa til að leggja línu yfir að Borðeyri, jafnvel á þessu ári, en Bæjarhreppurinn á allur svo að segja að vera raforkulaus eftir sem áður, að undantekinni Borðeyri einni, þeim fáu notendum, sem þar eru, og þó er vegalengd á milli bæjanna þarna í hreppnum alveg innan þeirra takmarka, sem á þarf að halda, eða a. m. k. svo að segja allra. Hér virðist það ekki vera skortur á rannsókn, sem stendur í vegi, heldur þá fjármagn, geri ég ráð fyrir. Þó dreg ég í efa, að það sé fjármagnið, sem stendur í veginum, því að það hefur alloft verið minnzt á svokallaðan Viðreisnarsjóð Vestfjarða, sem aðrir kalla nú reyndar flóttamannafé, og ég hef litið svo á, að þar séu ónotaðir fjármunir. Á síðasta ári hafa verið teknar 86 millj. kr. að láni til Vestfjarða. Hvar eru þeir peningar? Ekki hafa Vestfirðingar enn þá fengið nema lítinn hluta af þeirri upphæð. Er nokkuð í veginum að gera átök, þar sem mest er aðkallandi, t. d. í raforkumálum, fyrir þetta fé, eða geymir hæstv. ríkisstj. þetta fé í sparisjóði? Ég veit ekki til, að opinberlega hafi komið fram, að af þessu fé hafi annað verið notað en 7—8 millj. í vegi enn sem komið er. Opinberlega hefur ekki annað komið fram. Hins vegar hefur verið skýrt frá því utan þings, að varið hafi verið af þessu fé í flugvöll í Sandodda 5½ millj. En að hvaða leyti það hefur verið notað að öðru leyti, hefur ekki komið fram opinberlega. En ég trúi því varla, að búið sé að nota að fullu þessar 86 millj., sem teknar voru á s. l. sumri til uppbyggingar á Vestfjörðum. Hér held ég að sé því alveg í lófa lagið að gera átök, þar sem mest er aðkallandi í þessum efnum þar fyrir vestan.

**Þorvaldur G. Kristjánsson:** Herra forseti. Ég kvaddi mér nú hljóðs í tilefni af síðustu orðum hv. síðasta ræðumanns, þar sem hann minntist á Viðreisnarsjóðinn og framkvæmdir á Vestfjörðum. Mér kom það mjög á óvart, því að það kom í ljós, að þessi þm., sem er þm. Vestf., virðist ekki hafa hugmynd um það, sem skeð hefur í þessum þýðingarmiklu málum fyrir Vestfirðinga nú að undanförnu. Hann sagði réttilega, að það hefði verið ákveðið að taka að láni 86 millj. kr., en hann spurði: Hvar eru peningarnir? Og hann sagði, að sér vitanlega hafi ekki verið skýrt frá þessu nema að nokkru leyti.

Þetta er fullkominn misskilningur. Það var ákveðið að taka 86 millj. kr. lán í Viðreisnarsjóðnum til tiltekinna framkvæmda í samgöngumálum, hafnarmálum, vegamálum og flugmálum, á næstu 4 árum. Á síðasta Alþ. var skýrt frá þessu af hálfu ríkisstj. og nákvæmlega tiltekið, hvað átti að fara í hina ýmsu þætti samgöngumálanna og hvað miklar upphæðir á hverju ári næstu 4 árin. Og s. l. sumar voru hafnar framkvæmdir og unnið í samgöngumálum Vestfjarða skv. þessari fjögurra ára áætlun. En það kemur nú í ljós, að þessum þm. Vestf. er ekki nákvæmlega kunnugt um þetta. Lán frá Viðreisnarsjóðnum á s. l. ári gekk til framkvæmda í flugvallarmálum, í hafnarmálum, í vegamálum, nákvæmlega eins og ráð var fyrir gert í áætluninni, nákvæmlega eins og lýst var hér á hv. Alþ. á s. l. ári.

Mér þykir leitt að þurfa að þreyta hv. þm. á því að vera að upplýsa hv. 3. þm. Vestf. um þessi alkunnu sannindi, en mér fannst, að ég kæmist ekki hjá því.

**Sigurvin Einarsson:** Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. er að kvarta undan því, að ég viti ekki, hvað hafi orðið af flóttamannafénu. Ég nefndi þessar 86 millj., sem hefðu verið teknar að láni, en ég „hafði ekki hugmynd um það," sagði hann framan til í ræðunni, en í seinni parti ræðunnar sagði hann: „Hann veit ekki nákvæmlega um það." En veit hv. þm. um þetta? Hann fer að telja upp, í hvað þetta hafi farið. „Í vegi." Ég nefndi það. „Í flugvöll." Jú, jú, ég nefndi hann líka. Hann bætti við höfnum. En hann sleppti að segja frá, í hvaða hafnir það hafi farið. Hann skyldi þó vita það. Þá segir hann, að það sé rangt, að það hafi verið teknar 86 millj. að láni, heldur hafi verið ráðgert að taka þær á næstu 4 árum. Það vill nú svo til, að ég er hér með blað, sem heitir „Vísir". Það er frá 16. okt. 1965, og þar er grein með stórri fyrirsögn: „Mikilsverð aðstoð Viðreisnarsjóðs Evrópu við uppbyggingu Vestfjarða. Ræða Þorvalds Garðars Kristjánssonar á ráðgjafarþingi Evrópuráðs 1. okt. s. l." Og svo er mynd. „Eftirfarandi ræðu flutti fulltrúi Íslands á þingi Evrópuráðsins í Strasbourg, Þorvaldur G. Kristjánsson alþm. Ræðan var flutt þann 1. okt., þegar til umr. var skýrsla forstöðumanns Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins.

Þessi sjóður veitti fyrir skömmu 86 millj. kr. lán til framkvæmda eftir Vestfjarðaáætlun," stendur í blaðinu. Er blaðið að fara með rangt mál? Og svo kemur öll ræðan á eftir. M. ö. o.: á s. l. sumri veitti sjóðurinn 86 millj. kr. lán í Vestfjarðaáætlun. Er þá nokkurt hneyksli, þótt ég spyrji: Hvar eru peningarnir?

**Þorvaldur G. Kristjánsson:** Herra forseti. Ég skal aðeins gera stutta aths., því að það mun æra óstöðugan að ætla að leiðrétta allar þær villur, sem hv. síðasti ræðumaður stendur í í sambandi við þetta mál. Hann spyr enn þá: Hvar eru peningarnir? Það var eins og ég áður sagði og lýst var yfir á Alþ. í fyrra, að það var sótt um lán til Viðreisnarsjóðsins að upphæð 86 millj. kr., og sjóðurinn samþykkti að veita þetta lán til framkvæmda á næstu 4 árum, og lánið fyrir hvert ár er tekið á því ári, sem á að nota féð. Í marz s. l. var tekinn fyrsti hluti lánsins, og í marz þetta ár er tekinn annar hluti lánsins. Þriðji hluti lánsins bíður til næsta árs og fjórði til þar næsta árs. Ég hygg, að þetta megi hverjum meðalgreindum manni vera skiljanlegt og að við tökum lánin jafnharðan og ætlunin er að nota þetta fjármagn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 147, n. 717, 438).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 38 shlj. atkv.

**Frsm. (Matthías Bjarnason):** Herra forseti. Þessi till., sem vísað var til allshn., var flutt af 4 þm. úr Vestfjarðakjördæmi og er um raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum, og við hana kom brtt. frá þm. úr Norðurl. e., þar sem lagt er til, að inn í till. komi: „einnig í Norðurlandskjördæmi eystra." En till. fjallar um það að skora á ríkisstj. að láta fram fara rannsókn á því, hvernig þeim byggðarlögum á Vestfjörðum verði tryggð afnot raforku, sem samveitur ná ekki til sakir strjálbýlis, og skal í því sambandi athuga sérstaklega, hvernig sérvirkjunum verði við komið í þágu einstakra byggðarlaga og býla. N. hefur orðið sammála um að orða till. um, þannig að það er tekið fullt tillit til brtt. frá þm. úr Norðurl. e., og skal ég ekki lesa hana upp, því að till. liggur fyrir á þskj. 717. Allir nm. voru sammála um að mæla með samþykkt till., en einn nm., Ragnar Arnalds, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

**Skúli Guðmundsson:** Herra forseti. Hér er lagt til í till. hv. allshn., að þessi rannsókn fari fram í tveimur kjördæmum landsins, Vestfjarðakjördæmi og Norðurlandskjördæmi eystra. En í öðrum kjördæmum utan Reykjavíkur, fleiri en þessum tveimur, er þannig ástatt, að mörg býli eru þannig sett, að litlar líkur virðast til, að til þeirra verði leitt rafmagn frá samveitum. Því er það, að okkur finnst mörgum, að þörf sé á því að gera þessa till. víðtækari, og leyfum okkur að leggja fram brtt. við brtt. á þskj. 717, sem kom frá hv. allshn., og brtt. okkar er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. tölul. Í stað orðanna „og í Norðurlandskjördæmi eystra" komi: í Norðurlandskjördæmi eystra, Norðurlandskjördæmi vestra, Austurlandskjördæmi, Vesturlandskjördæmi, Suðurlandskjördæmi og Reykjaneskjördæmi." Og síðan við 2. tölulið, sem er um fyrirsögnina, að þessi kjördæmi verði einnig sett inn í fyrirsögnina.

Ég vænti þess, að þessu verði vel tekið, því að mönnum hlýtur að verða ljós þörfin á því að rannsaka þessi mál víðar en í tveimur kjördæmum, og vil leyfa mér að leggja till. fyrir hæstv. forseta og óska, að hann leiti afbrigða. Flm. að þessari till. eru: Skúli Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Ágúst Þorvaldsson, Lúðvík Jósefsson, Ásgeir Bjarnason, Eysteinn Jónsson, Jón Árnason og Sigurður Ó. Ólafsson.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 718) leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

**Ragnar Arnalds:** Herra forseti. Hv. allshn. hefur skilað áliti um till. um raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum. Þar kemur fram, að ég hef ekki undirritað þetta nál., því að eins og fram hefur komið í þremur ræðum undanfarnar mínútur, var ég ekki viðstaddur þennan fund. Stafar það ekki af áhugaleysi mínu um störf allshn. né heldur af því, að ég sé ósamþykkur þessum málum, sem þar voru afgreidd. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að ég vissi ekki um þennan fund og átti þess ekki kost að taka þátt í afgreiðslu málanna. Allshn. hélt fund rétt fyrir kvöldmatinn í gærkvöld. Eins og menn sjá, hefur hún verið ákaflega afkastamikil og skilað af sér þremur nál. Vissulega má segja, að það hafi tekizt á elleftu stund. Þegar fundur allshn. Sþ. var haldinn í gærkvöld, hafði ekki verið haldinn fundur í n. í 5 vikur. Í 5 vikur samfleytt hafði ekki fengizt fundur í þessari n. Það verður því ekki beinlínis sagt, að fundurinn í gærkvöld hafi verið ótímabær.

Fyrir tæpum þrem vikum var vísað til n. þáltill. um takmörkun sjónvarps frá Keflavíkurflugvelli. Strax og sú till. kom til n., sneri ég mér til formanns hennar, þáv. 1. landsk. þm., Sigurðar Ingimundarsonar. Hann kvaðst mundu halda fund mjög snarlega. En það varð ekkert úr því. Ég ítrekaði ósk mína nokkrum sinnum við formanninn, en það voru alltaf ýmis ljón á veginum. Og 25. apríl s. l. fór sá þm. af þinginu og við formannsstöðu tók núv. hv. 1. landsk., Unnar Stefánsson. Strax og hann kom í þingið, óskaði ég eftir, að fundur yrði haldinn í n. Ekki virtust vera nein vandkvæði á því, því að hann hélt kannske, að það mundi vera hægt að halda fund þann sama dag. En það reyndist ekki, og nefndarfundinum var frestað þangað til daginn eftir. Reyndar fór svo, að næstu 10 daga var fundum ævinlega frestað þangað til daginn eftir.

Fyrir tæpum þremur vikum, þegar ég óskaði fyrst fundar, var sjónvarpsmálið eina málið, sem fyrir n. lá og aldrei hafði verið tekið þar fyrir. En seinna var þremur málum vísað til n. Flm. þessara mála voru nokkrir stuðningsmenn ríkisstj., og þeir urðu brátt varir við það, að allshn. var stungin svefnþorni og mátti sig hvergi hræra.

Þeir gerðu sér auðvitað ljóst, að úr því að þeir voru svona óheppnir, að mál þeirra skyldu lenda með bannsettu sjónvarpsmálinu, helzta feimnismáli allshn., var heldur ólíklegt, að þeirra mál fengjust nokkurn tíma afgreidd í n. Ég þarf ekki að orðlengja það, að nú hófst hinn kynlegasti skollaleikur í kringum hv. formann n., þar sem annars vegar stóðu hin æðri máttarvöld, sem bönnuðu honum að halda fund í n., og hins vegar nokkrir hv. þm. úr stjórnarliðinu, sem voru alls ekkert ánægðir með það að fá ekki fund. Þeir heimtuðu fund í allshn. á hverjum degi, og auk þess hélt ég auðvitað áfram að heimta fund. Ég verð að segja, að hv. þm. Unnar Stefánsson var auðvitað ósköp óheppinn að lenda í þessu svona rétt um leið og hann slapp hér inn í þingið, lenda í þessu reiptogi, en ég ætla ekki að fara að ásaka hann, þó að hann væri dálítið tvístigandi í því, hvort ætti að halda fund eða ekki fund, hvort hann ætti að hrökkva eða stökkva í þessu máli.

Fyrir nokkrum dögum, ég held, að það hafi verið á föstudag í fyrri viku, var ég boðaður á fund í Þórshamri kl. 11. Ég mætti auðvitað kl. 11, en enginn annar mætti. Síðan liðu 15 mínútur. Þá var mér tilkynnt, að fundurinn hefði verið aflboðaður örfáum mínútum áður en ég kom á fundinn. Ég held ég megi segja, að í fyrradag hafi formaðurinn boðað mig þrisvar sinnum á fund í n., en því miður var aldrei hægt að halda fundinn. Og í gær, held ég, að ég hafi verið boðaður tvisvar á fund. En það var alltaf eitthvað, sem gerðist á seinustu stundu og kom í veg fyrir fund. Ég vona, að hv. þm. hafi mig afsakaðan, en þegar kveðjuathöfn í Nd. var lokið og kvöldmatur rétt að hefjast hjá venjulegum mönnum, gekk ég heim á leið og datt ekki í hug, að neitt mundi gerast eftir það í þessari ágætu n. En ég var sem sagt nýgenginn heim til mín að borða, þegar allshn. glaðvaknaði allt í einu eftir 5 vikna svefn og snaraði frá sér þremur málum á fáeinum mínútum. Og eftir situr sjónvarpsmálið í n. Það hefur aldrei verið tekið fyrir og ekki einu sinni lesið. Það virðist ljóst, að allshn. er ekki ætlað að hafa skoðun á þessu máli. Hún viðurkennir ekki, að málið hafi borizt til nefndarinnar.

Með hliðsjón af þessum vinnubrögðum verð ég að segja, að auðvitað hefði verið ólíkt skemmtilegra, ef meiri hl. n. hefði fylgt fordæmi hv. þm. Björns Pálssonar og flutt svo hljóðandi till.: „Alþingi ályktar, að sjónvarpsmálið skuli sofa áfram.“ Það hefði verið miklu viðkunnanlegri afgreiðsla á málinu. En því miður hafa menn ekki kunnað að meta hin góðu ráð þessa ágæta hv. þm.

Ástæðan til þess, að æðri máttarvöld hafa lagt svo mikla áherzlu á að svæfa málið, mun vera sú, eins og öllum er kunnugt, að bæjarstjórnarkosningarnar nálgast og Alþ. má ekki hafa neina skoðun á þessu máli fyrir kosningar. Ég vona þó, að þessi vinnubrögð tákni ekki, að það sé útséð um, að málið verði afgreitt á viðunandi hátt, þegar íslenzkt sjónvarp tekur til starfa.

Áður en ég skil við þetta mál, vil ég segja, að „á viðunandi hátt“ kalla ég það eitt, að íslenzk stjórnvöld taki afstöðu til málsins, taki aftur það leyfi, sem þau veittu fyrir 5 árum. „Á viðunandi hátt“ kalla ég það ekki, að hæstv. ríkisstj. fari að krjúpa frammi fyrir t. d. bandarísku sendiherranum eða bandarísku herstjórninni og biðji þá um að losa sig úr þeirri klípu, sem ríkisstj. hefur sjálf komið sér í. Ég ætla sem sagt að vona, að þessi áhugi á því að svæfa málið hér á Alþ. tákni ekki, að ríkisstj. ætli að fara þá leið, sem ég hef hér nefnt og ég tel algerlega vansæmandi fyrir hana.

Ég vil þá víkja að því máli, sem hér er á dagskránni. Eins og þar kemur fram, var ég ekki viðstaddur afgreiðslu málsins. Þær till., sem hér eru bornar fram, eru út af fyrir sig ágætar. Ég rak mig þó strax á það, að þessari till. er óeðlilega þröngur stakkur skorinn, þar sem aðeins eru teknir úr tveir landshlutar, en ekkert minnzt á ástand raforkumála í öðrum landshlutum. Ég þarf ekki að taka það fram, að ég styð eindregið þá till., sem hv. þm. Skúli Guðmundsson hefur lagt hér fram og fjallar um það, að allsherjarrannsókn fari fram í raforkuþörf landsmanna utan Reykjavíkur.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 19. Skipting landsins í fylki.

Á 26. fundi í Sþ., 9. febr., var útbýtt:

**Till. til þál. um skiptingu landsins í fylki, er hafi sjálfstjórn í sérmálum** [102. mál] (A. 221).

Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., var till. tekin til fyrri umr.

**Flm. (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Við hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) fluttum sams konar till. og þá, sem nú er tekin fyrir, á síðasta Alþ. Hún var eitt þeirra mála, sem þinginu vannst ekki tími til að afgreiða. Hins vegar er efni till. ekki síður brýnt, þó að eitt ár hafi liðið, jafnvel enn þá brýnna. Þess vegna er hún nú endurflutt af okkur sömu þingmönnum.

Till. fylgir allýtarleg grg., og leyfi ég mér að skírskota til hennar. Í fyrra fylgdi ég einnig till. úr garði með alllangri ræðu. Ég tel mig því geta verið fremur stuttorðan nú og þó einkum af þeirri ástæðu, að till. felur í sér það, sem er að verða samhugur um hjá þjóðinni, að nauðsyn beri til þess að finna ráð til þess að skapa það, sem ég vil kalla búseturó í landinu, leita skipulegra og heilbrigðra úrræða til þess að eyða orsökunum, er leitt hafa til allt of mikilla búferlaflutninga til eins landshluta.

Það veldur nú orðið, að mér virðist, engum ágreiningi milli flokka eða milli stétta þjóðfélagsins, að þessa þróun, sem átt hefur sér stað og yfir vofir í sívaxandi mæli að óbreyttum grundvelli, þurfi að hindra. Enginn vill, að hið íslenzka þjóðfélag verði borgríki, eða ég hef ekki orðið þeirra manna var, sem við það vilja kannast, að það sé æskilegt frá þeirra sjónarmiði. En hvað er ráðlegt að gera til að koma í veg fyrir þetta? Sú spurning er það, sem leita verður svara við og gera það strax, áður en enn þá meira sig-

ur á ógæfuhliðina en orðið er. Nóg hefur þegar hallazt.

Till. okkar hv. 3. þm. Norðurl. e. er um það að taka málefni þessi til rannsóknar frá rótum með það fyrir augum að leitast við að stemma á að ósi.

Ýmislegt hefur verið gert af Alþ. til að hjálpa landsbyggðinni í samkeppni hennar við höfuðborgarsvæðið um fólkið, sérstaklega atvinnulega. Í því sambandi má t. d. nefna starfsemi atvinnubótasjóðs og fjárframlög til hafna, fáfarinna vega, samgangna á sjó og almennrar rafvæðingar. Þetta er allt gott og blessað. En reynslan hefur samt sýnt, að þetta er ekki nóg. Þetta hefur þurft að gera, og þetta þarf að halda áfram að auka. En þó að það verði aukið, þarf annað líka. Það þarf að skipa þannig málum, að þjóðfélagskerfið sjálft vinni gegn borgríkismyndun. Nú vinnur þjóðfélagskerfið að borgríkismyndun, þótt enginn þegn þjóðfélagsins telji sig vilja það eða sé þar að verki í þeim tilgangi. Þetta er það hættulegasta við að láta bíða að gera það, sem að verulegu gagni mætti koma til mótvægis þróuninni, sem er svo hröð í áttina til borgríkis.

En hvað er hægt að gera? Ég ætla enga tilraun að gera í þessari ræðu að svara þeirri spurningu í einstökum atriðum. Það er margt hægt að gera til mótspyrnu þessari óheillaþróun og verður áreiðanlega margt að gera. Um einstök atriði á byrjunarstigi umr. er hægt endalaust að deila, og ég vil alls ekki á þessu stigi málsins stofna til slíkrar þrætu. Það mundi aðeins drepa aðalatriðinu á dreif að fara að deila um einstök atriði, þ. e. a. s. deila af þeim mönnum, sem eru sammála um, að hér sé vandi á ferðum, sem þurfi að finna ráð við.

Aðalatriðið er, að það þarf að fara fram gagnger athugun á því, og það strax, hvernig hægt er að skapa þær festur í þjóðfélaginu úti um land, að þær hamli á sem sjálfvirkastan hátt á móti hinu sjálfvirka aðdráttarafli höfuðborgarsvæðisins, að þær takist á við það afl, sem togar til höfuðborgarsvæðisins. Og slíka athugun þarf að gera af góðri yfirsýn. Þar þurfa að koma skýrt fram sjónarmið landshlutanna hvers um sig, þar á meðal höfuðborgarinnar. Og svo þarf að koma þar fram sjónarmið löggjafarþingsins og landsstjórnarinnar. Allir þessir aðilar verða að eiga fulltrúa, er starfi að umræddri athugun. Þar á að vega og meta hin einstöku atriði, deila um þau, ef svo vill verkast, hafna og velja með tilliti til þess, sem bezt hentar frá þýðingarmestu sjónarmiðunum og í samræmi við heildaraðgerðir.

Till. okkar hv. 3. þm. Norðurl. v. er um, að Alþ. skori á hæstv. ríkisstj. að skipa 10 menn í n. til þvílíkrar gagngerðrar athugunar. Varla getur nokkrum fundizt of miklu til kostað með þeirri nefndarskipun, svo mikið sem er í húfi. Við flm. teljum rétt, að mál þessi séu sett á odd, þannig að n. sé ætlað að rannsaka, hvort ekki sé rétt að skipta landinu í allstór svæði, er nefna mætti t. d. fylki, eða öðrum nöfnum, ef betri fyndust. Þessi svæði hugsum við okkur, að hafi sjálfstjórn í sérmálum, allt eftir því sem viturlegt þætti og samkomulag yrði um að rækilegri athugun lokinni. Fyrirmyndir þessa skipulags er að finna hjá frændþjóðum okkar Íslendinga, t. d. Norðmönnum og Svíum. Þeirra skipulag er sjálfsagt fyrir slíka n. að gaumgæfa.

Með því að stofna til rannsóknar á grundvelli fyrir sterkari samstöðu og samtök á hverju umræddu svæði en nú eru þar og hvað til þess þarf að koma þar upp eðlilegri og áhrifaríkri heimastjórn, er gengið miklu róttækar í þessi mál en hingað til hefur verið gert og á breiðara sviði. Með till. eru markaðar útlínur, og innan þeirra er því margt eða jafnvel allt, sem ýmsir hafa bent á að gera þyrfti, er miði til umbóta, en gengur skemmra en till. okkar. Kemur þá væntanlega til athugunar líka hjá n., verði hún skipuð, þetta allt, af því að það verður í leiðinni

Hugmyndin um fylkjaskipun fékk mikinn hljómgrunn hjá almenningi víðs vegar um land, þegar fjórðungssambönd Austfirðinga og Norðlendinga settu hana fram fyrir nálega tveim áratugum, að vísu nokkru umfangsmeiri en hér er gert. Og um langt skeið hafa fjórðungarnir austan, norðan og vestan haft hjá sér fundasamband, þar sem þeir hafa ályktað um sérmál sín. En sú samtakaviðleitni hefur enga stoð haft í lögum og því nánast verið aðeins til að gefa út viljayfirlýsingar, og þær viljayfirlýsingar hafa oftast orðið fokstrá á hærri stöðum. En þessi viðleitni hefur samt glögglega sýnt, að fólkið í fjórðungunum finnur til samtakaþarfarinnar, finnur, að sveitarfélög og sýslur eru of litlar heildir út af fyrir sig, eins og nú er komið, til að takast á við strauma þjóðlífsins og gæta hagsmuna fólksins. Í skjóli þeirra litlu heilda hefur fólkið ekki það félagslega öryggi og þá viðtæku samfélagsþjónustu, sem skapar því búseturó, sízt af öllu þá nærfærnu þjónustu, er sjálfstjórn í sérmálum veitir og þeir kunnáttumenn taka þátt í að skipuleggja, sem eru búsettir þar og hafa því heimasjónarmið, finna sjálfir, hvar skórinn kreppir, en horfa ekki frá skrifstofum í höfuðstaðnum á stað og stund.

Ráðstefna, sem stærri sveitarfélögin í Norðurlandsfjórðungi héldu á Akureyri s. l. vor og ætla að endurtaka með þátttöku smærri sveitarfélaganna eða sýslufélaga a. m. k. til þess að ræða málefni sín og stöðu sína í þjóðfélaginu, er lifandi tákn þess, að neðan frá rís nú vilji til svæðasamtaka, sem Alþ. á að mæta, a. m. k. með því að láta gera mjög rækilega athugun á því, sem till. þessi gerir ráð fyrir, hvort ekki eigi að stofna lögformlega til þess að skipta landinu í fylki með sjálfstjórn í ýmsum málum. Því yrði að fylgja mjög skipuleg og vel hugsuð dreifing valds og dreifing vísindalegrar og sérfræðilegrar þjónustu. Ef tækist að byggja upp sterkar og í mörgu sjálfstæðar svæðaheildir, mundi það efla búseturó í landinu, koma traustum fótum undir þjóðfélagið, gera ríkisheildina sterka, koma í veg fyrir, að þjóðfélagið vanskapist í borgarríki. Þetta er áreiðanlega þýðingarmikið og brýnt athugunarefni.

Till. þessari var eftir fyrri umr. í fyrra vísað til hv. fjvn., en n. vannst ekki tími til að afgreiða hana. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mun hafa sent n. jákvæða umsögn um till. Ég tel nú liggja þráðbeint fyrir að vísa till. á ný til fjvn., legg því til, herra forseti, að till. verði að þessari umr. lokinni vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 20. Endurskoðun á aðild Íslands að Atlantshafsbandalagi.

Á deildafundum 17. febr. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um endurskoðun á aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningi og Atlantshafsbandalagi** [120. mál] (A. 241).

Á 28. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

**Flm. (Gils Guðmundsson):** Herra forseti. Till. sú á þskj. 241, sem við flytjum þrír þm., snertir stórmál, einn hinn stærsta og umdeildasta þátt íslenzkra utanríkismála á síðari árum. Enda þótt svo sé, að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu hafi jafnan verið og sé án efa enn deiluefni mikið, tel ég ekki að þessu sinni ástæðu til að fara út í þá sálma, nema þá sérstakt tilefni gefist til. Hitt vil ég undirstrika, og ég vil leggja á það ríka áherzlu, að ég tel nauðsynlegt, að á Alþ. fari fram oftar og með skipulegri hætti en verið hefur málefnalegar umr. um utanríkismál eða a. m. k. einstaka mikilvæga þætti þeirra mála. Það er til að mynda fráleitt, að ekki skuli a. m. k. árlega fara hér fram umr. um málefni Sameinuðu þjóðanna og afstöðu Íslands til þeirra helztu mála, sem þar eru ofarlega á baugi hverju sinni. Hið sama gildir að mínu viti um aðild Íslands að Norðurlandaráði og þátttöku í störfum þess. Loks má segja, að aðild okkar að Atlantshafsbandalagi geri það eðlilegt og sjálfsagt, að um málefni þessa bandalags sé rætt öðru hverju á Alþ., skýrslur fluttar, sem síðan leiði til almennra umr. um þær hér á þingi. Ég tek algerlega og eindregið undir þau orð ýmissa hv. þm., sem fram hafa komið að undanförnu, að það á að gefa Alþ. skýrslur um alþjóðaráðstefnur og mikilvæga fundi, sem fulltrúar þings og þjóðar sækja. Og ég ítreka það, að umr. um utanríkismál og íslenzka utanríkisstefnu þurfa að verða hér tíðari en verið hefur og þær þurfa að komast í sæmilega fast og ákveðið form. En til þess að slíkar umr. geti orðið málefnalegar og líklegar til að bregða sæmilega skýru ljósi á viðhorf og stefnur, er í ýmsum tilfellum nauðsynlegt, að aflað sé upplýsinga og gagna og þau gerð alþm. aðgengileg. Það er ekki sízt með hliðsjón af því, sem ég hef nú sagt, að till. á þskj. 241 er flutt. Tillgr. sjálf er á þessa leið:

„Alþ. ályktar að kjósa 7 manna n. til að kanna, svo sem við verður komið, hvaða hugmyndir eru uppi meðal aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins um skipulag þess og framtíð. Jafnframt skal n. fjalla um afstöðu Íslands til Norður-Atlantshafssamningsins frá 1949, jafnt í ljósi fenginnar reynslu sem breyttra aðstæðna og þeirra upplýsinga, er fyrir liggja og fram kunna að koma um viðhorf aðildarríkja til samningsins. Skal n. með sérstöku tilliti til ákvæðis samningsins um uppsagnarheimild árið 1969 semja rökstudda grg. um málið og leggja hana fyrir næsta reglulegt Alþ.“

Þessi till. er flutt nú með sérstöku tilliti til þess, að eftir 3 ár rennur upp sú stund, að hvert aðildarríki Atlantshafsbandalagsins getur sagt upp samningi þeim, sem aðildin byggist á. Hinn svonefndi Norður-Atlantshafssamningur var undirritaður 4. apríl 1949 og gekk í gildi 24. ágúst sama ár. Í 12. gr. samningsins segir á þessa leið:

„Þegar 20 ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, getur hver aðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara talið frá afhendingu tilkynningar þess efnis til ríkisstj. Bandaríkja Ameríku, en hún skýrir ríkisstj. annarra aðila frá afhendingu slíkra tilkynninga.“

Við flm. þessarar till. teljum, að bæði frá sjónarmiði þeirra, sem voru fylgjandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalagi, og frá sjónarmiði okkar hinna, sem höfum verið og erum henni andvígir, sé eðlilegt, að nú sé gerð rækileg gangskör að því að endurskoða þessi mál öll, bæði með tilliti til fenginnar reynslu svo og með tilliti til breyttra viðhorfa í heimsmálum frá þeim tíma, sem samningurinn var gerður. Það ætti að vera keppikefli allra, að um þetta mikilvæga mál gætu legið fyrir sem gleggstar upplýsingar, svo að þær rökræður, sem hljóta að fara fram um íslenzka aðild að Atlantshafsbandalaginu í framtíðinni, geti byggzt á sæmilega traustum grunni og þá væntanlega orðið málefnalegri en ella mundi. Eitt er það enn, sem ætti að hvetja Alþ. til sérstakrar athugunar þessara mála nú og á næstu missirum. Þess hefur mátt sjá ýmis merki að undanförnu, að þjóðir þær, sumar a. m. k., sem standa að Atlantshafssáttmálanum og eru í Atlantshafsbandalaginu, hugleiða mjög stefnu sína og viðhorf gagnvart bandalaginu og virðast þess albúnar að taka hana til endurskoðunar. Það virðist til að mynda að fullu ljóst, að stjórnendur Frakklands eru þess næsta ófúsir að eiga aðild að bandalaginu í algerlega óbreyttri mynd. Vitað er, að uppi hafa verið og uppi eru deilur um það, hvort heimila skuli Vestur-Þýzkalandi íhlutunareða umráðarétt yfir hluta af kjarnorkuherafla bandalagsins. Frakkar eru þessu mjög andvígir. Þeir eru því mjög andvígir, að Þjóðverjum verði veittur slíkur réttur, en hins vegar liggur það fyrir, að Bandaríkin og e. t. v. fleiri aðildarríki bandalagsins virðast sækja það nokkuð fast, að orðið verði við kröfum Þjóðverja í þessu efni. Þetta stóra mál er enn óútkljáð, en á lausn þess kann að velta afstaða sumra aðildarríkja til frambúðaraðildar að Atlantshafsbandalaginu. Í Noregi og víðar hafa verið uppi umr. um Atlantshafsbandalagið, stefnu þess og framtíð. Má og gera ráð fyrir, að slíkar umr. eigi sér stað í vaxandi mæli, eftir því sem nær dregur þeim tíma, er Atlantshafssáttmálinn heimilar úrsögn.

Flm. þessarar þáltill. hafa frá upphafi verið algerlega andvígir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, og þeir eru það enn. Á hinn bóginn

hefur mikill meiri hl. Alþ. verið fylgjandi slíkri aðild. Enda þótt sú skoðun meiri hl. Alþ. kunni að vera óbreytt, tel ég og við flm. það fyllilega tímabært og í alla staði mjög eðlilegt, að Alþ. afli sér sem víðtækastra og haldbeztra upplýsinga og gagna um þetta mál allt frá sem flestum hliðum. Hér er einungis til þess ætlazt, að slík gagnasöfnun verði framkvæmd, til þess að þær ákvarðanir, sem teknar verða í nálægri framtíð um aðild Íslands að bandalaginu eða úrsögn þess úr því, verði reistar á sem raunhæfustum forsendum. Það sé a. m. k. tryggt, svo sem við verður komið, að helztu efnisatriði málsins liggi fyrir, svo að enginn þurfi að velkjast í vafa um þau. Þetta eru að vísu sjálfsögð vinnubrögð í hverju stórmáli og þá ekki sízt í máli, sem djúpstæðum ágreiningi hefur valdið og líklegt er til þess að hafa áhrif á örlög þjóðarinnar jafnvel um ófyrirsjáanlega framtíð.

Við flm. leggjum til, að Alþ. kjósi 7 manna nefnd til að vinna það rannsóknarstarf, sem till. fjallar um. Segja má að vísu, að ef allt væri með eðlilegum hætti um störf utanrmn., hefði fyllilega komið til mála að fela henni slíkt verkefni, og raunar mætti segja, að þess konar gagnasöfnun varðandi viðamikil utanríkismál ætti að vera eitt af verkefnum slíkrar n. og hún hefði sjálfkrafa frumkvæði að því. En það er nú kunnara en frá þurfi að segja, að utanrmn. hefur næstum því verið lögð niður, nema þá rétt að nafninu til, og tel ég það vissulega til lítils sóma fyrir Alþ. og til fullkominnar vansæmdar fyrir þann þingmeirihl., sem að slíkri ráðabreytni stendur eða hefur staðið. En þó að mér sé nú ekki fullkunnugt um, hvort utanrmn. virðulegs sameinaðs Alþingis er lífs eða liðin, vil ég nú gjarnan, að á þetta reyni, og legg þess vegna til, að till. þessari verði nú að lokinni fyrri umr. vísað til utanrmn.

**Utanrrh. (Emil Jónsson):** Herra forseti. Ég skal fylgja fordæmi hv. flm. till. og láta vera að ræða aðalefnisatriði þessa máls, þ. e. a. s. um Atlantshafsbandalagssamninginn sjálfan og aðild Íslendinga að honum, heldur eingöngu með nokkrum orðum ræða þessa till., sem hér liggur fyrir. Hv. flm. las hana upp, og aðalatriði hennar er, að Alþ. kjósi 7 manna n. til þess að kanna, hvaða hugmyndir eru uppi meðal aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins um skipulag þess og framtíð. Þetta er annað atriðið. En jafnframt skal n. fjalla um afstöðu Íslands til Norður-Atlantshafsbandalagsins og gera till. um hana. Þetta er hitt atriðið, og þetta er hvort tveggja náttúrlega allnokkurt verkefni.

Mér er þó ekki fyllilega ljóst, hvað fyrir hv. flm. vakir. Þeir lýsa yfir, að þeir séu andvígir þátttöku eða aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og þeir séu þeirrar skoðunar nú, eins og þeir hafi verið. Hins vegar finnst mér, að í þessari till. felist, að það sé leitað upplýsinga um, hvaða hug menn hafa, aðildarríkin hafa, um framhald á starfsemi bandalagsins og þátttöku þeirra í því, þ. e. a. s. mér finnst það vera að nokkru leyti að kanna, hvort um endurskoðun á samningnum verði að ræða, og skil ég það þá þannig, að hv. flm., ef ekki fæst hér samkomulag eða samþykkt á því, að Ísland dragi sig úr bandalaginu, vildu þeir taka til athugunar einhverja endurskoðun á samningnum. Nú eru í samningnum, í 12. gr. hans, ákvæði um endurskoðun, ef um hana væri að ræða eingöngu, og hún er heimil, eftir að 10 ár eru liðin frá gildistöku samningsins, svo að þessi endurskoðunarósk hefði getað komið fram 1959, og hún er heimil, eftir að þessi 10 ár eru liðin, hvenær sem er. Hins vegar er það rétt, sem hv. flm. sagði, að 1969 eða eftir að 20 ár eru liðin frá gildistöku samningsins er möguleiki til þess að losa sig við aðildina. Og mér finnst, að það sé ekki gott að gera upp á milli, hvað það er, sem vakir fyrir flm., hvort þeir vilji að einhverju leyti, að það sé tekin upp umr. um endurskoðun, ef ekki fæst samþykkt úrsögn úr bandalaginu.

Um þetta er sjálfsagt hægt að fá upplýsingar. En hins vegar er það ljóst af grg., að það fer ekki á milli mála, hvað þessir hv. þm. vilja. Þeir vilja, að Ísland segi sig úr því, og lýsa því greinilega yfir í grg. Nú er um þessa aðild að Atlantshafsbandalaginu samningur frá 1949, en svo er líka í gildi samningur við Bandaríkin um varnir Íslands á vegum Atlantshafsbandalagsins, svo að auðvitað verður þá að taka hann til athugunar einnig, ef um endurskoðun er að ræða. Nú er það líka rétt, sem hv. flm. sagði, að ég teldi eðlilegt, að utanrmn. yrði falið þetta verkefni, ef á að samþykkja það, en það yrði ekki kosin í þessu skyni sérstök n. Og ef það vakir fyrir flm., að hér sé einungis um úrsögn úr bandalaginu að ræða, hef ég þá skoðun, og ég held, að það sé skoðun allrar ríkisstj., ég megi fullyrða það, að hún hafi ekki tekið neina ákvörðun um úrsögn úr bandalaginu 1969 né gert ráðstafanir til þess, að það verði gert, þannig að ef um það atriði er að ræða, er enginn vafi um afstöðu ríkisstj. til þess. Hins vegar tel ég sjálfsagt, að ef um einhverja endurskoðun væri að ræða, yrði það mál athugað.

Nú er það að segja um endurskoðunina, að það eru haldnir af og til fundir fulltrúa þessara aðildarríkja, og þar hefur verið rætt um endurskoðun á samningnum, en án þess að þar sé um aðila að ræða, sem getur komið til greina með að taka neina ákvörðun, heldur er það aðeins ráðgefandi starfsemi, sem þar fer fram. Um gagnasöfnun eða upplýsinga held ég, að það sé ekki þörf á því að setja sérstaka n. til þess. Við höfum hjá Atlantshafsbandalaginu fastan fulltrúa, sem tekur þátt í öllum fundum ráðsins, og hann hefur svo sent skýrslur um þessa fundi, sem mestallt eru trúnaðarskýrslur að vísu og ekki hægt að birta. En það hefur ekki komið fram í þeim, svo að ég muni a. m. k., síðan ég tók við þessu starfi, að það hafi þar verið rætt um — hvorki um endurskipulagningu á bandalaginu né heldur að nokkurt ríki hafi viljað segja sig úr því, þannig að gagnasöfnun í málinu er að þessu leytinu, vil ég segja, óþörf, vegna þess að það hefur enginn betri aðstöðu til þess að afla gagna heldur en einmitt þessi fastafulltrúi okkar í ráðinu, sem situr alla fundi og sendir utanrrn. skýrslur um þessi fundarhöld vikulega eða með mjög stuttu millibili.

Það hefur verið orðað, að önnur lönd hefðu einhverjar till. uppi um endurskoðun eða jafnvel úrsögn. Ég man nú ekki, hvernig það er orðað í grg. hjá hv. flm., en það hefur sérstaklega verið

talið, að Frakkar mundu vilja athuga mjög náið þátttöku sína í bandalaginu og ekki vera aðilar að því lengur, ef ekki fengist á því gerð veruleg breyting. Þetta eru að vísu blaðafregnir og ekki gott að segja, hversu mikið er til í þeim. En út af fréttunum um það, að Noregur væri að gangast fyrir einhverju varnarbandalagi Norðurlanda og mundi segja sig úr NATO, þá hefur því verið algerlega mótmælt og ekki talinn neinn fótur fyrir.

Ég tel þess vegna, að þessi nefndarskipun sé meira og minna óþörf og raunar alveg óþörf, því að utanmrn. og fastafulltrúi okkar hjá Atlantshafsbandalaginu geti annazt það, sem þýðingu hefur í þessari till. og gert er beinlínis ráð fyrir, að athugað verði, ef það kemur til framkvæmda.

Umr. frestað.

Á 30. og 31. fundi í Sþ., 9. og 16. marz, var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 23. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

**Ragnar Arnalds:** Herra forseti. Áður en mál þetta fer til n., langaði mig til að segja um það fáein orð. Umr. um það var heldur stutt fyrra sinnið.

Þessi till., sem flutt er af þm. Alþb., fjallar um það, að Alþ. kjósi 7 manna n., og er þessari n. einkum ætlað að fjalla um afstöðu Íslands til Norður-Atlantshafssamningsins. Það er í stuttu máli tilgangur till., að n. semji rökstudda grg. um afstöðu Íslands til samningsins og um þær hugmyndir, sem uppi kunna að vera meðal aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins um skipulag þess og framtíð.

Hæstv. utanrrh., sem talaði hér fyrir þremur vikum um þetta mál, taldi, að nefndarskipun þessi væri algerlega óþörf. Utanrrh. sagði, að við Íslendingar hefðum fastafulltrúa hjá Atlantshafsbandalaginu og það hlyti að nægja okkur hvað þessa upplýsingasöfnun snerti. Hann gaf einnig í skyn, að það væri heldur lítið að gerast í þessum málum og lítilla breytinga að vænta á skipulagi bandalagsins. Eins og hv. alþm. mun flestum kunnugt, var hæstv. utanrrh. heldur seinheppinn í þetta sinn, því að síðan utanrrh. hélt sína ræðu, hefur Frakkland, fjölmennasta ríki Atlantshafsbandalagsins í Evrópu, sagt endanlega skilið við bandalagið, þótt það sé að vísu aðili þess enn um sinn og þá einungis að nafninu til. Þessi miklu tíðindi koma þó ekki beinlínis á óvart. Þeir, sem eitthvað hafa fylgzt með heimsmálum, vita, að Atlantshafsbandalagið hefur verið í upplausn nú hin seinni ár.

Ég held, að menn ættu að geta verið mér sammála um, að hugsunarháttur kalda stríðsins er nú á förum. Í stuttu máli sagt var það fyrst og fremst Rússagrýlan, sem hrinti okkur á sínum tíma í fangið á Atlantshafsbandalaginu. Í dag er ástandið þannig, að leitun er að þeim stjórnmálamanni í Evrópu, sem heldur því fram í fullri alvöru, að Vestur-Evrópu stafi árásarhætta af Sovétríkjunum. Ég tók eftir því í Morgunblaðinu nú fyrir 2 dögum, að haft er eftir Adenauer, fyrrum kanzlara V.-Þýzkalands, að Sovétstjórnin hafi nú sannað friðarvilja sinn og skipað sér í röð með þeim þjóðum, sem óska friðar í heiminum. Morgunblaðið bætir því við, að Adenauer, fyrrum kanzlari, hafi alla tíð verið einn hatrammasti andstæðingur kommúnismans. Ég ætla ekki að fara að rökræða hér sérstaklega um friðarvilja Sovétríkjanna. En þetta ætti að gera öllum mönnum ljóst, að ástandið er gerbreytt frá því, sem áður var. Og ef ástandið er gerbreytt, hlýtur það að leiða til endurskoðunar á þeim aðgerðum, sem áður voru í frammi hafðar.

Stjórnmálamenn í Danmörku og Noregi úr ýmsum flokkum eru nú alvarlega að hugleiða, hvort ekki væri rétt, að þjóðirnar segðu sig úr Atlantshafsbandalaginu árið 1969. Það er óþarfi að rekja þær umr. hér, en óhætt er að segja, að jafnvel þm. úr flokki danskra jafnaðarmanna og flokki róttækra hafa opinberlega komið fram með slíkar hugmyndir. Sænskir stjórnmálamenn hafa varpað fram hinni gömlu hugmynd um varnarbandalag Norðurlanda, og vitað er, að undirtektir í Danmörku og Noregi hafa alls ekki verið neikvæðar, þótt lítið hafi verið sagt um það mál opinberlega.

Enda þótt hæstv. utanrrh. hafi fyrir hálfum mánuði reynt að láta líta svo út, eins og lítið væri að gerast í málefnum bandalagsins, þykist ég vita, að hann muni ekki reyna það í dag. Ég held því, að hverjum manni hljóti að vera það ljóst, að slík n. hefur mikið og merkilegt starf að vinna. — Ég skal nú reyndar viðurkenna, að mér er ekki alveg fyllilega ljóst, hver er utanrrh. í dag. Er það hæstv. menntmrh., sem er það? Ég geri ráð fyrir því, vegna þess að tilkynnt hafði verið, að utanrrh. væri farinn til útlanda fyrir einni viku. — Ég geri hins vegar ráð fyrir því, að hæstv. menntm.- og utanrrh. muni halda því fram, að fastafulltrúi okkar Íslendinga hjá Atlantshafsbandalaginu geti annazt þessa upplýsingasöfnun, þótt svo hann viðurkenni, að margt og merkilegt sé að gerast í þessum málum einmitt þessa mánuðina.

Í rauninni var það dálítið einkennilegt, að hæstv. utanrrh. skyldi ekki segja hér í umr. á dögunum, að réttast væri að fela þetta verkefni utanrmn. En ástæðan er auðvitað sú, að það er ætlun hans og annarra ráðherra að halda þeirri þn. óvirkri enn um sinn, eins og hún hefur verið um langa hríð, og með því brjóta ótvíræð lagaákvæði, sem þeir hafa sjálfir sett. Þeir neita sem sagt að hafa samráð við utanrmn. í sambandi við öll mikilvæg utanríkismál, eins og ótvírætt segir í lögum.

Fyrir nokkrum dögum gerðist það, að aðildarríki Atlantshafsbandalagsins utan Frakklands lýstu yfir stuðningi sínum við bandalagið. Ísland var eitt þessara ríkja. Var utanrmn. þingsins kvödd saman, eins og lög mæla fyrir og sjálfsagt hefði verið? Mér er ekki kunnugt um það. Ég held, að ég geti leyft mér að segja, að svo hafi ekki verið. Hins vegar var pukrazt með málið í þremur þingflokkum og án þess að Alþ. kæmi þar nokkurs staðar nærri. Og hvernig var það: Var yfirlýsingin, sem gefin var af Íslands hálfu í þetta sinn, samin á Íslandi? Áttu þingflokkarnir þess kost að ræða orðalag yfirlýsingarinnar í samræmi við sérstöðu Íslendinga, í samræmi við hugsanlega fyrirvara, sem rétt hefði verið að setja þar, eða í samræmi við hugsanlegt orðalag,

sem fremur hefði átt að einkenna afstöðu okkar Íslendinga til málsins? Nei, þessi yfirlýsing var samin erlendis. Hún var samin af útlendingum, og þingflokkunum var ekki ætlað neitt annað hlutverk en að beygja höfuð sitt í auðmýkt. Eða hvaða val áttu þeir? Ef þeir hefðu hikað, ef þeir hefðu viljað hafa frekari fyrirvara og þess vegna ekki samþ. hina aðsendu yfirlýsingu, hvað hefði þá gerzt? Það hefði auðvitað verið litið á það sem hreint vantraust þeirra á NATO. Þetta hefði vakið heimsathygli. Ísland hefði þar með skorizt úr leik, og ég er anzi hræddur um, að þeir hafi ekki treyst sér til þess að ganga svo langt. Þeir áttu sem sagt ekkert annað val, ef þeir vildu ekki óhlýðnast yfirboðurum sínum í NATO. En ég nefni þetta dæmi. Þannig eru vinnubrögðin í utanríkismálunum. Þannig er hið margumtalaða lýðræði NATO-flokkanna.

Ég vil í fullri vinsemd benda hæstv. utanrrh. á, að till., sem hér liggur fyrir, er um það, að Alþ. kjósi nefnd. Það á ekki að kjósa neina leyninefnd, ekki neina pukurnefnd, heldur koma á n. af hálfu þingsins og þá um leið þjóðarinnar, sem skili áliti til þingsins og til þjóðarinnar. Ég vil spyrja: Hvenær hefur það gerzt, að þessi margumtalaði fastafulltrúi hjá Atlantshafsbandalaginu, sem utanrrh. talaði sem mest um hér seinast, — hvenær hefur það gerzt, að hann hafi gefið þinginu skýrslu? Jafnvel hæstv. utanrrh. og fyrirrennarar hans gefa Alþ. aldrei skýrslu um eitt eða neitt ótilkvaddir. Það þarf meira að segja að draga upp úr þeim sjálfsögðustu hluti. Ég minnist þess, að hér í fyrra leyfði ég mér að bera fram fsp. um kjarnorkuflota Atlantshafsbandalagsins. Utanrrh. varð stórmóðgaður, að þm. skyldi vera að fetta fingur út í slíka hluti, sem kæmu honum einum við. Eins er um sendimenn á ráðstefnur Atlantshafsbandalagsins. Hvenær gefa þeir þjóðinni skýrslur um ferðir sínar? Hvenær gefa þeir Alþ. skýrslu? Nei, það er auðvitað sorgleg staðreynd, sem allir þekkja, að á undanförnum árum hefur verið farið með utanríkismál þjóðarinnar eins og einkamál viðkomandi ráðh.

Það kom glöggt fram í ræðu ráðh., og hann viðurkenndi það, að upplýsingasöfnun þessa fastafulltrúa hjá Atlantshafsbandalaginu væri oft og tíðum trúnaðarmál, sem ekki mætti gefa upp. Hann viðurkenndi sem sagt, að þessi upplýsingasöfnun gæti ekki orðið að neinu gagni fyrir Alþ. Það er augljóst mál. Ég held, að við munum báðir vera sammála um það, hæstv. utanrrh. og ég, að í landinu eigi að vera lýðræði. Ég held, að við getum báðir verið sammála um, að ákvarðanir í utanríkismálum hafa oft verið teknar á mjög ólýðræðislegan hátt á undanförnum árum. Kröfum um þjóðaratkv. hefur ævinlega verið neitað á örlagaríkustu augnablikum. Þannig var það með Keflavíkursamninginn á sínum tíma, og þannig var það með Atlantshafsbandalagið, enda þótt þingið hefði ekkert umboð til að gera slíka samninga nema leita áður eftir dómi kjósenda, en þá voru þingmenn að gera samþykktir, sem gengu þvert gegn öllum fyrri kosningaloforðum. Það var svo aftur á móti þannig, eins og allir vita, árið 1951, þegar herinn kom, að þá var ekki einu sinni haft fyrir því að leita eftir áliti þingsins. Þá var stjórnarskráin hreinlega brotin.

Nei, ég held, að við hljótum að vera sammála um, að þessi vinnubrögð hafa ekki verið til fyrirmyndar. Þeim þarf að breyta. Ég hef verið að vona, að hæstv. utanrrh., Emil Jónsson, sem er nýr í starfi, mundi e. t. v. innleiða ný vinnubrögð í þessum efnum, og ég vil enn leyfa mér að halda í þá von. Þess vegna vil ég treysta því, að ríkisstj. stuðli að því, að þessi till. fái sæmilega afgreiðslu í n. og hún verði samþ., svo að Alþ. fái tækifæri til að íhuga þessi mikilvægu utanríkismál á lýðræðislegan hátt.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Ég álít, að virðing þingsins og sjálfsvirðing þeirra þm., sem tilheyra þeim flokkum, sem hafa staðið með Atlantshafsbandalaginu fram að þessu, liggi við, að þeir sýni núna þann mannskap að hugsa um þessi mál. Það er nú nokkur tími þangað til ákvarðanir á að taka, hvort Atlantshafsbandalagið skuli halda áfram eða ekki, og þeir þm., sem voru hér 1949, þegar gengið var í Atlantshafsbandalagið, fengu ekki mikinn tíma til þess að hugsa. En nú geta menn tekið sér þennan tíma, og ég vil skírskota til manna að nota hann.

Þegar gengið var í Atlantshafsbandalagið, var þm. yfirleitt ekki gefin nein aðstaða til þess að íhuga þetta mál, varla að ræða það. Því síður var mönnum gefin aðstaða til þess að athuga málið í n. Um hánótt var því máli vísað til utanrrmn., og það var haldinn einnar mínútu fundur. Engar venjulegar rannsóknir fóru fram, engar umr. fengust, engin plögg voru lögð fyrir. Það átti að píska málið í gegn, án þess að Alþ. Íslendinga fengi nokkuð um þetta mál að vita raunverulega.

Nú stöndum við brátt, 20 árum eftir þann atburð, frammi fyrir því að eiga að taka ákvarðanir, hvort við ætlum að losna úr þessu bandalagi eða ekki — eða því, sem eftir kann að verða af því þá. Og það er nauðsynlegt, að við förum í tíma að athuga þessi mál, útvega okkur upplýsingar um þau. Það er ekki verjandi gagnvart kjósendum í landinu að ganga þannig að þessu máli, að menn hafi ekkert um það hugsað. Næstu kosningar, sem fara fram til Alþingis á næsta ári, gera út um, hvaða afstaða verður tekin, og Alþ. og þjóðin eiga heimtingu á því, að menn hafi eitthvað íhugað þessi mál og viti eitthvað, hvað sé að gerast, en trúi ekki bara einum eða tveim foringjum í hverjum flokki.

Ég held þess vegna, að það væri mjög heppilegt, að við ræddum þessa þáltill., og ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að mér þótti leitt, að það skyldi enginn verða til þess af þeim, sem fylgja Atlantshafsbandalaginu, að hefja umr. um þetta, því að grunur minn er sá, að reynt verði að leggjast á þetta mál, þegar til n. kemur, og afgreiða það ekki. En það eru alveg að verða ófær vinnubrögð, sem setja þingið lengra og lengra niður, bæði í áliti sjálfs sín og annarra, ef þannig á að hafa það áfram.

Ég ætla ekki að fara hér út í að endurtaka neitt af því, sem verið hefur aðaláróðursatriðið í sambandi við Atlantshafsbandalagið þessi 20 ár: grýlan um kommúnismann og allt saman slíkt, um árásarhættu að austan og annað þess háttar. Það, sem við skulum einbeita okkur að núna, er að athuga það ástand, sem nú er í Evrópu, og

það ástand, sem nú er í heiminum og hvaða afstöðu Ísland eigi að taka í því, þannig að þau mál verði betur hugsuð en var 1949.

Hvað er það, sem er á seyði nú úti í Evrópu og hefur verið þó nokkurn tíma? Við skulum gera okkur ljóst, að þetta, að Frakkland dregur sig raunverulega út úr hernaðarsamvinnunni, það er afleiðing af ihugunum, sem hafa farið fram um mörg undanfarin ár, og þeirri breytingu, sem verið hefur að gerast á síðustu 10 árum. Það er vitanlegt, að með því að Frakkland fer raunverulega út úr hernaðarsamvinnu NATO, er grundvöllurinn hernaðarlega séð fyrir Atlantshafsbandalagi á meginlandi Evrópu brostinn. Og það munu ekki vera neinir hernaðarsérfræðingar, hvorki bandarískir né aðrir, sem halda því fram, að þær hernaðarfyrirætlanir, sem þeir hafa verið með fram að þessu, varnirnar, sem hugsaðar voru, standist lengur, eftir að það hefur gerzt. Við skulum segja, að það kunni að gerast svo á eftir, að þar að auki verði gerður griðasáttmáli á milli Frakklands og Sovétríkjanna. Þá fara menn að sjá, hvert þetta er að fara, að NATO er að byrja að leysast upp, og sú upplausnarþróun kemur til með að ganga mjög hratt fyrir sig nú á næstu mánuðum og árum.

Það, sem þarna er undirstaðan, er ekki aðeins það, að menn hafa uppgötvað það, Adenauer, eins og hv. síðasti ræðumaður minntist á, og margir fleiri af raunsæjum stjórnmálamönnum Evrópu, að þetta, sem byggt hefur verið á, hættan að austan hefur verið ýmist grýla eða er það nú, heldur er það annað, sem hefur gerzt. Valdahlutföllin á milli hins evrópska hluta Atlantshafsbandalagsins og hins ameríska hluta þess hafa gerbreytzt á þessum árum, alveg eins og efnahagshlutföllin á milli þessara aðila hafa gerbreytzt. Aðstaða Bandaríkjanna, sem var yfirgnæfandi á efnahagssviðinu um 1949, er miklu veikari nú, aðstaða Frakklands og landanna á meginlandi Evrópu aftur á móti miklu sterkari en þá var, og það eru þessi valdahlutföll á efnahagssviðinu samfara uppbyggingunni í þessum löndum, sem fá nú útrás á sviði hernaðaraðstöðunnar og koma endanlega fram í því, að Frakkland segir raunverulega skilið við hernaðarsamvinnuna í NATO. En það er fleira, sem gerzt hefur í þessu sambandi. Bandaríkin eru í vaxandi mæli að einangrast í heiminum. Stjórnlist eða hvað menn vilja kalla það, það, hvernig Bandaríkjunum er stjórnað í utanríkismálum, er að einangra þau meira og meira frá öllum bandamönnum þeirra í Evrópu. Það hefur lengi verið kunnugt, að stjórnmálamenn Bandaríkjanna hafa yfirleitt ekki þótt sérstakir listamenn á sviði utanríkismála, og nú er það alveg greinilegt, að þeim, sem gegna samsvarandi störfum í Evrópu, er farin að ofbjóða afstaða þeirra í þessum málum. Það er það, sem stundum er kallað heimsstjórnlist Bandaríkjanna, það er þessi afstaða þeirra að ætla að skipta sér af öllu, sem fram fer í heiminum, sletta sér fram í hvað sem gerist í hverju landi og þykjast alls staðar öllu eiga að ráða, sem er að gera það að verkum, að þeir eru að festa sig og geta ekki losnað, þar sem þeir af lítilli fyrirhyggju og mikilli frekju hafa fest sig, eins og við skulum segja í Vietnam, og eiga kannske eftir að gera á fleiri stöðum á eftir. Það er þetta, sem stjórnmálamönnum Evrópu innan Atlantshafsbandalagsins ofbýður meira og meira og vilja ekki lengur eiga það á hættu að vera drifnir inn í hinar og þessar styrjaldir, sem fávitrir stjórnendur Bandaríkjanna kunna að flækja eða reyna að flækja sína bandamenn inn í.

Hins vegar er rétt fyrir okkur Íslendinga að athuga það, og því vil ég undirstrika nauðsynina á því að fara að hugsa þessi mál snemma, að við komum til með að verða í alveg sérstaklega slæmri aðstöðu, þegar Atlantshafsbandalagið leysist upp. Ég var mikill andstæðingur þess, að við gengjum í Atlantshafsbandalagið, og mér hefur verið ljóst allan tímann, hvaða hættur hafa verið fólgnar í því. En mér er alveg ljóst, að það geta orðið enn þá meiri hættur, sem yfir okkur dynja, um það leyti sem Atlantshafsbandalagið leysist upp, og það er alveg nauðsynlegt, að allir Íslendingar reyni að gera sér ljóst, hvað það er, sem kann að bíða okkar, þegar þannig fer.

Ég hef vakið máls á því nokkrum sinnum undanfarið, að ég væri hræddur um, að þegar Atlantshafsbandalagið leystist upp, mundu Bandaríkin gera tilraun til þess að ná Íslandi sérstaklega undir sín áhrif, undir Bandaríkjanna áhrif beint, án þess að nokkurt Atlantshafsbandalag væri um að ræða. Við vitum, að Bandaríkin byrjuðu með því 1949, 1. okt., áður en Atlantshafsbandalag var til, áður en farið var að tala um nokkra baráttu gegn kommúnismanum eða verndun lýðræðisins, heimtuðu þau þrjár herstöðvar á Íslandi undir sín eigin yfirráð algerlega, undan íslenzku fullveldi, afgirt svæði af Íslandi, sem yrði raunverulega bandarískt land. Það tókst að fá það fram þá, að því var neitað. En það sýndi, að Bandaríkin sem stórveldi voru á því að knýja fram herstöðvar sér til handa á Íslandi um svo að segja ótakmarkaðan tíma eingöngu með tilliti til sinna eigin stórveldishagsmuna, alveg án tillits til allra mögulegra hugmyndafræðilegra átaka eða verndar Evrópu eða nokkurs slíks. Og þessu megum við ekki gleyma, að stórveldishagsmunir Bandaríkjanna hafa áður komið þannig fram gagnvart okkur, að þau hafa gert kröfu til þess að ráða yfir þessu landi, og við vitum ósköp vel, hvað það var, sem þar bjó á bak við. Við vitum ósköp vel, að þegar þeir Churchill og Roosevelt hittust út af Atlantshafsbandalaginu til þess að semja um aðstoð Bandaríkjanna við Bretland, og Bretar fengu sína 50 tundurspilla, þá var samið um það um leið, að allar brezkar herstöðvar í brezkum nýlendum í Vesturheimi yrðu afhentar Bandaríkjunum til 99 ára, og þá eru öll líkindi til og mun vafalaust eiga eftir seinna að koma í ljós, þegar þau skjöl verða birt, sem til hljóta að vera í þeim efnum, þá munu Bandaríkin um leið hafa gert kröfu til þess að fá Ísland inn á sitt yfirráðasvæði og fá slíkar herstöðvar hér og Bretastjórn svarað því, að það væri að vísu ekki á hennar valdi að ráða slíku, en hún gæti hins vegar gengið inn á að afhenda Ísland úr sínu yfirráðasvæði og inn á það ameríska með því að knýja það fram, að íslenzk ríkisstj. bæði um ameríska vernd. Og það var gert í júnílok 1941.

Við vitum þess vegna, að stórveldishagsmunir Bandaríkjanna, þegar burt er séð frá öllu At-

lantshafsbandalagi og öllu slíku, þeir hafa áður heimtað það, að Ísland yrði sérstaklega á þeirra yfirráðasvæði, og ég fékk að vita það nú, að einn aðaltrúnaðarmaður de Gaulles Frakklandsforseta, einn aðalhernaðarsérfræðingur hans, hefur fyrir nokkru, — ég fékk að sjá það í opinberu svissnesku blaði, — komið fram með hugmyndir, sem munu vera hugmyndir de Gaulles um, hvernig þróunin yrði á næstunni um þau landssvæði, sem nú tilheyra Atlantshafsbandalaginu eða eru í Atlantshafsbandalaginu. Þær hugmyndir, sem þessi náni trúnaðarmaður de Gaulles setti fram, voru þær, að það mundu rísa upp tvö hernaðarbandalög í stað Atlantshafsbandalagsins. Annað bandalagið mundi samanstanda af 4 ríkjum. Hann taldi þau upp með nafni: Bandaríkin, Kanada, Ísland og England. Þetta bandalag, sem yrði eins konar — í þrengri merkingu þess orðs — Norður-Atlantshafsbandalag, yrði annars vegar það, sem þarna tæki við algerlega undir yfirdrottnun Bandaríkjanna, sem hugsaði sér England og Ísland sem svo að segja sína skildi. Hitt bandalagið, meginlandsbandalag Evrópu, yrði Frakkland, Vestur-Þýzkaland, Benelux-löndin, Ítalía og Spánn. Hins vegar yrðu þau lönd, sem ekki eru í þessum tveim hernaðarbandalögum, Danmörk og Noregur annars vegar, Portúgal, Tyrkland og Grikkland hins vegar, utan við þessi tvö hernaðarbandalög. Það er nokkurn veginn greinilegt, að það, sem við, fáfróðir í þessum málum, höfum óttazt undanfarið og reynt að vekja nokkra athygli á, eru sem sé hugmyndir, sem eru efst á baugi hjá helztu hernaðarsérfræðingum þess, sem enn þá heitir Atlantshafsbandalag. Það eru þeir menn, sem gleggst reyna að gera sér hugmyndir um, hvað muni verða. Þeir hugsa eingöngu út frá hernaðarlegu sjónarmiði í þessum efnum. Þeir eru þegar farnir að ræða og skrifa um þessi mál. Ég mundi ekki óska eftir því, að hverjir þeir sem ættu að sitja hér á þingi 1969 ættu að taka ákvörðun út frá einhverjum svipuðum forsendum, eins og menn voru knúðir til að taka ákvörðun 1949, að menn vissu yfirleitt ekki neitt, hvað það væri, sem menn væru að greiða atkv. með, heldur væri á síðustu stundu komið með eitthvert plagg til þeirra og sagt: Þetta eigið þið að samþykkja. Ég mundi ekki vilja óska eftir því, að þeir menn væru í þeirri aðstöðu, að Bandaríkin kæmu svona álíka og þau komu 24. júní 1941 og segðu við ríkisstj.: Nú verðum við að fá samning við ykkur um, að þið af frjálsum vilja gangið inn á, að Ísland geri þetta og þetta innan 24 klukkutíma. — Þess vegna álít ég nauðsynlegt, að menn þori sem hugsandi menn að ræða um þessi mál, þetta sé ekkert feimnismál, og þó að við séum illa að okkur í öllu, sem heitir hernaðarlist og hernaðarþarfir og annað slíkt, þá reynum við af okkar litlu þekkingu að gera okkur hugmyndir um þetta og fræðast um það, eftir því sem við getum. Þess vegna er það eins eðlilegt og hægt er, að n., eins og er lagt til í þessari þáltill., sé skipuð og látin vinna, látin virkilega afla sér upplýsinga. Mér er ekki kunnugt um, að sú upplýsing, sem ég var að gefa hér áðan, hafi verið gefin af t. d. fulltrúum Íslands hjá NATO. Ef svo er, verðum við upplýstir um það, að hún væri a. m. k. ekki neitt leyndarskjal, svo að það hefði verið óhætt að trúa þm. fyrir slíku.

Við skulum gera okkur ljóst, að svo hættulegt sem var fyrir okkur að mínu áliti að vera í Atlantshafsbandalaginu, á meðan mestur háskinn var, að af hálfu Bandaríkjanna yrði lagt út í landvinningastyrjaldir í þeim efnum og við þannig flæktir inn í þau, yrði hitt enn þá háskalegra að vera knýttir saman við Bandaríkin, eftir að Evrópuríkin, sem hafa miklu raunsærri stjórnendur en Bandaríkin, væru losuð þar út úr. Bandaríkin sýna svo ótrúlega óforsjálni í þessum efnum, að ef við hugsuðum um þessi mál verulega, ættum við að vilja losa okkur við það að vera flæktir inn í þeirra aðgerðir. Við heyrum bara, hvað menn eins og ábyrgustu ráðh. Norðurlanda, Danmerkur og Noregs, segja nú þegar í þessum efnum í sambandi við Vietnam, og sjáum, að það muni vera lítil löngun til þess hjá forustumönnum hinna ýmsu ríkja Atlantshafsbandalagsins á meginlandi Evrópu að bera neina ábyrgð á ævintýrum Bandaríkjastjórnar í slíku efni. Sízt af öllu ættum við Íslendingar að kæra okkur um það, að við yrðum flæktir inn í það, sem Bandaríkin nú virðast vera að búa sig undir að eiga þátt í, sem sé að um leið og friðvænlegar líti út í Evrópu og líkindi séu til þess, að Evrópuríkin yfirleitt geti komið sér vel saman, og meira að segja að væri hægt að leggja niður hernaðarbandalög í Evrópu, muni eflast að sama skapi sú árátta hjá Bandaríkjastjórn að skipta sér af öllu því og það með hernaðarihlutun, sem gerist í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. M. ö. o.: þegar þessar nýlendur, sem Evrópumenn áður voru búnir að skipta upp á milli sín, þegar þeir réðu svo að segja yfir öllum heiminum, — þegar þær eru að verða pólitískt frjálsar og vilja reyna með miklum harmkvælum og erfiðleikum að feta sig áfram til þess að hrinda af sér líka yfirdrottnun þeirra auðhringa, sem enn þá hafa tök á þeim, ætli Bandaríkin sér að skipta sér af því, í hvert skipti sem þeim finnst pólitík þessara nýju ríkja ekki vera að sínu skapi, m. ö. o.: þá eigi það hernaðarbandalag, sem Bandaríkin ætla að skapa sér, að verða eins konar varðhundur um auðhringana í heiminum og þeirra ítök í því, sem einu sinni voru nýlendur, og þá væri það hörmulegt, ef við Íslendingar ættum að vera í þeirri aðstöðu að verða slíkur hvolpur í slíku varðhundakerfi Bandaríkjanna. Við, sem áður höfum verið í 600 ár nýlenda og vitum, hvað það er, ættum þá að fá að ljá lið okkar til þess, þótt lítið væri, að reyna að gera auðhringum Bandaríkjanna og þeirra herveldi mögulegt að reyna að endurreisa svo að segja nýlendukúgunina í þeim ríkjum heims, sem eru að reyna að brjótast undan henni. Það er þetta, sem mundi bíða okkar, ef svona færi. Og ég álít það vera nauðsynlegt, að hv. þm. hafi opin augu fyrir þessum möguleikum, og þeir gefi sér tíma til þess, áður en næstu kosningar fara fram og áður en kemur árið 1969, þegar við höfum rétt til þess að fara úr Atlantshafsbandalaginu, að vera búnir að hugsa þessi mál á þeim grundvelli, að fyrir þeim liggi allar þær upplýsingar, sem hægt er að fá um þessi mál, en ekki bara á þeim grundvelli, að einhverjir foringjar þeirra segi þeim: Þetta hérna eigið þið að gera. Nú eigið þið að hlýða.

Ég vil þess vegna eindregið óska þess, að menn sýni Alþ. og framtíðarverkefni þess þá virðingu

í þessum efnum að ræða þessa þáltill., láta hana ekki aðeins fara til n., heldur líka láta hana koma úr n. og þora að afgreiða hana, taka afstöðu um það, hvort menn eigi að gera það vitandi vits, sem menn gera í þessum málum, eða hvort menn eigi bara að heyra og hlýða.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 32 shlj. atkv.

---

Á 38. og 41. fundi í Sþ., 20. og 27. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 241, n. 510 og 515).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 21. Reikningsskil hinna rændu þjóða við þær ríku.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um, að Ísland beiti sér á þingi Sameinuðu þjóðanna fyrir tillögum um reikningsskil hinna rændu þjóða við þær ríku** [125. mál] (A. 250).

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 30. fundi í Sþ., 9. marz, var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Einar Olgeirsson):** Herra forseti. Ég vil vona, að hv. þm. hafi nokkuð litið á þessa till. til þál., svo að ég skal byrja með að gera grein fyrir, hvers vegna ég flyt hana.

Ég býst við, að það verði litið svo á af allflestum mönnum, sem fylgjast með í heimsstjórnmálum nú, að eitt allra alvarlegasta vandamálið, sem uppi sé til úrlausnar, sé ástandið hjá þeim þjóðum, sem almennt með veiku orðalagi eru kallaðar þróunarlöndin eða kenndar við þróunarlöndin. M. ö. o.: ástandið er þannig, að hjá um 1500 millj. manna í veröldinni af þeim þjóðum, sem byggja Suður-Ameríku, Afríku og Asíu, ríkir stöðugur sultur og hungurdauði á sér stað hjá miklum fjölda þessara þjóða. Jafnvel telja ýmsir, að þessar þjóðir telji upp undir 2000 millj. eða upp undir ⅔ hluta mannkynsins.

Þau lífskjör, sem þessar þjóðir búa við, eru í dag bæði frá almennu mannúðarlegu og frá pólitísku sjónarmiði eitt mesta vandamál veraldarinnar. Og ef við kynntum okkur t. d., hvað okkar frændþjóðir á Norðurlöndum svo að segja fyrst og fremst ræða í sínum stjórnmálum, er það afstaðan til þessara þjóða og hvað hægt sé að gera t. d. af hálfu Norðurlanda til þess að breyta róttækt um það ástand, sem þar ríkir. Af hálfu Sameinuðu þjóðanna hefur þetta mál verið þó nokkuð rætt og ýmsar ráðstafanir gerðar. En ástandið, sem er í þessum málum í dag og gefur mér tilefni til að flytja þessa till., er þannig, að raunverulega fer þetta ástand versnandi. Læknisvísindunum hefur fleygt það mikið fram, að það fer fjölgandi þeim hluta mannkynsins, sem þarna býr, en hins vegar fara lífskjörin, sem þetta fólk á við að búa, versnandi og það þrátt fyrir ýmiss konar aðstoð, sem þar er veitt. Það er rétt að taka það fram, að t. d. á þeim fundum, sem haldnir hafa verið að tilhlutan Sameinuðu þjóðanna, eins og t. d. á þeirri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem átti sér stað í Genf um verzlun og hagfræðilega þróun í heiminum 1964, voru gefnar upplýsingar af aðalritaranum, sem sýndu, hvernig viðhorfið er núna um þessar þjóðir. Það mundi þýða, ef haldið væri áfram með ekki meiri árangri en gert hefur verið undanfarið, að það mundi taka frá 80—200 ár fyrir þessar þjóðir að komast á það stig lífskjara, sem t. d. vissar Vestur-Evrópuþjóðir eiga við að búa. M. ö. o.: þær kynslóðir, sem nú eru uppi í þessum þróunarlöndum, sjá fram á, að svo fremi sem ekki verði alger breyting á þeirri pólitík, sem hinar ríku þjóðir í heiminum reka, eiga þær ekki neina von á, meðan þær lifa, — og mannsaldurinn er varla yfir 30 ár hjá þeim, þó að hann sé 70 ár hér, — eiga þær ekki von á því, meðan þær lifa, né þeirra börn að sjá verulegar umbætur á þessu ástandi.

Það er talað allmikið um aðstoðina, sem þessum þjóðum er veitt. Það er talað um á Norðurlöndum, að það þyrfti helzt að stefna að því, — við skulum segja, t. d. Svíarnir hafa talað um það, — að 1% af þeirra þjóðartekjum rynni til þessara þróunarlanda. En ástandið er það eftir skýrslu þessa aðalritara á vegum Sameinuðu þjóðanna, að af 47 milljarða dollara aðstoð, sem þessar þjóðir hafa fengið á undanförnum 10 árum, hafa þær tapað 13 milljörðum dollara á því, að verðlagið frá þessum þjóðum á þeirra hráefni hefur lækkað og verðið á iðnaðarvörunum, sem þær kaupa frá þeim ríku þjóðum Evrópu og Ameríku, hefur verið hækkað. Og enn fremur hafa þær borgað til baka um 21 milljarð dollara sem vexti og afborganir af lánum, sem þær hafa fengið, þannig að af þessum 47 milljörðum dollara, sem þessar þjóðir hafa fengið sem aðstoð á undanförnum 10 árum, hefur aðeins ¼, tæpur ¼ hluti, orðið eftir hjá þessum þjóðum til þess að einhverju leyti að reyna að bæta þeirra kjör. Meginið af þessum þjóðum lifir við lífskjör, þar sem meðaltekjur á mann eru 100—200 dollarar eða 4—8 þús. kr. miðað við íslenzkt fé, og getur hver maður gert sér í hugarlund, hvernig þau lífskjör muni vera, á sama tíma sem ég býst við, að okkar meðaltekjur hér muni vera milli 1 og 2 þús. dollarar á ári á mann, — ég þori ekki að segja nákvæmlega, hvað það er, — þannig að þetta sultarlíf, sem þessar þjóðir lifa við, er raunverulega svívirðing fyrir þær ríku þjóðir heims, að það skuli vera látið viðgangast á 20. öld með allri þeirri tækni, sem mannkynið hefur, með þeim draumum, sem mannkynið hefur nú um að fara svo að segja að nema land á öðrum hnöttum, skuli á þessum hnetti sífellt fjölga því fólki, sem sveltur. Það deyja á dag 30 þús. börn úr hungri og hungursjúkdómum hjá þessum þjóðum, sem hægt væri að forða frá þessum dauða. Það er samkv. skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Og menn hafa vafalaust orðið

varir við það, að jafnvel á hverjum jólum eru seld hér jólakort, gefin út af þessari barnahjálp, þar sem stendur á, að það að kaupa lítið jólakort geti hjálpað til þess að seðja í nokkra daga eitt af þeim börnum, sem hungurdauðinn blasir við.

Ástandið hjá þessum þjóðum er því þannig, að frá mannúðarlegu sjónarmiði séð er ekki hægt fyrir neina þjóð og sízt af öllu þjóð eins og okkar, sem sjálf hefur, bara afar okkar og ömmur, kynnzt ástandi, sem er svipað og þessar þjóðir bjuggu við, við þurfum ekki að fara nema aftur til 1850, þegar af 10 börnum lifði aðeins eitt í fjölskyldu, til þess að sjá, hvernig sá barnadauði var, sem við áttum þá við að búa, þannig að við þurfum ekki að líta langt til baka til þess að skilja, hvernig þessum þjóðum muni vera innanbrjósts, sem nú búa við þetta ástand. En við aftur á móti höfum á skömmum tíma sótt fram til tiltölulega góðra lífskjara, og við ættum sannarlega að geta komið fram svo að segja fyrir þeirra hönd og með skilningi á þeirra vandamálum, þegar við látum til okkar taka á þingi þeirra sameinuðu þjóða.

En það er ekki aðeins frá mannúðarlegu sjónarmiði, sem það er skylda okkar að ræða þessi mál og hugsa um þau. Það er líka beinlínis frá pólitísku sjónarmiði hyggilegt fyrir þær þjóðir, sem byggja Norður-Ameríku og Evrópu, að láta þessi mál miklu meira til sín taka en nú er gert. Það er að verða stór breyting á veröldinni, sem við gerum okkur ekki ljósa, en þeir menn, sem mest hugsa um þetta, ræða mjög ýtarlega, Gunnar Myrdal, sá kunni sænski hagfræðingur, gerði grein fyrir því fyrir ári, að mannfjölgunin í þessum löndum mundi um 1990 hafa leitt til þess, að í þessum þróunarlöndum mundi mannfjöldinn vera um 3 milljarðar eða álíka og allt mannkynið er nú. Það er raunveruleg sprenging, sem á sér stað í veröldinni, það er stökkbreyting, sem á sér stað hvað mannfjölgunina snertir, og hún er svo gífurleg hjá þessum þjóðum, að allt hlutfall, sem átt hefur sér stað í veröldinni undanfarna áratugi og jafnvel aldir, kemur til með að gerbreytast á næstu 10 og ég tala nú ekki um 20 árum.

Danskur verkfræðingur hefur skrifað eina þá harðvítugustu viðvörunarbók, sem ég hef lesið um þessi mál og gefin var út af norsku útgáfufyrirtæki fyrir ári. Þessi verkfræðingur heitir Gunnar Andreasen, borgaralegur verkfræðingur í Danmörku, sem auðsjáanlega hefur kynnt sér þessi mál ákaflega mikið. Bók hans heitir „Eftir 20 ár". Hann gerir í þessari bók grein fyrir því, sérstaklega með því að rannsaka aðstöðu þriggja helztu stórvelda heims, Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Kína, hvernig þróunin muni verða orðin eftir 20 ár. Og hann segir, að ef vesturlönd haldi áfram eins og þau geri í dag og þróunin í heiminum og þróunin hjá þeim, munu þau raunverulega eftir 10 ár vera orðin takmörkuð alveg og þeirra vald við Norður-Evrópu og Ameríku og eftir 10 ár í viðbót muni þessi tvö svæði, Norður-Ameríka og Evrópa, vera eins og eyjar í heimi, þar sem 80% íbúanna lifi í þjóðfélögum, sem meira eða minna hafi mótazt af því núverandi Kína. Ég skal taka það fram, að það er ákaflega langt frá, að þessi maður sé nokkuð nærri kommúnistum. Hann er alveg sérstakur aðdáandi Marshall-hjálparinnar og er í sinni bók sérstaklega að gera grein fyrir till. sínum um, að það verði að endurtaka hlut eins og Marshall-hjálpina viðvíkjandi þróunarlöndum heims, en gerir um leið ákaflega kritíska grein fyrir, hve gersamlega vanmáttugar allar þær aðferðir séu, sem vesturlönd beiti nú sem stendur í þessum efnum, og dregur upp myndina af því, hvernig ástandið muni vera eftir 1—2 áratugi, þegar forríkar, þröngsýnar og eigingjarnar þjóðir Evrópu og Norður-Ameríku muni sitja sem hverfandi lítill minni hluti í veröldinni á sínum auðæfum og allt í kringum þær muni vera margfalt fjölmennari, blá fátækar og hungrandi þjóðir, og þá verði þetta vandamál það, sem yfirgnæfi allt annað í veröldinni.

Ég skal ekki fara út í þetta. En það væri kannske þörf á því stundum, að við án allra pólitískra hleypidóma reyndum að gera okkur nokkra grein fyrir, hver sú þróun er, sem er að verða í heiminum í dag. Það er rétt fyrir okkur að gera okkur um leið grein fyrir því, hverjir eiga sökina á þessu ástandi. Við skulum minnast þess, og við þekkjum það bezt sjálfir, að allar þessar þjóðir í Suður-Ameríku, Afríku og Asíu hafa verið rændar áratugum og öldum saman. Við hér í Evrópu og seinna meir Norður-Ameríku höfum ráðizt á þessar þjóðir, við höfum lagt þær undir okkur, einmitt okkar fremstu lýðræðisríki, sem við nefnum í okkar daglega tali, þegar við viljum tala fallega, England fyrst af öllu, höfuðland þingræðisins, Frakkland, Þýzkaland, Spánn, Portúgal og önnur slík. Við þessar hvítu þjóðir Evrópu skiptum öllum heiminum upp á milli okkar á undanförnum öldum, rændum þennan heim, réðumst á hann með árásarstyrjöldum, brutum þessar þjóðir á bak aftur, af því að við vorum vel vopnaðir ræningjar og þær voru frumstæðar þjóðir. Við byrjuðum á þessu, strax og við fundum Afríku, með þrælaveiðunum og öðru slíku, og þeir amerískir þjóðmegunarfræðingar, sem rannsakað hafa þá hluti, sýna bezt fram á, hvernig bara strax með þrælaveiðunum öll sú menning, sem þá var til í Afríku, var brotin á bak aftur og eyðilögð og þjóðunum hrundið niður í villimennsku. Við verðum að gá að því, að meira að segja sú landafræði og saga, sem við höfum lært í skólunum, er fölsuð af þeim þrælaveiðurum og ræningjum, sem hafa látið skrifa hana. Okkur hefur lengi verið talin trú um, að þessar þjóðir hafi verið einhverjar frumstæðar þjóðir. Það væri rétt eins og verið væri að telja okkur trú um, að við hefðum enga menningu átt á 11. og 12. öld. Ghana var menningarríki í Afríku á 11. og 12. öld, þar sem sendiboðar frá Spáni og Portúgal gátu komið til fagurra borga, steinlagðra stræta og hitt fyrir sér höggmyndalist, sem átti engan sinn líka í veröldinni nema þá grísku, sem stóð henni framar. Menning þessara landa var gersamlega brotin niður. Það er fyrst í dag, sem sagnaritarar Bretlands eru að umskrifa sögu Afríku þannig, að þeir sýni fram á, hvers konar menning þar þreifst og hvernig hún hafi ekki aðeins í Mið-Afríku, heldur einnig í Suður-Afríku, verið brotin niður af Evrópuþjóðunum, sem þarna komu, rændu þjóðunum sjálfum, seldu þær mansali og hröktu þær síðan burt, rændu þær jörðum þeirra, settust þar að

og gerðu þær að sínum þrælum. Við verðum að muna, að það tjón, sem Evrópuþjóðirnar hafa valdið þessum þjóðum, er margfalt meira en sá gróði, sem Evrópuþjóðirnar hafa haft af þeim, og er hann samt mikill. Þegar 200 millj. manna var rænt í Afríku og fluttir til Ameríku, kom ekki einu sinni fjórðungurinn af því að gagni sem lifandi kvikfénaður svo að segja í þrælaríkjum Ameríku þá, hitt deyr á leiðinni eða er drepið, þegar verið er að ræna því. Það er eins og með okkur, þegar Skúli Magnússon var að reikna út, hverju við hefðum tapað á einokunarverzluninni, og komst þá að þeirri niðurstöðu, að það væri á ákveðnu tímabili, — hann reiknaði ekki nema eitthvað 150 ár, — um 6 millj. ríkisdala, en tók það fram um leið, að gróði dönsku kaupmannanna væri samt ekki nema brot af því, við hefðum tapað svo miklu meira en því, sem þeir græddu. Og eins hefur það verið með þessar þjóðir. Evrópuþjóðirnar hafa bakað þeim ægilegt tjón fyrir utan allar þær hörmungar, sem þær hafa yfir þær leitt, og þó að þær hafi grætt mikið, er tjón hinna þjóðanna þó enn þá meira.

Þegar nú þessar þjóðir hafa fengið að mestu leyti pólitískt frelsi, — og þó ekki allar: Portúgal, bandamaður okkar í Atlantshafsbandalaginu, heldur áfram að myrða og drepa í sínum nýlendum, sem þeir hafa gert að hluta af Portúgal, eins og Danmörk gerði við Grænland, og Suður-Afríka býr við það þrælahald, að mennirnir, sem rændu jörðunum þar, eins og danskt konungsvald rændi jörðunum, sem kaþólska kirkjan átti á Íslandi, þessir ræningjar sitja enn að þessum ránsfeng. Og ef þeir halda því áfram, eiga þeir að öllum líkindum eftir að leiða yfir þær þjóðir, sem þeir stjórna, eitthvert ægilegasta blóðbað, sem veröldin hefur þekkt, ef ekki tekst að koma viti fyrir þá hvítu yfirstétt þar í landi. Í dag, þegar hvítu þjóðirnar hafa að miklu leyti sem sé sleppt þeim pólitísku völdum þarna, sumpart tilneyddar, en sumpart af þeim pólitísku hyggindum, sem sérstaklega hafa alltaf einkennt þá brezku yfirstétt, sleppt þeim til þess að reyna að halda efnahagslegu ítökunum, heldur það ástand áfram, að hringarnir í Evrópu og Norður-Ameríku fella verðið á þeim vörum, sem fluttar eru út frá þessum löndum, og hækka í sífellu verðið á þeim iðnaðarvarningi, sem þær sjálfar selja til þeirra. Við skulum aðeins minnast þess, sem einn af sérfræðingum ríkisstj. upplýsti okkur um nú nýlega í sambandi við Ghana. Ghana er einn mesti kakaóframleiðandi veraldarinnar. Verðið á kakaó var fallið um helming, það hefur ofurlítið hækkað aftur síðustu mánuðina. Það eru þrír hringar, sem kaupa allt það kakaó. Stærsti hringurinn er Nestle-hringurinn svissneski, sem er aðaleigandinn í Findus, fiskhringnum, sem er að leggja undir sig hraðfrystifiskiðnað Norðmanna. Þessir hringar fella verðið á hráefnum þessara landa. Þeir hækka verðið aftur, aðrir hringar, á þeim iðnaðarvörum, sem þeir selja til þeirra, og þannig tökum við til baka, eins og ég gat um áðan, ¾ af allri þeirri aðstoð, sem þessum löndum er veitt. Og ef þessi lönd og þessar þjóðir ætla að ganga lengra, ef þær vilja fá að eignast sínar eigin auðlindir, ef þær vilja fá að eignast sínar eigin jarðir, eins og við Íslendingar fengum í gegn með friðsamlegu móti, þegar þær jarðir, sem við nú köllum þjóðjarðir, voru afhentar Íslendingum, ef þær vilja fá að eignast námurnar í sínum eigin löndum, sem við Íslendingar slógum eign okkar á, þegar við öðluðumst sjálfstæðið, og álitum alltaf okkar eign, kostar það ægilegar blóðsúthellingar hjá þessum mönnum. Við þurfum ekki nema líta til Kongó, þar sem aðalfrelsishetja þessarar þjóðar, Lumumba, er myrtur vegna þess, að hann vill reyna að tryggja þessu landi yfirráð, ekki aðeins stjórnarfarsleg, heldur líka efnahagsleg, yfir sínum eigin auðlindum, þar með þeim ríku úraníumnámum, sem Kongó býr yfir, sem gerir það að verkum, að þeir voldugu belgísku hringar, sem áttu þetta allt saman áður og hafa að bakhjarli ameríska auðvaldið og áhuga þess fyrir úraníum við kjarnorkuframleiðslu, skipulögðu Tsjombe, kvislinginn í Kongó, til þess að skapa það ástand með aðstoð herforingja og málaliðs, sem nú ríkir í því landi. Þeir auðhringar, sem hafa arðrænt þessar þjóðir, hafa ekki hugsað sér að sleppa tökunum á þeim, þó að ríkisstj. þessara landa gefi þeim stjórnarfarslegt frelsi. Og baráttan, sem kemur til með að standa auðsjáanlega nú næstu áratugi, verður á milli þessara auðhringa og þeirra málaliða og þeirra herforingja, sem þeir kaupa með sér, kannske stundum með aðstoð ýmissar leyniþjónustu, eins og CIA í Bandaríkjunum, og þess fólks, sem vill fá að eignast sitt eigið land og njóta sjálft auðæfa þess. Og við sjáum, hvað það kostar, þegar slíkar þjóðir reyna slíkt, sjáum það í Víetnam, þar sem sú hrausta þjóð og fátæka hefur átt, eftir að vera kúguð nýlenduþjóð af Frökkum, í 20 ára frelsisstyrjöld við Frakka, Japani og Bandaríkjamenn og verður nú að þola það svívirðilega árásarstríð, sem Bandaríkjastjórn stendur þar fyrir með öllum þeim morðum, sem í sambandi við það eru framin, allt vegna þess eins, að þessi þjóð vill fá að vera frjáls og var búin að fá samninga og fyrirheit um það 1945.

Við sjáum þess vegna, að við stöndum þarna frammi fyrir stórkostlegasta vandamáli veraldarinnar nú á tímum, svo fremi sem ekki er tekið í taumana og reynt að koma viti fyrir og stöðva þá auðhringa Norður-Ameríku og Evrópu, sem ýmist með ríkisstj. sínum eða án þeirra standa fyrir því að reyna að halda þessum þjóðum niðri. Jafnt mannúð sem stjórnvizka býður þess vegna þjóðum Evrópu og Norður-Ameríku að reyna að afstýra þeim ægilegu átökum, sem hljóta að koma upp af því ástandi, sem nú er, ef ekki er tekið í taumana í tíma. Það er tiltölulega auðvelt verk fyrir þær ríku þjóðir Norður-Ameríku og Evrópu að byggja upp löndin, hin svokölluðu þróunarlönd, sem þessar rændu þjóðir byggja. Það er hægt með öllu mögulegu móti, allt frá því að útvega þeim tiltölulega frumstæðar vélar, sem við mundum kalla. Við höfum nýlega lesið um það, þar sem Íslendingar hafa verið að starfi hjá þessum þjóðum, hvað eins einfaldur hlutur eins og bátavél getur þýtt fyrir þær þeirra, sem fiskveiðar stunda. Og við getum hugsað okkur, hvernig það er hægt að gerbylta matvælaframleiðslu þessara þjóða, þar sem 60—90% af þeim víðast hvar lifa af landbúnaði einum saman. Amerískur bóndi, sem settist að hjá einni af þeim þjóðum,

þar sem einu sinni var kallað Indó-Kína, sýndi fram á, en mætti litlum skilningi, að það var hægt á tiltölulega fáum árum að leysa mjög mikið af hungurvandamálum þessara þjóða bara með stórfelldri hænsnarækt, kenna þeim framleiðslu á hænsnum og því kjöti og þeim eggjum, sem þeim fylgja. En sendiráð Bandaríkjanna, eins og sagt hefur verið frá í víðkunnri amerískri bók, hafði mun meiri áhuga á stórkostlegum vegalagningum í þessum löndum, sem gátu komið að gagni, ekki aðeins fyrir bíla, heldur líka fyrir skriðdreka og annað slíkt, heldur en fara að athuga um svona einfalda hluti.

Það er ekki aðeins í einföldum hlutum, sem hægt er að hjálpa þessum þjóðum stórkostlega. Það er líka hægt að koma upp hjá þeim spítölum, skólum og verksmiðjum til að vinna úr þeirra hráefnum og öðru slíku. Og þetta er allt saman tiltölulega auðvelt fyrir þjóðir Norður-Ameríku og Evrópu, þegar við sérstaklega hugsum út í það, að Bandaríkin, ríkasta landið af öllum þessum, hagnýta ekki sína miklu framleiðslugetu í dag nema 60—70% og stöðva meira að segja sína eigin þróun í landbúnaði og verðlauna menn fyrir að minnka það ræktaða land til þess að koma í veg fyrir það, sem þeir kalla offramleiðslu á matvælum, á meðan meiri hluti mannkynsins hungrar. Það er þess vegna tiltölulega einfaldur hlutur að framkvæma slíka atvinnubyltingu hjá þessum meiri hluta mannkynsins, að á 10—20 árum væri hægt að gerbreyta þeirra lífskjörum.

En spurningin er: Hvernig á að gera þetta, með hvaða aðferðum eigum við að gera þetta? Það hefur fram að þessu fyrst og fremst verið talað um tvær aðferðir og tvær aðferðir framkvæmdar. Sú fyrri er gjöf til þessara þjóða. Mörg ríki í Evrópu og Norður-Ameríku hafa gefið mjög mikið til þessara þjóða. Það er náttúrlega góðra gjalda vert og ber að meta það, það er oft gert af góðum hug. Sérfræðingur hæstv. ríkisstj., sem ég talaði nýlega við, sagði mér t. d. frá því, að í þessu landi, sem ég minntist á áðan, í Ghana, hefðu Danir af góðvilja sínum gefið þeim lýðháskóla, sem þeir hefðu byggt. Því miður vantaði bara allar forsendur til þess að geta starfrækt þann lýðháskóla í svipuðum anda og með svipuðum aðstæðum og Danir með svo góðum árangri vegna síns háa menningarstigs og lífskjara hafa getað hagnýtt slíkar stofnanir. Ríkar þjóðir hafa verið að gefa þeim alls konar fallegar stofnanir og góðar. Venjulega hefur borið nokkuð mikið á því, að þessar þjóðir, hverjar sem þær eru, vildu láta nokkuð mikið á því bera, að þær væru að þessu, og raunverulega ætlast til, að til þeirra væri alveg sérstaklega litið með þakklæti vegna slíks. Og það hefur satt að segja oft orðið þess vart, að slíkar þjóðir, slík ríki hafi ýmsa pólitíska bakþanka, þegar slíkt er gert. Það er máske ekki láandi. Við vitum ósköp vel, að í stjórnmálum heimsins hefur átt sér stað mikið kapphlaup á milli ýmissa þjóða, sem standa þar á öndverðum meiði, um vináttu þessara þjóða, og gjafir eru nú sem fyrr eitt af því, sem þykir heppilegt hjá þeim ríku til þess að reyna að vinna góðvild þeirra fátæku. En hjá mörgum þessara þjóða særa slíkar gjafir þeirra metnað. Þær eru nýlega orðnar frjálsar, og þær tala máske líkt og núv. forsrh. gerði, þegar farið var að tala um Marshall-hjálpina, að við Íslendingar, sem erum stolt þjóð, mundum, þegar um hana væri að ræða, vera veitendur, en ekki þiggjendur. Það var það mikið stolt rétt eftir lýðveldisstofnunina, líka hjá hæstv. forsrh. núverandi. En það fór nú öðruvísi. Sumar þessar gjafir, sem gefnar eru til þessara þjóða, — stjórnendur þeirra eru misjafnir, rétt eins og hér í Evrópu og Norður-Ameríku, og fara misjafnlega með þetta, — sums staðar hefur því verið að bregða við, að jafnvel væri mikið af slíkum gjöfum notað jafnvel til að búa þessar þjóðir vel að her og herútbúnaði, og jafnvel ekki örgrannt um stundum, að gefendurnir hafi sérstaklega til þess ætlazt, að slíkar gjafir yrðu notaðar í slíku skyni. Ég held þess vegna, að þótt gjafirnar séu oft gefnar af góðum hug, en séu líka oft leikur í því pólitíska tafli í veröldinni, sé það engan veginn heppilegt form, hvorki fyrir þá, sem gefa, upp á að ná þeim tilgangi, sem ætlazt er til, né heldur vegna þeirra, sem þiggja.

Annað form, sem haft hefur verið þarna á, eru lánin. Lánin hins vegar hafa verið veitt yfirleitt, sérstaklega af Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu, með þeim vöxtum, sem þykja eðlilegir í þeim löndum, 4—5% vöxtum, sem þýðir, að svo og svo mikið af gjaldeyristekjum þessara fátæku þjóða fer í að borga til baka afborganir og vexti af þessum lánum. Og það hafa á efnahagsráðstefnunum t. d. um Suður-Ameríku, líka þeim, sem samband amerísku ríkjanna hefur haldið, verið gefnar mjög eftirtektarverðar upplýsingar um, hve mikið það er, sem þessar þjóðir verða að borga til baka í vöxtum og afborgunum. Það er máske ekki öllum þm. ljóst, en þeir hagfræðingar, sem bezt hafa rannsakað aðstæðurnar um lán og fjárfestingu í því, sem áður voru nýlendur hinna hvítu þjóða, hafa komizt að þeirri niðurstöðu, þveröfugt við það, sem oft er haldið fram í áróðursskyni, að Evrópa hafi verið að flytja út til þessara þjóða fjármagn til þess að þroska þær, að Evrópa hefur yfirleitt ekki flutt út fjármagn til þessara þjóða, heldur rænt frá þessum þjóðum fé, sem þar hefur margfaldlega ávaxtað sig, þannig að Evrópa og þær þjóðir, sem þarna hafa ráðið, hafa getað með drottnun sinni yfir þessum þjóðum margfaldað auð þar, lifað að nokkru leyti sjálfar af þeim auði, og margfaldað hann í þessum löndum.

Arðránið, sem Evrópuþjóðirnar í gegnum aldirnar og áratugina hafa framkvæmt á þessum þjóðum, hefur verið hrottalegt. Þess eru dæmi, að auðmagn, sem lagt hefur verið í þessar nýlendur, hafi gefið upp undir 100% arð á ári, þó að það sé náttúrlega óeðlilegt. Til þess eru dæmi um ýmis fyrirtæki. Það að lána þessum þjóðum þýðir þess vegna að láta þau ríki, sem lána, ná vissum tökum á þeim og knýja þessar þjóðir til að borga þau lán til baka. Ég álít þess vegna, að það séu hvorki gjafir né lán, sem þessar þjóðir þurfi. Það, sem væri eðlilegast að þessar þjóðir fengju frá þjóðum N.-Ameríku og Evrópu, er endurgreiðsla, eins konar skaðabætur á því tjóni, sem þessar þjóðir hafa valdið nýlenduþjóðunum um áratugi og aldir. Slík endurgreiðsla mundi hafa þann kost, að hún særði ekki metnað þessara nýfrjálsu þjóða. Það er hægt að taka við

slíkri endurgreiðslu, og þær munu segja: Þetta er það, sem við eigum rétt á, og við þurfum engum að lúta vegna þess, að við höfum fengið þetta greitt. Í öðru lagi, að slík endurgreiðsla gefur ekki aðstöðu til þess að skapa fjárhagsleg, efnahagsleg eða pólitísk ítök hjá þessum þjóðum, a. m. k. ekki ef hún væri veitt í því formi, sem ég legg til. Í þriðja lagi mundi slík endurgreiðsla gera það eðlilegt vegna þess, hve það er raunverulega flókið að eiga að fara að reyna að meta á einhvern hátt ýmist þann gróða, sem hinar ríku þjóðir hafa haft af hinum fátæku, eða það tjón, sem þær hafa valdið þeim, þá gerir hún það eðlilegt, að það væri sameiginleg alþjóðleg stofnun, eins og Sameinuðu þjóðirnar, sem ráðstafaði þessari endurgreiðslu og yrði þá raunverulega sá aðili, sem á vissan máta miðlaði á milli þeirra ríku þjóða og þeirra fátæku.

Ég skal strax geta þess, að það er lítill vandi fyrir þjóðirnar í N.-Ameríku og Evrópu að veita stórfé til þessara fátæku þjóða, svo ríkar eru þær. Það hefur verið talað um, t. d. af þeim manni, sem lagði til að reyna að koma á eins konar Marshall-hjálp fyrir þessar þjóðir, að það væru um 25 milljarðar dollara á ári, sem veitt væri til þeirra og mundi gerbreyta þeirra lífskjörum. Aðeins hernaðarútgjöld þjóðanna í N.-Ameríku og a. m. k. hluta af Evrópu eru um 125 milljarðar dollara á ári. Bandaríkin ein, ef ég man rétt, hafa í hernaðarútgjöld um 65 milljarða dollara á ári, og mun vera hækkað nú, því að þessar tölur eru miðaðar hjá mér við þær bækur, sem ég hef stuðzt við, og þá fyrir svo sem tveim árum. Ef ég man rétt, voru Bandaríkin að hækka enn þá sín framlög í því skyni nú nýlega, og framleiðsluverðgildi bara hinna vestrænu þjóða er um 1000 milljarðar dollara á ári og vex um 40 milljarða dollara á ári, þannig að ríkidæmi og framleiðslugeta hinna vestrænu þjóða t. d., svo að við tökum aðeins þær, er slíkt, að það er tiltölulega auðveldur hlutur, ef aðeins væri hægt að skapa um það samstarf, að leggja fram, án þess að þær fyndu til þess, fé til að bæta úr, ekki aðeins brýnustu þörfum, heldur gerbylta lífskjörum þessara frumstæðu þjóða. Og ég vil minna á, að hvenær sem lagt hefur verið út í slíkt, — við skulum bara taka dæmi af Marshall-hjálpinni, þegar Bandaríkin leggja út í Marshall-hjálpina við V.-Evrópu, — þýðir það um leið, vegna þess að hjálpin er látin að miklu leyti í té í ýmiss konar framleiðslutækjum og slíku, að þeir hagnýta sín eigin framleiðslutæki miklu, miklu betur en þeir ella hefðu gert, þannig að á sama tíma, sem Bandaríkin gefa stórgjafir til Evrópu og lána stórlán, eykst þeirra eigin framleiðslugeta langt umfram það, sem þau gefa og lána. (**Forsrh.**: Mig minnir, að þm. segði á sínum tíma, að það væri arðrán.) Bandaríkin hafa séð um það. Ég skal upplýsa hæstv. forsrh. um það, ef honum er ekki ljóst, hvernig þau fara að því. (Gripið fram í.) Nei, það er einmitt það, sem ég er að afstýra, það er það, sem verið er að gera núna. Það er það, sem Bandaríkin sjá um í Kongó í dag, að halda áfram að arðræna þá, og ég skal um leið, til þess að skýra ofurlítið fyrir hæstv. forsrh., ef hann hefur ekki skilið það, sýna, hvernig Bandaríkin fara að því að arðræna Evrópu. Dollarinn er skráður eftir kröfu Bandaríkjanna — pólitískri kröfu þeirra — á verðgildi, sem samsvarar að engu leyti kaupmætti dollarans. Hver Bandaríkjamaður, hvort það er ferðamaður eða ameríkur auðhringur, fær fyrir sinn dollar, sem hann flytur út til Evrópu og kaupir fyrir, hvort það er pund eða franki eða vestur-þýzkt mark, þá fær hann tvöfalt meira verðmæti en hann fær fyrir hann í Bandaríkjunum. Það þýðir, að ekki aðeins ameríkir ferðamenn geta lifað eins og greifar í Evrópu, þó að þeir verði kannske að hafa það bara í meðallagi heima hjá sér, það þýðir líka, að ameríkir auðhringar geta keypt upp helztu fyrirtæki, sem þeir geta klófest í V.-Þýzkalandi, Frakklandi, Ítalíu og annars staðar, í Bretlandi líka, fyrir helminginn af því, sem það mundi kosta þá að byggja samsvarandi fyrirtæki í Bandaríkjunum. Með þessu móti skattleggja Bandaríkin Evrópu, á sama hátt t. d. og nazistarnir skattlögðu þau lönd, sem þeir lögðu undir sig og knúðu til að taka sitt mark og skipta fyrir það dönskum krónum og öðru slíku, og með þessu móti hafa Bandaríkin á undanförnum árum eignazt stóra hluti í fyrirtækjum Evrópu. Kannske man hæstv. forsrh. eftir því, þegar fyrir nokkrum árum hlutabréfin í brezka alúmíníumhringnum voru boðin upp í kauphöllinni í London og þegar meira að segja, sem tíðkast sjaldan hjá brezkum kauphallardrottnum, það var farið að skírskota til patriótisma Breta til þess að reyna að varðveita þessi hlutabréf í brezkri eigu, en það var nú samt Reynolds & Co., það stóra ameríska alúmíníumfyrirtæki, sem klófesti meiri hlutann í þessum brezka alúmíníumhring. Og þannig væri hægt að rekja áfram. Ég get haldið áfram með V.-Þýzkaland, Frakkland og Ítalíu, ef hæstv. forsrh. vill, til þess að sýna honum fram á, hvað gott sem kann að hafa vakað fyrir Marshall hershöfðingja, þegar hann hélt sína ræðu, hvernig auðhringar Bandaríkjanna kunna að snúa því, sem kannske hefur átt einhvern tíma að vera mannúðleg hjálp og var pólitísk hyggindi vissulega, upp í harðvítugt arðrán. „Svo hefur ráðsnilld reikningsaldar ribbaldann til hagnaðs tamið," var eitt sinn sagt um slíkt.

Ég held, að ég hafi einmitt verið að ræða um það, hvað það væri tiltölulega auðvelt fjárhagslega séð fyrir hinar ríku þjóðir að láta af sínum auðæfum nokkurn lítinn hluta til þess að gerbreyta lífskjörum þessara fátæku þjóða, þessara þróunarlanda, og það án þess að skapa nokkrum aðila aðstöðu til arðráns þar, eins og mundi vera hægt í gegnum lán, fjárfestingu og gjafir, eða skapa nokkrum aðila aðstöðu til sérstakra pólitískra áhrifa þar í gegnum lán og gjafir. Þetta mundi því aðeins vera hægt, að það væri hægt að koma sér saman um, skapa samstarf um það, að það yrði gert af stofnun, sem menn virtu, stofnun alls mannkynsins í slíku efni. Ég held þess vegna, að slík endurgreiðsla mundi vera það form, sem bæði siðferðilega og stjórnmálalega væri bezta formið, sem hægt væri að hafa á í þessum efnum. Það, sem hins vegar gerir, að fyrir okkur Íslendinga er eðlilegt að koma fram með þessa hugmynd, er það, að þegar við sjálfir áttum í baráttu sem frumstæð nýlenduþjóð, — ég tek það fram, þegar ég nefni okkur sem nýlenduþjóð, að við viðurkennum aldrei, að við höfum verið nýlenda í stjórnarfarslegum skiln-

ingi, en efnahagslega vorum við meðhöndlaðir eins og nýlenda í gegnum árin, — þegar við áttum sjálfir í okkar baráttu, var það, eins og öllum hv. þm. er kunnugt og ég þarf ekki að fara hér neitt ýtarlega út í, Jón Sigurðsson forseti, sem sérstaklega setti það fram, þegar við áttum að gera reikningsskilin við Dani, að það væri ekki nóg, að við fengjum okkar stjórnarfarslega sjálfstæði, við yrðum líka að fá okkar skaðabætur fyrir það tjón, sem Danir hefðu valdið okkur í gegnum aldirnar. Ef menn vilja kynna sér þetta betur, geta menn séð það í greinum Jóns, t. d. í Nýjum félagsritum, 22. árg. frá 1862, í grein hans um fjárhagsmálin þar á bls. 22—99. Þar fer hann mjög ýtarlega út í þessi mál. Þar tekur hann og rekur alveg hreint þann gróða, sem Danir hafi haft af verzluninni við Ísland, vitnar í jafnvel, hvað danskir kaupmenn hafi metið það sjálfir. Hann segir þar m. a. á bls. 81, þegar hann er búinn að vitna í einn stórkaupmann, sem heitir Clausen, að hann og félagar hans hafi 1816 metið ágóðann af íslenzku verzluninni á 200 þús. ríkisdali árlega. Og Jón Sigurðsson er ekki að miða þetta bara við nýjasta tímann. Hann reiknar þennan tíma, eins og menn geta séð, ef menn líta í þessa grein um fjárhagsmálin á bls. 82, 254 ár aftur í tímann, þ. e. allan tímann, sem einokunarverzlunin hefur verið. Þar gizkar hann á gróðann, sem Danir hafi haft, 1 millj. 270 þús. ríkisdali, eða ef hann hugsar það sem árgjald, sem þeir eigi að greiða okkur, hugsar hann þannig, að vextirnir séu 4% og árgjaldið 2% af því, þá reiknar hann með 50 þús. ríkisdölum á ári. Og á bls. 71—91 í þessari grein gerir hann síðan upp reikninginn fyrir allt ránið, sem hann álítur að hafi verið framið. Hann tekur þar þjóðjarðirnar, stóljarðirnar, ágóðann af verzluninni og aukasjóðina alla saman. Þetta geta menn lesið á þessum 20 síðum. Hann endar þar með því að gizka á, eins og hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Útgjaldseyrir sá, sem Danmörk ætti eftir þessu að greiða til Íslands, þegar fjárhagurinn yrði aðskilinn, væri nær hæfis 3 millj. (þ. e. millj. ríkisdala) fyrir utan aukasjóðina, og hugsum vér oss það fé goldið til Íslands sem eign þess eftir samkomulagi, svo sem t. d. með 6 af 100 árlega, og gengju þá 4 í vöxtu, en 2 í afgreiðslu innstæðunnar, eða með öðru móti, sem hentast þætti.“

Við vitum alveg, hvað vakað hefur fyrir Jóni Sigurðssyni í sambandi við þessa hluti þá. Það er ekki aðeins að láta Dani gera aftur gott það, sem þeir hafa við okkur brotið um aldirnar, heldur líka hitt, að tryggja fátæku og rúðu Íslandi fjármagn, sem það eigi sjálft og ráði yfir. Hann er það framsýnn, að hann veit, að svo fremi sem við eigum að byrja með því bláfátækir að taka allt að láni hjá erlendum þjóðum til þess að byggja hér upp hjá okkur, erum við orðnir skuldaþrælar þeirra. Hann vill þess vegna reikna og segja: Það, sem þið eruð búnir að taka af okkur á undanförnum 254 árum, eins og þegar hann reiknar einokunarverzlunina, skuluð þið borga okkur aftur, — og raunar reikna okkur lengra til baka, þegar hann er að taka þjóðjarðirnar, — það skuluð þið borga okkur til baka. Hann hefði máske ekki gert þetta, ef Ísland hefði verið orðið tiltölulega ríkt eða ef hér hefði verið mikið af þeim auði, sem út úr landinu rann, við hefðum getað tekið eignarnámi svo og svo mikið af því, sem danskir kaupmenn eða danskir atvinnurekendur áttu hér. Þá hefði hann kannske ekki reiknað þetta svona. En hann sá, að það var nauðsynlegt fyrir Ísland að eignast fjármagn, sem Ísland réð sjálft yfir.

Menn geta kynnt sér þessi mál líka í 25. árganginum, þar sem hann skrifar um fjárhagsmál Íslands og stjórnarmálin. Það eru fyrir 100 árum, 1867, á bls. 45—152, mjög langar og ýtarlegar greinar, sem hann setur þar fram, og ákaflega margt fróðlegt í þeim, sem ekki aðeins er rétt fyrir okkur að athuga sjálfir vel okkar eigin sögu vegna og gerum náttúrlega, heldur líka með tilliti til þess að setja okkur inn í aðstöðu þeirra þjóða, sem nú standa svipað að vígi og þó jafnvel enn þá verr en við stóðum á hans tímum. Og við skulum muna það, að þá vorum við bændaþjóð, líklega nokkurn veginn 90—99%. Það er þess vegna, — ég minntist á það áðan, — að Jón Sigurðsson leggur það þarna til grundvallar, reiknar, hvað Danir hafa á okkur grætt á hinn ýmsa máta.

Þegar Skúli Magnússon reiknar þetta sama út næstum 100 árum áður og birtir það í Lærdómslistafélagsritunum, í 5. árganginum, reiknar hann með tapinu af einokunarverzluninni og bara þann tíma fram á hans tíma, eins og ég gat um áðan, tvöfalt meira en Jón Sigurðsson reiknar þetta allt saman, tapið, sem Ísland hafði orðið fyrir, þ. e. um 6 millj. ríkisdala.

Við höfum þess vegna einmitt í þeirri afstöðu, sem Jón Sigurðsson tók þá, alveg fordæmi um, hvernig eðlilegt sé af forsvarsmönnum þjóðar, sem hefur verið kúguð nýlenduþjóð um áratugi og aldir, hvernig eðlilegt sé af hennar hálfu að reikna þessi mál. Og þetta er það stutt enn þá aftur í tímann fyrir okkur, að fyrir okkur er þetta enn þá lifandi, og við eigum þess vegna að geta skilið aðstöðu þeirra þjóða, sem nú eru að öðlast það frelsi, sem við höfum öðlazt fyrir nokkrum áratugum, miklu betur en þær þjóðir, sem verða að leita næstum 200 ár til baka, eins og t. d. Bandaríkin eða þjóðir, sem jafnvel aldrei hafa verið í þessari aðstöðu, eins og nágrannaþjóðir okkar í Vestur-Evrópu.

Þess vegna álít ég, að okkur Íslendingum bæri alveg sérstaklega að kveðja okkur hljóðs á alþjóðavettvangi, kynna þar þá aðferð, sem höfð var af hálfu Jóns Sigurðssonar við að reikna út, gera reikningsskilin fyrir hönd þeirra fátæku og kúguðu þjóða gagnvart þeim ríku, sem höfðu áður rænt þær. Og þess vegna hafði ég útbúið þessa þáltill. á þann máta, sem hv. þm. sjá.

Nú er mér auðvitað ljóst, að þó að Jón Sigurðsson hafi með sinni miklu elju og sinni miklu þekkingu og aðstöðu til þess að reikna þessa hluti út getað reiknað þetta dæmi tiltölulega — við skulum segja: nákvæmlega, þegar um er að ræða okkur Íslendinga annars vegar og Dani hins vegar, er auðvitað ekki um það sama að ræða, þegar við erum að líta á allan heiminn í þessu efni. Þar kemur náttúrlega margt inn í, sem breytir hlutunum. Þjóðir, sem voru nýlenduþjóðir á þeim tíma, sem Jón Sigurðsson var að gera þennan reikning, þær eru í dag með voldugustu þjóðum heims, Bandaríki Norður-Ameríku, sem sjálf voru kúguð nýlenda fyrir 200 árum, eru í

dag ein drottnandi þjóð veraldar, ekki aðeins sú ríkasta, þannig að það er auðvitað ekki hægt að framkvæma þessa hluti út í æsar. Við Íslendingar, sem sjálfir höfðum brotizt áfram, þegar við fengum okkar sjálfsforræði, við mundum ekki heldur fara að gera upp neina reikninga nú fyrir þann gamla tíma. Til allrar hamingju stöndum við nú í vinsamlegu og bróðurlegu sambandi við Danmörku og viljum sízt gera nokkuð til þess að ýfa upp gömul sár, þvert á móti. Og þannig er um margar fleiri þjóðir, Norðmenn eða aðra slíka. Þess vegna er mín hugsun með þessu raunverulega sú, að vart sé framkvæmanlegt mjög nákvæmlega að gera þennan reikning, en það sé hins vegar rétt að leggja þessi reikningsskil og þann siðferðilega grundvöll, sem í þeim felst, til grundvallar, þegar við förum að gera upp þessar sakir.

Þær kúguðu þjóðir hafa kannske ekki átt málsvara nema tiltölulega mjög fáa, og kannske þekkjum við þá tiltölulega lítið, sem hafa þekkt eins vel sögu sinnar þjóðar og stúderað alla hennar ógæfu í gegnum aldirnar eins vel og Jón Sigurðsson gerði fyrir okkar hönd. Við verðum að gá að því, að það var okkar stóri kostur, að við héldum hér almennari menntun á tímum, sem Evrópuþjóðirnar steyptu þessum þjóðum, sem ég talaði um, niður í slíka vanþekkingu, að jafnvel í heilum löndum var, þegar þær skildu við, máske einn einasti læknir innfæddur í tugmilljónaþjóð. En trúað gæti ég, að þeir af þeim fáu menntamönnum, sem þessar þjóðir ættu, sem kynntu sér þeirra sögu til hlítar, mundu fyrr eða síðar krefjast þess, að þessi reikningur yrði gerður upp. Eða hvað halda menn um Suður-Afríku í dag, þegar það þrælahald er innleitt, sem þar er, og búið er að ræna öllu því bezta landi, sem sú landbúnaðarþjóð átti, hvítir menn búnir að setjast þar að og hrekja síðan hina svörtu vinnuþjóð út í lélegustu löndin, — hvernig halda menn, að þeir reikningar yrðu gerðir upp, ef tekið væri fordæmi Jóns Sigurðssonar með þjóðjarðirnar og stóljarðirnar hér, og hvað haldið þið, að Jan Smith og aðrir, sem nú stjórna þar í Rhodesíu, mundu verða að svara til saka, þegar þeir reikningar yrðu gerðir upp við þá? Við skulum aðgæta, að ef ekki tekst að koma á skynsamlegum og friðsamlegum reikningsskilum í þessu, er nokkurn veginn gefið mál, að þetta verða blóðug reikningsskil. Það var e. t. v. okkar kostur, og Jón Sigurðsson undirstrikaði oft þá aðstöðu, þó að honum fyndist það náttúrlega ekki kostur, eins og ekki var von, að við vorum fáir og vopnlausir, Danir fjölmennir, vopnaðir, og við áttum þess vegna ekkert annað, Íslendingar, heldur en rökin og sögulega réttinn og annað slíkt til þess að beita fyrir okkur. Og ég man nú ekki betur en einmitt Jón Sigurðsson kæmi í einu bréfi til Konrads Maurers sérstaklega inn á þetta, harmi það á vissan máta, að við skulum ekki hafa neitt annað en þetta, það væri einhver munur, ef við hefðum t. d., eins og þeir hefðu haft í Slésvík-Holstein, volduga þjóð, eins og Þjóðverjarnir voru, til þess að styðjast við í sínum frelsiskröfum. En við skulum muna, að þessar fátæku þjóðir heims verða um 80% af mannkyninu eftir 10—20 ár. Og þessar þjóðir heims verða að öllum líkindum vopnaðar. Og við sjáum í dag, hvernig það gengur fyrir Bandaríkin með sína 200 þús. vopnaða innrásarhermenn í Víetnam og eiga að ráða við nokkra tugi þús. skæruliða. Með margföldu ofurefli, þegar þeir eru að berjast við sjálfa þjóðina, komast þeir ekkert áfram, spurningin er aðeins um, hvenær þeir tapa og hvenær þeir hrökklast út úr landinu. Og við skulum hugsa okkur, að þannig væri komið allvíða í veröldinni, og það er það, sem allir þeir, jafnt borgaralegir sem sósíalistískir stjórnmálamenn, sem eitthvað líta fram í tímann núna, eru að óttast og vilja reyna að koma í veg fyrir í tíma.

Ég held þess vegna, að með þeirri aðferð, sem Jón Sigurðsson hafði í reikningsskilunum við Dani, sé skapaður heppilegur siðferðilegur og pólitískur grundvöllur til þess að framkvæma þau reikningsskil og framkvæma þar með, ef við viljum nota það orð, þá aðstoð, þá endurgreiðslu, sem þær ríku þjóðir heims eigi að greiða til þeirra fátæku þjóða. Og ef það er haft frumkvæði um þetta og barizt fyrir þessu og þetta knúið fram og þetta gert af sjálfum Sameinuðu þjóðunum, er hægt að koma þessu inn á vettvang, sem allir ættu að geta sætt sig við.

Við vitum, að Sameinuðu þjóðirnar hafa meir og meir verið að láta vandamál þessara frumstæðu og fátæku þjóða til sín taka. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna hefur unnið stórkostleg verk í þessum efnum. Sameinuðu þjóðirnar hafa líka verið að reyna að gangast fyrir efnahags- og viðskiptamálaráðstefnum, eins og ég gat um, fyrir tveimur árum í Genf, sem samt er auðséð, að erfitt er að láta bera árangur, nema brotið verði blað um þá efnahags- og yfirdrottnunarpólitík, sem auðhringar reyna að knýja fram af hálfu Evrópu- og Ameríkuþjóðanna í þessum efnum. Ég held þess vegna, að það að skapa þarna til viðbótar stórfelldan vettvang fyrir Sameinuðu þjóðirnar væri stórkostlegt spor, ekki aðeins til þess að reyna að bæta úr neyð hinna fátæku þjóða í veröldinni, gera góðan órétt, sem þeim hefur verið valdinn, heldur líka til þess að reyna að tryggja frið í heiminum.

Ég hugsa mér, að þetta yrði framkvæmt á þann máta, að Sameinuðu þjóðirnar sjálfar létu gera áætlanir um uppbyggingu þessara landa, uppbyggingu í heild, og síðan séráætlanir fyrir hverja þessa þjóð út af fyrir sig, og slíkar séráætlanir yrðu náttúrlega gerðar í samráði við hverja þjóð. (**Forseti:** Mætti ég spyrja hv. ræðumann, hvort hann ætti miklu ólokið af ræðu sinni?) Það er mjög lítið, 2—3 mínútur. — Þannig mætti tvímælalaust tryggja, að þessar fátæku þjóðir gætu sjálfar haft mikil áhrif um, hvernig þessu væri varið, en Sameinuðu þjóðirnar engu að síður haft áhrif frá sinni hálfu um, að þessu yrði ekki varið til ónytsamlegra eða jafnvel þess, sem við mundum nú kalla: skaðlegra hluta. Sem sé, þetta væri eingöngu til uppbyggingar á atvinnulífi og félagslífi þessara þjóða, ekki til herútbúnaðar eða annars, sem heyrði til slíks.

Ég álít, að okkur Íslendingum beri að koma fram með till. í þessa átt. Ég er auðvitað reiðubúinn til að endurskoða þessa till. á þann hátt, sem okkur kæmi saman um. Ég álít, að það sé heppilegt, að utanrmn. athugi þessa till. Ég vil minna á, að einn hv. þm., 8. þm. Reykv., hafði framtak um það fyrir, ég held ári, frekar en

tveim árum, að við ættum þá að fara að athuga um þessi mál, og það mál fór til utanrmn. og var vísað til ríkisstj., en hefur, að því er ég bezt veit, ekkert út úr því máli enn sem komið er komið. Var þó vakið máls á þessu af góðum hug og með skilningi, og ég álít, að það sé tími til kominn, að við látum þetta mál alvarlega til okkar taka.

Ég geri það að minni till. í þessari þáltill., að þegar þetta mál yrði rætt af okkar hálfu eða færi fram á þingi Sameinuðu þjóðanna, ættu allir þingflokkar þar sína fulltrúa. Ég álít það mjög óviðkunnanlegt, að við gerum fulltrúastarfið á þingi yfirleitt að bara skemmtireisum fyrir hina og þessa, t. d. stjórnarstuðningsmenn, eða það hefur stundum litið út fyrir það. Auðvitað eigum við að reyna að kynna okkur dálítið, hvað er að gerast í heiminum í þessum efnum, og fylgjast með því, sem þarna er að gerast, og geta verið virkir þátttakendur í þessu. Það hefur verið tekið undir það, að það ætti hér á Alþ. að reyna að ræða öðru hverju utanríkis- og alþjóðamálin, og ég hef líka vakið máls á því, að það væri nauðsynlegt, og ég vil vonast til þess, að þessi till. gefi nokkurt tilefni til slíks, og vil að svo mæltu óska eftir, að þegar forseta þykir hæfilegt að gera hlé, verði þessari þáltill. vísað til utanrmn. og hún taki rögg á sig, — hún hefur ekki fengið margar till. á þessu þingi, og það voru gefin fyrirheit um það á hennar fyrsta fundi, að hún mundi afgreiða það, sem til hennar kæmi, — hún afgreiði þessa till. Ég er sem flm. reiðubúinn til samninga um hana, en hugmyndina sjálfa, held ég, að við ættum að reyna að nota.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 16. marz, var fram haldið einni umr. um till.

**Pétur Sigurðsson:** Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs hér í lok ræðu hv. frsm., hv. 3. þm. Reykv., var það nánast til þess að biðja hann skýringar og beina til hans fsp. um sumt af því, sem kemur fram í þáltill. sjálfri og reyndar er endurtekið að nokkru í grg. till.

Ég skal taka það fram, að ég er fylgjandi þeirri skoðun hv. þm., sem hér hefur komið fram oft áður, um það, að Alþ. eigi að gera meira að því að ræða utanríkismál heldur en raun ber vitni um. En þar sem till. þessi er nokkuð sérstæð og ég minnist þess ekki, eftir að ég tók sæti á Alþ., að till. í þessu formi væri borin hér fram, að Alþ. ályktaði að fela sendinefnd Íslands að vinna ákveðið verkefni á þingi Sameinuðu þjóðanna, finnst mér full ástæða til, að hv. þm. ræði þessa till. nokkuð ýtarlegar en virtist liggja fyrir við framsögu málsins, að þm. ætluðu sér. Og vegna þess að hv. frsm. minnist bæði í till. og grg. á þjóðhetju okkar Íslendinga, Jón Sigurðsson, og við höfum í huga, að það gekk ekki vel fyrir Íslendinga eða Jón Sigurðsson að selja Dönum sínar hugmyndir, og ég efa að minnsta kosti, að það muni ganga vel hjá sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum að koma hinum nýju ríkjum, t. d. í Afríku, til þess að taka við hugmyndum Jóns Sigurðssonar og jafnvel kannske gera hann að þeirri þjóðhetju þar, sem hann er hjá okkur Íslendingum, a. m. k. á meðan sumir af landsbúum þeirra þjóða eru enn á því stigi, að þegar þeir vilja losna við sína ráðherra, éta þeir þá.

Þegar kemur að því, að sendinefnd okkar kemur á fund Sameinuðu þjóðanna og fer að hreyfa þessu máli, verður auðvitað hin íslenzka sendinefnd spurð um ýmis atriði úr þessari þáltill. og hún beðin skýringa á því, hvað Íslendingar meini með því, sem þeir halda fram í málflutningi, sem hlýtur að fylgja þessari till., og ég mundi halda, ef till. yrði samþ., að yrði að vera á þeim grundvelli, sem kemur fram í grg. till. Sannfærður er ég um, að það muni fljótt koma fram hjá sumum, eins og reyndar við Íslendingar höfum orðið varir við í okkar sjálfstæðisbaráttu, að viðbrögð sumra þjóða, sem teljast til eldri og jafnvel nýrri nýlenduþjóða, séu þau eða verði þau, að þeirra skerfur í sínum nýlendumálum hafi verið að sýna fornfýsi og bræðralag í sambandi við vernd sína á þessum nýlendum og jafnvel að enginn ágóði, heldur kostnaður, hafi verið af þeim samskiptum á undanförnum árum.

En þegar við horfum á fyrirsögn till., hlýtur fyrst að verða sú spurning uppi hjá okkur, þegar hv. flm. vill láta Sameinuðu þjóðirnar beita sér fyrir þessu merkilega máli um reikningsskil hinna rændu þjóða við þær ríku: Geta Sameinuðu þjóðirnar framkvæmt þetta, þessi samtök, sem eru ekki sterkari en svo, að þau jafnvel riða til falls, þegar nokkrar aðildarþjóðir stefna hagsmunum samtakanna í voða eða a. m. k. í hættu með því að neita að greiða, að mörgum finnst, sjálfsagðan lögreglukostnað, sem samtökin þurfa að leggja í?

Í 1. mgr. till. sjálfrar ræðir flm. um hinar rændu þjóðir, og síðan segir hann orðrétt í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Till. þessar skulu fela það í sér, að reynt skuli að meta það tjón, sem yfirstéttir Evrópu og Bandaríkjanna hafa unnið þjóðum þeim, sem byggja Afríku, Asíu og Suður-Ameríku, með mannránum, árásarstyrjöldum, frelsissviptingu, arðráni og hvers konar kúgun og misrétti á undanförnum öldum og fram á þennan dag.“

Að vísu kemur nokkur skýring á þeirri spurningu, sem ég vildi leggja fyrir flm. í sambandi við þessa mgr. þáltill., — það kemur nokkur skýring á því síðar í grg. Mín spurning er sú: Væri ekki full ástæða til þess að hafa í þessari upptalningu, þegar talað er um Afríku, Asíu og Suður-Ameríku, að hafa jafnvel Evrópu líka? En flm. tekur það fram í grg. sinni, að hann undanskilji alveg þjóðir Evrópu, sem hann telur búa við þau kjör, að þess þurfi ekki. Er ekki full ástæða til þess að hafa þarna líka Evrópu með í þessari upptalningu, og hverra yfirstéttir eru það í Evrópu, sem hafa unnið það, sem hér er verið að ræða um? Eru það þeir, sem á síðustu árum hafa gefið 670 millj. manna, sem áður bjuggu við nýlendufyrirkomulagið, þeir, sem hafa gefið 670 millj. manna frelsi á síðustu árum? Eða gætu þeir ekki komið inn í það, sem hafa tapað frelsi sínu á síðustu árum í Evrópu og annars staðar vegna ágengni og yfirtroðslu kommúnismans í heiminum? Við getum tekið t. d. Austur-Pólland. Þar var um að ræða 10 millj. manna, Eystrasaltslöndin 6 millj. manna, Austur-Prússland fjórðungur millj. og hluti Finnlands á sínum tíma ½

millj. manna. Í Tíbet voru það 3 millj. manna og í Bessarabíu í Rúmeníu voru það 3½ millj. manna, í hluta Tékkóslóvakíu ¾ millj. og í öðrum hlutum Austur-Evrópu um það bil 90 millj. manna, eða samtals 114 millj. manna, sem hafa tapað frelsi sínu eða, eins og segir í till. flm., orðið fyrir frelsissviptingu, búið við mannrán jafnvel, misrétti og hvers konar kúgun á undanförnum, ekki öldum, heldur árum.

Það er vissulega ástæða til þess að fara út í nokkur atriði líka í grg., þegar maður horfir til þess, að sendinefnd Íslands verður auðvitað spurð út úr þeim rökum, sem hún mun hafa í málflutningi sínum fyrir samþykkt þessarar till. hjá Sameinuðu þjóðunum. Það er t. d. í sambandi við þrælaveiðarnar. Ætli þær yrðu ekki upp með sér, sumar af hinum svörtu þjóðum Afríku, sem búa í mjög náinni og góðri sambúð við Arabaþjóðirnar flestar, en ég held, að allir viðurkenni það, að engar þjóðir hafi frekar stundað þá iðju, þrælaveiðar, heldur en einmitt þær? Vera má, að svo verði. Hann minnist líka á verzlunareinokun. Við höfum mörg dæmi um það úr nútímanum og það jafnvel frá þeim þjóðum, sem ég var að tala um hér áðan að hefðu misst sinn sjálfsákvörðunarrétt, orðið fyrir frelsissviptingu. Því hefur verið haldið fram af þeim sjálfum eða mönnum frá þeim, og áþreifanleg dæmi um það komu fram á síðustu mánuðum, að þeir hafi búið við verzlunareinokun og nánast það, sem verður að teljast nýlendukúgun, a. m. k. arðrán. Eins kemur það fram í grg., að frsm. vill, ef til þess kæmi, að til slíks sjóðs yrði stofnað, að hann yrði undir stjórn Sameinuðu þjóðanna, og þótt þjóðirnar sjálfar hefðu ákvörðunarrétt um áætlanagerð, virðist mér á hugsun flm., að sjálfsákvörðunarréttur þessara þjóða sé tekinn úr höndum þeirra og settur í hendur nefndar eða sérstakrar stofnunar innan Sameinuðu þjóðanna, og mætti segja mér, að ekki yrðu allir fulltrúar hinna nýju þjóða innan Sameinuðu þjóðanna jafnánægðir með þetta eins og kemur fram hjá flm. eða kom fram í ræðu hans, að sjálfsagt væri að þeir yrðu.

Sjálfsagt er fleira, sem tína mætti til á þessu stigi. En það er þó á þessu stigi þessi spurning, sem ég mundi vilja leggja fyrir flm., sem ég hef þegar komið hér fram með: Er ekki ástæða til þess, að það sé fleira í þessari upptalningu heldur en kemur fram hjá honum? Eigum við ekki að láta koma fram jafnvel kannske ákveðin landaheiti í Asíu, hafa þá með t. d. Tíbet? Er ekki ástæða til þess líka, að Evrópa verði með í þessari upptalningu og þá kannske með nánari skilgreiningu í grg.?

**Ólafur Björnsson:** Herra forseti. Aðalástæðan til þess, að ég hef hér kvatt mér hljóðs, er sú, að hv. flm. þeirrar till., sem hér liggur fyrir, nefndi í lok ræðu sinnar þáltill., sem ég flutti á síðasta þingi og samþ. var, en þar var skorað á ríkisstj. að framkvæma athugun á því, hversu Ísland gæti tekið virkari þátt en nú er í aðstoð við þróunarlöndin. Í þessari till. voru ekki ákvæði um það, hvernig þessi athugun skyldi framkvæmd. Ég held, að ég hafi getið þess í framsöguræðu, að mér fyndist tvennt koma til greina í því efni, í fyrsta lagi nefndarskipun, í öðru lagi, að einhverjum ákveðnum mönnum, t. d. starfsmönnum stjórnarráðsins, einum eða fleiri, yrði falið að framkvæma þessa athugun. N. sú, sem um málið fjallaði hér á hv. Alþ., en það var hv. utanrmn., gerði ekki breytingu í þessu efni frá því, sem till. mín fól í sér. Ég tel þess vegna rétt að upplýsa það, að í lok septembermánaðar s. l. ákvað utanrrn. að fela þremur mönnum að framkvæma þessa athugun, en þessir menn voru Sigurður Guðmundsson skrifstofustjóri húsnæðismálastofnunarinnar, Ólafur Stephensen frkvstj. Rauða kross Íslands, og svo var ég beðinn að taka sæti í þessari n. Tveir meðnm. mínir eru ungir menn og hafa báðir verið viðriðnir málefni, sem snerta mjög hjálp við vanþróuðu þjóðirnar. Annar þeirra, Sigurður Guðmundsson, var framkvæmdastjóri söfnunarinnar „Herferð gegn hungri“, eins og það var kallað, en Ólafur Stephensen er framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, eins og ég áður nefndi. Nú er að vísu þannig með báðar þær stofnanir, sem hér eiga hlut að máli, annars vegar matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna, sem hefur staðið fyrir Herferð gegn hungri, og hins vegar Rauða krossinn, að þær vinna báðar í alþjóðaþágu, ekki fremur þróunarlandanna heldur en annarra þjóða. En telja má þó, að þau verkefni, sem hér er um að ræða, liggi einna næst því að vera aðstoð við þróunarlöndin af því, sem um er að ræða hér á landi í því efni. Taldi ég þetta því ekki illa til fallið.

Nú verður að segja hverja sögu eins og hún gengur. Við héldum að vísu nokkra fundi fyrir jól, skiptum þá með okkur verkum o. s. frv., en þar sem n. var skipuð um það leyti, sem þing kom saman, skýrði ég meðnm. mínum frá því, að meðan þing sæti, væri það ekki nema takmarkað, sem ég byggist við að geta sinnt því, og sú hefur líka orðið raunin á. Hins vegar hef ég á því fullan hug, að á sumri komanda leitist n. við að ljúka því verkefni, sem henni hefur verið falið, þannig að niðurstöður hennar liggi fyrir næsta haust. En ég hef litið þannig á, að verkefni n. væri fyrst og fremst upplýsingasöfnun hér innanlands og erlendis, sem verið gæti umræðugrundvöllur fyrir frekari aðgerðum í þessum málum.

Þegar málið nálgast meira framkvæmdastig, verður auðvitað að taka það upp á breiðara grundvelli, því að ég er fyllilega sammála hv. flm. þessarar till., sem hér liggur fyrir, um það, að leita beri sem víðtækasts samstarfs um það mál, sem hér er um að ræða, og það megi ekki gera það að pólitísku máli.

Þetta taldi ég skylt að upplýsa hér, ekki síst með tilliti til þess, að hæstv. utanrrh. er ekki viðstaddur, þannig að ábyrgðin á því, að málið hefur ekki gengið með meiri hraða, hvílir á okkur, þessum þremenningum, og sérstaklega mér, en ekki hæstv. ríkisstj. í bili. Tel ég rétt, að þetta sé upplýst, svo að enginn hengi bakara fyrir smið hvað þetta atriði snertir.

En úr því að ég er staðinn hér upp, vildi ég aðeins víkja örfáum orðum að þeirri till., sem hér liggur fyrir. Margt var fróðlegt og athyglisvert að mínu áliti í framsöguræðu hv. flm., og að mínu áliti ber mjög að virða þann mikla áhuga, sem hann hefur sýnt á því stóra málefni, sem hér er til umr., þá sjaldan það hefur borið hér á góma á hv. Alþ. Ég er honum sammála um, að hér er um að ræða mesta vandamál mannkynsins í dag,

og með tilliti til þess, hvað við Íslendingar erum þó virkir þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi á mörgum sviðum, tel ég rétt, að við látum þetta mál verulega til okkar taka, eftir því sem aðstæður leyfa, þó að segja megi e. t. v., að það snerti hagsmuni okkar ekki beinlínis. Ég er einnig sammála hv. flm. um það, að smáþjóðirnar eigi mikilvægu hlutverki að gegna í þessu efni, því að ætla má, að till. frá þeim verði oft ekki mætt með jafnmikilli tortryggni og er stórveldin ættu í hlut, jafnvel þó að slíkar till. séu af góðum hug fluttar.

Hitt verð ég samt að segja, að ég tel, að sú till., sem hér liggur fyrir, sé ekki raunhæf leið til þess að leysa það vandamál, sem hér er um að ræða. Það er að vísu bæði eðlilegt og skiljanlegt, að einmitt í þessu efni sé vitnað til fordæmis í skiptum Dana og Íslendinga, því að það er rétt og raunar öllum hv. alþm. kunnugt, að Jón Sigurðsson og Skúli Magnússon báru fram kröfur á hendur Dönum, sem gengu nokkuð í svipaða átt og till. þessi gerir ráð fyrir. Og það var meira en þessar kröfur væru fram bornar, þær fengust að nokkru leyti viðurkenndar, því að ég hef a. m. k. staðið í þeirri trú — og vil ég þó ekki gera meira úr sögukunnáttu minni en efni standa til, — að það hafi einmitt að nokkru verið með tilliti til þess, sem Danir féllust á það á sínum tíma, þegar fjárhagur Íslands og Danmerkur væri aðskilinn 1874, að greiða fast framlag eða 60 þús. danskar kr. til landssjóðs Íslands. Þegar sambandslögin svo gengu í gildi 1918, var þessu breytt í fast framlag eða 2 millj. kr. Hins vegar hef ég litið þannig á, og skal ég þó viðurkenna, að ekki er þar um að ræða neinar sögulegar athuganir, sem ég hef gert, að það eina, sem Danir hafi viðurkennt af kröfum þeirra Jóns Sigurðssonar og Skúla Magnússonar, séu þau afgjöld af jarðeignum konungs, sem til hans runnu eftir siðaskiptin og eftir Stóradóm. Þar var um ákveðna fjárhæð að ræða, sem hægt var að fá upplýsingar um, hverju hafði numið, og rann beint í konungssjóðinn danska. Hins vegar hef ég litið svo á, og má vel vera, að sú skoðun sé röng, að Danir hafi aldrei viðurkennt endurgreiðslu að einhverju meira eða minna leyti á hagnaði, sem þeir hafi haft af einokunarverzluninni við Ísland. Það hygg ég, að þeir hafi aldrei viðurkennt. Ég dreg ekki í efa og er raunar kunnugt um, að það er rétt, að bæði þeir Skúli Magnússon og Jón Sigurðsson gerðu útreikninga á þessu og byggðu á því kröfur. En mér þykir mjög ólíklegt, að þær kröfur hafi nokkurn tíma verið viðurkenndar, og kemur hér tvennt til: Í fyrsta lagi það, að þegar um er að ræða hagnað af viðskiptum og greiða á bætur fyrir það, þá rennur sá hagnaður, bæði hvað snertir einokunarverzlun Dana hér á Íslandi og í enn ríkara mæli þegar um er að ræða viðskipti stórveldanna við vanþróuðu þjóðirnar, að jafnaði í vasa einkaaðila. En það mun fátítt, að nokkur ríki viðurkenni bótaskyldu vegna viðskipta, sem einstakir borgarar eða einstök félög þar í landi hafi átt við önnur lönd. Í öðru lagi kemur það til, að ákaflega erfitt er að gera sér reikningslega grein fyrir því, hver hagnaður verður í slíkum viðskiptum, og með allri virðingu fyrir þessum tveim mestu mikilmennum okkar sögu, þeim Jóni Sigurðssyni og Skúla Magnússyni, hygg ég, að þeirra útreikninga eins og aðra, sem gerðir hafa verið í þessu efni, megi vefengja, þannig að þar hljóti að verða um mikið álitamál að ræða. Auðvitað er það vitað, að um verulegan hagnað getur oft verið að ræða, t. d. í viðskiptum stórveldanna við nýlenduþjóðirnar, en að meta það tölulega, þannig að ekki verði vefengt, er samkv. eðli málsins mjög torleyst reikningsdæmi, svo að ekki sé tekið dýpra í árinni. Þetta ber að minu áliti að hafa hugfast í sambandi við þá í sjálfu sér athyglisverðu hugmynd, sem hér er sett fram í till. hv. flm.

En það er líka annað, sem ég get ekki látið hjá líða að benda á, fyrst þetta mál hefur borið hér á góma, og það er þetta, að það er skoðun mjög margra, ef ekki flestra sérfræðinga, sem um þetta mál hafa fjallað, að vandamál þróunarlandanna sé ekki fyrst og fremst skortur á fjármagni til þess að veita þeim aðstoð, heldur miklu fremur hitt, að í þróunarlöndunum verður í þeim mæli að byggja svo allt upp frá grunni, að það er ekki nema mjög takmarkað fjármagn, sem þau geta hagnýtt til uppbyggingar, vegna þess að forsendur fyrir því, að fyrir liggi t. d. áætlanir um skynsamlegar framkvæmdir o. s. frv., eru ekki nema að takmörkuðu leyti fyrir hendi. Sú skoðun kom m. a. fram í skýrslu Alþjóðabankans, sem ég las fyrir ekki löngu, en er að vísu nokkurra ára gömul, að fjármagnsskorturinn væri að þeirra áliti ekki mikilvægasti flöskuhálsinn í þessu efni, ef svo mætti að orði komast. Sumir hagfræðingar hafa meira að segja haldið því fram, að bilið á milli þess fjármagns, sem þróunarlöndin skortir, og þess, sem þau gætu nýtt, væri ekki svo ákaflega stórt. Meginvandinn lægi einmitt í ríkara mæli í því, að það vantar áætlanir, sem gerðar eru fyrir þær framkvæmdir, sem líklegar væru til þess að leiða til framfara og aukningar þjóðartekna í þessum löndum. Þetta kom raunar líka fram í ræðu hv. flm., þar sem hann nefndi lýðháskólann, sem Danir hafa byggt fyrir Ghanabúa. Mér dettur í hug annað dæmi, sem ég hef rekið mig á í bók eftir mjög kunnan hagfræðing og sérfræðing í vandamálum þróunarlandanna. Hann nefnir það, að fyrir allmörgum árum var gerð áætlun um tiltekna framkvæmd í Indónesíu. Hvort það var bygging raforkuvers eða einhverrar verksmiðju, man ég ekki, en það skiptir ekki máli. Sérfræðingar höfðu komizt að þeirri niðurstöðu, að með tilliti til staðhátta væri mjög skynsamlegt að byggja þessa verksmiðju þarna. En þegar til kom að ráðast í þessa framkvæmd og flytja nauðsynleg tæki á þennan stað, voru í fyrsta lagi ekki til neinar hafnir, þar sem hægt væri að skipa þessum tækjum upp, og í öðru lagi vantaði vegi til þess að flytja tækin frá sjónum og til þess staðar, sem orkuverið eða hvað það nú var átti að standa.

Við verðum, Íslendingar, að gera okkur ljóst, að vandamál þessara þróunarlanda eru enn þá erfiðari og liggja, ef svo mætti segja, dýpra en okkar vandamál fyrir 60 árum, þegar við vorum fyrst að réttar okkur úr kútnum. Þá var hér um vel menntaða þjóð að ræða, sem hafði góð skilyrði til þess að tileinka sér verktækni o. s. frv. Það var fjármagnið fyrst og fremst, sem skorti hér. Nú skortir að vísu líka fjármagn til þess að vinna að framförum í þróunarlöndunum, en þó öllu

meira að áliti margra sérfræðinga, eins og ég sagði, skilyrðin fyrir því, að fjármagnið verði nýtt. Og í því sambandi má nefna það sjónarmið, sem sumir hagfræðingar hafa haldið fram, þó að ég fullyrði engan veginn, að það sé rétt, að þeir telja, að það væri jafnvel í þágu þessara þróunarlanda sjálfra, að þeim væri veitt aðstoð fremur í mynd lána, að vísu með hagstæðum kjörum, heldur en í mynd gjafa. En þau rök, sem hafa verið færð fram þessu sjónarmiði til stuðnings, eru þau, að þegar um gjafafé sé að ræða, megi búast við því, að áhuginn hjá þeim verði takmarkaður fyrir að taka þátt í því að sköpuð séu skilyrði fyrir því, að fjármagnið verði hagnýtt á hinn hagkvæmasta hátt. Ef hins vegar er gert ráð fyrir endurgreiðslu, verði það meiri trygging fyrir því, að viðkomandi þjóðir taki virkan þátt í undirbúningi þeirra framkvæmda, sem fjármagnið er notað til, þannig að slíkt verði betri trygging einmitt fyrir því, sem er aðalatriðið, sem auðvitað er ekki það, að þessar þjóðir fái eitthvert fjármagn til ráðstöfunar, heldur að það verði hagnýtt á sem hagkvæmastan hátt til uppbyggingar í þágu þeirra.

**Flm. (Einar Olgeirsson):** Herra forseti. Mér þótti mjög vænt um að heyra ræðu hv. 8. þm. Reykv. um þessi mál, eins og hans var von og vísa. Það er ekki bara af því, að við ræðum efnahagsmálin og eigum að kljást við hagfræðingana og sérfræðingana frá ríkisstj., að það er venjulega frá honum, sem eitthvert vit kemur úr þeim herbúðum, heldur er það líka mælt af miklum skilningi, það sem hann segir viðvíkjandi þessum málum.

Hins vegar brá hv. 7. þm. Reykv. sér á dálitla gandreið hér áðan. Ég náttúrlega er reiðubúinn til þess að pexa hér um alla sögu veraldarinnar, ef hv. þm. langar út í það. Ég þurfti að gera það stundum hérna fyrr að halda fyrirlestur yfir mönnum og þeim, sem vissu meira en hann um þá hluti. En ég álít hins vegar ekki, að það sé sérstaklega verkefnið að stunda gamla iðn sem skólakennari úr þessum ræðustól. Og heldur þótti mér það ills viti, hvernig hv. þm. byrjaði sína ræðu, og ég veit ekki, hvað Jón Sigurðsson hefði sagt um það orðatiltæki, sem hann notaði, þegar hann var að tala um, að það hafi verið nokkuð erfitt fyrir Jón Sigurðsson að selja Dönum sínar hugmyndir. Ef það ensk-ameríska orð sell er komið svona inn í heilann á þessum hv. þm., að hann getur ekki talað öðruvísi en upp á ameríska, þegar hann er að ræða við okkur hérna í þinginu, er hann raunverulega að byrja að setja sig út úr því, að það sé yfirleitt hægt að tala við hann, og við þurfum nú alvarlega að hugsa, hvort hann horfir kannske sérstaklega mikið á sjónvarpið og hversu áhrifin frá enskunni séu farin að teygja sig svo inn í heilann á þessum þm., að hann sé farinn að hugsa sem sagt á ameríska vísu, ekki aðeins í flestöllu, sem hann segir, og vera endurhljómur af lélegum amerískum áróðri, heldur þar að auki í sjálfu því íslenzka máli, sem hann talar, þá sé hann það líka. Ég veit að vísu, að það er ekkert skemmtilegt, sem er að gerast hér í Reykjavík í sambandi við þau mál öllsömun. Það er svo sem ekkert gaman að vita til þess, að þegar 7 ára gömlum börnum í barnaskóla er sagt að teikna íslenzka fánann, biðji helmingurinn af þeim heldur um að fá að teikna þann ameríska, þann bandaríska, vegna þess að þau þekkja hann miklu betur. (**Gripið fram í:** Í hvaða skóla var þetta?) Þetta er í skóla hér í Reykjavík. (**Gripið fram í:** Við skulum staðreyna þetta.) Já, við skulum staðreyna þetta, og það get ég við hæstv. dómsmrh. á eftir. Þetta kemur fyrir hérna í Reykjavík núna. Mér brá, þegar ég heyrði það, og hæstv. dómsmrh. bregður líka við. En það er bezt, að við áttum okkur alveg fyllilega á því, hvað það er, sem er að gerast hérna í kringum okkur, ekki bara þegar við heyrum einn hv. þm. nota orðið „sell“ um hugmyndir og slengja því á Jón Sigurðsson í sambandi við, að honum hafi gengið illa að selja sínar hugmyndir Dönum. Ég býst við, að Jóni hafi aldrei dottið í hug að selja hugmyndirnar til Dana, hann var að reyna að berjast fyrir þeim hugmyndum, að koma þeim inn í kollinn á Dönum.

Hv. 7. þm. Reykv. fór að spyrja, hvernig það mundi ganga á þingi Sameinuðu þjóðanna að fá þá inn á þessa hluti. Við skulum gera okkur ljóst, að þegar við förum að ræða svona mál og þegar við flytjum svona mál í alvöru, gerum við það vegna þess, að við sjáum, að það sé sérstaklega mikil hætta á ferðum. Og það þarf líklega að byrja með því að reyna að opna augun á slíkum þm. sem hv. 7. þm. Reykv. fyrir þeirri hættu, sem flokksbróðir hans hins vegar, hv. 8. þm. Reykv., greinilega sá. Hættan er sú, að 1500—2000 millj. manna í veröldinni lifa við hungurkjör. Þær deyja reglulega úr hungri, svo og svo mikið, ekki sízt af börnunum, sem alast upp hjá þessum þjóðum. Og það er þetta vandamál, sem er ekki sízt vandamál vegna þess, ef maður vill taka það hreint pólitískt og ekki bara mannúðlega, að þessar þjóðir verða eftir nokkra áratugi yfirgnæfandi meiri hl. mannkynsins. Á sama tíma sem t. d. íbúum Evrópu kemur til með að fjölga um 30%, koma íbúar Afríku, Asíu og Suður-Ameríku til að þrefaldast, fjölga um 300%. Það þýðir m. ö. o., að þessi fjöldi, sem þarna er að koma upp nú í þessum löndum, sprengir af sér öll bönd. Við skulum ekki láta okkur detta það í hug, nema það sé þá meiningin að eyða byggðinni á jörðinni, að Bandaríki Norður-Ameríku eða önnur slík ríki ætli sér að halda niðri öllum íbúum Suður-Ameríku, Afríku og Asíu með kjarnorkusprengjum og slíku, bara eyða þessum löndum. Það verður ekki gert. Öllum heiminum verður þá eytt, ef út í slíkt fer. Stóra vandamálið, sem fyrir heiminum liggur í dag, er, hvernig við ætlum að leysa það, að 1500—2000 millj. manna, sem hungra, sem horfa upp á börn sín deyja, 30 þús. börn á dag eftir skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, horfa á þau deyja úr hungri, — hvernig við ætlum að afstýra því, að fyrr eða seinna verði þeir stórkostlegustu árekstrar og ægilegasta blóðbað, sem heimurinn hefur þekkt, þegar þessum tveim aðilum lendir saman.

Menn hafa undanfarinn áratug gengið upp í alls konar fantasíum í sambandi við baráttu milli austurs og vesturs, í sambandi við uppgjörið á milli sósíalisma og kapítalisma í Evrópu og Norður-Ameríku. En það er ekki það, sem er stóra vandamálið upp á það, hvort heimurinn lifir áfram eða ekki. Stærsta vandamálið, eins og hv.

8. þm. Reykv. kom réttilega inn á, er þetta vandamál, og það er þetta vandamál, sem við eins og aðrar þjóðir eigum að brjóta heilann um og reyna að finna einhverja lausn á. Og þegar við ræðum það mál, eigum við að reyna að hefja okkur það hátt, að við ræðum þetta mál málefnalega. Við getum pexað hér um allt, sem við viljum, viðvíkjandi Atlantshafsbandalagi, Varsjábandalagi og hverju sem er og um annað sem er að gerast hjá okkur í Evrópu. Við getum pexað hér viðvíkjandi verkalýð og auðvaldi, líka hér á Íslandi, viðvíkjandi verðbólgu og hvernig stolið sé með henni, og annað slíkt. Ég er reiðubúinn líka að ræða það við hv. þm. En ef við ætlum að reyna að halda okkur við málefnið, sem hér liggur fyrir, er það um það, hvort Ísland geti lagt fram eitthvað heilbrigt í þessum efnum og hvort Ísland með þá reynslu, sem það hefur, verandi kúguð þjóð, svo að segja nýlenduþjóð í 600 ár og verandi núna með fremstu löndum veraldar hvað efnahag snertir, a. m. k. árstekjur almennt, þótt kannske ríkidæmið sé ekki á við aðrar þjóðir, — hvort við getum með tilliti til okkar reynslu og þess, hvernig við höfum haft okkur upp á þeim tíma, sem við sjálfir höfum verið sjálfstæðir, treystum okkur til að miðla þessum þjóðum einhverju af okkar þekkingu og okkar reynslu, hvort við getum litið á okkur sjálfa sem það stóra í þessum efnum, að við gætum sagt við þessar þjóðir, þessa tugi þjóða í Afríku og annars staðar: Viljið þið ekki ræða við okkur, við erum smærri þjóð en nokkur ykkar, við höfum verið nýlenda lengur en nokkur ykkar, en við stöndum svona í dag. — Ég held, að við höfum möguleika til þess að tala við slíkar þjóðir, og ég held, að þessar þjóðir mundu hlusta á okkur, vegna þess að við höfum sýnt, hvernig hægt er að komast áfram í þessum efnum. Þess vegna held ég, að það sé ekki rétt að reyna að byrja með því að fara að draga umr. um þetta inn í okkar almennu baráttu hér, okkar almenna pólitíska pex eða harðvítugu stéttabaráttu eða annað slíkt eða okkar ágreining um sósíalisma og kapítalisma, svo nauðsynlegt sem er að ræða þau mál.

Hv. þm. spyr þess vegna fyrst af öllu, hvernig ég hugsi mér, að það sé hægt að fá menn á þingi Sameinuðu þjóðanna til að ræða þetta. Þegar hv. þm. hugsar um Sameinuðu þjóðirnar, er ég ákaflega hræddur um, að hann líti eins og sumir menn, sem Íslendingar tala ekki allt of vel um núna, litu til dönsku mömmu í gamla daga. Ég er hræddur um, að þegar hann hugsar til Sameinuðu þjóðanna, af því að þær séu þarna í New York, verður honum hugsað til Bandaríkjanna. En Sameinuðu þjóðirnar og Bandaríkin eru orðin sitt hvað, og það er bezt að gera sér það ljóst. Bandaríkin gátu framan af ráðið nokkurn veginn atkvgr. í Sameinuðu þjóðunum með þeim fjárhagslegu ítökum og þeirri pólitísku yfirdrottnun, sem þau höfðu, sérstaklega gagnvart Suður-Ameríkuríkjum og ítökum í Evrópu og öðru líku, en þau geta það ekki lengur. Og við skulum muna eftir því, að það, að ráðstefnan í Genf, sem Sameinuðu þjóðirnar gengust fyrir, bar ekki meiri árangur en sýnt var, var vegna þess, að kröfur þjóðanna frá Afríku, Asíu og Suður-Ameríku voru það harðvítugar og sterkar í þessum efnum, að þær gömlu yfirdrottnunarþjóðir í Evrópu og Ameríku komust ekki upp með moðreyk. Á þingi Sameinuðu þjóðanna eiga allar þessar þjóðir Afríku og þessara landa sæti. Og þrátt fyrir það, þó að þarna gæti allra mögulegra hugmynda og allra mögulegra kennisetninga í heilum þeirra manna, sem eru fulltrúar þessara þjóða, allt frá svo að segja kommúnistískum fulltrúum og yfir í fulltrúa, sem eru frá gömlum einveldis- eða ættarsamfélagsríkjum, — það er svo að segja allt að heita má, sem við þekkjum úr sögu þjóðfélagsskipunarinnar á jörðinni, í fulltrúum þessara þjóða, en eitt er þeim sameiginlegt, öllum þessum þjóðum frá Afríku og þessum löndum, þeim er það sameiginlegt, að þær svo að segja — ég skal ekki segja hata, en þær bera allar sár eftir meðferðina, sem þær hafa orðið fyrir frá Evrópu og Norður-Ameríku. Og þeirra stóra vandamál er í dag sú fátækt, sem þær hafa búið við um aldir, og það, hvernig þær eigi að hafa sig upp úr þessu, þannig að við náum, hvort sem þeir eru mjög róttækir eða afturhaldssamir eða hvernig sem þeir eru, hvort sem það er fulltrúar eins og kannske frá Guineu eða Mali eða allt til keisara eða fulltrúa hans frá Abessiníu, náum við til allra þessara manna, þegar við tölum um nýlendukúgun, hvort sem þjóðir þeirra hafa verið undirokaðar í nokkrar aldir eða hvort Evrópumenn voru fyrst að leggja þær undir sig 1935—1936, þegar Ítalir réðust á Abessiníu. Þess vegna er sá möguleiki til að tala til þessara þjóða á þingi Sameinuðu þjóðanna og fá þær til þess að hugsa um þessi mál.

Þess vegna, ef hv. 7. þm. Reykv. vill hugsa svolítið alvarlega í þessu, sem ég vil gjarnan reyna að kenna honum, — hann hefur verið ýmislegt að læra hérna á þinginu þau ár, sem hann hefur setið hérna, hann var heldur gustmikill, þegar hann kom hér inn, og hans ágætu flokksbræður fengu mjög á því að kenna, og hafa heflazt af honum helztu agnúarnir á þessum tíma, og ég vona, að þeir fari ekki að vaxa út aftur, svo að það verði að fara að taka til aftur að hefla hann til, — þess vegna vil ég taka það mjög alvarlega, þegar eitthvert alvarlegt orð kemur út úr honum, og sýna honum fulla virðingu í því að ræða það mjög alvarlega við hann. Ég skal sem sé hugga hann með því, ef hann hefur raunverulegan áhuga í þessum efnum, að á þingi Sameinuðu þjóðanna er fullt af fulltrúum þessara þjóða, sem við getum talað við. Það eru ekki bara Bandaríkin og endurhljómur af Bandaríkjunum hjá öllum þeim, sem þar sitja. Þess vegna efast ég ekki um, — ég tala nú ekki um t. d., ef hann tæki sig nú til og gerðist verulega góður nemandi og lærði hér vel og reyndi að kunna sína lexíu, — ef hann yrði t. d. sendur af hæstv. ríkisstj. á þing Sameinuðu þjóðanna til þess að berjast fyrir þessari till., þegar búið væri að samþykkja hana, efast ég ekki um, að hann gæti fengið marga menn til þess að hlusta þar á sig, og mundi þykja mjög merkilegt það, sem hann væri að segja.

Svo hins vegar skauzt hv. 7. þm. Reykv. inn í það að fara að minnast á, að e. t. v. væru þarna ýmsar þjóðir, — hann sér enn þá ekki heldur út fyrir Evrópu, — sem mundu segja, að þetta hefði bara verið fórnfýsi og bræðralag af þeirra hálfu, þessi afskipti, sem Englendingar og aðrar þjóðir í Evrópu hafa haft af nýlenduþjóðunum

á undanförnum öldum, og það hefði enginn ágóði og ekkert nema kostnaður verið við þetta. Ég veit nú ekki, af því að það var ekki nógu mikil alvara í þessu, sem hann sagði, þá veit ég ekki alveg, hvort hann hefur meint þetta þannig, að hann væri sammála því. Við vitum, að ýmsir afturhaldsmenn í Bretlandi mótuðu fyrir nokkrum árum slagorðið, sem þeir kölluðu „white men's burden" — „byrði hinna hvítu manna", hve ægileg byrði hefði hvílt á þessum vesalings hvítu mönnum, sem hefðu rænt jörðunum þarna í Afríku og annars staðar og væru nú að reyna að manna þessar þjóðir. (Gripið fram í.) Nei, ég þýddi það aftur algjörlega. Ég held, að enskan hafi verið hrein hjá mér og íslenzkan líka, eða var það ekki rétt? En ég var bara að nota orðin, vegna þess að þetta hefur verið eitt algengasta slagorð þeirrar engilsaxnesku yfirdrottnunarstefnu, og mér virtist hv. þm. vera hálfsmitaður af því. Þess vegna held ég, að við þurfum að gera okkur það ljóst, ef honum hefur verið einhver alvara í þessu, að vera að einhverju leyti sammála þessum hugmyndum, þá þurfum við að gera okkur ljóst, að því fer fjarri, að við Evrópumenn höfum flutt þessum þjóðum okkar menningu. Við höfum mikið að flytja þeim, hefðum við viljað gera það. En það er alveg rétt, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði áðan, við skildum við þær þannig, að jafnvel í þjóð, sem taldi tugi millj., var máske einn einasti læknir innfæddur.

Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að það er ekki þarna um það að ræða, að fyrst hafi Englendingar komið sem einhverjir blessaðir englar til Indlands og þessara landa, verið að sýna þar fórnfýsi og bræðralag og lagt bara í kostnað og engan ágóða haft og gefið svo 670 millj. manna frelsi. Nei, það var ekki svona. Það var þannig, að fyrst kom ákveðið verzlunarfélag, ákveðnir auðmenn, sem höguðu sér eins og ránsriddararnir í gamla daga, lögðu þessi lönd undir sig. Það var verzlunarfélagið til að byrja með, sem stjórnaði þessu, hvort það var í Suður-Afríku eða í Indlandi, og eftir nokkurn tíma, stundum leið máske heil öld, yfirtók t. d. kannske enska ríkið þetta. Og þessi lönd voru þurrausin. Mannsaldurinn meira að segja styttist, eins og t. d. í Indlandi, vegna þess, hve hart var gengið að, vegna þess, hvernig umhverft var öllum grundvelli undir þeirra lífi. Hvernig fólkið var rekið úr sveitunum, án þess að það væri skapaður möguleiki fyrir það til þess að lifa í bæjunum, það vita þeir menn og það gætu þeir hv. þm. eða ráðh., sem hafa komið til Kalkútta eða Nýju-Delhi eða annarra af þessum borgum Indlands, þeir gætu gefið lýsingarnar á því, hvernig fólkið lifir þar. En flestir af þeim, sem ég hef talað við, af Íslendingum, sem þangað hafa komið, hafa lýst því þannig, að til slíks lands gætu þeir ekki hugsað að fara aftur vegna þess, hvernig ástandið væri. — Það var sem sé ekki þannig. Þeir komu sem ræningjar. Þeir lögðu þessi lönd undir sig. Þeir eyðilögðu tiltölulega öruggan grundvöll, sem margar af þessum þjóðum þó höfðu lagt fyrir sína tilveru, og þeir rændu og rupluðu í 2—3 aldir í þessum löndum, og þeir sköpuðu sér auð og allsnægtir og landi sínu vald, þannig að eins og við vitum réð Bretland í upphafi þessarar aldar upp undir fjórðungi heimsins eða hafði ítök í, brezka heimsveldið. Það voru þjóðirnar, sem urðu að bera kostnaðinn, og það var England, sem varð ríkt. Og enn þá sitja þeir menn, sem rændu þannig, eins og í Suður-Afríku, með allt bezta landið, sem þar var til, hafandi rekið íbúa landsins út á hjarnið svo að segja. Og allir menn, sem tala og skrifa af einhverri ábyrgðartilfinningu um ástandið í Suður-Afríku núna, segja: Takist ekki að koma viti fyrir þá hvítu, sem stjórna þar, verður það eitt ægilegasta blóðbað, sem veraldarsagan hefur séð, þegar allur sá svarti fjöldi rís upp. — Og það er þeim, sem hafa alltaf lýðræðið á vörunum, bezt að hugsa svolítið út í, þegar nokkur hundruð þúsund manna kúga yfir 4 millj. og svipta þá öllum mannréttindum.

Þessum þjóðum var ekki gefið frelsi. Þessar þjóðir voru að rísa upp. Það var eftir uppreisn sjóliðanna á sjálfum brezka flotanum í Indlandi, af því að brezk yfirstétt hefur venjulega verið með raunsæjustu yfirstéttum jarðarinnar, — sem ekki verður sagt um amerísku yfirstéttina núna, hún á dálítið eftir að læra enn þá af því, ef henni gefst nokkurn tíma tækifæri til þess, — brezka yfirstéttin var það raunsæ, að hún sá, að hún gat ekki haldið þessari þjóð niðri. Þess vegna kaus hún að láta undan í tíma og sleppa sínum pólitísku völdum. Gegn hverju? Gegn því að halda sínum efnahagslegu völdum. Bretarnir eiga öll ríkustu og mestu fyrirtæki Indlands í dag. En þeir voru nógu skynsamir, af því að þeir voru fyrst og fremst kaupmannaþjóð og kaupmannastétt, til þess að hugsa fyrst og fremst um að reyna að varðveita peningana, en sleppa krúnunni yfir Indlandi, sleppa keisaratigninni. Þess vegna er það ekki til neins að koma hérna til okkar og segja, að þessum þjóðum hafi verið gefið frelsi. Það var látið undan við þær. Það voru nokkrar þeirra, sem urðu að sýna það, að þær væru reiðubúnar að taka það, ef þær ekki fengju það. Í Víetnam var barizt í 7 ár við Frakka, þar til eftir tapið við Dien-Bien-Phu, að þeir urðu að gefast upp. Frakkar hættu og sömdu. Og hvað lærðu svo Frakkar af óförunum í Indó-Kína? Þeir lærðu það, að þeir létu sér nægja að berjast í 7 ár í Alsír. Þá var einmitt einn þeirra þjóðernissinnaðasti foringi, de Gaulle, sem hafði þó vit á því að semja við uppreisnarmennina í Alsír og gefa Alsír þar með frelsi, eins og það er kallað.

Það, að tugir landa í Afríku hafa nú fengið pólitískt frelsi og eru orðnar meðlimir Sameinuðu þjóðanna, stafar af því, að þjóðirnar, sem þarna réðu, sáu, að þær mundu bara bíða eftir að fá blóðugar uppreisnir þar, svo fremi sem þær yrðu ekki af sjálfsdáðum fyrri til að gefa þeim pólitískt frelsi og reyna að halda þar einhverjum efnahagsítökum, eins og þær líka hafa gert, Frakkarnir gagnvart sínum gömlu nýlendum í Afríku t. d. Sumir eru það vitlausir, sumir bandamenn hv. þm. og hans NATO-manna, þeir eru hins vegar það vitlausir, hafa þar ekkert lært af veraldarsögunni, eins og t. d. Portúgalar, þessir indælu verjendur lýðræðisins með okkur í Atlantshafsbandalaginu, þeir myrða og drepa enn í Angóla, Mosambique og öllum þeim nýlendum, sem þeir hafa. Það eru enn þá háðar borgarastyrjaldir þar. Þeir hafa ekkert lært enn þá. Þeir ætla auðsjáanlega að bíða og standa í 10—20 ára

borgarastyrjöldum þarna og láta Atlantshafsbandalagið hjálpa sér heldur en að láta undan í tíma og gefa þessum þjóðum frelsi, eins og hv. þm. orðaði það.

Við verðum að muna það, þegar við erum að ræða um þessa hluti, að við megum ekki láta þær deilur, sem við oft eigum í, blandast þarna inn í, og ég vil ráðleggja hv. þm., ef hann vill reyna að hugsa þetta mál af einhverri alvöru, að reyna að aðskilja það. Við erum í bandalagi við þær þjóðir, sem hv. þm. úr stjórnarflokkunum og hæstv. ráðh. þykir mjög gaman að kalla lýðræðisþjóðir og eru hér í Evrópu lýðræðisþjóðir, þ. e. Englendingar, Frakkar og aðrir slíkir, en þessar sömu þjóðir, sem hér í Evrópu hafa gert sínar byltingar, ensku og frönsku byltinguna, og barizt fyrir lýðræði og verið brautryðjendur í því, þær eru gagnvart umheiminum, gagnvart Afríku, Asíu og öðrum slíkum, þá eru þær nýlendukúgarar. Á milli þessara þjóða í Evrópu var búið að skipta heiminum upp um aldamótin. Við verðum þess vegna að muna eftir því að láta þá samúð, sem t. d. góðir NATO-menn, miklir vinir vestrænnar samvinnu, hafa með þessum lýðræðisþjóðum, sem þeim þykir svo vænt um að kalla, þeir verða að reyna að gera greinarmun á því, hvernig þeir hugsa um þessar þjóðir, þeirra eiginleika, eins og þær eru heim að sækja í gestaboðum, og hins vegar, hvernig þær eru, þegar við lítum framan í þær sem herraþjóðir í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Þetta er tvennt ólíkt, alveg eins og það gat komið fyrir mann hér áður að hitta mann, sem tók ákaflega vel á móti honum, en var kannske versti harðstjóri við sitt fólk hins vegar, en gestum tók hann yndislega á móti. Þess vegna verðum við að muna það, að þessar lýðræðisþjóðir í Evrópu hafa farið með eldi og ránum um heiminn undanfarnar aldir og lagt heiminn undir sig, þangað til þær núna eru að missa tökin á heiminum, eru enn þá að reyna að viðhalda gömlu aðferðinni, eins og Bandaríkin núna í Vietnam, að reyna að drepa og myrða, eins og hægt er, eitra, þegar ekki dugir annað, en meginið af þeim og þær skynsömustu þeirra hins vegar að láta undan síga. En það er ekki nóg. Það þarf að gera upp fortíðina, og þessar þjóðir standa ábyrgar í þeim efnum.

Nú komum við inn á það, sem hv. 8. þm. Reykv. kom alveg réttilega inn á í sinni ræðu, þar kom hann inn á mál, sem er mjög mikið vandamál í þessum efnum, og það er sú siðferðilega og fjármálalega bótaskylda, þegar um svona hluti er að ræða. Siðferðilega séð bera þessar Evrópuþjóðir og upp á síðkastið Bandaríki Norður-Ameríku ábyrgð á því ástandi, sem skapazt hefur í þessum löndum. Og enn fremur ber þessum þjóðum, af því að þær eru ríkar þjóðir, mjög ríkar og hafa mikið af sínum auði ekki aðeins frá verkalýðnum í sínum löndum, heldur líka einmitt frá þessum fyrri nýlendum, þá ber þeim líka, ekki síst af því að þetta eru forustuþjóðir heims í stjórnmálum og efnahagsmálum, að hugsa til þess að afstýra þeim voða, að öllum þessum fátæku þjóðum eigi eftir að lenda saman í allsherjar reikningsskilum, jafnvel blóðugum, við þessar ríku þjóðir. Það ætti að reyna að afstýra þeim voða, sem þar vofir yfir. Og ég benti á í minni framsöguræðu, hve illa þetta hefur gengið fram að þessu, og ég tók tölurnar beint eftir einum fulltrúa Sameinuðu þjóðanna, eftir einum af þeirra riturum, hvernig af 47 milljarða dollara aðstoð á 10 árum hefðu 13 milljarðar dollara tapazt vegna óhagstæðra verðlagsbreytinga og 21 milljarður hefði runnið til baka til ríku þjóðanna sem vextir og gróði, aðeins ¼ hluti af allri hinni svokölluðu aðstoð hefði orðið eftir hjá þessum fátæku þjóðum. En þó að allt þetta hefði komið að gagni, allt saman orðið að styrk, hefði það samt tekið 80 ár að koma þeim þessara þjóða, sem skást standa efnahagslega, upp á svipað stig og nú er almennt í Evrópu, en 200 ár fyrir þær, sem lélegast standa, í staðinn fyrir að við höfum á svo að segja einni til tveim kynslóðum komizt upp úr þeirri eymd og neyð, sem við vorum í fyrir 100 árum.

Þarna komum við að því spursmáli: Er einhver bótaskylda á höndum Evrópu og Norður-Ameríku í þessum efnum? Ég skal ekki fara út í þá hreinu lögfræðilegu hlið þessa máls, en benda þó í því sambandi aðeins á eitt. Þegar þjóðir fara í styrjaldir, tíðkast það, ýmsir kunna að segja máske: því miður, að að þeim styrjöldum loknum séu lagðar svo og svo miklar skaðabætur á þá þjóð eða þær þjóðir, sem undir verða. Það er ekki skemmtilegt atriði, vafalaust ekki heldur neinn réttur. (Gripið fram í.) Nei, það reyndist ekki lengur neinn réttur, sem þar í felst, en það er það, sem hefur hins vegar gerzt, þegar svona hefur verið að staðið, að stríð hefur orðið. Segjum, að það ætti eftir að verða styrjöld, þar sem allar þessar þjóðir stæðu saman, þessar fátæku þjóðir, á móti þeim ríku þjóðum. Ef til vill yrði það styrjöld, ef hún yrði ekki háð með kjarnorkuvopnum, sem yrði ekki ósvipuð þeirri, sem oft er kölluð þjóðflutningarnir, þ. e. innrás barbaranna, sem kallaðir voru, í það volduga rómverska ríki, þegar það hrundi til grunna. En segjum, að slík styrjöld yrði og þær fátæku þjóðir sigruðu, ekki sízt í krafti síns margmennis, þær yrðu líklega tífaldar á við hinar. Þá mundi að öllum líkindum, eins og öllum styrjöldum hefur lokið hér á meðal hinna breysku manna, þeirri styrjöld ljúka með því, að hinum sigruðu væri gert að greiða ákveðnar skaðabætur. (**Forsrh.**: Hverjir voru það, sem heimtuðu skaðabætur eftir síðustu styrjöld?) Það voru allir aðilar, held ég, sem heimtuðu skaðabætur eftir síðustu styrjöld, en vafalaust hafa þeir heimtað mestar skaðabætur, sem urðu fyrir mestu tjóninu. Vill hæstv. forsrh. kynna sér til fullnustu, hvað lönd eins og Pólland, Sovétríkin, Júgóslavía urðu fyrir miklu tjóni þá, og bera það saman við það land, sem græddi á blóðbaðinu, jók alla sína framleiðslu allan tímann, sem safnaði stórauði, Bandaríkin, eins og þau höfðu gert í styrjöldinni 1914—1918 líka? Það eru sum ríki, sem græða á styrjöldum og búa sig undir styrjaldir núna. Og það þarf ekki að líta nema til Vietnam í augnablikinu til þess að sjá, hvernig Bandaríkin græða á styrjöldinni í Vietnam og hvernig framleiðslan eykst í Bandaríkjunum vegna þess, hvernig meira að segja jafnóðum og Bandaríkin eyðileggja hrísgrjónaekrurnar í Vietnam með eitri, þá vex hrísgrjónaútflutningurinn frá Bandaríkjunum, þannig að Suður-Vietnam, sem var eitt mesta hrísgrjónaútflutningsland heimsins, verður núna að flytja inn hrísgrjón og

Bandaríkin eru orðin eitt mesta hrísgrjónaútflutningsland veraldarinnar. Á þennan hátt kunna ribbaldar þeir, sem ráða Bandaríkjunum, að tengja saman bisness og keppa um leið að lýðræði.

Þess vegna skulum við hverfa aftur að því, ef til svona styrjaldar kæmi og ef þær fátæku þjóðir, sem sigruðu, heimtuðu skaðabætur af þeim ríku, skyldi þá ekki hafa verið betra fyrir þær ríku þjóðir, áður en slík styrjöld yrði, með öllum þeim skelfingum, sem henni fylgir, að slá til í tíma og semja, meðan hægt er að semja? Það kunna að vera einhverjir hér inni, sem eru á þeirri skoðun, sem ríkisstjórnin í Rhodesíu, eins og hún kallast víst núna, í Suður-Rhodesíu sem var, er á, að það sé bezt að láta slag standa og efna heldur til borgarastyrjaldar en að slaka til gagnvart svertingjunum þar. En mér sýndist afstaða brezku ríkisstj. vera sú og flestra manna í Bretlandi að reyna að telja þessa hvítu menn á að láta undan, en setja ekki allt á eitt spil. Það kunna einhverjir að vera hérna, sem eru þess sinnis, að það sé venjulega bezt að taka baráttuna upp í þessum efnum, slást á meðan hægt er að slást, rétt eins og hæstv. ríkisstj. finnst rétt að sitja á meðan sætt er og lofa öllu að fara til fjandans í efnahagsmálunum. Það er mjög misjafnt, hvernig menn líta á slíkt. Sumir líta ábyrgt á hlutina og álíta, að menn ættu að reyna að afstýra ógæfu í tíma.

Sumir segja: Við skulum sitja bara og hugsa, — eins og viss konungur í Frakklandi, en syndaflóðið kemur eftir okkar dag. — Mín hugsun hefur alltaf verið sú, að menn eigi að reyna að afstýra ógæfunni, og það sem ég hef getað skipt mér af íslenzkum stjórnmálum, þá hefur það miðazt við það og orðið nokkuð ágengt stundum. Og ég held, að það væri skynsamlegt, að við Íslendingar, sem einmitt höfum að mörgu leyti borið gæfu til að haga okkur nokkuð skynsamlega á undanförnum áratugum og öld, þyrðum að hugsa og ræða þessi mál af djörfung og reyndum að koma vitinu fyrir þá aðila, sem vilja heldur tefla í tvísýnu og taka einn allsherjar slag heldur en láta undan í tíma.

Þetta er ekki nema smáræði, sem þarf á þann mælikvarða, sem auður fyrir Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku er, til þess að hjálpa þessum þjóðum, sem þarna eiga hlut að máli. Hvað snertir hins vegar, að það yrðu að vera ríkin einvörðungu, sem bæru það, ef tækist samkomulag hjá Sameinuðu þjóðunum, ef hv. 7. þm. Reykv. og allir fulltrúar, sem ríkisstj. sendi héðan, hefðu unnið mjög vel að þessu máli, að fá þetta fram, þeim hefði ekki aðeins tekizt að vinna þá svörtu með sér með því að lesa upp fyrir þá úr Nýjum félagsritum, vel þýddum, heldur hefði þeim líka tekizt að koma vitinu fyrir einhverja af þeim voldugu herraþjóðum, og þá kæmu þær þjóðir að þeim vanda: Ja, okkar ríki, við skulum segja enska ríkið, það getur ekki staðið undir því að eiga að borga þessar skaðabætur. Það er ekki enska ríkið nema að nokkru leyti, sem hefur arðrænt þessar þjóðir. Það eru hin og þessi auðfélög þar. — Vissulega, alveg rétt. Brezka ríkið á bara sinn þátt í því að hafa gert þetta, en það hefur fyrst og fremst verið varðhundurinn fyrir sjálfa auðmannastéttina, sem hefur rænt og ruplað þar. Hvernig mundum við þá fara að? Hvaða ráð ætti hv. 7. þm. Reykv. þá að gefa Wilson og þeim til að sýna þeim, hvernig þeir ættu að fara að, ef þeir væru alveg í standandi vandræðum með sín forríku fyrirtæki? Ég veit ósköp vel, að Unilever á eitt sitt bezta hlutafélag, United Africa Company, sem á meginið af plantekrum Vestur-Afríku. Ríkið á það ekki, enska ríkið, og þeir mundu vafalaust vera í nokkrum vandræðum, hvað þeir ættu að gera við þessi auðfélög. Í Indlandi eru öll voldugustu fyrirtækin líka eign brezkra banka eða brezkra iðjufyrirtækja. En ég skal benda ykkur á eitt dæmi, sem þið mættuð minna Wilson á. Þið skuluð minna þá á, þegar Bandaríkin voru að koma þeim til hjálpar 1940. Ég á þar ekki við tundurspillasöluna, hátt í 50 tundurspilla, þegar þeir voru að tryggja sér herstöðvarnar í þeim brezku nýlendum Vesturheims í staðinn í 99 ár og fá loforð um að afhenda Ísland úr ensku yfirráðasvæði yfir á ameríska, en ég skal minna á þær kröfur, sem ameríska stjórnin, Bandaríkjastjórn, gerði þá um, að nokkur stórfyrirtæki Englendinga í Bandaríkjunum, m. a. eitt af helztu fyrirtækjum Unilevers þar, yrðu seld Bandaríkjunum með tiltölulega hagkvæmum skilmálum. Bandaríkjastjórn notaði tækifærið, þegar England var orðið eitt eftir af þeim þjóðum, sem þá var ekki búið að hertaka í baráttunni við nazismann, — Bandaríkjastjórn notaði tækifærið til þess að kúska Englendinga, af því að þeir börðust svo að segja á hnjánum að verjast nazistum, til þess að neyða þá til að selja stórfyrirtæki í Bandaríkjunum, þannig að þau kæmust í bandarísk eigu, en væru ekki lengur í enskri eigu. Ég efast ekki um, að það væri hægt að komast að margs konar samkomulagi við Indverja og hjálpa á ýmsan hátt betur þar til, ef öll fyrirtæki, sem Bretar eiga í dag í Indlandi t. d., og tek þá bara eitt land sem dæmi af öllum, ef þau væru öllsömun afhent í indverska eigu og indverska ríkið fengi þar með eignarréttinn yfir þessum fyrirtækjum og gæti notað það fé, sem í þeim felst, og þann gróða, sem þau gefa, til þess að byggja upp betra líf fyrir alþýðuna í Indlandi. Ég skal nú ekki tala um, ef Bandaríkjamenn færu að stinga hendinni í eigin vasa og færu að breyta þannig, að olíuhringarnir þeirra færu að reyna að hagnýta auðinn, sem þeir pumpa út úr öllum þeim löndum, þar sem olían er framleidd, á einhvern svipaðan máta, bæði fyrir þær þjóðir og aðrar. Auðæfin, sem einstök auðfélög eiga í öllum þessum ríkjum, eru yfrið nóg, ef ætti að taka það þannig, til þess að gerbreyta um hvað snertir allt lífsviðhorf, allt efnahagslegt viðhorf í þessum löndum. Það er nægur auður til þarna, ef menn aðeins vilja nota hann til þess að bæta líf þessa fólks, sem er að deyja úr hungri, heldur en auka við auðinn, sem fyrir er í Bandaríkjunum, Bretlandi og annars staðar. Það eru þess vegna næg dæmi, ef menn vilja taka þau, um, hvernig hægt sé að láta þá bótaskyldu, sem eitt ríki gengur inn á að sé, ganga yfir til þeirra auðmanna, sem þarna eiga í hlut. Og við skulum gera okkur annað ljóst. Hvernig stendur sá auður í dag og þau auðfélög, sem þessir evrópsku og amerísku auðmenn eiga núna í Indlandi, iðnaðarríkjum Afríku eða slíku? Í sumum þessara landa hafa þessar

eignir verið teknar eignarnámi skaðabótalaust. Annars staðar hafa þær kannske verið bættar og borgað í mynt þess lands. Það er allur mögulegur háttur á þessu hafður. Viðkomandi land ræður því sjálft, hvað það gerir í þessum efnum, eftir að þau pólitisku yfirráð eru komin úr höndum gömlu nýlenduherranna er ekkert af þessu öruggt lengur fyrir þessi auðfélög. Það er þess vegna skynsamlegt af þessum auðfélögum að semja þarna í tíma.

Við skulum þess vegna ekki örvænta, eins og mér sýndist hv. 7. þm. Reykv. hafa tilhneigingu til, — við skulum ekki örvænta um, að það sé hægt að koma vitinu fyrir herraþjóðirnar annars vegar og þá þær þjóðir, sem rændar hafa verið, til þess að haga sér skynsamlega hins vegar. Það er hins vegar alveg rétt, og það kom hv. 8. þm. Reykv. alveg réttilega inn á, að það eru ýmis og mikil vandamál, ekki aðeins fjárhagslegs eðlis, sem bíða úrlausnar í þessum efnum. Sannleikurinn er, að eins hræðilegur og sá arfur er, sem Evrópa skilur eftir hjá þessum þjóðum fjárhagslega séð, er hann enn þá ægilegri hvað snertir menntun. Það er e. t. v. þyngsta álösunin til Evrópubúa, að þeir skuli hafa búið svo að þessum þjóðum, að þeir skuli hafa hræsnað með það, að þeir væru að flytja inn kristindóm og menningu og annað slíkt, og skilja þær svo eftir eins menningarsnauðar og þeir verða sjálfir að viðurkenna að þær séu í dag og fara svo þar ofan á að tala um, að það séu vandræðin, þær séu svo menningarlitlar, þessar þjóðir, að þó að við vildum hjálpa þeim, sé það varla hægt.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. muna eftir því, að það var send til þessa þings sendinefnd frá þjóðfrelsishreyfingunni í Nýasalandi, meðan dr. Banda, sem nú er þar forsrh., var í haldi hjá Bretum, og það var verið að spyrja okkur, hvort við mundum ekki vilja leggja inn kæru hjá Evrópudómstólnum til þess að reyna að tryggja, að Bretar væru neyddir til að veita honum einföldustu mannréttindi í sambandi við hans fangelsun. Við drukkum þá með þeim hér niðri kaffi nokkrir, forsetar þingsins o. fl., held ég, og þeir sögðu okkur dálítið frá, hvernig ástandið væri hjá þeim. M. a. sögðu þeir okkur söguna af þremur unglingum, sem höfðu lagt í það að fara fótgangandi frá Nýasalandi norður til Kaíró, — það tók þá þrjár vikur, — til þess að komast á gagnfræðaskóla. Þá langaði til að afla sér menntunar, og það var enginn möguleiki í því hámenntaða Englandi, í því landi, sem það hámenntaða England stjórnaði með sínum fínu Oxford og Cambridge, þá var enginn möguleiki fyrir þessa svörtu unglinga að fá menntun, sem samsvarar gagnfræðaskóla hjá okkur. Þeir urðu að stelast burt úr landinu, ganga í þrjár vikur yfir fjöll og firnindi Afríku norður til Kaíró til þess að komast á gagnfræðaskóla.

Þegar við hugsum um þann aðbúnað, sem þessar þjóðir hafa haft, finnum við náttúrlega enn þá meira til okkar sektar, Evrópubúar, í sambandi við meðferðina á þessum þjóðum. En trú mín er hins vegar sú, að ef við Evrópubúar og Bandaríkjamenn erum reiðubúnir til þess að hjálpa þeim hvað fjármagnið snertir, yrði okkur ekki skotaskuld úr að hjálpa þeim hvað menntunina snertir. En það var alveg rétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að leggja á það mikla áherzlu. Við Íslendingar stóðum að vísu hvað það snertir betur að vígi. Eins bláfátækir og við vorum, þá tókst aldrei að drepa út menntunina hjá okkur og menninguna. Þegar við áttum ekki léreft til að mála á, gátum við með okkar orðum búið til þau listaverk í lýsingum, í sögum, sem jöfnuðust á við hin fegurstu málverk. En þessa menntun er hægt að bæta á mjög skömmum tíma. Unglingarnir, sem þarna eru í dag, börnin, sem þarna fæðast, og unglingar, sem þarna eru að vaxa upp, ef þau fá allt í einu möguleikana til menntunar, eins og við gætum veitt þeim, gerbreytum við þessu á einni einustu kynslóð. Við skulum ekki láta okkur detta í hug, að þetta fólk sé eitthvað ófærara til að öðlast menningu og listir heldur en við erum, eins og ég gat um í minni framsöguræðu. Íbúar Ghana á 11. og 12. öld bjuggu til höggmyndalist, sem brezkir listsagnfræðingar viðurkenna að sé svo góð, að aðeins sú gríska standi henni framar.

Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að til þess að gera þetta átak í menningarmálum þurfum við líka fjármagn, þannig að þegar öllu er á botninn hvolft, komum við alltaf að þessu aftur. Við megum ekki gleyma því, að fjármagnið er undirstaðan að þessu.

Nú vilja menn máske segja, og þá kem ég að þeirri spurningu líka, sem hv. 7. þm. Reykv. beindi til mín: Geta Sameinuðu þjóðirnar framkvæmt þetta? Hafa Sameinuðu þjóðirnar t. d. einhvern lagalegan rétt til þess að leggja svona skatt á þær ríku þjóðir og borga þetta til þeirra fátæku þjóða? Nei, þær hafa það ekki. Sameinuðu þjóðirnar hafa ekkert vald til þess að framkvæma þetta í dag, ekki nokkurt vald. Það, sem ég er þarna að ræða um, er að reyna að fá Sameinuðu þjóðirnar inn á það, að það sé rétt, það sé pólitískt skynsamlegt út frá sjónarmiði t. d. friðarins í heiminum, það sé mannúðlega rétt sökum hungursins hjá helmingi mannkynsins að gera eitthvað svona. Sameinuðu þjóðirnar hafa á vissum sviðum komið því fram að geta beitt valdi í þessum efnum. Þær hafa t. d. fengið það fram, að það hefur verið stofnuð Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, og það er gengizt fyrir því um allan heim að reyna að safna til þessarar barnahjálpar, til þess að draga eitthvað úr þeirri ægilegu tölu, sem ég nefndi, til þess að minnka það, að það verði ekki 30 þús. börn, sem deyja úr hungri á dag, heldur færri. Sameinuðu þjóðirnar hafa sýnt sig í því að geta á fleiri sviðum smám saman gert hitt og þetta í þessum efnum, líka á sviði efnahagslegrar aðstoðar, þannig að það er gefið, að ef Sameinuðu þjóðirnar tækju af verulegum krafti upp svona mál, og ég tala nú ekki um, ef þeir menn, sem auðsjáanlega hafa ekki hugsað allt of mikið um þessi mál enn þá, eins og hv. 7. þm. Reykv., ef þeir fyllast nú brennandi áhuga, vegna þess að þeir sjá, hvernig ástandið sé í veröldinni, og fara að vilja reyna að bæta þetta eitthvað, þá efast ég ekki um, að það væri hægt að fá marga aðra til þess að hugsa eitthvað svipað. En þetta er rétt, Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki í dag neitt vald til þess með meiri hl. atkv. að samþykkja svona. Það, sem þarna verður að gerast, er, að það verður að heyja langa baráttu. Það verður að heyja baráttu um að sannfæra

menn, um að opna augu manna fyrir því, að það sé neyðarástand hjá þessum þjóðum, sem við töluðum um, að þetta neyðarástand sé ekki aðeins ómannúðlegt fyrir þær ríku þjóðir að láta viðgangast, heldur sé það pólitískt stórháskalegt fyrir þær. Ég man ekki betur en Kennedy heitinn forseti hafi verið að minna á það í einni af sínum ræðum einmitt, hvað þeir ríku og hvað þær ríku þjóðir yrðu að gera til þess að viðhalda sínu ríkidæmi, m. a. að reyna að afnema fátæktina hjá þeim fátæku. Það er ekkert efamál, að beztu menn þessara þjóða sjá það þegar, hvað þarna þarf að gera. En það er bara fullt af mönnum, sem byrja að glápa á kommúnisma og kapitalisma og annað slíkt, þegar þetta vandamál er rætt, og síðan getur þetta víxlazt út í þau átök, að þær stóru andstæður hér í Evrópu og Norður-Ameríku, stóru stórveldin þar, fari að athuga, á hvern hátt þau geti náð einhverjum pólitískum samböndum í þessum mismunandi löndum, og hvert af þessum ríkustu stórveldum fer að skipuleggja aðstoð frá sér, miðað við sína hagsmuni og miðað við það, sem þau álíta réttast og praktískast.

Ég held þess vegna, að einmitt þessi hugmynd um, að Sameinuðu þjóðirnar ættu að framkvæma þetta, hafi ákaflega sterk rök fyrir sér, en það þýðir, að við yrðum að sannfæra fulltrúa Sameinuðu þjóðanna um, að þetta væri rétt, ekki aðeins fulltrúa hinna rændu þjóða, eins og ég kalla það, heldur líka fulltrúa þeirra ríku þjóða. Og hv. 7. þm. Reykv. væri máske alveg tilvalinn til þess að tala einmitt við fulltrúa þeirra ríku þjóða, því að þær mundu kannske álíta, að það væri alveg öruggt, að hann væri ekki úr því rauða sauðahúsi, þannig að hann væri þar með einhvern kommúnistískan áróður við þá, svo að hann ætti að eiga nokkuð vel innangengt þar, ef hann tæki nú þeim sinnaskiptum, sem ég vona að hann taki nú, þegar hann fer að hugsa þessi mál, eins og hann hefur áður gert hér á þinginu með ýmsu háttalagi, og verður þess trausts aðnjótandi, að hans ríkisstj. sendi hann út til þess að reyna að koma þessu máli fram.

Hv. 8. þm. Reykv. kom alveg réttilega inn á það, sem ég hafði ofurlítið minnzt á í sambandi við spursmálið um lán og gjafir, að gjafirnar væru á vissan hátt óheppilegar, jafnvel þótt þær væru gefnar oft með góðum hug. Einmitt vegna þess. Segir ekki málsháttur inn, að „sælla er að gefa en þiggja“? Þeim aðilum, sem þiggja það, finnst þeir á ýmsan hátt vera eitthvað bundnari. Máske ef við Íslendingar værum í þeirri aðstöðu að geta gefið stórgjafir, mundi enginn skoða sig skuldbundinn okkur þannig. Við værum lausir við, að það væri haldið, að við værum að reyna að ná einhverjum ítökum í slíkum löndum. Gjafirnar eru engan veginn það heppilegasta. En hvernig eru lánin? Eru lánin heppileg? Hvað þýða lán? Lánin þýða, að það á að borga þau til baka og það á að borga vexti til baka. Og eins og ég gat um áðan, er ástandið nú þegar svo, að af þessum 47 milljörðum dollara, sem búið er að veita á þessum síðustu 10 árum, hefur 21 milljarður dollara runnið til baka sem vextir og afborganir. Maður er þá að gefa með annarri hendinni og taka með hinni. Lánin eru þannig áframhald af gömlu nýlendupólitíkinni. Það má kannske segja, að miðað við 2% verðbólgu almennt í heiminum og 2% vexti af lánum sé lítið arðrán í því út af fyrir sig. Það verða þá a. m. k. lánin, sem eru borguð til baka. En í gamla daga var sagt, þegar Jón boli var að tala, svo að ég fari ekki að sletta enskunni aftur, — þegar Jón boli var að tala um, að hann þyldi allt nema 2%, það var á þeim tíma, sem England var lánardrottinn veraldarinnar, og hann treysti sér til að standa í flestu og þola flest og sýndi sig líka þolgóðan, en hann þoldi allt nema 2%. Þá var gróðinn orðinn of lítill. Ég held, að lán og gjafir séu ekki aðferðirnar við þetta. Hins vegar þykist ég vita, að hjá þeim ríku þjóðum sé yfirleitt mikill vilji til þess að láta fé af hendi, og þá er spurningin um formið, þá er spurningin um að finna út það form, sem segir annars vegar: Það særir ekki þær fátæku þjóðir, og það gefur ekki heldur þeim ríku þjóðum nein ítök, neitt vald, neitt nýtt arðrán. Það er engin ný nýlendustefna, sem í því felst, og ég hef ekki getað komið auga á annað betra í þeim efnum heldur en þessa hugmynd mína, sem ég hef sett fram í þessari þáltill. Af hverju? Ef það tækist að sannfæra Sameinuðu þjóðirnar um að gera þetta, er verið að úthluta til þeirra fátæku þjóða fé og sagt við þær: Þetta er það, sem við skuldum ykkur. Þið eruð að fá til baka það, sem rænt var af ykkur fyrrum. — Þið eigið ekki lagalega kröfu á þessu, mundum við máske segja, eins og Danirnir segja við okkur, þegar þeir eru að færa okkur handritin eða flytja þá deild úr safni Árna Magnússonar hingað heim. Þið eigið ekki lagalegan rétt á þessu, en þið hafið liðið og þið hafið þjáðst þessar aldir, en við erum ríkir og við viljum láta þetta til ykkar sem eins konar skaðabætur, uppbætur eða greiðslur. — Þetta særir ekki þá fátæku í þessu efni.

Þær ríku þjóðir gera þetta, eins og við vitum, að nokkru leyti nú þegar, en þó með þessu móti, að öll aðstoðin er ekki meiri en 47 milljarðar dollara á 10 árum og ⅝ teknir til baka. En þeir menn, sem gleggst þekkja þessa hluti, álíta, að það, sem þyrfti að vera t. d. á einu ári, væri um 25 milljarðar dollara. Sannleikurinn er, að þær ríku þjóðir mundi ekki muna um þetta. Þetta fé mundi að mínu áliti vera látið í té fyrst og fremst í formi véla og annars slíks, véla og vagna. Það mundi, eins og við minntumst á fyrst, e. t. v. hafa eitthvað svipuð áhrif hjá þeim ríku þjóðum og t. d. Marshall-gjafirnar, Marshall-lánin höfðu gagnvart Bandaríkjunum. Marshall-lánin beinlínis stórjuku framleiðslumátt Bandaríkjanna og reyndust líka frá fjárhagslegu sjónarmiði ákaflega skynsamleg fyrir þau. (**Forsrh.**: En fyrir þá, sem tóku á móti því?) Fyrir þá, sem tóku á móti því, var það mjög misjafnt. Það hjálpaði Vestur-Evrópuþjóðunum til þess að vinna sig upp og hjálpaði hins vegar um leið ameríska auðvaldinu til þess að ná sterkari tökum á Vestur-Evrópuþjóðunum. Ameríkanar eiga þess vegna nú miklu, miklu meira af fyrirtækjum í Vestur-Evrópu heldur en þeir áttu áður. Ríku þjóðirnar mundi sem sé ekkert muna um þetta. Það mundi vera mjög auðvelt fyrir þær að veita þetta. Ég held þess vegna, að æskilegt væri, ef maður gæti bara komið þeim inn á þennan hlut, — í staðinn fyrir að þær svo að segja noti þetta sem gjafir og lán til þess að skapa sér pólitísk ítök, ná

pólitískum áhrifum, fengjust þær inn á að fela Sameinuðu þjóðunum að hafa með þetta að gera. Ég veit, að það mundi kosta þó nokkur átök að sannfæra þessi stórveldi um það. En ég get vel trúað, að það yrði hægt, vegna þess að það er ákaflega margt, sem mælir með því, og þegar meiri hl. Sameinuðu þjóðanna væri unninn fyrir þessari hugmynd, mundu vart mörg ár líða, áður en menn sæju, að það yrði að láta undan þessu. Það hefur verið svo með fleira, sem gerzt hefur hjá Sameinuðu þjóðunum.

Og þá komum við að hinu. Hv. 8. þm. Reykv. kom réttilega inn á það, að það væri viss hætta á, ef þessar fátæku þjóðir fengju þetta sem peninga til meðferðar, þá færi þetta í alls konar vitleysu. Það er alveg rétt, að hjá mörgum af þessum fátæku þjóðum er t. d. alveg hreint einvaldsfyrirkomulag. Við skulum t. d. taka þau ríku olíulönd Arabanna. Furstarnir þar lifa í lúxuslífi, sem fer fram úr Þúsund og einni nótt, en fólkið býr við hörmulegustu fátækt. Þess vegna undirstrikaði ég það líka í minni grg., að það næði engri átt að úthluta þessu til þessara ríkja bara sem fé, heldur þvert á móti, það skyldi búa til heildaráætlun fyrir allar þessar þjóðir, sem þarna yrðu með, og sérstaka áætlun fyrir hvert land í samráði við ríkisstj. þess lands um, hvað það skuli gera, þannig að menn komi sér niður á það, eftir að sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna hafa athugað það vel: hvaða verksmiðju byggjum við í þessu landi, hvaða menningar- og félagslegum fyrirtækjum, heilbrigðisstofnunum og öðru slíku komum við upp, hvaða skóla byggjum við og annað slíkt. Þá eru það Sameinuðu þjóðirnar, sem ráða yfir þessu fé. Það eru þær, sem hafa fengið það í gegn, að ríku þjóðirnar láta þetta til þeirra, og þær segja við þessar fátæku þjóðir: Með þessum skilmálum er hægt að fá þetta. Það er hægt að byggja gagnfræðaskóla í Nýasalandi, svo að það þurfi ekki að ganga alla leið til Kaíró til að fara á skóla. Og það er hægt að koma upp læknaskólum og öðru slíku. Ég held einmitt, að með því að Sameinuðu þjóðirnar geri þetta á þennan máta og svona sé um þetta samið, sé hægt að koma því þannig fyrir, að það verði þessum rændu þjóðum, þessum fátæku þjóðum, að hvað mestu gagni. Ég efast ekki um, að þetta mundi um leið verða til þess að gera aðstöðu Sameinuðu þjóðanna í veröldinni miklu, miklu sterkari á eftir. Það mundi verða sagt: Sameinuðu þjóðirnar hafa fundið ráð til þess að afstýra þeim geigvænlegu átökum, sem gætu annars orðið á milli þeirra ríku. Sameinuðu þjóðirnar hafa tekið í sínar hendur að miðla þeim auði, sem ríku þjóðirnar viðurkenna að þær hafi haft af þeim fátæku, en ætla að skila til baka. Þetta mundi gerbreyta afstöðu Sameinuðu þjóðanna í heiminum. Ég held þess vegna, að þessi hugmynd sé ekki bara falleg út af fyrir sig og þess vegna, eins og margt, sem fallegt er, heppilegt að gera grín að því, heldur sé hún líka raunhæf. Ég er út af fyrir sig ekkert óvanur því, að gert sé grín að hugmyndum, sem ég kem með hér á Alþ. Það er allt í lagi. Ég kom með hugmynd hér fyrir 20 árum, sem óskaplegt grín var gert að: skýjaborgir og alls konar vitleysa. Og þær skýjaborgir hafa samt sem áður lagt grundvöll að því tímabili framfara í efnahagsmálum, sem við höfum lifað, síðan lýðveldið var stofnað. Við skulum ekki vera of fljótir á okkur í þessum efnum. Fyrst við á annað borð erum að reyna að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, skulum við ekki vera með neina minnimáttarkennd, þannig að það geti ekkert gott komið frá Íslandi, að við getum aldrei verið annað en t. d. peð, sem dingli eftir því, hvernig Bandaríkin ákveða, að það skuli greiða atkv. Við skulum ganga út frá því, að okkar land geti verið sjálfstætt, okkar land geti haft sitt framtak, okkar land geti komið með góðar hugmyndir, og alveg sérstaklega í þessum málum, þar sem við höfum reynslu, sem mjög fáar Evrópuþjóðir annars hafa. Ég held, að á því sviði beri okkur alveg sérstaklega skylda til slíks.

Hv. 7. þm. Reykv. langaði nú í umræður um ýmislegt annað um leið. Honum fannst þessi till. mín auðsjáanlega allt of smá í sniðum, að ætla bara að hugsa um þessar vesalings hungrandi 1500 millj. í heiminum og vera að einbeita sér að svona smáverkefni. Því í ósköpunum á ekki að taka alla Evrópu þarna inn í líka? Til allrar hamingju er ástandið ekki þannig í Evrópu sem stendur, að menn falli þar hundruðum eða þúsundum saman úr hungri á dag. Það er hér um að ræða mál, þar sem Evrópa, hennar voldugustu ríki, á mikla sök, og þó að hv. 7. þm. Reykv. hafi kannske dottið í hug, að með svona þáltill. ætti að bæta úr öllu misrétti, sem til væri í veröldinni, hef ég satt að segja ekki vogað að hugsa svo hátt. Ég hef látið mér nægja að takmarka mig við þau lönd, þar sem menn falla úr hungri, þar sem meðaltekjur eru frá 50 dollurum á mann á ári og kannske í hæsta lagi upp í 500 dollara. Þjóðir Evrópu búa yfirleitt við það góð lífskjör, að þrátt fyrir ýmislegt, sem þar fer aflaga báðum megin járntjaldsins, ef við viljum taka það þannig, er þetta ekki mál, sem Evrópuþjóðirnar þurfa að glíma við sem þolendur.

Þá fór hv. þm. inn á það, hvort við ættum ekki að fara líka að skipta okkur af ýmsum mönnum, sem hann taldi að hefðu tapað frelsi, og nefndi þá til, hvort við ættum ekki að fara að skipta okkur af því, sem hann kallaði Austur-Pólland, og annað slíkt, þeir hefðu tapað frelsi. Ég hef í þessari þáltill., sem ég hef lagt hér fyrir, verið að ræða um annars vegar þau lönd, sem almennt í heiminum eru kölluð með vægu orði þróunarlönd eða vanþróuðu löndin eða ýmislegt annað slíkt, og hins vegar þau lönd, sem almennt eru kölluð þau ríku lönd í heiminum, og það er þetta, sem um er að ræða. Ef hv. 7. þm. Reykv. er spenntur fyrir því, getum við tekið upp umr. um hitt líka. Ég hef ekki farið hins vegar að leggja til, að við Íslendingar settum okkur á svo háan hest, að við ætluðum að skakka leikinn í innanlandsmálum allra annarra þjóða í heiminum. Það má vel vera, að hv. 7. þm. Reykv. sé gæddur slíkri réttlætistilfinningu og slíkri þekkingu á öllum heimsmálum, að hann treysti sér til þess að segja hverri einustu þjóð og hverju einasta ríki, hvernig það eigi að stjórna sínum málum. Ég ætla mér ekki þá dul. Eg læt mér nægja að segja, að við eigum að leggja eitt lítið orð inn, þegar lítil, fátæk og vanmegna ríki efnahagslega séð eiga við neyð að búa og þegar önnur ríki eru svo rík, að þau vita vart, hvað þau eiga við sína peninga að gera. Hitt er annað, að

ætla að fara að tala um það, sem hann minntist á og hann kallaði Austur-Pólland. Ég býst við, að það, sem hann hafi átt við, hafi verið Vestur-Úkraína og Vestur-Hvíta-Rússland. Ef ég á að fara að halda mannkynssögufyrirlestur fyrir hv. þm., voru þetta lönd, sem 1921, þegar stríð var á milli Póllands og Rússlands, voru tekin af Rússlandi og innlimuð í Pólland. Og svo að ég vitni í einhvern mann, sem honum hlýtur að vera kær, þann íhaldssama utanríkisráðherra Breta Curzon lávarð, þegar hann á Versalaþinginu dró landamæralínuna, hvar þeir herrar í Versölum álitu, að landamærin ættu að vera, áleit hann auðvitað, eins og eðlilegt var, að hún ætti að vera þar, sem hún er nú, þ. e. a. s. Vestur-Úkraína og Vestur-Hvíta-Rússland væri sameinað Hvíta-Rússlandi og Úkraínu. (BP: Var Katrín II ekki búin að næla í eitthvað af Póllandi áður?) Jú, ef ég á að fara að fræða þennan þm. líka, þá versnar það nú heldur. Póllandi var nefnilega skipt þrisvar sinnum, og Katrín II og Friðrik mikli Austurríkiskeisari stóðu þar saman að, og það tókst að lokum að koma Póllandi upp aftur og gera það aftur að sjálfstæðu ríki. Ég vona þess vegna, ef honum er ákaflega annt um Pólland, að hann standi þá mjög vel með Pólverjunum í því að varðveita þann hluta, sem Þjóðverjar eru stundum núna að gera kröfur til að fá til baka aftur af því. Ef hann er sem sé að spekúlera í þeim efnum og við förum að ræða Slésíuvandamálið og annað slíkt, er ég reiðubúinn til þess. Ef hv. þm. hafa svona ákaflega mikinn áhuga á þessum málum, skulum við sem sé ræða um þetta. En ég get sem sagt frætt þá um ýmislegt í þessum efnum, ef þeir óska sérstaklega eftir. En ég hafði ekki hugsað mér, að í þáltill. frá Alþingi Íslendinga tækjum við að okkur að leysa þessi mál öllsömun. Ég hafði ekki hugsað svo hátt. Ef Sjálfstfl. hér á þingi er hins vegar á þeim buxunum eða a. m. k. 7. þm. Reykv., ætti hann að leggja fram sérstaka þáltill. um það. Hins vegar vil ég vara ykkur við, af því að það er nú alltaf rétt, að menn kunni fótum sínum forráð, þegar þeir ætla að stjórna allri veröldinni þannig, og það er, að ef farið væri að tala um slíkt, kæmu kannske til okkar vissir bandamenn okkar í Bandaríkjunum, svartir að lit, og segðu, að þeir ættu ekki við alls kostar góð kjör að búa, þá vantaði ýmislegt frelsi, og þeir kæmu þá kannske til 7. þm. Reykv., og ég mundi þá kannske senda þá til hans, ef þeir kæmu til mín, og hann mundi þá kannske gera út nokkrar sveitir, ekki kannske beint suður til Little Rock, en í Mississippiríkin og á þær slóðir til þess að skakka leikinn, því að ég veit, að ef hann hefði forustu fyrir slíkum og færi að veita þeim svörtu í viðureign við þá hvítu, mundi vafalaust ekki verða mikið eftir af þeim hvítu körlum, þegar hann væri búinn að jafna um þá. Sem sagt, ef hann vill fara að frelsa allar þjóðir, sem eru kúgaðar, og hjálpa öllum mönnum, sem eiga bágt, er það ákaflega fallega hugsað, ef það nær til allra, hvar sem þeir eru. En trúað gæti ég nú samt, að við færðumst fullmikið í fang, ef við gerðum slíkt.

Það er t. d. hér rétt hjá okkur land, sem er okkur á ýmsan hátt skylt, raunar á báða vegu, ef við vildum fara að athuga hlutina þannig. Næsti nágranni okkar, Grænland, það mætti e. t. v. athuga mjög vel, hvort við gætum ekki hjálpað þar dálítið betur en við höfum gert fram að þessu. Ég hef stundum minnzt á það áður og skal ekki fara út í það, en það væri kannske eitt af því næsta, ef hann vill kynna sér, hvernig fátæk nýlenduþjóð lifir. Og var hann ekki eitthvað að tala um verzlunareinokun áðan líka? Hann gæti e. t. v. byrjað á því að afnema hana hjá Dönum gagnvart Grænlandi. Grænland á að heita núna eftir þeirra lagasetningu partur af þeirra landi, og þó held ég, að það sé vitað, að það er eins konar einokun á Grænlandi. Ég held jafnvel, að ferðafrelsið sé ekki allt of mikið þar. Ég er ekki að segja þetta til þess að álasa Dönum neitt. Ég ætla ekki að fara að stjórna innanríkismálum þeirra. En ef hv. 7. þm. Reykv. ætlar að fara að stjórna allri veröldinni þannig, hvað innanlandsmál þjóða snertir, held ég, að hann ætti að líta sér nær.

Hinum megin við okkur er líka annað land, sem heitir Írland. Ef hann er að bera mikinn kvíðboga út af landaskiptingu í Evrópu fyrir 40 árum eða jafnvel fyrir 20 árum, ætti hann máske að athuga á Írlandi. Það er viss hluti af Írlandi enn þá, sem tilheyrir Englandi. Og hann veit kannske, að ein ástæðan til þess, að Írland og þess stjórn er, ef svo má segja, miklu íhaldssamari en okkar hæstv. ríkisstj. hér, — hún hefur ekki einu sinni við að ganga í Atlantshafsbandalagið, þó að hún sé oft kannske í sínum till. næstum því hægra megin við ýmsa menn þar, — er sú, að hluti af hennar landi er enn þá hersetinn af Bretum. Ef við ætlum sem sé að fara að taka að okkur að leiðrétta allt misræmi í veröldinni og skakka leikinn í innanlandsmálum allra þjóða, yrði það nokkuð langt hjá okkur.

Ég held þess vegna, að við ættum að láta okkur nægja að reyna að sjá um þetta, sem ég hef farið hér fram á. Ég held, að það sé alveg nægilegt fyrir okkur. Ég held jafnvel, að hann hafi verið að fara alla leið austur í Tíbet, ef ég heyrði rétt, í sambandi við þetta. Hann vill ekki láta sér nægja Grænland og Írland, hann ætlar líka að fara að laga ástandið í Tíbet. Ég held nú, að það allra versta á ástandinu í Tíbet hafi verið lagað. Sú bændaánauð og það þrælahald, sem þar var, er afnumið. Og ég mundi yfirleitt ráðleggja þessum hv. þm., áður en hann étur ameríska áróður hráan og kastar honum hér út á þinginu, að reyna að athuga þessa hluti og kynna sér þá ofurlítið. Ég skyldi meira að segja hjálpa honum við það, reyna að lána honum einhverjar bækur um þetta og annað slíkt og það frá báðum hliðum, þannig að hann tali ekki eins og grammófónplata.

Hv. 7. þm. Reykv. kom í þessu sambandi líka inn og las upp, — það átti að vera eins konar hryllingslestur, held ég, — að Evrópubúar hefðu farið með mannránum og árásarstyrjöldum, frelsissviptingu, arðráni og hvers konar kúgun og misrétti, og svo kom hann með þrælaveiðarnar líka. Jú, hann skaut því að mér, hvort það væri ekki vissara fyrir mig eiginlega, skilst mér, að tala varlega. Það væru ýmsir menn, sem stjórnuðu í Arabalöndunum, sem væru e. t. v. í einhverju vinfengi við einhverja, sem hann áleit þó, að mundu vera mínir vinir. Ég skal hugga hv. þm. með því, að hvaða utanríkispólitískar ráðstafan-

ir sem einhverjar og einhverjar sósialistískar stjórnir kunna að álíta skynsamlegt að gera út frá sínu valdapólitíska sjónarmiði, snertir það ekki afstöðuna til þeirra þjóða, sem þær kunna að semja við um slíkt. Það á sér ýmislegt misjafnt stað í mörgum Arabalöndunum enn þá, það er alveg rétt. Það var jafnvel sýnt hérna lítillega í amerískri kvikmynd — góðri amerískri kvikmynd, — það eru meira að segja til góðar amerískar kvikmyndir, þó að þorrinn af þeim sé svo lélegur, að hann sé ekki sýnandi, og við verðum að stynja hér menningarlega undir því að hafa helzt ekki annað en það andskotans óféti, sem sett er í okkur, en m. ö. o., það eru til hérna góðar amerískar kvikmyndir, og ég skal fræða hv. þm. um, að það eru meira að segja ekki aðeins til góðar amerískar kvikmyndir, sem snerta ástand í vissum nýlendum, það eru til góðar amerískar kvikmyndir um ástandið í Bandaríkjunum, sem hann hefði líka gott af að sjá. En annars, þegar þær hafa komið hingað, hafa þær verið sýndar stutt.

Það er alveg rétt, að þetta þrælahald viðgengst enn þá, og það er svona þrælahald, sem var verið að afnema í Tíbet, og var öskrað upp um allan heim, af því að þrælahaldararnir voru reknir í burtu. Hins vegar það þrælahald, sem ég var að tala um, fólst í því, að í upp undir 200 ár voru stundaðar mannaveiðar af hálfu þeirra hákristnu þjóða, Breta og fleiri, þannig að mönnum var rænt í Afríku og seldir mansali til Ameríku. Og sú blóðtaka, sem Afríkuþjóðirnar urðu fyrir á þessum öldum, er reiknuð hvorki meira né minna en upp undir 200 millj. manna, sem hafi verið rænt, og aðeins brot af því hafi komizt lifandi á þrælamarkaðinn í Bandaríkjunum í Ameríku. Þegar ég var þess vegna að tala um bætur þarna, er það spursmálið að reyna að einhverju leyti að bæta þetta upp. Við vitum, að það er ekki hægt að bæta svona hluti. Það er hins vegar hægt að sýna einhvern lit á því að hjálpa þessum þjóðum, sem urðu fyrir svona búsifjum á þessum tíma, alveg eins og það er ekki hægt að bæta þær búsifjar, sem við urðum fyrir á einokunartímanum. Það yrði máske sagt: Það var ekki brezka ríkið, sem leyfði þetta eða stóð fyrir þessu, skulum við segja. Brezka ríkið leyfði það hins vegar langa lengi. Og þeir menn eru löngu dauðir, og þeirra gróði hefur gengið í arf til afkomenda þeirra, sem græddu á þessu. En engu að síður sem heild eiga þær þjóðir, sem höfðu auðsuppsprettu og lifa við auð í dag vegna þess, sem gerzt hefur á þessum öldum, meðan hinir verða að búa við fátækt, þær eiga að bæta fyrir það.

Að síðustu vil ég leggja áherzlu á, að það, sem ég er að hugsa um í þessum efnum, ef einhvern tíma einhver svona hugmynd kæmist fram, þá yrði um að ræða þarna sjóð, sem yrði undir stjórn Sameinuðu þjóðanna, sem ekki væri tekinn úr höndum þeirra, sem þær sjálfar í samráði við hinar einstöku þjóðir, en eftir sínum till., úthlutuðu til þeirra í því formi, sem ég hef rætt um. Og Sameinuðu þjóðirnar gerðu þetta beinlínis sem þátt í því að tryggja friðinn í veröldinni, tryggja, að þessum tveimur aðilum ljósti ekki saman í allsherjarstyrjöld.

Ég minntist á það hér áður, þegar við vorum að minnast á þessa hluti, að í staðinn fyrir, að við höfum nú búið við það næstum tvo áratugi, að það væri talað um þær andstæður í heiminum, sem fyrst og fremst væru kallaðar austur og vestur, kynni svo að fara, að þær höfuðandstæður, sem menn töluðu nú um, yrðu kannske norður og suður, af því að það vill þannig til, að þessi ríki, sem hafa verið ríkust þarna, Evrópa og Norður-Ameríka, eru öll á Norðurhvelinu, en hin hafa verið mestöll á Suðurhvelinu. Ég vil biðja menn um að reyna að þjálfa sína hugsun í því að laga sig að vandamálunum, jafnóðum sem þau skapast, halda ekki áfram að hugsa fyrst og fremst í þeim andstæðum, sem vissulega halda áfram að verða til og verða mjög grundvallandi andstæður, eins og andstæður milli sósíalisma og kapítalisma, en andstæður, sem við vonum að leiði ekki til styrjaldar milli þessara aðila, því að það vitum við öll að mundi þýða tortímingu mannkynsins. Ég vil biðja menn um að reyna nú að hugsa og beina sinni hugsun að þeim vandamálum, eins og þau eru fyrst og fremst í dag. Á öllum Norðurlöndum hafa menn þegar gert þetta. Það einkennir í dag allar stjórnmálaumr. á Norðurlöndum hvað utanríkismál snertir, að þetta vandamál vanþróuðu landanna, eins og þeir kalla það venjulegast, það er stærsta vandamálið að þeirra áliti, langsamlega stærsta vandamálið, og þær pólitískt praktísku ráðstafanir, sem t. d. stjórnir Norðurlanda eru oft að gera núna, eru einmitt þær að reyna á sinn hátt að draga enn þá meira úr þeim djúptæka ágreiningi, sem eðlilega er á milli kapítalisma og sósíalisma og þeirra ríkja, sem þeim stefnum fylgja, en einbeita sér að því að reyna að leysa þessi vandamál.

Það var eitt atriði, sem hv. 8. þm. Reykv. kom inn á, sem ég svaraði ekki. Hann ræddi um, að það, sem Danir hefðu gengið inn á að greiða á vissan máta til okkar, hefði verið afgjaldið af ríkisjörðunum, en þeir hefðu ekki gengið inn á að greiða gróðann, sem einokunarkaupmennirnir hefðu haft af einokunarverzluninni, reikningar Skúla og Jóns hefðu ekki náð fram hvað það snertir. Það er alveg rétt, að þar komum við inn á þennan hlut, sem er á milli ríkisins annars vegar og viðkomandi auðmannastéttar hins vegar og skyldnanna, sem á þeim hvíla. En hve langt ein ríkisstj. gengur í að taka hins vegar á sig og hlutfallslega á sína þegna að bæta fyrir það, sem t. d. auðmannastéttir í þessu tilfelli hafa gert, fer eftir aðstæðunum á hverjum tíma. Brezkri auðmannastétt getur þótt rétt að afhenda fyrirtæki, sem auðmenn í Bretlandi eiga, í hendur Bandaríkjanna, þegar brezku stjórninni liggur á að vinna vinfengi Bandaríkjanna með því. Og eins er það t. d., þegar samið er í Alsír. Þeir taka eignarnámi svo og svo mikið af öllum frönsku eignunum, sem eru þar fyrir. Það er samið um það hins vegar um leið, að franska ríkisstj. haldi þar vissum réttindum. Auðmannastéttin franska í Alsír tapar sínu. Þetta fer eftir því, hversu tekst að fá viðkomandi ríkisstj. og viðkomandi auðmannastétt til þess að taka sönsum. Það er t. d. það, sem enska ríkisstj. er að reyna í dag við stjórnina í Rhodesíu, að koma henni í skilning um það, að láti hún undan í dag, sleppur hún með svo og svo mikið af sínum auði, en svo framarlega sem hún heldur áfram,

missir hún ekki aðeins auðinn, heldur lífið líka.

En að síðustu varðandi það, sem ég álít, að við eigum að gera í þessum efnum hér, þá gladdi mig mjög að heyra þá skýrslu, sem hv. 8. þm. Reykv. gaf um, hvað komið hefði út úr eða byrjað væri að vinna í því máli, sem hann lagði hér fyrir í fyrra. Ég álít, að við eigum að taka þessi mál alvarlega. Ég álít, að við eigum að sýna það, að við getum rætt þessi mál án þess að spinna inn í það allt mögulegt, sem við kunnum að vera ósammála um í innanlandsmálum ýmissa ríkja í Evrópu og Bandaríkjunum. Ég álít, að við eigum að geta einbeitt okkur að því að ræða þessi mál með sérstöku tilliti til sérstöðu Íslands í veröldinni í þessum efnum. Og ég vil minna á, að við, þessir eldri, t. d. þingflokkarnir, mættum taka okkur æskulýðshreyfinguna á Íslandi til fyrirmyndar í þessum efnum, æskulýðssamtökin á Íslandi, þar með samtök allra pólitísku flokkanna. Þau gangast ásamt mörgum öðrum æskulýðssamtökum fyrir almennri söfnun gegn hungri hjá þessum þjóðum og hefja heila „Herferð gegn hungri". Og við sjáum það og finnum, að þegar farið er út í þessa herferð, fær hún þannig hljómgrunn hjá þjóðinni, að það er a. m. k. langt síðan nokkur söfnun hefur fengið nokkurn svipaðan hljómgrunn. Við þeir gömlu, við þingflokkarnir hérna mættum læra af þeim ungu hvað þetta snertir. Við ættum að feta í þeirra fótspor, taka höndum saman að okkar leyti með að gera till. um það á alþjóðavettvangi að hjálpa til á þessu sviði, hjálpa til enn þá meira og enn þá stórkostlegar en hægt er með því einu að reyna að lina hungur nokkurra barna eða hjálpa til þess að græða illa stödd landssvæði. Ég vil þess vegna vonast til þess, að þessi þáltill., þegar hún nú fer til utanrmn., vona ég, að lokinni þessari umr., verði samkomulag um það hjá okkur, — ég er vissulega til í allar mögulegar breytingar á henni, sem við gætum komið okkur niður á, — þá verði samkomulag um það hjá okkur að afgreiða hana í því formi, sem samstarf næst um, og reyna að láta kveða að Íslandi á skynsamlegan hátt og þann hátt, sem okkur væri virðing að á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 23. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

**Pétur Sigurðsson:** Herra forseti. Á meðan hv. 3. þm. Reykv. dvaldist ytra hjá norrænum höfðingjum, minntist íslenzka þjóðin meistara Jóns Vídalíns. Það má segja, að minnisvarði Jóns Vídalíns sé traustur, og hann reisti hann enda sjálfur með sínum prédikunum. Ein frægasta prédikunin í Jónsbók er reiðilesturinn svokallaði, en þar leggur meistari Jón út af barnamorðinu í Betlehem, og með leyfi forseta, segir meistari Jón svo:

„Hún (reiðin) afmyndar alla mannsins limi og liði, hún kveikir bál í augunum, hún hleypir blóði í nasirnar, bólgu í kinnarnar, æði og stjórnleysi í tunguna, deyfu fyrir eyrun. Hún lætur manninn gnísta með tönnunum, fljúga með höndunum, æða með fótunum. Hún skekur og hristir allan líkamann og aflagar, svo sem þegar hafið er upp blásið af stórviðri. Og í einu orði að segja: Hún gerir mann að ófreskju og að holdgetnum djöfli í augum þeirra, sem heilvita eru. Og ef hún afskræmir ásýnd mannsins fyrir öðrum mönnum, hvernig mun hún þá ekki afmynda sálina í guðs augliti. Segið mér, hvílíkur djöfull mun þar inni búa, þar álit mannsins verður hið ytra svo afskræmt."

Þetta voru orð meistara Jóns. Mér varð ósjálfrátt hugsað til þessara orða meistarans s. l. miðvikudag, þegar hv. 3. þm. Reykv. hélt ræðu sína og var að myndast við að sameina eðli sitt sínu landsföðurlega kennarahlutverki, en hann reynir mjög oft að grípa til þess, ekki aðeins hér innan veggja Alþ., heldur og utan þeirra. Nú er það margyfirlýst, bæði s. l. miðvikudag af þessum hv. þm. og endranær, að þetta er hans uppáhaldshlutverk. En þegar þess er gætt, að bæði í þessu hlutverki og öðrum málflutningi fylgir sú framkoma, sem meistari Jón telur reiða menn hafa, því að reiðin hleypir æði og stjórnleysi í tunguna og deyfu fyrir eyrun, er ekki að undra, þótt nemendur hans, hversdagslega gæfir alþm., og þjóðin öll fái bæði andúð og fyrirlitningu á slíkri framkomu hjá uppfræðaranum og jafnvel hafni allri slíkri kennslu og leiðbeiningastarfsemi, ekki sízt þegar undirtónn uppfræðslunnar er einkar smekklegt mat á eigin ágæti, sem sagt því, að hann einn viti allt og enginn annar viti neitt.

Og nú spyr ég hv. þm., hvort þetta sé ofsagt. Ef einhverjum þykir, að svo sé, og telji, að þessi hv. þm. hafi rækt sitt landsföðurlega kennarahlutverk með miklum ágætum, vil ég benda t. d. á hans eigin stjórnmálaflokk, ef flokk skyldi kalla, sem er sundurklofinn og þar logar allt í innbyrðis deilum og ófriði. Pekingkommar skamma Moskvukomma, Moskvukommar skamma þjóðerniskomma, sem aftur skamma báða hina. Þeir eru jafnvel hættir að vera sammála um það, sem áður gerði þá sjálfum sér samkvæma, það að skamma allt og alla aðra.

Nú er ég þannig gerður, og það kemur kannske í ljós síðar í ræðu minni, vegna ræðu hv. 3. þm. Reykv. s. l. miðvikudag, að ég vil ekkert með hans kennslu hafa að gera, sem hann bauð mér góðfúslega margoft s. l. miðvikudag. Hann mun að sjálfsögðu eiga áfram dyggan hóp af lærisveinum, sem liggja hundflatir fyrir öllum erlendum áhrifum, ef þau eru austræn, og tilbiðja sama goð og hann. En ég held, að honum væri hollt öðru hverju að hlýða á kennslu annarra, og þótt ég sé ekki gamall, ekki jafngamall þessum hv. þm. a. m. k., get ég samt sem áður kennt honum ýmislegt, og ef hann vill ekki þiggja þá kennslu, kemur hann að sjálfsögðu hér á eftir og afþakkar hana á sinn sérstæða, fágaða og prúðmannlega hátt, sem honum er svo tamur.

Ég vil t. d. uppfræða þennan gamla kennara og líklega skólastjóra um leið, vegna þess að það kom fram í ræðu hans s. l. miðvikudag, að þreföldun er ekki það sama og aukning um 300%, en það fullyrti hann s. l. miðvikudag, og er merkilegt, að þetta skuli koma af vörum slíks efnahagsspekings eins og hann telur sjálfan sig vera. Hann hélt því fram hér s. l. miðvikudag, að sjónvarp varnarliðsins og Wallstreet-auðvaldið væri búið að æra mig, trylla og afsiða svo, að hugsanagangur og talsmáti væri orðinn sambærilegur við ameríska her- og viðskiptajöfra, að mig minnir, að hann hafi sagt. Og hvað olli

þessu hugarangri hv. þm.? Hvað olli því, að hann hljóp hér upp með bál í augum, bólgu í kinnum, æði og stjórnleysi tungunnar og deyfu fyrir eyrun? Jú, hv. þm. líkaði ekki notkun mín á sögninni að selja. Hann er jafnvel hættur að vilja sjá aðrar notkunarmyndir gamalla og góðra íslenzkra orða en þær, sem hann getur notað til að bendla pólitíska andstæðinga við afsiðun og hvað það nú heitir í upptalningu hjá honum, leppmennsku, *ameríska undirlægjuhátt og landráðastarfsemi*. En nú er mér spurn: Hefur þessi hv. þm. aldrei heyrt talað um t. d. að selja af hendi og hefur hann aldrei notað sögnina að selja í þessari merkingu eða selja líf sitt dýru verði, eins og hann er búinn að gera fyrir íslenzka alþýðu áratugum saman? Veit hann t. d. ekki um merkingu orðsins að handsala, sem er að afhenda? Ég fullyrði, að slíkar fullyrðingar frá hv. þm. eru ekki til þess fallnar að vinna menn á sitt mál hér í þingsölum, enda auðvitað þessum þm. miklu kærara að koma einhverju höggi á pólitískan andstæðing heldur en bjarga meiri hl. mannkyns frá tortímingu, eins og hann telur að samþykkt þeirrar till., sem hér er til umr., stefni að. Fullyrðing þessa þm. um misnotkun íslenzkunnar hjá mér er því einkennilegri, þegar þess er gætt, að enginn hv. þm. notar önnur eins býsn af erlendum slettiorðum í sínu máli, í sínum ræðum hér á Alþ. En þetta er aftur á móti skiljanlegt hjá þeim, sem jafnvel geta gerzt boðflennur á fundum erlendra höfðingja til þess að taka þar við fyrirmælum.

Um leið og þessi þáltill. er rædd efnislega, verður að hafa í huga þær staðhæfingar þessa hv. þm., að hann sé með sögufróðari mönnum. Ég dreg þetta ekki í efa, enda er þm. langmenntaður maður í þessari grein. En það er eins og *sagt er um söngfróða gagnrýnendur, að þeir geta* talið sig heyra, hvort einn tenórsöngvari sé af hinum ítalska eða þýzka skóla, og menn hafa löngum þótzt þekkja, hvar hv. 3. þm. Reykv. var skólaður. Þetta ber að hafa í huga, þegar höfð eru í huga ummæli annars vegar hv. 8. þm. Reykv., sem ræddi þessa þáltill. hér s. l. miðvikudag, og viðbrögð þessa hv. þm., 3. þm. Reykv., við ræðu hans, og hins vegar viðbrögð hans við þeim fsp., sem ég lagði fyrir flm. þáltill. Og ég held, að viðbrögð hans við þessum tveim stuttu ræðum beri þess ljósan vott, að hverju hann stefnir með þessum tillöguflutningi.

Hv. 8. þm. Reykv. sagði m. a. í ræðu sinni, að hann óttaðist, að sú till., sem hér lægi fyrir, væri ekki raunhæf leið til þess að leysa það vandamál, sem hér væri um að ræða. Hann gat þess einnig vegna þeirrar leiðar til fjáröflunar, sem hv. flm. vill fara, að það væri fátítt, að nokkur ríki viðurkenndu bótaskyldu vegna viðskipta, sem einstakir borgarar eða einstök félög þar í landi hefðu átt við önnur lönd. Og til þess að undirstrika enn betur, hve óraunhæf sú fjáröflunarleið væri, sem þáltill. benti á að farin yrði, undirstrikaði hann erfiðleikana á því að gera sér reikningslega grein fyrir hagnaðinum af þeim margvíslegu viðskiptum, sem flm. talaði um í sinni framsöguræðu. Hv. 8. þm. Reykv. gat þess *einnig að Danir hefðu aldrei viðurkennt útreikninga* og kröfur Jóns Sigurðssonar, og er þá kannske skiljanlegt það æði og stjórnleysi tungunnar, sem greip hv. 3. þm. Reykv. s. l. miðvikudag, þegar ég benti honum á, að sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum yrði að sjálfsögðu beðin að gefa nánari skýringar á sjálfri till. og grg. hennar, sem væntanlega yrði uppistaðan í málflutningi sendinefndarinnar íslenzku hjá Sameinuðu þjóðunum, ef hún yrði samþ. hér á Alþ.

Nei, mín skoðun er sú, að þessi till. sé með *öllu óraunhæf, alveg sama hverjir ættu sæti í* sendinefndinni, alveg sama þótt Bandaríkin hafi á þingum Sameinuðu þjóðanna hvorki ráð á úrslitum atkvgr. þar vegna fjárhagslegra ítaka né pólitískrar yfirdrottnunar, eins og flm. taldi að Bandaríkin hefðu haft til skamms tíma á þeim þingum, og líklega alveg sama, þótt bæði ég og hv. flm. till. yrðu í þessari sendinefnd.

Ég er sammála bæði hv. 8. þm. Reykv. og 3. þm. Reykv., sem tók undir þær skoðanir hans og kemur reyndar inn á það í till. sinni, að vandamál hinna svokölluðu þróunarlanda væri ekki fyrst og fremst skortur á fjármagni til þess að veita þeim fjárhagslega aðstoð, heldur fremur hitt, að í þessum löndum verður að byggja allt frá grunni og ekki nema takmarkað fjármagn, sem þær geta nýtt til uppbyggingar, því að forsendur vantar, t. d. áætlanir um skynsamlegar framkvæmdir. Þetta er auðvitað alveg rétt, svo langt sem það nær. En þetta starf, sem þeir báðir, að mér skildist, féllust á að væri nauðsynlegt, tekur langan tíma. Og sama er að segja um það verkefni, sem sjóðurinn, er þáltill. getur um að stofna eigi, á að vinna. Slíkt verkefni eins og honum er falið með till. verður ekki unnið nema á mörgum árum, kannske áratugum. En það breytir ekki þeirri staðreynd, sem flm. margendurtók, bæði í framsöguræðu sinni og einnig í seinni ræðu, *það breytir ekki þeirri staðreynd*, að samkv. upplýsingum frá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna deyja 30 þús. börn á hverjum degi úr sulti og hungursjúkdómum. En það munu líða mörg ár, þangað til sjóður hinna arðrændu þjóða, sem hv. 3. þm. Reykv. vill stofna, tekur til starfa, — og hvað verða mörg börn þá dáin af þessum orsökum? Samt sem áður telur þessi hv. þm., að aðstoð sú, sem þessi lönd njóta nú, sé hið versta arðrán, og undirstrikar æ ofan í æ, að af 47 milljarða aðstoð, sem þessar þjóðir hafa fengið á 10 árum, hafi á sama tíma 13 milljarðar tapazt vegna óhagstæðra verðbreytinga og 21 milljarður dollara runnið til baka til ríku þjóðanna sem vextir og gróði. Og þessu vill hv. þm. að verði hætt. Jafnvel þótt þessar fullyrðingar hans séu réttar, sem ég hef ekki haft tækifæri til þess að sannreyna, hafa orðið eftir hjá þessum þjóðum 13 milljarðar dollara, og meðan við höfum þá staðreynd fyrir framan okkur, að 30 þús. börn deyja á dag vegna hungurs og hungursjúkdóma, held ég, að þm. sé nokkuð að fara út fyrir það, sem hann stefnir að með flutningi sinnar till., er hann telur, að þetta sé jafnhættulegt og hann hefur talið í sínum ræðum báðum.

Ég skil hins vegar vel, af hverju hv. þm. vill, að þessi leið verði ekki farin, sem farin hefur verið fram til þessa. Það vekur nefnilega allt of *mikla athygli hjá þessum þjóðum*, hvaðan þessi hjálp kemur. Á 8 ára tímabili fram til ársins 1962 nam öll hjálp Ráðstjórnarríkjanna til þró-

unarlandanna í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku samtals 2.8 milljörðum dollara, og aðstoð Kína á árunum eftir að það hóf sína aðstoð og fram til ársins 1962 var til þróunarlandanna í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku og Kúbu 269 millj. dollara. Samtals er þetta um 3 milljarðar dollara. En sú tala, sem 3. þm. Reykv. hefur haft á lofti, er 47 milljarðar dollara.

Ég held, að enginn, sem hugsar um þessi mál, muni bera á móti, að þessi aðstoð sé í dag nauðsynleg. Ég held, að allir, sem fylgdust með fréttum af ástandinu í Indlandi í vetur, séu sammála, að það ástand sýni ekki, að slíkri aðstoð verði hætt, enda var hjálparbeiðni Indverja sinnt og er sinnt, þó að því miður verði að telja, að sú hjálp komi ekki að fullum notum af öðrum ástæðum. Slík skyndihjálp verður alltaf að einhverju eða öllu leyti í hendi þeirra þjóða, sem aflögufærar eru. En þar fyrir er ekki útilokað, að sjóður á vegum Sameinuðu þjóðanna, slíkur sem flm. talar um, geti einnig komið til aðstoðar í slíkum tilfellum. Og ég vil taka það fram, að ég tel hugmynd flm. till. athyglisverða um það, að sérstök stofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna standi að baki nauðsynlegri áætlanagerð um atvinnulega og félagslega uppbyggingu í þróunarlöndunum. Auðvitað þarf slík stofnun að hafa mikil fjárráð og eiga sterkan sjóð til að styðjast við, en ég tel ekki, að sú fjáröflunarleið, sem hv. 3. þm. Reykv. vill fara, geti nokkurn tíma orðið raunhæf. Frjáls framlög geta vissulega verið þýðingarmikil og áhrifamikil, það sáum við t. d. um þátttöku Íslendinga í „Herferð gegn hungri". Og auðvitað koma fleiri leiðir til greina. Það getur komið til greina nefskattur á íbúa þeirra þjóða, sem lengst eru komnar á þróunarbrautinni, t. d. komnar á það stig að geta framleitt kjarnorkusprengjur. Það eru orðnir æðimargir einstaklingar meðal þeirra þjóða, sem eru komnar á það stig, sem þá mundu greiða slíkan nefskatt, ef hægt yrði að ná samkomulagi um það. Og vegna þess, að flm. till. telur sig mikinn friðarvin, mætti hugsa sér skatta á hernaðarútgjöld eða á hvern hervæddan mann í viðkomandi löndum, þó að sú hætta sé auðvitað alltaf fyrir hendi, að þau lönd, sem enn eru lokuð, annaðhvort með járn- eða bambustjaldi, mundu ekki alltaf tíunda þær tölur eins og æskilegt væri.

En ég tel samt sem áður, að það yrði langáhrifamest, ef það mikla fé, sem fer nú þegar til þessara þróunarlanda, nýttist betur en raun hefur oft og tíðum orðið á. Ég held einmitt, að það hafi orðið miklar breytingar á því á síðustu árum, hvernig þetta fé hefur nýtzt, ekki sízt vegna kröfu bandarískra skattborgara, en frá þeim hefur mikið af þessu fé komið á undanförnum árum.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur miklar áhyggjur af því, að ekkert sé gert í þessu vandamáli eða ekkert verði gert í þessu vandamáli á næstu árum, og ef það verði ekkert gert, geti svo farið, að ógnarleg átök hefjist milli hinna arðrændu þjóða og hinna ríku, eða eins og hann orðaði það: stórkostlegustu átök og ægilegasta blóðbað, sem heimurinn hefur þekkt. Ég tel, að þessi hætta sé mjög fjarlæg. Í fyrsta lagi er hermáttur þeirra þrátt fyrir mannmergðina í algeru lágmarki, þótt slík átök geti auðvitað brotizt út á einstökum stöðum, t. d. milli hvítra manna og svartra, eins og flm. hefur drepið á. Í öðru lagi er þegar geysimikið starf unnið í dag til þess að ná þeim markmiðum, sem flm. vill stefna að í sinni till.

Það er rétt, sem komið hefur fram hjá hv. 8. þm. Reykv., og í því er ég sammála 3. þm. Reykv., að í því liggi kannske stærsti glæpur þeirra þjóða, sem nýlendunum réðu, og það er menntunarskortur þessara þjóða í dag, þegar þær eru að búa sig undir sitt sjálfstæði. Ég tel hins vegar ekki, vegna þess að flm. talar um byggingu skólahúsa í sinni till., að það sé jafnnauðsynlegt og að mennta kennara fyrir þessar þjóðir. Og þótt ég telji, að í slíku sé hvergi nærri nóg að gert, leyfi ég mér að fullyrða, að þegar í dag séu tugþúsundir, ef ekki hundruð þúsunda nemenda frá þróunarlöndunum, sem stundi nám í flestum löndum heims, bæði hjá fornum og nýjum herraþjóðum.

Það var minnzt hér á danskan lýðháskóla í Ghana, og það hafa fleiri þjóðir komið upp slíkum skólum í Afríku. Þótt hv. 3. þm. Reykv. telji alla Bandaríkjamenn kapítalista, sem helzt éti a. m. k. einn verkamann í mál, ef ekki tvo, ef þeir eru frá sósíalístísku löndunum, eru sterkustu samtök, sem í Bandaríkjunum finnast, samtök verkamanna og annarra launþega. Og ef þessi þm. veit það ekki, skal ég fræða hann um það, að þessi samtök hafa t. d. unnið óhemjumikið starf, bæði í Afríku og Asíu og Suður-Ameríku, og einnig alþjóðasamtök frjálsrar verkalýðshreyfingar. Þessi samtök hafa komið upp skólum, og þau hafa styrkt verkalýðshreyfingu viðkomandi landa á hinn margvíslegasta hátt. Og það eru auðvitað fleiri aðilar, sem hafa komið til slíkra eða líkra starfa í þessum löndum, þótt það hafi ekki verið á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Sú skoðun kom fram hjá flm. till., að við gætum orðið þessum þjóðum að góðu liði og beztu liði með því að miðla þeim af reynslu okkar, og hann sagði orðrétt í ræðu sinni, með leyfi forseta, „að málefnið sé, hvort Íslendingar geti lagt fram eitthvað heilbrigt í þessum efnum og hvort Íslendingar með þá reynslu, sem þeir hafa, verandi kúguð svo að segja nýlenduþjóð í 600 ár og verandi núna með fremstu þjóðum veraldar hvað efnahag snertir, þótt kannske ríkidæmið sé ekki á við aðrar þjóðir". Vegna þessara ummæla hv. þm. er auðvitað rétt að taka fram, að fleiri þm. en þessi hv. þm. hafa auðvitað reynt að gera sér grein fyrir möguleikum Íslendinga til aðstoðar þessm þjóðum, sérstaklega þó eftir flutning þáltill. hv. 8. þm. Reykv. á síðasta þingi. Persónulega hef ég verið þeirrar skoðunar, að aðstoð á menntunarsviðinu og kennsla í því að afla sér fæðu úr sjó og vötnum sé það, sem við getum helzt látið í té, svo að um raunhæfa aðstoð sé að ræða. Eins og ég hef þegar sagt, tel ég till. flm. óraunhæfa hvað fjáröflunarleiðina snertir, en bendi hins vegar á vegna áðurgreindra orða hans um það, að við séum með fremstu löndum veraldar hvað efnahag snertir, að kannske getum við gefið þeim upplýsingar um það, hvernig eigi að stjórna landinu til að ná svo glæsilegum árangri. Eða telur kannske hv. flm., að árangur okkar þjóðar í dag sé vegna fjárheimtunnar frá Dönum? Auðvitað veit ég, að viðbrögð hv. þm. verða þau, er hann kemur hér í ræðustól á eftir, að við ættum að flytja til Afríku okkar hæstv.

ríkisstj., svo að slíkum árangri yrði náð einhvers staðar þar. En ég held hins vegar í framhaldi af því, sem þessi þm. sagði s. l. miðvikudag, að öðrum standi nær að fara í slíka för, ef það er takandi mark á orðum þm., en hann sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Ég (þ. e. Einar Olgeirsson) kom með hugmynd fyrir 20 árum, sem gert var grín að: skýjaborgir og vitleysa. Og þær skýjaborgir hafa samt sem áður lagt grundvöll að því tímabili framfara í efnahagsmálum, sem við höfum lifað, síðan lýðveldið var stofnað.“ Þá vitum við það.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram hér s. l. miðvikudag, að það þýddi ekkert að vera að halda því fram, að nýlenduþjóðunum hefði verið gefið frelsi, þær hefðu tekið það eða hótað að taka það með valdi og öðrum aðferðum, og það væri þess vegna, sem þær væru frjálsar í dag. Það er auðvitað nokkuð til í þessu hjá hv. þm., þó að hitt sé líka staðreynd, að fjölmargar þeirra hafa samið um sitt sjálfstæði, og þetta veit hv. þm. En það breytir ekki þeirri staðreynd, sem kom fram í minu máli s. l. miðvikudag, að fyrrverandi nýlendur Belgíu, Frakklands, Hollands og Stóra-Bretlands með um 670 millj. íbúa eru sjálfstæðar þjóðir í dag. Á meðan og á sama tíma hafa austrænar herraþjóðir, hin nýju nýlenduveldi, fjötrað, svipt frelsi og beitt efnahagslegum þvingunum þjóðir með á annað hundrað millj. íbúa. Og þótt þm. haldi því fram, að Bretar hafi sleppt sínum pólitísku völdum af 52 millj. manna, til að halda hinum efnahagslegu völdum, þá skulum við jafnframt hafa það í huga, að á síðustu árum hefur ekkert heimsveldi skapað sér jafnmikla virðingu og Bretar, fyrir raunhæfa aðlögun, mundi ég kalla það, að þeirri stefnubreytingu, sem hefur orðið á alþjóðavettvangi á nýlendustefnu og erlendum yfirráðum.

Ég vakti athygli flm. á því, að það væri víðar en í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku, sem þjóðir hefðu orðið fyrir mannránum og árásarstyrjöldum, frelsissviptingu, arðráni og hvers konar kúgun fram á þennan dag, og herraþjóðirnar, sem þetta framkvæmdu, væru fleiri en hann vildi gefa í skyn í sínum málflutningi. Við þessu brást þm. ókvæða og kvað mig einfæran um að bera fram þáltill. hér á Alþ. til bjargar hinum kúguðu þjóðum Evrópu, hann gæti ekki hugsað um allan heiminn. Hann glamraði því næst heilmikið um hinar kúguðu þjóðir Evrópu, þ. á m. Íra og Grænlendinga, en endanleg afstaða hans var sú, að hann vildi ekki skipta sér af innanlandsmálum í viðkomandi löndum. Samt vílar þessi hv. þm. ekki fyrir sér, — hann orðaði það þannig, er hann upphóf sitt mál, að ég hefði farið í gandreið í þessu máli, — þá vílar hann ekki fyrir sér að setjast upp á sitt galdraprik og ríða því austur í Afríku og Asíu og benda á lausn allra vandamála þar. Og hver er lausnin? Jú, það er upptaka eigna allra erlendra aðila í þessum löndum. Hann sagði, að upptaka þessara eigna mundi skapa nógan auð til að koma öllu félags- og atvinnulífi þessara staða á réttan kjöl. Og það var svo sem auðvitað, að Unilever átti eigur einhvers staðar þarna austur frá, annars hefði hv. þm. ekki farið í þessa reið. En hvaðan skyldi hv. þm. hafa þessa fyrirmynd? Er hún frá Indónesíu, eða er hún frá Kúbu, en á báðum þessum stöðum var þessi leið farin? Það hefur, síðan þetta var gert, legið við ríkisgjaldþroti á báðum þessum stöðum, vegna þess, að um leið og þessar eignir voru gerðar upptækar, voru bæði stjórendur og tæknimenntaðir menn, sem unnu við þessi fyrirtæki, reknir úr landi. Og sama má segja, að hafi gerzt í Alsír. Mig minnir, að hv. þm. hafi komið inn á Alsír einnig.

En ofsi þessa hv. þm. var hvað furðulegastur, þegar hann fór að afsaka og bera í bætifláka fyrir vopnaða innrás hernaðarstórveldis í Tíbet, og það var alveg furðulegt, hvað maðurinn gat komizt langt. Hann vildi meina, að ég æti amerískan áróður hráan og kastaði honum hér inn í þingið, og að öskur hefði verið rekið upp um allan heim, þegar bændaánauð og þrælahald var afnumið í Tíbet. Hvað étur hv. þm., fyrst hann lætur annað eins út úr sér? Étur hann kínverska áróðurinn ósoðinn og án þess að líta á, hver hann er? Reyndi hann ekkert að kynna sér, þegar þessi árás stóð yfir, — reyndi hann ekkert að kynna sér t. d. hlutlausar fregnir, bæði frá Indlandi og Pakistan, þegar þessar gráu herfylkingar kínverska hernaðarstórveldisins ruddust inn í friðsælt, sjálfstætt ríki frjálsra bænda? Svona draugasögur, eins og hann reynir að segja okkur hér í þinginu í sambandi við þetta mál, eru betur sagðar einhvers staðar annars staðar en á Alþ., því að það er fullt af mönnum hér, sem kynna sér mál erlendis alveg eins og þessi hv. þm. telur sig gera dags daglega.

Ég skal nú fara að stytta þetta mál mitt. En ég vil þó aðeins víkja nokkrum orðum að fullyrðingum hv. þm. um, að ribbaldar þeir, sem ráða í Bandaríkjunum, kunni að tengja saman bisness og keppa um leið að lýðræði. Þeir hafi grætt á blóðbaðinu í síðustu heimsstyrjöld og þeirri fyrri líka, aukið framleiðslu sína allan tímann og safnað stórauði, á meðan Pólland, Sovétríkin og Júgóslavía urðu fyrir stórtjóni, eins og hann orðaði það. Það hefði verið fyllilega þess vert í þessu sambandi að rekja þær breytingar, sem urðu á afstöðu þessa hv. þm. og annarra kommúnista hér á landi til hinna ýmsu styrjaldaraðila eftir því, hvernig klukkuspilið snerist í Kreml, sömuleiðis hvað málgagn þessa þm. sagði, þegar Bandaríkin urðu aðili að styrjöldinni við hlið Breta, Rússa og annarra bandamanna. En ég skal ekki fara út í það hér nú. En ætlar þessi þm. virkilega að reyna að halda því fram hér á hæstv. Alþ., að tár amerísku ekknanna, barnanna og mæðranna hafi verið eitthvað þurrari en tár þeirra sömu austur í Rússlandi? Heldur hv. þm., að sorg þessara sömu aðila heima í Bandaríkjunum hafi ekki verið jafnmikil og austur á sléttum Rússlands? Heldur þú, að tjónið hjá fjölskyldunum hafi ekki verið það sama, hv. þm.? Ég er aldeilis hissa, þegar slíkar fullyrðingar koma frá annars, að því er talið er, skyni- og vitibornum þm. eins og hv. 3. þm. Reykv. Hann lætur sér það um munn fara hér, að það hafi verið einhver stórkostlegur galli fyrir bandamenn í síðustu styrjöld, þessi gífurlegi framleiðsluмáttur Bandaríkjanna. Ég leyfi mér að fullyrða, að einn stærsti þátturinn í sigri bandamanna í síðustu styrjöld hafi einmitt verið þessi gífurlegi framleiðslumáttur Bandaríkjanna. Íbúar þeirra lentu að vísu ekki í því, að barizt yrði í þeirra

heimalandi. Í því lentu Rússar og urðu fyrir geysilegu manntjóni, bæði þeir og aðrar þjóðir í Evrópu, þar sem barizt var. Hins vegar liggur það fyrir, að mörg hundruð þúsundir Bandaríkjamanna létust í þessari styrjöld.

Hann hafði líka orð á því, að þeir hefðu litlu til kostað í þessari styrjöld, en aðeins grætt. Ég vil benda honum á það, að ef hann flettir upp í heimildarritum þar um, þá má sjá, að á árunum frá 1939—1946 kostuðu Bandaríkin 350 milljörðum dollara til stríðsútgjalda, og það rann ekki svo lítið af því til þeirra bandamanna. T. d. eru skýrslur til um það, að samkv. láns- og leigukjarasamningunum hafi þeir veitt 49 milljarða dollara og þó 100 millj. betur, og af þessu fengu þeir aldrei greitt til baka nema 8 milljarða, af þessum 49 milljörðum, svo að það er alveg þýðingarlaust fyrir hv. þm. að koma hér og segja, að það hafi ekki verið kostnaður hjá þessari þjóð í sambandi við stríðið, þeir hafi engu tapað, þeir hafi jafnvel ekki misst einn einasta mann, þeir hafi bara setið heima í Bandaríkjunum og grætt á því fé.

Hv. þm. minntist nokkrum sinnum á það í ræðu sinni, að ég hefði verið nokkuð gustmikill, er ég kom inn á þing, og að flokksbræður mínir hefðu fengið að kenna á því, eins og hann orðaði það, en að helztu agnúar hefðu heflazt af mér og ég tekið sinnaskiptum, því að ég hefði farið að hugsa. Ég vil að lokum segja, að það verður ömurleg minning um þennan þm. hér í sölum Alþ., þegar hann hverfur héðan á sínum tíma, sú vitneskja þm., að hann heflaðist aldrei og tók aldrei sinnaskiptum, ergo: hann hugsaði aldrei.

**Flm. (Einar Olgeirsson):** Herra forseti. Það væri lakast, ef agnúarnir færu að vaxa út aftur á hv. 7. þm. Reykv. Ég held, að hæstv. forsrh. ætti að reyna að taka hann ofurlítið í skóla og senda hann í einhvern diplómataskóla, til þess að kenna honum dálitla menntun, sérstaklega ef honum ætlar að fara að hraka hér á þinginu, þegar eitthvað er komið við hann.

Ég er ákaflega hræddur um, að þessar umræður, sem hér hafa orðið núna um þetta mál, muni verða teknar seinna meir sem dæmi um, á hvaða stigi Alþingi Íslendinga standi, þegar lögð sé fram till., þar sem gerð er tilraun til að láta Ísland marka sjálfstæða afstöðu og að mínu áliti viturlega í einhverju mesta vandamáli, sem heimurinn stendur núna frammi fyrir. Við vorum áðan að ljúka fyrri umr. um mál, þar sem við vorum að koma inn á Atlantshafsbandalagið og þar sem því var slegið föstu, ómótmælt, að í Evrópu liti tiltölulega friðsamlega út. Og ég vakti máls á því, að jafnvel eitt helzta stórveldi Atlantshafsbandalagsins mundi ef til vill á næstunni gera griðasamninga við Sovétríkin. En ég hafði hins vegar undirstrikað, að það væri alveg sérstök hætta á, að það, sem kynni að koma upp á næstunni, og sú ófriðarhætta, sem yrði, væri hættan á því, að nýlenduþjóðirnar gömlu lentu í sífellt harðvítugri átökum við þau gömlu stórveldi. Og við stöndum frammi fyrir einni slíkri harðvítugri styrjöld núna, þar sem styrjöldin í Vietnam er. Hér hefur ekki verið gert einu sinni svo mikið sem gert hefur verið í öllum þingum Norðurlanda að ræða mál eins og Vietnammálið.

Manni finnst það hart, að þegar lögð er fram till. um, að Íslendingar marki afstöðu í þessu máli, sem væri mjög í samræmi við alla okkar sögu og sérstaklega í samræmi við það, sem Jón Sigurðsson forseti lagði til á sínum tíma, þá fáist raunverulega ekki raunhæfar umræður um slík mál, það komi fram einn þm. úr liði stjórnarinnar, sem skammist um heima og geima, bergmáli Morgunblaðið eða ameríska áróður, en komi ekki með eina einustu sjálfstæða hugsun um, hvað eigi að gera í þessu máli, sem er þó eitt það alvarlegasta, sem við veröldinni blasir. Og svo finnur þessi hv. þm. ástæðu hjá sér til þess að byrja sína ræðu á því að vitna í reiðilestur Jóns Vidalíns, — út af hverju? — út af barnamorðunum í Betlehem. Ætlaðist hv. þm. til þess, að þeir í Washington heyrðu þetta, meðan barnamorðingjarnir þar drepa daglega börn í Vietnam, sem ekkert hafa gert á þeirra hluta, og auka í sífellu og voru síðast að samþ. í gær að auka framlögin, til þess að geta drepið meira og meira af varnarlausu fólki í þessu fátæka landi? Ætli hv. þm. ætti ekki, ef hann gæti fengið til þess einhvern verulega góðan enskumann, af því að hann er nú svo náinn þar, að þýða reiðilesturinn á ensku og senda höfðingjunum í Washington, til þess að láta þá vita, hvernig einn af beztu klerkum Íslendinga mundi hafa lesið yfir þeim, ef hann hefði verið uppi á þeirra tímum? Nú veit ég að vísu, að það eru til allrar hamingju til prestar í Bandaríkjunum, sem lesa yfir þeim, máske ekki með annarri eins mælskusnilld, en með sama anda, út af því glæpaverki, sem þeir eru að vinna í Vietnam. Ef til vill hefur líka hv. þm. farið að hugsa til Jóns Vidalíns og barnamorðanna í Betlehem út frá þeirri staðreynd, sem ég sagði honum frá, að það dæju 30 þús. börn á hverjum degi úr hungri og sjúkdómum. Og ég minnti á, að djúpið á milli hinna fátæku og hinna ríku í heiminum fer vaxandi með degi hverjum þrátt fyrir þá aðstoð, sem veitt er, þrátt fyrir þær safnanir, sem við m. a. tökum þátt í.

Þetta eru staðreyndir, sem mundu fá hvern mann, sem einhverja tilfinningu hefur fyrir því, hvað er að gerast í heiminum, til þess að hrökkva við. Ég vil bara minna menn á, hvað mönnum hættir við að vera blindir, þegar það er svo að segja ekki alveg hjá manni sjálfum, sem hlutirnir eru að gerast. Það vildi það hörmulega til fyrir nokkrum dögum suður í Kaupmannahöfn, að það var stolið barni, og öll Norðurlönd voru, eins og við getum ákaflega vel skilið, á öðrum endanum út af þessum atburði. Það var vart um annað hugsað eða talað. Til allrar hamingju leystist það mál vel, það fyrra. Það var síðara málið, sem kom fyrir, sem er ekki leyst enn. En hve margir af þeim, sem fundu til, töluðu og hugsuðu í sambandi við þetta, fundu til hluttekningar af því, sem blöðin sögðu þá hvað snertir þau 30 þús. börn, sem deyja í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku daglega? Verða menn uppnæmir hér á Norðurlöndum út af því? Finna menn ástæðu til að koma með till. hér á þingi til þess að reyna að bæta úr þessum hlutum? Það er nauðsynlegt fyrir okkur, sem lifum við tiltölulega góð efnahagsleg kjör, að hrista öðru hverju dálítið við okkur sjálfum, fá okkur til þess að hugsa um, hvað er að gerast í heiminum í kringum okkur. Og heimurinn er orðinn stærri en bara Norðurlönd eða

Evrópa. Ef við áttum okkur ekki á slíku, getur farið illa. Þá getum við staðið einhvern daginn frammi fyrir því, að ægilegir hlutir séu að gerast. Þess vegna er ekki ástæða til þess, þegar lögð er fram till., sem styðst við mjög góðar fyrirmyndir í þessum efnum, að upphefja fyrst og fremst þær almennu deilur um allt milli himins og jarðar, sem aðeins geta haft þann tilgang að reyna að leiða athygli þm. frá því, sem við raunverulega þurfum að hugsa um.

Það virðist hafa komið eitthvað illa við hv. 7. þm. Reykv., að ég skyldi finna að slettu, sem hann notaði í upphafi síns máls. Ég skal segja, af hverju mér fannst hún svo táknræn. Hann fór meira að segja út í það að reyna að finna ýmis dæmi um, hvernig orðið „selja“ væri notað í íslenzku, eins og t. d. að selja af hendi eða annað slíkt. En það hefur aldrei verið notað á Íslandi í þeirri merkingu, sem hann notaði það hér, og ekki man ég eftir, að það hafi nokkurn tíma verið notað í þingsölunum, þegar hann sagði, að Jóni Sigurðssyni hefði gengið illa, eða ekki vel að selja Dönum þessar hugmyndir sínar. Við vitum, að þetta orð, „selja“, er notað af Bandaríkjamönnum í sambandi við að selja hugmyndir, sem þýðir þá hjá þeim að sannfæra menn um viðkomandi hugmyndir. Þeir eru orðnir það mikil kaupmennskuþjóð, að orð eins og að selja hefur fengið þessa merkingu hjá þeim, meira að segja þegar um það er rætt að reyna að sannfæra menn um einhverjar hugmyndir, jafnvel um kristindóminn, sé langheppilegast að nota sams konar orð og menn nota um að koma út einhverjum vörum. Hvort þetta sé út af því, að það sé svo náið þarna á milli kaupmennskunnar og hugmyndanna, sem þeir séu með, eða hvort þjóðlífið sé orðið svo gagnsýrt af slíkri sölumennsku, skal ég ekki um ræða, en nærri liggur að hugsa það. Og þegar hv. þm. hér á Alþingi Íslendinga fer að nota þetta orð í þessari algerlega amerísku merkingu, höfum við lifandi dæmi fyrir okkur um, hvaða áhrif sjónvarpið er farið að hafa, því að ég veit ekki, hvort hv. þm. les svo óskaplega mikið af enskum bókmenntum. En hins vegar gæti ég trúað, að hann hlustaði nokkuð mikið á og horfði á, hvað fram fer í Keflavíkursjónvarpinu, þannig að það er svo sem alveg í samræmi við, þegar verið var að upplýsa okkur um hérna um daginn, að krakkarnir á götunni væru farnir að segja „shut up“ í staðinn fyrir „haltu kjafti“, að þessi hv. þm. skuli vera farinn að beita samsvarandi orðatiltækjum úr Keflavíkurútvarpinu hér á Alþingi. Menn sjá af þessu, hversu nauðsynlegt sé að fara að loka fyrir það.

Hv. þm. er svo trúaður Morgunblaðsmaður, að Morgunblaðið má ekki segja neitt, nema hann jafnóðum bergmáli það. Þessi hv. þm. má aldrei einu sinni bíða eftir — (Gripið fram í.) Ég býst við, að hann sé læs á íslenzku. — En ef hann skyldi ekki lesa Morgunblaðið, þá býst ég við, að hæstv. forsrh., sem sjálfur var einu sinni ritstjóri Morgunblaðsins og stundum kom eitthvað við að skrifa í það, reyni þá að segja honum héðan af, að hann eigi að lesa það, því að ég býst við, að honum líki ekki, ef þm. Sjálfstfl. steinhætta að lesa Morgunblaðið, — eða hvernig mundi Sjálfstfl. líta þá út? (Gripið fram í.) Nei, nei, hann er vafalaust mjög vel læs á ensku, en hvað mikið hann gerir að því að nota þá hæfileika sína, það veit ég hins vegar ekki. Ég held þess vegna, að hæstv. forsrh. ætti að sjá um, að þm. Sjálfstfl. læsu Morgunblaðið, ef hann hefur grun um, að þeir séu að svíkjast undan merkjum og fari jafnvel að stelast til að lesa önnur blöð, því að hvað yrði þá úr þingflokki Sjálfstfl., ef hann hætti að lesa Moggann?

Þessi hv. þm. fór að minnast á það, sem Morgunblaðið var að minnast á í morgun, hvort ég hefði verið sérstök boðflenna í Osló nú nýlega með ýmsum höfðingjum þar. Ég skal benda honum á að lesa Morgunblaðið fyrir viku. Þá nefnilega stóð dálítið annað í Morgunblaðinu. Þeim í Morgunblaðinu hættir líklega við að gleyma þeim sannleika, sem þeir segja einu sinni, ef þeim ratast einu sinni satt á munn, ef þeir gætu hugsað sér að ljúga einhverju upp nokkru seinna. Ef hv. þm. á ákaflega bágt með að trúa því, að ég hafi verið boðinn alveg sérstaklega á fund, sem sósíalistar og kommúnistar halda í Osló, gæti ég meira að segja lofað honum að lesa boðsbréfið, ef hann er læs á norsku. (Gripið fram í.) Já, ég mundi meira að segja hjálpa honum við að stafa. Hann gæti meira að segja fengið einhvern til þess að þýða fyrir hann, ef hann skildi ekki norskuna. En ég skal segja þessum hv. þm. það, að mín afstaða hefur verið sú, þó að hann hafi ekki sérstaklega mikið álit á mínum hæfileikum, að ég hef bæði verið boðinn í slíkt og annað fleira þess háttar ásamt mönnum, sem hann mun vafalaust hafa mætur á. Mér var sem sé persónulega sérstaklega boðið að flytja þarna erindi um afstöðu Íslands í norrænni samvinnu og halda ræðu á fundi í Osló um það sama. Og það gerði ég. Ég tók því boði. Ef hv. þm. langar til þess að vita eitthvað fleira, hann fór að tala um Suður-Afríku, þá skal ég segja honum það líka, að mér var ásamt mönnum, sem hann kannast við frá Bandaríkjunum, frægum mönnum, boðið að vera sérstaklega í nefnd, sem hefur gengizt fyrir og tekið að sér þjóðaráðstefnu suður í London viðvíkjandi slíkum málum, tók meira að segja þátt í henni, um leið og þingmannasendinefnd fór suður. Og ég var að fá annað boð áðan, ef hann langar til þess að líta á það á eftir, og það meira að segja á ensku, sem er hálfgert föðurmál hans, svo að hann gæti kannske stafað sig fram úr því. Ef þennan hv. þm. langar til þess að fylgjast eitthvað með í alþjóðamálum og slíku, er ég reiðubúinn til þess að reyna að kenna honum. Ég er búinn að segja honum þetta áður. Og þegar hann kemur hingað til að sanna sína fávizku í þessum efnum, á hann ekki að vera eins og óþekkur skólakrakki, sem vill ekki taka við kennslu, þegar góðir menn bjóðast til þess að kenna honum.

Hv. þm. minntist á það, til þess að gera grín að, að ég hefði jafnvel talað um í minni ræðu, að það væri hætta á jafnvel blóðbaði á vissum stöðum. Hvað heldur hv. þm., að þeim mönnum gangi til, sem núna eru kvíðafullir út af ástandinu í Suður-Afríku og Rhodesíu? Heldur hann, að þetta sé einhver leikur? Heldur hv. þm., að það sé verið að gangast fyrir hverri ráðstefnunni á fætur annarri og það suður í

London með aðstoð manna hvarvetna að úr heiminum og kalla menn þangað saman bara til þess að leika eitthvert pólitískt tafl? Nei, það stendur þannig á því, að menn eru hræddir um, að eitthvert ægilegasta blóðbað veraldarsögunnar kunni að fara fram í þessum löndum, ef ekki tekst í tíma að koma viti fyrir þá hvítu stjórnendur þeirra. Ef 200—300 þús. manna ætla að nota sem þræla 4—5 millj., þá er gefið mál, að nú á tímum una menn ekki slíku þrælahaldi. Þeir rísa upp gegn því. Ég veit, að hann mun ekki fá mikla vizku í Morgunblaðinu um, hvað þarna er að gerast, né heldur í íslenzka ríkisútvarpinu, vegna þess að það er eins og kerfisbundið þagað um það, sem er að gerast í þessum löndum, til þess að halda þjóðinni fávitandi um, hvaða skelfingar ganga þar fyrir sig. Þar eiga hver málaferlin sér stað núna á fætur öðrum, þar sem verið er að dæma forustumenn þessara þjóðernissamtaka blökkumanna í Suður-Afríku í ævilangt fangelsi. Og núna seinast í gær var sagt frá því, — það kom örstutt klausa um það í ríkisútvarpinu, ég hef ekki séð það í Morgunblaðinu, — að sá maður, sem þykir einn frægasti lögfræðingur Suður-Afríku, einn af menntuðustu Búum, sem nú eru uppi, Abraham Fischer, sem hefur orðið að fara huldu höfði alllengi í Suður-Afríku og var tekinn fyrir nokkru, að réttarhöldin yfir honum væru að byrja í dag. En það er þagað um þessa hluti hérna heima. Það er reynt að dylja menn, hvaða sorgarleikir það eru, sem eiga sér stað í þessum löndum, og hvílíkur voði er í undirbúningi í þeim, svo framarlega sem ekki er tekið í taumana í tíma.

Það, sem menn óttast, er, að ef tekst ekki að koma viti fyrir þessa hvítu, fámennnu yfirstétt, sem hefur rænt þarna jörðinni og lagt undir sig námurnar og annað slíkt, muni fyrr eða seinna að því koma, að þeir svörtu rísi þarna upp og það verði allsherjarblóðbað. Það er til þess að reyna að afstýra þessu, að verið er að gangast fyrir ráðstefnum hvað eftir annað um víða veröld. En þessi hv. þm. vill reyna að láta líta svo út sem orð, sem ég nota í þskj. hér, séu aðeins einhver reiðilestur, og þó er þetta það sama, sem meira að segja núv. ríkisstj. Bretlands segir og gerir það að verkum, að hún reynir að knýja fram breytingar með góðu gagnvart uppreisnarstjórninni í Rhodesíu. Við skulum ekki loka augunum fyrir því, sem þarna er að gerast. Það eru svo ægilegir hlutir, að manni ber ekki að vera óvitandi um slíkt, rétt eins og menn eiga ekki að líta á blóðbaðið, sem nú fer fram í Vietnam, og aðfarir Bandaríkjanna þar sem eitthvert tafl, þar sem kommúnistar og kapítalistar séu að slást. Það er hitt, að það er verið að taka fátæka, hrausta þjóð til þess að nota hana af hálfu Bandaríkjahervaldsins sem sýnishorn um, hvað allir þeir eigi í vændum, sem vilja innleiða hjá sér samvirka búskaparhætti. Það á að hræða aðrar þjóðir með þjóðarmorðinu, sem verið er að framkvæma í Vietnam, frá því, að reyna að fara þá leið, sem íbúarnir helzt kysu. Meira að segja Bandaríkjaforsetar viðurkenna alveg, hvernig fara mundi, ef frjálsar kosningar fengju að fara fram í Suður-Vietnam. Hvað var það, sem gerði, að ég flutti þessa till. hér? Ég flutti hana vegna þess, að ég hafði órækar sannanir fyrir því, sem hv. þm. vildi þó draga í efa. En ég skal benda honum á að kynna sér ræðu framkvæmdastjóra á ráðstefnunni í Genf 1964, þaðan eru þessar upplýsingar teknar. Ég benti á, að af 47 milljarða dollara aðstoð, sem þessar þjóðir hefðu fengið á 10 árum, færu ⅝ til baka til hinna ríku þjóða sem vextir og gróði eða í hækkuðu verði á iðnaðarafurðum eða í lækkuðu verði á hráefnum þessara nýlenduþjóða. Og hvað gerði þessi hv. þm., þegar hann heyrði þessar tölur? Jú, hann sagði: Fjórðungurinn verður þó a. m. k. eftir. Það er eins og það væri rétt nóg handa þeim. Ég held, að þeir gætu verið ánægðir, þeir sem deyja úr hungri þarna. Fjórðungurinn verður þó eftir af því, sem kallað er aðstoð handa þeim. — Það heyrðist ekkert orð frá þessum þm. um, að það væri ranglátt að vera að taka háa vexti eða græða á þessum þjóðum, að það væri ranglátt að fella verðið á afurðunum, sem þær flytja út, fella um helming verðið á kakaó frá Ghana, fella um helming verðið á gúmmíi frá Indónesíu og koma öllum þessum þjóðum í efnahagskreppu, ekki eitt einasta orð um neitt slíkt.

Mér er sem ég sjái þennan hv. þm. og alla hans ríkisstj., ef verðið á fiski frá Íslandi hefði fallið um helming á undanförnum árum. Mér er sem ég sæi, hvernig ástandið mundi vera. Er nú ekki rétt, að menn, þegar þeir eru með annan eins gorgeir og þessi hv. þm., að reyna að stinga hendinni ofurlitið í eigin barm? Við höfum búið við einhver beztu efnahagskjör, sem við nokkru sinni höfum fengið, þessi undanfarin ár. Við höfum tvöfaldað fiskmagnið, sem við flytjum út, og verðið á þessum fiskafurðum hefur á sama tíma hækkað, líklega um ein 25% á þessum undanförnu árum. Við höfum staðið í alveg sérstaklega góðri aðstöðu, á meðan þessar þjóðir, sem eru þó fyrir þannig staddar, að þær svelta, upplifa það, að hráefni þeirra er fellt í verði og iðnaðarvörurnar, sem þær verða að kaupa, hækkaðar og þar að auki píndir út úr þeim háir vextir af lánum, sem þær fá til þess að reyna að bjarga sér út úr fátæktinni. Og þá hefur þessi hv. þm. ekkert orð til þessara þjóða annað en það: Nú, það verða eftir þarna handa ykkur líklega svona 13 milljarðar á 10 árum. — Ætli það sé ekki nóg handa ykkur? Iá í hugsunarhættinum. Þetta er ábyrgðartilfinningin gagnvart þeim þjóðum, sem svelta, gagnvart þeim þjóðum, sem eiga hvað bágast í veröldinni: Ykkur er þetta nóg, ykkur er þetta fullgott. — Og svo fer hann að reyna að snúa út úr og tala um, að ég vilji reyna að stöðva þetta. Ég hef náttúrlega aldrei minnzt einu orði á það. Ég var að draga fram myndina af því, vel og rökstutt, hve gersamlega ófullnægjandi þessi aðstoð væri, og sýndi m. a. fram á, að það, sem væri raunverulega nauðsynlegt fyrir þessar þjóðir, væri 25 milljarða dollara aðstoð á ári, á þann máta, sem ég gerði grein fyrir, hvernig hún ætti að vera.

Það er alveg vitað mál, að hvaða till. sem við svo kynnum að samþykkja hér, Íslendingar, heldur áfram það, sem nú er gert. Það heldur áfram Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, sem ég

kom hér sérstaklega inn á. Það heldur áfram sú aðstoð, sem ýmis ríki í heiminum láta í té, og ég hafði bent á, að ýmislegt væri máske óheppilegt við þá aðstoð, sérstaklega pólitískt tafl í sambandi við það og annað slíkt, en engu að síður slíkt heldur auðvitað áfram. En það, sem ég var að leggja til, var, að það yrði gengizt fyrir aðstoð með alveg sérstöku móti, aðstoð með því móti, að Sameinuðu þjóðirnar sjálfar reyndu að fá í gegn aðstoð, sem þær stjórnuðu, sem engin ríki þess vegna tortryggðu eða héldu að ætti að misnota á einhvern hátt til þess að ná á þeim tökum. Og hv. þm. gat meira að segja ekki í öllum sínum æsingi sloppið við það að ganga inn á, að út af fyrir sig væri þetta góð hugmynd. Og þá var bara eftir að finna út, hvernig hægt væri að rökstyðja slíka hugmynd í augliti heimsins. Hvernig er hægt að rökstyðja það, að Sameinuðu þjóðirnar ættu að hafa með slíkt að gera? Það var einmitt sá rökstuðningur, sem ég kom með. Þær væru að bæta fyrir skaða, þær ríku þjóðir, sem þær hefðu valdið. Ég fór nákvæmlega út í það og skal ekki endurtaka það. Hvað snertir lögfræðilega spurninguna um það, hvort eitt ríki sé ábyrgt fyrir því, sem þess auðhringar gera, og annað slíkt, þá er það mál, sem ég kom greinilega inn á líka í sambandi við aðstöðu Englands og Bandaríkjanna í upphafi síðustu heimsstyrjaldar, að það er ekki verið að setja neitt slíkt fyrir sig, ef menn eru á annað borð að reyna að leysa úr miklum og erfiðum vandamálum.

Þær fátæku þjóðir áttu sem sé kröfu á hinar ríku þjóðir, og það lá alveg sérstaklega fyrir okkur Íslendingum og lá vel fyrir okkur að bera þessa kröfu fram, því að sjálfur Jón Sigurðsson hafði borið þessa kröfu fram á hendur Dönum. Það er þess vegna gefið mál og verður áreiðanlega gert af hálfu fjölmargra forustumanna í nýlenduþjóðunum að bera fram slíkar kröfur á hendur þeim ríku þjóðum. Hverju gætum við í öðru lagi stutt þessar till. með? Við gætum stutt þær með því, að það sé hætta á ferðum fyrir heimsfriðinn, ef ekkert yrði gert í þessum málum. Og við getum stutt þær með því, að um leið og þær ríku þjóðir væru að framkvæma það, sem væri siðferðilega séð rétt, væru þær að gera það, sem væri pólitískt séð hyggilegt. Við hefðum mjög sterk rök fyrir þessu. M. ö. o.: í staðinn fyrir að ræða um heima og geima og vilja fara að stofna til allsherjar málfundar í þinginu, hefði þessi hv. þm. átt að sýna dálítið meiri ábyrgðartilfinningu í þessum efnum.

Ég sannaði það, enda er því ekki mótmælt, að gjáin á milli þeirra ríku og fátæku þjóða færi sídýpkandi með hverju árinu sem líður. Ég sannaði enn fremur, og því er ekki mótmælt heldur, hvorki hér né annars staðar, hve mannfjölgunin væri gífurleg í þessum löndum og hvernig hlutfallið yrði orðið eftir nokkra áratugi, ef engri fyrirhyggju yrði beitt í þessum efnum. Hv. þm. vildi í sínum tilraunum til þess að bregða þessu öllu upp í glens fara að koma með þá hugmynd að flytja hæstv. ríkisstj. til Afríku. Það má vel vera, að einhverjir stjórnarandstæðingar taki mjög vel undir þessa hugmynd. Það hafa komið þær undarlegustu hugmyndir fram frá hálfu Sjálfstfl. í þessum efnum. Ég man ekki betur en fyrir síðustu kosningar hafi komið fram — eða kannske það hafi verið fyrir hinar kosningarnar — meira að segja hér alla leið inn á þing till. um að flytja togarana okkar til Afríku. Það er náttúrlega vel hugsanlegt, að einhver bæjartogarinn, sem verið er að selja úr landi núna, það ætti að skipa allri ríkisstj. fram í hann og láta hana sigla suður til Afríku. Það er svo sem vel hugsanlegt, að Pétur sjómaður vildi sjá hana sigla, — ekkert undarlegt, þó að hann vildi fá að prófa, hvernig þeir stæðu sig þar um borð, og það yrði þá kannske plúss í ráðherrastólunum fyrir einhverja, sem kynnu betur sjómennskuna. En ég er nú satt að segja ekkert á því, að við eigum að fara að senda ríkisstj. til Afríku. Ég held, að maður verði að hafa það eins og þar stendur, að Sjálfstfl. verði að annast sinn engil og við að draslast með okkar djöful, ef við eigum að nota það orð. Það verður hver sinn djöful að draga. Ég held, að við verðum að sitja með þá stjórn, sem við höfum kosið okkur, Íslendingar, og ekki fara að losa okkur við hana til Afríku. Mér er sem ég sjái, hvernig hún mundi reynast Afríkumönnum, þegar afurðirnar þeirra féllu um helming, þegar hún hækkar dýrtíðina um helming hérna hjá okkur, þegar aflinn tvöfaldast hjá okkur og allar vörur hækka í verði, sem við seljum út. Nei, ég vil ekki Afríkumönnum svo illt, að ég vilji senda ríkisstj. til þeirra. Ég er hræddur um, að við verðum að leita að ýmsu öðru, ef við eigum að fara að skýra, af hverju við Íslendingar höfum staðið okkur svo vel, heldur en okkur hafi verið stjórnað svo vel upp á síðkastið. Það hefur varla verið hægt að stjórna nokkurri þjóð af eins lítilli fyrirhyggju og okkur hefur verið stjórnað. Það væri kannske gaman að sjá það og heyra, hvernig þessi ríkisstj. hefði farið að og hvað hún hefði gert, ef fiskurinn hefði fallið um helming á undanförnum árum og þar að auki verið aflaleysi. Ef hv. þm. Sjálfstfl. er ekki enn þá ljóst, að það sé þægilegra að stjórna þessu landi, þegar aflinn tvöfaldast, þegar hann er kominn upp úr 500 þús. tonnum, sem hann hefur verið almennt fyrir svona 8 árum á ári, upp yfir 1 millj. tonna, og þegar verðið um leið hefur hækkað, heldur en stjórna þegar bæði er aflaleysi og þar að auki kannske verðfall á vörum og svo þegar ofan á allt þetta bætist, að þörfin á vörunni er svo mikil í heiminum, að við getum ekki framleitt nærri því nóg handa þeim, sem vilja fá hana.

Nei, við verðum að reyna að sitja með okkar eigin ríkisstj. og reyna að laga hlutina hér hjá okkur heima. Menn sleppa ekki heldur svo létt upp í ráðherrastólana að senda þá bara úr landi burt, enda veit ég ekki, hvort nokkrir í Afríku vildu taka við þeim. Það gengur nógu erfiðlega hjá þeim ýmislegt, þó að það færi ekki að bætast ofan á, að menn, sem ekki einu sinni geta stjórnað hér í góðæri, ættu að fara að reyna að stjórna þar í hallæri. Þess vegna held ég, að við verðum meira að segja í stjórnarandstöðunni að afbiðja okkur þessa vel-

hugsuðu till. hv. þm. og reyna sem sé að finna upp á einhverju betra til þess að senda Afríkubúum heldur en hæstv. ríkisstj.

Svo fór hv. þm. enn einu sinni að koma inn á það, að lýðræðisþjóðir Evrópu hefðu verið svo ákaflega gjafmildar á frelsi. Já, ég er hræddur um, að hann verði að koma í skóla hjá mér til að læra mankynssögu dálítið betur. Og við skulum gera okkur ljóst, að það eru ekki allar stjórnir jafnvitlausar og núv. ríkisstj. Bandaríkjanna. Brezka ríkisstj. sýndi þá skynsemd að hætta í tíma við sín pólitísku yfirráð yfir nýlendunum, þegar hún sá, að hún gat ekki haldið þeim undir sínum völdum lengur. Þá hætti hún, sleppti þeim pólitísku yfirráðum til þess að bjarga sínum efnahagslegu yfirráðum. Frakkar lærðu það á 7 ára styrjöld í Indó-Kína að sleppa að lokum sínum yfirráðum þar, og þeir lærðu það sama af 7 ára styrjöld í Alsír. En það er hart, að þjóðir eins og í Víetnam og Alsír, sem eiga kröfu á frelsi eins og aðrar, skuli þurfa að standa í slíkum ægilegum styrjöldum við ofurefli árum og áratugum saman, þangað til þeirra stjórnendur læra slíka stjórnvizku. Og það, sem er það hörmulega, er, að Bandaríkjastjórn skuli ekki vera farin að læra þessa stjórnvizku enn í dag og halda áfram að senda til Víetnam hvern tug þúsunda á fætur öðrum af sínum hermönnum til þess að reyna að halda þeirri þjóð undir harðstjórninni.

Hv. 7. þm. Reykv. talaði um, að þessar þjóðir væru frjálsari í dag. Ætli við þættumst mjög frjálsir, ef Danir ættu meiri hlutann af öllum jörðum á Íslandi? Ætli við þættumst mjög frjálsir, ef allir okkar fossar væru í eign erlendra manna? Ætli við þættumst mjög frjálsir, ef það væru útlendingar, sem ættu hérna togaraflotann og bátaflotann? Ætli við mundum ekki segja, að það væri ekki nóg að vera frjáls stjórnarfarslega, við yrðum líka að vera það efnahagslega til þess að vera frjálsir. Og það er það, sem menn eru að berjast um í Kongó, Víetnam og annars staðar. Það er það efnahagslega frelsi, án hvers það stjórnmálalega frelsi verður lítils virði nema sem tæki og vopn til þess að berjast með.

Ég heyrði ekki á hv. þm., hvort hann var eitthvað að kenan í brjósti um Unilever eða aðra hringa, ef það yrði eitthvað þjóðnýtt af því, sem þeir ættu. En ég held, að það sé engin ástæða til þess, ef hann kennir eitthvað í brjósti um þá. Þessir hringar eru búnir að hafa sinn auð af þessum löndum, sem þeir starfa í, svo að þótt þau færu að þjóðnýta eignir þeirra, sem þau hafa stjórnarfarslega fullan rétt til, er það ekki nema siðferðilega réttlátt, rétt eins og það yrði fyrir okkur Íslendinga eftir nokkur ár, ef við vildum svo vera láta, að þjóðnýta þá alúmíníumverksmiðju, sem hér á að koma upp nú, þegar okkur fyndist þeir vera búnir að hafa nógu lengi af okkur rafmagn með lágu verði, ef meiri hl. Alþ. skyldi asnast til þess að gera þann samning, sem nú er fyrirhugaður. Það væri sem sé fyrir þennan hv. þm. og fleiri bezt að fara að aðgæta það, að ef haldið yrði áfram á þann hátt, sem nú virðist eiga að byrja á, verður ekki langt þangað til við verðum sjálfir komnir í svipaða aðstöðu og sumar þessar nýlenduþjóðir. Hann mundi kannske ekki gera neitt grín að Unilever, ef sá hringur væri búinn að setja upp sín hraðfrystihús í Sandgerði, Rifi og á Vestfjörðum, eins og búið var að undirbúa, þegar mest var rætt um að ganga í Efnahagsbandalagið, meginhlutinn af íslenzkum smáhraðfrystihúsum farinn á hausinn og hraðfrysti fiskurinn, sem við flyttum út, væri allur í álíka pakkningum og reykta síldin frá Hafnarfjarðarverksmiðjunni hjá Bjelland.

Það er bezt fyrir þessa hv. þm., sem hér eru vanir að heyra og hlýða og rétta upp hendurnar án þess að hugsa, þegar þeim er skipað það, og munu gera það á næstu dögum, — það er bezt fyrir þá að átta sig ofurlítið á því, þegar verið er að byrja að gera svipaða nýlendusamninga við Ísland og brezka verzlunarfélagið gerði á 18. öld undir stjórn t. d. Hastings við indverska fursta eða brezka Suður-Afríkufélagið undir stjórn Rhodes við fursta í Suður-Afríku. Það er bezt fyrir þessa hv. þm. að fara ofurlítið að hugsa um, í hvaða aðstöðu þeir eru að koma okkar eigin landi, ef hér á að gera samninga, sem eru nýlenduþjóðum einum sambærilegir, og tala af dálítið meiri gætni um það, sem er að gerast hjá þeim þjóðum, sem eru að reyna að brjótast undan nýlendukúguninni núna.

Ég skal ekkert segja, hvaða hugmynd hv. 7. þm. Reykv. hefur um frelsi og sérstaklega frelsi bænda. En ef bændur hvorki eiga jörð sína né ráða líkama sínum, mundi ég ekki kalla það frelsi, svo sem var um bændaánauðina í Tíbet. Það er þess vegna bezt fyrir þennan hv. þm. að láta ekki snakkið um hinar frjálsu þjóðir og allt saman þetta blinda sig svo, að hann tali eins og barn, — barn, sem þarf að ganga á skóla hjá almennilegum kennurum. Og ef hann er sem sé alveg í vandræðum með að fá að vita nokkurn veginn það, sem er satt og rétt í þessum málum, gæti ég meira að segja útvegað honum bækur eftir amerísk rithöfunda, því að þeir eru náttúrlega þeir einu, sem hann mundi kannske trúa, um þessi mál, svo að hann gæti reynt að kynna sér þetta ofurlítið.

Þessi hv. þm. fór svo að ræða um, hvílíkar fórnir Bandaríkin hefðu fært í stríðinu. Jú, vissulega, tár einnar ekkju eru jafnslæm, hvort þau eru felld í Víetnam, Bandaríkjunum eða Suður-Afríku. Það er ekki rétt fyrir hann að vera að reyna að gera neitt glens að þeim hlutum. Það eru margir, sem verða að gráta þessa dagana fyrir aðgerðir Bandaríkjamanna. Hitt skal ég segja honum, ef hann hefur einhverjar vitlausar hugmyndir um stríðsfórnir Bandaríkjanna, og ég skal ekki gera lítið úr þeim út af fyrir sig, Bandaríkjamenn misstu hlutfallslega jafnmarga menn í stríðinu og við Íslendingar, sem ekki vorum í stríðinu sem stríðsaðili, og þessi hv. þm. hlýtur að vera það kunnugur í Bandaríkjunum eftir sína ferð þar, að hann viti, að það láta fleiri menn lífið í Bandaríkjunum í samgönguslysum árlega heldur en þeir misstu árlega í síðustu styrjöld. Ég segi þetta bara vegna þess, að hann vildi reyna að fara að draga úr því, hve mikinn missi þær þjóðir hefðu haft, sem verst urðu úti í þessari styrjöld, þar sem svo að segja hver einasta fjölskylda átti um sárt að binda og hafði misst einhvern af sín-

um nánustu. Það er ekki rétt að vera að reyna að draga neitt yfir staðreyndirnar í þessum efnum. Þær eiga ekki að gleymast. Síðasta styrjöld var slíkur hörmulegur atburður, að menn ættu sannarlega ekki að reyna að ræða um það í neinu glensi eða þær ægilegu fórnir, sem færðar voru af þeim þjóðum, sem verst urðu úti í því stríði. (Forseti: Mætti ég spyrja hv. alþm., hvort hann ætti mikið eftir?) Nei, ég skal ljúka henni rétt strax. Hins vegar um gróða Bandaríkjanna í þeirri styrjöld, fjárhagslegan, efast enginn. Bandaríkin hafa einmitt með þessum tveim heimsstyrjöldum, sem háðar voru í Evrópu, sett fótinn undir þann gífurlega auð, sem þau búa við. Og skal ég minna þennan hv. þm. á það, sem einn mesti sagnaritari Breta segir um Bandaríkin, einmitt með tilliti til þess auðs, sem Bandaríkin hafa öðlazt á þessum áratugum. Hann segir, að það hörmulega hafi gerzt, að þegar sú mikla þjóð Bandaríkjanna hafi eignazt allan þennan auð og baráttan um hið daglega brauð hafi ekki lengur verið hennar aðalviðfangsefni, hafi skapazt tóm í hennar huga, sem enn hafi ekki verið fyllt af neinum þeim verðmætum, sem gætu komið í staðinn fyrir baráttuna fyrir því daglega brauði. Hann segir, að að nokkru leyti hafi þetta tóm verið fyllt með óttanum við að missa þennan auð aftur og af því stafi sú móðursýki, sem hafi einkennt Bandaríkin á síðustu áratugum og komi fram í hræðslunni við kommúnismann og við það að sjá óvin sinn í hverju horni, í Rússlandi, Kína eða einhvers staðar og einhvers staðar, og vera þess vegna svona móðursjúk í öllum sínum tiltektum, eins og Bandaríkin nú eru. Það er hörmulegt, að sú mikla þjóð, sem áður hefur unnið svo mikið fyrir mannkynið, skuli einmitt ekki hafa borið gæfu til þess enn þá, eftir að hún varð þetta ríki, að skapa sér andleg verðmæti, sem gætu fyllt hennar huga. En við skulum ekki álasa mjög mikið, Íslendingar. Við skulum bara gá að því, að hið sama verði ekki upp á teningnum hjá okkur. Toynbee sagði það í sambandi við þessa skilgreiningu, að það væri einkenni á mönnum, þegar þannig væri komið með þá, að þeir ætluðu að óskapast og af göflum að ganga út af smáhlutum hjá sjálfum sér, en sæju ekki það ógnþrungna, sem væri að gerast fjarri þeim, og það er einmitt það, sem hefur einkennt viðbrögð hv. 7. þm. Reykv. Síður en svo, að hann sé einn um það. Það eru því miður vafalaust fleiri. Hörmungarnar, sem meiri hluti mannkynsins á við að búa, eru léttvægar fyrir þessum mönnum, en kappið um smámálin hjá okkur hér heima er stórt. Og það er þessi hugsunarháttur, sem við þurfum að venja okkur af. Við þurfum að skapa okkur þá meðvitund sjálfir, að okkur beri að hugsa hnattrænt um heiminn, um fólkið, sem lifir annars staðar og deyr úr hungri daglega, að okkur beri að leggja fram, þótt það væru ekki nema góðar hugmyndir til þess að reyna að sýna fram á, að þessar þjóðir eigi að verða réttlætis aðnjótandi, og reyna að finna það form fyrir það réttlæti, sem aðgengilegast og eðlilegast og heppilegast væri. Ég gerði litla tilraun til þess að vekja menn til umhugsunar um það. Ég vona, að það takist að fá menn til þess að íhuga málið, jafnvel þótt einstaka þm. hafi orðið til þess að taka því svona, og þar vil ég aftur endurtaka, að einmitt það, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði í þessu sambandi, gefur manni von um, að það sé til meiri réttlætistilfinning og meiri þekking á þessum málum heldur en birtist hjá hv. 7. þm. Reykv.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 22. Embætti lögsögumanns.

Á 28. fundi í Sþ., 23. febr., var útbýtt:

**Till. til þál. um undirbúning löggjafar um embætti lögsögumanns** [128. mál] (A. 256).

Á 29., 32. og 34. fundi í Sþ., 2., 23. og 30. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

**Einar Ágústsson:** Herra forseti. Þessi þáltill. eða sams konar þáltill. hefur verið tvisvar áður flutt hér á hv. Alþ., í bæði skiptin, eins og raunar nú líka, af Kristjáni Thorlacius deildarstjóra í fjmrn., þegar hann hefur átt hér sæti sem varamaður. Eins og gangur mála er í Sþ., hefur hans þingseta ekki að þessu sinni enzt til þess að mæla fyrir till., og vil ég því leyfa mér að gera það með nokkrum orðum í fjarveru hans. Ég get að miklu leyti vísað til þeirrar framsögu, sem hann hélt hér á sínum tíma, svo og til þeirrar grg., sem prentuð er með till. á þskj. 256, en mun þó e. t. v. leyfa mér að bæta við þetta nokkrum orðum frá eigin brjósti.

Efni till. er, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að skipa 5 manna nefnd til þess að undirbúa löggjöf um stofnun embættis lögsögumanns með sérstakri hliðsjón af löggjöf á Norðurlöndum um embætti „ombudsmands“. Og svo er talað um það, á hvern hátt nefndin eigi að vera skipuð, þ. e. að hver þingflokkur tilnefni einn mann í nefndina og hæstiréttur þann fimmta.

Hér á landi hefur þróunin orðið sú, eins og víða annars staðar, að afskipti ríkisvaldsins og annarra opinberra aðila af málum, sem snerta daglegt líf einstaklinganna, hafa aukizt að miklum mun. Ríkið og sveitarfélögin eru stærstu vinnuveitendur í þjóðfélaginu, og þúsundir manna starfa hjá þessum aðilum og fyrirtækjum þeirra sem fastráðnir starfsmenn og svo aðrir sem lausráðnir tímakaups- eða vikukaupsmenn. Bankarnir flestir og lánastofnanirnar eru ríkiseign. Það er enn fremur algengast, að bæjar- og sveitarfélög séu eigendur byggingarlóða. Sveitarstjórnir hafa þannig í hendi sér, hverjir fá leigðar lóðir undir hús, hvort sem um er að ræða hús til atvinnurekstrar eða íbúðar. Til ýmiss konar atvinnurekstrar þarf leyfi stjórnarvalda. Hið opinbera

úthlutar borgurunum auk þess margháttuðum styrkjum og hlunnindum. Þannig mætti auðvitað halda áfram að telja lengi þau afskipti, sem ríkisvaldið hefur af daglegu lífi borgaranna, en ég mun ekki halda þessari upptalningu lengur áfram. En af því, sem hér hefur verið nefnt, ætti að vera ljóst, að segja má, að efnahagsleg afkoma hvers einasta borgara þessa lands sé að meira eða minna leyti undir því komin, hvernig viðskipti hans við opinbera aðila takast.

Um margt af þessum viðskiptum gilda ákveðnir lagabókstafir eða reglur, en um annað fer eftir mati hlutaðeigandi yfirvalda. Það er alkunna, að í okkar þjóðfélagi er fjármagn mjög af skornum skammti og svo til allur atvinnurekstur landsmanna byggist á lánsfé frá opinberum lánastofnunum. Það fer því eftir mati stjórnenda þessara lánastofnana, hverjir geti rekið atvinnufyrirtæki, hvort sem um er að ræða útgerð, landbúnað, iðnað, verzlun eða annað. Lánastofnanirnar og húsnæðismálastofnun ríkisins veita lánsfé til íbúðarhúsnæðis, sem landsmenn reisa. Á einstaklinga eru lagðar margháttaðar kvaðir af þjóðfélagsins hálfu, bæði fjárhagslegar og annars konar kvaðir. Framkvæmd skatta- og tollalöggjafar er t. d. sá þáttur í rekstri þjóðfélagsins, sem mjög er umdeildur og ekki hefur alltaf þótt fara nægilega réttlátlega úr hendi. Og loks er svo framkvæmd réttarfarslöggjafarinnar.

Af öllu þessu er ljóst, að hver einstaklingur og þjóðfélagið í heild á ekki lítið undir því, að hinu mikla valdi, sem opinberum afskiptum fylgir, sé samvizkusamlega og réttlátlega beitt.

Höfuðmarkmiðið með stofnun þess embættis, sem hér um ræðir og við flutningsmenn höfum nefnt lögsögumannsembætti, er að skapa traust almennings á stjórn þjóðfélagsins og eyða tortryggni. Þetta skal gert með eftirliti, ýmist að frumkvæði lögsögumannsins sjálfs eða eftir ábendingum og umkvörtunum annarra. Með skyldu lögsögumanns til að gefa þinginu skýrslu um störf sín á að vera tryggt, að starf hans sé unnið fyrir opnum tjöldum, en einmitt það er skilyrði þess, að stofnun slíks embættis nái tilgangi sínum.

Eins og fram kemur af grg. með till., hafa Svíar lengsta reynslu af starfi lögsögumannsins hjá sér. Slíkt embætti var stofnað þar í landi árið 1809. En stofnanir, sem gegna svipuðu hlutverki, eru starfandi í Danmörku, Finnlandi og Noregi. Nýjasta löggjöfin á Norðurlöndum um þetta efni er norska löggjöfin, sem mun vera frá 22. júní 1962. Höfuðmarkmið embættisins er alls staðar það sama, að gæta hagsmuna almennings gagnvart opinberum aðilum. Að vísu er þessu ekki alls staðar eins fyrir komið. Sænski lögsögumaðurinn hefur á ýmsan hátt frábrugðið starfssvið starfsbræðrum sínum annars staðar. Hann hefur talsvert meiri völd en þeir. En í reynd má þó segja, að ekki sé ýkjamikill munur á störfum sænska lögsögumannsins og því hlutverki, sem t. d. þeim norska er ætlað að gegna, en lítil reynsla er enn komin á starf hans. Sænski lögsögumaðurinn grípur sárasjaldan til þess valds, sem honum er ætlað umfram hina, en hann hefur fullt ákæruvald og því rétt til að höfða mál á hendur þeim, sem misbeitt hafa valdi sínu. Þennan rétt hefur norski lögsögumaðurinn hins vegar ekki, en honum er skylt og heimilt að gefa bendingar um réttarrannsóknir eða málshöfðun, ef þurfa þykir.

Þegar norsku lögin voru sett, var það túlkun formælanda þeirra, að embætti lögsögumanns skyldi fylgja slík virðing, að enginn aðili teldi sér fært að skorast undan tilmælum hans um leiðréttingar á misferlum. Lögsögumenn Norðurlanda eiga sjálfir að fylgjast með framkvæmdum öllum, er snerta mál borgaranna, auk þess getur hver og einn, sem telur sig eða einhvern annan beittan órétti, kvartað til lögsögumanna þar í landi. Sænski lögsögumaðurinn er t. d. skyldur að svara sérhverju bréfi, er honum berst, en það gildir ekki annars staðar. Hann á að ferðast um landið árlega og heimsækja dómstóla, fangahús, geðveikrahæli, ofdrykkjumannahæli og aðrar stofnanir, er fjalla um frelsisskerðingu manna eða annast hana. Öllum þessum lögsögumönnum er gert skylt að senda þjóðþinginu árlega skýrslu um störf sín, þar sem m. a. er gerð grein fyrir ástandinu í réttarfarsmálum, og enn fremur ber þeim að gera till. um breytingar á lögum og reglugerðum, er þeim þykir ástæða til þess.

Á Norðurlöndum er höfð sú regla við skipun lögsögumanna, að þeir eru kjörnir af þjóðþinginu. En það er skoðun okkar flutningsmanna, að hér þurfi að fara aðrar leiðir í því efni en þær, að einfaldur meiri hl. Alþ. kjósi lögsögumann. Ýmsar leiðir koma þarna til greina, og það verður hlutverk þeirrar nefndar, sem væntanlega verður kosin til að sinna þessu máli, ef þáltill. verður samþykkt, að finna þær, og ég skal ekki fara að leiða getur að því frekar, á hvern hátt þessu verði heppilegast fyrir komið.

Lögsögumönnum er hvarvetna fengið víðtækt vald til þess að rannsaka mál og hafa aðgang að öllu í því efni, er þeir telja sig við þurfa.

Það er skoðun okkar flutningsmanna, að hér á landi sé þörf á breytingum, er stuðli að aukinni tiltrú almennings til framkvæmdavaldsins og dómsvaldsins, að það verði að vera unnt að sannfæra menn um það með rökum, að tortryggni í garð þessara aðila sé ástæðulaus. Höfuðtilgangurinn með stofnun embættisins á því að vera að auka möguleika þess, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi réttlátlega yfir alla og að menn þurfi ekki að leita réttar síns eftir annarlegum leiðum. Til þess að stofnun embættis lögsögumanns nái tilgangi sínum, verður að tryggja, að það verði óháð framkvæmdavaldi og dómsvaldi og stjórnmálabaráttunni í landinu. Þess vegna er mikil nauðsyn, að víðtæk samstaða náist á hv. Alþ. um undirbúning slíks máls sem þessa. Þess vegna er sú tilhögun ráðgerð, sem ég áðan nefndi, um skipun þeirrar nefndar, sem starfi sérstaklega með hliðsjón af lögum á Norðurlöndum.

Ég vil aðeins geta þess, að nú alveg upp á síðkastið hafa Nýsjálendingar bætzt í hóp þeirra þjóða, sem hafa komið slíku embætti upp hjá sér, og að brezka ríkisstjórnin hafði nokkru fyrir kosningar lagt frv. fyrir þingið um sama efni og gert ýtarlega grein fyrir þessu máli og þýðingu þess í svonefndri hvítri bók, sem hún gaf út í októbermánuði s. l.

Síðan þessari till. var fyrst hreyft hér á hv.

Alþ. fyrir u. þ. b. 2 árum, hafa nokkrar raddir komið fram um starfsheitið, sem hefur verið valið, að lögsögumaður kallist í vitund okkar Íslendinga annað embætti, sem hafði aðra þýðingu á sínum tíma, og það sé ekki rétt fyrir okkur að taka slík gömul starfsheiti og endurnýja þau. Um þetta má eflaust deila. En ég vil fyrir mitt leyti segja það, embættisheiti þessa starfsmanns verður á engan hátt aðalatriði fyrir okkur flutningsmönnum, og við erum að sjálfsögðu fúsir til viðtals um hverja þá breytingu á þessu starfsheiti, sem betri mætti kallast.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, til þess að undirstrika þýðingu þessa máls og hverjum augum litið er á það annars staðar, leyfa mér að vitna til nokkurra kafla úr viðtali, sem birtist í fréttabréfi Atlantshafsbandalagsins í febrúarmánuði s. l., við prófessor Stephan Hurwitz, sem er danskur „ombudsmand" eða danskur lögsögumaður, ef ég má nota það orð. Hann er Íslendingum, flestum lögfræðingum a. m. k., að góðu kunnur og nýtur hvarvetna mikils álits. Í þessu viðtali segir, með leyfi forseta:

„Þetta er starf, þar sem sennilega er meira virði að fyrirbyggja heldur en að lækna. Sú staðreynd ein, að þessi embættismaður er til og að fleiri og fleiri vita, að hann er til, gerir það í sjálfu sér ólíklegra, að ranglæti verði framið."

Ég vil taka fram, að þetta er flutt hér í minni eigin lauslegu þýðingu og ef einhvers staðar er missagt í henni, er við mig einan að sakast um það. En áfram segir:

„Í sannleika sagt hygg ég, að hver einasti maður í þessu landi viti nú orðið, að ég er til og að hann eigi rétt á því að koma til mín með kvörtun og fá hana rannsakaða. Augljóst er, að við þessar kringumstæður mundi starf mitt vera algerlega óframkvæmanlegt, ef skilningur almennings á réttarfari væri ekki á allháu stigi. Það er raunar skoðun mín, að „ombudsmand" geti aðeins starfað með árangri í þeim löndum, þar sem fólkið er, ef svo má segja, nægilega menntað til þeirrar ábyrgðar að nota sér tilvist embættisins á réttan hátt. Iðulega koma til mín sendimenn og biðja um ráðleggingar frá nýsjálfstæðum ríkjum, þar sem þjóðfélagsbyggingin er enn þá ekki komin á það stig, að slíkur embættismaður gæti starfað með árangri. Persónuleg skoðun mín er sú, að þetta sé staða, sem einungis getur náð árangri í þeim ríkjum, þar sem það eru sjaldgæf tilfelli, að rangindum sé beitt af framkvæmdavaldinu."

Væntanlega teljum við Íslendingar okkur í hópi þeirra þjóða, þar sem svona er ástatt, eins og þessi danski prófessor var nú að lýsa, þannig að af þeim ástæðum gæti embættið mjög vel átt við hér. — Síðar segir í samtalinu, með leyfi forseta:

„Hverju fæ ég þá áorkað? Af þeim nokkur þúsund kvörtunum, sem hingað berast árlega, eru u. þ. b. 200—300 teknar til rækilegrar rannsóknar. Af þessum fjölda eru það gjarnan um 60 tilfelli, sem enda með ávítum eða till. eða hvoru tveggja, sem beint er að viðkomandi stjórnardeild. En enginn skyldi samt halda, að hinn mikli meiri hluti af kvörtunum, sem reyndust ekki eiga við rök að styðjast, hafi ekkert verið annað en tímaeyðsla fyrir alla, sem hlut eiga að máli. Því fer fjarri. Í fyrsta lagi er það ekki ákjósanlegt, að borgararnir í lýðfrjálsu landi gangi með þær hugmyndir, að þeir beri kala til framkvæmdavaldsins. Mjög oft er þýðingarmikið, að hlutaðeigandi fái málsástæðurnar skýrðar og að honum sé hjálpað til þess að skilja, að hann hafi í raun réttri ekki verið órétti beittur."

Og enn segir í þessu viðtali:

„Vitanlega kemur það oft fyrir, að sú staðreynd ein, að ég bið um að fá að sjá málsskjöl í tilteknu máli, leiðir til endurskoðaðrar og jafnvel breyttrar niðurstöðu viðkomandi stjórnardeildar, án þess að til frekari aðgerða þurfi að koma af minni hálfu. Framkvæmdavaldið veit, að afskipti mín af málum geta haft áhrif til beggja handa, og það veit, að það verður hreinsað af þeim ákærum, sem ekki eiga við rök að styðjast. Þau dæmi eru til, þar sem þýðingarmikið er fyrir ráðuneyti eða stjórnardeild að fá úr því skorið, hvort tiltekinn embættismaður hefur brotið af sér í starfi eða ekki. Í upphafi var nokkur andstaða gegn þessu embætti í röðum ríkisstarfsmanna, en ég get sagt frá því nú, að einn þeirra, sem hvað harkalegast veittist gegn embættinu á sínum tíma, hefur síðan komið hingað sem viðskiptavinur og mér tókst að greiða úr máli hans."

Ég vil leyfa mér að undirstrika þetta sérstaklega, að þetta embætti getur ekkert síður verið vernd fyrir embættismenn fyrir röngum ásökunum heldur en að það er vernd almennings fyrir röngum stjórnarathöfnum.

Síðast í þessu viðtali leggur prófessor Hurwitz ríka áherzlu á það, hversu góð samvinna við blaða- og útvarpsmenn sé þessum embættismanni mikils virði, og hrósar hann dönsku blöðunum mjög í þessu efni og segir að lokum, með leyfi forseta:

„Þetta (þ. e. sambandið við blöðin) er enn ein ástæðan fyrir því, hversu þýðingarmikið er, að sá, sem þetta embætti skipar, sé ekki tengdur neinum pólitískum flokki, sem mundi óhjákvæmilega þýða, að hluti blaðanna væri með honum, en annar hlutinn á móti. Ef blöðin eru á móti manni frá byrjun, getur starfið ekki heppnazt. Þegar ég var fyrst útnefndur í þetta starf, hélt ég hundruð fyrirlestra víðs vegar um landið. Það var þreytandi, en hefur reynzt borga sig mjög vel. Þessu nýja embætti var hvarvetna vel tekið. Ég tel, að það sé mjög nauðsynlegt fyrir þann mann, sem gegnir þessari stöðu, að gleyma því aldrei eitt augnablik, að árangur hans byggist að verulegu leyti á skilningi og stuðningi almennings."

Ég skal ekki þreyta hv. þingheim á því að lesa meira upp úr þessu viðtali við prófessor Stephan Hurwitz, en það er miklu lengra, og margar athyglisverðar upplýsingar koma þar fram umfram þær, sem ég hef í þessu stutta máli gert að umtalsefni. En ég leyfi mér að vitna til þeirrar reynslu, sem Danir hafa haft af 10 ára starfi síns lögsögumanns, og vil segja, að reynsla þeirra hafi tekið fram öllum vonum, sem framast voru við starfið bundnar í öndverðu.

Þegar Danir voru að endurskoða stjórnarskrárlög sín fyrir u. þ. b. 20 árum, fóru þeir yfir löggjöf annarra Norðurlandaþjóða til þess að leita að nýjungum og því, sem betur mætti

fara. Þá fundu þeir lögin um sænska lögsögumanninn og tóku þau upp með þeim árangri, sem ég hef nú verið að reyna að lýsa.

Ég vil leyfa mér að ljúka þessum fáu orðum með upphafsorðum margnefnds viðtals. Þar segir, og er þá blaðamaðurinn, sem talar: „Er ástæða til þess að vernda almenna borgara fyrir hugsanlegu getuleysi eða misnotkun valds af hendi stjórnarvaldanna? Eiga opinberir starfsmenn, sem skv. stöðu sinni geta ekki risið til varna í sjálfs sín sök, rétt á einhverri vörn gagnvart óbilgjörnum eða óupplýstum borgurum? Svarið við báðum þessum spurningum virðist vera já, ef dæma má eftir þeim vaxandi áhuga, sem er í ýmsum lýðræðislöndum á embætti af skandinavískri rót, sem nefnist á Norðurlandamálum „ombudsmand“ og hefur þær skyldur að rækja að láta einmitt þessa vernd í té.“

Ég vona, að ég segi það eitt, sem rétt er, þegar ég held því fram, að þessi áhugi sé einnig mjög vaxandi hér á Íslandi, og þess vegna vil ég leyfa mér að vænta þess, að hv. Alþ. geti fallizt á að samþykkja þá þáltill., sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. allshn. og síðari umr.

**Forsrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Hér er vissulega um athyglisvert mál að ræða. En ég tel þó engu að síður, að betur þurfi að íhuga það mál, áður en ráðizt verður í að stofna þetta embætti.

Það er oft talað um það og það með réttu, að embættakostnaður á Íslandi er hlutfallslega meiri en í flestum, það má segja öllum öðrum þjóðríkjum. Þetta er óhjákvæmilegt vegna okkar smæðar og vegna þess, hversu byggðin er strjál. En af þessu leiðir einnig, að við verðum að fara mjög varlega í að gera embættakerfið enn flóknara en það hefur verið og þarf að vera. Nú er það auðvitað ljóst, að ýmsar breytingar þarf að gera frá því, sem verið hefur, og hér á dagskránni í dag er mjög athyglisverð till. frá nokkrum þm., þar sem hv. 4. þm. Sunnl., Björn Fr. Björnsson, er fyrsti flm., um athugun á nýrri dómaskipun. Ég tel, að þetta sé eitt mest aðkallandi mál varðandi okkar embættaskipan nú og ólíkt þýðingarmeira og mikilsverðara en setning slíks embættis eins og er um að ræða í þessari till. Það er vitað mál, að það er mjög óheppilegt, að dómsvald sé í höndum hinna sömu, sem framkvæmdavaldið hafa, og einnig að dómsvald sé í höndum þess sama manns og annast rannsóknir í sakamálum eða opinberum málum. Þetta hafa menn þó orðið að una við hér lengur en tíðkanlegt hefur verið annars staðar, af því að þeir hafa ekki treyst sér til að setja upp alveg sjálfstæð dómaraembætti og ef svo mætti segja taka dómsvaldið úr héruðunum og sameina annaðhvort á einum stað í landinu eða á fáum stöðum. Frá réttarsjónarmiði má þó segja, að þessi breyting sé nánast sagt sjálfsögð og nauðsynleg til að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til dómaskipunar nú á dögum. Þetta hefur gengið hér, vegna þess að segja má, að þjóðfélagið allt sé svo lítið og gagnsætt, að misbeiting á dómsvaldinu af hálfu þessara framkvæmdavaldsmanna og áhrif æðri stjórnvalda á framkvæmdavaldshafana, sem einnig eru dómarar, hefur ekki komið að sök. Við getum þess vegna sagt, að í kenningunni sé fyrirkomulagið ótækt, en í framkvæmd hafi þetta gengið, þannig að við getum þrátt fyrir þessa ágalla talið okkur vera fullkomið réttarríki og okkar réttarskipan sé örugg og sjálfstæði dómendanna tryggt, þó að þetta sé með öðrum hætti en talið sé nauðsynlegt annars staðar. Fyrir því verðum við að gera okkur grein, að þarna er verulegur ágalli á. En bæði af sparnaðarástæðum og af þessum ástæðum, að menn hafa hikað við að flytja dómsvaldið, ef svo má segja, úr strjálbýlinu annaðhvort hingað til Reykjavíkur eða á nokkra aðra þéttbýlisstaði, þá hafa menn ekki treyst sér í þessa breytingu. Ég tel hins vegar sjálfsagt nú, úr því að formleg till. er fram komin og frá einmitt einum þm., sem lengi hefur verið í senn dómari og framkvæmdavaldshafi, að þetta verði tekið til mjög rækilegrar athugunar og gerð að því gangskör að athuga, hvort ekki sé hægt að fá um þetta allsherjarsamkomulag. Mér er það ljóst, að í því sambandi er hægt að skapa ýmiss konar tortryggni og magnaðar deilur, ef málið er tekið upp á þeim grundvelli. Það er einmitt gert af þeim aðilum nú, að síður ætti að vera hætta á tortryggni og getsökum en ef málið væri tekið upp með öðrum hætti, og ég vil lýsa fögnuði mínum og gleði yfir því, að sú till. er komin fram.

Ég vil engan veginn segja hið gagnstæða um þá till., sem hér liggur fyrir. Þvert á móti, eins og ég sagði, tel ég hér um mjög íhugunarvert mál að ræða. En einmitt af því sama, sem hefur gert okkur mögulegt að þola þessa ágalla á okkar dómaskipun, sem verið hafa, það, hversu þjóðfélagið er lítið og svo má segja gagnsætt, þá er minni þörf á slíku embætti hér á Íslandi en víðast hvar annars staðar. Það er alveg réttilega sagt í grg. þessarar till., með leyfi hæstv. forseta:

„Löggjöf Norðurlanda um þetta efni er nokkuð sitt með hverjum hætti, og í okkar fámenna þjóðfélagi eru aðstæður á ýmsan hátt aðrar en hjá fjölmennari þjóðum. Þess vegna hlýtur löggjöf um lögsögumenn að verða í ýmsu frábrugðin hliðstæðri löggjöf annarra Norðurlandaþjóða í þessu efni.“

Þetta er hverju orði sannara, og þarna er vikið að meginatriði þessa máls. Það er enginn vafi á því, að í stórum þjóðfélögum, — þó fer það nokkuð eftir stjórnskipun og stjórnarvenjum, — er og getur verið fullkomin þörf á slíkum embættismanni. Það er þó athyglisvert, að þvílíkur embættismaður hefur verið lengi í Svíþjóð, hann vakti þar enga sérstaka athygli, og menn komu ekki auga á nytsemi hans starfa, fyrr en, eins og hv. frsm. sagði áðan, þegar Danir fyrir nokkrum árum voru að leita að nýjungum, rákust þeir á þetta fordæmi, stofnuðu embættið og — á það legg ég höfuðáherzlu — voru svo heppnir að fá í embættið alveg frábæran mann, framúrskarandi mann, sem ekki er einungis einn af allra færustu lögfræðingum Norðurlanda, heldur að allra manna mati, sem hann þekkja, einstakur mannkostamaður, sem nýtur sérstakrar virðingar og tiltrúar í sínu heimalandi. Ekki sízt

þessir eiginleikar mannsins, ef til vill nokkuð samhliða því, að hann hefur lag á því að vekja athygli á sínum störfum og láta ekki liggja í þagnargildi það, sem vel er gert, sem heldur engin ástæða er til, það hefur orðið til þess að vekja menn til umhugsunar um þetta víðar og þá ekki síst í Englandi, þar sem málið hefur lengi verið til athugunar. Norðmenn tóku þetta upp fyrir nokkrum árum, eitthvað einu eða tveimur árum, hygg ég, að maður hafi verið skipaður í embættið. Það var álitlegur maður. En um reynslu af því hef ég ekki heyrt enn þá, hvernig til hafi tekizt. En ég mundi telja rétt, áður en menn fara langt út í bollaleggingar um skipan þess embættis, bæði að gera sér grein fyrir, að auðvitað safnar slíkt embætti alltaf mönnum í kringum sig, það verður ekki lengi einn maður í þessu, heldur kemur þarna — vonandi ekki embættisbákn, en stofnun, sem nokkur tilkostnaður hlýtur að verða samfara, og athuga þarf, hvers konar mál það eru, t. d. í Danmörku og Noregi, sem hafa komið til úrskurðar eða afskipta þessara manna, kanna það til hlítar, og í því mundi, að því er ég hygg, ekki síður fordæmi Norðmanna vera fróðlegt fyrir okkur heldur en Dana, vegna þess að um sumt, a. m. k. í vissum byggðum í Noregi, eru aðstæður mun líkari þar því, sem er á Íslandi.

Ef ég man rétt, — það verður þá leiðrétt af framsögumanni, — er þetta „ombudsmands“ nafn til komið á þann veg, að maðurinn er talinn umboðsmaður þjóðþingsins gagnvart ríkisstjórninni. Nú tel ég og legg á það áherzlu til umhugsunar, að í okkar litla þjóðfélagi þurfi þingið í sjálfu sér ekki slíkan umboðsmann gagnvart ríkisstj. Hér getur, má segja, hver einasti maður haft í fyrsta lagi beinan aðgang að sínum þm. Hann hefur beinan aðgang að hvaða þm. sem er. Hér taka allir á móti öllum, sem óska eftir viðtali. Hann hefur beinan aðgang að hvaða ráðh. sem er, forseta landsins og getur komið fram öllum sínum kvörtunum og ábendingum við hvern sem er millilíðalaust og án þess að nokkur hafi löngun eða nokkurn möguleika til þess að skjóta málum undir stól eða fela þau. Við skulum segja, að embættismenn reyni að koma í veg fyrir, að það sannist, að þeir hafi misgert, þegar þeir eru sannfærðir sjálfir um, að þeir hafi ekki misgert. Menn hafa oft vissa löngun til þess að halda hlífiskildi yfir þeim, sem eru þeirra undirmenn og þeir bera ábyrgð á. En ef það lukkast ekki að vekja hvorki embættismanninn sjálfan né hans yfirmann, ráðherrann, til umhugsunar, þá er ekkert hægara en að koma með málið til þm., fá þm. til þess að taka málið upp, annaðhvort á þingi í formi þáltill., í fsp. eða með því að fara í hlutaðeigandi embættismann og biðja hann um að skoða málið.

Það er þessi smæð þjóðfélagsins, þetta, hvað hér er allt gegnumsætt, sem gerir það að verkum, að það er minni þörf á ýmiss konar milliliðum og ýmiss konar eftirliti hér en í þeim stærri þjóðfélögum, og þess vegna, þegar við með réttu kvörtum undan því, að stjórnkostnaðurinn sé mikill og oft og tíðum óbærilegur, verðum við að átta okkur á því líka að vera ekki að setja upp þau embætti hér, sem geta haft og átt fulllan rétt á sér í stærri þjóðfélögum, en hafa sáralitla þýðingu og litlu verkefni að gegna í þjóðfélagi, sem er eins statt og við. Það er ekki vegna þess, að ég vilji halda hlífiskildi yfir embættismönnum og embættismannsku eða stjórnarvöldum. Við vitum það, að þessi fer með stjórn í dag og hinn á morgun, og þetta getur velzt á ýmsa vegu og tjáir ekki að líta á þetta mál út frá því sjónarmiði, heldur hinu: Er okkar þjóðfélag þannig upp byggt, að það sé þörf á sérstökum rannsóknaraðila, sem þarna komi til, og mundi hann hafa hér í raun og veru verulegu verkefni að gegna?

Það er allt annað mál, en mér kemur það stundum til hugar, að menn hafa séð t. d., að blaðamannafundir eru mjög tíðkaðir í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og hafa því spurt: Af hverju er þetta ekki tíðkanlegt eins í Evrópu? Menn hafa viljað koma slíkum blaðamannafundum á hér á Íslandi. Þetta kemur einfaldlega af því, að í Bandaríkjunum hafa hvorki forseti ríkisins né ráðh. aðgang að þinginu, þannig að þeir verða ekki þar krafðir sagna, þurfa ekki að gera grein fyrir sínum málum, eiga ekki kost á að skýra sínar till., þess vegna hefur þessi háttur verið tekinn upp með blaðamannafundi. Í Bretlandi, sem er aftur fordæmi hins evrópska þingræðis, er sams konar verkefni leyst á þingfundunum, þar sem ráðh. koma og skýra sín mál, ýmist í umr. um lagafrv. eða í spurningatímum. Að verulegu leyti er það sama hér á landi. Það er gersamlega út í bláinn, meðan þing stendur yfir, að íslenzka ríkisstjórnin færi að kalla saman blaðamannafundi. Hér eru menn í þingsölunum og hægt að krefja þá sagna, og hér gera menn grein fyrir þeim málum, sem þeir sjá ástæðu til að tala um.

Þannig verður að skoða hvern einstakan þátt stjórnskipulagsins í ljósi heildarinnar og gera sér grein fyrir, af hverju þetta hefur farið svona í þessu þjóðfélagi, en á annan veg í öðru þjóðfélagi. Það, sem á sér fullan rétt annars staðar, og það er óneitanlegt, að þetta hefur reynzt vel í Danmörku, er engan veginn víst, að hafi sama verkefni að gegna hér.

Þessar athugasemdir vildi ég láta koma fram nú. Ég tel sjálfsagt, að þingnefnd kynni sér þetta mál. Ég mundi telja eðlilegt, að hún fengi og aflaði sér skýrslna um störf þessara manna, bæði í Danmörku og í Noregi. Samkvæmt því, sem hér var upplýst, eru þetta ekki fleiri mál en svo, að menn geta fljótlega áttað sig á, hvers konar mál það eru, sem þarna er bæði kært yfir og embættismaðurinn tekur síðan til sérstakra afskipta. Og þegar menn eru búnir að íhuga það betur, þá beri menn saman ráð sín um það, hvort ástæða sé til að gera gangskör að stofnun embættisins.

**Einar Ágústsson:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hæstv. forsrh., sem ég vil leyfa mér að þakka fyrir það að virða þó málið það mikils að gera við það nokkrar aths., um leið og ég met það, að hann talaði á þann veg, að hér væri mál, sem mjög væri vert athugunar, þó að hann hafi ekki eins mikla trú á því og við flm., að embættið gæti komið hér að gagni.

Ég vil segja í upphafi, að reynsla nágrannaþjóðanna af þessu embætti er ekki löng, ef Svíþjóð er undanskilin, og reynslan í Danmörku, sem ég vitnaði til hér áðan, er mjög jákvæð. Að einhverju leyti kann það að stafa af því, sem hæstv. forsrh. nefndi, að Danir hafi verið mjög heppnir í vali síns embættismanns í þetta vandasama embætti, þar sem prófessor Stephan Hurwitz nýtur almenns trausts og álits víða um heim fyrir embættisstörf sín fyrr. En fyrir fram tel ég þó ekki vonlaust, að við Íslendingar gætum líka verið heppnir í okkar mannvali í þessa stöðu, ef til kemur. Á því veltur vissulega mikið.

Hæstv. ráðh. talaði um, að þetta mundi auka embættisbáknið, sem væri þó of mikið fyrir. Það er vissulega rétt, að það mundi fjölga starfsmönnum ríkisins fyrst um sinn um einn og ef til vill síðar fleiri. Ég vil alls ekki loka augunum fyrir þeim möguleika, að þessi embættismaður þyrfti á starfsliði að halda fljótlega. En ég hygg þó, að hér sé ekki um svo mikla útþenslu á embættiskerfi ríkisins að ræða, að við af þeirri ástæðu einni ættum að falla frá þessari hugmynd, ef hún að öðru leyti sýndi sig að eiga hingað erindi.

Þá rakti hæstv. forsrh. ýmis rök, sem hann taldi hníga að því, að okkar þjóðfélag væri þannig upp byggt, að við þyrftum ekki á slíkum embættismanni að halda. Það er viðurkennt af okkur flm. þessarar þáltill., að hér eru ástæður öðruvísi en annars staðar gerist. Það kann vel að vera, að þörf fyrir þennan umboðsmann eða lögsögumann nú sé ekki alveg eins brýn og á meðal stærri þjóða, — ég get vel fallizt á það, — en ég hygg, að þessi sömu rök, sem hér voru flutt, hafi líka verið flutt á sínum tíma í Danmörku, fyrir rúmum 10 árum, þegar var verið að ákveða það, hvort þessa embættis væri þar þörf eða ekki. Og a. m. k. lætur prófessor Hurwitz það í ljós í áður nefndu viðtali, sem ég hef hér gerzt nokkuð ákafur að vitna til, þar segir hann berum orðum, að eins og búast mátti við, þá mætti till. slæmum undirtektum frá ýmsum mönnum, sem tóku þá afstöðu, að réttarkerfið starfaði á fullkomlega eðlilegan hátt nú þegar og þetta embætti væri þar af leiðandi óþarft. Ég hygg, að það hafi komið í ljós í Danmörku, að þessar raddir eru ekki lengur hafðar uppi þar, um embætti „ombudsmannsins“ þar.

Nú dettur mér á engan hátt í hug að halda því fram, að hæstv. forsrh. hafi tekið þessa afstöðu til þess að halda hlífiskildi yfir embættismönnum, enda tók hann það berum orðum fram. Það dettur mér alls ekki í hug að halda, alveg á sama hátt og ég segi það skýrt og skorinort, að þessi till. er á engan hátt flutt sem gagnrýni eða vantraust á núverandi embættiskerfi. Hún er einungis flutt vegna þess, að við, sem að henni stöndum, höfum trú á því, að það væri til bóta fyrir íslenzkt réttarkerfi, að þetta embætti væri til, sérstaklega ef okkur mætti lánast að vera heppnir í mannvali og fá í það mann, sem allur almenningur treysti.

Þessi till., sem ég hef verið hér að mæla fyrir, gengur aðeins út á það, að ríkisstj. skipi n. til þess að undirbúa löggjöf um þetta efni með sérstakri hliðsjón af löggjöf Norðurlanda. Ég vil hiklaust segja það, ef það þættu heppilegri vinnubrögð, er það fullkomlega samþykkt af minni hendi a. m. k., að einhverri annarri nústarfandi nefnd yrði falið að athuga þetta mál betur, og það undirbúningsstarf getur sem bezt byrjað hjá hv. allshn. með því, að hún afli þeirra gagna, sem vissulega væri æskilegt og raunar nauðsynlegt fyrir okkur að hafa, þegar við stígum þetta skref.

**Ólafur Jóhannesson:** Út af þeim aths., sem hæstv. forsrh. gerði hér áðan, vildi ég aðeins koma á framfæri tveimur atriðum eða svo.

Hann benti á það, hæstv. forsrh., að stofnun slíks embættis sem þessa mundi hafa kostnað í för með sér og enn fremur væru aðstæður hér aðrar á ýmsan veg en á hinum Norðurlöndunum, og því kynni að vera, og að hans áliti var það svo, að hér væri minni þörf á slíku eftirliti en á Norðurlöndum. Að sjálfsögðu er það laukrétt, að aðstæður eru hér aðrar og fámennið gerir það að verkum, að menn fylgjast betur með ýmsum greinum hér en þar. En ég vil benda á tvö atriði, sem ég tel mæla með því mjög sterklega, að hér þurfi að vera eitthvert slíkt eftirlit af þingsins hálfu. Og það er í fyrsta lagi það, að þó að stjórnsýslan sé hér óbrotnari og einfaldari á margan hátt en á Norðurlöndum, skortir hana líka þar á móti mjög formfestu á við það, sem þar er. Hér er því miður stjórnsýslan á ýmsa grein mjög formlaus og langt frá því, að í því efni séu gerðar þvílíkar kröfur hér sem þar, en einmitt þetta formleysi og skortur á formfestu getur haft í för með sér vissar hættur og skapað visst svigrúm, sem ella er ekki fyrir hendi.

Í annan stað vil ég á það benda, að hæstv. forsrh. sagði, að hér væri nú ekki kunnugt um misbeitingu af hálfu embættismanna. Og það sé fjarri mér að staðhæfa, að slík misbeiting sé fyrir hendi. En ég kem þá aftur að fámenninu og því, að vegna fámennisins er hér fyrir hendi önnur hætta, sem ekki er fyrir hendi í jafnríkum mæli í öðrum fjölmennari löndum, og það er hættan á vinsemd kunningsskaparins. Ég held, að það séu ekki brögð að því, að embættismenn eða stjórnsýslumenn geri mönnum beinlínis rangt til í sínum embættisathöfnum. En ég er því miður ekki jafnviss um, að viðsýni þeirra og góðhugur til þess, sem þeir eiga skipti við í það og það skiptið, hafi ekkert að segja, og það er þessi hætta, sem ég held við verðum líka að hafa opin augu fyrir, því að í sjálfu sér er ekkert síður misbeiting í því fólgin að mismuna mönnum til hins betra en til hins verra. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að það sé þörf á aðhaldi, auknu aðhaldi hér með stjórnsýslunni í rýmstu merkingu, og ég held, að þau ráð, sem hæstv. forsrh. benti á, að tiltæk væru hverjum og einum, sem teldi sig órétti beittan, að snúa sér til þm. og fá þm. til þess að taka málið upp, sé hvorki fær leið í mörgum greinum og þaðan af síður æskileg. Ég held, að mörg þau erindi, og það hygg ég, að menn muni glögglega sjá, þegar þeir athuga skýrslur þær, sem umboðsmenn á Norðurlöndum hafa gefið til þinganna árlega, eigi ekkert erindi inn á þing og það væri mikil tímaeyðsla hér á Alþ. að fara

að eyða tíma í að ræða þau mál hér. En þau geta samt sem áður verið mál, sem eru þýðingarmikil og mikilvæg í augum þess einstaklings, sem þau lúta að, og það getur verið full ástæða til þess að reyna að rétta hans hlut.

Ég held, að það sé nú því miður kannske komið svo, að þetta, sem sagt er, að hér sé þingræði og þingið geti haft eftirlit með stjórninni og gagnrýnt stjórnina, sé ekki alltaf fullnægjandi. Ég held, að í slíkri gagnrýni beri nú æ meira á pólitískum málum en einstökum stjórnarathöfnum. Það er yfirleitt ekki venja hér að taka til umr. á Alþ. einstakar stjórnarathafnir, **og ég held, að þeir starfshættir væru ekki til bóta að fara að innleiða þá hér. Ég held þess** vegna, að þingið hafi í raun og veru ekki svo ríkt eftirlit með ríkisstjórn hér, að því er varðar einstakar stjórnarathafnir hennar, eins og kannske að sumu leyti væri æskilegt. Það eru önnur atriði, sem þingið meir fylgist með og athugar í hennar störfum. Og ég held, að önnur þau úrræði, sem þingið hefur til eftirlits með stjórnsýslunni, séu ekki sérstaklega virk hér á landi. Það er t. d. búið að gera alveg óvirka þá heimild, sem er þó í stjórnarskránni, að skipa rannsóknarnefndir af þingsins hálfu. Það tíðkast hér ekki. Það eru að vísu kosnir yfirskoðunarmenn árlega til þess að endurskoða reikninga ríkissjóðs, og þeir gera það auðvitað samvizkusamlega. Þeir gera sínar athugasemdir, þær eru lagðar hér fyrir Alþingi, en ég hef ekki orðið þess var, að það væri mikið gert í tilefni af þeim aths., sem þeir gera. Ég held þess vegna, að það sé þörf á eftirliti í einhverri mynd. Þar með er ég ekki að segja, að það þurfi endilega að vera í þessari mynd, sem hér er stungið upp á. Það er hægt að hugsa sér ýmis önnur úrræði í þeim efnum og hægt að hugsa sér ýmis önnur form en gert hefur verið í þessu efni á Norðurlöndum.

Reyndar er það svo, eins og kom fram hjá hv. frsm. og hæstv. forsrh., að þessum málum er mjög misjafnlega fyrir komið á Norðurlöndum, þó að þar séu starfandi umboðsmenn. Og **það er náttúrlega ekki alveg rétt, að Danir hafi** uppgötvað þetta fyrst, eftir að Svíar höfðu haft þetta hjá sér langa tíð, því að þegar eftir að Finnland öðlaðist sjálfstæði, var 1919 settur þar á fót sérstakur „justitie-ombudsmann“ alveg eins og í Svíþjóð, og í Noregi hafði reyndar verið um alllangt skeið starfandi sérstakur umboðsmaður fyrir varnarmálasýsluna. Enn fremur er það, að þessum málum er mjög misjafnlega fyrir komið, á þann veg, að valdsvið þessara umboðsmanna er mjög mismunandi, eins og hér hefur líka nokkuð verið vikið að. Það má segja, að það sé á vissan hátt langvíðtækast í Svíþjóð. Það er líka nokkuð víðtækt í Danmörku nú orðið. Í fyrstu var það þó takmarkað í Danmörku, þannig að það tók ekki til sveitarstjórnarinnar. En seinna meir og að reynslu fenginni var þetta rýmkað þannig, að það var einnig látið taka til sveitarstjórnaryfirvalda. Í Danmörku tekur eftirlitið til ráðh., en það er, að ég hygg, eina landið, þar sem eftirlit umboðsmanna tekur beinlínis til ráðh. Í Svíþjóð eru þeir alveg undanskildir, og í Noregi eru þeir undanskildir að því leyti, sem athafnir þeirra fara fram í ríkisráði eða með atbeina þjóðhöfðingja. Í Noregi er sveitarstjórnin, að ég held, alveg undanskilin eftirliti umboðsmannsins, og ýmis fleiri afbrigði eru til í þessum efnum. Þetta er vitaskuld allt athugunarefni, og ég efa það ekki, að ef þessi mál eru athuguð, munu fást ýmsar gagnlegar upplýsingar um þetta.

En það, sem ég vildi leggja áherzlu á, er, að ég tel, að hér sé hreyft mjög merkilegu máli, það sé sjálfsagt að athuga það mjög gaumgæfilega. Ég tel nauðsyn á auknu eftirliti af þingsins hálfu með stjórnsýslunni. Ég tel þörf fyrir stjórnsýsluna að fá aukið aðhald. Hvort það á að vera í þessu formi, að setja upp sérstakt embætti, eða með einhverjum öðrum hætti, skal ég ekki segja um á þessu stigi. Það hafa komið hér fram á ýmsum tímum ýmsar hugmyndir í þessu efni. Einu sinni voru t. d. sett hér upp rekstrarráð, sem kölluð voru, til þess að hafa eftirlit með ríkisstofnunum. Það mætti ætla, að þau hefðu ekki gefizt vel, ef litið er til þess, að þau voru lögð niður nokkru síðar. En ýmislegt svona getur komið til álita. Það er alveg rétt, að allt, sem í þessu efni er gert, kostar fé, kostar nokkurt fé. En ég vil segja það, að ef með því er stefnt að auknu réttaröryggi í landinu, má ekki horfa í það, þó að það kosti nokkurt fé, því að svo mörgu er nú til kostað hér á ýmsum sviðum, að þó að það væru launaðir 2—3 menn í þessu skyni, væri ekki í það horfandi, ef það hefði í för með sér aukið réttaröryggi í þessu landi og hinn einstaki borgari yrði þess vegna sannfærðari um það, að sér væri ekki gert rangt til í neinu falli eða öðrum mismunað óhæfilega samanborið við hann. Ef sú sannfæring yrði útbreidd í landinu, væri nokkru til kostandi að mínum dómi. Auðvitað má búast við því, að þessi embætti færist kannske eitthvað í aukana, eins og er um önnur embætti. Ég held þó, að reynslan af Norðurlöndum sé sú, að þessum embættum þar hafi verið haldið innan hóflegra marka. Ég veit það t. d., að á fyrsta starfsári norska umboðsmannsins, 1963, en hann tók til starfa 1. janúar 1963, var starfslið hans það, að það voru þrír lögfræðingar þar á skrifstofunni og þrennt annað starfsfólk. Og sé litið til fólksfjölda í þessu sambandi, ætti að vera hægt að komast af hér með allmiklu færra starfslið en þetta.

En ástæðan sem sagt til þess, að ég stóð upp, var, að mér fannst það koma fram hjá hæstv. forsrh., að hann legði of mikla áherzlu á mínushliðina í þessu, ef svo mætti segja, en tæki ekki fullkomlega með í reikninginn öll þau atriði, sem gera að mínum dómi þinglegt eftirlit hér á landi mjög æskilegt einmitt nú á tímum.

**Forsrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég heyrði að vísu ekki, hvað ég sagði sjálfur, og skal þess vegna ekki þræta við hv. síðasta ræðumann, en ætlun mín var alls ekki sú að fullyrða, að hér hefði ekki átt sér stað og ætti sér ekki stað misbeiting á embættisvaldi. Það var alveg utan minnar ætlunar að fullyrða neitt um það. Því miður er það svo, að að vissu marki er einhver slík misbeiting alltaf óhjákvæmileg, einfaldlega vegna þess, að enginn maður er fullkominn og mönnum verður alltaf á að sjást yfir og gera verr en skyldi. Eins og hv. þm. sagði, þá má segja, að um misbeitingu sé að ræða,

hvort sem það er gert með því, að maður sé vilhallur einhverjum eða skeyti ekki nóg um mál annars. Mér hefur aldrei komið til hugar að fullyrða, að slíkt hefði ekki verið hér. En ég vil leggja áherzlu á það, án þess að við skulum fara að þræta um of, að hv. síðasti ræðumaður lagði á það ríka áherzlu, að það væri þörf á auknu þinglegu eftirliti. Það er einmitt það: þinglegu eftirliti. Það er Alþ., sem á að hafa eftirlit með ríkisstj., stjórnsýslunni, eða hvernig sem menn vilja orða það, og ég hef talið, að vegna þess, hversu þjóðfélagið væri lítið og gegnumsætt, þyrfti hér ekki sérstakan millilið á milli þingsins og embættisvaldsins til þess að annast þetta eftirlit, heldur væri nóg, ef þingið sjálft væri hér á verði.

Nú segir hv. þm., og það er alveg rétt: Mörg af þessum málum eru þannig, að það er enginn vinningur við að taka þau til umr. á sjálfu Alþ. — Þetta játa ég. Þó er svo með ýmsar embættisathafnir, að þær hafa verið til umr. á Alþ. fyrr og síðar í mismunandi myndum og oft mjög hart sótt á handhafa framkvæmdavaldsins af þm., stundum áður fyrr af þinginu í heild, sbr. Skúlamálin fyrir aldamót, svo að við tökum aðeins frægasta dæmið. En við þekkjum það einnig, að það er algengt í afgreiðslu fjárl., að þar fá menn fjárveitingar, stundum litlar, stundum meiri, til þess að bæta úr einhvers konar misgerð, sem talið er að þeir hafi orðið fyrir af hálfu ríkisvaldsins. Það þarf ekki lengi að fletta í fjárl. til þess að finna dæmi þess. Þó mundi ég segja, að það væri sjaldnar, að slíkt kæmi til þingsins kasta beinlínis, og gerir það þó sem sagt mjög oft. Hitt er miklu oftar, að einstakir þm. taka upp mál fyrir hönd sinna kjósenda og ræða þau við ráðh. og biðja hann um að athuga, hvort þarna hafi verið rétt að öllu farið. Mér kemur t. d. til hugar einhvers konar sóttvarnarmál á Vestfjörðum fyrir nokkrum árum. Einn eða fleiri þm. mér andstæðir í stjórnmálum komu til mín og báðu mig um að kynna mér það, hvort þarna hefði ekki tiltekinn maður orðið fyrir ósanngirni. Ég lét grandskoða málið oftar en einu sinni, vegna þess að fyrsta athugun leiddi ekki til þess, að á manninn hefði verið hallað. Ég man ekki betur en maðurinn fengi einhverja leiðréttingu, áður en yfir lauk, vegna þess að það var ekki gefizt upp við fyrstu athugun og engin löngun til þess af hálfu embættismanna, enn þá síður ráðh., sem hafði hvergi við sögu komið, að halla á manninn. Hann fékk leiðréttingu sinna mála. Slík dæmi eru óteljandi. Þetta verða menn að vita. Í þessu eru þm. ekki að misbeita sinni stöðu. Þeir eru að gegna einum hluta af sinni þingmannsskyldu. Við vitum það, að margs konar erindrekstur fyrir kjósendur hefur tíðkazt hér ætíð, frá því að núv. stjórnskipan var tekin upp, og í ákaflega mörgum myndum. Eitt af þeim erindrekstri er að gangast í að kanna til hlítar, hvort hallað hafi verið á menn með einstökum ákvörðunum embættismanna. Þetta er engin nýjung hér á landi, þetta hefur ætíð verið gert. Þetta verða menn að vita og gera sér grein fyrir.

Ég játa það fyllilega, að ef ég væri sannfærður um, að verulega aukið réttaröryggi fengist, mundi ég ekki horfa í það, þó að einhverjir embættismenn bættust í hópinn. Það er rétt, að hann er stór, og það má ekki gera of mikið úr því embættisbákni, sem kæmi, vegna þess að eins og hv. síðasti ræðumaður var réttilega inni á, ef við tökum tölurnar af því, sem er erlendis, bæði af mannfjölda, sem að þessu starfar, og af fjölda þeirra kærumála, sem hv. 11. þm. Reykv. gat um, mundu það auðvitað verða sárafá mál hér á landi. Ég efast um, að það yrðu fleiri, ef það væru sambærilegar tölur hér, en eitthvað milli 5 og 10 mál á ári, sem kæmu fyrir þennan embættismann, — ef það væru sambærilegar tölur og mér heyrðist hv. frsm. minnast á frá Danmörku. Það er auðvitað til staðfestingar því, að þetta þyrfti ekki að verða mikið embættisbákn, ef eftir því væri farið, sem annars staðar er. En þá bendi ég líka á það, að þarna er í okkar litla þjóðfélagi ekki um svo mikið verkefni að ræða, að þingið geti ekki annazt það sjálft, til viðbótar því, eins og ég segi, að hér á landi hefur hver einasti maður greiðan persónulegan aðgang að ríkisstj., ráðherrum. Það er ákveðinn tími í hverri viku, þar sem hver einasti borgari getur komið og lagt mál sitt fyrir, auk þess sem menn hafa aðgang að sínum þm., auk þess sem smæðin er svo mikil, fólksfæðin, að ranglætið getur ekki haldizt uppi til lengdar í þeirri merkingu, sem við hér tölum um. Pólitísk ágreiningsefni og annað slíkt er annað mál. Það er allt annars eðlis en þau vandkvæði, sem hér er verið að tala um. Ég held þess vegna og hika ekki við að láta uppi þá skoðun mína, að það sé miklu minni þörf á þessu hér en annars staðar, og menn ættu, áður en þeir fara að gera gangskör að því að koma þessu af stað hér, að athuga til hlítar, hvernig þetta hefur verið í framkvæmd hjá öðrum. Þetta er ekkert kappsmál fyrir mér. Ef ég sannfærist um, að af þessu verði aukið réttaröryggi, skal ég styðja það með minu atkv. Enn þá vantar mig sannfæringu fyrir því, og ég fullyrði, að till., sem hv. 4. þm. Sunnl., Björn Fr. Björnsson, og hans félagar flytja um breytingu á dómaskipuninni, er ólíkt meira aðkallandi, og þar er mál, sem ég get sagt að ég hef oft hugleitt, að mér verði með réttu legið á hálsi fyrir að hafa verið of lengi dómsmrh. án þess að gera gangskör að leiðréttingu í því efni. En um það er eins og margt annað, hvað verður að bíða síns tíma. Á þeim árum var ekki tímabært að taka það mál upp af ýmsum stæðum. Nú skeður það ánægjulega, að embættismaður eins og 1. flm. þeirrar till. og hans félagar taka þetta upp. Það gerir málið miklu auðveldara viðureignar og tekur það frekar út úr pólitískum deilum, sem ella voru yfirvofandi, ef það hefði verið tekið upp með nokkrum öðrum hætti. Ég hef þess vegna sjaldan orðið glaðari en þegar ég sá þá till. og þakka flm. mjög fyrir þann myndarskap að flytja hana, en segi: Þar er ærið verkefni í bili, þótt við látum hitt a. m. k. bíða og athugum, hvernig það reynist hjá okkar næstu nágrannaþjóðum, áður en við förum að taka það kerfi upp hér á landi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 23. Réttur til landgrunnsins.

Á deildafundum 24. febr. var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um rétt Íslands til landgrunnsins** [129. mál] (A. 260).

Á 30., 31., 32., 34. og 36. fundi í Sþ., 9., 16., 23. og 30. marz, 13. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 20. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

**Flm. (Ólafur Jóhannesson):** Herra forseti. Á þskj. 260 höfum við fulltrúar Framsfl. í sjútvn. á Alþingi og formaður flokksins leyft okkur að bera fram till. til þál. um kosningu 7 manna nefndar til að vinna að því að afla viðurkenningar á rétti Íslendinga til landgrunnsins. Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að vinna ásamt ríkisstj. að því að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, sbr. ályktun Alþingis frá 5. maí 1959 og yfirlýsingu ríkisstj. í auglýsingu nr. 4 frá 1961."

Þannig hljóðar nú sjálf tillgr. Þegar henni er fylgt úr hlaði, væri vissulega freistandi að ræða almennt um landhelgismál, bæði reglur þjóðaréttarins fyrr og síðar um landhelgi svo og reglur íslenzks réttar bæði fyrr og síðar um það efni. Það mun ég þó ekki gera að þessu sinni. Ég mun ekki líta lengra aftur í tímann en til 1948, er lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins voru sett lög, nr. 44 1948, sem ég mun hér á eftir til hægðarauka nefna landgrunnslögin.

Landgrunnslögin eru byggð á þeirri hugsun, að Íslendingar eigi rétt til landgrunnsins alls og að þeir fari þar með fulla lögsögu og full yfirráð. Sú hugsun er raunverulega forsenda laganna. Í lögunum sjálfum er landgrunnið að vísu ekki skilgreint, en í aths. við frv. að þeim lögum er tekið fram, við hvaða mörk væri miðað, og talið, að landgrunnið væri greinilega afmarkað á 100 faðma dýpi. En á sjóréttarráðstefnunni í Genf 1958 var gengið út frá því, að mörk landgrunnsins væru miðuð við 200 metra dýpi, og verður væntanlega miðað við þau mörk í framtíðinni.

Með landgrunnslögunum var hafizt handa um undirbúning að ráðstöfunum til stækkunar fiskveiðilandhelginnar til friðunaraðgerða á landgrunninu, en ljóst var þá orðið, að slíkar aðgerðir voru aðkallandi. Höfðu ýmsar samþykktir verið gerðar og till. verið fluttar um það efni, m. a. hér á hv. Alþingi. Ég mun ekki rekja þá sögu hér né heldur, eins og ég áður sagði, hverjar reglur giltu eða höfðu gilt hér á landi um landhelgi við Ísland. En þegar landgrunnslögin voru sett, var í gildi landhelgissamningurinn við Breta frá 1901, og voru því hendur landsmanna þá bundnar að því er varðaði landhelgisútfærslu. En eftir að sá samningur var úr sögunni, var fljótlega hafizt handa um útfærslu fiskveiðimarkanna, og raunar höfðu þegar áður verið gerðar ráðstafanir í þá átt á takmörkuðu svæði, þ. e. a. s. með reglugerðinni frá 1950 um friðun fiskimiða fyrir Norðurlandi.

Í landgrunnslögunum felst mjög víðtæk heimild fyrir reglugerðargjafann til ákvörðunar um fiskveiðitakmörk og friðunaraðgerðir á landgrunninu. Má kannske frá lagatæknilegu sjónarmiði gera vissar aths. við það víðtæka valdframsal. En út í þá sálma skal ég ekki fara. Í framkvæmdinni hafa lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, þ. e. landgrunnslögin, verið skilin svo, að þau veittu reglugerðargjafanum, í þessu tilfelli sjútvmrn., heimild til útfærslu fiskveiðilandhelginnar, og hafa allar reglugerðirnar um útfærslu landhelginnar, þ. e. a. s. reglugerðin frá 1950 um friðun fiskimiða fyrir Norðurlandi, reglugerðin frá 1952, þar sem landhelgin var færð út í 4 sjómílur talið frá beinum grunnlínum, og reglugerðin frá 1958, þar sem landhelgin var færð út í 12 sjómílur, og svo loks núgildandi reglugerð um þetta efni frá 1961, verið byggðar á eða settar með skírskotun til landgrunnslaganna, eins og alkunnugt er.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fara neitt út í aðdraganda þessara reglugerða, hvorki almennt né setningu þeirra hverrar fyrir sig, og ég ætla ekki heldur að fara að rifja neitt upp um landhelgisdeilurnar við Breta, hvorki þá fyrri né hina síðari. Þau atriði eru öllum hv. þm. í svo fersku minni, að þess gerist engin þörf.

En þó að landhelgisreglugerðirnar séu allar settar með skírskotun til landgrunnslaganna og þó að það sé frá sjónarmiði okkar Íslendinga út af fyrir sig sjálfsagt réttlætismál, að landgrunnið með öllum þess gögnum og gæðum, þar með talin fiskimið á landgrunninu, tilheyri Íslandi, hefur sú regla, að strandríki hafi einkarétt til fiskimiða landgrunns þess, ekki enn þá náð viðurkenningu sem þjóðréttarregla. Tókst ekki að fá þá reglu viðurkennda á sjóréttarráðstefnunni 1958 þrátt fyrir viðleitni íslenzku fulltrúanna í þá átt. Má segja, að enn sé tiltölulega stutt síðan hin svokallaða landgrunnskenning var fyrst sett fram. Þetta hefur Alþingi verið ljóst. Hinn 5. maí 1959 samþ. Alþingi svo hljóðandi þáltill. um landhelgismálið, að sjálfsögðu í tilefni af yfirstandandi landhelgisdeilu við Breta:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan 4 mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem slíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi heldur en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið."

Þessi þáltill. var flutt af utanrmn. og var samþ. shlj. á Alþingi. Eins og ljóst er af henni, telur

Alþingi Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 sjómílna fiskveiðilandhelgi, þ. e. að sú landhelgisákvörðun sé í fullu samræmi við þjóðréttarreglur, svo sem reyndar nú mun nokkuð almennt viðurkennt. Hins vegar gerir Alþingi ráð fyrir því, að réttur landsins til landgrunnsins utan 12 sjómílna landhelgislínunnar sé ekki jafnskýlaus að alþjóðalögum, en lýsir yfir þeim vilja sínum, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með landgrunnslögunum frá 1948.

Í þessari viljayfirlýsingu Alþ. felst að sjálfsögðu áskorun til ríkisstj. um að reyna að afla þessarar viðurkenningar.

Í samningum við Breta um lausn fiskveiðideilunnar frá 1961, sbr. auglýsingu nr. 4 frá 1961, segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþ. frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með 6 mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins."

Hér áskilja Íslendingar sér að vísu rétt til einhliða útfærslu fiskveiðilögsögunnar, hvort heldur er til landgrunnsins alls eða tiltekinna svæða þess, svo sem stefnt var að með ályktun Alþ. frá 5. maí 1959 og landgrunnslögunum frá 1948, en út frá því er jafnframt gengið, að slík útfærsla sé ekki andstæð þjóðarétti. Báðir samningsaðilar skuldbinda sig til að hlíta úrskurði Alþjóðadómstólsins um lögmæti útfærslunnar, ef til ágreinings skyldi um hana koma. Um þennan samning við Breta urðu miklar deilur hér á landi, eins og alkunnugt er. Þær deilur ætla ég ekki að vekja upp hér eða rifja upp, nema þá þar til verði tilefni gefið. En á meðan samningurinn er í gildi, verður auðvitað eftir ákvæðum hans að fara, hvernig svo sem afstaða manna til samningagerðarinnar hefur verið á sínum tíma. Þó að Íslendingar geti eftir sem áður fært út landhelgina með einhliða ákvörðun, verða þeir að vera við því búnir, að Bretar krefjist þess, að sú ákvörðun sé lögð undir úrskurð Alþjóðadómstólsins. Gagnkvæmt gildir þetta svo einnig að sjálfsögðu, þannig að Íslendingar gætu auðvitað skv. þessu ákvæði krafizt þess, að slík deila væri lögð undir úrskurð Alþjóðadómstólsins, ef Bretar ætluðu t. d. að beita hér hervaldi, eins og þeir gerðu síðast. Alþjóðadómstóllinn segir þá til um það, hverjar hömlur þjóðarétturinn setur ákvörðunarvaldi einstakra ríkja í þessu efni. Er af því ljóst, að möguleikar Íslands til frekari landhelgisútfærslu og til friðunaraðgerða á landgrunninu eru mjög komnir undir því, hver þróun þjóðaréttarreglna verður á þessu sviði. Skiptir því miklu, að fylgzt sé sem allra bezt með réttarþróuninni í þessum efnum og reynt sé með öllum tiltækum ráðum að stuðla að hagstæðri réttarþróun. En á því leikur enginn vafi, að á undanförnum árum hefur þróun þjóðréttarreglna um landhelgi verið okkur Íslendingum í vil, bæði um víðáttu eiginlegrar fiskveiðilandhelgi og um rétt ríkja yfir landgrunninu, hvort heldur er til rannsókna eða nýtingar náttúruauðlinda þar. Um það efni var gerð alþjóðasamþykkt á Genfarráðstefnunni 1958, og mun sú alþjóðasamþykkt nú hafa tekið gildi, og í samræmi við þá samþykkt hafa einmitt sum ríki alveg sérstaklega lýst yfir yfirráðum sínum á landgrunninu að þessu leyti. En vitaskuld er réttur ríkis til þess, þ. e. a. s. til hafsbotnsins, og nýtingar náttúruauðæfanna þar alveg sá sami, hvort sem þau hafa gefið út slíka sérstaka yfirlýsingu eða ekki. En þessi alþjóðasamþykkt tekur hins vegar ekki til fiskimiðanna á landgrunninu.

Fram að síðustu heimsstyrjöld mun landhelgi langvíðast hafa verið talin um 3 sjómílur. Það kom til dæmis glögglega fram á þeirri alþjóðaráðstefnu, sem haldin var í Haag 1930 og kvödd var saman að frumkvæði gamla Þjóðabandalagsins, en eitt af þeim viðfangsefnum, sem sú alþjóðaráðstefna fjallaði um, var einmitt landhelgi. Þar kom það fram, að yfirgnæfandi fjöldi þeirra ríkja, sem þá ráðstefnu sóttu, var fylgjandi þriggja sjómílna landhelgisreglu. Það tókst hins vegar samt ekki að fá gerða neina samþykkt á þeirri ráðstefnu, en ráðstefnan var samt þýðingarmikil að því leyti sem sagt, að safnað var þar saman miklum gögnum og upplýsingum um þessi mál. En það er ljóst, að á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefur orðið mjög mikil breyting í þessu efni. Nú hafa fjölmörg þau ríki jafnvel, sem áður aðhylltust hina skemmri landhelgislínu eða þriggja sjómílna línu, fært út sína landhelgi og mörg hver eru nú komin með 12 sjómílna landhelgi, sum jafnvel meira, þannig að það er ótvírætt, að á þessum árum, sem síðan eru liðin, t. d. frá síðari heimsstyrjöld, hefur mjög mikil þróun átt sér stað í þessum efnum í þá átt, að ríki geti talið sér víðari landhelgi en áður.

Nú kynnu einhverjir að álíta, að Ísland, sú litla þjóð á alþjóðavettvangi, gæti ekki haft mikil áhrif á það, hver þróun þjóðaréttarins verður í þessu efni. En það er ekki rétt álitið, þegar alls er gætt. Það er einmitt alveg víst, að með fastri baráttu sinni í landhelgismálinu áttu Íslendingar mjög drjúgan þátt í þeirri þróun, sem átt hefur sér stað í þessum efnum. Þess er þá fyrst að minnast, að það var skv. till. Íslendinga á allsherjarþinginu 1950, að ég ætla, að Sameinuðu þjóðirnar samþykktu að fela þjóðréttarnefnd sinni að taka landhelgismálið til meðferðar í sambandi við þær reglur, sem þjóðréttarnefndin átti þá um að fjalla varðandi úthafið. Þjóðréttarnefndin tók þetta verkefni til meðferðar, safnaði mjög ýtarlegum gögnum um það og kynnti sér málið allt sem rækilegast og gaf út merkilegt álit um það, sem kom út árið 1956. En í þjóðréttarnefndinni tókst þó ekki að ná samkomulagi um ákveðna till. um víðáttu landhelginnar. Hins vegar komst þjóðréttarnefndin að þeirri niðurstöðu, að það væru ekki til neinar fastar alþjóðavenjur um víðáttu landhelgi, svo sem ýmsar stórþjóðir og reyndar mestu siglingaþjóðir margar hverjar höfðu áður haldið fram. Jafnframt komst svo þjóðréttarnefndin að vísu að þeirri niðurstöðu, að þjóðarétturinn þá leyfði ekki víðari landhelgi en 12 sjómílur. Loks lagði svo þjóðréttarnefndin til, að það væri kvödd saman sérstök alþjóðleg ráðstefna til þess að fjalla um landhelgismál og til þess að reyna að ákveða víðáttu landhelgi og setja alþjóðlegar reglur um það efni. Þetta álit var lagt fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Þar var það að vísu stefna Íslands, að allsherjarþingið ætti í þessu efni að taka af skarið og setja

samþykkt um þetta efni. En niðurstaðan á allsherjarþinginu varð samt sem áður í samræmi við till. þjóðréttarnefndarinnar, að kvödd skyldi saman sérstök alþjóðleg ráðstefna til þess að fjalla um þessi mál. Það var svo gert, og þarf ekki að rekja það nánar hér, það er öllum þm. kunnugt. Kvödd var saman alþjóðaráðstefnan í Genf 1958, sem fjallaði um þetta mál og sótt var af mjög mörgum ríkjum, og Ísland tók auðvitað þátt í henni og flutti sitt mál þar. Það tókst hins vegar ekki, þrátt fyrir mikla viðleitni Íslendinga og reyndar margra annarra þjóða, að fá niðurstöðu á þessari ráðstefnu að því er varðaði landhelgina, þ. e. a. s. að því er varðaði viðáttu landhelginnar, og að því leyti til lauk ráðstefnunni án þess, að nokkur endanleg niðurstaða væri fengin. En það kom samt fram á þessari ráðstefnu, að skoðanir í þessum efnum höfðu mjög breytzt. Og þessi landhelgisráðstefna var tvímælalaust mjög þýðingarmikil, þó að það tækist ekki að ná þar neinni endanlegri niðurstöðu, vegna þess að það kom ljóslega fram á henni, að 3 sjómílna reglan var þrátt fyrir sterkan málflutning ýmissa stærstu ríkjanna fullkomlega dauðadæmd á þessari ráðstefnu sem alþjóðleg regla. Og það kom líka fram, bæði í nefndarstarfi og eins á allsherjarvettvangi ráðstefnunnar, að sú regla, sem átti þar langmestu fylgi að fagna, var 12 sjómílna reglan. Hún fékk hins vegar ekki það fylgi, sem nauðsynlegt var og í upphafi var áskilið, til þess að gild samþykkt væri gerð á þessari ráðstefnu, en það hafði verið í upphafi tilskilið, að ⅔ hlutar þyrftu að samþykkja, til þess að gild samþykkt væri gerð.

Hins vegar má geta þess í þessu sambandi auk þessarar þýðingar, sem var náttúrlega alveg stórkostleg, sem landhelgisráðstefnan 1958 hafði að því leyti, að hún endurspeglaði þær skoðanir, sem hin ýmsu ríki höfðu á þessum efnum, og sýndi, að það sjónarmið átti langmestu fylgi að fagna, að landhelgi væri ákveðin ekki skemmri en 12 sjómílur, þó að ekki tækist að ná samkomulagi um slíka till., en e. t. v. hefur það að einhverju leyti átt rætur að rekja til þess, að ríki skiptust á þessum tíma nokkuð mikið í hópa, t. d. austur og vestur, og ekki lukkaðist að ná fullkominni samstöðu þar á milli um till., — en auk þessa var þó á þessari alþjóðaráðstefnu gerð samþykkt um fiskveiðar og verndun lífrænna auðæfa hafsins, eins og hún hefur verið kölluð. Í 7. gr. þeirrar samþykktar er sagt, að strandríki geti gert einhliða ráðstafanir um takmarkaðan tíma til verndar fiskistofnunum á landgrunninu utan landhelgislínu. Þær ráðstafanir verða þó að vera reistar á vísindalegum niðurstöðum, þeirra verður að vera greinilega þörf, og þær mega ekki skapa nein forréttindi til handa fiskimönnum strandríkisins. Ég hygg, að þessi samþykkt hafi nú verið fullgilt af nægilegum fjölda ríkja og hún þess vegna öðlazt gildi, en eftir því sem ég veit bezt, hefur Ísland ekki fullgilt hana enn.

Niðurstaðan varð þessi á landhelgisráðstefnunni 1958. En þar með var ekki gefizt upp. Íslendingar gerðu sínar ráðstafanir þar á eftir, og þarf ekki að fara hér út í að rekja það, hverjar þær voru. En Sameinuðu þjóðirnar héldu áfram að láta málið til sín taka, og það var samþykkt þar enn á nýjan leik að efna til nýrrar landhelgisráðstefnu. Sú landhelgisráðstefna kom saman í Genf 1960. En þar fór á sömu lund að því leyti, að það tókst ekki að fá nægilegt samkomulag um ákveðnar reglur í þessu skyni. En einmitt eftir þessar ráðstefnur hafa mörg ríki fært út landhelgi sína, og þarf ég ekki að rekja það nánar hér. Það er því auðsætt, í hvaða átt þróunin hefur hnigið, og það er líka, eins og ég áðan sagði, alveg fullvíst, að Íslendingar með sinni baráttu í landhelgismálunum hafa átt sinn mikla þátt í þeirri þróun. En hvað sem um það er, er það ljóst eftir þessar niðurstöður — eða niðurstöðuleysi má kannske segja að sumu leyti — af þessum ráðstefnum, sem haldnar hafa verið, að enn er ekki fyrir hendi alþjóðasamþykkt eða alþjóðasamningur um víðáttu landhelgi. Þar af mega menn vitaskuld ekki draga þá ályktun, að þjóðarétturinn setji hér engar skorður og hverju ríki sé í sjálfsvald sett að fara svo langt sem það kýs. En á meðan ekki eru fyrir hendi alþjóðlegar samþykktir eða fastar alþjóðavenjur, staðfestar af alþjóðadómi, er ríkjandi nokkur réttaróvissa á þessu sviði, og á meðan er einmitt fyrir hendi verulegt svigrúm til að vinna að þróun réttarreglna um þetta efni í þá átt, sem við teljum okkur hagstæða. Að vísu verðum við líka að horfast í augu við þá staðreynd, að á meðan er einnig möguleiki til þess, að réttarreglurnar sveigist í óhagstæða átt fyrir okkur. En á meðan þetta svigrúm er fyrir hendi, eigum við að nota tímann, því að það er alveg víst, að þó að mikið hafi áunnizt — geysilega mikið hafi áunnizt — með útfærslu landhelginnar bæði 1952 og 1958, þá fer því mjög fjarri, að framtíðarhagsmunum íslenzku þjóðarinnar á því sviði sé þar með fullnægt. Það verður æ augljósara með degi hverjum, ef svo má segja, að þar verður ekki fullur sigur unninn, fyrr en viðurkenndur hefur verið réttur þjóðarinnar yfir fiskimiðum landgrunnsins, svo að hún geti sett þær reglur um fiskveiðar þar og friðunaraðgerðir, sem þörf er á til verndunar fiskistofnum og varnar gegn ofveiði. En það mun nú samdóma álit allra, sem gerst þekkja til, að veiði á uppeldisstöðvum fiskistofnanna á landgrunninu utan núgildandi landhelgislínu gangi langt úr hófi fram. Er þar mikil og alvarleg hætta á ferð, jafnvel svo, að lífshagsmunir þjóðarinnar eru í húfi. Nútímaveiðitækni hefur stóraukið þá hættu. Rannsóknir sýna, að Íslendingar veiða ekki nema örlítið brot af þeim ungfiski, sem þar er um að ræða. Í því sambandi og því til sönnunar má vitna til skýrslu, sem birt var fyrir ekki alls löngu, skýrslu Jóns Jónssonar fiskifræðings, en hann var, eins og kunnugt er, formaður í nefnd fiskifræðinga, sem falið var það verkefni að gera skýrslu um ástand þorsk-, ýsu-, ufsa- og karfastofnanna við Ísland, Færeyjar og Austur-Grænland. Þessi skýrsla er geysilega athyglisverð, og ég vildi aðeins rifja upp örfá atriði úr henni, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m. a.:

„Á árunum 1960—1964 var samtals landað af Íslandsmiðum 575 millj. þorska, og eru Íslendingar og Bretar stórtækastir í veiðinni. En það skiptir mjög í tvö horn með stærðina á þeim fiski, sem þessar þjóðir afla. Á þessu tímabili nam heildarveiði Breta samtals 254 millj. fiska eða 44% af heildarafla, en sá fiskur var aðallega

40—70 cm langur og mest af honum á aldrinum 3—5 ára og svo til allur óþroska. Heildarþorskafli Íslendinga á sama tíma nam 261 millj. fiskum, en þar af öfluðust á vetrarvertíð 174 millj. fiska, en þeir voru aðallega 70—100 cm langir, aldurinn 7—12 ár og svo til allir kynþroska og höfðu a. m. k. 30% hrygnt einu sinni eða oftar.“

Enn fremur segir í þessari skýrslu:

„Það er enn fremur mjög athyglisvert að athuga, hve mikill hluti í afla hinna einstöku þjóða er fiskur undir 70 cm eða óþroska. Í heildarafla Íslendinga voru um 18% undir þessari stærð, en 82% í veiði útlendinga.“

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að þreyta hv. alþm. með upplestri beint úr þessari skýrslu, af því að ég veit, að hún er þeim öllum tiltæk. Aðeins vildi ég leyfa mér þó að bæta einu við, þar sem hann segir og undirstrikar rækilega þessa staðreynd, sem hann benti áðan á, hann segir:

„Íslendingar taka einungis 18 af hverjum 100 óþroska fiskum, sem landað er af Íslandsmiðum, hitt taka útlendingar, aðallega Bretar. Veiðisvæði þeirra eru vel þekkt, og eru þau aðallega út af Norðaustur- og Norðvesturlandi, og má segja, að fiskur sá, sem þeir afla, sé nokkuð staðbundinn, þar til hann verður kynþroska og leitar í heita sjóinn til hrygningar.“

Þetta voru aðeins örlítil sýnishorn úr skýrslu Jóns Jónssonar fiskifræðings, forstöðumanns Hafrannsóknastofnunarinnar. Í þessari skýrslu sinni og í tilefni af henni leggur hann til, að tilteknar ráðstafanir séu gerðar. Þær ráðstafanir eru vafalaust á rökum reistar, og vefengi ég það ekki og geta verið sjálfsagðar. En það, sem fyrst og fremst ríður á og mundi mest segja, er að tryggja Íslendingum full yfirráð yfir landgrunninu. Það er þess vegna orðið alveg augljóst mál, að það er orðin mjög rík og aðkallandi nauðsyn og þörf framkvæmda á grundvelli ályktunar Alþ. frá 5. maí 1959, sbr. yfirlýsingu ríkisstj. í augl. nr. 4 frá 1961, og þetta er að verða æ augljósara öllum þeim, sem gerst þekkja til þessara mála. Þess vegna var það, að síðasta fiskiþing, sem kom saman hér í Reykjavík, tók þetta mál sérstaklega til athugunar og gerði um það eftirfarandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta, sem ég hygg að hafi þar verið samþykkt samhljóða eða a. m. k. voru ekki gerðar neinar athugasemdir á því skjali, sem ég fékk um þetta frá Fiskifélaginu. Þar segir svo:

„Fiskiþing leggur ríka áherzlu á, að unnið verði markvisst að því, að allt landgrunnið verði innan fiskveiðilögsögu Íslands.“

Þetta eru fá orð frá fiskiþingi, en í fullri meiningu. Það þarf þess vegna að tryggja Íslandi fulla lögsögu yfir landgrunninu. Undirbúning þess máls þarf að hefja sem skjótast. Ákvarðanir í því máli þarf að undirbúa mjög vandlega og á svipaðan hátt og landhelgisútfærslan var undirbúin á sínum tíma, en undirbúningur í þeim efnum var að ýmsu leyti vandaður. Það var t. d. ráðinn 1946 til utanrrn. sérstakur maður, sem hafði sérstaka þekkingu á þessum málefnum, Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur. Og ég hygg, að þótt margir hafi unnið vel í þessum landhelgismálum, þá sé engum gert rangt til, þótt hans nafn sé sérstaklega nefnt. Hans G. Andersen kynnti sér þessi mál alveg sérstaklega og sótti margar ráðstefnur af Íslands hálfu, þar sem fjallað var um þessi mál, og flutti þar mál Íslands, bæði á þessum landhelgisráðstefnum, sem ég hef áður minnzt á, og auk þess á fjölmörgum fiskiráðstefnum öðrum og svo á þingum Sameinuðu þjóðanna. Og það er óhætt að fullyrða, að hann aflaði sér það mikillar þekkingar á þessum málefnum og varð það mikill sérfræðingur í þessum efnum, að það er óhætt að mæla hann á alþjóðamælikvarða í þeim efnum. Auðvitað unnu fjölmargir aðrir að þessum málum, en ég ætla ekki að fara að nefna nein nöfn þar. En m. a. má nefna líka, að nokkrir ungir menn kynntu sér þetta mál sérstaklega og hafa ritað um það ritgerðir eða málefni, sem skyld eru, og unnið sér til doktorsnafnbótar í því sambandi, eins og bæði dr. Gunnlaugur Þórðarson og dr. Gunnar G. Schram. En ég held, að það þurfi að fara að vinna að og sinna þessum málum á svipaðan hátt og gert var. Auðvitað hef ég þann fyrirvara á, að maður er ekki öllu samþykkur, sem jafnvel kom fram í þeim hvítu bókum, sem út voru gefnar um þetta efni, en það, sem ég sagði, á við um heildina.

Ég held, að það þyrfti einmitt núna að fara að vinna að því að kynna öðrum þjóðum málstað Íslands sem rækilegast og kynna sér réttarþróun í þessum efnum sem rækilegast og reyna að stuðla að því með öllum tiltækum úrræðum, að réttarþróun yrði, sem gengi í þá átt, sem stefnt var að með margnefndri ályktun Alþ. frá 5. maí 1959. Ég held, að það, sem ætti að gera nú, væri t. d. það að ráða ungan mann eða unga menn til þess að starfa t. d. í utanrrn. að þessum málum og fá þá til þess að kynna sér þessi mál svo rækilega, að þeir yrðu alveg óvefengjanlega „átoritet“ á þessu sviði og gætu unnið að þessum málum erlendis og kynnt sér þau og kynnt öðrum málstað Íslands með þeim hætti, sem þarf að gera. Það er þjóðarnauðsyn, að um þetta mál og allar ákvarðanir, sem í því eru teknar, sé sem allra mest samstaða stjórnmálaflokkanna og þjóðarinnar allrar. Framgangur málsins er ekki hvað sízt undir því kominn, að það skapist um það fullur einhugur innanlands. Þess vegna er einmitt lagt til í þessari þáltill., sem við höfum hér lagt fram, að Alþ. kjósi 7 manna nefnd til þess ásamt ríkisstj. að hafa forustu í þessu máli. Með því er bezt tryggð samstaða í málinu. En allar framkvæmdir í því verða að mínum dómi, eins og áður er sagt, að byggjast á mjög vandlegum undirbúningi. og í því sambandi verður að leggja höfuðáherzlu á að skýra sérstöðu Íslands í þessu máli. Það þarf að safna saman og hafa tiltæk öll rök, sem til eru fyrir málstað Íslands, hvort heldur eru sögulegs eðlis, siðferðilegs eðlis, efnahagslegs eðlis eða lagalegs eðlis. Það má vel vera, að róðurinn verði þungur í þessu efni.

Það er ekki tímabært að mínum dómi að vera nú með neina spádóma um það, hversu skamman eða langan tíma það muni taka að vinna að fullum sigri þessa málstaðar Íslands. Það fer eftir atvikum. En hitt legg ég höfuðáherzlu á, að sóknina í þessum efnum þarf að hefja sem allra fyrst. Það er höfuðatriðið, að það þolir enga bið, að þegar í stað sé hafizt handa um að vinna markvisst, eins og fiskiþing orðaði það, og með festu

að því að tryggja Íslandi fulla lögsögu yfir landgrunninu, þar með talin auðvitað, sem er aðalatriðið fyrir okkur, fiskimið landgrunnsins, eins og stefnt var að með þál. frá 1959 og landgrunnslögunum frá 1948. Um það ættu sem allra flestir og vonandi allir landsmenn að geta sameinazt. Þess vegna hefur hér verið sneitt hjá deilum um það, sem liðið er í þessum málum. Þær deilur eiga að sjálfsögðu ekki að gleymast, heldur geymast. En það má ekki að mínu viti láta þær verða til þess að spilla samhug í sóknarlotunni í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að till. þessari sé að þessari umr. lokinni vísað til utanrmn., og þó að nú sé langt liðið á þingtímann, vona ég, að sú ágæta nefnd láti ekki undir höfuð leggjast að skila áliti um þessa till. og verði í því efni í samræmi við sín skjótu vinnubrögð 1959, þegar hún bar fram þá till. hér á Alþingi, sem ég hef oft vitnað í og samþ. var einróma þá hér á þingi.

**Utanrrh. (Emil Jónsson):** Herra forseti. Efni þessarar þáltill. er, eins og 1. flm. hefur nú getið, að Alþ. kjósi 7 manna nefnd til að vinna ásamt ríkisstj. að því að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls, eins og í tillgr. stendur. Fyrir réttu ári eða í lok síðasta þings var borin hér fram á Alþ. þáltill., sem var nokkuð svipaðs eðlis og þessi, að vísu gekk hún ekki eins langt, en fjallaði um sama efni, þ. e. a. s. það var þáltill. um útfærslu fiskveiðilandhelginnar fyrir Vestfjörðum. Skal ég fara nokkrum orðum um þær umr., sem þá fóru fram. Hún kom að vísu seint fram og náði ekki afgreiðslu, en í sambandi við umr. um málið, sérstaklega í utanrmn., lét fyrrv. utanrrh. getið nokkurra atriða, sem ég tel rétt að komi hér fram.

Hann sagði eitthvað á þá leið, að á meðan landhelgissamningurinn við Breta var í gildi, hefði lítið verið hægt að gera, en ríkisstj. hefði samt notað tækifærið til þess að kynna stefnu Íslendinga og skoðanir á erlendum vettvangi, eftir því sem tækifæri hefðu gefizt. Í því sambandi var minnt á ráðstefnu um fiskveiðimál, sem haldin hafði verið þá nokkru áður í London, en þar hefðu fulltrúar Íslands skýrt og skilmerkilega skýrt frá því, að 12 mílna landhelgin væri ekki lokatakmark Íslendinga og þeir mundu halda áfram að vinna að landhelgismálinu á þeim grundvelli, að Ísland fengi yfirráðarétt yfir öllu landgrunninu. Ekki hefði þó gefizt tækifæri til þess að koma skoðunum Íslendinga á framfæri á öðrum alþjóðaráðstefnum en þessari.

Um sjálfa till.. sem þá var borin fram, var talið, að það gæti verið varhugavert að taka eitt svæði við strendur landsins út úr heildinni og betra mundi að bíða tækifæris og reyna, þegar tímabært væri, að færa landhelgina alls staðar út. Þá var einnig í þessum umr. bent á það, að réttarstaða okkar væri ekki sterk og við yrðum þess vegna að fara mjög gætilega í sakirnar, eins og hv. frsm. þessarar till. benti líka á. Í sjálfu sér er ekki, að ég ætla, neinn ágreiningur um þetta mál, hvorki hér á þingi né meðal annarra manna, sem um málið hafa fjallað. Stefnan kemur mjög greinilega í ljós í ályktun Alþingis frá 1959, þar sem því er slegið föstu, að Íslendingar eigi ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelginnar og að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls. Þetta var, eins og hér hefur verið nefnt, samþ. samhljóða á Alþ., og ég veit ekki annað en ríkisstj. öll sé þessarar sömu skoðunar og muni vilja láta vinna eftir því. Spurningin er þess vegna ekki um efni máls í þessu sambandi, heldur, ef um nokkra spurningu er að ræða, þá er hún um það, hvernig málið skuli leggja fyrir og hvernig það skuli bera að. Í grg., sem þessari till. fylgir, er því haldið fram, að það sé höfuðnauðsyn, að málið sé vel og rækilega undirbúið, áður en farið sé af stað með það. Ég er alveg sammála þessari ályktun flm. till. Þar verður aldrei of vel vandað til, og raunverulega getum við búizt við, að úrslit málsins, sem kannske mætti segja að á þessu stigi væru nokkuð vafasöm, gætu oltið á því, hversu vel væri vandað til undirbúnings málsins. Ég er þess vegna alveg sammála því, sem í grg. till. segir, að þennan undirbúning verði vel að vanda.

Ég hef ekki átt lengi sæti í því embætti, sem ég nú gegni, en þó nokkrum sinnum og raunar æðioft leitt hugann að því, á hvern hátt væri bezt að haga þessum undirbúningi, sem ég er alveg sammála um að þurfi að fara fram. Og ég held, að það verði ekki á annan hátt betur gert en að ríkisstj. fái þá sérfræðinga, sem hún treystir bezt, til að leggja málið upp og finna fram þau rök, sem þeir telja sterkust og líklegust til áhrifa, og leggja þau fyrir ríkisstj., áður en farið er af stað með málið. Ég er líka sammála því, sem frsm. sagði og raunar stendur einnig í grg., að mjög nauðsynlegt er, að full samstaða geti orðið um málið, og sé ég sannast sagna ekki, að það ætti ekki að geta orðið, vegna þess að stefna Alþ. og stefna ríkisstj. fara fullkomlega saman í málinu. Það er viðurkennt, að hvaða marki skuli stefnt. Það er ekki búið að ákveða, hvaða leiðir skuli fara til að ná þessu marki, en ég efast ekkert um, að með góðum vilja verði hægt að sameinast um þessar leiðir einnig. Þó vil ég segja það, að ég er ekki viss um, að þessi till., sem hér liggur fyrir um að kjósa 7 menn til þess ásamt ríkisstj. að afla þessarar viðurkenningar, sé tímabær í augnablikinu. Ég mundi segja, að það, sem lægi fyrir í augnablikinu, væri fyrst og fremst að fá hin sérfræðilegu álit fram og öll rök, sem gætu stutt að því, að málið gengi fram, og þegar það væri fengið, þá væri leitað samstarfs allra flokka um það, hvernig með skyldi fara. Á meðan þessi sérfræðiálit eru ekki til staðar, tel ég vafasamt, að þessi 7 manna n., sem er allstórt bákn, því að væntanlega mundu koma einnig til fulltrúar frá ríkisstj., þá tel ég vafasamt, að hún hafi verkefni til að vinna, fyrr en hún hefur fengið umsögn fræðimannanna, sem leita þarf til. Fræðimennirnir þurfa að vera fyrst og fremst kunnáttumenn í alþjóðarétti, en í öðru lagi þurfum við líka að fá umsagnir líffræðinganna, líffræðinganna, sem þurfa að gera grein fyrir því, hvernig háttar með fiskistofninn í kringum landið, hvaða hættur steðja að honum og hvernig bót verður ráðin á þeim hættum, eða réttara sagt komið í veg fyrir þær hættur, og í þriðja lagi

þurfum við að fá sérfræðinga til þess að gera grein fyrir því, hvernig lífsafkoma þjóðarinnar er bundin við þessa útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Það er alveg greinilegt, að ef svo heldur fram sem horfir, að fiskstofninn í Norður-Atlantshafinu rýrni með hverju ári sem líður, þannig að veiðin á hverja veiðieiningu minnki, þó að heildarmagn enn þá að minnsta kosti hjá okkur hafi farið vaxandi, þá er sú hætta yfirvofandi, að fyrr en varir geti aflamagnið farið niður í það, sem er alls ónóg fyrir okkur Íslendinga til þess að lifa því sama menningarlífi, sem við höfum lifað undanfarin ár og áratugi, tvo að minnsta kosti. Þetta þurfum við allt að hafa í höndunum, þegar við leggjum upp með málið.

Í fyrra, þegar málið var til meðferðar hjá utanrmn., bar það á góma, hvort æskilegt mundi að leita til Sameinuðu þjóðanna um nýja ráðstefnu, svipað því, sem gert var 1958 og 1960. Þetta taldi utanrmn. ekki kominn tíma til að gera enn sem komið væri, og ég er alveg sammála því. Það þarf að koma annað á undan, sem byggt verði á.

Sem sagt, min afstaða við fljóta athugun á þessu er sú, að ég er að segja má í einu og öllu samþykkur þeim rökum og þeirri till., sem hér liggur fyrir, að öðru leyti en því, að ég tel ekki á þessu stigi málsins nauðsynlegt, að farið verði út í að koma á laggirnar þessari stóru sjö-mannanefnd, sem hafi þetta mál til meðferðar, heldur sé réttara að geyma það þangað til við fáum betri og fyllri upplýsingar.

Ég tel sjálfsagt, eins og flm. lagði til, að málinu verði vísað til utanmrn. og hún fái tækifæri til, áður en þinginu lýkur, að gera till. um málið, og mundi ég þá kannske ræða frekar um einstök atriði í þessu sambandi. Ég hef með vilja ekki farið út í að ræða fiskveiðilandhelgismálið málefnalega, því að eins og ég segi, við erum sjálfsagt flestir eða allir sammála um það, en hef eingöngu haldið mig við það, hvernig málsmeðferðin skuli vera, og ég fyrir mitt leyti tel, að hún verði bezt þannig, að við fáum fyrst sérfræðinga og tökum síðan ákvörðun sameiginlega, helzt allir flokkar og alþm., um það, hvernig þessi heimildaratriði og þessar till., sem við frá sérfræðingunum fáum, verði notaðar.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Á síðasta þingi var hér til umr. till. um stækkun fiskveiðilandhelginnar fyrir Vestfjörðum, flutt af 2. hv. þm. Vestfjarðakjördæmis, hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarssyni, og hv. 3. þm. Vestf., Sigurvin Einarssyni. Í þessari till. var gert ráð fyrir því, að fiskveiðilandhelgin út af Vestfjörðum yrði látin ná yfir allt landgrunnssvæðið fyrir Vestfjörðum. Talsverðar umr. urðu hér á hv. Alþ. um þessa till. Það kom greinilega í ljós, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar töldu ekki tímabært að samþ. þá till. eða gera ráðstafanir til stækkunar á fiskveiðilandhelginni við Vestfirði. Og því var þá borið við, að málið þyrfti frekari athugunar við og það þyrfti að undirbúast betur o. s. frv.

Í þeim umr., sem fóru fram um till. þá, spurðist ég fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj., hvað hún hugsaði sér að gera til þess að vinna að framgangi yfirlýstrar stefnu Alþ. í landhelgismálunum. Ég minntist þá á, að ég teldi, að það gæti ýmislegt komið til greina í þeim efnum. En þó að eftir þessu væri lýst, fékkst hæstv. ríkisstj. ekki til að segja neitt um það, hvað hún hugsaði sér raunverulega að gera til þess að þoka málinu áleiðis. Hennar afstaða var þá algjörlega neikvæð að minum dómi. Hún taldi ekki hægt að fallast á breytingar á fiskveiðilandhelgi fyrir Vestfjörðum, og hún vildi ekkert segja um það, hvað ætti að gera í málinu. Hún taldi aðeins, að málið þyrfti að undirbúa betur og það yrði að bíða.

Nú er hér komin fram þáltill. um það, að Alþ. kjósi sjö manna nefnd til þess að vinna að því ásamt með ríkisstj. að afla þeirrar viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins, sem stefnuyfirlýsing Alþingis hefur fjallað um. Nú vitum við, að það er liðinn alllangur tími síðan Alþ. gaf út þessa stefnuyfirlýsingu, en hún var gefin út 5. maí 1959. Það fara því að verða um sjö ár síðan þessi stefnuyfirlýsing var gefin. Hún hefur að vísu verið endurnýjuð síðan, en það var gert á árinu 1961, þegar samkomulagið var gert við Breta um undanþágu til að veiða innan fiskveiðimarkanna um þriggja ára skeið. Það er því ekki nema von, að um það sé spurt, hvað líði undirbúningi þessa máls og hvernig ríkisstj. hugsi sér að taka á málinu.

Í þeim umr., sem hér hafa farið fram um þessa till., hefur sérstaklega verið staldrað við þann þáttinn, að kominn væri tími til þess, að við færum að undirbúa okkur í sókn okkar að því marki að fá aðrar þjóðir til þess að viðurkenna fullkominn yfirráðarétt okkar yfir öllu landgrunnssvæðinu, sem sagt því að afla fullkominnar viðurkenningar, lagalegrar viðurkenningar annarra þjóða í þessum efnum. Ég fyrir mitt leyti get tekið undir það, að það er vissulega kominn tími til þess, að við förum að vinna markvissara en gert hefur verið nú um skeið að því að reyna að afla slíkrar viðurkenningar. En ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að það er erfitt verk, eins og þessi mál standa nú, að fá viðurkenningu á lagalegum rétti Íslendinga til þess að fá ótakmarkaða lögsögu yfir þessu svæði. Ég býst við því, að það muni taka alllangan tíma að fá slíka viðurkenningu.

En það er annað í þessu máli, sem ég tel, án þess að ég vilji draga nokkuð úr því, að undirbúningur hefjist í þá átt að reyna að afla slíkrar viðurkenningar, — það er annar þáttur í þessu máli, sem ég álít að sé miklu meira aðkallandi og þurfi að snúa sér að. En það er sá þátturinn, sem snýr að því, hvað við getum gert til þess að tryggja betur aðstöðu okkar og hagsmuni okkar á fiskimiðunum fyrir utan núverandi fiskveiðilandhelgi okkar.

Í skýrslu þeirri, sem hér hefur verið minnzt á og nýlega kom frá Jóni Jónssyni fiskifræðingi um ástand fiskistofnanna á Íslandsmiðum, kom það greinilega fram, að það er álit hans og annarra fiskifræðinga, að talsverð hætta sé á ferðum fyrir þá fiskistofna, sem við byggjum mikið á í sambandi við það, hvernig fiskistofnarnir eru nýttir nú, einnig utan 12 mílna markanna. Fiskifræðingurinn bendir á, að það liggi fyrir alveg óumdeilanlegar skýrslur um það, að

mjög mikið sé veitt af útlendingum, utan 12 mílna markanna væntanlega, af smáfiski og að þessi veiði geti beinlínis verið stórhættuleg í sambandi við stærð fiskistofnsins við landið. Þar dregur fiskifræðingurinn m. a. það fram, að á árunum 1960—1964 hafi þetta verið þannig, að Bretar hafi veitt af fiski hér á Íslandsmiðum, fiski, sem er undir 70 cm að stærð, þá hafi 74.4% af heildarverði þeirra verið fiskur, sem fiskifræðingarnir telja smáfisk í þessum efnum. 74.4% af þeim fiski, sem Bretar hafa landað af Íslandsmiðum, hefur verið fiskur undir 70 cm að stærð. En á sama tíma var ekki nema 19.2% af heildarveiði Íslendinga, — þetta er miðað við þorskveiði við Ísland, — ekki nema 19.2% af heildarþorskveiði Íslendinga af Íslandsmiðum, sem er undir þessari stærð. Og það fer ekkert á milli mála, að fiskifræðingarnir eru hræddir við afleiðingarnar af þessu og gefa það í skyn á þann hátt, sem þeir telja eðlilegt að gera, að það sé kominn tími til þess að reyna að hamla gegn þeirri hættu, sem í þessu felst.

Þá vaknar sú spurning: Hvað getum við Íslendingar gert, eins og málin liggja fyrir, til þess að draga úr þessari hættu? Málin liggja þannig fyrir, að við getum tryggt okkur einkarétt til fiskveiðanna í fiskveiðilandhelginni, þ. e. a. s. innan 12 mílna markanna. En við höfum ekki, eins og nú standa sakir, talið okkur hafa neina aðstöðu til þess að hafa áhrif á veiðarnar fyrir utan 12 mílna mörkin, eða við höfum a. m. k. ekki borið okkur neitt til þess að hafa áhrif á það, hvernig veiðarnar þar fari fram.

Þó að við höfum okkar landgrunnslög frá 1948, þar sem því er lýst yfir, að íslenzk lögsaga skuli gilda um allt veiðisvæðið á landgrunnssvæðinu, höfum við metið allar aðstæður þannig, — eða það hefur orðið sú niðurstaða, sem hefur verið gildandi hér, að við teldum ekki fært að setja reglur í þá átt, að við tækjum okkur forgangsrétt eða einkarétt til veiða utan 12 mílna markanna. En nú vitum við þó, að við höfum allmikla viðurkenningu annarra þjóða fyrir því, að strandriki megi í slíkum tilfellum sem þeim, sem hafa nú komið upp hjá okkur, að þá megi strandríki hafa allveruleg áhrif á það, hvaða reglur gildi um fiskveiðarnar, einnig fyrir utan 12 mílna mörkin.

Hér var minnzt á það í framsöguræðu fyrir þessari till., að það væri til ótvíræð heimild fyrir strandriki til þess að gera einhliða ákvarðanir varðandi veiðina fyrir utan 12 mílna mörkin, að vísu um takmarkaðan tíma, ef veruleg hætta væri á ferðum varðandi fiskistofnana. Ég á ekki við það, að við mundum nota þetta ákvæði sérstaklega, af því að ég tel það vera of veikt í sjálfu sér, miðað við þá aðstöðu, sem er hjá okkur. En við höfum fleiri viðurkenningar frá öðrum þjóðum um það, hvað hægt er að gera í slíkum tilfellum sem þeim, sem við stöndum nú frammi fyrir.

Það kom greinilega fram í því merkilega nál., sem þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna gaf út árið 1956 um landhelgismál, að sú nefnd taldi, að vissulega kæmi til greina að viðurkenna ákveðinn rétt strandríkis, sem byggði afkomu sína að verulegu leyti á nýtingu fiskistofna við landið, að viðurkenna ákveðinn rétt slíks strandríkis til forgangsréttar til veiðanna við landið. Þessi nefnd aðeins vék að þessu atriði í sínu nál., en sló þar engu föstu. En á þeim ráðstefnum, er fjölluðu um þetta mál í Genf árið 1958 og síðan 1960, fékkst enn þá meiri viðurkenning í þessa átt. Fulltrúar frá ýmsum þjóðum undirstrikuðu þá skoðun sína, að það væri rétt að taka tillit til strandríkis, þegar svona stæði á. Við Íslendingar auðvitað undirstrikuðum þessa reglu margoft og mjög ýtarlega. En á ráðstefnunni 1958 var beinlínis gerð samþykkt í þessa átt, almenn ályktun, þar sem að því var vikið, að önnur ríki ættu að viðurkenna aðstöðu strandríkis, þar sem svona stæði á, og þau væru skyldug til þess að taka upp ákveðna samvinnu við strandríki, sem gripi til ákveðinna ráðstafana, þar sem talið væri, að hætta væri á ferðum í sambandi við ofveiði eða að aðstaða strandríkisins yrði sett í hættu efnahagslega. Þessi samþykkt, sem ég vitna hér til og var gerð með miklum meiri hluta atkv. á ráðstefnunni, var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, eða aðalefni hennar var á þessa leið: „Að ráðstefnan mælir með, að þar sem nauðsynlegt er vegna verndunar að takmarka heildarveiði fiskistofns á úthafsmiðum, sem liggja að landhelgi strandríkis, skuli öll önnur ríki, sem fiskveiðar stunda á þeim miðum, hafa samvinnu um það við strandríkið að tryggja réttlátar aðgerðir vegna slíkra aðstæðna með því að koma sér saman um ráðstafanir, er viðurkenni hverjar þær forgangsréttarþarfir strandríkisins, sem til komnar eru vegna þess, að það á afkomu sína undir þessum fiskveiðum, jafnframt því sem tekið sé tillit til hagsmuna hinna ríkjanna."

Við Íslendingar töldum að vísu, að þessi till. væri engan veginn nægilega ákveðin eða sterk til þess að fullnægja okkar sjónarmiðum í þessum efnum. En við viðurkenndum þó, að hér væri fengin talsvert þýðingarmikil viðurkenning af slíkri ráðstefnu, sem þarna var á ferðum, fyrir miklu hagsmunamáli okkar. Og mörg fleiri atriði hafa komið fram á þeim ráðstefnum, sem fjallað hafa um þessi mál, sem fara í sömu átt, þar sem segja má, að það liggi fyrir ákveðin viðurkenning á því, að í fyrsta lagi eigi viðkomandi strandríki rétt til þess að beita sér fyrir ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir ofveiði eða beita sér fyrir reglum, sem tryggi því tiltekinn forgangsrétt. Ég tel því, að eins og málin standa nú hjá okkur sé orðið mjög aðkallandi, að við Íslendingar beitum okkur fyrir því, að settar verði ákveðnar reglur um fiskveiðina á Íslandsmiðum utan 12 mílna markalínu. Ég held meira að segja, að það, sem skipti okkur höfuðmáli í þessum efnum, sé ekki það að biðja um tiltekin forgangsréttarákvæði fyrir okkur til veiðanna, ekki eins og nú standa sakir, heldur miklu fremur hitt, að settar séu þær reglur um veiðarnar á tilteknum svæðum utan 12 mílna markanna, sem gætu orðið til þess að búa í haginn fyrir okkur til þess að vernda betur fiskistofnana en nú er. Það er t. d. skoðun mín, að ef settar væru reglur um veiðarnar á svæðinu fyrir utan 12 mílna mörkin út af Norðausturlandi og víða út af Norðurlandi og út af Vestfjörðum, reglur, sem drægju verulega úr því, að slík smáfiskveiði geti farið fram eins og þarna fer fram nú, þá mundu þær reglur hafa gífurlega mikið

að segja fyrir okkur Íslendinga. Ég held því, að það sé kominn tími til þess, að við búum okkur undir ákveðnar ráðstafanir í þessum efnum og það megi ekki haldast slíkt aðgerðaleysi eins og verið hefur nú um allt of langan tíma í þessu máli. Ég tel að vísu sjálfsagt, að kosin verði slík n., sem lagt er til samkv. þessari till., en ég held, að það sé ekki síður nauðsynlegt fyrir okkur að fela þeirri n. eða þá annarri, sem til þess yrði valin, að undirbúa af okkar hálfu ráðstafanir í þessum efnum, — ráðstafanir, sem miðuðu að því að vernda fiskistofnana við landið betur en við getum nú gert með þeirri 12 mílna fiskveiðilandhelgi, sem við búum nú við.

Ég vil undirstrika það, að ég tel, að eins og málum háttar nú hjá okkur, þá sé þetta eitt af okkar allra stærstu málum, og ég hefði viljað vænta þess, að hæstv. ríkisstj. vildi athuga það, hvort hún getur ekki fallizt á, að skipuð verði n. manna úr öllum flokkum til þess að tryggja sem allra bezta samstöðu um það, sem gert verði í málinu, til þess að undirbúa aðgerðir af Íslands hálfu til að ná þessu fram, sem ég hef hér rætt um. Ég held, að við höfum á margan hátt aðstöðu til þess að ná fram okkar aðalsjónarmiðum í þessum efnum. Það kann vel að vera, að þeir, sem mest sækja á þessi mið og veiða mest af smáfiskinum, kunni að verða eitthvað erfiðir í samningum í fyrstu lotu, og ég efast ekkert um það, að þeir aðilar eru til hjá þeim þjóðum, sem þar eiga hlut að máli, engu síður en slíkir aðilar eru einnig til á Íslandi, þar sem hagsmunir einstakra manna koma til, að þeir muni verða tregir í taumi í þessum efnum. En ég held líka, að við höfum svo sterka viðurkenningu frá fiskifræðingum viðkomandi landa og svo mikla almenna viðurkenningu fyrir aðgerðum okkar í þessum efnum, að það verði erfitt fyrir þær þjóðir, sem hér eiga hlut að máli, að neita okkur um tilteknar ráðstafanir, sem gætu komið hér að miklu gagni.

Eins og ég sagði áðan, þá vil ég ekki á neinn hátt draga úr því, að við Íslendingar reynum að fá lagalega viðurkenningu á óskoruðum yfirráðarétti okkar yfir öllu landgrunnssvæðinu. En ég geri mér grein fyrir því, að það er mjög erfitt að ætla sér að fá almenna lagalega viðurkenningu á slíku. Það mál er ekki nýtt, það er búið að ræða oft og lengi, og það er enginn vafi á því, að það mun verða torsótt og tekur langan tíma að fá þessa lagalegu viðurkenningu. Það, sem ég tel því að liggi mest á í þessum efnum, það er að ná fram þeim reglum um fiskveiðar utan fiskveiðimarkanna, sem tryggt gætu hagsmuni okkar. En til þess að fá fram á næstunni beina stækkun á fiskveiðilandhelginni, þ. e. a. s. einkaréttaraðstöðu Íslendinga til veiða á auknu svæði við landið, þá held ég, að verði erfitt að fá slíkt fram án þess að grípa til einhliða ráðstafana af Íslands hálfu. En það vitum við, að um það tekst sennilega ekki, eins og nú standa sakir, samstaða af hálfu Íslendinga, og það mun vissulega reynast torsótt að koma því fram við útlendinga, eins og okkar málum er nú komið í þessum efnum.

Ég vil sem sagt að lokum undirstrika það, sem ég hef sagt: Ég tel, að ríkisstj. eigi nú að skipa n. manna úr öllum flokkum til þess að gera till. um ráðstafanir af Íslands hálfu til að tryggja á sem hagkvæmastan hátt fyrir landsmenn nýtingu fiskimiðanna á landgrunninu utan fiskveiðilandhelginnar, og í baráttu fyrir þessu máli tel ég, að jöfnum höndum þurfi af okkar hálfu að leggja áherzlu á fiskifræðileg sjónarmið og rök og efnahagslega aðstöðu landsins. Ég lýsi fylgi mínu við þessa till., svo langt sem hún nær, en tel, að æskilegt væri að breyta till. og gera verksvið þeirra nm., sem þar eru kosnir, víðtækara í þá átt, sem ég hef sagt, eða þá að ráðstafanir verði jafnhliða gerðar til þess, að öðrum verði falið það verkefni, sem ég hef hér sérstaklega rætt um.

**Flm. (Ólafur Jóhannesson):** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir vinsamlegar undirtektir undir þessa till. á vissan hátt. Ég hefði að vísu kosið, að hann hefði verið jákvæðari gagnvart þessari nefndarskipun en mér virtist hann vera. Hann taldi, að heppilegast mundi að vinna að þessu þannig, að afla fyrst hinna sérfræðilegu gagna og síðan, þegar þau lægju fyrir, þá gæti komið til mála að skipa eða kjósa þvílíka n., sem hér er ráð fyrir gert. Hann viðurkenndi þó að fullu og öllu nauðsyn þess, að sköpuð væri sem bezt samstaða á milli stjórnmálaflokkanna um aðgerðir í þessu máli.

Ég held, að sú aðferð, sem hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir, sé ekki að öllu leyti heppileg. Ég hef hugsað mér þetta öðruvísi, og þess vegna er þessi till. flutt. Ég hef einmitt hugsað mér nefndarskipun strax og að n. tæki þá forustu í þessu máli í samráði við ríkisstj., m. a. um gagnaöflun og könnun á málinu, en kæmi ekki fyrst til síðar. En það er einmitt höfuðatriðið, hvernig staðið er að málinu frá upphafi, og hæstv. ráðh. var að tala um, að það yrði að fá álit þeirra sérfræðinga, sem til væru beztir í þessum efnum. Ég verð því miður að álita, að hér sé t. d. í þjóðréttarlegum efnum, að því er þetta varðar, ekki kostur sérfræðinga. Hans G. Andersen var sá sérfræðingur á sínum tíma, en við vitum, að hann hefur um skeið sinnt öðrum störfum. og það er nú svo með sérfræði sem þessa, að það vill fyrnast, ef menn gefa sig ekki alla þar að. Ég held þess vegna, að það sé alveg sjálfsagt fyrir utanrrn. og fyrir ríkisstj. að fá nú þegar t. d. ungan lögfræðing til þess að kynna sér þessa grein lögfræðinnar svo vel, að við getum teflt honum fram hvar sem er, og það held ég einmitt eigi að gera í samráði við svona n. og að hann starfi í sambandi við slíka n. Ég held, að það sé mikið atriði í þessu máli, að það komist ekki að á milli stjórnmálaflokkanna neinn metingur. Ég álít, að það væri nokkur hætta á því, ef sú starfsaðferð væri notuð, sem hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir, að ríkisstj. hefði þetta í sínum höndum, eins og hún hefur náttúrlega óneitanlega haft, en kæmi svo eftir dúk og disk, þegar hún væri kannske búin að gera málið upp við sig og afla þeirra gagna, sem hún teldi nauðsynleg, og samþ. þá, að n. væri skipuð í málinu. Ég held, að það sé affarasælla, að frá upphafi standi allir flokkar saman um það, sem gera skal, og standi saman um þá línu, **sem leggja skal.**

Það er sannleikurinn, að það hefur náttúrlega verið gert ákaflega lítið í þessum málum, eins

og kom fram hjá hæstv. utanrrh. áðan, þó að hann gæti bent á, að það hafi verið gerð grein fyrir málstað Íslands á eitthvað einni ráðstefnu eða svo. Við skulum játa það hreinlega, að það hefur ekki verið gert mikið í þessu. Ég er ekki að ásaka einn eða neinn fyrir það. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að á meðan samningurinn við Breta eða undanþáguákvæði hans voru í gildi, — samningurinn er náttúrlega í gildi áfram að vissu leyti, — þá var sjálfsagt ekki hægt um vik í þessum efnum, og ég er út af fyrir sig ekkert að gagnrýna það, að það hafi ekki verið gert meira á þeim árum. En hitt er jafnljóst, að það hefur sem sagt ekki verið gert svo sem neitt. En það er kominn tími til þess nú.

Hæstv. ráðh. sagði eitthvað á þá lund, að réttarstaða Íslands væri heldur veik, og mér skildist, að hann hefði lesið það eitthvað út úr minu máli, að svo væri. Það er misskilningur, að ég hafi viljað gefa nokkuð í skyn um það, og ég vil ekkert segja um það, að hún sé veik, en ég vil heldur ekkert fullyrða um það, að hún sé sterk, ég hef ekki aðstöðu eða kunnáttu til þess að vera með neinar fullyrðingar í því efni. En sem sagt, ég vil þó þakka hæstv. ráðh. fyrir undirtektir hans að því leyti, að hann lýsti því, að ríkisstj. vildi nú vinna að þessu máli, vinna að framkvæmd á þessum þingvilja, sem birzt hefur í þál. frá 1959, og að hún mundi nú með einhverjum hætti fara að hefjast handa í því efni. En ég verð hins vegar að telja það miður farið, að hann skyldi, að því er mér virtist, álíta, að nefndarskipun væri að svo stöddu ekki tímabær. En þó hélt hann möguleikum opnum þar til athugunar, og ég vona, að það verði tekið til athugunar í utanrmn., sem fær málið til meðferðar, og þá geti ráðh. e. t. v. fallizt á þær ástæður, sem ég hef nú bent á og ég tel sérstaklega mæla með því, að það sé einmitt ekki látið dragast að skipa n. til þess, að tryggt verði, eftir því sem kostur er, að allir flokkar hafi aðstöðu til að verða samferða í þessu máli frá upphafi. Það er svo alveg laukrétt, eins og hv. síðasti ræðumaður vék að og ég reyndar lagði áherzlu á í minni ræðu, að ég hélt, að í þessu efni ber auðvitað ekki aðeins að líta á hin lagalegu rök. Það eru mörg önnur atriði, sem þar koma til greina og alveg sérstaklega það, sem kannske var á sínum tíma eitt drýgsta innlegg Íslands við allar þessar umr. um landhelgismál, það var þetta, að það var viðurkennt með öðrum hætti en áður, að taka bæri tillit til, ef land ætti með alveg sérstökum hætti alla sína afkomu undir fiskveiðum, og auðvitað verður að leggja áherzlu á það atriði og sýna fram á þá aðstöðu, sem við erum í, eftir nýjustu skýrslum fiskifræðinga.

Hann taldi, hv. síðasti ræðumaður, að það mundi taka langan tíma að fá lagalega viðurkenningu allra þjóða á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Það er sjálfsagt rétt, að það tekur langan tíma, og ég ætla þessari n., ef hún kemst á, það hlutverk að gera sér grein fyrir, hvernig vinna beri að málinu. Í minni till. felst ekki endilega, að það sé gert ráð fyrir því, að það sé reynt að fá viðurkenningu t. d. allra ríkja á rétti Íslands í þessum efnum, enda geri ég ráð fyrir, að það yrði kannske seint hægt að fá það, en það er hægt að vinna að þessu með ýmsum hætti, og það er hægt að vinna að því með þeim hætti, sem ég reyndi að leggja talsverða áherzlu á í minni frumræðu, að vinna að réttarþróuninni, og það er ekki lítið atriði. Það hefði áreiðanlega fáum dottið það í hug á árunum milli 1930 og 1940, að svo mundi vera komið árið 1958, að stætt væri á því að færa landhelgi út í 12 sjómílur, ekki aðeins frá stórstraumsfjörumáli, eins og hún var áður miðuð við, heldur frá beinum grunnlínum. Á þeim fáu árum gerðist mjög mikil breyting, það mætti kannske segja gerbreyting í viðhorfum þjóða til lagaatriða á þessu sviði, þannig að við vitum ekki, hvað framtíðin getur borið í skauti sínu á stuttum tíma í þessu efni, og við vitum ekki nema við getum átt þátt í því að móta þá réttarþróun og að því álít ég að okkur beri að vinna. En auðvitað koma önnur atriði til greina heldur en hin beinu lagalegu, og það má hugsa sér ýmsar leiðir í þessu efni, ég tel ekki tímabært, að ég fari að fara út í þær hér. Það yrði hlutverk þessarar n., ef til kæmi, að athuga það. Hitt er svo alveg rétt, sem hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Austf., benti á, að það eru afskaplega aðkallandi aðgerðir nú fyrir utan landhelgislínuna á landgrunninu og alveg sérstaklega undan tilteknum landssvæðum, og ég álít, að það sé sjálfsagt, eins og hann benti á, að athuga alla möguleika í því sambandi og hverjar leiðir eru færar í því efni.

Ég vil lýsa yfir því, að ég hef fyrir mitt leyti vitaskuld ekkert við það að athuga, að utanrmn. taki til athugunar að breyta þessari till. í það horf að vikka starfssvið þessarar n. í það horf. Er sjálfsagt að taka til athugunar allt, sem fram kemur í því efni. En það er alveg sýnilegt, og það veit og finnur fólkið, sem býr í þeim landshlutum, sem hafa orðið harðast úti í þessu efni, bezt, að það verður eitthvað að gera í þessum efnum, annars horfir til stórkostlegra vandræða á því svæði, það er gefið mál. Þar er að lokum a. m. k. fyrir hendi sú alþjóðasamþykkt, sem gerð var í Genf 1958 um vissar friðunaraðgerðir utan landhelgislínu, því að jafnvel svo gæti farið, að við yrðum að grípa til þeirrar leiðar, þó að hún sé þannig, að þá yrðum við að sitja við sama borð og aðrir í þeim efnum.

**Forsrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Mér þykir rétt, að það komi fram, að ég er í öllum meginatriðum sammála hæstv. utanrrh., því, sem hann sagði um þetta mál, og skal ég ekki endurtaka það.

Það verður ekki orðum aukið, hversu viðurhlutamikið þetta mál er fyrir framtíð Íslendinga og hversu mjög ríður á því, að rétt sé með það farið. Það er að vísu rétt, sem fram hefur komið, að æskilegt væri og raunar nauðsynlegt, að ráðstafanir gætu orðið gerðar sem allra fyrst. Á hitt er svo að líta, sem hv. aðalflm. hefur lagt ríka áherzlu á í sínum hófsömu orðum nú um þessi efni, að hér er um að ræða langa þróun, og okkur hefði auðvitað ekki tekizt að framkvæma það, sem framkvæmt hefur verið, ef þessi þróun hefði ekki verið okkur hagstæð. Það er rétt, að frá þeim hugmyndum, sem uppi voru um þessi mál um 1930, fram til þess, sem gerðist á árunum milli 1950 og 1960, þá varð alger bylting.

Það er sagt hér, að ekki megi eingöngu líta á

þessi mál frá lagalegu sjónarmiði. Það fer auðvitað alveg eftir því, hvaða orðalag menn vilja hafa. Auðvitað verður fyrst og fremst að líta á málið frá lagalegu sjónarmiði. Án þess að við höfum heimild í lögum til okkar aðgerða, hvort sem sú heimild beinlínis er svo skýr, að hún segi, að vissar aðgerðir séu leyfilegar, eða þannig, að hún felur í sér, að þann gegn einhverjum aðgerðum fær ekki staðizt að alþjóðalögum, hvernig sem sú heimild kann að vera, þá getum við ekkert aðhafzt án hennar. Við gátum það ekki á árunum 1952 og 1958 og getum það ekki nú. En það, sem gerðist á árunum milli 1950 og 1960, var fyrst og fremst þetta, að lagareglurnar breyttust, og það var þá talið og ekki sízt með dómnum og eftir dóminn í deilu Norðmanna og Breta, að ekki bæri eingöngu að líta á gamlar venjur, heldur yrði einnig að taka tillit til líffræðilegra, ef svo má segja, og fjárhagslegra aðstæðna. Það var hinn merkilegi rökstuðningur Alþjóðadómstólsins á því, að eðlilegt væri, að fyrir utan þær strendur, þar sem fólkið fyrst og fremst lifði á fiskveiðum, þar væri rýmri fiskveiðiréttur þeim til handa heldur en annars staðar, sem var glöggt merki þeirrar hugarfarsbreytingar, sem í þessu gerðist, og ég vil segja réð algerlega aldahvörfum. Því megum við ekki gleyma, og þessi þróun verðum við að vona að haldi áfram.

Það er alveg eins og hv. aðalflm. till. sagði: Við getum auðvitað ekki gert ráð fyrir því með vissu, að þróunin haldi áfram að verða okkur hagstæð. Það gæti komið einhver afturkippur. En einmitt þess vegna ríður svo mjög á því, að við misstígum okkur ekki í málinu, að eitthvað, sem við aðhöfumst, verði til þess að magna upp andstöðu, sem ella væri ekki fyrir hendi eða mundi eyðast smám saman, ef málinu væri fylgt eftir þannig, að slík andstaða skapaðist ekki. Þess vegna tel ég, að það sé síður en svo, að þau ár, sem liðið hafa, frá því að Alþ. gerði sína samþykkt 5. maí 1959, hafi verið til einskis í þessum efnum. Á þeim árum hefur mjög sótt í rétta átt fyrir okkur varðandi mörg efni í þessu, og það er áreiðanlega betur vakandi skilningur nú en þá var á því, að vissar friðunarráðstafanir séu óhjákvæmilegar. Ríkisstj. hefur látið á þeim ráðstefnum, þar sem tilefni hefur gefizt, vekja athygli á okkar afstöðu í þessu efni, auk þess sem málið hefur auðvitað margoft verið rætt við fulltrúa erlendra ríkisstjórna og okkar afstaða í þessum efnum skýrð.

Við verðum mjög að gæta þess, að þó að það sé rétt, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, að það kunni að vera of viðurhlutamikið að bíða eftir því, að við fáum þá viðurkenningu, sem Alþ. 5. maí 1959 var sammála um að við þyrftum að fá, og við megum ekki vera athafnalausir á meðan, þá kann að vera viss hætta í því að gera ráðstafanir, sem skemmra gengju, vegna þess að í þeim yrði talið felast beint eða óbeint afsal á okkar meiri rétti. Þetta verður auðvitað að metast. Það er ekki hægt að slá neinu föstu um slíkt fyrir fram og segja, að það hljóti svo að vera. Slíkt kemur mér ekki til hugar. En galdurinn er sá að halda þannig á, að þetta þurfi ekki að leiða til árekstra eða til þess, að því verði síðar haldið fram, að við séum búnir t. d. með einhverjum alþjóðlegum samningum að binda okkur á þann veg, að það sýni, að við höfum ekki talið okkur á því stigi a. m. k. eiga rétt til landgrunnsins alls.

Þetta eru fyrst og fremst sérfræðileg efni, flókin og vandasöm, sem hér koma fram. Ég dreg ekki úr því, sem hv. aðalflm. till. sagði, að það gæti verið fullkomin ástæða til þess að ýta undir einn eða fleiri unga menn til að kynna sér þessi málefni nú sérstaklega, til þess að þeir gætu orðið okkar ráðunautar í þeim. En enn sem fyrr skulum við ekki gleyma því, að við Íslendingar eigum einn fremsta sérfræðing í þessum efnum, sem hefur alþjóðlega viðurkenningu, og það er Hans G. Andersen. Hann hefur nú að undanförnu að vísu sinnt öðrum störfum, en hann hefur einnig haldið við þessum fræðum, og ég tel sjálfsagt, og ég vil láta það koma hér fram, að það verði fyrst og fremst undir hans forustu, sem sérfræðileg athugun í þessum efnum eigi sér áfram stað.

Ég vildi láta þessar aths. koma fram. Annars er ég þakklátur þeim, sem hér hafa um þetta mál talað. Þeir gerðu það af hófsemi og án þess að blanda deilum um umdeilanleg efni frá fyrri tíð inn í sitt mál. Ég tel, að það sé allt mjög athyglisvert, sem þeir sögðu, og þarfnist nánari skoðunar. Um það má deila, hvort menn vilji setja um það sérstaka n. eða utanrmn. fjalli um þetta í samráði við ríkisstj., a. m. k. meðan málið er enn á athugunarstigi hjá sérfræðingum, eins og ég tel að það þurfi enn um skeið að vera.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. — Ég vil mega skilja orð hæstv. forsrh. um málið þannig, að hann vill huga að því, hvort ekki sé rétt að undirbúa aðgerðir af okkar hálfu í málinu m. a. á þeim grundvelli, sem ég minntist hér á, sem og aðrar undirbúningsráðstafanir af okkar hálfu, og ég fagna því út af fyrir sig og vona það, að sú geti orðið niðurstaðan, að það takist samstaða um að finna einhverjar æskilegar leiðir til athafna í málinu. En það var aðeins eitt, sem hér kom fram hjá hæstv. forsrh., sem mér fannst ástæða til að víkja að örfáum orðum. Hann sagði eitthvað á þá lund, að það þyrfti kannske að huga vel að því, hvort tiltækilegt væri fyrir okkur að gera einhverjar ráðstafanir í þessum málum, sem mætti skoða þannig, að við værum að fallast á beinan eða óbeinan hátt á minni rétt okkur til handa en við hefðum sett fram í okkar grundvallarkröfu um yfirráð yfir landgrunnssvæðinu öllu. Ég vil fyrir mitt leyti undirstrika það, að ég tel, að það megi ekki á neinn hátt blanda því saman, að meginkrafa okkar er sú, eins og við mörkuðum með landgrunnsl. frá 1948, að við fáum einkaréttaraðstöðu til fiskveiða á landgrunnssvæðinu, að landgrunnssvæðið verði allt fært undir íslenzka fiskveiðilandhelgi. Það er okkar meginkrafa. En það þarf ekki að þýða, þó að það sé okkar meginkrafa, að við getum ekki gert margvíslegar ráðstafanir, sem eru okkur í hag í þessum efnum, þó að þær uppfylli ekki þessa grundvallarkröfu. Okkar krafa í landhelgismálunum var mörkuð m. a. með landgrunnsl. 1948 þessi. En eigi að síður fórum við í það að stíga ákveðið skref í áttina með því að ákveða breytingar á landhelgislínunni 1950, með því að

draga þar beinar línur fyrir flóa á Norðurlandi og síðan með því að færa út í 4 mílur og ákveða beinar línur meðfram allri ströndinni árið 1952 og síðan með því að færa út í 12 mílur 1958, þrátt fyrir það að við værum búnir að lýsa því yfir, að það séu gildandi lög á Íslandi, að allt landgrunnssvæðið skuli heyra undir íslenzka lögsögu. Eins álít ég, að við hljótum að viðurkenna það, að staðreyndin er sú, að við búum í dag aðeins við 12 mílna landhelgi. Einkaréttur okkar til fiskveiða nær aðeins út að 12 mílna mörkunum. En ég álít, að það komi fyllilega til greina og sé enda okkur alveg nauðsynlegt að ná ákveðnum yfirráðum og fá viðurkenningu annarra þjóða, sem stunda nú veiðar utan 12 mílna markanna, fá viðurkenningu þeirra fyrir tilteknum reglum um veiðarnar utan 12 mílna markanna. Og ég held, að þó að við vinnum þannig að málunum, sem okkur er mjög nauðsynlegt, þurfi það ekki á nokkurn hátt að leiða til þess, að við föllum frá okkar meginkröfu í þessum efnum. En sú krafa, að Íslendingar einir megi veiða á öllu landgrunnssvæðinu við Ísland, — sú krafa er vissulega mjög stór, og ég geri mér alveg grein fyrir því, að það tekur alllangan tíma að fá viðurkenningu annarra þjóða fyrir henni eða fyrir því að fá upp alþjóðalög til þess að viðurkenna formlega þá reglu. Ég sem sagt segi það, að ég leyfi mér að vona, að hæstv. ríkisstj. íhugi það, sem hér hefur verið sagt um þessi efni, og hún taki með skilningi á því, að það er orðin knýjandi nauðsyn, að við undirbúum okkar ráðstafanir í þá átt, að við fáum betur ráðið við það, hvernig veiði fer fram utan 12 mílna markanna við Ísland. Hagsmunir okkar kalla þar mjög skýrt á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 22. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til utanrmn. með 40 shlj. atkv.

---

Nefndaráliti frá meiri og minni hl. utanrmn., á þskj. 708 og 710, var útbýtt 4. og 5. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 24. Aðbúð síldarsjómanna.

Á 30. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt:

**Till. til þál. um bætta aðbúð síldarsjómanna** [139. mál] (A. 292).

Á 31. fundi í Sþ., 16. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 32. og 34. fundi í Sþ., 23. og 30. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 13. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

**Flm. (Benedikt Gröndal):** Herra forseti. Till. þessi er á þá lund, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að vinna að bættri aðbúð síldarsjómanna í helztu löndunarhöfnum, sérstaklega með því að koma á fót sjómannastofum, svo og með því að greiða fyrir bókláni til síldveiðiskipa.

Till. er afleiðing af þeim breytingum, sem hafa orðið á síldveiðum á síðustu árum, sérstaklega því, að veiðarnar eru nú stundaðar fyrir öðrum landshlutum en áður var, og meginmagni síldar er landað í höfnum, sem að mörgu leyti eru enn ekki við því búnar að taka við þeirri umferð, sem löndun síldarinnar fylgir.

Mál þessi hafa verið rædd á fundum í samtökum sjómanna. Sjómannafélag Reykjavíkur skoraði m. a. á aðalfundi sínum á heildarsamtök sjómanna að beita sér fyrir því, að komið verði upp sjómannastofum í stærstu síldarmóttökuhöfnunum á Austurlandi, svo og í Vestmannaeyjum og víðar, þar sem mörg skip landa eða hafa viðlegu. Í samþykktinni var raunar einnig fjallað um bætta aðbúð sjómanna í Reykjavík, og hygg ég, að sjómenn úr öðrum landshlutum muni taka undir þá ósk. Þó að margt sé fyrir hendi í höfuðstaðnum, er ekki víst, að þar sé greiður aðgangur fyrir sjómenn, sem hafa stutta viðdvöl og koma utan af landi, að þeirri þjónustu, sem þeim kæmi bezt.

Þá hefur Farmanna- og fiskimannasamband Íslands á 22. þingi sínu rætt þessi sömu mál. Taldi þingið brýna nauðsyn á, að þau sjávarpláss á Austfjörðum og annars staðar á landinu, sem ekki hafa komið sér upp sjómannastofum, leggi áherzlu á, að í hverri verstöð geti sjómenn fengið samastað, þar sem þeir geti lesið, skrifað eða notið annarrar fyrirgreiðslu. Farmanna- og fiskimannasambandið gerði einnig ályktun, þar sem skorað var á yfirvöld að láta athuga, á hvern hátt heppilegast sé að koma því við, að ætíð séu handbærir bókakassar til útlána til fiskiskipa, ekki sízt til síldarflotans fyrir Austurlandi.

Ætla má, að hægt sé að gera ýmsar ráðstafanir, sem mundu koma til móts við óskir sjómanna í þessum efnum, án þess að kostað væri til stórfé eða lagt í dýrar byggingar. Sums staðar ræður ríkið yfir húsnæði, sem mætti nota í þessum tilgangi, og vert væri að athuga, hvort ekki er hægt að hafa gagn af einhverjum þeirra mörgu og dýru félagsheimila, sem reist hafa verið víðs vegar um land, í sambandi við þetta nýja félagslega vandamál. Þess vegna höfum við flm. lagt till. fram og leggjum til, að ríkisstj. verði falið að taka þetta mál til athugunar og úrlausnar, eftir því sem framast er unnt.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 25. Takmörkun sjónvarps frá Keflavíkurflugvelli.

Á 30. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt:
**Till. til þál. um takmörkun sjónvarpssendinga frá Keflavíkurflugvelli** [140. mál] (A. 296).

Á 31. fundi í Sþ., 16. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 32. og 34. fundi í Sþ., 23. og 30. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Sþ., 13. apríl, utan dagskrár, mælti

**Ragnar Arnalds:** Herra forseti. Í dag er 13. apríl. Í dag eru 5 ár liðin síðan fyrrv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, veitti herstjórn Bandaríkjanna leyfi til stækkunar sjónvarpsstöðvarinnar. Í 5 ár hefur það ástand ríkt, sem hæstv. menntmrh. hefur sjálfur viðurkennt að sé ósamboðið Íslendingum sem sjálfstæðri menningarþjóð.

Í dag er fundur í Sþ. 7. málið á dagskrá fundarins er þáltill. um takmörkun sjónvarps frá Keflavíkurflugvelli. Þessi till. er flutt af 6 fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna hér á Alþ. Bak við hana standa ekki aðeins þm. stjórnarandstöðunnar, heldur fyrst og fremst íslenzkir menntamenn í einni fylkingu, stúdentar, rithöfundar, listamenn og kennarar, sem opinberlega hafa komið fram í þessu máli með einstæðri samheldni og krafizt aðgerða Alþingis.

Það var ætlun stjórnarandstöðuflokkanna að flytja þetta mál miklu fyrr á þessu þingi en gert var. En ég held, að það sé ekkert launungarmál, að því var stöðugt frestað, viku eftir viku, vegna þess að upplýsingar bárust frá æðstu stöðum um, að mál þetta væri í athugun hjá ríkisstj. og tillöguflutningur stjórnarandstöðuflokkanna gæti haft óheppileg áhrif á gang málsins. Loksins brast menn þolinmæði í marz s. l., og 9. marz var till. á þskj. 296 útbýtt meðal þm. Síðan eru liðnar 5 vikur, og í dag eru, að því er mér sýnist, ekki mjög miklar líkur til, að málið komi til umr.

Ég tek það fram, að ég er alls ekki að halda því fram, að þessu máli sé sérstaklega stungið undan eða að það eigi að hafa forgangsrétt fram yfir önnur þau mál, sem framar eru á dagskránni í dag. Ég er alls ekki að halda þessu fram. En ég vil benda á, að með þeim seinagangi, sem er á afgreiðslu mála hér í Sþ., minnka óðum líkurnar fyrir því, að þessi þáltill. fái fulla þinglega afgreiðslu, þar sem nú eru e. t. v. aðeins tvær vikur til þingloka. Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort ekki sé möguleiki á að hraða afgreiðslu þeirra mála, sem á dagskránni eru, t. d. með nokkrum kvöldfundum, og ég þykist tala fyrir munn margra þm., þegar ég segi, að það er alls óviðunandi, að mál séu ekki tekin til umr. fljótlega, eftir að þau eru lögð fram hér í þinginu, hvað þá þegar dregst í marga mánuði, að umr. hefjist, eins og oft vill vera.

**Forseti (BF):** Ég vil taka það fram, að sú þáltill., sem hv. 5. landsk. þm. gerði hér að umtalsefni, hefur jafnan verið á dagskrá í Sþ., eftir að hún var lögð fram, en ástæðan fyrir því, að hún hefur ekki komið til umr., er ekki sú, að forseti eða aðrir hafi viljað stinga till. undir stól, heldur sú alkunna staðreynd, sem ég veit að hv. þm. þekkja allir, að umræðutími Sþ. hefur á undanförnum fundum farið í allt önnur mál.

Ég vil aðeins taka þetta fram í tilefni af orðum hv. 5. landsk. þm. En að öðru leyti mun ég taka til athugunar tilmæli hans um að hraða afgreiðslu mála á dagskránni, og ég vil upplýsa í því sambandi, að það hefur verið gert ráð fyrir, að þessum fundi í dag yrði haldið áfram, annaðhvort seinni hluta dags eða í kvöld.

Á sama fundi var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Gils Guðmundsson):** Herra forseti. Undanfarin missiri hefur mikið verið rætt og ritað hér á landi um sjónvarp og sjónvarpsmál, svo sem alkunnugt er. Til þess liggja margvísleg rök. Það er fyrst að nefna, að sjónvarp er tiltölulega nýtt, en geysilega áhrifamikið tæki, sem heita má, að hafi lagt undir sig heiminn á undraskömmum tíma. Nú er svo komið, að það er orðið daglegt brauð með fjölmörgum þjóðum, líkt og bækur, blöð og útvarp. Sjónvarp situr svo að segja í öndvegi á heimilum manna með kostum sínum og göllum, albúið þess að miðla fréttum, fróðleik, skemmtun, áróðri og yfirleitt þjóna hverju því hlutverki, sem ráðamenn sjónvarpsstöðva telja henta og ákveða, að það skuli þjóna. Og sjónvarp er að því leyti öflugra og áhrifameira tæki en flest önnur, að það nær ekki einungis til broskaðra áhorfenda eða lesenda, eins og bækur, heldur til ómótaðra barna og unglinga í mótun. Það hefur jafnvel sérstakt aðdráttarafl fyrir æskufólk. Það er því ljósara en um þurfi að ræða, að sjónvarp hefur og hlýtur að hafa mikilvæg áhrif á hina ungu kynslóð. Það verður sterkur þáttur í mótun hennar og uppeldi.

Þar sem stofnun íslenzks sjónvarps hefur fyrir nokkru verið ákveðin og rekstur þess er á næstu grösum, mætti telja það eitt ærna ástæðu til umr. um sjónvarpsmál. Svo mikið er í húfi, að vel takist til um þá starfsemi, sem Íslendingar ætla nú að hefja, að rökræður um áhrifamátt sjónvarps, um kosti þess og galla, eru sízt að ófyrirsynju né ótímabærar nú af þeirri ástæðu, að við erum að hefja sjónvarpsrekstur. En um þessa hlið málsins, um rekstur íslenzks sjónvarps, mótun þess og höfuðmarkmið, hafa umr. þó fram að þessu orðið næsta litlar, og ég vil segja, að þær hafa orðið stórum minni og einhæfari en vert væri. En ástæðan til þess er vafalaust sú, að við Íslendingar höfum nú um skeið búið við það ástand í sjónvarpsmálum, sem mun dæmafátt eða jafnvel dæmalaust í veröldinni. Hér hefur aðila frá öðru ríki verið heimilaður sjónvarpsrekstur, sem nær eða getur a. m. k. náð til meiri hl. þjóðarinnar. Og þar er ekki um að ræða almennan eða venjulegan sjónvarpsrekstur, sem sniðinn er við hæfi þjóðfélagsborgara yfirleitt, heldur tómstunda- og skemmtisjónvarp, sem er ætlað amerískum hermönnum til dægrastyttingar í einangrun þeirra í framandi landi.

Ég tel ekki þörf á því að þessu sinni að rekja í löngu máli sögu þessa sjónvarps, herstöðvarsjónvarpsins hér, enda býst ég við, að hún sé öllum hv. alþm. nokkurn veginn kunn. Ég mun einnig láta hjá liða, nema þá sérstakt tilefni gefist til, að fjölyrða um það, hverjir beri ábyrgð á þeirri þróun, sem þessi mál hafa tekið. Það er liðin tíð. Og í dag skiptir það vitanlega langmestu máli, hvort íslenzkir ráðamenn, hvort Alþ. og stjórnarvöld gera sér ljóst, að þessi sjónvarpsrekstur er orðinn stórfellt þjóðfélagslegt vandamál, og ef menn gera sér það ljóst, að þeir gangi þá heils hugar að því verki að leysa þennan vanda með skaplegum og skynsamlegum hætti. Fáein atriði, að því er varðar forsögu málsins, tel ég þó óhjákvæmilegt að rekja í stuttu máli.

Þegar íslenzk stjórnarvöld veittu bandarískа hernum upphaflega leyfi til að reka sjónvarpsstöð á Keflavíkurflugvelli, þá var það ekki sízt gert á þeim forsendum samkv. yfirlýsingu ráðamanna þá, að með þeirri ráðstöfun mundi draga úr ferðum hermanna út fyrir herstöðina. Þetta upphaflega leyfi var formlega veitt 7. marz 1955 af póst- og símamálastjóra, eftir að hann hafði haft samráð við ríkisútvarpið, sem lögum samkv. hefur einkaleyfi á útvarps- og sjónvarpssendingum hérlendis, og að fenginni heimild utanrrh., sem fer með málefni herstöðvarinnar. Í leyfisbréfi þessu frá 1955 er það tekið fram, að bandaríska herliðinu á Keflavíkurflugvelli sé í bili og þangað til annað verður því tilkynnt veitt heimild til að framkvæma tilraunasjónvarpssendingar. Það skilyrði var enn fremur sett fyrir leyfisveitingunni, að styrkleiki stöðvarinnar yrði ekki meiri en 50 vött og sendingum yrði ekki beint til Reykjavíkur eða út fyrir herstöðvarsvæðið, heldur yrði hringurinn, sem sjónvarpssendingarnar næðu til, takmarkaðar með þar til gerðum skermi. Árið 1956 fóru Bandaríkjamenn fram á leyfi til að stækka sjónvarpsstöðina á Keflavíkurflugvelli, en var þá synjað um heimild til þess af sömu stjórnarvöldum og veitt höfðu sjónvarpsleyfið árið áður, þetta takmarkaða leyfi. Við þetta sat síðan í 5 ár. Fáeinir Íslendingar utan herstöðvarinnar keyptu sér sjónvarpstæki, en munu hafa haft af því takmarkaða ánægju. enda má segja, að sjónvarp væri allan þennan tíma bundið við herstöðina eina, eins og fyrir var mælt í heimild íslenzkra stjórnarvalda. En árið 1961, hinn 17. apríl, veitir svo póst- og símamálastjórnin að fenginni heimild ríkisútvarpsins og utanrrh. leyfi til að stækka sjónvarpsstöðina á Keflavíkurflugvelli úr 50 í 250 vött, þannig að orka hennar fimmfaldaðist. Fullyrt var af ráðamönnum, að þetta væri einungis gert vegna þess, að gamla sjónvarpsstöðin væri of lítil og úr sér gengin, hins vegar mundi stækkunin hafa hverfandi litla breytingu í för með sér, að því er tæki til sjónvarpssendinga út fyrir herstöðina. Þessi stækkun var síðan framkvæmd, og jafnhliða voru gerðar tvær aðrar ráðstafanir, sem ég hygg, að reynzt hafi æði örlagaríkar. Önnur var sú, að hætt var að nota sjónvarpsskerma eða skerm til þess að draga úr sendiorku stöðvarinnar. En hin var í því fólgin, að í stað þess að áður munu venjulegir símastaurar hafa verið notaðir sem loftnet hinnar gömlu og litlu sjónvarpsstöðvar, þá voru nú settar upp nýjar, háar og tiltölulega voldugar sjónvarpsstengur, sem leystu gömlu símastaurana af hólmi. Kunnáttumenn um tækni að því er varðar sjónvarp og sjónvarpssendingar fullyrða, að þessi hin síðastnefnda ráðstöfun ein hafi aukið sendingarmátt stöðvarinnar öllu meira en aukning orkunnar úr 50 í 250 vött. Það stafar af því, að með hækkun loftnetanna var svokölluð sjónlína stöðvarinnar hækkuð mjög verulega. Reyndin varð líka sú, að eftir allar þessar aðgerðir náðu sjónvarpssendingar frá Keflavíkurflugvelli hæglega til Reykjavíkur og raunar um allt Faxaflóasvæðið, þar sem búa nær 3/5 hlutar allra Íslendinga. Þróunin hefur líka orðið á þá lund, að sívaxandi fjöldi íslenzkra manna hefur aflað sér sjónvarpstækja, svo að nú eru þau komin á mörg þúsund heimili. Það veit víst enginn, hversu mörg sjónvarpstæki eru nú í eigu íslenzkra manna. Að vísu mun einhver tilraun hafa verið gerð af hálfu ríkisútvarpsins til að komast að raun um fjölda sjónvarpstækja í eigu Íslendinga, en hætt er við, að sú könnun hafi verið harla ónákvæm. Ég hef heyrt ýmsar tölur nefndar í þessu sambandi, 6, 8 eða 10 þúsund. Ég vil ekkert um það fullyrða, hvort þessar tölur eru nærri lagi, en hitt er hafið yfir allan vafa, að útbreiðsla sjónvarpstækja í þéttbýlinu hér við Faxaflóa er orðin mjög mikil og miklu meiri en flestir gerðu sér í hugarlund að verða mundi, þegar hið síðara leyfi um stækkun stöðvarinnar var veitt 1961. A. m. k. hafa ýmsir áhrifamenn lýst því yfir á opinberum vettvangi, að þá hafi ekki órað fyrir því árið 1961, að útbreiðsla sjónvarpsins yrði slík sem raun ber vitni, og það hefur ljóslega mátt skilja á ummælum þessara manna, að afstaða þeirra til stækkunar sjónvarpsstöðvarinnar mundi hafa orðið allt önnur en varð, ef þeim hefði komið til hugar, að herstöðvarsjónvarpið næði að vörmu spori, þ. e. a. s. eftir örfá ár, inn á gafl á þúsundum, kannske tugum þúsunda íslenzkra heimila. En nú er þetta orðin staðreynd. Þetta er staðreynd, hverju eða hverjum sem þarna er um að kenna.

Því er ekki heldur að leyna, að ríkjandi ástand í þessum efnum á sína formælendur og það vafalaust ekki mjög fáa. Þá sjaldan reynt er að halda uppi einhverjum rökræðum af hálfu þeirra manna, sem sjá ekkert athugavert við það, að herstöðvarsjónvarpið sé jafnframt sjónvarp handa Íslendingum, er einkum hampað eftirfarandi röksemdum, ef röksemdir skyldi kalla, staðhæfingar vil ég fremur kalla það: Íslendingar eiga að hafa frelsi til að sjá og heyra hvað sem þeim sýnist og það sem kostur er á, segja þessir menn. Það er frelsisskerðing, segja þeir, að takmarka Keflavíkursjónvarpið við herstöðina eina. Síðan halda þeir áfram og segja: Íslenzk menning er svo sterk og svo rótgróin, að henni stafar engin hætta af sjónvarpsrekstri eins og þessum. Það er karlanöldur eitt, vilja þeir halda fram, það er ekki annað en leifar af útkjálkahugsunarhætti þeirra, sem vilja forðast erlend áhrif, vilja einangra sig frá umheiminum, að vera að amast við þessu herstöðvarsjónvarpi. Slíkt er, segja menn, háttur hins þröngsýna heimaalnings, sem hræðist nýjungar og tækni. Þetta hefur maður lesið nýlega. Og enn segja menn: Innan skamms kemur alþjóðasjónvarp. Ætla menn þá einnig að berjast gegn því?

Við þessar og þvílíkar röksemdafærslur eða þessar og þvílíkar staðhæfingar er að mínu viti margt að athuga. Ég skal aðeins drepa á fátt eitt. Það er þá fyrst að nefna, að hér er sízt um frelsi eða eitthvert sérstakt mannréttindamál að ræða. Enginn Íslendingur getur gert neina kröfu til þess, að erlend þjóð sjái honum fyrir ókeypis sjónvarpsefni, og þó að einhver erlend þjóð af einhverjum ástæðum kysi að gera slíkt, þá hníga engin eðlileg rök að því, að íslenzk stjórnarvöld heimili erlendum aðila að beita áhrifaríkasta áróðurstæki veraldar í íslenzku þjóðlífi. Slíkt getur vitanlega hvorki samrýmzt metnaði né þjóðarvitund nokkurrar þjóðar, að öðru ríki sé með svo áhrifamiklum hætti gefinn kostur á að móta einhliða smekk landsmanna og skoðanir.

Því er stundum hampað, að andstaðan gegn herstöðvarsjónvarpinu sé hliðstæð við það, að tekin sé upp barátta gegn því, að menn lesi erlendar bækur, bækur á erlendum málum. Ég tel aftur á móti, að krafan um, að herstöðvarsjónvarpið sé rekið sem eins konar íslenzkt þjóðarsjónvarp, hún sé helzt sambærileg við það, ef tungumál og bókmenntir einnar framandi þjóðar væri gert að ríkismáli hér, kennt sem slíkt í skólum, notað í kirkjum o. s. frv. Og eftir að íslenzkt sjónvarp væri komið með til að mynda tveggja klst. dagskrá, en Keflavíkurdagskráin væri áfram 7—14 klst., þá værum við eitthvað líkt settir og Færeyingar snemma á 19. öld, þegar danskan hljómaði af prédikunarstólnum þrjá sunnudaga af hverjum fjórum, en prédika mátti fyrir náð á færeysku í hæsta lagi fjórða hvern sunnudag. Ég vil spyrja: Hver hefðu orðið örlög íslenzkrar tungu og íslenzkra bókmennta, ef Danir hefðu til að mynda um síðaskipti gert dönskuna að kirkju- og skólamáli hér á landi? Þeir Íslendingar voru vissulega til, ekki sízt á 18. öld, sem vildu, að landsmenn legðu niður tungu sína og tækju upp dönsku af hagkvæmnisástæðum og til þess að rjúfa einangrun landsins. En þeir fengu því ekki ráðið, og munu fáir Íslendingar nú á dögum harma það.

Sú staðhæfing, að andstaðan gegn herstöðvarsjónvarpi inn á íslenzk heimili beri vott um vilja til að einangra Íslendinga frá umheiminum, er fráleit og naumast svaraverð. Ég fullyrði, að í röðum andstæðinga herstöðvarsjónvarpsins er fjöldi manna, sem hefur á því sízt minni skilning en jábræður þessa sjónvarps yfirleitt, að Íslendingar eiga að hafa góð og náin samskipti við aðrar þjóðir, ekki sízt í menningarefnum. En slík samskipti ber okkur að hafa við sem flestar þjóðir, og þau eiga að fara fram á eðlilegan og verðugan hátt. Sama máli gegnir um afstöðu til alþjóðasjónvarps, þegar það kemur til sögunnar, enda má gera ráð fyrir, að það verði háð alþjóðlegu samkomulagi og lúti jafnvel einhverju alþjóðlegu eða samþjóðlegu eftirliti. Það á vissulega ekkert skylt við hneigð til einangrunar eða ótta við eðlileg menningarleg samskipti, þó að menn snúist gegn því, að einu tilteknu stórveldi séu veitt þau dæmalausu forréttindi að hafa gagnger áhrif á og móta smekk, hugsunarhátt og lífsviðhorf heillar þjóðar. Hér gildir einu, hvaða erlent ríki á í hlut og hvort við teljum menningu þess góða, miðlungi góða eða miður góða. Vitanlega getum við Íslendingar margt jákvætt lært af Bandaríkjamönnum, ekki sízt á sviði vísinda og tækni. En hitt er fráleitt, að við kynnumst verðmætustu þáttum amerískrar menningar í herstöðvarsjónvarpinu. Til þess eru aðrar leiðir vitanlega eðlilegri og líklegri til árangurs.

Að mínu viti er kjarni þessa máls engan veginn sá, þótt það skipti vissulega máli, hvort sjónvarpsefnið frá Keflavíkurstöðinni er gott eða illt eða blendingur af þessu tvennu. Meginatriðið er vitanlega hitt, að engin sjálfstæð menningarþjóð getur látið sér sæma, að erlendur aðili, hver sem hann er, hafi sérstöðu um sjónvarpsrekstur í landi hennar. Hinn erlendi aðili er ekki bundinn neinum skyldum við íslenzkt þjóðfélag. Hann miðar störf sín við allt önnur viðhorf. Hann lýtur ekki íslenzkum lögum um rekstur né efnisval. Mundi nokkrum detta í hug að veita auðugri milljónaþjóð sérleyfi eða einkaleyfi til bóka- og blaðaútgáfu hér á landi? Slíkt væri vitanlega fjarstæða. En það er þó á margan hátt algerlega sambærilegt við það, sem orðið hefur í reynd í sjónvarpsmálinu.

Nú kann einhver að spyrja: Er ekki stórum minni ástæða en áður til að takmarka herstöðvarsjónvarpið, eftir að íslenzkt sjónvarp tekur til starfa? Þar til er að mínu viti þessu að svara: Með tilkomu íslenzks sjónvarps fjölgar að sjálfsögðu sjónvarpstækjaeigendum stórlega og mjög ört. Þá er og í ráði að innheimta allhátt afnotagjald af eigendum sjónvarpstækja, og það á að standa að verulegu leyti undir rekstri hins íslenzka sjónvarps. Nú gilda að sjálfsögðu þau almennu viðskiptalögmál um íslenzka sjónvarpið, að það verður að greiða fyrir innlent jafnt sem erlent sjónvarpsefni. Er vandséð, hvernig stjórnendur íslenzka sjónvarpsins ætla að standast samkeppni við erlent sjónvarp, kostað af auðugustu þjóð heims, sem munar ekkert um að sjónvarpa hér hvort heldur er 7 eða 14 klst. á dag, á meðan hið íslenzka sjónvarp mun eiga fullt í fangi með að standa straum af 2 eða í hæsta lagi 3 klst. dagskrá.

Með tilkomu íslenzka sjónvarpsins verða slík tímamót í þessum málum, að annað tveggja verður hið erlenda sjónvarp takmarkað þá eða það verður ekki gert um ófyrirsjáanlega framtíð.

Ég sé ekki ástæðu til að rökræða það, hvort sjónvarpsdagskrá Keflavíkursjónvarpsins er góð eða léleg. Frá mínu sjónarmiði er það engan veginn kjarni málsins. Mér hafa tjáð skilríkir menn, sem eiga sjónvarpstæki og eru þessum efnum nokkuð kunnugir, að þessi dagskrá sé afar misjöfn, þar séu ýmsir þokkalegir, jafnvel góðir skemmtiþættir, stöku sinnum og þó sjaldan listrænar kvikmyndir, svo og tónverkaflutningur af ýmsu tagi, en margt sé þar einnig, mjög margt, af lélegu og jafnvel óhæfu efni, einkum ef höfð eru í huga börn og ómótaðir unglingar, sem oft verða hvað fíknust í að horfa á það, sem er hrollvekjandi og veldur sem mestri taugaspennu. Og það gefur að sjálfsögðu auga leið, að öll er þessi dagskrá gagnsýrð af algerlega framandlegum hugsunarhætti, framandlegum viðhorfum, enda við það sniðin að vera dægrastytting fyrir nokkur þúsund ameríska hermenn, sem eru hér í fásinni og einangrun, sjálfum sér og öðrum til leiðinda. Nei, kjarni þessa máls er ekki sá, hvort

sjónvarpið á Keflavíkurflugvelli er sæmilegt eða lélegt eða jafnvel gott. Hér er einfaldlega um það að ræða, hvort það sé sæmandi fyrir þjóð, sem telur sig sjálfstæða menningarþjóð og vill halda áfram að vera það, að leyfa rekstur svo áhrifamikils tækis sem sjónvarp er, án þess að hafa um það neinar forsagnir né að það lúti í einu eða öðru íslenzkum lögum eða íslenzkum reglum.

Það er að vísu rétt, sem sagt hefur verið, að um þjóðlegan metnað tjáir kannske lítt eða jafnvel ekki að rökræða. Slíkt er tilfinning, sem menn bera í brjósti. Þeir, sem kunna að vera slegnir þeirri tilfinningu, láta vitanlega sem vind um eyrun þjóta, þótt skirskotað sé til slíkrar kenndar. Hinir ættu að gera sér það ljóst, að ástand þessara mála hér á landi í dag er óviðunandi og niðurlægjandi. Þetta hafa þeir menn fundið, sem fyrr og síðar hafa í ræðu og riti gagnrýnt ríkjandi ástand og varað við afleiðingum þess. Þeirra á meðal eru margir kunnustu menn þjóðarinnar, kunnir menn á vettvangi félagsmála, uppeldismála, lista og vísinda. Og nú síðast hefur þorri íslenzkra háskólastúdenta tekið mjög rösklega og myndarlega í þennan sama streng.

Viðhorf manna til þessa sjónvarpsmáls eru óháð stjórnmálaskoðunum og afstöðu manna til dvalar erlends hers í landinu. Andstaða fjölmargra manna úr öllum stjórnmálaflokkum gegn óheftu herstöðvarsjónvarpi mótast fyrst og fremst af heilbrigðum, íslenzkum þjóðarmetnaði og af ábyrgðartilfinningu gagnvart heilbrigðu uppeldi æskufólks, gagnvart íslenzku menningarlífi.

Menn gera sér það ljóst, að geysilega áhrifamikið tæki, eins og sjónvarpið er, verður að vera í höndum þjóðarinnar sjálfrar. Það kemur beint inn á heimilin, gagnstætt t. a. m. kvikmyndum þeim, sem sýndar eru í kvikmyndahúsum. Sjónvarpið getur fremur en nokkurt annað tæki mótað skoðanir æskufólks og smekk, lífsvenjur og lífsviðhorf, eins og ég hef áður lagt áherzlu á. Það er því afar mikilvægt, að slíku tæki sé vel stjórnað og eðlilegar skorður reistar við allri hugsanlegri misnotkun þess. Engin sjálfstæð menningarþjóð getur látið það viðgangast, að erlendur aðili hafi sérstöðu um rekstur slíks tækis í landinu. Það mundi ekki tjóa fyrir íslenzka einstaklinga, flokka eða félög að sækja um leyfi til sjónvarpsrekstrar. Þó vildi ég segja, að það væri ólíkt nær lagi og háskaminna heldur en hitt, sem nú er látið viðgangast. Slíkum rekstri í höndum félaga eða jafnvel einstaklinga mætti þó setja starfsreglur og margvíslegar skorður að íslenzkum lögum. Slíkur rekstur mundi háður opinberu eftirliti. Það mundi hafa aðhald af frjálsri gagnrýni. Engu slíku er til að dreifa um herstöðvarsjónvarpið.

Allt um það hefur löggjafarvaldið talið langsamlega réttast og eðlilegast að veita ríkisvaldinu einkarétt til rekstrar fjarskiptatækja, svo sem útvarps og sjónvarps, og það má telja líklegt og raunar víst, að undanþága yrði ekki undir neinum kringumstæðum veitt íslenzkum aðila. Er þá nokkur heil brú í því að veita erlendu stórveldi slíkt leyfi, samþykkja án eftirlits eða minnstu takmarkana rekstur sjónvarpsstöðvar, sem nær til meiri hluta þjóðarinnar?

Ég get ekki látið hjá líða að fara um það fáeinum orðum, hver áhrif Keflavíkursjónvarpið hefur nú þegar og hlýtur að hafa í vaxandi mæli, verði engar skorður reistar, á ýmsa menningarviðleitni okkar fámennu þjóðar. Það er reynsla annarra landa, þar sem sjónvarp hefur tekið til starfa og náð verulegri útbreiðslu, að það hefur alls staðar reynzt skæður keppinautur margvíslegrar menningarstarfsemi, einkum þó fyrstu árin. Sjónvarp hefur dregið úr aðsókn að leikhúsum, hljómleikum og kvikmyndahúsum. Blaða-, tímarita- og bókakaup fara minnkandi, a. m. k. um sinn. Við Íslendingar erum að basla við að halda uppi slíkri og þvílíkri starfsemi, við kostum til þess miklum fjármunum og mikilli fyrirhöfn, og öll þessi starfsemi svo að segja á í vök að verjast vegna fámennis þjóðarinnar. En við teljum, Íslendingar, við höfum talið og teljum enn, að þessi og önnur slík menningarviðleitni okkar sé bæði sjálfsögð og nauðsynleg, og við viljum, að hún eflist, en bíði ekki varanlega hnekki.

Nú er það vitanlega ljóst, að innlent sjónvarp getur orðið öðrum menningarstofnunum, sem höllum fæti standa, nokkuð þungt í skauti, — ég vona, að sjónvarpið okkar verði menningarstofnun og megi þess vegna tala um aðrar menningarstofnanir. En þegar um það er að ræða, íslenzkt sjónvarp, er þó það að aðgæta, að því er ekki ætlað að starfa nema skamman tíma dag hvern, og ætla verður, að það veiti þó nokkra uppbót menningarlega séð fyrir það, sem kynni í bili að tapast á öðrum vettvangi. A. m. k. má gera ráð fyrir, að það flytji íslenzka list að einhverju töluverðu marki og að það ráði í þjónustu sína íslenzka listamenn, sem þannig fengju að töluverðu leyti ný verkefni til nokkurs mótvægis við það, sem þeir kynnu að missa vegna samdráttar, sem óhjákvæmilega gæti orðið hjá öðrum menningarstofnunum þjóðarinnar.

En varðandi hermannaútvarpið frá Keflavík er engu líku til að dreifa eins og þessu. Það hefur í fyrsta lagi miklu lengri sjónvarpsdagskrá en nokkur gerir ráð fyrir, að íslenzkt sjónvarp hafi í náinni framtíð. Keflavíkursjónvarpið er kostað af auðugustu þjóð heims, og það á þess vafalaust kost að sjónvarpa margvíslegu léttu skemmtiefni, sem höfðar ekki hvað sízt til ómótaðs æskufólks, og það yrði þess vegna oft þungur róðurinn að kenna þessu æskufólki að meta menningarlegri viðfangsefni og að njóta menningarlegra íslenzkra viðfangsefna.

Það er sjálfsagt örðugt að gera sér grein fyrir því, hversu mikið og hversu varanlegt tjón hlytist af óheftu herstöðvarsjónvarpi á komandi árum, að því er varðar íslenzka menningarviðleitni yfirleitt. En eftir að sjónvarp væri komið á nær hvert íslenzkt heimili, hlytu slík áhrif herstöðvarsjónvarpsins að verða stórfelld og mjög örlagarík. Það er eiginlega sama, hvert litið er á vettvangi íslenzkra menningarmála, hvort við lítum til leikhúsanna, til sinfóníuhljómsveitarinnar, til bókaútgáfu, til tímarita- og blaðaútgáfu. Ég fullyrði, að hvarvetna yrði um vaxandi örðugleika að ræða. Og það má nefna kvikmyndahúsin einnig í þessu sambandi, því að þótt menningargildi kvikmynda, sem sýndar eru í þeim húsum, sé vitanlega harla misjafnt, þá standa kvikmynda-

húsin íslenzku undir rekstri ýmissa menningar- og mannúðarstofnana, en önnur eru skattlögð í sama skyni. Og í því sambandi, að því er snertir kvikmyndahúsin, má minna á það, að hér eiga hlut að máli stofnanir eins og háskólinn, eins og þjóðleikhúsið, eins og sinfóníuhljómsveitin, félagsheimilasjóður, elliheimili og fleiri aðilar.

Ég hef með vilja látið hjá líða að rekja í smáatriðum hina heldur óskemmtilegu sögu þessa sjónvarpsmáls eða hvernig það hefur þróazt. Í dag er það mikilvægast, hvort ábyrgir aðilar hafa gert sér grein fyrir afleiðingum þeirrar þróunar, sem þegar er orðin og hlýtur að verða með stórfelldri fjölgun sjónvarpstækja á íslenzkum heimilum, ef hér verður ekki á móti spyrnt. Hafi hv. Alþ. og hæstv. ríkisstj. gert sér ástandið fullkomlega ljóst, er vissulega mál til komið, að hér verði nú skorður við reistar. Flm. þessarar till. líta svo á, að eigi síðar en við þau tímamót, þegar íslenzkt sjónvarp tekur til starfa, beri stjórnarvöldunum að sjá til þess, að Keflavíkursjónvarpið verði takmarkað við herstöðina eina. Ástæða er til að ætla, að þessi sé vilji meiri hl. Alþ. Þeir alþm., sem frá upphafi hafa verið andvígir leyfisveitingum til rekstrar sjónvarps á Keflavíkurflugvelli, svo og þeir, sem því hafa mótmælt, að slík starfsemi næði út fyrir herstöðina sjálfa. eru vitanlega allir á einu máli um, að sú takmörkun, sem hér um ræðir, sé bráðnauðsynleg. En sömu stefnu hljóta þeir einnig að taka, sem viðurkenna, að afleiðingarnar af stækkun sjónvarpsstöðvarinnar 1961 hafi orðið aðrar og miklu stórfelldari en þeir gerðu sér í hugarlund. Og það er sannast mála, að margir hafa vafalaust gert sér litla grein fyrir því þá, hver þróunin yrði á skömmum tíma í þessum efnum, að Keflavíkursjónvarpið yrði á fáeinum árum eins konar ríkissjónvarp á Íslandi.

Vissulega má áfellast ráðamenn fyrir það að hafa sýnt andvaraleysi í þessu efni og hafa orðið a. m. k. berir að barnalegri trúgirni, þegar þeir samþykktu stækkunarleyfið athugasemda- og kvaðalaust. En þeim, sem festu trúnað á þær staðhæfingar, að stækkunin mundi litlu eða engu breyta um útbreiðslu sjónvarpsins, var vitanlega vorkunn. En nú gegnir allt öðru máli. Það er hverjum manni algerlega vorkunnarlaust að sjá það og skilja nú, að herstöðvarsjónvarpið er orðið stórfellt vandamál, eitt hið stærsta og alvarlegasta, sem leitt hefur af dvöl erlends herliðs í þessu landi. Og þá er vitanlega ekkert sjálfsagðara en að þeir ráðamenn, sem lýsa því yfir, að þeir hefðu ekki fallizt á stækkunina 1961, ef þeim hefði komið til hugar, að afleiðingin yrði sú, sem raun ber vitni í dag, standi nú að því að leiðrétta mistökin og takmarka Keflavíkursjónvarpið við herstöðina. Ég fæ til að mynda ekki betur séð en formaður útvarpsráðs, hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, sé eindregið þessarar skoðunar. Hann hefur oftar en einu sinni rætt þetta vandamál í blaði sínu, Alþýðublaðinu. Í grein, sem hann birti þar undir nafni 30. maí 1965, komst hann m. a. þannig að orði:

„Svo virðist sem skynsamleg málamiðlun sé fundin í sjónvarpsmálinu. Fleiri og fleiri hafa komizt á þá skoðun, að bandarísk sjónvarpið verði að takmarka við Keflavíkurflugvöll, jafnskjótt og íslenzkt sjónvarp er komið vel af stað.“

Síðan færir greinarhöfundur rök að því, að þessi lausn málsins verði óhjákvæmileg, ekki aðeins frá sjónarhóli Íslendinga, heldur einnig Ameríkumanna.

Hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, hefur oftar en einu sinni látið sömu skoðun í ljós og hann hefur raunar kveðið enn fastar að orði. Á fundi með allmörgum menntamönnum, sem haldinn var í Tjarnarbúð 17. maí í fyrra, svaraði hann ýmsum spurningum um sjónvarpsmál. Samkv. frásögn blaðs komst hann þar að orði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. kvaðst telja núverandi ástand í sjónvarpsmálum óviðunandi fyrir sjálfstæða menningarþjóð. En eins og nú væri komið, yrði ekki ráðin bót á því, fyrr en komið væri á önnur vegamót. Þegar íslenzkt sjónvarp hefði tekið til starfa, taldi hann rétt að taka leyfisveitinguna til varnarliðsins til endurskoðunar, og kvað hann það vera sína persónulegu skoðun, að þá ætti að takmarka hið erlenda sjónvarp við Keflavíkurflugvöll einan, enda væri sjónvarpsleyfið við það miðað að gefa varnarliðsmönnum kost á bandarísku sjónvarpi.“

Í grein, sem hæstv. menntmrh. ritaði fáum dögum síðar og birtist undir fullu nafni hans í Alþýðublaðinu hinn 22. maí 1965, kemur ráðh. nánar inn á þetta atriði og lýsir viðhorfum sínum til málsins á skýran og að því er mér virðist algerlega ótvíræðan hátt. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa stuttan kafla úr þessari grein hæstv. menntmrh., en þar segir á þessa leið:

„Af hálfu íslenzkra stjórnarvalda hefur auðvitað aldrei verið til þess ætlazt né ráð fyrir því gert, að sjónvarp varnarliðsins yrði jafnframt sjónvarp Íslendinga. Sjónvarp er svo áhrifamikið menningartæki, að í sérhverju landi verður það að mótast af viðhorfum og sjónarmiðum þjóðarinnar sjálfrar og stjórnvalda hennar. Íslenzkt sjónvarp mundi ekki fullnægja eðlilegum óskum varnarliðsmanna í Keflavík um sjónvarp, og bandarískt sjónvarp er ekki í samræmi við óskir eða sjónarmið Íslendinga á þessu sviði. Eftir að móttökuskilyrði sjónvarpsins bötnuðu mjög hér í Reykjavík og nágrenni í kjölfar þeirra breytinga, sem gerðar voru á sjónvarpsstöðinni sjálfri og tæknibúnaði hennar 1961, hefur útbreiðsla sjónvarpsins hér orðið mjög ör og miklu örari en flestir munu hafa látið sér til hugar koma. Fáa mun hafa grunað, að á örfáum árum mundi sjónvarp verða keypt á 6—7 þús. heimili. Ég hika ekki við að segja, að ef menn hefðu séð þetta fyrir, annaðhvort 1955, þegar upphaflega leyfið var veitt, eða 1961, þá hefðu margir litið öðrum augum á málið. Jafnsjálfsagt og það er að veita undanþágu frá einkarétti íslenzka ríkisins til sjónvarpsrekstrar, til þess að varnarliðið geti séð sínum mönnum fyrir bandarísku sjónvarpi, jafnóeðlilegt er það, að Íslendingar fái sjónvarpsþjónustu sína frá annarri þjóð. Þegar íslenzkt sjónvarp tekur til starfa, hefur íslenzka ríkið tekizt á hendur að gegna þeirri sjálfsögðu skyldu sinni að verða við mjög almennum óskum um sjónvarp. Þegar Íslendingar hafa fengið kost á að njóta síns eigin sjónvarps, er óeðlilegt, að erlend sjónvarpsstöð hafi sömu eða svipaða aðstöðu til þess að sjónvarpa inn á íslenzk heimili.“

Þetta var úr grein hæstv. menntmrh.

Till. sú til þál. á þskj. 296, sem við flytjum 6 þm. Alþb. og Framsfl., fjallar um lausn þessa sjónvarpsmáls á þeim grundvelli, sem hæstv. menntmrh. og fjölmargir menn aðrir hafa mælt með, að við þau tímamót, þegar íslenzkt sjónvarp tekur til starfa, verði sú breyting gerð á tæknibúnaði Keflavíkursjónvarpsins, að sjónvarpssendingar þaðan takmarkist við herstöðina eina. Áður en þessi till. var lögð fram, leituðum við flm. lengi eftir sem víðtækastri samstöðu um flutning slíkrar till. Mánuðum saman var leitazt við að fá menn úr öllum þingflokkum til að standa að þessari eða þvílíkri till. Því miður tókst það ekki. Ég vil mega vænta þess, að tregða hv. stjórnarþm. við að beita sér fyrir lausn málsins með tillöguflutningi hér á Alþ. sé ekki vottur um það, að þeir séu andvígir slíkri lausn. Ég fæ ekki séð, að Alþ. og ríkisstj. geti skotið sér undan þeirri siðferðilegu skyldu að leiðrétta þau glappaskot, sem gerð hafa verið, að bæta fyrir það þjóðernislega og menningarlega slys, sem þegar er orðið, áður en stærra slys hlýzt af. En það verður aðeins gert á þann veg, eins og málum er nú komið, að Íslendingar eigi og reki sitt sjónvarp sjálfir, en Keflavíkursjónvarpið verði jafnframt takmarkað við herstöðina eina.

**Eysteinn Jónsson:** Herra forseti. Ég er einn af flm. þessarar þáltill., en efni hennar er það, að þegar íslenzka sjónvarpið fer af stað, verði Keflavíkursjónvarpið takmarkað við herstöðina eina í Keflavík.

Ég vona, að hv. alþm. séu sammála um, að sjónvarpsmálið er mikið vandamál, þ. e. a. s. þessi þáttur þess, sem er starfræksla á hersjónvarpi í landinu, og það vandamál verður að leysa, ástandið í þeim efnum sé óviðunandi. Mér finnst ég hljóti að verða að gera mér vonir um það, að hv. alþm. og hæstv. ríkisstj. geti sameinazt um að leysa það mál á þá lund, sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill.

Að vísu eru ekki flm. þáltill. nema úr tveimur flokkum Alþ., en ég veit, að fleiri hafa áhyggjur af þessu máli en þeir, sem eru í þingliði stjórnarandstöðuflokkanna, og enn fremur, að hæstv. ríkisstj. hefur málið til athugunar, og það er kunnugt, að hæstv. menntmrh. er sammála okkur flm. þessarar þáltill. um, hvernig skynsamlegast muni vera að leysa málið, eins og fram hefur komið hvað eftir annað af hans hendi, og hefur hann ekki farið dult með það. Og af því hlýtur það að leiða, að hann vinnur að því vafalaust að reyna að koma þeirri lausn í framkvæmd.

Ég vil lýsa því yfir, að ein af ástæðunum til þess, að ég er flm. að þessari þáltill., er sú, að ég vil, að það komi alveg skýrt fram, að ég vil styðja hæstv. menntmrh. og þá aðra, sem hafa nú betri aðstöðu til að leysa þetta mál en ég, — ég vil styðja þá í því. Þeir hafa stuðning minn alveg eindreginn með því að koma þeirri lausn í framkvæmd. M. a. af þessu er ég flm. að þessari þáltill., til þess að það liggi alveg ljóst fyrir. Ef það er komið þannig, að það eru einhver veruleg óþægindi við að leysa þetta mál á þann hátt, sem þarf að gera, vil ég taka á mig hluta af þeim óþægindum, og þess vegna flyt ég þáltill.

Ég álít þetta slíkt nauðsynjamál, að það megi enginn draga sig undan að eiga hlut að því að koma þessari lausn í framkvæmd, hér eigi ekki að koma til greina nein pólitísk hliðarsjónarmið af nokkru tagi og þeir, sem eru sammála um það, sem ég vona að verði sem flestir, hv. Alþ. og ríkisstj., að það þurfi að leysa það á þessa lund, taki höndum saman um það, hvað sem öðrum málum líður og hvað sem afstöðu manna líður til annarra málefna eða flokka. Ég tel, að þetta mál sé þannig vaxið, að það þurfi að taka það út úr öllum slíkum efnum, leysa það frá öllum flokkasjónarmiðum.

Af því, sem ég hef nú þegar sagt, leiðir, að ég mun ekki ræða aðdraganda þessa máls. Ég mun alveg sleppa því að rekja það, hvernig það ástand hefur skapazt, sem nú er orðið. Ég segi eins og 1. flm., að það eina, sem máli skiptir, er að fá lausn á þessum vanda. Nú vil ég taka fram, þó að það sé kannske óþarfi, vegna þess að hv. þm. er það vel kunnugt, að ég er hinn mesti stuðningsmaður sjónvarps og hef alla tíð verið, frá því að það fyrst kom til orða að setja upp íslenzkt sjónvarp. Og síðan sjónvarpið kom hér frá Keflavíkurflugvelli, hef ég hert um allan helming á stuðningi mínum við íslenzkt sjónvarp. Ég álít, að íslenzka sjónvarpið eigi að vera sem myndarlegast, til þess að það geti komið alveg í staðinn fyrir hersjónvarpið frá varnarliðinu — alveg í staðinn fyrir það, — og það sé engin ástæða til þess að skera við nögl sér það, sem til þess á að ganga af fjármunum, svo að það geti þjónað sínu hlutverki vel, og menn geti unað því, að sú breyting verði á að fá það í staðinn fyrir erlenda sjónvarpið.

Ég tel óviðeigandi, að Íslendingar búi við erlent hersjónvarp. En ég flyt ekki þessa till. af því, að ég hafi andúð á því, sem bandarískt er, né vegna þess að ég vilji draga úr vestrænni samvinnu eða samvinnu við Bandaríkjamenn, síður en svo. Þvert á móti er það ein af ástæðunum til þess, að ég vil ekki, að hersjónvarpið verði hér áfram, að ég tel, að það stefni í beina hættu nauðsynlegu samstarfi við Bandaríkjamenn, — í beina hættu nauðsynlegu samstarfi við þá. En ég kem að því ofurlítið síðar, hvernig ég hugsa þetta og hvaða áhyggjur ég hef í því sambandi.

En áður en ég kem að því, vil ég færa rök fyrir því, að sjónvarp frá herstöðinni getur alls ekki og á ekki að mínu viti að koma til mála sem heimilissjónvarp fyrir Íslendinga. En sjónvarp snertir daglegt líf manna í landinu meira en flest annað, því að segja má, að á hverju kvöldi, á flestum heimilum, horfi menn og hlusti á sjónvarp meira og minna, sumpart einstaklingar í fjölskyldunum og sumpart fjölskyldurnar allar. Það ætti ekki að þurfa að deila um, að það er ekki heppilegt, að hermálaráðuneyti erlendrar þjóðar ráði heimilissjónvarpi nokkurrar þjóðar, t. d. heimilissjónvarpi Íslendinga, og það er sannast að segja sárgrætilegt, að um það skuli vera deilur í landinu, að það skuli ekki talinn sjálfsagður hlutur, að slíkt geti ekki komið til mála. Hvaða þjóð ætli geti hugsað sér að hafa sem heimilissjónvarp hjá sér sjónvarpsstöð, sem rekin er af hermálaráðuneyti annarrar þjóðar og efnið búið út í hermálaráðuneyti þeirrar þjóðar og miðað við, að það skuli skemmta hermönnum, sem dveljast fjarri heimastöðvum sínum? En það er vitanlegt, að

sjónvarp, sem er rekið á þennan hátt, er fyrst og fremst miðað við þarfir hermannanna, enda þarf ekki lengi að kynnast þessu varnarliðssjónvarpi til þess að sjá, að því fer fjarri, að það sé heppilegt heimilissjónvarp. Ætla ég ekki að fara að færa dæmi að því hér. Satt að segja álít ég, að hv. alþm. séu og hljóti að vera alveg færir um að gera sér grein fyrir því, að þetta sjónvarp verður fyrir hermennina og það er gert úr garði fyrir þá og rekið af hermálaráðuneyti hlutaðeigandi lands í því skyni. Þetta er alveg nægilegt út af fyrir sig til þess að sjá, að það er ekki heppilegt fyrir Íslendinga að hafa slíkt sem heimilissjónvarp. Ég álít, að það eigi ekki að koma til mála að tengja sjónvarp í landinu á einn eða annan hátt við dvöl varnarliðs í landinu og það sé mjög þýðingarmikið sjálfstæðis- og menningarmál fyrir Íslendinga að breyta til aftur frá því, sem nú hefur tíðkazt um skeið í þessu tilliti. Það er mjög óskynsamlegt á allan hátt að binda slíkan þátt í þjóðlífinu sem sjónvarp, jafnstórkostlegan þátt í heimilislífinu, við dvöl erlends varnarliðs í landinu. Það er mjög óhyggilegt, og satt að segja vona ég, að við verðum öll sammála um, að við þurfum að losa okkur út úr þessum vanda með því að slíta þetta tvennt alveg í sundur.

Ég kem aðeins aftur að þessu, hvort þetta sjónvarp henti fyrir íslenzk heimili og hvaða vandkvæði það hefur skapað í landinu, að þetta sjónvarp er rekið og Íslendingar hafa tekið að horfa á það.

Ég held, að það sé ekki ofsögum sagt, að þessi framkvæmd, að farið var að láta hersjónvarpið ná til Íslendinga, hafi skapað vandamál á flestum íslenzkum heimilum á því svæði, sem það getur náð til. Ég held, að það sé ekki of mikið sagt, að það hefur skapað vandamál á flestum íslenzkum heimilum á þessu svæði. Í fyrsta lagi hefur það vandamál komið upp á flestöllum heimilum, hvort ætti að fá sér sjónvarpstæki til þess að setja sig í samband við herstöðina á Keflavíkurflugvelli eða ekki. Og það eru ekki fá heimili á þessu svæði, þar sem þetta hefur orðið mikið vandamál og viðkvæmt vandamál og viðkvæmt á þann hátt, að það er hvorki heppilegt fyrir Íslendinga né Bandaríkjamenn, það er alveg víst, viðkvæmt á þann hátt, að það hefði verið bezt fyrir báða, að slíkt hefði ekki komið upp. Í annan stað ætla ég, að það séu ekki neinar ýkjur, að þar sem þetta sjónvarp er komið, verður það víða að stórfelldu vandamáli á heimilinu. Það kemur nefnilega upp það vandamál víðast hvar, að hve miklu leyti íslenzka útvarpið, og svo íslenzka sjónvarpið, þegar það kemur, skuli víkja fyrir hersjónvarpinu. Það verður ákvörðunarvandamál nálega daglega á öllum þessum heimilum og það oft ekki neitt smávægilegt vandamál og vandamál af því tagi, sem ég býst við að væri bezt fyrir báða aðila, sem hér eiga hlut að máli, að væri tekið á brott. Á flestum heimilum er þannig ástatt, að því er varðar húsakynni og alla aðstöðu, að það er ekki hægt að gera hvort tveggja í senn, að fylgjast með íslenzkri útvarpsdagskrá og sjónvarpinu frá Keflavík. Það verður því að gera upp við sig á þessum heimilum oft á dag, hvort skuli víkja. Og ef það verður nú t. d. ofan á, að íslenzka útvarpið skuli víkja, við skulum segja að staðaldri, hvað er þá skeð? Þá er það skeð, að sú fjölskylda, þar sem slíkt verður ofan á að staðaldri, er í raun og veru að verulegu leyti flutt úr íslenzku menningarumhverfi og yfir í bandarískt, og þetta getur gengið svo langt, góðir hálsar, og orðið svo alvarlegt mál, að það geta orðið hundruð heimila á Íslandi, jafnvel þúsundir, sem fylgjast ekki með íslenzku útvarpi og kannske ekki heldur íslenzku sjónvarpi, eftir að það verður komið, kannske varla með fréttum. Ég hygg, að við getum öll séð þetta, ef við viljum hugsa um þetta öfgalaust, og við þekkjum þennan vanda vafalaust meira og minna.

Nú vil ég segja það sem mína skoðun, að ég tel, að þessi vandi minnki fremur við íslenzka sjónvarpið, ef það verður myndarlegt, heldur en vaxi, vegna þess að ég tel, að það mundu verða fleiri, sem mundu þó horfa á íslenzkt sjónvarp heldur en bandarískt, en hinir, sem hlusta á íslenzkt útvarp fremur en bandarískt sjónvarp. En því fer alls fjarri, að vandamálið sé úr sögunni, þó að komi íslenzkt sjónvarp. Því fer alls fjarri, þó að það minnki eitthvað frá því ofboðslega ástandi, sem nú er í þessum efnum. Því tel ég, að við ættum öll að sameinast um að fara þá einu leið, sem til er í þessu sæmileg, og hún er sú, að um leið og við setjum upp myndarlegt sjónvarp, þá förum við að eins og aðrar þjóðir, þar sem erlent varnarlið er, að við skiljum þar á milli. Varnarliðið getur vitaskuld haft sjónvarp fyrir sig, meðan það er. Það kemur okkur ekki við, þar eigum við að skilja á milli, eins og aðrar þjóðir gera, þar sem erlent varnarlið er. Við eigum að hafa sama hátt á og leiðrétta það, sem gerzt hefur, og sannast að segja ættu ekki að þurfa að vera um þetta neinar deilur og íslenzkir sjónvarpsnotendur ættu ekki að þurfa að hafa af þessu neinar áhyggjur, vegna þess að við eigum að vera menn til þess að hafa okkar sjónvarp sæmilega myndarlegt. Við eigum að hafa í því íslenzkt efni, og við eigum líka að hafa í því mikið erlent efni. En það hættulegasta við Keflavíkursjónvarpið er auðvitað ekki það, að menn horfi á erlenda þætti í sjónvarpi, heldur hitt, að menn þurfa bókstaflega að velja, menn geta ekki gert hvort tveggja í senn að fylgjast með íslenzku ríkisútvarpi að neinu ráði og með bandaríska sjónvarpinu. Menn geta ekki heldur fylgzt með íslenzku sjónvarpi, þegar það kemur, að neinu ráði og fylgzt líka með bandaríska sjónvarpinu. Þennan vanda eigum við að sjálfsögðu að leysa á þennan einfalda hátt.

Ég geri fastlega ráð fyrir því, að ef menn hefðu álitið, að ástandið yrði eins og það hefur orðið, þá hefði engum dottið í hug að leyfa, að sjónvarpið á Keflavíkurflugvelli næði til landsmanna, — ef menn hefðu gert sér grein fyrir því, að ástandið yrði á þessa lund. Ég er alveg sannfærður um það og vil segja það hér, nota tækifærið til þess að segja það hér, að þessi látlausa viðureign, sem nú stendur á þúsundum íslenzkra heimila um þetta mál, og þessi sífelldi styr og barátta, sem hlýtur að standa um hersjónvarpið, á meðan það er, þetta hlýtur að magna óvild í garð Bandaríkjamanna hjá mörgum. Það er óhugsandi annað. Það er alveg óhugsandi annað en þetta magni óvild, og við megum allra síst við því, að hún festi rætur. Þetta er alveg víst, að svona er þetta, því að það verða alltaf þús-

undir og aftur þúsundir og tugir þúsunda í landinu, sem betur fer, sem sætta sig ekki við þetta. Og fjöldinn allur af því fólki, sem þannig hugsar, er í raun og veru meðal beztu stuðningsmanna vestrænnar samvinnu og mundi ekkert fremur vilja en sem allra bezta samvinnu við Bandaríkjamenn, sem nú um skeið hafa haft hér varnarlið í landinu. En það er alveg óhugsandi, að þetta fái staðið öðruvísi en að afleiðingarnar verði óvild, ef þetta verður látið halda áfram á þessa lund, og jafnvel þó að íslenzka sjónvarpið komi, þá skiptum við bara þjóðinni um sjónvörpin.

Það þýðir ekkert að láta sem svo, að sjónvarp sé ekki þýðingarmikill þáttur í lífi manna, eða líkja því við kvikmyndahús eða annað slíkt, sem er algerlega út í hött. Sjónvarpið kemur inn á hvert einasta heimili eftir örskamman tíma á hverjum einasta degi, en það gera bíóin ekki. Það er alger hugsanavilla að bera slíkt saman, og ég vona, að það eigi ekki eftir að heyrast hér í sölum Alþingis. En ef þessu heldur áfram á þessa lund, verður þetta þannig alveg vafalaust, að nokkur hluti þjóðarinnar telur sig ekki mega án þess vera að hafa bandarískt sjónvarp. Nokkur hluti þjóðarinnar verður þannig. Þeir, sem velja þann kostinn að slíta sig úr tengslum við íslenzkt útvarp og íslenzkt sjónvarp og halla sér að hinu, sem alltaf verður einhver talsverður hópur, mun sækja það með miklu kappi, kannske vaxandi kappi, að hafa þetta samband. En svo verður aftur á móti mikill hluti þjóðarinnar, sem heldur uppi harðri baráttu gegn þeim áhrifum, sem erlent herstöðvasjónvarp hefur í landinu, og þetta verður að óbreyttu ástandi eða a. m. k. þangað til varnarliðið þá færi og þar með sjónvarpið, eitt viðkvæmasta og erfiðasta deilumál í landinu og nátengt varnarmálunum. Auðvitað nær ekki nokkurri átt að halda þessu áfram, og það ætti að vera alveg sjálfsagður hlutur, að við sameinuðumst öll um það að breyta þarna til á þennan einfalda hátt, sem við höfum tækifæri til núna, þegar íslenzka sjónvarpið tekur til starfa.

Alls konar misskilningur hefur komið upp í sambandi við þetta mál, sem áreiðanlega leiðréttist, ef þetta er rætt skynsamlega og ekki af neinum ofsa, t. d. eins og það, sem hefur komið fram og maður hefur heyrt, að það væri einhver sérstök frelsisskerðing í því að gera þá ráðstöfun, að Keflavíkursjónvarpið verði bundið við varnarstöðina eina. En vitanlega er þetta byggt á algerum misskilningi, og ég vona, að það komi ekki fram hér á Alþ., að þessu verði blandað inn í málið. Við sjáum þetta bezt á því, að enginn mundi vilja halda því fram, að það sé ámælisverð frelsisskerðing í því fólgin, að Íslendingum er yfirleitt ekki leyft að flykkjast inn í varnarstöðina til að sækja skemmtanir á vegum varnarliðsins eða hafa þar samneyti við varnarliðið. Ég veit ekki betur en allir hafi verið nokkurn veginn sammála um, að það væri sjálfsagt að reyna af fremsta megni að halda herliðinu sér, ef við gætum orðað það þannig, þjóðlífinu sér og herlífinu sér, eins og frekast væri mögulegt. En vitanlega er ekki til stórfelldara brot á þeirri reglu en að láta hersjónvarpið koma inn á íslenzk heimili, enda er mér ekki kunnugt um, að það sé nokkurs staðar þannig, að hver sem er geti rekið sjónvarp. Það er alls staðar ríkisvaldið, sem áskilur sér rétt til þess að ákveða það, hverjir reki sjónvarp, og þannig á það að sjálfsögðu einnig að vera hér. Við getum ekki tekið upp þá stefnu, að hver sem er geti rekið sjónvarp, og sættum okkur ekki við, að það sé kölluð frelsisskerðing, ef ekki er á slíkt fallizt. Það kemur heldur ekkert þessu máli við, þó að svo kynni að fara síðar, að sjónvarp nái meira á milli landa en nú er og þá til okkar erlendis frá, því að þá yrðum við alveg í sama báti og aðrar þjóðir í því tilliti, og þá yrði það sjónvarp frá venjulegum sjónvarpsstöðvum, en ekki sjónvarpsstöðvum, sem sérstaklega væru bundnar við að þjóna herliði, og slíkt sjónvarp mundi ekki á nokkurn hátt verða tengt við dvöl varnarliðs á Íslandi.

Mín ályktunarorð í þessu efni eru því þau, að ég tel, að erlent hersjónvarp í landinu verði sífellt ásteytingarsteinn og hörkulega umdeilt mál og því hinn versti skaðvaldur góðri sambúð og nauðsynlegri samvinnu Íslendinga og Bandaríkjamanna. Ég álít, að erlent sjónvarp, sem er miðað við þarfir hermanna, sem dveljast fjarri heimilum sínum, sé alls ekki þannig vaxið, að það eigi að koma til mála, að það sé heimilissjónvarp Íslendinga. Þess vegna finnst mér ekki vera nema um eina leið að ræða, og hún er sú að takmarka sjónvarpið við herstöðina eina, og tækifærið til þess að gera þetta sé einmitt nú, þegar íslenzka sjónvarpið tekur til starfa. Ég vil gera mér vonir um, að um þetta náist víðtækt samkomulag, bæði á Alþ. og við hæstv. ríkisstj., og að hún sjái sér fært að fallast á þessa stefnu, sem hæstv. menntmrh. hefur lýst sig fylgjandi. Þátttaka mín í flutningi þessarar þáltill. á m. a. að taka af allan vafa um, að ég vil vinna að þessu með öllum þeim, sem þessa stefnu vilja taka upp, og álít, að um það ættu að myndast víðtæk samtök, utan og ofan við allar deilur.

**Ragnar Arnalds:** Herra forseti. Ég átti nú von á því, að hæstv. menntmrh. mundi koma hér og biðja um orðið og gefa hér einhverja yfirlýsingu um þetta mál. Ég býst við, að flestir hafi átt von á því. En úr því að svo hefur nú ekki orðið enn þá, vil ég ræða hér um efnisatriði þessa máls.

Við skulum ímynda okkur, að í fyrramálið bærist ríkisstj. bréf frá Ameríku, þykkt og mikið bréf. Og við skulum ímynda okkur, að þetta bréf væri ritað af bandarískum milljónamæringi, sem ekki vissi aura sinna tal, og í þessu bréfi færi hann fram á að fá hjá valdhöfum landsins nauðsynleg leyfi til að mega gera eftirfarandi:

Í fyrsta lagi óskaði hann eftir að mega reisa hér á landi svo sem 100 skóla af ýmsum tegundum, barnaskóla, gagnfræða-, verknáms-, menntaskóla og háskóla og reka þá a. m. k. næstu 10 árin. Í öðru lagi óskaði hann eftir að mega gefa út dagblað hér á landi, fjölbreytt að efni og 100 síður að stærð á hverjum degi og senda það ókeypis inn á hvert heimili í landinu. Bréfritari léti þess getið, að efni dagblaðsins yrði bæði úr íslenzku og erlendu þjóðlífi, en blaðið yrði þó aðeins gefið út á enskri tungu. Um skólastarfsemina væri það að segja, að þar yrði veitt fullkomnasta fræðsla, sem völ væri á í bandarískum skólum, en öll kennsla færi fram á ensku, og megináherzlan í fræðslunni allt frá 7 ára aldri

yrði lögð á að veita nemendum innsýn í bandaríska menningu og andans afrek meðal engilsaxneskra þjóða. Væri gert ráð fyrir, að 500—600 bandarískir kennarar störfuðu við skólana fyrstu árin. Tilgangur milljónamæringsins skiptir auðvitað ekki máli. Við getum t. d. ímyndað okkur þann tilgang, að auðmaðurinn vildi eyða svo sem 1500 millj. af eignum sínum til að styrkja gott málefni, áður en hann hrykki upp af. Hann hefði komið í heimsókn til Íslands, og honum hefði þótt ömurlegt að sjá, hve Íslendingar væru einangraðir frá heimsmenningunni. Sem bisnessmaður hefði hann strax séð, hvað það væri fjárhagslega óhagkvæmt fyrir 200 þús. einstaklinga að notast við sérstakt tungumál og halda uppi sjálfstæðu menningarlífi. Hann óskaði sem sagt eftir að hjálpa Íslendingum til að flytja anda sinn inn á nýtt menningarsvæði, svo að íslenzka þjóðin gæti með auðveldum hætti ausið af nægtabrunni bandarískrar hámenningar. Sem sagt, ríkisstj. fær þetta ímyndaða bréf, og þegar í stað hefjast rökræður meðal ráðandi manna um, hvað gera skuli í þessu máli. Og hvernig yrðu nú þær rökræður?

Vafalaust mundu nú margir verða til þess að benda á, að hér á landi hefur lengi verið mikill skortur á skólahúsnæði og víða um land er hreint neyðarástand í þeim efnum, að ekki sé talað um kennaraskortinn. 100 nýir amerískir skólar mundu gerbreyta ástandinu. Hundruð ungmenna, sem nú fá hvergi fræðslu vegna skorts á heimavistarskólum, fengju nú tækifæri til að mennta sig, og ríkisstj. þyrfti ekki framar að gefa út brbl. til að stöðva skólabyggingar. Jafnvel mætti nota ýmsar skólabyggingar ríkisins til annarra þarfa. Auk þess mundu nokkur hundruð bandarískra uppalenda bæta úr brýnustu kennaraþörfinni og jafnvel leysa íslenzkt vinnuafl af hólmi, en það gæti auðvitað komið sér vel við byggingu alúmíníumverksmiðjunnar.

Og eins þætti vafalaust ekki lakara, að nýju lífi yrði hleypt í dagblaðaútgáfu á Íslandi. Stórt og glæsilegt dagblað á ensku, sem væri efnismeira en öll íslenzk dagblöð samanlagt og sent væri inn á hvert heimili í landinu á hverjum degi, — hver gæti staðið á móti því? Er ekki líka sama, hvaðan gott kemur? Og atvinnurekendur mundu segja: Loksins fáum við blað, sem borgar sig að auglýsa í. Hver er ekki orðinn leiður á þessum litlu, ómerkilegu íslenzku blöðum, sem þar að auki eru rándýr?

En þannig mundu ekki allir tala. Sumir mundu rísa upp og mótmæla, jafnvel mjög margir. Þar mundu menntamenn einkum hafa forustuna, t. d. stúdentar og kennarar. Þessir menn mundu segja: Það er ekki mannsæmandi fyrir Íslendinga sem sjálfstæða menningarþjóð að veita erlendum aðila heimild til að keppa við íslenzka ríkið um menntun barna og unglinga. Slíkt getur engin sjálfstæð þjóð leyft í landi sínu. Íslenzk dagblaðaútgáfa væri í mikilli hættu, ef erlendur auðmaður fengi tækifæri til að yfirbjóða íslenzk dagblöð, bæði með ókeypis útgáfu og margfalt fjölbreyttara efni. Og þeir mundu segja, að slík áform mundu kalla stórfellda hættu yfir tungu Íslendinga, þjóðerni þeirra og menningu.

Þegar hér væri komið sögu, mundu auðvitað flestir sjá, að röksemdirnar gegn áformum Bandaríkjamannsins væru í aðalatriðum hinar sömu og bornar hafa verið fram gegn tilvist bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar. Þá kemur sér einmitt vel, að fylgjendur dátasjónvarpsins hafa komið sér upp íburðarmiklu vopnabúri með hinum fjölbreyttustu röksemdum. Þeir hafa haldið því fram, að áhrif sjónvarpsins á íslenzka menningu væru mjög lítil, og bent á, að mikið er keypt til landsins af erlendum bókum og blöðum og erlendar kvikmyndasýningar eru víða um land á hverju kvöldi. Eins munu þeir segja, að 100 síðna dagblað inn á hvert heimili í landinu muni engu breyta. Varðandi æskulýðinn hafa þeir bent á, að börnin sitji ekki nema nokkra klukkutíma á dag framan við sjónvarpið, og þeir munu benda á, að ekki yrðu börnin í amerískum skóla nema nokkra klukkutíma á dag. Þeir segjast geta fullyrt, að dátasjónvarpið hafi engin veruleg áhrif á uppvaxandi æskulýð. Eins mundu þeir segja: Mitt barn var í skóla í Ameríku, og ekki var það minni Íslendingur, þegar það kom heim. Hvers vegna ættu börnin okkar að vera minni Íslendingar, þótt þau séu í bandarískum skólum á Íslandi?

Þeir hafa fullyrt, að í bandaríska sjónvarpinu sé margt fróðlegt og menntandi að sjá, hlutir, sem þeir ella hefðu ekki átt kost á að kynnast. Og þeir munu segja: Íslenzk skólayfirvöld eru fátæk af fjármunum og nýtízku tækjum. Börnin okkar munu læra í hinum bandarísku skólum á Íslandi fjöldamargt, sem þau annars hefðu farið á mis við. Loks hafa þeir stöðugt undirstrikað: Íslenzk menning er máttug og sterk og hefur kannske aldrei staðið traustari fótum. En ef hún í raun og veru er svo máttlítil, að hún þolir ekki, að um hana leiki vindar heimsmenningarinnar, þá er hún ekki þess virði, að í hana sé haldið. Þessi röksemd er ævinlega höfð á lofti í umr. um sjónvarpsmál, og henni má auðvitað beita á margan veg: Ef íslenzk dagblöð eru svo illa úr garði gerð, að þau gefast upp í samkeppni við erlent stórblað, eiga þau ekki skilið að fá að lifa. Þá er eins gott, að þau drepist strax!

Ég hef nú gert grein fyrir röksemdum beggja aðila í þessari ímynduðu deilu. Nú er spurningin: Hvað mundi ríkisstj. gera? Hún er nú öll gengin út úr þingsalnum, svo að erfitt er að segja um það. Kannske væri líka réttast, að ég hætti hér þessari sögu, sem enn hefur ekki gerzt og sjálfsagt mun aldrei gerast. Kannske væri varlegast að svara ekki þeirri spurningu, hver verða mundu viðbrögð ríkisstj. Samt ætla ég mér að geta mér til um svarið, því að í raun og veru liggur svarið á borðinu. Ríkisstj. féllst á málflutning þeirra, sem börðust fyrir bandarísku dátasjónvarpi, og veitti Bandaríkjamönnum leyfið. Hún mundi sjálfsagt taka sömu afstöðu í annað sinn. Bandaríkjamaðurinn kæmi færandi hendi til Íslendinga, og auðvitað yrðu allar dyr opnar.

Hitt er svo allt annað mál, að eftir nokkur ár, þegar Bandaríkjamaðurinn væri búinn að yfirtaka fræðslustarfsemi á Íslandi og íslenzk dagblöð hefðu gefizt upp í samkeppninni við erlent stórblað, mundi ríkisstj. vafalaust vakna upp við vondan draum allt í einu. Þá færu sumir hinna ráðandi manna að fá bakþanka og einhverjir þeirra, t. d. ritstjóri Alþýðublaðsins, 5. þm. Vesturl. hv., mundu kannske fást til að lýsa því yfir, að málið væri „komið í andstyggilega sjálf-

heldu," eftir að hafa sjálfur átt verulegan þátt í framgangi málsins. En þegar til skarar ætti að skríða, þegar minnzt yrði á, að loka ætti bandarískum skólum á Íslandi og stöðva markvissa viðleitni til að breyta Íslendingum í Ameríkana, þurfum við ekki að efast um, að margir hugumstórir frelsisvinir og lýðræðissinnar mundu stíga fram á sjórnarsviðið. Til þess að átta okkur á hugsanlegum málflutningi þeirra, skulum við líta á það, sem nú er sagt um sjónvarpsmálið. Einn af forustumönnum ungra sjálfstæðismanna segir í Lesbók Morgunblaðsins fyrir einum mánuði, með leyfi forseta:

„Hvað er það annað en einangrun, þegar útiloka á sjónvarpseigendur frá því að horfa á það, sem þeim bezt þykir? Hvað er það annað en einokun, þegar sjálfskipaðir menningarverndarar ætla að ráða því fyrir okkur hina, á hvað við megum horfa?"

Og einn æstasti aðdáandi bandarísku sjónvarpsins, Guðlaugur Gíslason, hv. 3. þm. Sunnl., segir í Morgunblaðinu 15. febr. s. l.:

„Mundu ekki þær tugþúsundir sjónvarpsnotenda, sem þegar eru til í landinu, telja það skerðingu á frelsi sínu og athöfnum, ef þeir væru allt í einu sviptir rétti til að nota þessi tæki? Hvað er það í dagskrá Keflavíkursjónvarpsins, sem miðar að því að grafa undan tilveru íslenzku þjóðarinnar?"

Þarna er sannarlega dramatískt til orða tekið. Af þessum orðum ætti að vera auðvelt að geta sér til um málflutning þessara manna við hinar nýju aðstæður. Þeir mundu segja: Það má vel vera, að erlenda stórblaðið hafi stuðlað að uppgjöf íslenzkra dagblaða, eins og sjónvarpið hefur kannske einhver áhrif á áhuga fólks á íslenzkri menningu. En hvað er það í þessu blaði, sem miðar að því að grafa undan tilveru íslenzku þjóðarinnar? Hvaða námsgrein er það í þessum bandarísku skólum, hvaða kennslubók getið þið nefnt, sem miðar að því að eyðileggja íslenzka menningu? Og víst er, að margir ættu vafalaust erfitt með að svara svo háspekilegri spurningu.

Og enn munu þeir segja: Hvers eiga þau börn að gjalda, sem nú sitja í bandarískum skólum á Íslandi? Mundu þau ekki telja það skerðingu á frelsi sínu og athöfnum, ef þau væru svipt rétti til að sækja bandarísk skóla á Íslandi? Hvað á þessi einokun og ófrelsi að þýða? Ef íslenzk börn vilja ekki læra íslenzku, á þá að þröngva henni upp á vesalings börnin? Þeir munu segja: Við lifum í lýðfrjálsu landi. Ef íslenzk börn vilja verða amerísk í hugsun, eiga þau að ráða því sjálf.

Herra forseti. Nú mun e. t. v. einhver segja, að þessi dæmisaga eða samlíking, sem ég hef hér borið fram, sé ekki raunhæf eða í samræmi við raunveruleikann. Það muni engum detta í hug að veita íslenzkum unglingum kennslu í dýrum, erlendum skólum, sem byggðir yrðu á Íslandi, og engum mundi detta í hug að fara að gefa erlent dagblað inn á hvert heimili í landinu. Ég skal fúslega viðurkenna, að dæmisögur eða samlíkingar eru sjaldnast í samræmi við raunveruleikann. En það vill svo til, að þessi samlíking á sér raunverulega fyrirmynd.

Saga hermannasjónvarpsins er saga um bandarískan milljónamæring, sem fékk leyfi íslenzkra stjórnarvalda til að brjótast á eigin kostnað inn í íslenzkt menningarlíf með voldugasta áróðurstæki nútímans. Hann reisti stöð í landinu sjálfu og eyðir nú til þess tugum millj. kr. að komast með dagskrá sína inn á íslenzk heimili 7 klukkutíma á dag. Á hverjum degi gefur hann Íslendingum ókeypis fréttablað í myndum og hefur þegar skákað keppinaut sínum, íslenzka ríkisútvarpinu, út af þúsundum heimila. Þessi milljónamæringur fær ekkert í aðra hönd fyrir erfiði sitt og umstang. En hann veit, hvað hann er að gera. Hann er hugmyndaríkur uppalandi, og kennsla hans er myndræn. Á hverjum degi sitja þúsundir íslenzkra barna við fótskör hans. Daglega veitir hann tugþúsundum Íslendinga nákvæma innsýn í bandarískt þjóðlíf og menningarlíf, meðan athygli þeirra og áhugi á íslenzkum viðfangsefnum og þjóðmálum sljóvgast að sama skapi.

Ég hef nefnt hér dæmi um hugsanlega einokun Bandaríkjamanna á íslenzkri dagblaðaútgáfu eða fræðslustarfsemi í landinu og ef ekki einokun, þá a. m. k. erfiða samkeppni íslenzkra aðila við erlend áhrifaöfl, sem veitt væri aðstaða til hömlulausra áhrifa á íslenzka menningu. Ég hef nefnt þessi dæmi til að minna á, að hér er um algerlega sambærileg mál að ræða. Spurningin er aðeins, hvar vilja þessir menn draga markalínuna? Hvað geta þeir hugsað sér að ganga langt í þá átt að afhenda útlendingum einstakar greinar hins menningarlega fullveldis Íslendinga? Í þessu sambandi er vissulega fátt hlægilegra og heimskulegra en tala um það í fullri alvöru, eins og hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, að verið sé að svipta sjónvarpsnotendur frelsi sínu til að nota sjónvarpstæki. Spurningin er ekki um frelsi sjónvarpsnotenda, heldur um hitt, hvort erlent stórveldi skuli fá leyfi og frelsi til að ryðjast til áhrifa í íslenzku menningarlífi í krafti mikils fjármagns og einstæðrar aðstöðu. Í íslenzkum lögum eru auðvitað margs konar ákvæði, sem takmarka rétt erlendra ríkisborgara til athafna hér á landi. Ég vil minna á, að nýlega voru sett lög, sem takmarka réttindi til atvinnurekstrar við íslenzkan ríkisborgararétt. Með því er auðvitað verið að svipta erlenda ríkisborgara ákveðnu frelsi. En engum hefur hingað til dottið í hug, að með því væri í raun og veru verið að svipta væntanlega íslenzka viðskiptavini þessara manna frelsi, þótt þeir muni ekki fá að gera viðskipti sín við þessa erlendu ríkisborgara. Ég trúi því tæpast, að nokkur hv. alþm. geri sér ekki ljóst, að ef Íslendingar vilja heita sjálfstæð þjóð, hljóta þeir að verða að takmarka athafnarétt útlendinga og erlendra ríkja hér á landi með ýmsum hætti. M. a. verður yfirstjórn og rekstur helztu menningartækja að vera í höndum íslenzkra manna.

Í umræðum um dátasjónvarpið er því oft haldið fram, að innan tíðar muni verða stofnað til alheimssjónvarps frá gervitungli, sem hver og einn geti notið í stofunni heima hjá sér, og því sé fáránlegt og tilgangslaust að ætla að takmarka sjónvarpsstarfsemi Bandaríkjamanna hér á landi. Í fyrsta lagi er auðvitað rétt að benda á, að fullyrðingar um sjónvarpssendingar frá gervitungli beint inn í viðtökutæki á heimilum manna, fullyrðingar um slíka tækni að fáeinum árum liðnum eru algerlega úr lausu lofti gripnar. Það veit enginn, hvort tæknin kemst á slíkt stig á næstu

áratugum, og meðan það er ekki, verður sérhvert land að hafa móttökustöðvar og senda dagskrána um endurvarpsstöð til sjónvarpsnotenda í hverju landi. Gefst þá auðvitað tækifæri til þess að fella slíkar sendingar inn í íslenzkt dagskrárefni. Sem sagt, það verður tækifæri til að hafna og velja. En við skulum samt ræða hinn möguleikann og bera hann saman við núverandi ástand. Auðvitað þarf ekki mikla skarpskyggni til að sjá, að sjónvarpssendingar frá alheimssjónvarpi væru allt annars eðlis en bandarísku dátasjónvarpið og hefðu allt önnur og skaplegri áhrif á íslenzka menningu en núverandi sjónvarpseinokun Bandaríkjamanna.

Kjarni sjónvarpsmálsins er fyrst og fremst sá, að íslenzkri menningu stafar hætta af dátasjónvarpinu í Keflavík, vegna þess að áhrifin berast úr einni átt, áhrifin á tunguna eru frá einu tungumáli, áhrifin eru þau sömu á sérhvern sjónvarpsnotanda, og sjónvarpsnotendur hlusta allir á sömu stöðina, en verða ekki fyrir áhrifum úr ýmsum áttum, eins og þeir, sem hlusta mikið á erlent útvarp. Áhrifin á íslenzkt þjóðlíf, á lífsviðhorf Íslendinga, berast öll frá sama erlenda menningarsvæðinu. Það er aðeins ofurþungi bandarískrar menningar og ómenningaráhrifa, sem hvílir á íslenzku menningarlífi. Þar með er Íslendingurinn ekki lengur einbúi í Atlantshafi, sem lifir sjálfstæðu þjóðlífi og skyggnist um veröld víða, kynnir sér menningarstrauma margra þjóða, lærir eitt af þessum nágranna sínum og annað af hinum án þess að verða fyrir allt of miklum áhrifum af einum einstökum. Stór hluti þjóðarinnar hefur keypt á heimili sitt hinn stóra útsýnisglugga Bandaríkjanna, sem hlýtur eðlis síns vegna að byrgja sýn til annarra þjóða. Þetta fólk er nú fyrst og fremst þátttakendur í bandarísku þjóðlífi. Það hlýtur með tíð og tíma að hverfa af hinum aldagamla sjálfstæða íslenzka sjónarhól og verða að miklu leyti bandarískt í viðhorfum sínum og hugsun.

Innreið bandarísku sjónvarpsins á Íslandi er ótrúleg staðreynd, og sagan mun áreiðanlega dæma þá íslenzka ráðamenn hart, sem veittu Bandaríkjamönnum sjónvarpsleyfið, ef einhver íslenzk saga verður þá til. Ósannindi og staðlausir stafir Guðmundar Í. Guðmundssonar fyrrv. utanrrh., sem hann hélt að þm., þegar hann varði gerðir sínar hér á Alþ., munu lengi í minnum hafðir. En þyngstan áfellisdóm mun þó hæstv. menntmrh. hljóta. Hæstv. menntmrh. er búinn að vera forustumaður íslenzkrar menningarstarfsemi í áratug, málsvari íslenzkrar menningar í ríkisstj. og æðsti yfirmaður uppeldis- og fræðslumála. Þegjandi og án þess að gera nokkra aths. hefur hann fylgzt með þróun málsins ár frá ári, og það var ekki fyrr en núna fyrir tæpu ári, nánar tiltekið 17. maí, að hann lýsti því loksins yfir, að það ástand. sem hlotizt hefði af stækkun dátasjónvarpsins, væri ósamboðið Íslendingum sem sjálfstæðri menningarþjóð. Það ástand, sem ráðh. talaði um og flokksbróðir hans, hv. þm. Benedikt Gröndal, kallar andstyggilega sjálfheldu, hefur skapazt í ráðherratíð hans, undir verndarvæng hans og með atfylgi hans og atkv. hér í þinginu.

Nú er mér vel ljóst, að hæstv. ráðh. hefur snúizt hugur í málinu og frá því fyrir einu ári hefur hann haft vissa viðleitni í frammi til þess að fá þarna nokkru um þokað. Ég hélt satt að segja, eins og ég sagði áðan, að við mundum fá einhverja yfirlýsingu um þetta mál strax á eftir framsöguræðu. En það hefur ekki orðið. Ég verð að segja, að ég furða mig á því, ef hæstv. ráðh. ætlar að sitja hér þegjandi undir þessum umr. án þess að láta í ljós, hvaða skoðun hann hefur nú á málinu. Eins og ég sagði, veit ég um hans viðleitni. Hann er vissulega alls góðs maklegur fyrir sína viðleitni, enda þótt hún kæmi nokkuð seint. En viðleitnin ein nægir ekki. Við hljótum hér í þinginu að krefjast þess af honum, að hann skýri okkur frá því, hvað ríkisstj. hyggist fyrir í þessu máli. Ég vil líka minna á, að það er vegna hans tilmæla, að dregið var viku eftir viku að flytja þetta mál hér í þinginu, þar til loks að þetta mál var flutt núna fyrir 5 vikum. Nú eru líklega ekki nema tvær vikur eftir af þingtímanum, og e. t. v. verður þetta mál að fara til n. Við vitum, hvað n. eru fljótar að skila frá sér áliti. Það stendur sem sagt mjög tæpt, að hægt sé að fá þetta mál afgreitt. Þess vegna tel ég, að þeir aðilar í ríkisstj., sem óskuðu eftir því lengi framan af, að flutningi þessarar till. yrði frestað, beri tvímælalaust fulla ábyrgð á því, ef svo færi, að till. dagaði uppi og ekkert yrði gert í þessu máli. Þess vegna endurtek ég spurninguna: Hvað hyggst ríkisstj. fyrir í þessu máli?

**Guðlaugur Gíslason:** Herra forseti. Ég mun eini þm., sem lýst hefur opinberlega afstöðu minni til þessa máls, og þarf ég kannske ekki af þeirri ástæðu að vera mjög langorður um það, en tel þó rétt að ræða till. nokkuð.

Þegar þetta mál hefur verið hér til umr. á Alþ., hafa komið aðallega fram tvenn rök fyrir því, að loka ætti eða takmarka Keflavíkursjónvarpið við herstöðina eina, og er það í fyrsta lagi, að það væri vansæmandi fyrir Íslendinga sem sjálfstæða menningarþjóð að heimila einni erlendri þjóð að reka hér á landi sjónvarpsstöð, og í öðru lagi, að sjónvarp varnarliðsins stefndi íslenzku þjóðerni í hættu. Þessi rök, sem tvær þáltill., sem hér hafa verið fluttar á Alþ., eru byggðar á, þ. e. fyrst þáltill. á þskj. 470 á þinginu 1963—1964, flutt af þeim hv. þm. Gunnari Guðbjartssyni, Bergi Sigurbjörnssyni og Alfreð Gíslasyni, aðalástæðan og aðalrökin, ég vil segja einu rökin, sem koma fram fyrir því frá þessum aðilum, eru, að það sé vansæmandi fyrir Íslendinga sem sjálfstæða menningarþjóð að heimila einni erlendri þjóð að reka hér á landi sjónvarpsstöð. Þessi till. er beint flutt vegna áskorunar 60-menninganna svokölluðu, sem send var Alþ. á þessum tíma. Sú till., sem hér liggur fyrir á þskj. 296, er aðallega og ég vil segja eingöngu byggð á því, að sjónvarp varnarliðsins stefni íslenzku þjóðerni í hættu. Einnig sú till., sem hér er flutt og rædd nú, er fram komin, að því er séð verður á grg. og fskj., sem henni fylgja, vegna áskorana til Alþ. undirritaðra af 600 stúdentum við Háskóla Íslands. Á móti þessum tillöguflutningi og þessum áskorunum, sem þessar tvær till. eru byggðar á, kemur svo áskorun 14600 sjónvarpsnotenda, sem krefjast þess að fá áfram að horfa á Keflavíkursjónvarpið, ef þeir vilja svo vera láta. Þegar þm. flytja till., sem sjáanlega eru fram komnar beint vegna áskorana ákveðinna hópa, hlýtur að vakna sú spurning: Hvernig ætla

þeir að svara þeim 14600 sjónvarpsnotendum, sem gera sínar kröfur um að fá að nota þau tæki, sem þeir hafa keypt í þeim tilgangi fyrst og fremst og ég vil segja eina tilgangi margir hverjir að horfa á Keflavíkursjónvarpið? Þetta er að sjálfsögðu spurning, sem þeir aðilar, sem að þessum till. standa, hljóta að verða að svara þessum 14600 sjónvarpsnotendum, sem sína áskorun hafa einnig sent hingað til Alþ. Ef hægt er að byggja þáltill. á áskorun 60 manna eða áskorun 600 manna, hljóta hinir sömu aðilar einnig að verða að taka tillit til áskorana 14600 aðila.

Í sambandi við þetta sjónvarpsmál hlýtur að vakna önnur spurning, sem ég hef greinilega tekið eftir, að allir þeir, sem tala gegn sjónvarpinu, hafa mjög forðazt að minnast á, en það er Keflavíkurútvarpið. Það er vitanlegt, að tæknifróðir menn halda ákveðið fram, að enginn skilsmunur sé á sjónvarpi og útvarpi. Þessi skoðun hefur einnig komið fram hér á Alþ., og ég hef engan heyrt mæla því gegn, að þetta væri rétt niðurstaða. Ég tel rétt að lofa þm. að heyra a. m. k. það, sem hér var sagt um þetta mál af einum hv. alþm. nú fyrir skömmu. Það var í sambandi við umr. og deilur, sem urðu út af fsp. á þskj. 59. Þá sagði hv. 5. þm. Vesturl., formaður útvarpsráðs, í upphafi sinnar ræðu, sem ég vil, með leyfi forseta, lesa upp:

„Ég vildi aðeins segja örfá orð út af lagalegri hlið sjónvarpsmálsins, sem hefur komið til umr. Ég er algerlega ósammála hv. síðasta ræðumanni um það, að útvarp og sjónvarp séu sitt hvað. Útvarp og sjónvarp eru nákvæmlega það sama, aðeins sá tekniski munur, hvort það, sem sent er út í eterinn og fólk tekur á móti, er hljóðbylgja eða bylgja, sem myndar mynd.“

Þetta er það, sem formaður útvarpsráðs hafði um þessa hlið málsins að segja, og er hún í fullu samræmi við það, sem fram hefur komið hjá tæknifróðum mönnum um málið. Og eins og ég sagði áðan, ég hef engan heyrt andmæla því, hvorki hér á þingi né annars staðar, að þessi skoðun formanns útvarpsráðs væri rétt.

Þegar nú er tekið tillit til þessa, að við erum þarna að tala um tvö atriði, annars vegar Keflavíkurútvarpið og hins vegar Keflavíkursjónvarpið, hlýtur það að vekja undrun, að þeir menn, sem berjast gegn Keflavíkursjónvarpinu, skuli ekki minnast á Keflavíkurútvarpið. Ef það er rétt, sem hér hefur verið haldið fram, að það sé ekki sæmandi fyrir Íslendinga að hafa Keflavíkursjónvarpið og það stefni íslenzku þjóðerni í hættu að hafa Keflavíkursjónvarpið, hlýtur eftir þessum rökum, sem hér liggja fyrir og enginn hefur mótmælt, að gilda það nákvæmlega sama um Keflavíkurútvarpið. Nú er það vitað, að á þessu ári eru liðin sennilega rúm 15 ár, síðan Keflavíkurútvarpið var leyft af íslenzkum stjórnvöldum. Tveir flm. að þeirri till., sem hér er verið að ræða í dag, hafa í millitíðinni, síðan það var leyft, verið ráðh. í ríkisstj. Íslands, þ. e. hv. 1. þm. Austf. og hv. 5. þm. Austf., sem í vinstri stjórninni svokölluðu voru ráðh., án þess að nokkuð liggi fyrir um það mér vitanlega, að þeir hafi gert tilraun til þess að fá Keflavíkurútvarpinu lokað. Það hlýtur því að vekja nokkra undrun og eftirtekt, að það skuli aðeins sjónvarpshliðin á þessu máli vera tekin hér til umr. og mótmælt af þeim, þegar þeir allan þennan tíma, bæði meðan þeir hafa setið hér á þingi sem alþm. og einnig þegar þeir hafa setið sem ráðh., hafa aldrei látið sér detta í hug að fara fram á það, að Keflavíkurútvarpinu yrði lokað.

Ég hef haldið fram opinberlega og held því alveg hiklaust fram hér, að ég tel það beinlínis vantraust á íslenzku þjóðinni að halda því fram, að þjóðerni hennar stafi hætta af Keflavíkursjónvarpinu. Að sjálfsögðu má deila um þetta endalaust, og ef við ættum að taka alvarlega dæmið, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. landsk. þm., var hér með um það, að amerískur milljónamæringur kæmi hér og stofnaði barnaskóla, ég tel, að ef engin sterkari rök eru til í þessu máli gegn Keflavíkursjónvarpinu, er þar um hrein rökþrot að ræða, því að það er svo fjarskylt mál að bera saman, að ég tel, að það séu hrein rökþrot að hafa ekkert annað sterkara fram að færa en það. (Gripið fram í: Hann ætlaði að stofna blöð líka.) Það er alveg rétt, hann var með blöð líka, en ég satt að segja tel ekki, að þingheimur geti tekið slíkar röksemdir alvarlega.

Það hefur verið bent á það áður, sem er alveg rétt og er staðreynd, sem ég held að hv. alþm. og íslenzka þjóðin hafi vel efni á að gera sér grein fyrir, að menning þjóðarinnar og þjóðarmetnaður og þjóðarkennd hefur aldrei staðið styrkari fótum en hún stendur nú í dag. Þetta byggist ekki eingöngu á því, eins og lengi var, að okkar frægð eða okkar menning byggðist eingöngu kannske á fornum bókmenntum og fornri frægð. Þetta byggist fyrst og fremst á því, að Íslendingar eru orðnir jafnokar annarra þjóða, þeir eru orðnir í beinum samskiptum við aðrar erlendar stórþjóðir, eiga sæti og samstöðu með þeim í alls konar samtökum, bæði Sameinuðu þjóðunum og víðar, og eru þar viðurkenndir. Og þeir eru fyrst og fremst viðurkenndir fyrir það, sem hefur verið að gerast nú á síðasta mannsaldri hér á Íslandi, svo að þeir hafa mjög vel efni á því að viðurkenna það, að okkar menning sé ekki svo rýr og svo veik, að henni stafi hætta af Keflavíkursjónvarpinu.

Ég tel, að þetta mál sé komið á það stig, að það sé ekki raunverulega lengur verið að deila um Keflavíkursjónvarpið eða Keflavíkurútvarpið. Fyrir mér liggur málið þannig fyrir, að ég tel, að það sé verið að deila um það, hvort Alþ. ætlar inn á þá braut að fara að ákveða, hvað landsmenn megi horfa á í sjónvarpi, horfa á í kvikmyndum, lesa í blöðum eða hlusta á í útvarpinu. Þetta er nákvæmlega það, sem er að gerast með Keflavíkursjónvarpið. Það er, að ég tel, alveg sama aðstaða með það eins og erlendar kvikmyndir, sem hér eru sýndar. Hv. 1. þm. Austf. vildi ekki, að menn minntust hér á kvikmyndir í sambandi við sjónvarp. En hvað er kvikmynd, og hvað er sjónvarp? Þetta er nákvæmlega sama, og mestmegnis erum við hér með erlendar kvikmyndir, sem fylgir erlendur texti og erlent mál, þannig að ef Íslendingar þola ekki að horfa á og hlusta á erlent sjónvarp, þola þeir vissulega ekki heldur að horfa á erlendar kvikmyndir, þannig að ég tel, að deilan standi orðið um þetta, hvort Alþ. ætlar sér að fara inn á það að skerða þennan rétt, sem ég hef haldið fram að ætti að taka af mönnum.

Ég hika ekki við að segja það, að þegar þúsundir, — hér sagði ræðumaður kannske: tugir þúsunda, — Íslendinga eru búnir að kaupa sjónvarpstæki, gera það í þeirri góðu trú og þeirri vissu, að þeir eru að gera það með fullu leyfi íslenzkra stjórnvalda að kaupa þessi tæki, og þeir gera það með fullri vissu um það, að þeir hafa leyfi til þess, það eru engin íslenzk lagaákvæði, sem geta bannað þeim að horfa á Keflavíkursjónvarpið, er þar bókstaflega verið að taka af þeim rétt til þess að haga sér í þessu sambandi eins og þeir sjálfir kjósa að gera. Ég tel ekki, að Alþ. eigi að fara inn á það að grípa þarna inn í og segja þeim fyrir verkum, hvað þeir megi hlusta á í Keflavíkursjónvarpi eða Keflavíkurútvarpi.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, eyddi nokkuð miklu af sínum ræðutíma í það, að það væru deilur á íslenzkum heimilum um, hvort ætti að kaupa sjónvarpstæki til að horfa á Keflavíkursjónvarpið, og það væru deilur um það, hvort ætti frekar að horfa á sjónvarpið eða hlusta á útvarp. En hvað skeður, þegar íslenzka sjónvarpið kemur? Geta þá ekki orðið alveg eins deilur um það á heimilum, hvort það eigi að kaupa sjónvarp eða ekki eða hvort eigi að horfa á íslenzka sjónvarpið eða hlusta á íslenzka útvarpið? Ég held, að það sé nákvæmlega sama aðstaða með það, að ef þetta er fyrir hendi, þá getur orðið nákvæmlega það sama fyrir hendi, þegar íslenzka sjónvarpið kemur. Það geta orðið deilur innbyrðis á heimilum um það, hvort eigi að taka og hvort eigi að horfa á og hvort eigi að hlusta á, þannig að það eru engin rök fyrir því, að Íslendingar megi ekki, ef þeim sýnist svo, horfa á Keflavíkursjónvarpið.

Ég tel, að það þurfi ekki að vera að ræða það, sem hv. 1. flm. þessa frv. hélt hér fram í sinni framsöguræðu í dag, þegar hann líkti Keflavíkursjónvarpinu við það, að taka ætti upp kennslu í öllum skólum hér á landi á erlendu máli eða ætti að fara að prédika í kirkjum landsins á erlendu máli fyrir Íslendinga. Ég tel þetta svo fjarstæðukennt og ólíkt, að það er um það nákvæmlega eins og um staðhæfingar hv. 5. landsk. þm. um skóla hins ameriska auðkýfings eða blöð, að þarna er sjáanlega ekki um nein eðlileg rök að ræða.

Það, sem ég vil leggja aðaláherzlu á, er að spyrja flm. frv. um, hvers vegna þeir krefjast þess ekki í sinni till., að Keflavíkurútvarpið sé einnig takmarkað við Keflavíkurvöllinn, eins og þeir krefjast, að Keflavíkursjónvarpið sé takmarkað við þann stað einan, og ég itreka það, sem ég sagði, að það hafa verið færð hér á Alþ. og annars staðar alveg greinileg rök fyrir því, að sjónvarp og útvarp er nákvæmlega það sama. Hvort tveggja getur verið áróðurstæki og kann að vera, ef því er þannig beitt, og þess vegna væri það eðlilegt, að slík till. eins og hér liggur fyrir næði einnig yfir þennan þátt málsins. Við þessu hlýtur maður að geta ætlazt til, að komi grg. og svar frá þeim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli og að þessari till. standa.

Ég skal nú við þessa umr. ekki orðlengja þetta meira. Það er greinilegt, að bæði hér á Alþ. og áu efa utan Alþ. eru skiptar skoðanir um það, hvort almenningur hér á landi á að fá leyfi til að horfa á Keflavíkursjónvarp eða hvort á að takmarka það við herstöðina eina. Ég hygg, að það sé öllum alveg ljóst, en fyrir Alþ. liggur það alveg greinilega, að það er miklu stærri hópur, sem hingað hefur sent sitt álit, sem vill, að almenningur fái að velja eða hafna um það, hvort hann horfir á Keflavíkursjónvarpið eða ekki. Það er miklu stærri hópur en þeir hópar, sem hingað hafa sent áskorun um að takmarka það eða loka því.

**Ragnar Arnalds:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, því að ég hef lofað forseta að tefja ekki afgreiðslu málsins. Það er mín helzta ósk, að málið komist áfram sem allra fyrst, og ég vil því ekki segja hér nema aðeins fáar setningar.

Hv. seinasti ræðumaður lagði mikla áherzlu á, hve stór hópur hefði skorað á Alþ. og stæði hans megin í málinu, og gat þess, að þar hefðu verið á ferðinni yfir 14 þús. sjónvarpsnotendur. Ég vildi aðeins láta það koma fram, að í hans sporum mundi ég blygðast mín fyrir að nefna þessa lista máli mínu til stuðnings. Ég vil aðeins spyrja hv. þm., hvort hann hafi skoðað þessa lista. Ég efast um, að honum finnist það viðeigandi, að hv. alþm. taki mark á mönnum, sem segjast vera að safna undirskriftum meðal Íslendinga 18 ára og eldri, en þó þarf ekki annað en skoða þessa lista lítillega til að sjá, að þar úir og grúir af börnum og unglingum, — já, þar eru jafnvel 8 ára pottormar að skora á Alþ. Nei, þessir undirskriftalistar, sem félag sjónvarpsaðdáenda sendi Alþ., eru vissulega hreint hneyksli, og ég held, að það væri betra fyrir okkur báða að reyna að gleyma þeim sem fyrst.

**Guðlaugur Gíslason:** Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja umr., en það var vegna þessarar fsp. frá hv. 5. landsk. þm. Vissulega hef ég litið á þessa lista, ég hef skoðað þá, þótt ég hafi ekki lesið þá frá nafni til nafns, en þar sem ég þekki menn á þessum listum, veit ég, að þar er um eldri aðila að ræða en 18 ára. (**Gripið fram í:** 8, sagði hann.) Hann sagði 8. Ég hef engan mann, sem ég þekki þarna, séð þar yngri en 18 ára. Ég kannast við nöfn, og ekkert þeirra er undir þeim aldri, og ég skal ekkert um það dæma, hvort hann hefur rétt fyrir sér eða ekki. Það er náttúrlega enginn vandi að slá því fram, þegar hann veit, að sennilega hefur enginn einasti þm. rannsakað listana þannig, að hann geti dæmt um það, hvort hann fer með rétt mál eða ekki. Ég held, að það sé rétt hjá mér, að það er ekki getið um aldur á neinum aðila þarna. Ég held, að það sé ekki á listunum getið um aldur neins aðila. Það er tekið fram í forsendum fyrir undirskriftum, að það skuli vera menn á þessum aldri, og þeir aðilar, sem ég þekki, eru allir eldri en 18 ára.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 18. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 26. Verksmiðja á Skagaströnd, er framleiði sjólax.

Á deildafundum 10. marz var útbýtt frá Sþ.:

**Till. til þál. um byggingu verksmiðju á Skagaströnd, er framleiði sjólax og aðrar fullunnar sjávarafurðir** [143. mál] (A. 302).

Á 31. fundi í Sþ., 16. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 32., 34., 36. og 38. fundi í Sþ., 23. og 30. marz, 13. og 20. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

**Flm. (Ragnar Arnalds):** Herra forseti. Við höfum leyft okkur að flytja hér 4 þm. úr Norðurl. v. till. til þál. um byggingu verksmiðju á Skagaströnd, er framleiði sjólax og aðrar fullunnar sjávarafurðir.

Eins og kunnugt er, hefur verið ríkjandi í mörg ár mikið atvinnuleysi á Skagaströnd. Þangað hefur lítil sem engin síld borizt í síldarbræðslu síldarverksmiðja ríkisins, sem er langstærsta atvinnutæki staðarins, og afli hefur tíðast verið heldur tregur. Verulegur hluti verkfærra manna hefur orðið að afla sér tekna í öðrum landshlutum yfir vetrarmánuðina.

Aftur og aftur hefur verið imprað á því af ýmsum aðilum bæði utan þingsins og innan með ræðum og tillöguflutningi, að eitthvað yrði gert til að leysa atvinnuvandamál Skagstrendinga. Hér hafa verið samþ. ýmsar till., sem stefna í þá átt. En þær hafa allar fjallað um athugun á möguleikum á einhvers konar atvinnustarfsemi, og þessir möguleikar hafa ekki verið notaðir. Niðurstaða hefur sjaldnast fengizt af þessum athugunum og árangur enginn orðið.

Framkvæmd þessarar till. væri vissulega mikilvægt spor til þess að bæta atvinnuástand staðarins, en hins vegar skal það viðurkennt, að vandinn væri ekki þar með endanlega leystur. Í skýrslu, sem stjórnskipuð n. gerði um atvinnuástand á þessum stað nú fyrir 2 árum, kom fram, að veturinn þar á undan hafði 80% verkfærra manna á staðnum orðið að leita í aðra landshluta eftir atvinnu. Mér er til efs, að unnt sé að benda á annað eins hörmungarástand á nokkrum öðrum stað á landinu. Eins og gengur er ástandið nokkuð mismunandi, stundum er það verra og stundum betra, og sem betur fer hefur ástandið ekki verið alveg jafnslæmt nú s. l. vetur. Ég nefni þetta til þess að undirstrika, að jafnvel þó að þessi till. fengist fram, væri vandinn ekki þar með leystur, en bygging slíkrar verksmiðju mjög mikilvægt spor.

Þegar þessi atvinnumálanefnd, sem ég gat um hér áðan, var að rannsaka ástandið í atvinnumálum, komst hún að þeirri niðurstöðu, að niðurlagningarverksmiðja mundi vera tiltölulega heppileg lausn á þessu vandamáli. Niðurlagning krefst mikils vinnuafls, en stofnkostnaður verður að teljast tiltölulega lítill. Það er vitað, að húsnæðiskostnaður er um ⅔ hlutar stofnkostnaðar, og allt bendir til þess, að á þessum stað sé ekki ýkjamikill vandi að finna heppilegt húsnæði, sem nú stendur ónotað.

En þá vaknar sú spurning, sem ævinlega vaknar, þegar um þessi mál er rætt: Er einhver markaður til fyrir þessa framleiðslu? Það er vitað, að hingað til hefur markaðsöflunin valdið mestum erfiðleikum í íslenzkum niðurlagningariðnaði. Á það má benda, að nokkuð hefur rætzt úr í þessum málum nú einmitt seinni missirin, með því að gerður var samningur um sölu á niðurlagðri síld til Sovétríkjanna næstu 3 árin, og Sovétmenn munu kaupa niðurlagðar síldarafurðir fyrir 32 millj. á ári hverju í stað 7 millj. kr. áður. Hins vegar skal ég fúslega viðurkenna, að markaðurinn í Sovétríkjunum er tæpast til skiptanna milli fleiri verksmiðja en nú framleiða á þann markað, og eru það fyrst og fremst verksmiðjurnar á Akureyri og Siglufirði. En ég mundi telja hitt miklu athyglisverðara, að í viðskiptasamningum Íslands og Tékkóslóvakíu hefur um árabil verið gert ráð fyrir kaupum á íslenzkum niðursuðuvörum fyrir 18 millj. ísl. kr. Á undanförnum árum hafa Íslendingar ekki afhent upp í þá samninga meiri framleiðslu en sem nemur að verðmæti um 1.7 millj. króna. Ástæðan er sú, að Tékkar munu nær eingöngu vilja kaupa sjólax, en eina verksmiðjan, sem hér hefur framleitt þá vöru, er staðsett í Reykjavík og hana hefur skort vinnuafl, til þess að eigendur hennar teldu hagkvæmt að reka hana.

Það liggur í augum uppi, að í iðngrein eins og þessari, þar sem mikillar nákvæmni er krafizt og verkkunnáttu, er útilokað að reka slíka verksmiðju, ef ekki er hægt að treysta á öruggt vinnuafl. Hér í vinnuaflseklunni hefur það verið þannig, að það starfslið, sem fæst til að vinna í slíkri verksmiðju eina eða tvær vikur, er óðara rokið í eitthvað annað. Raunverulegur starfsgrundvöllur er því tæpast fyrir hendi, þegar vinnuveitandinn þarf kannske jafnframt að nota starfsliðið í hraðfrystihúsi, þegar afli berst á land. Þessi framleiðandi telur sig ekki geta starfrækt slíkan iðnað hér, og verksmiðjan hefur verið til sölu að undanförnu. Ég held, að heita megi öruggt, að verksmiðja, sem væri ætluð til þess að framleiða sjólax svo og aðrar niðurlagðar og niðursoðnar sjávarafurðir, — en í þeim efnum eru fjöldamargir möguleikar, eins og kunnugt er, — ég held, að slík verksmiðja mundi geta tryggt sér í upphafi markaði, sem nægðu til að tryggja reksturinn, og að það vandamál út af fyrir sig, markaðsvandamálið, mundi ekki vera til fyrirstöðu. Ég vil nefna það hér, að sjólax er unninn, ekki aðeins úr ufsa, heldur og úr stórþorski, og þar af leiðandi ætti að vera auðvelt um hráefnisöflun.

Menn kunna að spyrja, hvort slík framleiðsla mundi ekki taka markaði frá þeim verksmiðjum á Norðurlandi, sem fyrir eru í þessari iðngrein. En staðreyndin er sú, að verksmiðjurnar á Akureyri og Siglufirði eru alls ekki útbúnar til þess að framleiða sjólax. Bættar markaðshorfur hafa leitt til þess, að á nokkrum stöðum á landinu er nú hafinn undirbúningur að byggingu verksmiðja einmitt til þess að framleiða sjólax og niðurlagða síld. Í því sambandi er nauðsynlegt að minna á,

að í samningum verkalýðsfélaganna í vor gaf ríkisstj. út yfirlýsingu um úrbætur í atvinnumálum Norðlendinga, og einn liðurinn var eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ef unnt reynist fyrir forgöngu ríkisvaldsins að afla markaða fyrir verulega aukið magn niðursoðinna eða niðurlagðra fisk- og síldarafurða, verði verksmiðjur á Norðurlandi látnar sitja fyrir um þá framleiðslu, meðan atvinna er þar ófullnægjandi. Reynist verkefni fyrir fleiri verksmiðjur, verði stuðlað að því, að atvinnulitlir staðir á Norðurlandi og í Strandasýslu sitji í fyrirrúmi um staðsetningu þeirra."

Ég held, að hér komi alveg ótvírætt fram, að ef til stendur að reisa niðurlagningarverksmiðjur hér á landi, eins og nú hefur komið fram í blöðum, þá á staður eins og Skagaströnd tvímælalaust rétt á því, að hann sitji í fyrirrúmi.

Í þessari till. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. beiti sér fyrir aðgerðum í þessu máli. Það virðist alls ekki óeðlilegt að fela síldarverksmiðjum ríkisins að sjá um stofnun og starfrækslu þessarar verksmiðju. Íbúum staðarins fjölgaði mjög á sínum tíma, þegar síldarverksmiðja ríkisins var þar byggð. Þeir settust þar að í trausti þess, að þetta mikla atvinnutæki yrði grundvöllur atvinnulífs þar. Síðan hefur það gerzt, eins og við vitum, að síld hefur lítil sem engin borizt þangað á land og t. d. var ekkert brætt þar s. l. sumar. Auk þess greiðir þetta mikla fyrirtæki sáralítil gjöld til staðarins, eins og glögglega kom fram í umræðum um tekjustofnalög sveitarfélaganna hér á Alþ. í gær.

Þá er rétt að benda á, að síldarverksmiðjur ríkisins eiga mikil stórhýsi á Skagaströnd, sem hafa staðið ónotuð um árabil og kæmu vafalaust að miklum notum, því að eins og ég sagði áðan, er byggingarkostnaður yfirleitt meiri hluti af stofnkostnaði slíkra verksmiðja. Það virðist því alls ekki óeðlilegt, að einmitt síldarverksmiðjur ríkisins hafi forustu um atvinnubætur þar á staðnum.

Niðurlagningarverksmiðjan í Siglufirði var byggð af síldarverksmiðjum ríkisins sem tilraunaverksmiðja, og hún starfar undir stjórn síldarverksmiðjanna. Það liggur í augum uppi, að með því að fela S. R. að sjá um sjólaxverksmiðju á Skagaströnd mætti spara nokkurn kostnað, t. d. yrði sameiginlegur fjárhagur og framkvæmdastjórn fyrir báðar verksmiðjurnar, en tæknikunnátta og reynsla, sem fengizt hefur við reksturinn á Siglufirði, kæmi að fullum notum.

Ég vil að öðru leyti vísa til grg., sem fylgir till., og legg til, að þessu máli verði vísað, þegar umr. verður frestað, til hv. allshn.

**Gunnar Gíslason:** Herra forseti. Með þessari till. er lagt til, að Alþ. feli ríkisstj. að beita sér fyrir niðurlagningarverksmiðju á Skagaströnd, er framleiði sjólax, síldarrétti og aðrar fullunnar sjávarafurðir.

Ég sá þess getið í blaði, sem ég hygg að sé nokkuð tengt hv. 1. flm. þessarar till., blaðinu Mjölni á Siglufirði, að ég hefði hafnað að vera flm. að þessari till. ásamt 2 öðrum þm. Norðurl. v. Blaðið skýrir réttilega frá þessu. Hv. 1. flm. kom til mín og ég hygg hinna alþm. líka og óskaði eftir því, að við yrðum flm. að till. En við höfnuðum því. Ástæðan fyrir því, að við gerðum það, er að sjálfsögðu ekki sú, að okkur sé ekki fyllilega ljóst, að bæta þurfi atvinnuástandið á Skagaströnd. Það hefur verið, eins og hv. 1. flm. skýrði frá, næsta bágborið á undanförnum árum, og þar þyrfti vissulega úr að bæta. Og því miður er það ekki eini staðurinn í okkar kjördæmi, þar sem atvinnuástand hefur verið lélegt. T. d. hefur það verið á undanförnum mánuðum og síðustu mánuðum s. l. árs einna lakast í sjávarplássi við Skagafjörð, á Hofsósi, og hefði ég álitið það ekkert óeðlilegra, ef það væri talið rétt að byggja slíka verksmiðju nú, að henni hefði verið valinn staður á þeim stað, ekkert síður en á Skagaströnd, án þess þó að ég vilji fara í nokkurn meting á milli þessara tveggja staða.

Okkur er það alveg ljóst, sem þekkjum til, að það, sem skortir á Skagaströnd, er ekki verksmiðja sem þessi. Það eru mikil atvinnufyrirtæki á Skagaströnd. Þar er stór síldarverksmiðja, og þar eru tvö hraðfrystihús, og ef þessi atvinnufyrirtæki hefðu fengið hráefni til að vinna úr á undanförnum árum, þá hefði ekki verið neinn skortur á atvinnu á þeim stað. En það, sem gerði, að ég vildi ekki vera flm. að þessari till., var fyrst og fremst það, að eins og mér sýnist horfa í dag í þessari atvinnugrein, niðurlagningu og niðursuðu sjávarafurða, þá finnst mér ekki vera raunhæft að byrja á því að fjölga þessum verksmiðjum.

Rétt um svipað leyti og þessi till. var flutt hér í þinginu, þá hygg ég, að það hafi verið sagt frá því í blöðum, að nýbyggð verksmiðja, Norðurstjarnan í Hafnarfirði, hafi orðið að loka vegna hráefnisskorts og ég hygg líka vegna mikilla fjárhagslegra örðugleika. Við vitum það líka, að norður í landi eru fyrir verksmiðjur, sem fyllilega geta annað þeim sölumöguleikum, sem við höfum í dag, verksmiðja Kristjáns Jónssonar á Akureyri og eins niðurlagningarverksmiðja síldarverksmiðjanna á Siglufirði. Þessar verksmiðjur geta unnið miklu meira en þær geta selt í dag. Þess vegna finnst mér það ekki raunhæft að leggja til að byggja verksmiðju í viðbót, eins og horfir í þessum málum nú.

Mér skilst sem sagt, að ef við eigum að fara að skipta þessum litla útflutningskvóta, sem við höfum, á milli enn fleiri verksmiðja, mundi það verða til þess að auka erfiðleika þeirra verksmiðja, sem fyrir eru, og það mundi gera það að verkum, að nýbyggð verksmiðja ætti alltaf í erfiðleikum. Þess vegna efast ég alveg stórlega um, þó að ég efist ekki um það, að þessi till. sé flutt af góðum hug, að þetta yrði til hagsbóta fyrir Skagstrendinga, eins og á stendur í dag, og þess vegna vildi ég ekki verða flm. að þessari till. Mér fannst svona hálft um hálft, svo að ég segi alveg eins og er, að tillöguflutningur eins og þessi mundi verða til þess að vekja vonir hjá fólki, sem á í erfiðleikum, vonir, sem geta ekki að sinni rætzt. Og ég vil ekki standa að slíkum tillöguflutningi. Ég geri það ekki.

Því ber vissulega að fagna, að það hafa náðst samningar við Sovétríkin um stóraukna sölu á þessum afurðum. En ég vil segja það, að margur hefði sennilega haldið, að við mundum ná meiri samningum við Sovétríkin en þetta, að geta selt þeim fyrir 33.5 millj. kr., sem samningarnir hljóða upp á. Margir hafa vonað, að þetta yrði eitthvað

stærra í stykkinu, því að ég man ekki betur en að fyrir eitthvað tveimur árum, þá væri frá því skýrt og haft eftir mönnum, sem komu austan úr Sovétríkjunum, að við mundum geta selt slíkar vörur þangað, ég man nú ekki alveg tölurnar, en a. m. k. fyrir 100 millj. kr., og enn þá hærri upphæðir, er lengra liði. En þetta hefur ekki tekizt. Við höfum getað samið við Sovétríkin um sölu á þessum afurðum til þriggja ára, fyrir þessa upphæð, 33.5 millj. á ári, og það þýðir það, að sú sala eykst ekki, eða mér skilst a. m. k., að salan á þessum afurðum aukist ekki á þessu þriggja ára tímabili. Hún er bundin við þessa upphæð.

Það er rétt, sem hv. 1. flm. gat hér um, að við munum geta selt til Tékkóslóvakíu sjólax fyrir hærri upphæðir en við gerum nú. Hann minntist á verksmiðju hér í Reykjavík. Það er einmitt verksmiðja hér í Reykjavík, sem getur framleitt þessa vöru, og mér er sagt, að það sé mjög vel búin verksmiðja að tækjum. En ég er ekki alveg eins viss um það, að hún hafi framleitt svo lítið vegna þess, að hana hafi skort vinnuafl. Ég held, að það sé ekki alveg rétt, því að mér hefur skilizt, að vinnubrögðin í þessari verksmiðju hafi verið þannig, að þegar skorti verkefni í hraðfrystihúsi þess manns, sem á þessa verksmiðju, þá hafi hann látið vinnuafl sitt vinna að niðurlagningunni, svo að ég held, að það sé ekki alls kostar rétt, að verksmiðjan starfi svo lítið sem raun ber vitni um, af því að hana skorti tiltakanlega mikið vinnuafl. En ég held, að hún starfi svona lítið vegna þess, að þessi maður, sem hefur þessa starfsemi með höndum, telur sig fá allt of lítið verð fyrir þessa vöru erlendis, þannig að hann verði fyrir verulegu tapi. Það held ég að sé ástæðan. Og því miður er það svo, að það virðist ekki vera mikill gróðavegur að þessu hjá okkur enn sem komið er. Mér er kunnugt um það, að niðurlagningarverksmiðjan á Siglufirði tapaði t. d. árið 1964 hundruðum þúsunda króna, og var henni þó ekki gert að borga neina vexti eftir það fé, sem í hana hafði verið lagt, né heldur húsaleigu.

Eftir því sem ég veit bezt, þá eru nú horfurnar í þessum málum hjá okkur í dag eins og ég hef hér lýst, og af þeim sökum held ég, að það sé ekki raunhæfasta lausnin að ráðast í að byggja nýja verksmiðju nú. Hitt er miklu raunhæfara og þarf að gerast, sem margrætt er hér í þinginu, og það er að snúa sér að því að afla þessari vöru markaða, auka sölumöguleikana. Og það hafa verið samþ. till. um það nú þegar á þessu þingi. Ég vil líka benda á það, að bæjarstjórn Siglufjarðar hefur einmitt gert samþykkt í þessu efni á þá lund, að hún beinlínis skorar á þau stjórnarvöld, sem fara með fjárfestingarmálin, að leyfa ekki nýjar niðurlagningarverksmiðjur, meðan þær, sem fyrir eru, anna þessari framleiðslu og meðan sölumöguleikarnir eru ekki rýmri en þeir eru í dag. Þetta finnst mér mjög eðlilegt sjónarmið hjá bæjarstjórn Siglufjarðar.

Því miður verð ég að segja það alveg eins og er, að ég er ekki trúaður á það, að eins og þessi mál horfa hjá okkur í dag, verði þessi niðurlagningarverksmiðja til hagsbóta fyrir Skagstrendinga. Mér er jafnnær að halda, að hún gæti valdið þeim talsverðum vonbrigðum, og því hefur afstaða mín í þessu máli verið þessi. Þessi mál þarf öll að taka raunhæfari tökum og vinna að þeim skipulegar en gert er nú.

**Flm. (Ragnar Arnalds):** Herra forseti. Ég vil segja um þessa aths. hv. 2. þm. Norðurl. v., að ég sá ekki, að hann færði fram nein frambærileg rök gegn þessu máli. Hann minntist í fyrsta lagi á það, að hann sæi ekki, hvers vegna ætti að taka þennan stað sérstaklega fyrir, þeir væru margir staðirnir fyrir norðan, þar sem ástandið væri illt, og sérstaklega nefndi hann Hofsós. Ekki skal ég neita því, að vissulega kemur til álita, að verksmiðjur til að bæta atvinnuástandið séu reistar víðar en á Skagaströnd. En ég vil minna á, að auðvitað er það af sérstökum ástæðum, að ég hef nefnt Skagaströnd í þessu sambandi. Það er vegna þess, að síldarverksmiðjur ríkisins eiga mikil atvinnutæki á þessum stað. Á verksmiðjunni hvílir nokkur skylda gagnvart þessu sveitarfélagi, þar sem miklar vonir hafa verið bundnar við rekstur verksmiðjanna, — vonir, sem hafa brugðizt. Í öðru lagi, og það er aðalatriðið, eru þarna á staðnum mikil mannvirki, sem hafa staðið ónotuð, og þjóðfélagið hlýtur að velta því fyrir sér, með hvaða hætti þau verði bezt gerð arðbær. Eins og fram kom hjá mér áðan, eru líklega ⅔ hlutar af stofnkostnaði slíkrar verksmiðju einmitt í húsum og mannvirkjum. Ef hægt er að nýta mannvirki, sem staðið hafa um áratugi ónotuð, hljóta það að vera alveg sérstök rök fyrir því að velja slíkan stað.

Hv. þm. minntist á það, að bæjarstjórnin á Siglufirði hefði skorað á stjórnarvöldin að eyðileggja ekki markaðsmöguleika þeirra verksmiðja, sem fyrir væru, með því að fjölga verksmiðjunum. Ég er alveg á sömu skoðun. Eins og ég tók skýrt fram áðan, er sala á gaffalbitum nokkuð takmörkuð í augnablikinu, og það er því hæpið að fara að dreifa þeim sölumöguleikum á mjög margar verksmiðjur. En ég held, að það hafi komið nægilega skýrt fram í minni ræðu, að ég var fyrst og fremst að hugsa um ýmsar aðrar vörutegundir og þá sérstaklega sjólaxinn. Hv. seinasti ræðumaður viðurkenndi, að þannig stæði á um hann, að til væri mjög stór kvóti, a. m. k. 16 millj. kr. kvóti, sem staðið hefði ónotaður um árabil. Ég vil bæta því við, að auðvitað er margt fleira en sjólaxinn, sem kemur þarna til greina. Nú er töluvert veitt af rækju í Hrútafirði og aflinn m. a. unninn á Skagaströnd. Þar eru miklir möguleikar á ferðinni. Og einnig má nefna grásleppuhrogn. Reyndar voru mér að berast fréttir um það núna fyrir nokkrum dögum, að veiðzt hefðu sardínur í Hrútafirði og þar hefðu fundizt talsverð sardínumið. Ég skal að vísu viðurkenna, að ég hef ekki fengið þessa frétt staðfesta og sel hana ekki dýrara verði en ég keypti hana. En það segja mér útflytjendur í þessari grein, að yfirleitt sé mjög auðvelt að selja sardínur. Sem sagt, það kemur fjöldamargt til greina.

Í þriðja lagi gat hv. þm. þess, að horfur í þessum iðnaði væru ekki alls kostar góðar. Nýjasta dæmið um það væri Norðurstjarnan í Hafnarfirði, sem nú ætti í miklum fjárhagsörðugleikum og hefði nýlega orðið að loka. Þetta er alveg rétt. En ég held, að það sé fullmikil grunnhyggni að ætla að afgreiða þetta mál með því að vísa til þessarar einu verksmiðju, sem hefur orðið að loka, án þess að reyna að skyggnast frekar inn

í kjarna málsins: Hvers vegna varð hún að loka, og hvernig stendur á þessum rekstrarörðugleikum? Ég held, að flestir geri sér ljóst, að þessi verksmiðja er byggð upp með allt öðrum hætti en gerzt hefur um flest önnur atvinnufyrirtæki hér á landi í þessum iðnaði. Þessi verksmiðja semur um fast verð fyrir nokkrum árum við norskt fyrirtæki, Bjelland. En Norðmennirnir eiga hlut í verksmiðjunni, að vísu ekki stóran, en sjá hins vegar um alla sölu á vörunni. Varan er ekki seld undir vörumerki Norðurstjörnunnar, heldur eingöngu undir vörumerki Bjellands. Ég sé enga ástæðu til þess að leyna þeirri skoðun minni, að ég held, að þessi skipulagning á framleiðslunni komi að vísu hugsanlega til greina, en sé samt sem áður vafasöm. Ég held líka, að sú reynsla, sem fengizt hefur með þessari verksmiðju, sé fyrst og fremst dómur á þetta framleiðslufyrirkomulag. Það hefur sem sagt komið í ljós, að verksmiðjan hefur samið um allt of lágt söluverð til sölufyrirtækisins, og síðan hefur ekki verið nein leið að fá því breytt. Verksmiðjan er eingöngu hugsuð til að verða þjónn þessarar útlendu sölumiðstöðvar, en er ekki útbúin til þess að framleiða neina aðra vöru en þarna átti að framleiða fyrir Bjelland-verksmiðjurnar. Svo þegar það sýnir sig samkv. rekstrarreikningum, að varan er seld undir framleiðslukostnaði til Bjelland-sölufirmans, verða þeir að stoppa. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að það muni vera hagstæðara fyrir Íslendinga að stefna að því, ekki aðeins að eiga verksmiðjurnar, sem framleiða niðurlögðu vörurnar, heldur og að eiga sölufyrirtækin.

Það er grundvallaratriði í þessari iðngrein eins og flestum öðrum íslenzkum iðngreinum, að við reynum að koma upp sölusamtökum, samtökum framleiðenda, sem reyni að brjótast inn á erlendan markað, ekki undir erlendu vörumerki, heldur með íslenzku vörumerki, svo að Íslendingar geti líka hirt þann ágóða, sem verður af sölunni, en séu ekki algerlega háðir erlendum sölufyrirtækjum í því efni. Ég skal að vísu viðurkenna, að ég hef ekki rannsakað erfiðleika Norðurstjörnunnar til hlítar, og get því ekki rætt um þá af þeirri kunnáttu og þekkingu, sem þyrfti til þess að fella endanlegan dóm. En ég vil endurtaka, að ég er hræddur um, að það sé fyrst og fremst fyrirkomulagið á framleiðslu og sölu hjá þessu ákveðna fyrirtæki, sem ekki hafi reynzt vel, en ekki hitt, að möguleikarnir á þessu sviði séu ekki geysimiklir.

**Forsrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég hef ekki átt kost á að fylgjast með þessari umr., en ég heyrði aðeins það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um erfiðleika þá eða orsakir til erfiðleika, sem Norðurstjarnan á í. Ég skal ekki fara að rekja þá í einstökum atriðum, en samkv. þeim skýrslum, sem hafa legið fyrir ríkisstj., er einn af höfuðerfiðleikunum sá, að hráefni hefur ekki fengizt, að sú efnivara, sem menn gerðu ráð fyrir eftir nokkurri reynslu, þó ekki ýkjalangri, að hér væri örugg síldveiði sérstakrar tegundar nokkra mánuði ársins, sú ráðagerð stóðst ekki. Það eru fleiri atvik, sem þar koma til. Það eru verðhækkanir innanlands og það, að vinnuafköst hafa ekki orðið eins mikil og menn höfðu búizt við, en þar hyggja menn þó, að frekari æfing muni geta horft til gerbreytingar. En þeir erfiðleikar, sem í vetur dundu yfir, voru fyrst og fremst þessir, að efnivaran fékkst ekki, og það má ekki með nokkru móti kenna sölutregðunni það, hversu illa tókst til í Norðurstjörnunni, vegna þess að hvort sem mönnum líkar betur eða verr það sölufyrirkomulag, var þar þó um alveg örugga sölu að ræða.

Varðandi niðursuðu annars staðar hefur örðugleikinn alltaf verið sá, hversu erfitt hefur verið að selja framleiðsluna. Stundum hefur hún nánast verið óseljanleg fyrir hvaða verð sem var, sbr. hina niðurlögðu síld, sem framleidd var á Siglufirði fyrir 2—3 árum. Það skal játað, að á þessu er orðin nokkur breyting, eftir að samningar tókust við Sovétríkin um sölu þar, en það er þó ekki nema smáræði, vegna þess að enn hafa Sovétríkin ekki heitið öðru en að samningar skuli reyndir um sölu fyrir eitthvað 25 millj. kr. á ári. En ég hygg, að verksmiðjurnar á Norðurlandi, sem nú eru þegar til, geti framleitt fyrir a. m. k. 50 millj. kr. á ári, svo að þær geta þegar tvöfalt fyllt markaðinn, sem er hjá Sovétríkjunum. Ég vil ekki gera lítið úr þeim markaði, það er mjög mikils vert, að hann skuli þegar vera fyrir hendi, en framleiðslugetan er þegar miklu meiri en sem þeim markaðsmöguleikum svarar. Það má vel vera, að þetta hafi þegar komið fram í umr., og ég hefði ekki farið að geta um þetta, ef ég hefði ekki viljað leiðrétta það, sem hv. þm. sagði um orsakir örðugleika Norðurstjörnunnar.

Ég hygg, að hv. 11. landsk. þm., Matthías Bjarnason, hafi komið inn á meginkjarna þessa vandamáls í sinni merku ræðu hér á dögunum, og það eru söluerfiðleikarnir. Hann benti á. að það var ekki fyrr en sala tókst á hraðfrystum fiski frá Íslandi, sem það þýddi að vera að hraðfrysta hér fisk. Hann taldi, að ríkið hefði átt verulegan þátt í því, að sú sala komst á á sínum tíma, á síðustu árunum fyrir stríð. Það var góðra gjalda vert. Og hann taldi, að svipað þyrfti að eiga sér stað um niðursuðuna. Ég hygg, að menn komist aldrei fram hjá þessu, að það tjáir ekki að vera að ýta undir menn til framleiðslu á niðursoðinni eða niðurlagðri vöru, sem mér skilst að sé nokkuð annað, nema betur hafi tekizt en hingað til að skapa sölumöguleikana, og þess vegna verði fyrst og fremst að leggja áherzlu á þá hlið vandamálsins, og þegar búið sé að ráða fram úr þeirri hliðinni, þá fyrst tjái að koma til aðila, sem séu í vandræðum, og segja: Við skulum bjarga ykkur með því að byggja nýja niðursuðuverksmiðju. — Það er að gefa mönnum steina fyrir brauð að ætla að leiða þá til þess, nema það séu til örugg ari og betri markaðir en enn hafa fundizt fyrir vöruna. Við getum sagt: Það er klaufaskap að kenna, — eða komið með margháttaðar skýringar, af hverju þetta hafi ekki tekizt. En staðreyndin er, að öllum hefur jafnt mistekizt þetta hingað til, að leysa úr þessum vanda, og þá er að reyna að leggja ráð sín saman um, hvernig þann vanda eigi að leysa, og hv. 11. landsk. lagði einmitt höfuðáherzlu á það vandamál í þeirri merku ræðu, sem hann hélt hér á dögunum.

**Flm. (Ragnar Arnalds):** Herra forseti. Mér þykir mjög ánægjulegt, að hæstv. forsrh. skuli gera

aths. í sambandi við þetta mál, þar sem með því er ljóst, að málið hefur vakið athygli hans. En það er einmitt grundvallarskilyrði fyrir því, að mál nái fram að ganga. Hæstv. forsrh. var hér ekki inni, meðan ég hélt ræðu mína, hvorki þá fyrri og ekki fyrri hlutann af þeirri seinni. Vegna þess að hann taldi, að þarna væru markaðserfiðleikar fyrst og fremst á ferðinni, vildi ég aðeins fá að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að um árabil hefur verið laus markaður til Tékkóslóvakíu fyrir sjólax, sem nemur um 16 millj. kr. Þessi till. hér fjallar einkum um það að nýta sér þennan markað. Það er ekki endilega meiningin að ryðjast inn á Rússlandsmarkaðinn með þessa verksmiðju, enda þótt þar yrðu einnig framleiddir gaffalbitar. Ég vildi láta þetta koma fram, vegna þess að hæstv. forsrh. hafði ekki heyrt þessi orð mín.

En ég vildi líka, vegna þess að hann hefur veitt þessu máli athygli, benda honum á það, að samkv. blaðafregnum eru að spretta upp niðurlagningarverksmiðjur á nokkrum stöðum á landinu. Sumar eru ekki langt á veg komnar, en með aðrar er sýnt, að þær verða örugglega byggðar. Í sumar gerði hæstv. forsrh. samning við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlandi, og í þeim samningi, sem hann undirritaði með eigin hendi, var m. a. þetta loforð: „Ef unnt reynist fyrir forgöngu ríkisvaldsins að afla markaða fyrir verulega aukið magn niðursoðinna eða niðurlagðra fisk- og síldarafurða, verði verksmiðjur á Norðurlandi látnar sitja fyrir um þá framleiðslu, meðan atvinna er þar ófullnægjandi. Reynist verkefni vera fyrir fleiri verksmiðjur, verði stuðlað að því, að atvinnulitlir staðir á Norðurlandi og í Strandasýslu sitji í fyrirrúmi um staðsetningu þeirra.“ Þegar það liggur fyrir, að ýmsir aðilar hér á landi álíta markaði vera næga til þess, að ástæða sé til að byggja nokkrar niðurlagningarverksmiðjur til viðbótar, hlýt ég sem fulltrúi þessa byggðarlags að spyrja hæstv. forsrh., hvað hann ætli að gera til þess að framfylgja þessu loforði, sem hann undirritaði með eigin hendi og afhenti verkalýðsfélögunum á Norðurlandi í sumar.

**Forsrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Þessari spurningu hv. ræðumanns svaraði ég þegar áðan. Það er upplýst, að þær verksmiðjur, sem nú eru þegar fyrir hendi, geta miklu meira en fullnægt þeim markaðsmöguleikum, sem nú eru fyrir hendi um þessa vöru. Fram hjá því komumst við ekki. Sjólax skal ég ekki um segja, en hv. þm. var að tala um niðurlagningarverksmiðjur, og það var sú spurning, sem hann var að spyrja mig um. Ég var að svara þeirri spurningu. Ég tala ekkert um sjólax, bezt að halda sig að því, sem ég var að spurður. Og ríkisstj. hefur ekki hugsað sér að reyna að hafa vit fyrir aðilum um það. Ef einhverjir vilja hætta fé sínu til þess að framleiða í þennan yfirfyllta mjög þröngа markað, sem að vísu opnaðist í Sovétríkjunum, þá þeir um það. En það væri að gefa Skagstrendingum steina fyrir brauð, ef ætti að fara að segja þeim að keppa á þeim markaði t. d. við Siglfirðinga og Akureyringa.

**Björn Pálsson:** Herra forseti. Ég ætlaði mér eiginlega ekki að blanda mér mikið í þessar umr. Ég tók þessa þáltill. frekar sem kosningaáróður heldur en alvarlega. Annars erum við ákaflega heppnir með það í Norðurlandskjördæmi vestra að fá svona áhugasama menn að í atvinnumálunum. En ég dreg það í efa, að Skagstrendingar sjálfir séu neitt sérstaklega hrifnir af þessum sífellda barlómi um atvinnuleysi og eymd, sem þar eigi að vera. Ég þekki fólk þar allvel, og ég held, að því þyki það heldur leitt, og það er ævinlega, ef á að fara að betla út einhverja peninga, þá kemur það í útvarpi og blöðum, að þetta sé við það hallærisástand. Ég hef spurzt fyrir um atvinnuleysi í þessum kauptúnum fyrir norðan, t. d. á Sauðárkróki og Siglufirði, menn, sem hafa komið hér suður. Þeir segja, að það hafi allir nóg að gera, og Skagstrendingar eru margir hér fyrir sunnan á bátum og aðrir eru að veiða grásleppu heima hjá sér. Ég held, að það séu eitthvað sextán úthöld til þess að veiða grásleppu, og ég efast um, að það séu aðrir menn á landinu, sem hafa meiri tekjur en þeir, sem eru á grásleppuveiðunum, þannig að ég held, að það liggi ekkert við hallæri eða hungursneyð þarna.

En hvað um það, það er ágætt að finna upp nýja hluti, og mjög mikils virði, að menn séu áhugasamir um það, ef það er vel upp byggt og skynsamlegt. En ég kynnti mér þetta viðvíkjandi þessari niðursuðu. Ég átti kost á að fljóta með á þessari þáltill. Ég talaði við Tryggva Ófeigsson, því að ég hef mikil skipti við hann í vetur, og við fórum yfir þessa reikninga. Hann lætur sjóða niður sjólax, og hann hefur fullkomin tæki, að hann sagði mér, og þetta er allt saman gamaluppbyggt, þannig að þetta stendur í litlu verði. Hann taldi, að það væri rúmlega krónu tap á einni smádós. Hann lætur gera þetta, þegar fólkið hefur ekkert annað að gera hjá honum, ef hann vantar fisk í húsið. Hann telur það betra en að borga fólkinu kaup fyrir að gera ekki neitt, því að frystihúsin hérna verða að borga fólkinu, hvort sem það vinnur eða ekki, því að annars tapa þau því? Það verður að borga því vissa tryggingu, og það er þannig hérna við Faxaflóa, þar sem mest er eftirspurn eftir vinnu, og það gerir sitt til að gera vinnsluna dýra á fiskafurðum, þegar þarf að borga kaup, þótt ekki sé unnið. Tryggvi lét vinna dálítið af sjólaxi eftir áramót, meðan hann hafði ekki fisk til þess að vinna í frystihúsinu, til þess að þurfa ekki að borga fólkinu fyrir að gera ekki neitt. Við vorum að athuga viðvíkjandi nýrri verksmiðju, að þá mundi tapið verða hátt á aðra krónu á hverja smádós. Tryggvi sagði, að það stæði ekkert á að selja, verðið væri bara þetta lágt og síðan 1961 hefði kaupið hækkað svona gífurlega, sem ekki er raunar óeðlilegt. Það, sem bar sig 1961 hjá honum með sjólaxinn, það ber sig ekki í dag. Verðbólgan segir til sín á því sviði eins og öðrum.

En það er ekkert nema gott um það að segja, ef við getum haft meira upp úr vinnunni við að sjóða niður vöruna heldur en annað, en það þýðir ekkert að vera að flana í það upp á annað. Það þýðir ekkert að vera að flana í það, ef það er ekkert nema skaðinn af því.

Ég talaði líka við verksmiðjustjórann á Siglufirði, og hann taldi, að þetta rússneska verð væri of lágt, til þess að það bæri sig.

Mér er sagt, að verksmiðjan í Hafnarfirði, sem

við gerðum okkur miklar vonir um, vegna þess að það voru líkur til, að hún seldi vel, að það sé hagkvæmast, að hún sé ekki rekin, því að það sé 40 þús. kr. tap á dag, ef hún sé í fullum gangi. Það sé ódýrast að láta hana standa, vegna þess að vinnutæknin sé enn þá það miklu minni hérna, það séu svo miklu minni afköst en í Noregi. Ég get nú ekki skilið það, að Íslendingar geti ekki með tímanum lært vinnutækni á við aðra. Ég held, að það hljóti að koma smám saman. Og það er ekkert nema gott um þetta að segja, en menn verða að byggja þetta upp á heilbrigðum grundvelli.

Svo er allt vel um það, að ríkið greiði fyrir hlutunum, og ég er alveg á því. En við megum ekki vera að ala það upp í fólkinu, að það eigi að heimta allt af ríkinu og byggja allt upp á þeim grundvelli, að ríkið eigi að sjá því farborða með alla hluti. Siglufjarðarbær hefur byggt allt of mikið á þessu. Það vantar einstaklingsframtakið þarna. Svo þegar þetta bregzt, eins og er með ríkisfyrirtækin, að þau séu starfrækt, eða hráefni vantar, eins og hefur komið fyrir á Siglufirði og jafnvel er þar enn í dag, þá er ekki neitt fyrir fólkið að gera. Ólafsfjörður hefur treyst á sjálfan sig. Hann er verr settur en Siglufjörður, en þar bara er enginn að kvarta. Húsavík hefur byggt sig upp sjálf, ekki með neinu betli eða væli. Þeir standa sig vel þar.

Ég get sagt ykkur, hvað þarf að gera á Húnaflóa, það er ósköp einfalt. Í fyrsta lagi, meðan gráslleppuveiðin er þetta mikil, þá gefur hún góðar tekjur. Í öðru lagi á að hjálpa sjómönnunum til þess að kaupa hæfilega stór skip, og það á að leyfa þeim undanþágur til togveiða vissan tíma ársins á vissum svæðum í flóanum með því skilyrði. að þeir leggi upp í Hólmavík og Skagaströnd, og ef þetta er gert, þá er nóg vinna, og þetta gerir flóanum ekkert til. Það er alveg eins gott að leyfa þeim þessa undanþágu með t. d. þrjá báta eða eitthvað svoleiðis og aðstoða þá við að kaupa þá, — það er ekkert meira að aðstoða sjómennina á Skagaströnd og Hólmavík heldur en að lána einhverjum útgerðarmönnum. Og ef þeir eru aðstoðaðir til þess arna og þessi undanþága er leyfð, þá eru þeir á þurru og þorpið líka. Og svo er þarna rækjuveiði og fleiri möguleikar, þannig að það er enginn vandi að hafa þarna góða afkomu, ef fólkið hefur bara kjark og framtakssemi til þess, sem ég veit að það hefur, ef það er rétt á hlutunum haldið og það fær eðlilega aðstoð. Og ég geri mér vonir um, að þessi atvinnujöfnunarsjóður geti bætt úr þessu.

Það er alveg eins gott að leyfa kauptúnunum í kringum Húnaflóa undanþágu í þessu efni eins og að láta Vestmanneyingana toga á góðum hrygningarsvæðum allt árið um kring án þess að hafa leyfi. Þetta vita allir, að þeir gera það. Í sannleika sagt er þetta ekki rétt. Annaðhvort er að taka fyrir hlutina eða leyfa þá, og ég held, að skynsamlegasta lausnin fyrir Suðurlandinu sé að veita einhverjar vissar undanþágur á einhverjum vissum svæðum, a. m. k. einhverja vissa tíma ársins og framfylgja því, að þær reglur séu ekki brotnar, heldur en að láta alla vera að brjóta og sekta þá og gefa svo sektirnar eftir. Ég játa það, að það er ekki hægt að taka drjúga prósentu af skipstjórum Vestmanneyinga og stinga þeim í tugthúsið eða eitthvað því um líkt. En það þarf bara að hafa reglurnar það skynsamlegar, að það sé hægt að fara eftir þeim. Og ég held. að framtíðin þarna fyrir norðan sé þannig. Þeir hafa fengið undanþágu með dragnótina, og það veiddist vel, ekki s. l. sumar, heldur hitt, þá veiddu þeir vel, lakar í sumar. En hins vegar er nú það einkennilega við það, að nú virtist ýsan veiðast bezt, þar sem þeir höfðu verið með dragnótina, þannig að það er alls ekki vísindalega sannað, að dragnótin sé á allan hátt til skaða. Það getur vel verið, að hún lagi botninn þannig, að hann batni sem hrygningarstöðvar og ýsan nái frekar í æti, þegar búið sé að ýfa upp botninn, og sæki meira á þau svæði. Þetta er alls ekki rannsakað mál. en þetta þarf auðvitað allt að rannsakast og allt að vera í hófi. En ég álít, að byggðarlögin fyrir norðan þurfi að fá leyfi til þess að hafa takmarkaða bátatölu, við getum sagt á vissum svæðum og kannske ekki nema vissa tíma ársins, og þá sé allt atvinnuleysi búið á þessum stöðum. Og það á að hjálpa einstaklingunum til að gera þetta án allrar hlutdrægni og ekkert að vera að fara í neinn pólitískan eltingaleik út af því. Fólkið þarf að lifa, í hvaða flokki sem það er, og aðstoða þarf efnilega menn við svona hluti.

Það er einn ungur og efnilegur maður á Skagaströnd, sem er að byrja á fiskherzlu. Það er mál út af fyrir sig. Sennilega er hægt að hafa miklu meira upp úr fiskinum á þann hátt að fá sér vélar til þess að þurrka fiskinn. Og það er fleira, sem kemur til greina. En það þýðir ekkert að vera alltaf heimtandi allt af ríkinu og alltaf að kvarta og væla. Við verðum að treysta á sjálfa okkur, og svo þarf ríkisvaldið að aðstoða með lánum og á heilbrigðan og skynsamlegan hátt þá einstaklinga, sem líklegt er að hafi vilja og getu til að framkvæma hlutina, aðstoða þá til að gera hlutina, og þannig eigum við að byggja okkar kauptún upp og okkar menningu.

**Jón Kjartansson:** Herra forseti. Mér þykir leiðinlegt að þurfa að leiðrétta flokksbróður minn hér úr ræðustól þessarar hv. d., en ég held, að ég verði nú að gera það samt.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. fullyrti hér úr þessum ræðustól, að það hefði ekki verið neitt atvinnuleysi á Siglufirði og stöðum norðanlands, Sauðárkróki og Skagaströnd, í vetur. Ég tel mig hafa það vel fylgzt með málum þar í vetur, að því miður hefur verið þar atvinnuleysi.

Fjölmennasta byggðarlagið á þessu svæði er Siglufjörður. Þar eru aðalatvinnutækin yfir veturinn hraðfrystihús síldarverksmiðja ríkisins og niðurlagningarverksmiðja, sem var byggð og komið upp með aðstoð þess opinbera á myndarlegan hátt. Hraðfrystihúsið hefur ekki haft nægileg hráefni. Veldur því fyrst og fremst gæftaleysi, og þar er hvergi nærri nógur skipakostur. Fjöldi Siglfirðinga keyptu sér trillur á s. l. árum og reru haust og vor, en veðurfar og fiskigengd hefur verið þannig, að það hefur verið sáralítill afli á trillurnar. Stærri bátar, sem eru tveir og þrír, fiska hvergi nærri nóg til þess að skapa varanlega vetraratvinnu í hraðfrystihúsi S. R. Það er útgerðarmaður á Siglufirði. sem hefur með myndarbrag á undanförnum árum rekið hraðfrystihús sitt, en ég veit ekki betur en hann hafi

lokað því og það fyrir nokkru. Á Siglufirði er starfandi tunnuverksmiðja, sem að sjálfsögðu ætti að reka allan sólarhringinn, í staðinn fyrir að hún er rekin í aðeins 7—8 mánuði, 8 tíma á dag. Tunnurnar íslenzku þykja nokkuð dýrar, og meiri hlutinn af tunnum, sem notaðar eru hér, er fluttur að frá útlöndum. Því miður er staðreyndin sú, að það hefur verið atvinnuleysi á Siglufirði s. l. vetur, þrátt fyrir það að fjöldi verkafólks er fluttur þaðan, og margir búandi menn á Siglufirði eru við sjóróðra hér sunnanlands, en það er ekki æskilegt fyrirkomulag. Það er ekki æskilegt fyrirkomulag, að verkamenn og sjómenn þurfi að vera fjarri heimilum sínum í 7—8 mánuði. A. m. k. finnst mér ekki, að umbjóðendur þeirra hér á þingi ættu svo að koma og segja, að það sé allt í stakasta lagi hjá þessu fólki. Það held ég, að þeir ættu ekki að gera.

Á Sauðárkróki er einnig atvinnuleysi. Allar þær hendur, sem vilja vinna á Sauðárkróki, hafa ekki nægileg verkefni. Ég hef engan heyrt halda öðru fram. Vinnufærar hendur á Sauðárkróki, karla og kvenna, hafa ekki nægileg verkefni, og það hefur alltaf verið á Íslandi árstíðabundið atvinnuleysi á þessum stöðum. Og allar vinnufærar hendur á Skagaströnd — fyrst er verið að gera sérstaklega þessa staði að umræðuefni hér — hafa ekki heldur nóg að gera. Það er ekki hægt að segja, að allir Skagstrendingar séu ánægðir með sinn hag og að þeir geti lifað af grásleppuveiðum.

Í sambandi við þá till. til þál., sem hér liggur fyrir, er það að segja, að hún ber með sér ríka löngun fulltrúa þriggja flokka í þessu kjördæmi, Norðurl. v., til að brydda upp á einhverju nýju í atvinnumálum eins og sjólaxverksmiðju. Hitt er alveg rétt, eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh., að á Siglufirði er niðursuðuverksmiðja, og það er ekki hægt að selja allar hennar vörur, aðeins það, sem hún afkastar 3—4 mánuði eða 5 mánuði. Það virðist, að það þyrfti að athuga þetta mál eitthvað meira. En það er alveg óumdeilanlegt, að það þarf að koma upp iðnaði á þessum stöðum norðanlands, ef við viljum, að þar sé áframhaldandi byggð.

Þegar við frá bæjarstjórn Siglufjarðar vorum að ræða við hæstv. ríkisstj. á árunum 1949—1956 um vandamál Siglfirðinga, þá greiddu þeir fyrir því manna mest, hæstv. fjmrh., sem þá var, Eysteinn Jónsson, og hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, að Siglufjörður fékk margvíslega hjálp og aðstoð. Þeir sögðu báðir, þessir ráðherrar: Það er eðlilegt, að ríkisvaldið styðji að verulegri og varanlegri byggð á þessum stöðum. Þegar síldaraflinn kemur aftur að Norðurlandi, þarf fólk að vera fyrir hendi til að vinna við síldaraflann, sem berst að landi.

Ég hef gert grein fyrir því hér í ræðu, hve mikið er hægt að vinna að útflutningsverðmæti í milljónum kr. á sólarhring á þessum stöðum, þegar afli berst að landi, en það verður náttúrlega ekki gert, nema verkafólk sé fyrir hendi og tiltækilegt.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta miklu meira, en þó get ég bætt því við í sambandi við Skagaströnd, að á nýsköpunarárunum var byggður þar heill bær, Höfðakaupstaður, eftir skipulega gerðri áætlun, og fólk, verkafólk og sjómenn, var verulega hvatt til að flytja þangað. Þar byggðu þeir sín hús, margir hverjir rammbyggilega. Það er ósköp eðlilegt, að þetta sama fólk, sem var hvatt af því opinbera til að byggja upp Höfðakaupstað og trúði á framtíð staðarins, óski eftir aðstoð til endurreisnar atvinnulífinu. Það er ekkert niðurlægjandi.

Það, sem hér er verið að fara fram á fyrir Norðurland, er nákvæmlega það sama og gerzt hefur í Noregi. Það er fjöldi svæði í Norður-Noregi, sem eiga við sömu erfiðleika að stríða og Norðurland er hér í, og þá kannske sérstaklega Norðurl. v. Norður-Norðmenn ræða sín atvinnuvandamál oft við norsku ríkisstjórnina og fá jákvæð svör. Ég hef aldrei skammazt mín fyrir það að ræða við ríkisstj. um skipulagða aðstoð til að byggja upp atvinnulífið á Norðurlandi, og mun ekki gera það.

**Björn Pálsson:** Herra forseti. Þeir vita nú gerst um hlutina fyrir norðan, sem hér eru búsettir, skilst mér. Ég hef ekki ómerkari mann fyrir mér en Þórodd Guðmundsson á Siglufirði, ég hef hitt hann tvisvar í vetur og spurt hann um atvinnuástand, og hann sagði, að það væri allt í þessu fína lagi og það hefðu allir nóg að gera, sem vildu vinna. (Gripið fram í.) Nei, en ég býst við, að það megi leggja upp úr hans orðum á þessu sviði a. m. k., því að hann er mikill verkalýðssinni, enda gefur það auga leið, að Siglfirðingar hafa haft öllu meira að gera í vetur en venjulega, því að þeir hafa nú klettinn að grafa í gegn, niðursuðuverksmiðjuna, tunnuverksmiðjuna og allt í þessu fína. Það hefur einhvern tíma verið bágt, ef það hefur verið ómögulegt í vetur, enda sagði hann mér, að það væri með betra móti.

Viðvíkjandi Sauðárkrók, þá hef ég talað við kaupfélagsstjórann og fleiri þar. Þeir sögðu, að fólkið hefði nóg að gera, það væri allt í sæmilegasta lagi hjá þeim. Viðvíkjandi því, að sjómenn þurfi stundum að fara frá Skagaströnd eitthvað að fiska, þá er það nú bara það, sem skeður hér í höfuðborginni. Það fara margir sjómenn héðan austur á land og eru þar á síldveiðum að sumrinu og fram á vetur. Þetta er ekkert annað en það, sem fylgir sjómannalífinu, að það sé ekki unnið alla daga í kauptúnum eða bæjum, þar sem er um fiskveiðar að tala. Það er ekki nema gangur lífsins og hefur alltaf verið. Það er ekki hægt að fiska þegar illviðri er og ekki er hægt að fara á sjó, og þá þarf ekki heldur að flaka fiskinn. Við getum bara aldrei byggt þannig upp atvinnulíf í sjávarplássunum, að það sé vinna hvern einasta dag.

En ég er ekki að tala um, að það sé neitt of mikið að gera í þessum kauptúnum, en það er ekkert unnið við það að vera að gera þetta að einhverjum eymdarstöðum, fólkið sjálft hefur raun af því. Þegar það svo kemur hér suður og biður um einhverja fyrirgreiðslu, þá er sagt: Er ekki allt í eymd hjá ykkur. Það er ómögulegt að lána ykkur. Þetta er allt á hausnum hjá ykkur. — Þetta eru svörin, sem það fær. Þetta eru verkin, sem menn eru að vinna með því að vera alltaf að fjölyrða um það, að þetta sé ekkert nema eymd og bágindi. Fólkið sjálft harmar þetta. Það eru bara vissir aðilar, sem koma öllu þessu vandræðatali af stað.

Það er ekki nema ágætt að njóta fyrirgreiðslu banka og ríkisstj., þegar þarf að gera eitthvað. En það er einmitt það, sem verkar alveg öfugt, þessi barlómur. Þegar þessir menn koma í bankana, er sagt: Það er ómögulegt að lána ykkur. Það er allt á hausnum hjá ykkur. — Þetta hafa mennirnir sagt við mig sjálfir. Það er ekki nóg að fjölyrða um þetta, að það sé eitthvað að, og halda, að þeir komi sér vel við fólkið á því og fái einhver atkvæði út á það. Þetta verkar alveg öfugt. Þeir berja sér minnst, sem standa sig bezt, þau kauptúnin, þau eru ekki að þessu væli. Við eigum að auka manndóm fólksins með því að telja í það kjark og veita því heilbrigða aðstoð, en ekki alltaf að vera að útmála eymd og bágindi fyrir því.

Viðvíkjandi því, að Skagaströnd hafi verið búin til, þegar síldarverksmiðjan var reist, þá er það ekki rétt með farið. Það var þarna kauptún. En þá var spýtt miklum peningum inn í þorpið, og menn notuðu það til að laga húsin og margs fleira.

Nei, það er ekki nóg að berja sér og heimta og heimta. Við þurfum að taka þetta allt saman skynsamlega og byggja atvinnulífið upp á heilbrigðan hátt. Og ef ríkið ætlar að taka að sér að reka eitthvað, þá verður það að vera byggt þannig upp, að það megi treysta eitthvað á það. En annars hef ég meiri trú á því að aðstoða efnilega einstaklinga til að byggja upp atvinnulífið, það verði traustara og farsælla. Það er ekki von, að ein ríkisstjórn geti ráðið við að reka alls staðar atvinnu. Það verður þá að setja einhverja direktöra þar yfir. Þeir kosta sína peninga og svo hlaupa þeir kannske í burtu, þegar verst gegnir. Ég veit ekki betur en yfirmenn síldarverksmiðjanna á Siglufirði séu fluttir suður í Reykjavík og búi hér í villum, þyki það eitthvað finna og skemmtilegra. Ef þetta væru atvinnurekendur þarna, væru þeir vafalaust þar. Það er rétt, að einn af þeirra öflugustu atvinnurekendum fór burt, ég veit ekki, hvort hann telur sig þar enn þá, hann flutti að einhverju eða öllu leyti. Hann sagði mér, að það væri m. a. af því, að það væru lögð á sig svo þung gjöld, vegna þess að ríkisfyrirtækin borguðu tiltölulega lítið, það væri varla gerlegt fyrir sig að vera þarna. Það er eitt, sem kemur inn í það, ef ríkið vill reka atvinnufyrirtækin, þá verður það að borga eitthvað hliðstæð útgjöld til þess að gera ekki hinum einstaklingunum ólíft, og það er þannig á Siglufirði, að einstaklingarnir þurfa að borga allt of há útsvör, af því að þeir eiga svo lítið af atvinnutækjum sjálfir, hafa treyst á ríkið. Það er ýmislegs að gæta. Við lögum ekkert með því að vera alltaf að mála púkann á vegginn og telja kjarkinn úr einstaklingunum og auglýsa það fyrir bönkum og öðrum, að þarna sé ekki gerandi neitt fyrir neinn, því að allt sé á hausnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 29. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

## 27. Námslaun.

Á deildafundum 21. marz var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um námslaun, greiðslu skólakostnaðar o. fl.** [157. mál] (A 335).

Á 32., 34., 36., 38. og 41. fundi í Sþ., 23. og 30. marz, 13., 20. og 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 28. Listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur.

Á deildafundum 21. marz var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur** [158. mál] (A. 345).

Á 32., 34., 36., 38. og 41. fundi í Sþ., 23. og 30. marz, 13., 20. og 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 29. Strandferðaskip.

Á deildafundum 24. marz var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um kosningu milliþn. til að gera tillögur um endurnýjun strandferðaflotans og skipulagningu strandferðanna** [164. mál] (A. 373).

Á 34., 36., 38. og 41. fundi í Sþ., 30. marz, 13., 20. og 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 30. Endurskoðun laga um almannavarnir.

Á deildafundum 29. marz var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um endurskoðun laga um almannavarnir vegna hafíshættu o. fl.** [167. mál] (A. 383).

Á 34. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 36. og 38. fundi í Sþ., 13. og 20. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (**Jónas Pétursson**): Herra forseti. Þingsályktunin á þskj. 383 er um endurskoðun laga um almannavarnir. Þau l. voru sett 1962, og megintilgangur þeirra l. var að skapa viðbúnað gegn hernaðarhættu, en í 1. gr. þeirra er þó einnig gert ráð fyrir viðtækara verksviði. Um það sérstaklega fjallar þáltill. þessi, sem við 4 þm. erum flm. að.

Til náttúruhamfara heyra jarðskjálftar, eldgos og hafís. Um hafísinn er það að segja, að það er eiginlega viðráðanlegast að hafa viðbúnað til að mæta hættum hans. Þar er um að ræða birgðasöfnun á lífsnauðsynjum fólksins fyrst og fremst. Áhrif hafíss eru m. a. lík umsátri hers, hann lokar samgönguleiðum á sjó, og e. t. v. lokast landleiðir einnig. Það er fyrir fram vitað, hvaða landssvæði er í mestri hættu af hafnbönnum hafissins, og þessi hætta er einnig fyrst og fremst bundin við vissa árstíma. Gildir því annað um jarðskjálfta og eldgos, viss svæði landsins virðast að vísu í mestri hættu, en alls ekki bundið við árstíðir. Ég mun á engan hátt draga úr gildi almannavarna vegna hernaðarhættu, en mér virðist skynsamlegt að gefa meiri gaum en áður hættum náttúruhamfaranna og skipa vörnum gegn þeim í nokkurt kerfi í löggjöfinni sjálfri, gera t. d. viðbúnað gegn hafíshættunni að föstum árlegum lið í starfi almannavarna. Í grg. bendum við flm. sérstaklega á olíuna, sem líf fólksins er orðið svo háð. Segja má, að matvörubirgðir ættu að vera nr. eitt í öryggismálum, og vissulega eru þær það. En þess ber að gæta, að nú orðið er auðveldara að bæta úr matvælaskorti eftir ýmsum leiðum, auk þess sem varúð í þeim efnum er Íslendingum enn þá fremur í blóð borin. En magn olíu er svo mikið, að því fylgir a. m. k. mikill kostnaðarauki, ef ekki er hægt að fullnægja olíuþörfinni að eðlilegum leiðum.

E. t. v. slær þessi þáltill. suma þannig, að ætlazt sé til ráðstafana, sem valdi ríkissjóði verulegum nýjum útgjöldum. Slíkt vakir ekki fyrir mér eða okkur flm., en annars veltur það mest á framkvæmd málsins. Enginn vafi er á, að með heildaryfirsýn um birgðastöðvar fyrir olíu t. d. má koma þeim fyrir á hagkvæmari hátt en ella. Samvinna þeirra, er verzla með olíu, og forstöðu almannavarnanna er nauðsynleg, sjálfsögð og eðlileg, beint hagsmunaatriði, auk öryggis fyrir alla aðila. Samráð við sveitarstjórnir er sjálfsagt í þessum efnum.

Hér hef ég rætt um olíuna, en fleiri nauðsynjar koma og til greina, að birgðasöfnun sé undir eftirliti.

Mér finnst, að hér sé um að ræða þátt í tryggingakerfi nútímans. Það má vel vera, að hægt væri að færa fram líkur fyrir því, að tryggingar dragi úr sjálfsbjargarviðleitni, sjálfsbjargarhneigð, sem auðvitað er grundvallaratriði í farsælu lífi, e. t. v. hvergi fremur en hér í okkar landi. Það er fjarri því, að ég vilji á nokkurn hátt verða til þess að draga úr sjálfsbjargarhneigð, þvert á móti tel ég það grundvallarsjónarmið í allri löggjöf, að hún örvi sjálfsbjargarhvöt. En þjóðfélagið er að þróast til meiri félagshyggju, og öryggið er að verða einkunn nútímans. Það er vandi löggjafans að þræða hinn rétta meðalveg í þessum efnum. Mín skoðun er, að verkanir skynsamlegra lagafyrirmæla og framkvæmda í anda þeirra til öryggis gegn hættum, t. d. hafís, muni fremur verka til örvunar á sjálfsbjargarviðleitni í þeim byggðarlögum, sem búa við hafíshættuna. Aðeins sá andi, sem lýsir sér á Alþ. við setningu löggjafar, sem styður viðbúnað gegn þessari vá og öðrum, hefur jákvæð áhrif á fólkið, og nauðsynlegt er, að menn geri sér grein fyrir þessu.

En nú má um það ræða, hvort ekki séu fleiri náttúruhamfarir en þær, sem þegar hafa verið nefndar, sem skapi vá í lífi fólks. Þannig má t. d. nefna fannfergi, sem lokar vegum og öllum venjulegum bifreiðasamgöngum. Þetta hefur að vísu skeð furðusjaldan marga s. l. vetur, nema þá skamma hríð í senn víðast hvar. En á þessum nýliðna vetri hefur fannfergi mjög víða valdið nærri fullkomnu samgöngubanni með venjulegum bílum. Snjóbílar koma þá til sögunnar og eru þau vélknúnu farartæki, sem bezt duga. Það er e. t. v. hagkvæmast, víðast a. m. k., að héruðin sjálf eða einstaklingar eigi og reki snjóbíla. Mér sýnist þó, að komið geti til mála nokkur viðbúnaður af opinberri hálfu í þessu efni. Ég held, að læknisþjónusta t. d. þurfi helzt á eigin snjóbílum að halda, en e. t. v. er bezt, að það sé mál fyrir sig. En minna má á póstþjónustuna, auk þess sem samskipti öll nú orðið gera nokkrar samgöngur óhjákvæmilegar. Sem opinberan aðila vil ég aðeins benda á Vegagerð ríkisins. Til hennar eru gerðar sífelldar kröfur um snjómokstur. Kæmi ekki til mála, a. m. k. sums staðar, að eðlilegra væri, að vegagerðin ræki snjóbíl? Ég vil drepa á þetta, um leið og þessi þáltill. er rædd, fannfergið skapar víðast stórfellda erfiðleika og meiri nú en áður, þar sem hesturinn má heita horfinn úr þjóðlífinu sem dráttarafl.

Ég vil enn fremur benda aðeins á hið nýja tæki, þyrilvængjuna, sem nú er farið lítils háttar að reyna. Landhelgisgæzlan hefur í sinni umsjá eina slíka vél, og ég hef nokkuð rætt við forstjóra landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson, um möguleika á notkun hennar, m. a. til þess að leysa bráðan samgönguvanda, sem skapast af fannfergi eða öðrum erfiðleikum, og ég er sannfærður um, að þar getur verið um að ræða mikla úrlausn í þeim efnum.

Hjálparsveitir hafa verið stofnaðar á nokkrum stöðum. Þær eru skipaðar áhugamönnum og veita oft ómetanlegt gagn. Þær þyrftu að verða sem víðast. Nokkur þjálfun þeirra er nauðsynleg og nokkur útbúnaður til þeirra. Það kemur vel til greina að tengja starfsemi þessara sveita almannavörnum, og því bendum við á þetta atriði, að það verði einnig tekið til athugunar við endurskoðun laga um almannavarnir.

Ég vil svo vænta, að Alþ. taki vel þessari till. Hún er einföld, og væri e. t. v. ekki þörf á, að hún færi til n., en ef það er talið eðlilegra og réttara, að hún hljóti athugun í n., vil ég gera um það till., að hún gangi til allshn. og að umr. verði þá frestað.

**Dómsmrh. (Jóhann Hafstein)**: Herra forseti. Ég tel, að hér sé hreyft þörfu og góðu máli og

það sé næsta eðlilegt að láta fram fara endurskoðun á l. um almannavarnir, eins og hér er farið fram á. Ég vil geta þess í sambandi við flutning þessa máls hér, að hv. 1. flm., Jónas Pétursson, átti tal við mig á s. l. hausti um hættuna af hafísnum og samgöngustöðvunum, sem af hafísnum gæti leitt, og þó sérstaklega í sambandi við hugsanlegan olíuskort á ýmsum stöðum á landinu, eins og nokkuð hafði borið á á s. l. ári. Ég talaði þá við forstjóra almannavarna og bað hann um að athuga þetta mál sérstaklega og hafa samráð við olíufélögin í sambandi við ráðagerðir, sem mér var nokkuð kunnugt um, um áætlanir þeirra um byggingu birgðastöðva úti um landið. En það er eins og hv. 1. flm. sagði, að hér kemur fleira til álita, og það vill svo til, að einmitt 2. flm. till., Matthías Bjarnason, hafði átt tal við mig út af hugsanlegri samvinnu almannavarna eða aðstoð þeirra við ýmsar hjálparsveitir, sem starfað hafa með miklum ágætum hér á landi. Það var erfitt að ráða fram úr slíkum málum, eins og lögin eru, og hefur ekki borið árangur, en ég tel vel koma til álita að endurskoða þau einmitt með hliðsjón af störfum þeirra og öðrum þeim greinum, sem hér eru nefndar.

Það kann vel að vera, að það kunni í samráði við almannavarnir að þykja hentugt að staðsetja tæki eins og snjóbíla á tilteknum stöðum til þess að veita hjálp í neyð, þegar sérstaklega stendur á, og gæti komið að frekara gagni, alls ekki ólíklega í sambandi við læknaþjónustuna, og það er rétt, að sama gæti átt við um þyrilvængjur. Starfræksla á þyrilvængju er aðeins í byrjun hjá landhelgisgæzlunni og var hugsuð þannig, að ef hún gæfi góða raun, mundi þetta geta vaxið stig af stigi, bæði í sambandi við sjálfa landhelgisgæzluna og svo einnig slysavarnir, sem landhelgisgæzlan hefur alltaf haft með höndum, en landhelgisgæzlan hefur alltaf haft töluvert náið samstarf við Slysavarnafélag Íslands, og eins og kunnugt er, er þessi þyrla keypt í samvinnu við Slysavarnafélagið, sem lagði fram sjóð til þeirra hluta, en reksturinn er í höndum landhelgisgæzlunnar. Það eru auðvitað miklu stærri og öflugri tæki, sem völ er á, þó að við höfum ekki treyst okkur til á þessu stigi málsins að fara lengra út í það enn sem komið er.

En ég vildi aðeins láta fram koma af minni hálfu, að ég tel fulla ástæðu til þess að veita athygli þeim málum, sem hér er hreyft í þessari þáltill., og styðja það, að þingið taki undir þessa till., og mundi þá sjálfsagt þessi athugun, sem þar er um að ræða, eða endurskoðun á l. verða látin fram fara fyrir næsta reglulegt þing.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 29. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 31. Héraðsdómaskipun.

Á deildafundum 1. apríl var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um athugun á breyttri héraðsdómaskipun** [175. mál] (A. 423).

Á 36., 38. og 41. fundi í Sþ., 13., 20. og 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 32. Þungaflutningar í snjó.

Á deildafundum 25. apríl var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um rannsóknir og tilraunir vegna þungaflutninga í snjó** [198. mál] (A. 572).

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

## 33. Endurskoðun laga um jarðakaup ríkisins.

Á deildafundum 26. apríl var útbýtt frá Sþ.:
**Till. til þál. um endurskoðun laga um jarðakaup ríkisins** [199. mál] (A. 582).

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 34. Húsaleigulög.

Á 11. fundi í Ed., 4. nóv., var útbýtt:
**Till. til þál. um setningu húsaleigulaga** [56. mál] (A. 61).

Á 12. fundi í Ed., 8. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

---

Á 13. fundi í Ed., 9. nóv., var till. tekin til einnar umr.

**Flm. (Alfreð Gíslason):** Herra forseti. Ég flyt á þskj. 61 till. til þál. um setningu húsaleigulaga. Í þessari till. felst áskorun til ríkisstj. að fela húsnæðismálastjórn að undirbúa frv. til húsaleigulaga og leggja slíkt frv. fyrir Alþingi það, er nú situr. Ég skal taka það skýrt fram í upphafi, að ég legg höfuðáherzluna í minni till. á síðari lið hennar, að slíkt frv. verði lagt fyrir þing nú í vetur.

Eins og kunnugt er, liggur nú fyrir í frv.-formi till. um að afnema þau húsaleigulög, sem gilt hafa hér síðan 1952. Í sjálfu sér er ekki neitt á móti því að afnema þessi lög. Öllum kemur saman um, að þau séu fyrir löngu orðin úrelt, enda svo úrelt, að engum dettur í hug að framfylgja þeim, nema þá helzt nokkrum sveitarfélögum, sem eiga leiguíbúðir. Það má því segja, að ástandið sé þannig í dag, að hér séu ekki nein húsaleigulög til, ekki raunveruleg húsaleigulög, sem farið er eftir.

Á síðasta þingi var farið fram á það við hv. heilbr.- og félmn. þessarar deildar að flytja frv. til l. um afnám húsaleigulaga frá 1952. Þá náðist ekki samkomulag í þessari hv. d. um slíkan frv.-flutning, og þess vegna varð ekki úr því, að slíkt frv. yrði flutt hér á síðasta þingi. Að því sinni stóð að ósk um slíkan frv.-flutning félag fasteignaeigenda í Reykjavík. Að þessu sinni stendur að sams konar frv.-flutningi hæstv. ríkisstj. Í frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismálastofnun er í 6. gr. ákvæði þess efnis, að húsaleigulögin frá 1952 skuli afnumin. Og það er mjög áberandi, að það á að afnema þessi lög, en það á ekki að koma neitt í staðinn. Nú má benda á það eða undirstrika það, að raunverulega eru engin húsaleigulög til, og ef litið er á þarfir heildarinnar, þarfir almennings, þá virðist ekki vera svo mikil þörf á að afnema þessi lög nú, nema eitthvað komi í staðinn. Ég endurtek það, að ef litið er á hugsmuni almennings í landinu, allra þeirra þúsunda, sem neyðast til að leigja íbúðir, þá er hér ekki um neitt hagræði að ræða hvað þá snertir.

Ég legg svo mikla áherzlu á þörfina á nýjum húsaleigulögum, að ég hef heldur sett mig á móti afnámi þeirra gömlu, nema setning nýrra laga fylgi. Og þá er auðvitað það eðlilegasta, að flutt verði frv. til nýrra húsaleigulaga og að í kjölfar þeirrar lagasetningar sigli afnám gömlu laganna. Ég er ekki ósmeykur við það, að gömlu lögin séu afnumin, án þess að nokkuð nýtt komi í staðinn um sama leyti, vegna þess að ég hef grun um, að það séu allsterk öfl í þjóðfélaginu, sem óski þess einmitt, ekki aðeins að gömlu húsaleigulögin séu afnumin, heldur að engin lög verði sett í staðinn, að húsaleiga verði gefin frjáls, að hverjum húseiganda verði það í sjálfsvald sett, hversu dýrt hann leigir sitt húsnæði. Þetta er höfuðástæðan fyrir því, að ég flyt þessa þáltill. nú í sambandi við afgreiðslu frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismálastofnun.

Það hefur verið bent á tilefni til þess, að hæstv. ríkisstj. óskar eftir afnámi húsaleigulaganna nú. En það tilefni tel ég mjög lítið í sjálfu sér, a. m. k. mjög lítið, þegar litið er á þarfir þeirra þúsunda leigjenda, sem nú búa við og eiga að öllum líkindum að búa við algert réttleysi hvað húsaleiguokur snertir. Áður en ég fellst á það fyrir mitt leyti að samþykkja afnám húsaleigulaganna, vil ég a. m. k. sjá frv. til nýrra húsaleigulaga hér á hinu háa Alþingi.

Hæstv. félmrh. hefur gert grein fyrir ástæðunni til þess, að hæstv. ríkisstj. óskar eftir afnámi húsaleigulaganna, og eins og ég tók fram áðan, tel ég það tilefni ekki ýkjaþungvægt í sjálfu sér. Hæstv. félmrh. hefur einnig tilkynnt, að húsnæðismálastjórn hafi verið falið að undirbúa frv. til húsaleigulaga, eða ég hygg, að ég fari þar með rétt mál. Þetta er nú gott og blessað. En bezt væri þó af öllu, ef hæstv. félmrh. vildi nú í sambandi við þennan tillöguflutning lýsa yfir, að það frv., sem nú er væntanlega í undirbúningi, skuli lagt fyrir Alþ. það, sem nú situr.

Ef hæstv. ráðh. vildi gefa slíka yfirlýsingu hér í hv. d. í sambandi við umr. um þetta mál, þá skyldi ég ekki hafa neitt á móti því, að till. fengi að sofna í n., eða ég jafnvel drægi hana til baka, því að slíka yfirlýsingu hlyti ég að taka gilda.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þessa till. að sinni. Herra forseti. Ég legg til, að umr. um þessa till. verði frestað og till. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

**Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson):** Herra forseti. Svo sem þegar kom fram hjá hv. flm. og frsm. þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir til umr., hafa þegar verið gefnar skýringar og löngu áður en till. þessi var flutt á fyrri hluta þeirrar þáltill., sem hér um ræðir. Og má því nokkuð merkilegt heita, að það skuli vera haft að meginefni í þáltill., sem búið er að gera grein fyrir hér áður, því að í framsöguræðu minni fyrir flutningi frv. um húsnæðismálastofnun ríkisins, sem var fyrra dagskrármál þessa fundar, gaf ég þann 18. okt. mjög skilmerkilega, að ég tel, yfirlýsingu um það, að húsnæðismálastjórn hefði verið falið það verkefni, sem í þáltill. þessari ræðir, þ. e. að semja eða undirbúa frv. til nýrra húsaleigulaga, þar sem í frv. um húsnæðismálastofnunina er gert ráð fyrir afnámi hinna eldri laga. Og ég hygg, að það sé rétt hjá hv. flm., að um það séu nú ekki lengur neinar deildar meiningar, að þau lög séu úrelt — og meira en úrelt, þau standi bókstaflega í vegi fyrir því, að þessi nauðsynlegi liður húsnæðismálanna, þ. e. hæfilegt framboð leiguhúsnæðis, sé raunverulega til.

15. okt. fól félmrh. húsnæðismálastjórn meðal annarra verkefna að semja frv. til nýrra húsaleigulaga, ef hún teldi þörf á, en áður var upplýst, að hún teldi, að sé þörf á því. Ég hygg, að það sé ekki heldur meiningarmunur um það, að eðlilegt væri, að húsnæðismálastjórn ynni þetta verk. Það er ríkisstofnun, sem skipuð er fulltrúum allra flokka, og ætti því að vera tryggt, að öll sjónarmið kæmu þar fram.

Ég vil þess vegna í framhaldi af þessari skoðun minni upplýsa það, að ég tel í fyrsta lagi, að meginhluti þessarar þáltill. sé þegar óþarfur, hafi verið það, áður en þáltill. þessi var flutt, og vil líta svo á, að það sé á misskilningi byggt. En flm. talaði um, að hann legði megináherzlu á niðurlag þessarar þáltill., þ. e. a. s. að húsnæðismálastjórn verði sett það skilyrði í þessum störfum sínum, að hún legði slíkt frv. fyrir Alþingi það, er nú situr.

Það er alls ekki nein tilviljun, að þetta var ekki gert í erindisbréfi til húsnæðismálastjórnar, heldur fullkomlega vitandi vits. Hér var um mjög vandasamt og viðkvæmt mál að ræða, sem eðlilegt væri, að vel yrði grundað og kynni að

taka nokkurn tíma. Það eru uppi skoðanir um það, að það eigi ekki að verðleggja húsnæði á sama hátt eða með sömu grundvallarsjónarmiðum og gert var í hinum eldri lögum, þ. e. a. s. alveg án tillits til þess, hve gamalt húsnæðið er, þá sé leigugjaldið á fermetra það sama, heldur hafa verið uppi mjög rökstuddar yfirlýsingar manna á undanförnum árum um, að það bæri að gera þarna verulegan mismun á, svo sem gert er á Norðurlöndum almennt um leiguhúsnæði, þ. e. a. s. upp á hver þægindi húsnæðið hefur að bjóða, og það skuli metið til hærri leigu en það eldra húsnæði, sem samtíðin telur að sé nú orðið úrelt. Hér er um ákaflega vandasamt mat að ræða, sem ég treysti mér ekki — eða ráðuneytið — til að fyrirskipa húsnæðismálastjórn að gera ákveðnar till. um innan nokkurra mánaða eða fyrir lok þessa þings. Ég er af sömu ástæðu enn ekki reiðubúinn til að gefa yfirlýsingu um, að húsnæðismálastjórn sé þetta skylt. Það væri æskilegt, að húsnæðismálastjórn gæti látið frá sér fara slíkt frv. fyrir þinglok, þannig að þm. gæfist a. m. k. kostur á að kynna sér efni þess, og æskilegast væri, að hægt væri að afgreiða ný húsaleigulög samkv. þeim till., ef samkomulag næst um þær í þessari allra flokka stjórn, en ég vil ekki standa að því að skylda húsnæðismálastjórn til þessara hluta. Ég tel, að það sé svo veigamikið atriði, að rétt sé og vel að unnið, að það sé ekki hægt að tímasetja slíkar ályktanir eða niðurstöður húsnæðismálastjórnar um þau efni.

Það væri hins vegar ef til vill tími til þess fyrir þá n., sem þáltill. þessa fær til meðferðar, sem væntanlega verður heilbr.- og félmn., því að væntanlega verður umr. nú frestað og n. fær málið til athugunar, að kanna það, hvort húsnæðismálastjórn kynni að vilja sjálf gefa einhverjar yfirlýsingar í þessu efni. Ég tel sjálfur, að það sé ákaflega erfitt. Ég veit, að um þessar mundir er húsnæðismálastjórn upptekin af öðrum verkefnum, þ. e. a. s. lánveitingum, og getur því um þessar mundir a. m. k. ekki sinnt því verkefni, sem henni var falið með erindisbréfi dags. 15. okt.

Það er hins vegar persónuleg skoðun mín, hverjar sem efasemdir hv. flm. eru, að hér eigi að vera húsaleigulög, en þau eigi að vera í samræmi við samtíðina, ekki með þeim neikvæða árangri, sem þau hafa verið undanfarin ár, þannig að í dag fæst ekkert leiguhúsnæði, hvaða fjármunir sem í boði eru, og jafnvel þeir eru verst staddir, sem mest þurfa á því leiguhúsnæði að halda, þ. e. a. s. barnafjölskyldur, sem virðist vera bannorð meðal þessara aðila. En meginástæðan til þess, að afnám gömlu húsaleigulaganna er lagt til í frv. um húsnæðismálastofnun, sem flm. vildi gera lítið úr hér áðan, er einfaldlega sú, að það hefur sýnt sig á undanförnum árum, að einstaklingar byggja ekki, nema þá að svo sáralitlu leyti, að varla er umtalsvert, íbúðarhús til leigu. Þetta verkefni, sem í allt of litlum mæli hefur verið, hefur verið unnið af hálfu bæjar- og sveitarfélaganna.

Með lagabreytingu frá síðasta Alþingi var því bætt inn í 7. gr. laganna um húsnæðismálastofnun, að heimilt væri að lána til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og Öryrkjabandalags Íslands. Þar var sá bakþanki, að þetta leiguhúsnæði yrði leigt á sannvirði, þ. e. a. s. að það stæði undir kostnaði, og nægir í því efni að benda til þess rökstuðnings, sem fyrir því var hafður bæði í grg. og ræðu fyrir þessu innskoti á sínum tíma. Þetta er talin ákaflega mikilvæg viðbót í lögin og það svo, að sveitarfélög hafa nú æðimörg sótt um aðstoð á grundvelli þessa lagaákvæðis frá húsnæðismálastjórn, um aðstoð í þessu efni. Þessari aðstoð hefur ekki verið hægt að svara jákvætt, vegna þess að reglugerðarákvæði hefur skort um þetta efni, og hún er í frumdrögum til, en hún kemur til með að ganga þvert á hin eldri húsaleigulög. Niðurstaðan verður því sú, að á meðan hin eldri húsaleigulög eru í gildi, má búast við því, að sveitarfélög kippi að sér hendinni og framkvæmi ekki þennan nauðsynlega lið húsnæðismálanna, þ. e. a. s. byggingu leiguhúsnæðis. Til þess að hægt sé að setja reglugerð um framkvæmd þessa nýja lagaákvæðis, er nauðsynlegt, að reglugerð verði sett, en hún verður ekki sett, þar sem hún stangast á við eldri lög, meðan húsaleigulögin eldri eru í gildi.

Ég sé ekki, að sérstök áhætta sé í því, þó að afnám þessara laga fari fram skv. frv. um húsnæðismálastofnun ríkisins, — sé ekki, að það eigi að vera mikil áhætta, því að þeir aðilar, sem hv. flm. helzt tortryggir, sem munu vera einstaklingar, — tortryggir um, að noti sér óhæfileg leigukjör og noti sér óeðlilega mikla eftirspurn eftir þessari tegund húsnæðis, munu ekki byggja, þrátt fyrir afnám laganna, á verulegar byggingar. Því miður, vildi ég segja, mundu þeir ekki byggja á byggingar leiguhúsnæðis, svo mjög sem það þó annars skortir, þrátt fyrir afnám laganna. Bygging þessa húsnæðis mun á næstu árum aðallega verða eins og undanfarin ár á vegum bæjar- og sveitarstjórnanna, og ég hygg, að þrátt fyrir þann ágóða, sem þessum aðilum er í dag talinn af leiguhúsnæði með því að fara á bak við lögin, eins og getgátur hafa verið um og reyndar allmiklar sannanir um einnig, þá muni það ekki örva þá til þess að snúa þessu blaði sinu við, svo að meira verði um óhóflegan leigukostnað en þegar er.

Ég sem sagt legg á það áherzlu, að sú n., sem þáltill. þessa fær til athugunar, kanni það hjá húsnæðismálastjórn, hvort hún telji sér fært að skila frv. til nýrra húsaleigulaga fyrir þinglok. Ég vil ekki taka að mér að fyrirskipa henni það, vegna þess að ég veit, hve vandasamt málið er.

Hitt atriðið, hvort bæjarfélögin fái aðstöðu til þess að fara af stað með allan sinn undirbúning að væntanlegum leiguíbúðabyggingum, er meginefni þessa máls og það svo mikilvægt, þegar höfð er hliðsjón af því, sem ég áður sagði, að aðrir munu þar ekki hlaupa í skarðið, að ég tel, að ekki megi dragast lengur, að bæjarfélögin fái fulla vitneskju um, hver framkvæmd þessa lagaákvæðis verður. Það verður hins vegar ekki framkvæmt, nema hin eldri lög verði numin úr gildi. Eftir því sem mér bezt skilst, er af lagalegum ástæðum ekki hægt að setja reglugerð um nýtt ákvæði, sem stangast á við lög, sem í gildi eru, og það torveldar hins vegar húsnæðismálastjórn

og útilokar hana reyndar frá að gefa nokkur jákvæð svör um framkvæmd þess atriðis, fyrr en sett hefur verið um þetta skýr og skilmerkileg reglugerð. Reglugerðin verður hins vegar ekki sett, meðan gildandi lög stangast á við hið nýja ákvæði.

Það er mín persónulega skoðun, að hér sé ekki veruleg hætta á ferðum, jafnvel þótt svo fari, að húsnæðismálastjórn gæti ekki skilað endanlega þessu lagafrv. fyrir þinglok, og nægir í því efni að benda til þeirra raka, sem ég hef áður flutt í þessari ræðu minni.

Hitt er meginefni málsins, að bæjar- og sveitarfélögin fái aðstöðu til þess að undirbúa byggingar sínar fyrir næsta vor. Ég veit þegar um fjögur eða fimm bæjarfélög, sem sótt hafa um lán á grundvelli þessarar nýju lagasetningar og hafa þegar hafið allan undirbúning að því og jafnvel byrjað frumgröft húsanna, en þessar framkvæmdir munu eðlilega stöðvast, ef ekki er hægt að fullvissa þær um, hver framkvæmd þessa nýja laga-ákvæðis verður.

Ég mun hins vegar, á sama hátt og ég hef áður greint, telja það æskilegast, að frv. gæti legið fyrir þessu þingi til nýrra húsaleigulaga, og að æskilegast væri, að hægt væri að afgreiða það einnig á þessu sama þingi, ef samkomulag næðist um það í húsnæðismálastjórn. Jafnframt vil ég undirstrika það, að af löngum og nánum kynnum mínum af starfsemi húsnæðismálastjórnar tel ég, að enginn aðili annar sé færari um að taka ákvörðun í þessum efnum, ekki einungis vegna þess, að þar eigi öll pólitísk sjónarmið að vera „representeruð", heldur fyrst og fremst vegna þess, að þar sitja nú þeir menn, sem kunnugastir eru þessum hnútum, og ég hef enga ástæðu til þess að efast um það, að neinn þeirra, sem þar situr í dag, dragi úr ferðinni um setningu nýrra húsaleigulaga, svo mjög sem þeir menn hafa allir um langt árabil unnið að því að gera úrbætur á þessum vanda í þjóðfélaginu, sem eru húsnæðismálin, og hafa af því löng og náin kynni. Ég treysti því húsnæðismálastjórn fullkomlega til þess að hraða afgreiðslu þessa máls, svo sem frekast er unnt, og held, að ráðuneytisfyrirmæli um tímasetningu í þessum efnum gætu þar engu um breytt. Við höfum því miður svo iðulega séð í þáltill., að falið er ákveðnum n. að skila áliti fyrir tiltekin tímamót, og það hefur ekki staðizt. Málin hafa reynzt erfiðari og viðameiri en svo, þegar ofan í þau hefur verið farið, að þessum n. hafi verið það fært að skila áliti á tilteknum og umræddum tímum.

Ég ítreka það því, að ég veit, að húsnæðismálastjórn liggur ekki á liði sínu um að skila áliti sínu um þetta efni, svo fljótt sem kostur er, og hún hefur sem slík áreiðanlega engan áhuga á því, að málið dragist á langinn.

**Flm. (Alfreð Gíslason):** Herra forseti. Hæstv. félmrh. treystir sér ekki til að lýsa því yfir, að frv. til nýrra húsaleigulaga verði lagt fyrir Alþingi nú í vetur. Þar með tel ég, að þessi till. mín eigi fullt erindi inn í þingið, og vænti þess, að hún fái fulla þinglega afgreiðslu.

Það var á s. l. vori, að samþykkt voru ný ákvæði inn í lögin um húsnæðismálastofnun, m. a. inn í 7. gr., staflið A, ákvæði um lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Þegar búið var að gera þessa samþykkt um þessar leiguíbúðir, þá var hæstv. ríkisstj. það að sjálfsögðu ljóst, að fyrst og fremst bar henni að setja reglugerð um þessar leiguíbúðir, svo sem fyrir er mælt í lögunum, og í öðru lagi var hætt við, að slík reglugerð kæmi til með að stangast á við gildandi ákvæði í húsaleigulögum. Henni átti því að vera það ljóst þegar s. l. vor, að þörf var á ekki aðeins afnámi húsaleigulaga, heldur líka setningu nýrra húsaleigulaga. En þetta hefur hæstv. ríkisstj. gersamlega vanrækt að gera, og fyrir það ber að víta hana, með því að þetta var henni þá þegar ljóst. Í stað þess lætur hún í tæka tíð semja reglugerð um hámarksleigu þeirra íbúða, sem um ræðir í þessum staflið 7. gr., og undirbýr afnám húsaleigulaga, en vanrækir gersamlega það, sem mestu máli skiptir fyrir landslýðinn, og það er að láta semja ný húsaleigulög. Það er ekki fyrr en í október, að stigin eru einhver byrjunarspor í þá átt að undirbúa slíka löggjöf. Fyrir þessu er náttúrlega engin afsökun í sjálfu sér. Hér er annaðhvort um vítavert hirðuleysi og skeytingarleysi að ræða eða þá hitt, sem allténd getur verið, að það séu öfl innan hæstv. ríkisstj., sem ekki gráti það, þótt engin húsaleigulög séu til í landinu. Og það er einmitt það, sem ég hef grun um. Ég gruna ekki hæstv. félmrh. um, að hann vilji ekki hafa húsaleigulög eða ákvæði um hámarkshúsaleigu í landinu. En það geta verið önnur öfl meðal hans bandamanna í hæstv. ríkisstj., sem þess óska. Þess vegna er það í sjálfu sér eðlilegt, að hæstv. ráðh. geti ekki lýst yfir, að hann ábyrgist, að frv. til nýrra húsaleigulaga verði lagt fram á þessu þingi. Það er alls ekki víst, að það sé í hans valdi.

Fyrir ári, það var í nóv. 1964, gerði borgarstjórn Reykjavíkur samþykkt í sömu átt og þessi till. fer. En samþykktin, sem borgarstjórn Reykjavíkur gerði þá, fyrir ári, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Borgarstjórn telur rétt að beita sér fyrir því, að sett verði ný lög um leigu íbúðarhúsnæðis, og felur borgarráði að fylgja málinu eftir við Alþ. og ríkisstj. Borgarstjórn leggur jafnframt áherzlu á nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framkvæmd slíkrar lagasetningar."

Þetta samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur fyrir einu ári, og ég veit ekki betur en borgarráð hafi skömmu eftir samþykkt þessarar till. snúið sér til hæstv. ríkisstj. og gert henni kunnugt um þessa samþykkt. Ekki bólaði neitt á því, að hæstv. ríkisstj. féllist á þá þörf, sem hér er bent á. En hitt getur hún ekki afsakað sig með, að málið hafi fyrst borið að nú í haust og þess vegna sé tíminn svo naumur, það sé aðeins tími til að afnema lög, en ekki tími til að setja ný lög í staðinn.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég vil aðeins ítreka enn á ný, að í þessum efnum tel ég ný lög vera miklu brýnni nauðsyn en afnám gömlu laganna, og þá hef ég í huga hagsmuni alls almennings í landinu.

**Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson):** Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. frá því, sem þegar er orðið. Ég fæ ekki séð af málflutningi hv. flm., að nokkurs ágreinings gæti á milli þess,

sem ég sagði hér áðan, og ályktunar borgarráðs í þessum efnum. Hann lagði megináherzlu á efasemdir sínar um það, að öfl væru innan ríkisstj., sem vildu engin húsaleigulög hafa og kynnu að una því ástandi bezt, að framboð og eftirspurn réðu, og þau lægju að baki þeirri till. um afnám húsaleigulaganna, sem er í margnefndu frv. um húsnæðismálastofnun ríkisins. Ég vil lýsa því yfir hér með, að ég hef ekki orðið þessarar stefnu var innan ríkisstj. eða stuðningsflokka hennar, nema síður sé, og hef, eins og ég áðan sagði, fulla trú og traust á því, að húsnæðismálastjórn, sem skipuð er fulltrúum allra flokka, liggi ekki á liði sínu um afgreiðslu þessa máls. Og í umr., sem eðlilega hafa farið fram um þessa hluti, hef ég ekki orðið var við það, að neinn maður í stjórnarliðinu hefði uppi þá stefnu, sem hv. flm. vildi vera láta að kynni að vera til, eins og hann nefndi: öfl innan hæstv. ríkisstj., sem vilja engin húsaleigulög. Ég hef ekki orðið þessara afla var og hef, eins og ég sagði áðan, enga ástæðu til að ætla, að þau séu fyrir hendi, en menn vilji hafa um þessa hluti eins og aðra ákveðnar og skýrar reglur. En þegar gömul og úrelt lög fara að standa í vegi fyrir því, að fólk, hvað sem annars í boði er, fái nokkurt leiguhúsnæði, þá er ástæða til að endurskoða fyrri afstöðu sína og sýna ekki lengur þá íhaldssemi að halda í lög, sem allir viðurkenna að löngu eru úrelt og eru, eins og ég sagði í framsöguræðu minni fyrir húsnæðismálafrv. á sínum tíma, þann 18. okt., e. t. v. einungis til þess eins notuð að telja fram til skatts. Mismuninn verða menn að greiða án þess að fá hann til frádráttar á sínum skattaframtölum. Þetta er ekki láglaunafólki til góðs og er engum til góðs.

Það er óþarfi að standa í þeim blekkingum, sem slík úrelt löggjöf kynni að vekja, að hún veiti mönnum yfirleitt nokkurt skjól lengur. Það, sem fyrst og fremst skortir á í dag, er það, að nægilegt framboð leiguhúsnæðis fáist eða a. m. k. mun meira en er í dag, því að það bitnar fyrst og fremst á ungu hjónunum, sem eru að hefja búskap, — hjónunum, sem eiga að dómi þessara aðila, sem yfir þessu húsnæði ráða, of mikið af börnum, fá þess vegna ekki leigt, og gömlu hjónunum, sem vilja e. t. v. minnka við sig húsnæði, vegna þess að börnin eru að heiman farin. Það er ekki í þágu þessa fólks, sem gamalli og úreltri löggjöf er við haldið, og í engra manna þágu lengur. Og svo lengi sem sú rödd heyrist ekki, að menn vilji engin húsaleigulög hafa, eins og hv. frsm. þáltill. þessarar vildi geta sér til um, að væri til innan stjórnarliðsins, hef ég enga ástæðu til að ætla, að það séu neinar slíkar raddir.

Það vita allir menn og er margviðurkennt í ræðum, að ég hygg, fulltrúa allra stjórnmálaflokkanna, sem setu eiga á Alþ., að húsnæðismálin eru ein aðalundirrótin undir vaxandi verðbólgu, undir vaxandi kröfugerð manna um hærri laun, sem kemur til af því, að þeir geti ekki staðizt þann óhæfilega húsnæðiskostnað, sem er í landinu, bæði á nýju húsnæði og ekki sízt á leiguhúsnæði. Það er því áreiðanlega allra vilji, a. m. k. hefur það reynzt svo í orði og er eftir að reyna á það á borði, að vilja fá úrbætur í þessum málum og þess vegna engin ástæða til að vera með sérstakar efasemdir eða getsakir í þessum efnum.

Ég sé nú á nýútbýttu þskj., þskj. 72, að þar kemur enn eitt atriði til athugunar fyrir hv. heilbr.- og félmn., sem væntanlega fær þessa þáltill. til athugunar. Þar er ný útgáfa, 3. tölul., þar sem um ræðir, að hægt sé að setja þá reglugerð, sem ég taldi áðan að væri ekki unnt að setja án niðurfellingar hinna eldri l., með þeirri aðferð, sem þar greinir. Ég vil á þessu stigi, af því að ég er ekki löglærður maður, ekki fullyrða um, að þetta sé ekki hægt, en ég vil mælast til þess við hv. n., að hún athugi mjög gaumgæfilega þetta ákvæði, sem þar er lagt til. Það er áreiðanlega ekki vilji félmrh. eða ríkisstj. að stuðla að neinni frekari óáran í þessum málum en talið er að sé fyrir hendi í dag, nema síður sé, og allar þær leiðir, sem til bóta horfa í þessum málum, ber vissulega að taka til vinsamlegrar athugunar..

ATKVGR.

Till. vísað til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

---

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

# Fyrirspurnir.

## 1. Tannlæknadeild háskólans.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
**Fsp. til menntmrh. um tannlæknadeild háskólans** [16. mál] (A. 16).

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 42 shlj. atkv.

---

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Alfreð Gíslason):** Herra forseti. Á þskj. 16 geri ég fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi tannlæknadeild háskólans, en eins og öllum er kunnugt, var tannlæknadeildinni að þessu sinni lokað fyrir nýjum nemendum. Ég tel ekki ástæðu til að ræða einstaka liði þessara spurninga, en vænti þess, að hæstv. ráðh. veiti svör nú, og mun ég svo taka til máls á eftir.

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ég held, að skýrust svör fáist við spurningum hv. þm. með því móti, að ég svari þeim öllum í einu með stuttri greinargerð um það mál, sem hér er um að ræða, og vona ég, að hv. þm. hafi ekki á móti því.

Lög um tannlæknakennslu við Háskóla Íslands voru sett 1947. Á árunum 1945—47 hafði verið starfrækt tveggja ára námskeið fyrir tannlækna til viðbótar miðhlutaprófi í læknisfræði. Því námi luku þrír piltar. Fyrsti tannlæknirinn, sem stundaði nám skv. hinni nýju skipan, tók próf 1949. Alls hefur háskólinn brautskráð 48 tannlækna. Áætlað er, að á næstu tveim árum brautskráist 19 tannlæknar og á næstu þrem árum þar á eftir 30, eða á næstu fimm árum brautskráist allt að 50 tannlæknar úr hópi þeirra stúdenta, sem nú eru við nám í tannlæknadeildinni.

Á fyrstu árunum innrituðust um 4 stúdentar á ári, en þeim fór síðan smáfjölgandi. 1960 voru innritaðir 10 stúdentar, 1961 12, 1962 18, 1963 11. Í fyrrahaust, eða haustið 1964, skrifaði háskólinn menntmrn. og benti á, að tannlæknadeildin hafi tekið 31 stúdent til náms undanfarin þrjú ár, og treysti tannlæknadeildin sér ekki til að taka nema 8 stúdenta í deildina það haust, nema fyrirheit fengist um það af ríkisvaldsins hálfu, að tannlæknakennslunni yrði séð fyrir auknu húsnæði, tækjakosti og mannafla til þess að sjá þeim stúdentafjölda, sem fyrir væri í deildinni, og meiri nýstúdentafjölda en 8 fyrir viðhlítandi kennslu. Óskaði háskólinn eftir því að geta innritað 15 stúdenta á s. l. hausti. Mál þetta var í fyrrahaust rætt í ríkisstjórninni og háskólanum heimilað að innrita 15 stúdenta til náms. Var nauðsynlegum fjárveitingum í því sambandi heitið. Í framhaldi af þessu var fjárveiting til tannlæknadeildar í fjárl. ársins 1965 aukin úr 799 þús., eins og hún hafði verið 1964, í 1 millj. 599 þús., eða meira en tvöfölduð. Við undirbúning fjárl. fyrir árið 1966 gerði háskólinn till. um 1 millj. 729 þús. kr. fjárveitingu til kennslunnar, og var sú upphæð tekin í fjárlfrv., sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi.

Fyrst eftir að efnt var til tannlæknakennslunnar fór hún fram í háskólabyggingunni. Árið 1958 fluttist tannlæknadeildin úr háskólabyggingunni í nýtt húsnæði í landsspítalabyggingunni. Tannlæknastólum var þá um leið fjölgað úr 6 í 12. Áður hafði verið talið unnt að útskrifa 4 tannlækna á ári, en í hinu nýja húsnæði var talið unnt að brautskrá 6 á ári, jafnframt því sem námið var lengt úr 5 árum í 6 ár. Happdrætti Háskóla Íslands veitti ½ millj. kr. vaxtalaust lán til þessa húsnæðis.

Á s. l. vetri gerðist svo það, sem haft hefur mikla þýðingu fyrir framvindu þess máls, sem hér er um að ræða, að nokkrir stúdentar í tannlæknadeild kvörtuðu til borgarlæknis yfir þrengslum í deildinni. Varð þetta til þess, að borgarlæknir mælti svo fyrir, að stólum yrði fækkað um 2—3 og nemendum í verklegri kennslu fækkað verulega í því húsnæði, sem fyrir er. Að undangengnum ýtarlegum viðræðum milli háskólans og borgarlæknis féllst hann á, að stólum þyrfti ekki að fækka nema um einn, en hélt fast við fyrirmæli sín varðandi fækkun nemenda til verklegrar kennslu. Veldur þetta því, að færri stúdentar komast að verklega náminu í síðari hluta þess en áður í núverandi húsnæði. Auk þess stóðust fleiri stúdentar millipróf á s. l. ári en undanfarin ár, og hefur það enn aukið þrengsli í deildinni. En vegna þessara þrengsla hefur læknadeildin ekki talið unnt að taka viðbótarstúdenta til náms í tannlækningum á þessu hausti að óbreyttum aðstæðum.

Í bréfi, sem háskólarektor ritaði menntmrn. 26. júlí s. l. um vandamál tannlæknakennslunnar, segir m. a.: „Á þessari stundu er ekki fullljóst, hvernig úr þeim“ — þ. e. þessum vandræðum, — „verði bætt,“ — þ. e. í fyrsta lagi með sérstakri byggingu eða í öðru lagi með húsnæði, sem yrði hluti úr stærri byggingarheild í þágu lækna-

kennslu, eða í þriðja lagi með bráðabirgðaúrræði. Jafnframt bendir rektor á í þessu bréfi, að hver leiðin sem farin yrði, þá yrðu framkvæmdir allar mjög kostnaðarsamar og þeim yrði ekki hrundið í framkvæmd, nema til komi mikill fjárstuðningur ríkisvaldsins.

Skv. lögum um Happdrætti Háskóla Íslands er tekjum af happdrættinu ætlað að ganga til nýbygginga fyrir háskólann og viðhalds á háskólabyggingunni, en tekjur háskólans af happdrættinu námu í fyrra tæpum 10 millj. kr. Í viðræðum, sem ég átti nú í haust við forráðamenn háskólans og tannlæknakennslunnar, hefur komið í ljós, að ef byggja ætti sérstakt hús fyrir tannlæknakennsluna, telur háskólinn það þurfa að nema 2600 fermetrum að stærð og kosta ekki minna en 23 millj. kr. Ekki hefur verið gerð nákvæm áætlun um kostnað við nauðsynlegan húsbúnað, en ýmsir hafa áætlað hann annað eins, þannig að sérstakt hús fyrir tannlæknakennsluna mundi kosta 45—50 millj. kr. Háskólinn telur sér eðlilega ofviða að ráðast í slíka framkvæmd fyrir tekjur happdrættisins. Það er og augljóst, að fyrirætlanir um svo stóra og dýra byggingu leysa ekki þann vanda, sem að tannlæknakennslunni steðjar nú, hver svo sem greiða mundi kostnaðinn við hana. Líklega yrði ódýrara að ætla tannlæknakennslunni húsnæði í fyrirhugaðri byggingu fyrir læknadeildina, sem háskólinn hefur nú í nokkur ár haft í undirbúningi. En fyrirsjáanlegt er, að nokkur tími muni líða, þangað til sú bygging er risin af grunni.

En vandamál tannlæknakennslunnar verður að leysa hið bráðasta. Þess vegna virðist sá kostur einn eftir, sem nefndur var í þriðja lagi í bréfi háskólans frá í sumar, sem ég vitnaði til áðan, að útvega tannlæknakennslunni aukið húsnæði til bráðabirgða. Er nú verið að vinna að þessu. Háskólinn er að reyna að tryggja viðbótarhúsnæði fyrir alla teknológísku kennsluna nú þegar, jafnframt því sem verið er að athuga um möguleika á viðbótarhúsnæði fyrir klínísku kennsluna næsta haust. Jafnframt þessu hafa verið athugaðir og er enn verið að athuga möguleika á því að tryggja tannlæknastúdentum námsvist erlendis í síðari hluta námsins, en það er einkum hann, sem er verklegur og krefst mikils húsnæðis og mikilla og dýrra tækja. Í þessu sambandi hefur rektor danska tannlæknaháskólans verið boðið hingað til lands, og er hann einmitt nýkominn til borgarinnar. Munu nú forráðamenn háskólans og tannlæknakennslunnar ræða ýtarlega við hann um það, með hverjum hætti skynsamlegast sé að ráða bót á þeim þrengslum, sem nú eru orðin í deildinni, og jafnframt möguleika á því, að nokkur hluti íslenzkra tannlæknastúdenta stundi fyrri hluta námsins hér, en fyrri hlutinn er einkum fræðilegur, og síðari hlutann, sem einkum er verklegur, erlendis á grundvelli samstarfs milli háskólans hér og erlendra háskóla, líkt og nú á sér stað varðandi verkfræðinámið.

Ég get að sjálfsögðu ekki sagt um það á þessari stundu, hver verður niðurstaða þessara viðræðna og þeirra athugana, sem nú eru að fara fram. Ég vona, að það leiði til jákvæðrar og skynsamlegrar niðurstöðu. Hitt get ég sagt, að ég tel brýna nauðsyn á því, að breytt verði þeirri ákvörðun, að engir stúdentar verði teknir til tannlæknanáms nú á þessu hausti. Ég get að sjálfsögðu skilið þá afstöðu háskólans að vilja ekki taka stúdenta til náms, nema því aðeins að hægt sé að sjá þeim fyrir fullkominni og vandaðri kennslu. Ég hef þegar tjáð forráðamönnum háskólans og tannlæknakennslunnar, að ríkisstj. er reiðubúin til alls skynsamlegs stuðnings við öflun viðbótarhúsnæðis handa tannlæknakennslunni og til þess að greiða kostnað við þá auknu kennslu, sem það krefst, að nýir stúdentar séu teknir í deildina í haust.

Með hliðsjón af því, hversu tannlæknakennsla er geysilega dýr, þar er líklega um að ræða eina dýrustu kennslu, sem nú fer fram innan háskólans, er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að framkvæmdir allar séu vel yfirvegaðar og þeim sé sniðinn sá stakkur, sem íslenzkum aðstæðum hentar. Ég ber fullt traust til forráðamanna tannlæknakennslunnar og háskólans og vona, að lausn finnist á þeim vanda, sem nú steðjar að, þannig að framvegis verði hægt að brautskrá fleiri tannlækna frá Háskóla Íslands en undanfarin ár. Jafnframt tel ég sjálfsagt að athuga, hvort ekki sé hægt að efna til reglulegrar og samningsbundinnar samvinnu milli Háskóla Íslands annars vegar og viðurkenndra erlendra tannlæknaskóla hins vegar um að mennta tiltekinn fjölda íslenzkra tannlækna árlega að einhverju eða öllu leyti. En dæmi eru um slíka samvinnu milli landa, t. d. milli Norðurlanda annars vegar og Þýzkalands hins vegar.

Með þessu vona ég, að hv. flm. fyrirspurnanna telji spurningum sínum svarað.

**Fyrirspyrjandi (Alfreð Gíslason):** Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin við fyrirspurn minni. Það er augljóst af svörum hæstv. ráðh., að hér hafa orðið handvömm og sökin sennilega beggja, hæstv. menntmrh., sem er yfirmaður háskólans, og háskólaráðs. Hæstv. ráðh. tók það fram, að nú ætti að fara að athuga þetta mál gaumgæfilega og frá grunni. En hvers vegna var þetta mál ekki athugað fyrr og í tæka tíð? Hvers vegna er stúdentum gefinn kostur á því í ágúst og fyrri hluta september að innrita sig í þessa deild, 20 ungir menn verða til þess að óska inngöngu í deildina, og þeir verða að bíða fram að mánaðamótum sept.—okt. eftir svari við því, hvort þeir fái inngöngu eða ekki? Og þá kemur svarið, og það er neitandi. 20 ungir menn, sem eru að taka ákvarðanir um framtíðarstarf sitt, eru látnir bíða og fá svo nei hjá háskólanum. Þetta er óþægilegt mörgum þessara manna vafalaust, og er sérstaklega ónærgætnislegt af hálfu háskólans að koma þannig fram við unga stúdenta. Að þessu leyti hefur háskólinn og ég vil segja öll yfirstjórn háskólans brugðizt skyldu sinni. Það er einnig að bregðast skyldu sinni, að háskólinn lokar einni af deildum sínum fyrir stúdentum, sem uppfylla öll skilyrði til upptöku í þessa deild. Vitanlega á Háskóli Íslands að vera öllum opinn, sem til þess hafa rétt, og það á ekki að neita neinum um inngöngu í þá deild, sem hugur hans stendur til og hæfileikar. Í þessu efni hefur háskólinn að þessu sinni brugðizt skyldu sinni, en sérstaklega og fyrst og fremst hefur háskólinn brugðizt skyldu sinni í þessu máli gagnvart þjóðinni.

Hér er mjög mikill skortur tannlækna, svo að til vandræða horfir, bæði fyrir börn og fullorðna. Það hefur orðið að leggja niður tannlæknaþjónustu í skólum í höfuðborginni. Fullorðnir verða að bíða mánuðum saman með sinar skemmdu tennur eftir því að fá meðferð. Vafalaust þyrftu tannlæknar í landinu að vera þrefalt fleiri en þeir eru. Um þetta hirða yfirvöldin ekki. Yfirstjórn háskólans hirðir ekki um þetta, lætur skeika að sköpuðu, og þegar allt er komið í óefni, eins og nú í haust, þá á að fara að athuga málin gaumgæfilega frá grunni og meira að segja fá erlendan sérfræðing sér til hjálpar. Þetta er mergurinn málsins, og fyrir þessu hefur yfirstjórn háskólans enga frambærilega afsökun. Þess vegna get ég af heilum hug tekið undir mótmæli stúdentaráðs, sem birt voru nýlega í blöðunum. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Stúdentaráð Háskóla Íslands leyfir sér að átelja harðlega framkomu menntmrn. í þessu máli.“ Undir þessi mótmæli tek ég heils hugar.

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ég hef í raun og veru afar litlu að bæta við það, sem ég sagði áðan í svörum mínum við fyrirspurninni, vildi þó aðeins láta þess getið, sem háskólinn hefur tekið fram við mig nú alveg nýlega í umr., sem fram hafa farið um þetta, að hann leggur áherzlu á í sambandi við lokun tannlæknadeildarinnar á þessu hausti, að á þrem s. l. árum hafi verið teknir mun fleiri inn í deildina en áður tíðkaðist. Ég gat þess áðan, að í fyrra voru teknir inn 15 nýir nemendur, þar áður 11 og árið þar áður 18, þannig að á s. l. þrem árum hafa verið teknir 44 nýir nemendur inn í deildina. Og háskólinn hefur sagt, að jafnvel þó að enginn yrði tekinn í haust, jafnvel þó að sú ákvörðun stæði óbreytt, sem ég þó sannarlega vona að verði ekki, en jafnvel þó að hún stæði óbreytt, hefðu á fjórum árum verið teknir inn í deildina 44 nemendur, þ. e. 10—11 á ári undanfarin 4 ár, sem er mun hærri tala en tekin hafði verið 3 ár þar á undan, að ég ekki tali um, ef tekinn er lengri tími aftur á bak. Þannig má segja, ég kem þessari skoðun háskólans aðeins á framfæri hér til frekari upplýsingar, að jafnvel þó að lokunin fengi að haldast, sem ég endurtek, að ég vona að verði ekki, hefur nemendafjöldinn á undanförnum 4 árum að þessu ári meðtöldu, fjöldi nýrra nemenda, þó verið meiri en á árunum þar á undan.

Varðandi það að síðustu, hvers vegna málið í heild hafi ekki verið athugað fyrr, er það að segja, að mér var ekki kunnugt um þessa ákvörðun tannlæknadeildarinnar fyrr en um mánaðamótin sept.—okt., og hófust þá þegar viðræður milli rn. og háskólans um lausn vandans í því skyni, að hægt væri að breyta þessari ákvörðun. Síðan er ekki liðinn nema rúmlega hálfur mánuður og við því varla að búast, að árangur fáist á svo stuttum tíma, en ég vona, að hann liggi fyrir innan mjög skamms.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Á síðasta þingi urðu nokkrar umr. í sambandi við læknamálið, þar sem nokkuð var vikið að háskólanum. Þar voru gefnar nokkrar yfirlýsingar í sambandi við það, og kom fram nokkur gagnrýni, m. a. frá mér, og hún var tekin heldur óstinnt upp af sumum þeim, sem stjórna læknadeildinni. Nú kemur sem sé þetta fyrir í haust, að heilli deild er lokað fyrir nýjum stúdentum. Ætli hefði ekki verið nær að taka dálítið fastar á þessum málum á síðasta Alþingi? Það er alveg greinilegt, að það er óstjórn á þessum hlutum. Það er algert fyrirhyggjuleysi um að bæta úr þörfum þjóðarinnar í þessum efnum. Ég skil það ákaflega vel, að hæstv. menntmrh., sem er sjálfur fyrrv. prófessor, vill vera ákaflega hollur sínum kollegum og reynir að halda uppi málsvörn fyrir þá, eins og hann gerði í fyrra. En það er bara ekki hægt. Þessi mál eru þannig, að þetta verður að taka föstum tökum og ekki bara vera að verja þá menn, sem standa ekki í stöðu sinni. Háskólaprófessorarnir, sem eiga að hugsa um þessi mál, eiga að sjá eitthvað fram í tímann, og það er engin afsökun, að stúdentum fjölgi.

Hver einasti háskóli í Norður-Evrópu stendur frammi fyrir því, að það margfaldast stúdentar þar. Við ættum bara að líta til Oslóar hér næst okkur. Þetta þarf ekki að koma neinum manni á óvart, sem fylgist eitthvað með, hvað er að gerast í menntamálum nú sem stendur í heiminum. Það er sú algerasta bylting, sem hefur nokkurn tíma staðið yfir. Æskan streymir svo inn í háskólana. Og það er til þess ætlazt, að þeir menn, sem eru settir til að stjórna þessu, eins og prófessorarnir við háskóla og aðrir slíkir, fylgist eitthvað með í þessum málum.

Þetta er hneyksli, sem Alþingi verður að láta til sín taka, og það mjög alvarlega. Hvað snertir afsakanirnar, að það séu ekki til peningar til þess að halda uppi tannlæknadeildinni, þá voru nógir peningar til að byggja háskólabíó. Og það hefur ekki verið farið fram á að rannsaka það neitt verulega, ég hef minnzt á það stundum, en háskóli verður að vita, til hvers hann ver sínum fjármunum, og hann þarf að verja fjármununum fyrst og fremst til þess að sjá þjóðinni fyrir þeirri menntun, sem hún þarf. Braskhugsunarhátturinn, sem er að gagnsýra okkar þjóðfélag, á að haldast utan við Háskóla Íslands, og þeir menn, sem þar stjórna, eiga að gera sér það ljóst og hafa einhverja hugmynd um sína virðingu í slíku sambandi. Ég held annars, að það fari að verða mjög nauðsynlegt fyrir okkur að taka allan háskólann sem slíkan til rannsóknar hér á Alþingi og sjá til, hvort við getum ekki, þó að við séum ekki sérfræðingar í þessum efnum, lagt einhvern betri grundvöll en ef þetta á að ganga svona áfram.

## 2. Vegaskattur.

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt:

**Fsp. til samgmrh. um vegaskatt** [28. mál] (A. 28).

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 27. okt., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):** Herra forseti. Síðan þessi fsp. var lögð fram hér á hv. Alþ. fyrir 9—10 dögum, hefur ýmislegt gerzt í því máli, sem hér er að vikið og upplýsinga óskað um. Stærstu tíðindin eru þau, að álagning vegatolla á umferð farartækja um Reykjanesbraut hefur verið ákveðin, upphæð hennar sömuleiðis, og í gær var hafizt handa um innheimtu. Blöð höfuðstaðarins hafa þegar birt myndir af þeim merka atburði, þegar hæstv. samgmrh. lætur rukka sig um tollinn og borgar fyrstu 50 kr. alveg umtölu- og refjalaust. Atburðarás síðustu daga hefur m. ö. o. verið sú, að ég tel tveimur fyrstu liðum fsp. svarað á alveg ótvíræðan hátt, en í þeim var spurt, hvort ákveðið væri að leggja á þennan vegatoll og hversu hátt gjaldið mundi þá verða.

Það eru því aðeins hinir síðari liðir fsp., 3. og 4. liður, sem nú er óskað svars við. En þar er spurt: Liggur fyrir áætlun um árlegar tekjur af þessum skatti og kostnað við innheimtu hans? Og 4. liður: Er fyrirhugað að taka upp þá reglu að innheimta vegaskatt af umferð um aðra þjóðvegi, sem kunna að verða steinsteyptir eða malbikaðir á næstu árum?

Við flm. þessarar fsp. teljum fulla ástæðu til að æskja upplýsinga um þessi atriði, jafnvel þótt tollheimtan hafi nú verið ákveðin, því að alltaf er vitanlega hægt að endurskoða slíka ákvörðun, breyta reglugerð eða afnema hana, ef aðrar leiðir til að afla fjár til hraðbrauta þættu að nánar athuguðu máli hagkvæmari og réttlátari.

Allir vita og viðurkenna, að vegamálin eru einhver hin stærstu og erfiðustu mál við að glíma hér hjá okkur. Það mun kosta okkur Íslendinga á næstu árum og áratugum mjög mikið fjármagn að koma upp viðhlítandi vegakerfi í þessu stóra og strjálbýla landi. Þörfin fyrir stórbætta vegi, sem þola sívaxandi umferð, kallar alls staðar að. Þetta viðurkenndi líka Alþ. með setningu vegal. árið 1963, en þau voru á sínum tíma verulegt spor í rétta átt. Síðan hefur verðbólgan því miður gleypt bróðurpartinn af því, sem þá var ákveðið að gera til úrbóta í vegamálum. Það, sem eftir kann að hafa verið, er svo hæstv. ríkisstj. að narta í, fyrst með niðurskurði vegafjár á fjárl. um 20% og nú með því að boða algera niðurfellingu þess 47 millj. kr. árlegs ríkisframlags, sem talið var að ríkissjóður sparaði við setningu vegal. 1963 og þá var ákveðið að halda skyldi í fjárl. Í stað þess að láta fara fram endurskoðun á vegal. og þá sérstaklega á allri fjáröflun til vegamála, en það er þegar orðin brýn nauðsyn, kemur aðeins þetta, boðskapur um niðurfellingu ríkisframlags ásamt boðaðri hækkun á benzínskatti til þess að vega þar á móti og svo nýi tollurinn af Reykjanesbraut.

Um þennan toll skal ég vera fáorður, enda er ekki tóm til rökræðna í fsp.-tíma. En ég er smeykur um, að þessi tollur verði næsta dýr í framkvæmd, og ég er einnig efins um, að það þyki borga sig að innheimta slíkan toll af ýmsum þjóðvegum, sem byggðir verða á næstunni væntanlega og örugglega úr varanlegu efni. En verði fjár til að standa straum af slíkum framkvæmdum aflað með öðrum hætti á næstu árum, eins og mig grunar, sjá allir, hvert réttlæti það er að innheimta einungis vegatoll af Reykjanesbraut.

Að síðustu vil ég beina þeim tilmælum til hæstv. samgmrh., að hann upplýsi, hvaða rök liggja til þess, sem margir undrast, hversu gífurlegur munur er gerður á vegatolli af fólksbifreiðum annars vegar og vörubifreiðum hins vegar, en allur þorri vörubifreiða mun lenda í 200 kr. tolli. Hvaða áhrif hefur jafnmikið skattgjald til að mynda á fiskflutninga, sem hafa verið mjög verulegir á þessari leið í aflahrotum nú undanfarna vetur og mundu væntanlega verða eitthvað framvegis?

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það er þó gott, að hv. fyrirspyrjandi er nokkurn veginn ánægður með svörin við tveimur fyrstu liðum fsp. (**Gripið fram í:** Þau eru nógu skýr.) Nægilega skýr. Hvort það tekst að svara eins skýrt 3. og 4. lið fsp., vil ég ekki fullyrða, en ég vil gera mitt bezta í því.

3. liður fsp. er: „Hefur verið gerð áætlun um árlegar tekjur af slíkum skatti og kostnað við innheimtu hans?“ Það hefur verið gert. Það hefur verið gerð áætlun um tekjur, og þá hefur verið stuðzt við umferðartalningu, sem fram hefur farið á Reykjanesbrautinni. Og miðað við það umferðargjald, sem nú er innheimt, er gert ráð fyrir, að tekjurnar verði 14.6 millj. 1966, 15.9 millj. 1967 og 17.2 millj. 1968. Þá er reiknað með talsverðri umferðaraukningu.

Hv. fyrirspyrjandi spyr, hve kostnaður verði mikill við innheimtuna. Kostnaðurinn verður náttúrlega nokkur. Ég held, að það sé búið að ráða 4 eða 5 menn, ég er ekki alveg viss um, hvort er, en það hefur verið gert ráð fyrir, að kostnaðurinn yrði alltaf yfir 1 millj. kr. Það er ekki gott að fullyrða nákvæmlega um það, en það gæti verið, skulum við segja, 1—1½ millj. kr. Þetta er það, sem næst verður komizt. Í rauninni held ég, að það sé þá komið svar við 3. lið, eins og hann er hér fram borinn.

Þá er það 4. liður: Er fyrirhugað að taka upp þá reglu að innheimta vegaskatt af umferð um aðra þjóðvegi, sem kunna að verða steinsteyptir eða malbikaðir á næstu árum?“ Það er vitanlega á valdi Alþ. hverju sinni, hvort umferðargjald verður innheimt af hinum ýmsu vegnum. Ég geri t. d. ekki ráð fyrir því, að það verði innheimt umferðargjald af jarðgöngunum gegnum Stráka, þegar þau verða tekin í notkun, einfaldlega vegna þess, að það borgar sig ekki. Umferðin verður ekki það mikil, að það geti svarað kostnaði. En í 95. gr. vegal., sem samþ. var hér á hv. Alþ. fyrir tæplega 2 árum, samþ. einróma af öllum alþm., var gefin heimild til þess að taka umferðargjald af ýmsum vegum eða brúm, og er enginn vafi á því, að þegar hv. alþm. samþykktu þessa heimild einróma, var Reykjanesbrautin höfð í huga. Þá var verið að byrja á því að steypa þennan veg. Allir hv. alþm. vissu, að þetta var dýr framkvæmd, og hv. alþm. vissu, að vegurinn var að mestu byggður fyrir lánsfé, eins og raun ber vitni, eða um 90% lánsfé. Það verður því að líta svo á, að hv. Alþ. sé því samþykkt, að þessi heimild sé notuð, tæpum 2 árum eftir að hún er gefin. Og það er vitanlega á valdi Alþ. hverju sinni að breyta þessu, afnema þessa heimild úr vegal., og það verður vitanlega á valdi Alþ., hvort umferðargjald verður tekið af öðrum vegum sambærilegum Reykjanesbrautinni. En með tilliti til þess,

að varanleg vegagerð er fjárfrek, mjög fjárfrek, gæti ég vel trúað því, að hv. Alþ. teldi eðlilegt að taka umferðargjald af vegum, sem kynnu að verða byggðir og eru sambærilegir Reykjanesbraut. Ég vænti þess, að ég hafi þá svarað 4. lið þessarar fsp. það skýrt, að það megi teljast nokkurn veginn fullkomið svar.

Það er oft talað um það, að vegamálin hjá okkur Íslendingum séu ekki í góðu lagi, að vegirnir séu ekki góðir og þoli ekki umferðarþungann. Það er rétt. Við erum fámennir í þessu stóra landi, aðeins 1.9 manns á hvern ferkm. Í Danmörku eru 80 menn á hvern ferkm, og það geta þá allir borið saman, hversu það hlýtur að vera erfiðara fyrir okkur hér að gera góða vegi heldur en það er í hinum þéttbýlu löndum. En ég held, að það verði ekki um það deilt, að við höfum látið talsvert til okkar taka í vegagerð, þótt vitanlega sé margt óunnið. Og það er ekki nema eðlilegt, að það sé kallað fast eftir því, að vegirnir séu bættir, og þá ekki síst þeir vegir, sem fjölfarnastir eru. Við getum nefnt Vesturlandsveginn upp í Hvalfjörð og Austurveginn. Og það er rétt, sem oft hefur verið sagt, það er í rauninni ekki hægt að halda þessum vegum við í bleytutíð með þessari miklu og þungu umferð.

Það er þegar komin í gang könnun á því, hvernig megi flýta framkvæmdum og afla vegasjóði fjár til þess að halda vegaframkvæmdum áfram hér á landi með svipuðum hraða og verið hefur síðustu árin. Það verður athugað rækilega, hvort ekki er unnt að endurskoða vegáætlunina haustið 1966, eins og heimild er til, með það fyrir augum að afla aukins fjár til vegagerðar.

Ég vil minna hv. þm. á, sem tala mest um það, að það sé litlu fé varið til vegamála, að það er betra, áður en sú fullyrðing er fram borin, að gera sér grein fyrir því, hvað það er mikið fjármagn, sem til veganna hefur farið nú allra síðustu árin. Og við getum borið það gjarnan saman við það fjármagn, sem varið var til vegagerða 1958, þegar þeir sömu menn, sem tala hæst nú um lítið fé til vegamála, höfðu völd í landinu. En 1958 var varið 80 millj. kr. til vegamála. Ég er ekkert að segja, að þetta hafi verið sérstaklega lítið, en þá þótti ekki fært að láta meira til vegamála en 80 millj. kr., og vissulega var þörf fyrir að nota meira fé þá, þótt segja megi, að þörfin fari vaxandi ár frá ári vegna aukinnar umferðar. En 1964 er varið til vegamála 282.7 millj. kr. Og 1965 er gert ráð fyrir að verja til vegamála 393.3 millj. kr. Ég tel rétt, að þetta komi fram hér, þótt ég sé því alveg samþykkur, að það sé þörf á því að vinna meira á ýmsum stöðum á landinu heldur en gert hefur verið og að margir vegir eru í því ástandi, að það þolir í rauninni ekki bið, að að þeim sé unnið. En ég held, að það sé fróðlegt fyrir hv. þm. að hafa þessar tölur í huga, þrátt fyrir það þó að við viðurkennum, að það mætti vera gjarnan meira á hinum ýmsu stöðum, sem til vegamálanna fer.

Hv. fyrirspyrjandi talaði hér um, að vegal., þegar þau voru sett, hafi verið vissulega spor í rétta átt, og það held ég að enginn efist um, því að þá var bætt við það fjármagn, sem til veganna fór, rúml. 100 millj. kr. samkv. vegal. Nú segir hv. þm., að dýrtíðin hafi nagað utan af þessu og síðan hafi verið ákveðið að taka 47 millj. út úr fjárl., sem til vegamálanna voru veittar, og þetta sé spor aftur á bak. Ég mundi nú segja það, að þetta væri spor aftur á bak, ef ekkert kæmi í staðinn, ef 47 millj. væru teknar og það ætti að minnka vegaframkvæmdirnar og ekkert ætti að koma í staðinn. Ég held, að það hafi allir hv. þm. reiknað með því, að benzínið yrði hækkað fyrr eða seinna nálægt því í það, sem er í nágrannalöndunum. Ég held, að hv. alþm. hljóti að vera sammála um það, að við höfum tæplega efni á því að selja ódýrara benzín en nágrannar okkar, sem hafa góða vegi. Og það er meiningin að hækka benzínið nokkuð núna og þá þungaskattinn tilsvarandi til þess að ná upp þessari upphæð, sem var í fjárl., en er ekki nú á því fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fram til fjárl. fyrir næsta ár, þannig að við vegáætlunina verður vitanlega staðið. Spurningin er svo, hvort það tekst að afla fjár til viðbótar fyrir árið 1967, um leið og vegáætlunin væri endurskoðuð, ef að því ráði yrði horfið, eins og heimilt er að gera haustið 1966. Og ég teldi það ekki horfa vel, ef ekki væri unnt að auka eitthvað tekjur vegasjóðs, þegar að því kemur. En benzínverð hér er lægra en víðast hvar í nágrannalöndum okkar, og síðustu fregnir frá Danmörku eru þær, að þeir ætli að hækka benzínið nú um 10—15 aura danska og eru þeir þá komnir talsvert upp fyrir Ísland, en benzinverð þar nú er 6.66 kr. breytt í íslenzkan gjaldeyri, í Belgíu 6.49, í Frakklandi 8.26, Þýzkalandi 6.12 kr. og Finnlandi 6.83, en eins og kunnugt er, er það hér 5.90. Það má segja, að þetta út af fyrir sig komi ekki þessari fsp. beinlínis við, en vegna þess að hv. fyrirspyrjandi gaf tilefni til þess, gat ég ekki látið hjá líða að minnast að nokkru á það, hvað til vegamálanna er veitt, og einnig taka það fram, að það er alls ekki meiningin að draga úr framkvæmdum til vegamála, heldur miklu fremur gera ráðstafanir til, að það verði unnt að halda áfram að vinna að vegamálunum með miklu fjármagni, eins og gert hefur verið síðustu árin.

**Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. samgmrh. fyrir svarið við fsp. Að vísu verð ég að segja, að þau svör, sem hann gaf við tveimur síðustu liðunum, voru ekki alveg eins skýr og ótvíræð og búið er að svara tveim hinum fyrri.

Að því er varðar kostnaðinn við þessa innheimtu virðist þar vera, sem kannske er við að búast, um afskaplega mikinn slumpareikning og áætlunarupphæð að ræða. Hæstv. ráðh. talaði um, að kostnaður yrði 1—1½ millj. kr., eitthvað á því bili. Það hafa heyrzt nefndar ýmsar aðrar tölur, gjarnan 2 millj. En það veit sjálfsagt enginn, hvað muni vera það réttasta í málinu, hvað þessi kostnaður kemur til með að verða mikill, þannig að maður getur eftir atvikum alveg sætt sig við þessar upplýsingar á þessu stigi málsins. Kostnaður verður töluvert mikill, og í rauninni veit enginn, hversu mikill hann verður.

Að því er varðar 4. liðinn, var spurt um það, sem þar stendur, til þess að reyna að fá það fram, hvort ekki ætti að líta svo á, að hæstv. ríkisstj. væri með því að ákveða að innheimta vegatoll af Reykjanesbrautinni að marka þá stefnu, sem hún teldi að hlyti að verða framtíðarstefnan í sambandi við sambærilega vegi í framtíðinni. Hæstv.

ráðh. svaraði þessu nú dálitið óljóst og sagði, að það væri á valdi Alþ. að ákveða þetta. Það er að sjálfsögðu á valdi Alþ. að ákveða það, hvort þessi heimild, heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta slíkan vegatoll eða ákveða að innheimta hann, á að vera í vegal. áfram eða ekki. Þetta er vitanlega á valdi Alþ. En hins vegar samkv. því, sem vegal. eru nú, er það á valdi hæstv. samgmrh. að ákveða þetta í hinum einstöku tilfellum, og þess vegna var ég að spyrja, hvort það væri þá ekki hans og ríkisstj. hugmynd, að þetta yrði stefnan um hraðbrautir, eftir því sem þær kæmu.

Hæstv. ráðh. fór dálitið inn á vegamál almennt, og það er vissulega ástæða til að ræða þau rækilegar en hægt væri að gera í fsp.-tíma. Hann gat þess, að nokkur athugun væri í gangi í sambandi við það að endurskoða vegal. á næsta ári. En mér skildist, að þar væri um heldur lauslega athugun að ræða, en ég tel, að það sé orðið mjög brýnt, að fram fari allsherjarathugun þessara mála, sérstaklega að því er allri fjáröflun til vegamálanna viðvíkur. Bygging hraðbrauta er að vísu ekki nema einn liður þessara vegamála, en hún er og verður á komandi árum mikilvægur liður, og 10 millj. kr., eins og ætlað hefur verið til þeirra hluta á ári, munu hrökkva ákaflega skammt.

Að mínu viti og margra annarra er helzt um að ræða tvær leiðir í sambandi við það að standa straum af kostnaði við að byggja hraðbrautir eða varanlega vegi á fjölförnum leiðum. Önnur, sem kemur til álita að sjálfsögðu, er þessi, að innheimta þar vegatoll af hverjum nýjum vegi, og það virðist mér sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. hallast að. En ég fyrir mitt leyti er hræddur um, að þessi leið verði mjög torveld í framkvæmdinni og það muni koma í ljós, að það borgi sig varla eða sé allt of dýr innheimta að hafa þennan háttinn á vegum, þar sem umferð er í flestum tilfellum og nær öllum miklu minni en um Reykjanesbraut, það væri í rauninni ókleift að halda uppi slíkum vegatolli með einhverjum árangri, þar sem umferðin er minni en 500—600 bifreiðar á dag. Tollheimtumennirnir verða þó væntanlega að gera eitthvað töluvert betur en rukka inn fyrir kaupinu sínu.

Hin leiðin, sem hlýtur að koma til álita alveg á næstunni og ég held að væri nauðsynlegt að athuga betur, er sú, að til vegamálanna verði varið í vaxandi mæli, meira en gert hefur verið, þeim tekjum, sem hið opinbera innheimtir af farartækjum og umferð. Þær tekjur eru gífurlegar. Það er í blöðunum í gær og í dag skýrsla um þetta, sem ég hygg að sé rétt, og þar er frá því skýrt, að þessar tekjur á árinu 1964, heildartekjur hins opinbera af bifreiðum, benzíni og öðrum rekstrarvörum til bifreiða, hafi það ár numið um 640 millj. kr. Til vegamála munu af þessari upphæð ekki hafa farið, að því er segir í þessari skýrslu, nema 244 millj., en í ríkissjóð til annarra þarfa um 395 millj. eða nær 62%. (**Forseti:** Ræðutíminn er búinn.) Já, ég skal ljúka máli mínu með því að ítreka það, að ég tel, að það verði að athuga, hvort það sé ekki nauðsynlegt að fara þessa leið. Það mundi verða því til svarað, að ríkissjóður megi nú ekki missa spón úr sínum aski, hans hag sé ekki þannig háttað nú, og það mun því miður vera rétt. Er þá komið að því stóra atriði, að dýrtíðardraugurinn virðist ætla allt að gleypa hér, en það er stærra mál en hægt er að ræða um við hæstv. ríkisstj. í einum fyrirspurnatíma.

**Geir Gunnarsson:** Herra forseti. Í fsp.-tíma með mjög takmörkuðum ræðutíma er þess ekki kostur að ræða til nokkurrar hlítar það umferðargjald, sem ákveðið hefur verið að taka af ökutækjum á Reykjanesbraut. En á nokkur atriði vildi ég aðeins drepa.

Á það hefur verið mjög minnt í skrifum um þetta mál að undanförnu, að heimild til innheimtu gjaldsins hafi verið samþ. shlj. á hv. Alþ. árið 1963. Það er vissulega rétt með farið og ég er þeirrar skoðunar, að hóflegt umferðargjald af tilteknum vegum geti átt rétt á sér, sé vissum skilyrðum fullnægt og íbúum hinna ýmsu sveitarfélaga ekki mismunað. En heimildin til álagningar umferðargjalds var fyrst og fremst hluti af heildarlögum um vegamál, sem samkomulag var um afgreiðslu á í árslok 1963. Í þeim lögum voru önnur ákvæði, sem einnig voru samþ. shlj., ákvæði, sem áttu sinn þátt í því, að heimild til álagningar umferðargjalds á ökutæki var samþ. samtímis. Í heimild til álagningar umferðargjalds, og í ákvæðum um álagningu benzíngjalds, þungaskatts og gúmmígjalds var ákveðinn sá hluti, sem til vegagerðar skyldi renna frá eigendum ökutækja. En í 89. gr. var ákveðið, að auk þeirra gjalda, sem ég nú nefndi, skuli veita á fjárl. árlega sérstakt framlag ríkissjóðs til vegamála. Þetta framlag ríkissjóðs hefur numið tæpum 50 millj. kr. á ári þau ár, sem vegal. hafa verið í gildi. Nú hafa hins vegar þeir atburðir gerzt, að samtímis því sem heimild til álagningar umferðargjalds er beitt í fyrsta skipti og þannig seilzt til tugmillj. kr. árlegra tekna frá bifreiðaeigendum ofan á fyrri skatta, boðar ríkisstj. og staðfestir með fjárlagafrv., að hún muni fella úr gildi þá gr. vegal., sem fjallar um framlag ríkissjóðs og samþ. var einróma af hv. Alþ. engu síður en heimildin um álagningu umferðargjaldsins. Jafnframt boða stjórnarflokkarnir, að þeir muni bæta þeirri upphæð, sem ríkissjóði var ætlað að greiða, um 50 millj. kr., ofan á benzínverðið og þungaskattinn. Þegar ákvæðið um framlag ríkissjóðs á fjárl. til vegamála í landinu var lögfest, var ekki aðeins fullt samkomulag um, að ríkissjóður legði þannig fram fé, heldur margítrekaði hæstv. vegamálaráðh., að engin hætta væri á því, að úr því framlagi yrði dregið í framtíðinni, heldur væru allar líkur á því, að það yrði aukið. Það er því miður ekki tími til að rifja upp allt það, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta atriði vegal., en m. a. sagði hann orðrétt:

„Ég er sannfærður um, að við höldum uppi kröfum um það, að ríkissjóður auki framlög sín úr þessum 47.1 millj. kr. til mikilla muna, vegna þess að við verðum sammála um þessar miklu þarfir, sem bíða hvarvetna.“

Og einnig sagði hæstv. vegamálaráðh.:

„Og einmitt þess vegna er engin hætta á því og alveg útilokað, að ríkissjóðsframlagið verði lækkað. Það er alveg útilokað. Og þörfin fyrir aukið vegafé frá ríkissjóði verður fyrir hendi, þótt vegamálunum hafi verið tryggt fé með benzíngjaldi, gúmmígjaldi og þungaskatti.“

Umferðargjaldið nefndi hæstv. ráðh. ekki í það

skiptið. En nú er boðskapurinn hins vegar sá eftir tæp 2 ár, að ríkisframlagið eigi að falla niður, benzíngjaldið og þungaskatturinn frá bifreiðaeigendum að hækka að sama skapi og umferðargjald að bætast við hjá ákveðnum hópi bifreiðaeigenda. Þegar þessi brigðmæli liggja nú fyrir, er gersamlega út í hött og ótilhlýðilegt að bera það fyrir sig, að umferðargjaldið sé sett vegna þess, að samkomulag hafi verið meðal þm. um álagningarheimildina. Það er mín skoðun, að samkomulagsgrundvöllur sá, sem fyrir hendi var um heimildarákvæði til álagningar umferðargjalds á bifreiðir, sem fara um tiltekna vegi eða brýr, sé úr sögunni, þegar nú er upplýst, að ætlunin er að brjóta það samkomulag niður í veigamiklum atriðum, sem varða framlag ríkissjóðs sjálfs til vegamála. Þess vegna álít ég, að umferðargjald á Reykjanesbraut eigi ekki rétt á sér, eins og allt er nú í pottinn búið, ríkisstj. hafi með fyrirætlunum sínum um niðurfellingu ríkissjóðsframlagsins fyrirgert þeim rétti, sem hún annars kynni að hafa átt til þess að leggja það á.

Þá má á það benda, að í frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku til vegaframkvæmda, sem samþ. var s. l. vor, var gerð grein fyrir fjáröflun til Reykjanesbrautar árið 1965. Hún var sundurliðuð þannig: Fjárveiting á vegáætlun 6.8 millj. kr., framlag frá herliðinu 0.3 millj. kr. og lánsfé 115.2 millj. Í þessum tölum er því ekki gert ráð fyrir tekjum af umferðargjaldi á þessu ári, enda er, hvað sem öðru líður, óeðlilegt að hefja innheimtu umferðargjalds af vegi, áður en framkvæmdum er lokið. Viðhald þess hluta Reykjanesbrautar, sem enn hefur ekki verið lagt varanlegt slitlag á, er lakara en var á veginum, þegar hann var allur malarvegur, og ekki betra en svo, að á þeim kafla einum geta farartæki orðið fyrir meiri skemmdum en nemur hagnaði af því að aka hinn hlutann. Ég verð að segja, að ég varð mjög undrandi, þegar ég heyrði um upphæð gjaldsins. Það var tvöfalt hærra en ég hafði ímyndað mér, að hæstv. vegamálaráðh. mundi ákveða, og mjög tilfinnanlegur skattur hjá þeim, sem daglega fara um veginn, og afslátturinn er að mínum dómi of lágur.

**Jón Skaftason:** Herra forseti. Fyrirspurnartími leyfir ekki langar umr., og skal ég ekki brjóta þá reglu, enda þótt mál það, sem hér er verið að ræða, sé mikið viðkvæmnismál mörgum íbúum í mínu kjördæmi. Síðar gefst e. t. v. tækifæri til þess að ræða mál það nánar, sem fsp. þessar eru risnar út af. Ég vil þó við þetta tækifæri bera fram nokkrar fsp. til viðbótar þeim, sem fram eru komnar, til hæstv. samgmrh. Þær eru skriflega fram bornar, og ég hef ekki haft tíma til þess að sýna hæstv. ráðh. þær enn þá, en ég vænti þess þó, að þær séu þess eðlis, að hæstv. ráðh. geti svarað þeim nú. Fsp. eru þessar:

1. Á hve mörgum árum greiðir umferðargjaldið á Reykjanesbraut upp lán þau, sem tekin hafa verið vegna endurbyggingar hennar?
2. Er fyrirhugað að halda áfram innheimtu þessa gjalds, eftir að stofnlánin eru greidd?
3. Er fyrirhugað, að sérstakt umferðargjald verði lagt á umferðina á Austurvegi, þegar sá vegur hefur verið endurbyggður?
4. Er fyrirhugað að taka tillit til sérstöðu íbúa Vatnsleysustrandarhrepps við greiðslu umferðargjaldsins?
5. Hækkar umferðargjaldið árlegt fastagjald varnarliðsins vegna nota þess af veginum?
6. Við hvaða aðila á Suðurnesjum var fyrirhugað umferðargjald sérstaklega rætt, áður en það var endanlega ákveðið, og hver var afstaða þeirra til þess þá?

Íbúar á Suðurnesjum, sem mest verða fyrir barðinu á þessum vegatolli, eru ekki með mótmælum sínum gegn honum að neita að axla að sínum hluta sanngjarnar byrðar á þjóðina til framkvæmda. Það hafa þeir aldrei gert. Hinu vilja þeir mótmæla, að á þá séu lagðar óhóflegar byrðar og sérstakar umfram aðra landsmenn, eins og gert er með álagningu hins háa vegatolls, sem margt bendir til að bundinn verði við Reykjanesbrautina eina, eins og ræða hæstv. ráðh. hér áðan gaf tilefni til að álíta. Á það e. t. v. að verða algild regla í framtíðinni, að notendur hverrar framkvæmdar greiði beint kostnað við hana? Eiga t. d. íbúar Vestfjarða að greiða með vega-, hafna- og flugvallagjöldum lánið, sem tekið var í sambandi við Vestfjarðaáætlunina svokölluðu? Suðurnesjabúar vita vel og viðurkenna, að Reykjanesbrautin var dýr. En þeir vita líka, að á undanförnum árum hafa þeir goldið marga tugi millj. kr. til vegagerðar í landinu gegnum benzíngjald, þungaskatt og gúmmígjald, en aðeins fengið brot af þeim fjárhæðum sem greiðslur í sína vegi. Sem lítið dæmi þessa vil ég nefna, að á síðustu 10 árum hefur ríkið varið 451 millj. kr. til nýbyggingar vega og brúa. Af þessari fjárhæð hafa 1 millj. 800 þús. kr. gengið í vegina á Suðurnesjasvæðinu sunnan Hafnarfjarðar, þ. e. í Grindavíkurveg og Hafnaveg, og engin einasta brú hefur verið byggð á öllu þessu svæði. Suðurnesjamenn telja sig því vera búna að borga hinn dýra veg, Reykjanesbrautina, að mestu og það, sem á kunni að vanta, muni þeir greiða í náinni framtíð gegnum benzínskattinn og þungaskattinn. Suðurnesjabúar vita enn fremur, að hinn vandaði vegur er m. a. til kominn vegna þess, að Keflavíkurflugvöllur mun í framtíðinni verða aðalflugvöllur landsmanna, eins og hæstv. samgmrh. hefur lýst yfir sem sinni stefnu. Með því sparar ríkissjóður sér hundruð millj. kr. útgjöld, því að ekki þarf þá að byggja annan rándýran aðalflugvöll hér á Suðvesturlandi. Sá sparnaður ríkissjóðs mætti að nokkru renna til hinnar nýju brautar, sem er forsenda þess, að þetta geti orðið.

Með þessar röksemdir í huga og fleiri, sem ég hef ekki tíma til að nefna, vil ég mótmæla því gjaldi sem allt of háu, sem tilkynnt var þjóðinni með reglugerð þeirri, sem birt var s. l. laugardag, að ég held. Ég tel enn fremur, að ræða sú, sem hæstv. ráðh. hélt hér áðan, og gjald það hið háa, sem þegar er búið að tilkynna, sýni glöggt, að það var rangt af okkur á hv. Alþ. í árslok 1963 að veita ráðh. svo víðtæka heimild sem gert var með 95. gr. vegal. og rétt sé, að Alþ. ákveði sjálft, hvort, hvenær og hversu mikið umferðargjald sé greitt hverju sinni.

Ég vil svo að endingu taka undir þá röksemdafærslu, sem hv. þm. Geir Gunnarsson hafði hér uppi áðan um brostnar forsendur fyrir þeirri samþykkt, sem gerð var hér varðandi 95. gr. vegal. í árslok 1963.

**Ingi R. Helgason:** Herra forseti. Hv. þdm. Ég vænti þess, að mér verði ekki virt það til óþarfa framhleypni að leggja hér nokkur orð í belg, verandi ekki fyrirspyrjandi. Ég þakka upplýsingar og svör hæstv. samgmrh., að svo miklu leyti sem þau voru tæmandi við þær fsp., sem hér liggja fyrir. Mig langar til þess að drepa á fáein atriði þessum fsp. viðvíkjandi, enda þótt tíminn til þess sé skammur.

Inn í þetta mál, vegatollinn á Reykjanesbraut, hefur komið brot af þeirri deilu, sem uppi hefur verið um það, hvort sé dýrara að gera varanlega vegi úr malbiki eða steinsteypu. Um þetta atriði hefur ekki farið fram, þótt nauðsynlegt hefði verið, nein vísindaleg athugun, og menn hafa látið sér nægja að hafa uppi hér staðhæfingu gegn staðhæfingu, en ég mun síðar á þessu hv. þingi leyfa mér að flytja þáltill. um, að efnt verði til vísindalegrar athugunar á þessu efni. Erlend reynsla liggur talsvert fyrir, og vil ég geta þess, að ég hef í höndum upplýsingar um vísindalega rannsókn, sem gerð var í Minneapolis í Bandaríkjunum um samanburð á malbiki og steinsteypu, og kostnaðurinn skiptist þannig á milli þessara tveggja aðferða, að fyrstu 3 árin var ódýrara að byggja varanlegan veg úr malbiki, en á 4. ári var það jafnt, og þegar frá leið varð samanburðurinn þeim mun hagstæðari sem lengra frá leið fyrir steinsteypuna.

Í Reykjanesbraut er steinsteypulagið 22 cm járnbentir. Ef þeir eru rétt og vel lagðir, og ekki er ástæða til að ætla annað, mun þessi vegur getað staðið í 20 ár án nokkurs viðhalds. Um reynsluna af malbikinu vitum við, að malbik þarf viðhaldskostnað strax á 2. ári og eftir um 7 ár þarf gagngera endurlagningu slitlags á malbiksvegi. Um malarvegi þarf ég ekki að fjölyrða.

Þegar rætt er um Reykjanesbraut og slíka mannvirkjagerð, vil ég láta koma fram mín sjónarmið varðandi það hagræði, bæði fyrir umferðina, þ. e. a. s. eigendur ökutækja, og ríkið, samfélagið sem heild, að það er það ódýrasta og bezta, sem við getum gert við okkar vegi, að gera þá úr steinsteypu.

Um vegatollinn sjálfan sem tekjulind fyrir slíka mannvirkjagerð vil ég leyfa mér að halda þeirri skoðun fram, að hann eigi ekki rétt á sér. Hann er í fyrsta lagi ranglátur fyrir þá, sem búa í því héraði, sem vegurinn er lagður um, sakir þess, hversu þeir geta verið bundnir honum við atvinnu eða störf og við heimili sín. Og ef hann ætti að notast sem tekjulind fyrir varanlega vegagerð í landinu, held ég, að strjálbýlið í þessu landi yrði lengi útundan í varanlegri vegagerð. Ég álít, að varanleg vegagerð sé sú tegund af mannvirkjagerð, sem ekki sé einkamál þeirra héraða, sem vegurinn liggur um.

Það er kannske ekki ástæða til þess að fara frekar út í þessi mál hér, enda tíminn naumur til þess. Ég vildi rétt aðeins segja það sem mína skoðun, að ég tel, að varanlega vegagerð eigi að gera með skattaálagningu aðallega, þar sem umferðin sjálf, eigendur ökutækja og notendur þeirra séu skattgjaldsstofninn, en það, sem vantar upp á, að hægt sé að standa undir viðhlítandi mannvirkjagerð, miðað við þann gjaldstofn, þurfi að taka lán með hagkvæmum vöxtum í því skyni að brúa bilið milli kynslóðanna í landinu við þessa mannvirkjagerð. Ég vildi leyfa mér líka í þessu sambandi að spyrja hæstv. samgmrh. að því, hve mikill liður í kostnaðarútgjöldum Reykjanesbrautar vaxtaliðurinn er, því að við gætum haft það á margan hátt í hendi okkar, hve vaxtabyrðin á að vera þung á mannvirkjagerð sem þessari.

Vegatollurinn sýnir, að hæstv. ríkisstj. er fundvís á hluti, sem vekja óánægju og eru óvinsælir. En ég held, að sjálf upphæð vegatollsins séu hrein mistök, — mistök, sem ríkisstj. þurfi að leiðrétta, endurskoða útreikninga sína eða sinna sérfræðinga og lækka vegatollinn hið skjótasta. Ef við lítum á einstakling, sem þarf sakir vinnu sinnar að fara um þennan veg einu sinni á dag, þýðir það 15 þús. kr. skatt á hann á ári. Ég veit til þess, að Landssamband vörubifreiðastjóra hefur sent nefnd manna á fund hæstv. samgmrh. og mótmælt þessum skatti, þ. e. a. s. upphæðinni, og það er forvitnilegt að sjá þær tölur, sem Landssambandið hefur látið reikna í sambandi við sparnaðinn af rekstri vörubifreiða við það að hafa kost á því að aka um steinsteyptan veg. Vörubifreiðastjórar eru bundnir af kjarasamningum um útgjaldaliði sína við aksturinn og eru bundnir af samningi um verð fyrir aksturinn. Ef maður tekur 5 tonna bifreið, sem á að greiða í vegatoll 200 kr. fyrir ferðina fram og til baka, á lágmarksgjaldi, þ. e. a. s. hún flytji um 2.5 tonna hlass, á bifreiðastjórinn rétt á samkv. kjarasamningi að fá 596.25 kr. fyrir ferðina. Um þetta lágmarksgjald vil ég taka það fram, að mikill hluti flutninga á vörubifreiðum fer fram einmitt með þessu lágmarksgjaldi sakir fyrirferðar vörunnar miðað við þunga hennar. T. d. af 118 ferðum upp úr einu skipi hér við Reykjavíkurhöfn voru um 60 ferðir á lágmarksgjaldi. Ef frá þessum 596 kr. á nú að draga 200 kr. í vegatoll, fær ökumaðurinn og eigandi ökutækisins 396 kr. fyrir ferðina, og sjá allir, að við það getur hann ekki unað að óbreyttum samningum. Að halda því hins vegar fram, að þessar 200 kr. séu um það bil helmingurinn af sparnaði ökutækisins við þessa einu ferð, er þó enn þá fráleitara. Ef tollurinn fæli í sér fullan sparnað miðað við útreikninga sérfræðinga ríkisstj., ætti maður að draga 400 kr. frá því gjaldi, sem bifreiðastjórinn fær fyrir ferðina, og þá eru 196 kr. eftir í gjald fyrir ferðina. Miðað við þær tölur, sem sérfræðingar ríkisstj. hafa byggt sína útreikninga á, þ. e. a. s. tölur frá Noregi um samanburð á kostnaði við að aka á malarvegi og steinsteyptum vegi, kemur í ljós, að Norðmennirnir byggja á því, að 33% ódýrara sé að aka á steinsteyptum vegi heldur en á malarvegi. Miðað við samningsbundna kostnaðarliði hjá íslenzkum vörubifreiðastjórum kemur út, að raunverulegur sparnaður með sama hlutfalli og Norðmenn nota, þ. e. a. s. 33% á þeim liðum, sem breytast, er sparnaðurinn á þessari ferð, 75 km eftir steinsteyptum vegi fram og til baka á Reykjanesbraut, 37.50 kr., en ekki 400 kr., eins og sérfræðingarnir hafa reiknað út.

Tími minn er nú búinn, en ég vil að lokum aðeins vara hæstv. ríkisstj. við að hafa þennan vegatoll óbreyttan, heldur endurskoða þessar tölur og lækka hann og helzt að nota sér ekki þá heimild í vegal. að hafa vegatollinn, heldur reyna að afla teknanna með öðrum hætti.

**Eysteinn Jónsson:** Herra forseti. Ég vil aðeins benda á, að ætlunin er auðvitað sú, að fsp. séu um tiltekin atriði, og því er ævinlega fylgt og að þeim atriðum sé svarað. En þessari reglu er ekki nærri því alltaf fylgt af hæstv. ráðh., heldur bæta þeir oft við almennum umr. um óskyld atriði. Þetta er ekki skynsamlegt af hendi hæstv. ráðh., og þeir ættu ekki að temja sér þennan hátt varðandi fyrirspurnir, því að þetta eyðileggur í raun og veru fyrirspurnatímann. Það er ætlazt til þess, að menn fái svör við spurningunum og séu þau svör og þau atriði rædd. Ég vil enn einu sinni benda á þetta. Ég hef oft gert það áður.

Ég mun ekki taka þátt í þeim almennu umr., sem hæstv. vegamrh. hóf hér ófyrirsynju í sambandi við þessa fsp., og kvaddi mér ekki hljóðs til þess. En þó verð ég að segja, að ég tek alveg undir, að með því að strika út 47 millj. kr. framlag af fjárl. til veganna er rofið það samkomulag, sem gert var um vegalögin. Ég kvaddi mér hljóðs aðeins út af einu atriði í svörum hæstv. ráðh., og það var þegar hann svaraði 4. lið, sem er svohljóðandi:

„Er fyrirhugað að taka upp þá reglu að innheimta vegaskatt af umferð um aðra þjóðvegi, sem kunna að verða steinsteyptir eða malbikaðir á næstu árum."

Þessu svaraði hæstv. ráðh. með mjög óljósri yfirlýsingu, sem maður gat helzt skilið þannig, að þetta mundi kannske koma til mála, ef um sambærilega vegi væri að ræða við Keflavíkurveginn. Og ég spyr af þessu tilefni, hæstv. ráðh.: Telur hann malbikaðan veg sambærilegan við Keflavíkurveginn, sem er steyptur?

**Axel Jónsson:** Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni þeirra umr., sem hér hafa átt sér stað. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að Reykjanesbrautin hefur verið tekin í notkun. Þetta er merkur áfangi í samgöngumálum okkar. Þetta er hin merkasta samgöngubót, sem framkvæmd hefur verið, og vandaðasti vegur, sem byggður hefur verið, og skapar þessu héraði okkar að því leyti til algera sérstöðu.

Ég vil vekja athygli á því, að þrátt fyrir það, að þessari framkvæmd sé lokið milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur, þá er enn eftir nokkur hluti, þ. e. a. s. frá Hafnarfirði til Reykjavíkur austan núverandi byggðar í Garðahreppi og Kópavogi. Þarna er um dýra framkvæmd að ræða, en framkvæmd, sem getur ekki dregizt verulega lengi, og enn frekar mun þrýsta á um framkvæmdir í þessu, þegar hin nýja braut hefur verið tekin í notkun að sunnan að Hafnarfirði. Og þá er einnig rétt að benda á, að þessu til viðbótar mun þurfa innan ekki langs tíma að endurbyggja Hafnarfjarðarveginn, og raunar er gert ráð fyrir því í vegáætlun, í fyrsta lagi að Kópavogi, en síðan er þar mikið óleyst vandamál, sem er brýnt hagsmunamál Kópavogsbúa og raunar allra þeirra mörgu, sem um þá leið fara, að fundin verði farsæl lausn á. Ég vil lýsa því sem minni skoðun, að ég tel eðlilegt um sambærilega vegi að gerð og hvað umferð snertir eins og Reykjanesbrautin er, að umferð á þeim verði einnig skattlögð.

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Umr. hafa nú orðið þó nokkrar um þetta mál, og er það í sjálfu sér ekki nema eðlilegt. Hv. landsk. þm. Geir Gunnarsson talaði hér áðan og taldi, að allar forsendur væru raunverulega brostnar fyrir því að taka umferðargjald af Reykjanesbraut, og vildi eiginlega fría sig alveg frá því að bera ábyrgð á því, þótt hann hafi greitt atkv. á sínum tíma með því hér á Alþ. að gefa þessa heimild, með það fyrir augum þá að taka umferðargjald af þessum vegi. Og forsendurnar voru brostnar að hans áliti, vegna þess að nú væri búið að taka út úr fjárl. eða ætti að taka út úr fjárl. 47 millj. kr., sem þar hafa staðið. Hv. þm. talaði um brigðmæli í þessu sambandi. Ég held, að það væri ráðlegt fyrir hv. þm. að endurskoða þetta orðalag, áður en hann talar aftur í þessu máli, því að um brigðmæli eða vanefndir getur ekki verið að ræða í þessu, nema þá ef ekki yrði staðið við þá vegáætlun, sem gerð hefur verið, og það að afla þá fjár með öðrum hætti til vegamálanna, til þess að vegagerðin biði ekki tjón af því. Ég held, að hv. þm. hafi komið hér í ræðustólinn og orðað þetta eins og hann gerði að frekar lítt athuguðu máli, og tel ég því ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta við hann í þetta sinn.

Hv. 4. þm. Reykn. kom hér með langan spurningalista. Það hefði verið eðlilegra, að þessi hv. þm. hefði a. m. k. í morgun afhent mér þennan lista, úr því að það var svona þröngt um tímann, að ekki var hægt að koma fsp. í prentun og fá þeim svarað með eðlilegum hætti. En það er sjálfsagt að athuga, hvort unnt er að svara þessum fsp. á stundinni, a. m. k. að mestu leyti.

1. fsp. er þannig:

Á hve mörgum árum greiðir umferðargjaldið á Reykjanesbraut upp lán þau, sem tekin hafa verið vegna endurbyggingar hennar?

Ég upplýsti áðan, að fyrsta árið yrðu bráttótekjur 14.6 millj., fyrsta árið 1966. En það er gert ráð fyrir, að halli verði 10.6 millj. 1967 og rúml. 9 millj. 1968, þannig að það er fjarri lagi, að umferðargjaldið, eins og það nú hefur verið ákveðið, standi að öllu leyti undir kostnaðinum. Þá er gert ráð fyrir í sambandi við þetta, að Reykjanesbrautin fái áfram þá upphæð úr vegasjóði, sem hefur verið ákveðin, það eru 6.8 millj. kr., og að lausu lánunum, sem ekki hafa enn verið sett í föst lán, verði breytt í 15 ára lán með 8% vöxtum. Hins vegar ef umferðargjaldið væri látið standa til ársins 1978 eða 1979, þá mundi lánið greiðast upp með því, þó að Reykjanesbrautin fengi úr vegasjóði árlega 7.1 millj. kr. En ég geri ekki ráð fyrir því, að það sé endilega ákveðið nú á stundinni um það, hvernig þessu verður varið um alla framtíð. En eins og umferðargjaldið er nú, sem þykir hátt, þá vantar 10.6 millj. kr. á árinu 1967, til þess að það standi undir lánunum, eftir að búið er að breyta stuttu lánunum í 15 ára lán með 8% vöxtum.

Það hefur verið talað um, að þetta gjald sé óhæfilega hátt. Ég skal viðurkenna, að það er vitanlega matsatriði, hversu hátt þetta gjald á að vera. En þegar gjaldið var ákveðið, var á það horft, hverja reynslu útlendingar hafa af steinsteyptum vegum, hvernig samanburðurinn er hjá þeim í sliti og eyðslu á malarvegum miðað við það að nota steypta vegi. Og ég þarf ekkert að vera að rifja upp, hvernig þetta mál er til komið, það hefur komið grg. í öllum dagblöðunum um

það og fullyrt, að vegagjaldið væri í rauninni ekki nema helmingurinn af því, sem sparast við það að komast á góðan veg. Ég býst nú við, að það megi deila um það, hvort þetta sé nákvæmlega helmingur, kannske mætti segja, að það væru ⅔, sem menn borga af því, sem sparist, og þeir hagnist ekki um nema ⅓, ég vil ekkert fullyrða um það. En víst er það, að enginn í ráðuneytinu og enginn á vegamálaskrifstofunni hefur búið til þessar tölur, sem eru birtar. Þær eru byggðar á reynslu þeirra, sem hafa mörg ár að baki í þessu sambandi.

Það eru nú ekki allir sammála um, að það sé okur í sambandi við þetta gjald. Hér hefur verið talað um vörubílana, að það komi þyngst niður á þeim, ef þeir fara með lítið hlass milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Það má vel vera. En ég hef hér fyrir framan mig Tímann í dag, og þar eru viðtöl við nokkra menn um vegtollinn, þar á meðal menn, sem gera út vörubifreiðar, og hér er einn, sem heitir Ingvar, hann segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef ekki myndað mér neina ákveðna skoðun um það, hvort tollurinn sé of hár eða ekki. Ég hef ekki reiknað það út upp á krónu, hvaða sparnaður er að því að aka hann. Við flytjum nokkuð af fiski sunnan að og mest á okkar eigin bílum, og ég er í engum vafa um, að við spörum mikið með því að aka nýja veginn, miðað við þann gamla. Það verður miklu minna slit á bílunum. Við getum sett meira á þá án þess að eiga á hættu að brjóta þá, og við getum farið fleiri ferðir á dag. Og ég veit það, að ég vil borga talsvert fyrir það að geta látið mína bíla aka slíka vegi."

Í augum þessa manns er gjaldið ekki það hátt, að hann vilji fullyrða, að það borgi sig ekki að vera á góðum vegi þrátt fyrir þetta. Ég held nú, að þegar þessi bílaútgerðarmaður talar svona, þá sé hann inn á sér sannfærður um það, að það sé góð forretning að aka góða veginn.

Og hér er annar maður, sem í blaðinu vitnar í það sama og fullyrðir, að það sé áreiðanlega mjög mikill sparnaður. Enda þarf náttúrlega ekki um það að deila, að sparnaðurinn hlýtur að vera mjög mikill að því að losna við að fara þennan vonda veg.

2. spurning hv. 4. þm. Reykn. er:

Er fyrirhugað að halda áfram innheimtu þessa gjalds, eftir að stofnlánin eru greidd?

Þessu get ég ekki svarað hv. 4. þm. Reykn., og mér finnst satt að segja alls ekki eðlilegt að leggja þessa fsp. fyrir mig, því að eins og ég sagði áðan, þá væri unnt að greiða lánið upp, það yrði sennilega greitt upp á árinu 1979 eða 1980, og ég held, að enginn af þeim, sem nú eiga setu á hv. Alþ., vildi taka að sér að fullyrða um það, hvort vegtollurinn á Reykjanesbraut yrði innheimtur eftir það, og ekki heldur um það, hvort hann yrði innheimtur svo lengi.

3. spurning: Er fyrirhugað, að sérstakt umferðargjald verði lagt á umferðina á Austurvegi, þegar sá vegur hefur verið endurbyggður?

Það hlýtur að verða matsatriði, þegar að því kemur, m. a. það, hversu umferðin er mikil, hvernig þessi vegur er byggður. Og þótt sumum hafi fundizt svar mitt áðan við 4. liðnum ekki skýrt, þá get ég endurtekið það, sem ég þá sagði, að ég tel líklegt, vegna þess að hverjir sem verða í ríkisstjórn og þótt nokkur ár líði, þá verður það svo, að fjárþörfin til nýrra vegaframkvæmda kallar alltaf á, og ég tel þess vegna líklegt um sambærilega vegi Reykjanesbrautinni að gerð og umferð, að á þeim vegum verði látið greiða umferðargjald.

Þá er það 4. spurning: Er fyrirhugað að taka tillit til sérstöðu íbúa Vatnsleysustrandar við greiðslu umferðargjaldsins?

Þeir hafa komið til mín, íbúar Vatnsleysustrandarhrepps, og una ekkert illa sínum hlut. Þeir hafa ekki fengið loforð fyrir því að fá endurgreiðslu af gjaldinu. En þeir hafa fengið loforð fyrir því, að það verði athugað, hvort það þyki eðlilegt. Og sannleikurinn er nú sá, að Vatnsleysustrandarbúar aka ekki nema ca. hálfa leiðina á steyptum vegi, og þess vegna er það áreiðanlega þess virði að íhuga, hvort það væri rétt, að þeir fengju endurgreiðslu á hluta gjaldsins. Það yrði að vera í því formi.

5. spurning: Hækkar umferðargjaldið árlegt fastagjald varnarliðsins vegna nota af veginum?

Varnarliðið hefur greitt að undanförnu 300 þús. kr. á ári til viðhalds Reykjanesbrautinni, 300 þús. kr. Ég sá það í Þjóðviljanum í morgun haft eftir deildarstjóra varnarmáladeildar, að þetta gjald væri 340 þús., það er þá nýlega hækkað. Ég efast ekkert um það, að hæstv. utanrrh. mundi vilja beita sér fyrir því að láta varnarliðið borga meira en það hefur gert. En til upplýsingar um það, hvað þessir varnarliðsbílar munu nota veginn mikið, er rétt að taka það fram, að mér er sagt, að það séu samtals 28 varnarliðsbílar, sem fara þarna um veginn, það hefðu farið 9 bílar um veginn í gær, en það er talið óeðlilega mikið, af einhverjum ástæðum, og það hefur verið gerð áætlun um það, að það fari 25 bílar vikulega frá varnarliðinu um veginn. Þá eru það 1250 kr. á viku, sem þeir ættu að borga, og þá eru það ca. 60—65 þús. kr. á ári. Þetta verður gert upp eftir á. Ég segi það, að mér þykir það mjög líklegt, mér þykir það mjög sennilegt, að þetta gjald hækki sem því nemur. Hins vegar gæti vel verið, að varnarliðið teldi, að úr því að vegurinn þarf ekki viðhald næstu 20 árin, eins og hér var fullyrt, þá ætti þessi gjaldstofn að falla í burtu, en það hef ég ekki heyrt talað um. Við skulum segja, að það séu 340 þús. og kannske hækkar það, það er ekki fullákveðið enn. En af þessum gjaldstofni munu þeir greiða umferðargjald af þessum 28 bílum, sem nota veginn. Og umferðargjaldið ætti þá að vera eftir þessum útreikningum og áætlunum 65 þús. kr., ef áætlunin er rétt.

Spurt er: Við hvaða aðila á Suðurnesjum var fyrirhugað umferðargjald sérstaklega rætt, áður en það var endanlega ákveðið, og hver var afstaða þeirra til þess?

Það komu ýmsir frá Suðurnesjum og ræddu þetta við mig, og það er nú kannske ósanngjarnt að hafa ekki gefið þeim ákvörðunarrétt í því, hvert gjaldið ætti að vera, og eins og ég sagði, má alltaf deila um það, hve gjaldið á að vera hátt, það er matsatriði. En þegar það var ákveðið, var það gert að vel athuguðu máli og með það fyrir augum, að þeir, sem greiða gjaldið, hagnist einnig á því, þannig að hagnaðurinn verði talsvert meiri en það, sem þeir borga. Og samkv. útreikn-

ingum, sem lagðir hafa verið fram af sérfróðum mönnum með reynslu á bak við sig, ætti það að vera allt að því helmingur, sem þeir þéna. En segjum, að það sé varhugavert að halda því fram. Það gæti verið hagnaður, þó að það væri eitthvað minna. Ég vil ekkert fullyrða um það. En eins og ég sagði áðan þá hafa þessar tölur ekki verið búnar til í ráðuneytinu eða á vegamálaskrifstofunni.

Ég veit nú ekki, hvort hv. 4. þm. Reykn. er alveg ánægður með þessi svör. Hygg ég þó, að hann hafi tæplegast búizt við að fá þau nákvæmari, þar sem hann kom nú með fsp. skrifaðar og ég því alls óundirbúinn að svara þeim.

Hv. 1. þm. Austf. taldi óeðlilegt að fara út fyrir efnið, eins og hann orðaði það, og hann hefði oft tekið það fram áður. En ég býst við, að þessi hv. þm. virði mér til vorkunnar, þó að ég sé ekki ágætur nemandi í þeim skóla, sem hann vill nú setja í vinnubrögðum hér á hv. Alþ., og hann virði það nú, þó að ég hafi kannske aðrar hugmyndir um þetta en hann.

Hv. þm. sagðist álíta, að það samkomulag, sem gert var, þegar vegalögin voru samþ., hafi verið rofið. Það þykir mér leitt, ef hann lítur þannig á, því að það var samkomulag um þessi mál. En ég hygg nú, að þegar hv. þm. athugar það nánar, þá sannfærist hann um, að það þurfi ekki þannig að vera.

**Geir Gunnarsson:** Herra forseti. Hæstv. samgmrh. bar sig illa undan því að vera borin á brýn brigðmæli í sambandi við ummæli hans við setningu vegalaga fyrir 2 árum og þá ákvörðun hans nú að fella niður framlag ríkissjóðs til vegamála. Vildi hæstv. ráðh. láta líta svo út, að með orðum sínum við umr. um vegalögin hafi hann aðeins átt við, að heildarframlag til vegamála yrði ekki lækkað, og taldi, að það yrði ekki gert, þar sem það framlag, sem ríkissjóður fellir niður nú, yrði tekið af bifreiðaeigendum í staðinn og heildarframlagið yrði því jafnmikið. Þetta er alrangt hjá hæstv. samgmrh. Orð hans, sem ég las upp áðan, áttu beinlínis og óvefengjanlega við ríkisframlagið eitt, áttu við það, að ríkissjóður mundi ekki lækka sitt framlag. Ég skal til glöggvunar lesa þessi orð hans upp aftur. Hæstv. ráðh. sagði:

„Og einmitt þess vegna er engin hætta á því og alveg útilokað, að ríkisframlagið verði lækkað. Það er alveg útilokað. Og þörfin fyrir aukið vegafé frá ríkissjóði verður fyrir hendi, þótt vegamálunum hafi verið tryggt fé með benzíngjaldi, gúmmígjaldi og þungaskatti."

En nú liggur það fyrir í dag, að hæstv. samgmrh. hefur ákveðið að fella alveg niður þetta ríkisframlag, sem hann áður margítrekaði að yrði ekki einu sinni lækkað. Ég held, að hv. þm. séu ekki í neinum vafa um, að hér er um brigðmæli að ræða. Það verður svo að vera mál hæstv. ráðh., hvernig hann fellir sig við það að verða uppvís að brigðmælum, og ég tel það heldur meðmæli með honum, að hann skuli kunna því illa. Hann virðist ekki enn vera forhertari en svo.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ýmsar upplýsingar hafa nú komið fram í sambandi við mál þetta hér í þessum fsp.-tíma. M. a. sýnist mér, að það leiki ekki lengur neinn vafi á því, að við herliðið á Keflavíkurflugvelli hefur ekki verið samið enn um neitt sérstakt aukagjald fyrir að fara um þennan veg. Ég tel, að þær upplýsingar, sem hæstv. samgmrh. hefur gefið, taki af öll tvímæli í þessum efnum. Það er sem sagt upplýst, að herliðið hefur borgað fyrir að fara um þennan veg á undanförnum árum 300 þús. kr. Það stendur óbreytt. En ráðh. segir nú, að hann telji að vísu mjög líklegt, að hæstv. utanrrh. muni vilja beita sér fyrir því, að þeir hækki þetta. Ekki nær það nú lengra. Og hann segir, að það geti vel verið, að það takist að hækka þetta t. d. um 65 þús. kr. En um það hefur ekki verið samið. Því ber vitanlega að viðurkenna það, sem rétt er, að málin standa nú þannig í dag, að herliðið á Keflavíkurflugvelli þarf ekki að borga neitt sérstakt gjald fyrir að fara um þennan veg, fram yfir það, sem það hefur gert, og á ekki að þurfa að vera með neitt frekara orðaskak um það í blöðum lengur en nú er búið.

Þá er annað atriði, sem að vísu hefur ekki komið hér skýrt fram, en mér sýnist þó á framkvæmdinni, að ekki geti heldur leikið vafi á. En ef skilningur minn er ekki réttur, þá vænti ég, að hæstv. ráðh. leiðrétti það hér. Mér sýnist, að framkvæmdin í sambandi við innheimtu á þessum vegaskatti sé með þeim hætti, að það sé augljóst mál, að öll umferð frá Reykjavík og nærliggjandi svæði að og frá fyrirhuguðu svæði alúminverksmiðjunnar, sem á að standa rétt norðan við núverandi innheimtuskýli, öll sú umferð á að vera undanþegin þessum vegaskatti. Ef meiningin er að leggja skattinn á þá umferð, þá vildi ég gjarnan, að það kæmi fram hér hjá hæstv. ráðh. En eins og innheimtunni er nú háttað, þá virðist það vera augljóst mál, að öll þessi umferð á að vera undanþegin sérstöku skattgjaldi í sambandi við umferð þarna um veginn.

Eitt atriði er það þó sérstaklega, sem ég vildi vekja athygli á, sem hér hefur komið fram, en það er viðvíkjandi þessum vegaskatti, sem nú á að leggja á t. d. vörubíla, sem fara um þennan veg. Um það verður ekki deilt, eins og hér hafa komið fram upplýsingar um, að 5 tonna bíll, sem fer um þennan veg og flytur í mjög mörgum tilvikum hlassþunga 2½ tonn, eins og hér var nefnt sem sérstakt dæmi, að slíkur bíll samkv. samningum, sem nú eru í gildi á milli vörubílaeigenda og þeirra, sem við þá semja, fær ekki í gjald fyrir ferð eftir þessum vegi fram og til baka nema 596.25 kr. Hann fær ekki hærra gjald. Þetta er umsamið. En þessi bíll mundi eiga að borga 200 kr. fyrir að fara um veginn fram og til baka. Og þó að þessar margumtöluðu norsku reglur, sem menn eru nú ekki ásáttir um, séu notaðar og reiknaður út sparnaður í þessu skyni, þá er alveg augljóst, að hér er verið mjög stórlega með skattinum að ganga á umsamið kaup eða þóknun til þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli. Þetta fær ekki staðizt. Umferð um veginn á þessum grundvelli leggst niður eða þetta leiðir til verkfalls eða annars slíks. Og það vitanlega nær engri átt, að hæstv. ráðh. svari þessu með því, að hann hafi fundið grein í Tímanum frá einhverjum manni, sem á vörubíl og fer um þennan veg, og hann hafi sagt það, þessi maður, að sitthvað mundi nú sparast við það í viðhaldi bílsins að aka eftir veginum og hann fyrir sitt leyti meti það mikils að

geta ekið eftir svona góðum vegi. Það er enginn ágreiningur við vörubílstjóra frekar en aðra um það, að það er vitanlega kostur að fara eftir þessum ágæta vegi. En að gróðinn sé í þessu tilfelli sem þessu nemur, það er fjarri öllu lagi. Því held ég, að hvað sem líður prinsip-deilum um það að leggja á þennan skatt og hvernig á að framkvæma hann gagnvart hinum ýmsu aðilum, geti hæstv. samgmrh. ekki skotið sér undan því, að hann verður að athuga um þessa skattlagningu, eins og hún kemur niður á þessum aðilum, því að þetta fær ekki staðizt. Ég efast ekkert um, að það hefur ekki verið meining hæstv. ráðh. að haga skattlagningunni þannig, að talsverður hluti af þeirri umferð, sem um þennan veg á að fara, eigi að leggjast af. Það er með öllu útilokað. **(Forseti:** Ræðutíminn er búinn.) Já, ég þarf ekki heldur að bæta við þetta neinu fleira, en sem sagt, ég vil vænta þess, að hæstv. samgmrh. sjái nauðsyn á því að endurskoða þetta viðvíkjandi gjaldaákvörðuninni á umferð vörubíla í mjög mörgum tilfellum, og einnig það, að hann gefi hér yfirlýsingar um, hvernig fyrirhugað sé að haga skattinnheimtunni í sambandi t. d. við umferð að þessu fyrirhugaða byggingarsvæði og rekstrarsvæði alúmínverksmiðjunnar, en það kemur hér mikið inn í þetta mál.

**Jón Skaftason:** Herra forseti. Mér er það vel ljóst, að ég get varla gert kröfu til þess, að hæstv. ráðh. gefi tæmandi og glögg svör við þeim fsp., sem ég bar hér fram á seinustu stundu skriflega og ég afhenti honum á fundinum. En að hann gæfi það óljós svör og óglögg, að ég teldi mig ekki hafa fengið svar nema við einni af þeim 6 fsp., sem ég setti fram, taldi ég fyrir fram mjög ólíklegt.

Svar ráðh. við 1. fsp. minni um það, hversu langan tíma það tæki að greiða ákveðin lán af Reykjanesbrautinni af umferðargjaldinu, var það, að það mætti búast við því, að á árunum 1978—1979 yrðu lán þessi að fullu greidd. Það svar tel ég nægjanlegt.

2. spurning mín var um það, hvort fyrirhugað væri að halda áfram innheimtu þessa vegaskatts, eftir að lánin væru greidd upp. Við þeirri fsp. fékk ég ekkert svar, og hæstv. ráðh. vildi reyna að láta líta svo út sem fsp. væri ekki hægt að svara. En er nokkur hv. þm. hér inni, sem trúir því, að hæstv. ráðh. hafi ekki gert sér í meginatriðum grein fyrir stefnunni í þessum málum? Á umferðarskatturinn, ef hann verður notaður sem tekjuöflun fyrir vegagerð í landinu, að vera tímabundinn, eða á hann að gilda ótiltekið? Ég trúi því ekki, að ráðh. hafi ekki hugsað þetta mál þegar, og hann getur vafalaust gefið svar við þessari fsp., ef hann vill það.

3. fsp. mín var um það, hvort svipað umferðargjald yrði lagt á umferðina á Austurvegi, þegar hann yrði endurbyggður, eins og Reykjanesbrautina. Ráðh. sagði, að það yrði matsatriði, þegar þar að kæmi. Á virkilega að trúa því, að ráðh. hafi ekki gert sér í meginatriðum ljósa grein fyrir, hver þau aðalskilyrði þurfi að vera á hinum ýmsu vegum, til þess að hægt sé að leggja á umferðargjald? Ég trúi því ekki. Hann vill ekki svara þessari fsp.

Í 4. lagi spurði ég um það, hvort sérstaða íbúa Vatnsleysustrandarhrepps mundi athuguð og virt í sambandi við greiðslu gjaldsins. Ráðh. svaraði því að vísu, að loforð hefði fengizt um þessa athugun, og má segja, að það svar út af fyrir sig sé nægjanlegt.

5. fsp. mín var efnislega, hvort árlegt fastagjald varnarliðsins vegna nota af veginum fyrir eigin bifreiðar mundi hækka við það, að vegurinn var steyptur, og við það, að umferðargjaldið hefur nú verið sett á þá Íslendinga, sem nota þennan veg. Ráðh. svaraði þessu engu. Hann vildi ekki svara, hvort umferðargjaldið á herbílana mundi hækka til samræmis við það, sem það gerir á bíla Íslendinga, sem þennan veg nota.

6. fsp. mín var um það, við hvaða aðila hann eða rn. hans hefði rætt um umferðargjaldið, áður en það var lagt á. Ráðh. svaraði því þannig, að hann hefði rætt við ýmsa aðila. Svarið var ekki meira.

Ég verð að segja, að svör ráðh. við þessum fsp. mínum, þó að þær séu seint fram bornar, það skal ég fyllilega viðurkenna, voru þess efnis, að þau eru hvergi nægjanleg. Ég hlýt því að endurtaka eða óska eftir gleggri svörum við þeim fsp., sem ég tel að engin svör hafi enn þá verið gefin við.

Ég vil svo að síðustu aðeins skora á hæstv. ráðh. að endurskoða allt þetta mál og sérstaklega upphæð gjaldsins í ljósi þeirra umr., sem hér hafa átt sér stað um málið.

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Mér þykir það mjög leitt, að hv. 4. þm. Reykn. þykist ekki hafa fengið nægjanleg svör, og mér þykir það einnig leitt, hversu vanþakklátur hann er, að hann skuli ekki þakka fyrir að hafa fengið svör við 6 fsp., sem hann lagði hér fram á síðustu stundu skrifaðar. Það verður svo að vera matsatriði þeirra, sem heyrðu spurningarnar og svör mín við þeim, hvort þeim var vel eða illa svarað. Ég hygg, að hv. þm. hafi fengið nægileg svör að mestu leyti og það sé ósanngjarnt af honum að biðja um öllu meira, miðað við þær aðstæður, sem hér er um að ræða.

Hv. 5. þm. Austf. kom hér í ræðustólinn áðan og fullyrti, að það lægi nú alveg skýrt fyrir, að varnarliðið ætti ekki að borga fyrir umferðina eins og landsmenn. Ég gaf þær upplýsingar hér áðan, að það væri um 28 bíla að ræða, sem gætu notað veginn, og það væri áætlað, að það væru 25 bílar á viku frá varnarliðinu, sem færu um þennan veg. Utanrrn. gaf út tilkynningu í gær um þetta mál. Ég vil til glöggvunar hv. 5. þm. Austf. lesa þessa tilkynningu, vegna þess að ég ætla, að það hafi farið fram hjá hv. þm., vegna þeirra fullyrðinga, sem hann viðhafði hér áðan, og eins það, að hann vildi draga þá ályktun af því, sem ég sagði, að það lægi alveg fyrir. En aftur á móti sagði hv. 4. þm. Reykn., að ég hefði ekki svarað þeirri fsp., sem varðaði varnarliðsbílana, svo að ekki ber nú þessum hv. þm. saman. En tilkynning utanrrn. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Að gefnu tilefni vill utanrrn. taka fram, að bifreiðar í eigu varnarliðsins, merktar VL, greiða ekki veggjald á hinni nýju Reykjanesbraut í hvert sinn, þar sem varnarliðið greiðir samkv. samningi ákveðna fjárhæð einu sinni á ári til

vegagerðar ríkisins. VL-bifreiðar fá sérstaka miða, sem á er prentað gjald það, sem greiða á samkv. verðskrá, og afhenda þá innheimtumönnum veggjalds. Notaðir miðar verða síðan lagðir til grundvallar við árlegt uppgjör varnarliðsins."

Ég tel algerlega ástæðulaust að ætla, að varnarliðið muni ekki greiða þetta, þótt það sé ekki krafið um það fyrir fram, og utanrrn. gefur ekki út svona tilkynningu algerlega út í bláinn. Það gefur út svona tilkynningu vitanlega vegna þess, að það hefur gert samkomulag við varnarliðið um, að það verði greitt eftir á. Ég geri ráð fyrir því, að þegar hv. þm. hefur þetta í huga, komist hann á aðra skoðun en hann hafði hér áðan, er hann fullyrti, að varnarliðið þurfi ekki að greiða umferðargjald eins og aðrir, sem um veginn fara.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Það var aðeins örstutt aths. í sambandi við það, sem hæstv. samgmrh. sagði nú. Ég fullyrti að sjálfsögðu ekkert um það í þeim ályktunarorðum, sem ég dró hér, að herliðið yrði ekki látið borga. Ég sló aðeins fastri þeirri staðreynd, að fram hefði komið, að enn sem komið væri væri ekki búið að semja við það um neitt gjald fyrir að fara um veginn. Og þetta staðfestir hæstv. ráðh. enn einu sinni. En þó að hann segi: „Ég tel enga ástæðu til að ætla, að þeir muni ekki fallast á að borga það," þá staðfestir það enn einu sinni það, sem ég sagði, og þessi orð benda til þess alveg ótvírætt, að við þá hefur ekki verið samið um það að borga gjald fyrir að fara um veginn. Og þó að eigi að telja saman ferðirnar og reikna út, eins og hæstv. ráðh. gerði, að eftir réttum gjaldtaxta hefðu þeir átt að borga 65 þús., en þeir höfðu áður borgað 300 þús., og síðan stendur það opið, að þessar 65 þús. falli aðeins inn í 300 þús. kr. upphæðina, er það vitanlega alveg augljóst mál, að með þessu borga þeir ekkert sérstakt aukagjald fyrir að fara um þennan dýra veg, svo að þau ályktunarorð, sem ég dró hér, standa vitanlega fullkomlega rétt, og síðari ummæli ráðh. staðfestu það einnig, og það er það, sem er aðalatriðið. Enn sem komið er hefur ekki verið samið um sérstakt gjald fyrir þá fyrir að fara um þennan veg.

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Hv. 5. þm. Austf. fullyrðir það, að enn sem komið er hafi alls ekki verið samið um sérstaka greiðslu við varnarliðið vegna umferðar á Keflavíkurvegi. Þar sem ég las hér upp áðan tilkynningu frá utanrrn. um það, að þetta gjald yrði gert upp eftir á, finnst mér anzi hart, að hv. þm. skuli koma með fullyrðingar um það, að utanrrn. hafi gefið út tilkynningu raunverulega algerlega út í bláinn. Og það er hreinn misskilningur, að það eigi að greiða þetta gjald eftir einhverri áætlun. Varnarliðsbílarnir hafa þegar fengið miða, sem eru taldir, og það er vitað, hve þeir fá marga miða, og þeir verða að borga þá miða, sem þeir hafa tekið, þannig að það er alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. að vera að reyna að snúa út úr þessu og segja, að það sé ekki um þetta samið, þegar utanrrn. hefur gefið út tilkynningu um það. Varnarliðsbílarnir borga að vísu ekki strax eins og aðrir, en það verður gert upp eftir á í sambandi við þá miða, sem þeir hafa tekið út.

**Matthías Á. Mathiesen:** Herra forseti. Í framhaldi af þeim umr., sem hér hafa farið fram, langaði mig aðeins til þess að segja þá skoðun mína í sambandi við þetta mál, að ég hef skilið frá öndverðu, frá því að þetta mál var fyrst hér til umr. á Alþ., að um vegi, sem gerðir væru undir þeim kringumstæðum, að til þeirra væru tekin stórfelld lán, væri ætlað, að af þeim yrði tekið umferðargjald til þess að standa undir auknum kostnaði, sem við þá vegagerð hlýtur að vera, þegar tekin eru lán og vegir gerðir á skömmum tíma.

Mér virðist, að þær umr., sem hér hafa farið fram, hafi meira og minna snúizt um vegaskattinn eða tollinn, sem á hefur verið lagður. Það getur vel verið, að mönnum sýnist hann of hár, öðrum sýnist hann kannske sanngjarn, og það geta vel verið til menn, sem finnst hann kannske of lágur. Þetta er að sjálfsögðu deiluatriði í dag. Getur vel verið, að þær tölur, sem í dag eru ákveðnar, okkur finnist þær ekki háar eftir eitt ár, það getur vel verið, að okkur finnist þær lágar, og þannig getur þessi hlutur breytzt frá degi til dags. Grundvöllurinn hlýtur að verða, eins og ég gat um áðan, sá, að þegar hraðbraut er lögð, og gert er ráð fyrir því í vegal., að það sé gert, ef umferðin er 1000 bílar á dag, og til hennar aflað fjár með stórfelldum lánum, skipti ekki máli, hvort vegurinn er steyptur, malbikaður eða úr einhverju öðru efni, sem vera kynni að upp fyndist. Atriðið er fjárhagsleg hlið málsins. Og af þeim umr., sem hér hafa farið fram í dag, get ég ekki ályktað annað en þm. þeir, sem hér hafa talað, séu raunverulega allir á þessu máli. Þeir hafa sumir haldið því fram, að það séu brostnar forsendur vegna till., sem eru á frv. til fjárl., sem lagt hefur verið fyrir Alþ. Ég segi: Ef einhvers staðar er kippt undan fjárstofni, er ekki ástæða að mínum dómi til þess að kippa öðrum. Þá er miklu frekar leið til þess að fyrirbyggja, að vegagerð skaðist, þ. e. að afla tekna á á annan hátt.

Ég held, að það séu allir sammála um, að hér sé mjög merkum áfanga í vegamálum náð með lagningu steinsteypts vegar suður á Suðurnes, og það hafa aldrei, eftir því sem ég hef bezt til þekkt, orðið neinar deilur um það, með hvaða hætti afla bæri tekna í sambandi við það að standast þann kostnað, sem af þessum vegi hlýtur að verða.

Ég rak augun í málgagn hv. 4. þm. Reykn. fyrir nokkrum dögum, þar sem einmitt þessi mál eru sérstaklega tekin til meðferðar, og þar er sagt, með leyfi hæstv. forseta, — þetta er áður en vegurinn var tekinn í notkun:

„Ráðgert er að innheimta visst umferðargjald af bifreiðum þeim, sem nota Keflavíkurveginn, og er sennilegt, að við Kúagerði eða við Straum verði komið upp aðstöðu fyrir þá, sem innheimtuna annast. Hóflegt umferðargjald" — hóflegt, það er tekið fram — „á steyptum þjóðvegum landsins er sjálfsagt og þekkist víða erlendis. Það flýtir fyrir framkvæmdum við varanlega gatnagerð og verður áreiðanlega greitt af meiri ánægju en margir þeir skattar aðrir, sem undanfarandi hafa dunið á varnarlitlu fólki."

Þetta er skoðun þessa málgagns hv. 4. þm. Reykn. Ég hef mætt á fundi með honum í okkar

kjördæmi út af þessum málum, og mér virtist hann hafa einmitt þessa skoðun. En ég veit það ósköp vel, að menn eru ekkert fúsir á það að greiða einn skatt frekar en annan, og þegar verið er að leggja slíkt á, er málið að sjálfsögðu viðkvæmt og verður auðvitað að skoða það eins og það er. Það getur að sjálfsögðu komið fyrir einn ráðh. að athuga ekki mál sem skyldi. Ef eitthvað er athugavert við reglugerðina, sem út hefur verið gefin, eða gjaldið, sem ákveðið er, þá er sjálfsagt af hans hendi að athuga það, og ef í ljós kemur, að þar eru einhverjir vegtollar settir öðruvísi en ætti, á að leiðrétta það.

Ég vildi aðeins mega undirstrika það, sem hér hefur fram komið, og mér virðist, að allir þeir hv. þm., sem hér hafa talað, séu á þessari skoðun í málinu.

**Þórarinn Þórarinsson:** Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þá deilu, sem hér hefur farið fram og snúizt hefur um þann vegaskatt, sem lagður hefur verið á í sambandi við Reykjanesbrautina. En ég vildi aðeins undirstrika það nú í lok þessara umr., að ég held, að það sé öllum ljóst, að þessi vegaskattur leysir ekki þann mikla vanda, sem við er að fást í vegamálunum.

Eins og fram hefur komið í ræðu hæstv. samgmrh., hefur það framlag, sem þjóðfélagið hefur lagt til vegamálanna, farið hlutfallslega lækkandi á undanförnum árum. Hæstv. ráðh. minnti á, að þetta framlag hefði verið um 10% á fjárl. 1958. Á næsta ári er ráðgert, að framlag til vegamálanna samkv. vegáætluninni verði kringum 250 millj. kr. Hins vegar verða fjárl. þá, ef þau eru færð á sama hátt og var 1958, komin yfir 4 milljarða kr., þannig að ef sama hlutfalli væri haldið í þessum efnum og var 1958, þyrfti framlagið til vegamálanna að vera á næsta ári yfir 400 millj. kr. eða um 150 millj. kr. hærra en það verður. Og það munu allir gera sér ljóst, að við slík verkefni er að fást í vegamálunum, að það verður ekki komizt hjá því að auka framlögin til þeirra stórlega frá því, sem nú á sér stað og nú er ráðgert. Það þarf bæði að bæta viða vegamálin í hinum afskekktari héruðum, og ekki sízt, heldur alveg sérstaklega þarf að leggja áherzlu á það að auka stórlega framkvæmdir við hraðbrautir frá því, sem nú er. Og það sjá allir, að þegar um er að ræða skatt, sem á að gefa eitthvað kringum 14 millj. á ári, eins og þessi skattur, leysir hann lítið þann vanda, sem hér er við að fást, og bætir lítið úr þeirri þörf, sem hér þarf að bæta úr. Þess vegna held ég, að það sé óhjákvæmilegt að taka þetta mál upp á alveg nýjum grundvelli, afla með einhverjum hætti, sem þingið þyrfti helzt að koma sér saman um, nýs fjármagns, mikils fjármagns, til vegaframkvæmda, og þá held ég, að það verði hyggilegra að láta ýmsa smáskatta falla niður, eins og nú er ráðgert á sumum sviðum. Við höfum gengið áreiðanlega allt of langt inn á þá braut á undanförnum árum að vera að leggja á alls konar nýja og nýja smáskatta í staðinn fyrir að hafa tekjuöflunina í stærri dráttum og hreinlegri en nú á sér stað, og þess vegna eigum við að leysa þann vanda, sem hér um ræðir, með nýrri, stórfelldri fjáröflun til þessara mála, en ekki þeirri smáskattaleið, sem hér er farið inn á.

**Ingi R. Helgason:** Herra forseti. Mér fannst hæstv. samgmrh. tala af nokkru ábyrgðarleysi eða alvöruleysi um þær tölur, er ég ræddi hér um áðan varðandi vörubifreiðastjóra. Hann lét sér nægja að vitna í þeim efnum í umsögn Ingvars Vilhjálmssonar í Tímanum um, að þeim ágæta manni litist vel á skattinn og fagnaði góðum vegi. En þær tölur, sem ég nefndi hér áðan, eru rauntölur, sem hæstv. ráðh. verður að leyfa sér að taka tillit til. Hann sagði, að þessar tölur, þ. e. a. s. skattupphæðin, þær tölur hafi ekki verið búnar til í samgmrn. eða á vegamálaskrifstofunni. Auðvitað hafa þær verið búnar til þar. En það er sagt, að þær byggist á rannsókn og niðurstöðum erlendra sérfræðinga. Það, sem forustumenn Landssambands ísl. vörubifreiðastjóra hafa gert í þessum efnum og skýrt ráðh. frá í morgun, er, að þeir hafa einmitt notað þennan grundvöll og þessar niðurstöður hinna norsku sérfræðinga, en þær eru, að miðað við 6.67 kr. kostnað á km á malarvegi sé kostnaðurinn á steinsteyptum vegi 4.43 kr., eða 33% ódýrara að aka á steinsteyptum vegi. Ef þetta hlutfall, 33% sparnaður, er notað á þá útgjaldaliði við akstur, sem eru samningsbundnir í kjarasamningum vörubifreiðastjóra, þ. e. a. s. gúmmí, smurningu, bræðsluolíur, varahluti, verkstæðisvinnu, þ. e. a. s. þá kostnaðarliði, sem hreyfast, sem eru 46% af heildarkostnaðinum, þá kemur út, ef notað er þetta norska hlutfall, að sparnaðurinn á akstri 5 tonna bifreiðar með 2½ tonn er 37.50, en ekki 400 kr. Ef bíllinn fer ekki með lágmarksflutning, heldur með 5 tonn, eins og hann er gefinn upp fyrir, gefur þetta hlutfall, 33%, 103 kr. í sparnað. Það þýðir, að fyrir 5 tonna hlass fær ökumaðurinn fyrir þessa 75 km fram og til baka 1042.50 kr. samkv. kjarasamningi, en á að greiða í tollinn 200 kr., þ. e. a. s. hafa 842.50 kr. nettó út úr þessu.

Ég vil leyfa mér enn að ítreka þá beiðni mína til hæstv. ráðh., að hann endurskoði þennan skatt varðandi vörubílstjórana og sjái sér fært að gefa hv. Sþ. eitthvert vilyrði fyrir slíkri endurskoðun nú í þessum umr. Ég gat þess áðan, að ég er líklega eini ræðumaðurinn í þessum umr., sem er prinsipielt á móti þessum skatti sem tekjustofni til varanlegrar vegagerðar í landinu. Ég sló hér upp að gamni mínu nokkrum tölum. Ég álít, að þessar tekjur ættu að takast með öðrum hætti, sem væri bæði ekki eins hvimleiður og væri í rauninni réttlátari. Það eru 30 þús. bifreiðar í landinu. Ef þær væru skattlagðar, þ. e. a. s. eigendur þeirra, til slíkrar mannvirkjagerðar og ætlazt til, að sömu tekjur kæmu út úr slíkri skattlagningu og kemur út úr þessum vegatolli, þyrfti hver bifreiðareigandi í landinu að greiða um 450 kr. á ári, til þess að sama tala fengist út. Ég segi það fyrir mitt leyti, að ég teldi það miklu réttlátara. Ég, sem er bifreiðareigandi og er ekki oft að flækjast um þennan veg, en á hann þó vísan og á kost á að aka um hann, ég vil miklu heldur af sanngirnisástæðum borga 450 kr. einu sinni á ári fyrir slíka vegagerð heldur en láta menn, sem atvinnu sinnar vegna verða að fara um þennan veg einu sinni á dag 300 daga á ári, greiða 15 þús. kr. til þess að standa undir þessari tekjuöflun. 30 þús. bílar eru á öllu landinu. Ef við tækjum aðeins þá 20 þús. bíla, sem eru á þessu svæði, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Gull-

bringu- og Kjósarsýslu, yrði slíkt gjald 700 kr. á ári, og teldi ég það miklu sanngjarnari og eðlilegri og ekki eins hvimleiða lausn og vegatollurinn er.

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. 3. landsk. (IRH) var hér með tölur áðan, harmaði það, að ég hefði farið léttúðlega með tölur í sambandi við útreikninga hjá vörubílum, sem greiða þennan skatt. En ég held nú, að menn hljóti að sannfærast um það, að þessi hv. þm. hefur farið eitthvað fljótfærnislega með það, þegar hann fullyrðir, að sparnaður hjá vörubílum sé aðeins 37.60 kr. við það að aka þennan steypta veg, eftir þó að leggja til grundvallar norsku tölurnar, 6.67 kr. á malarvegi hvern km, en 4.43 kr. á steyptum vegi, mismunur 2.24, vegalengdin 75 km. Og hvað fáum við út úr því? Ekki 37.50, það þarf ekki að taka upp blað og blýant, það eru 168 kr. Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta.

Það er rétt, að forustumenn vörubílstjóra voru hjá mér í morgun að ræða þessi mál, og ég vil komast að þeirri niðurstöðu, sem er rétt, hafi það ekki verið gert strax. En ég þarf meiri rök en komið hafa fram hér í dag til þess að sannfærast um, að það sé nauðsynlegt að endurskoða það, sem gert hefur verið, og meiri tíma. En það er vitanlega sjálfsagt að reikna dæmin upp aftur, ef skekkjur eru, og það getur vitanlega öllum yfirsézt. En það dugir ekki kennslustund í þessu formi, sem hv. 3. landsk. var með hér áðan, til þess að fá útkomunni breytt.

Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson talaði hér áðan og var að gera mér upp orð, að samkv. því sem ég hafi sagt, hafi vegaféð stórminnkað undanfarin ár. Hvernig í ósköpunum getur hv. þm. komið með svona fjarstæðu og svona ályktun? Hlutfallslega við fjárl., segir hv. þm. Þó upplýsti ég það áðan, að á árinu 1965 mundi verða unnið að vegamálum fyrir 393.3 millj. kr., en á árinu 1958 fyrir aðeins 80 millj. kr. Hækkun frá 1958 er 392%. En hv. þm. segir, vegna þess að framlag til tryggingamála hefur hækkað um 350% og fjárl. hafa hækkað þess vegna á 7. hundrað millj., þá þykir hv. þm. alveg eðlilegt, að framlag til vegamála hækki hlutfallslega jafnt og til tryggingamálanna. Það væri alveg fyrirtak, ef það gæti verið svo. En af hverju skyldi framlag til vegamála 1958 ekki hafa verið nema 80 millj.? Það dugir ekki að snúa svona við því, sem sagt hefur verið. Við erum sammála um aðalatriðið í þessu máli, og það er það, að það er nauðsynlegt að vinna áfram að framkvæmd vegamálanna með svipuðum hætti og gert hefur verið síðustu árin, að hækka framlögin og vegaféð til muna, og það er von mín, að það megi verða þannig áfram eins og síðustu árin. Og væri unnt að hafa vegafé á næstu árum í samræmi við það, sem er á árinu 1965, þá skil ég það svo, að þessi hv. þm. uni því vel, því að hann var að tala um 400 millj., en ég talaði um 393.3 millj. á árinu 1965.

**Axel Jónsson:** Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. sagði eitthvað á þá leið, að þessi fjáröflun mundi ekki létta af öllum vanda. Það er rétt. En ég tel þó, að það mundi frekar auka á vandann, ef öllum byggingarkostnaði Reykjanesbrautarinnar, sem orðinn er, yrði velt yfir á vegasjóð. Ég segi þetta vegna þess, að við eigum enn, eins og ég gat um áður, mikið eftir ógert við að ljúka Reykjanesbrautinni allt til Reykjavíkur. Við eigum eftir að endurbyggja Hafnarfjarðarveg, og ég vil bæta því við sem áhugamáli þessa héraðs, að við viljum einnig fá sem fyrst byggðan Vesturlandsveg.

Mér finnst margir hv. þm. hafa gert of lítið út því, hve mikill sparnaður hlýtur að vera að aka á steinsteyptum vegi, miðað við þá malarvegi, sem við þekkjum. Hér hafa verið nefnd dæmi um það, að það geti verið nokkuð dýrt fyrir bifreiðastjóra á 5 tonna vörubíl, sem aðeins ekur með hálfan hlassþunga, að greiða þetta gjald. Ég vil minna á hin fjölmörgu tilfelli, þar sem bílstjórar á bílum af þessari stærð eða stærri verða að aka með hálfan hlassþunga einfaldlega vegna þess, að malarvegirnir leyfa ekki annað. Við þekkjum það og það helzt á mesta annatímunum vor og haust, þá verða þeir, sem halda uppi reglubundnum ferðum, að takmarka hlassþungann svo og svo mikið og er máske skipað það af illri auðsyn af hálfu vegamálastjóra að draga svo og svo mikið úr hlassþunganum. Þetta kemur til viðbótar því, að þá er vegakerfið svo og svo mikið til ófært.

Ég held, að allir, sem þekkja til varðandi flutningaerfiðleika hjá þeim, sem þurfa að halda uppi stöðugum ferðum, hljóti að viðurkenna þann geysilega aðstöðumun, sem felst í því að geta allt árið ekið á vegi, sem er jafngóður og hér er raun á, til móts við hina, sem svo og svo oft og stundum dögum eða vikum saman verða að halda uppi ferðum á mjög illfærum vegum og takmarka af þeim sökum svo og svo mikið þann hlassþunga, sem þeir fara með.

## 3. Bygging menntaskóla á Ísafirði.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sþ.:

**Fsp. til menntmrh. um byggingu menntaskóla á Ísafirði** [44. mál] (A. 46).

Á 8. fundi í Sþ., 27. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Sigurvin Einarsson):** Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh., svo hljóðandi:

„Hefur ríkisstj. ákveðið að fresta fyrst um sinn að hefja byggingu menntaskóla á Ísafirði?“

Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa Vestfirðingar lagt á það mikla áherzlu á undanförnum árum að fá menntaskóla á Ísafirði. Í samræmi við þessar óskir þeirra hafa þm. Vestf. flutt frv. þing eftir þing um menntaskóla á Vestfjörðum og einnig á síðasta þingi. Öll hafa þessi frv. verið svæfð í nefnd. Skömmu eftir síðustu áramót voru Vestfjarðaþm. boðaðir til fundar á Ísafirði. Voru það áhugamenn um menntaskólamál þar heima

fyrir, sem efndu til fundarins. Þeir afhentu þm. áskorun til Alþ. og ríkisstj. um að samþykkja menntaskólafrv., og þeir fylgdu þessari áskorun úr hlaði með allskorinorðum ræðum á þessum fundi. Undir þessa áskorun höfðu skrifað um 2000 Vestfirðingar úr öllum stjórnmálaflokkum og víðs vegar að á Vestfjörðum.

Árangurinn af þessari órofa samstöðu Vestfirðinga var sá, að undir lok síðasta þings flutti hæstv. ríkisstj. sjálf frv. um þrjá nýja menntaskóla í landinu og skyldi einn þeirra vera á Ísafirði. En orðalag í þessu frv. var m. a. á þá leið, að menntaskólana á Vestfjörðum og Austurlandi skyldi stofna, þegar fé yrði veitt til þess í fjárl. Þetta orðalag vakti nokkurn ugg um það, að því kynni að verða frestað að veita fé til þessara skóla og þeir þar af leiðandi ekki stofnaðir. En þá lýsti hæstv. menntmrh. því yfir, að það væri með öllu ástæðulaust að óttast slíkt og ríkisstj. mundi leggja til, að fjárveitingar kæmu til þessara skóla á næsta ári. Engu að síður var þetta orðalag numið úr frv. í hv. Nd., en með fullu samþykki hæstv. menntmrh. Síðan var þetta frv. samþykkt einróma í báðum d. þingsins.

Það virtist því vera útilokað með breytingunni á frv. og yfirlýsingu hæstv. menntmrh., að nokkur smuga væri til þess að fresta byrjunarframkvæmdum við þessa skóla lengur en til næsta árs. Nú liggur fjárlagafrv. fyrir Alþ., og eru þar m. a. till. um fjárveitingar um menntaskóla á Ísafirði og Austurlandi í samræmi við yfirlýsingu hæstv. menntmrh. Hæstv. fjmrh. gerði þessar fjárveitingar að umtalsefni í fjárlagaræðu sinni, eins og mönnum er kunnugt, og í þeirri ræðu segir hæstv. fjmrh. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Á síðasta þingi var samþ., að reistir skyldu menntaskólar á Austurlandi og Vestfjörðum. Að sjálfsögðu kemur ekki til mála að hefja byggingu þeirra skóla, fyrr en viðunandi ástand er fengið í sambandi við starfsemi hinna menntaskólanna. Engu að síður hefur þótt rétt að taka upp nú í fjárlög næsta árs byrjunarfjárveitingar til þessara væntanlegu skóla auk nokkurrar hækkunar á fjárveitingu til framkvæmda við hina menntaskólana, og er þá gengið út frá, að fyrst um sinn verði þessum fjárveitingum varið til að hraða þeim framkvæmdum, sem eru í gangi, en síðan endurgreiddar, þegar hafizt verður handa um byggingu nýrra menntaskóla."

Hér virðist mér, að ekki sé talað neinni tæpitungu, heldur sagt fullum fetum, að það komi ekki til mála að hefja fyrst um sinn byggingu þessara skóla. Það virðist því í fljótu bragði vera óþarfi að spyrja, hvort þetta sé ákvörðun ríkisstj. En þess ber þó að gæta, að hæstv. menntmrh., sem mál þetta heyrir undir, hefur ekki mér vitanlega látið heyra eitt einasta orð frá sér um það, að honum hafi snúizt hugur í þessu máli, að hann ætli að ganga gegn lögunum frá í vor og þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf þá. Hann hefur ekkert gefið í skyn mér vitanlega um það, að það komi ekki til mála að hefja byggingu þessara skóla.

Til þess nú að taka af öll tvímæli í þessu máli hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp. Þótt fsp. og væntanleg svör við henni gildi að sjálfsögðu jöfnum höndum fyrir menntaskóla á Austurlandi og menntaskóla á Ísafirði, hef ég látið mér nægja að spyrja um væntanlegan menntaskóla á Ísafirði með þessari fsp.

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ríkisstj. hefur enga ákvörðun tekið um að fresta fyrst um sinn að hefja byggingu menntaskóla á Ísafirði. Hins vegar gefur auga leið, að framkvæmdir við undirbúning og byggingu menntaskóla samkv. gildandi l. um menntaskóla fara eftir þeim fjárveitingum, sem veittar eru til þessara byggingaframkvæmda hverju sinni á fjárl. Byggingarmál menntaskólanna í heild munu koma til umr., athugunar og afgreiðslu í sambandi við afgreiðslu þessa hv. þings á fjárl. fyrir árið 1967. Í þessu sambandi þykir mér rétt að skýra hv. þm. frá nokkrum atriðum í sambandi við aðstöðu til menntaskólanáms og menntaskólabyggingar á undanförnum árum og þeim framkvæmdum, sem á döfinni eru eða fyrirhugaðar eru í þessum efnum. Ég hygg, að það geti orðið öllum hv. þm. til glöggvunar og aðstoðar við það að mynda sér skynsamlega skoðun á því heildarmáli, sem hér er um að ræða.

Í vetur eru nemendur í menntaskólunum í Reykjavík, á Akureyri og Laugarvatni samtals 1658, auk þess eru nemendur í lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands 60, þannig að við hreint menntaskólanám eru 1718 nemendur í vetur. Ég kem síðar að kennaraskólanum og náminu þar. Í vetur eru 1718 nemendur, sem beinlínis búa sig undir stúdentspróf í þeim fjórum skólum, að kennaraskólanum frátöldum, sem hreinan rétt hafa til þess að brautskrá stúdenta. Fyrir 10 árum var tala nemenda í menntaskólunum í Reykjavík, á Akureyri og Laugarvatni 726. Þá voru 43 nemendur í lærdómsdeild verzlunarskólans, svo að heildartala nemenda við menntaskólanám var fyrir 10 árum 769, en hefur nú aukizt upp í 1718, þ. e. mun meira en tvöfaldazt. Í þessu sambandi er þó rétt að leggja sérstaka áherzlu á, að þrátt fyrir þessa gífurlegu fjölgun nemenda við menntaskólanám, hafa allir nemendur, sem staðizt hafa inntökupróf í menntaskóla, átt kost á skólavist í menntaskóla og þar með kost á því að ljúka stúdentsprófi.

Ástæðan til þess, að hægt hefur verið að taka við þessum gífurlega aukna nemendafjölda á menntaskólastiginu, er sú fyrst og fremst, að miklar byggingarframkvæmdir hafa staðið yfir og verið lokið á menntaskólastiginu. Við menntaskólann í Reykjavík er nú nýlokið að byggja kennsluhúsnæði, sem að rúmmetratali er mun stærra en hið gamla hús skólans, og hefur þessi bygging þegar verið tekin í notkun. Menntaskólinn í Reykjavík hefur því nýlega verið meira en tvöfaldaður að stærð og þó miklu meira en tvöfaldaður að gæðum skólahúsnæðisins. Í hinni nýju byggingu menntaskólans í Reykjavík eru á efri hæð 4 kennslustofur auk fyrirlestrasalar, sem rúmar a. m. k. 50 nemendur, enn fremur kennaraherbergi, bókaherbergi og geymslur. Á neðri hæðinni eru 3 stórar kennslustofur, kennarastofa og vinnu- og geymsluherbergi, en í kjallaranum er aðstaða til matarneyzlu og til félagsstarfsemi. En þessar stofur í hinni nýju og stóru menntaskólabyggingu eru fyrst og fremst sérkennslustofur, sem búnar eru full-

komnustu tækjum til þeirrar sérkennslu, sem um er að ræða, sem völ hefur verið á. Stærð nýbyggingarinnar er um 5000 rúmmetrar, en gamla húsið er 4450 rúmmetrar. Gert er ráð fyrir, að þetta nýja skólahús kosti 27 milljónir króna.

Þá hefur verið hafin bygging nýs menntaskóla í Reykjavík, Hamrahlíðarskóla svokallaðs, og á fyrsti áfangi þess skóla að vera nothæfur haustið 1966 eða næsta haust. Er þar um að ræða 6 kennslustofur auk kennarastofu og skrifstofu. Heildarkostnaður við þennan fyrsta áfanga, bæði byggingarkostnaður, húsgögn og kennslutæki, er áætlaður rúmar 12 millj. kr. Annar áfangi Hamrahlíðarskólans, sem gert er ráð fyrir að hefja byggingu á árið 1966, er áætlað að kosti 25 millj. kr., bæði byggingarkostnaður, kostnaður við húsgögn og kennslutæki. Unnið verður að því, að 2. áfanga verði lokið haustið 1967. Í 2. áfanga eru 10 kennslustofur, og eru það einkum sérkennslustofur, sem verða mun dýrari í byggingu en 1. áfangi. Er þannig ætlunin að halda áfram byggingu Hamrahlíðarskóla, unz honum er að fullu lokið, en stefnt er að því að byggja skólann í áföngum, þannig að húsnæðið yrði tekið í notkun, jafnóðum og byggingunni þokar áfram.

Að því er varðar menntaskólann að Laugarvatni er þetta að segja: Þegar hefur verið ákveðið að stækka menntaskólann að Laugarvatni um helming, þannig að hann verði skóli fyrir 200 nemendur. Í því skyni er ráðgert að byggja þar á næstu 5 árum nemendaíbúðir, sem geta gert þessa stækkun skólans mögulega. Verður menntaskólinn að Laugarvatni því heimavistarskóli fyrir 200 nemendur. Upphaflega hafði hús menntaskólans að Laugarvatni verið reist handa héraðsskólanum, en menntaskólinn fékk það til sinna nota, þegar skil voru gerð milli þessara skóla og menntaskólinn að Laugarvatni formlega stofnaður.

Að því er varðar menntaskólann á Akureyri hefur á undanförnum árum verið reist þar heimavistarhús. En sjálft kennsluhúsnæðið er orðið gamalt og of lítið og þarf bráðnauðsynlega að endurnýja það alveg á næstunni og byggja sérkennsluhúsnæði í þágu menntaskólans á Akureyri, eins og gert hefur verið við menntaskólann hér í Reykjavík. Er í ráði að byggja sams konar sérkennsluhúsnæði við menntaskólann á Akureyri og er í nýbyggingunni hér í Reykjavík og jafnvel að nota sömu teikningu og þar hefur verið byggt eftir.

Þá er rétt að geta þess, að tiltölulega nýlokið er byggingu nýs húss fyrir kennaraskólann. Eru í því húsi 13 almennar kennslustofur og 6 sérkennslustofur, og er þá talið með það kennsluhúsnæði, sem heyrir til Æfinga- og tilraunaskólanum. Þessi bygging er 9940 rúmmetrar, og kostnaður við hana er nú orðinn samtals um 44 millj. kr. Á þessum vetri eru í kennaraskólanum 397 kennaranemar, en auk þess eru í byggingunni að staðaldri 26 nemendur úr öðrum sérskólum, húsmæðrakennaraskólanum og kennaradeild tónlistarskólans og að auki 24 siglingafræðingar. Í Æfinga- og tilraunaskólanum er nú 181 barn við nám. Skólinn flutti í þetta nýja húsnæði haustið 1962, en veturinn áður höfðu verið í kennaraskólanum 144 kennaranemendur og 40 börn við nám á vegum skólans. Á þessum þrem vetrum hefur því kennaranemum í kennaraskólanum fjölgað úr 144 í 397, eða fjölgað um 253, og börnum í Æfinga- og tilraunaskólanum hefur fjölgað úr 40 í 181, eða um 141 barn. Í þessu sambandi er þess að geta, að í hinum nýju l. um kennaraskólann er hann jafnframt gerður að menntaskóla, þ. e. hefur rétt til að brautskrá stúdenta með fullum stúdensréttindum, þ. e. ótakmörkuðum, venjulegum aðgangi í háskóla, að loknu eins vetrar námi til viðbótar almennu kennaranámi.

Þá er og að geta um tækniskólann, sem að verulegu leyti er á menntaskólastigi, þ. e. veitir hliðstæða kennslu og veitt er í menntaskólum, þótt auðvitað á sérsviði sé, þ. e. tæknimenntunarsviðinu. Nemendur í hinum nýja tækniskóla eru nú 83, þar af 36 í fyrri hluta, 47 í undirbúningsdeild, og auk þess eru 9 nemendur í undirbúningsdeild á Akureyri. Tækniskólinn hefur til umráða 6 kennslustofur, að mestu leyti í nýbyggingu, sem byggð hefur verið fyrir hann í tengslum við vélskólann, og hefur 3.8 millj. kr. verið varið til stofnkostnaðar tækniskólans, en auk þess greiðir skólinn nokkra húsaleigu, bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Þessar miklu framkvæmdir, sem á döfinni hafa verið undanfarin ár, fyrst og fremst í þágu menntaskólans í Reykjavík, kennaraskólans og tækniskólans, hafa gert kleift að veita viðtöku þeirri gífurlegu fjölgun nemenda á menntaskólaaldri, sem ég gat um áðan og á s. l. 10 árum hefur numið úr 769 upp í 1718, að stúdentsefnum í kennaraskólanum og tækniskólanemendum þó frátöldum.

En þótt hægt hafi verið að sjá öllum nemendum, sem staðizt hafa inntökupróf í menntaskóla, fyrir skólavist og svo verði að sjálfsögðu að vera áfram og ávallt, ber þó brýna nauðsyn til þess að auka heimavistarhúsnæði við menntaskóla. Einmitt þess vegna var ákveðið að stækka menntaskólann að Laugarvatni um helming og halda honum að sjálfsögðu sem heimavistarskóla, og jafnframt var ákveðið, að hinir nýju menntaskólar á Vestfjörðum og Austfjörðum skyldu vera heimavistarskólar. Hversu fljótt verður hafin bygging þeirra skóla og hversu hratt þeir skólar verða byggðir, fer, eins og ég sagði í upphafi, að sjálfsögðu eftir fjárveitingum til þessara þarfa, en áherzla mun verða á það lögð, að þær framkvæmdir geti hafizt sem fyrst og gengið sem bezt.

**Sigurður Bjarnason:** Herra forseti. Ég álít, að hæstv. ríkisstj. hafi sýnt mikinn stórhug og skilning á mikilvægum þætti íslenzkra fræðslu- og menningarmála, er hún beitti sér fyrir setningu l. á síðasta þingi um stofnun þriggja nýrra menntaskóla í landinu. Með þeim var ákveðið, eins og kunnugt er, að menntaskóli skyldi stofnaður á Ísafirði, á Austfjörðum og nýr menntaskóli í Reykjavík. Þessi mikla aukning menntaskólanna er fyrst og fremst nauðsynleg vegna þess, að þjóðina skortir háskólamenntaða menn. Tilfinnanlegur skortur er hér t. d. á læknum, verkfræðingum og tæknimenntuðum mönnum á fleiri sviðum. Það er hins vegar almennt viðurkennt, að þróun og uppbygging hins íslenzka þjóðfélags hljóti í framtíðinni að vera mjög tengd menntun

fólksins og þá ekki hvað sízt þekkingu þjóðarinnar á sviði vísinda og tækni.

Vitanlega verður að leggja áherzlu á það, að hinir eldri menntaskólar okkar séu öflugar og vel búnar stofnanir. Endurbætur á þeim eru því þýðingarmiklar, ekki sízt þeim þeirra, sem vanræktir hafa verið. En hitt er jafnframt mjög nauðsynlegt, að sem fyrst verði hafizt handa um byggingu hinna nýju menntaskóla og þannig stuðlað að fjölgun stúdenta. Það er skoðun mín, að fyrsta framkvæmdin á þessu sviði eigi að vera bygging hins fyrirhugaða menntaskóla á Ísafirði. Hér í Reykjavík eru nú fyrir 4 skólar, sem rétt hafa til þess að brautskrá stúdenta. Eru það gamli menntaskólinn, nýi menntaskólinn, sem er í byggingu og gert er ráð fyrir að taki til starfa á næsta hausti eins og hæstv. menntmrh. lýsti hér áðan, enn fremur verzlunarskólinn og kennaraskólinn. Ég get ekki fallizt á, að eðlilegt væri, að bygging menntaskóla á Ísafirði drægist vegna byggingarframkvæmda við fjórða menntaskólann í Reykjavík, enda er þeirri framkvæmd það langt komið, að það ætti að vera óþarfi.

Menntaskóli á Ísafirði verður ekki byggður fyrir Vestfirðinga eina, heldur alla þjóðina, á sama hátt og menntaskólinn á Akureyri var byggður í þágu alþjóðar á sínum tíma, ekki Akureyringa einna eða Norðlendinga. Það er tvímælalaust skynsamlegt að byggja slíkar menntastofnanir í hinum ýmsu landshlutum, eins og hæstv. núv. ríkisstj. hefur lagt til og markað með því nýja, stórhuga og raunhæfa stefnu í þessum þýðingarmiklu málum.

Ég er þakklátur hæstv. menntmrh. og fjmrh. fyrir, að þeir hafa stuðlað að því, að nokkur fjárveiting hefur verið tekin upp í fjárlög næsta árs til byggingar menntaskóla á Ísafirði. Er það einnig í samræmi við yfirlýsingu hæstv. menntmrh. á síðasta þingi, þegar þessi mál voru til umr. hér. Sú fjárveiting þyrfti að vísu að vera allmiklu hærri, en mestu máli skiptir, að unnið verði skipulega og án tafa að undirbúningi byggingarframkvæmda menntaskólans á Ísafirði, þannig að hann geti risið á skömmum tíma og átt þátt í að bæta úr þeirri brýnu þörf, sem fyrir hendi er í þessum efnum.

Ég vil svo að lokum fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. menntmrh. í ræðu hans hér áðan, að ríkisstj. hafi enga ákvörðun tekið um frestun byggingar menntaskólans á Ísafirði. Ég treysti henni líka fyllilega til þess að vinna að undirbúningi skólabyggingarinnar með nauðsynlegum hraða.

**Fyrirspyrjandi (Sigurvin Einarsson):** Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir glögg og góð svör, sem voru á þá leið, að ríkisstj., hefði enga ákvörðun tekið um að fresta fyrst um sinn byrjunarframkvæmdum við menntaskóla á Ísafirði. En það fer ekki fram hjá neinum, að hæstv. fjmrh. lítur öðruvísi á þetta mál, og af því tilefni þætti mér vænt um að heyra frá hæstv. menntmrh., hvort einhver ágreiningur innan ríkisstj. muni vera upp kominn um þetta mál. Svo skýlaus voru ummæli hæstv. fjmrh. í fjárlagaræðunni, að það fer ekkert á milli mála að hér hlýtur eitthvað að bera á milli. En þó að svo sé, að engin ákvörðun hafi verið tekin um þetta, er hægt að taka hana enn. Hæstv. ríkisstj. getur sjálfsagt tekið þessa ákvörðun hér eftir, áður en kemur til að framkvæma neitt. Og með hliðsjón af því vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Er hann ekki ákveðinn í því að láta hefja byggingarframkvæmdir á næsta ári fyrir þá fjárveitingu, sem væntanlega verður til þess samþ. á Alþ.?

Hæstv. ráðh. rakti hér þau miklu viðfangsefni, sem fram undan eru við hina eldri menntaskóla, og það er ekkert smáræði, sem þar er eftir að gera. Ef farið verður eftir ummælum hæstv. fjmrh., sem voru á þá leið í fyrrnefndri ræðu, að ekki komi til mála að byrja á þessum menntaskólum á Austurlandi og Ísafirði, fyrr en viðunandi ástand er fengið í sambandi við starfsemi hinna menntaskólanna, og þessu öllu á að ljúka, áður en byrjað verður á hinum nýju, þá held ég, að drátturinn verði nokkuð langur. Þess vegna er það, sem ég endurtek fsp. mína til hæstv. ráðh.: Er hann ekki alveg ákveðinn í því að hefja byrjunarframkvæmdir við þessa menntaskóla á næsta ári fyrir þær fjárveitingar, sem til þess verða samþykktar á Alþingi?

**Einar Ágústsson:** Herra forseti. Hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að allir nemendur, sem hefðu tilskilin próf, hefðu fengið framhaldsmenntun í menntaskólunum og að þetta hefði verið hægt að gera vegna mikilla byggingarframkvæmda á s. l. ári og s. l. árum í menntaskólamálunum. Það mun vera staðreynd, sem ég held að ekki sé neins staðar á móti mælt, að nýja viðbyggingin við menntaskólann, sem hæstv. menntmrh. lýsti hér áðan, sé fyrst og fremst notuð til sérkennslu í ýmiss konar greinum, sem mjög vantaði og var ekki til áður, og að almennum kennslustofum hafi ekki fjölgað verulega við tilkomu þessarar miklu byggingar. Í menntaskólanum í Reykjavík munu nú vera um 1060 nemendur, eftir því sem kom fram við setningu menntaskólans á s. l. hausti, og ég held, að það sé ekki ofmælt, að það verði að tvísetja í flestar, ef ekki allar kennslustofur í menntaskólanum í Reykjavík. Tvísetning er áreiðanlega til mjög mikils óhagræðis fyrir nemendur, ekki sízt fyrir nemendur í menntaskólum, sem þurfa að vera í um 6 kennslustundum daglega, og það er, held ég, samhljóða álit allra skólamanna, að eftirmiðdagstíminn sé lakari til skólasetu heldur en morguninn, og það er áreiðanlega mjög óheppilegt ástand að þurfa að tvísetja í stofurnar með þeim afleiðingum, sem það hefur fyrir nemendurna og dreifingu skólasóknarinnar yfir svo að segja allan daginn.

Nú er byrjað á byggingu nýs menntaskóla, og ég vil mjög fagna því og vonast til þess, að það verði haldið áfram við þá byggingu af fullum krafti. Þó að hæstv. ríkisstj. hafi ekki viljað fallast á að láta samþykkja þau frv., sem ég hef flutt hér á Alþ. um byggingu menntaskóla, skiptir það engu máli. Það er formsatriði. Aðalatriðið er hitt, að fallizt hefur verið á að byggja menntaskólann nýja í Hamrahlíð.

Sagt er, að allir nemendur með tilskildu prófi hafi fengið framhaldsmenntun, og það er rétt vissulega. En fram hjá því verður þó ekki gengið, að það er skoðun margra, að prófin séu höfð afar þung og óeðlilega þung og það séu fjölmargir hreinsunareldar á menntabraut unga fólks-

ins, sem geri jafnvel óhæfilegar kröfur til þess. Ég hef ekki skilyrði til að meta þetta sjálfur, ég er ekki skólamaður. En ég veit, að það er mikið um það, að nemendur falla á milli bekkja í menntaskólanum í Reykjavík. Það er mikið um það, og það er miklu algengara hér í Reykjavík heldur en t. d. í menntaskólanum á Akureyri og að Laugarvatni. Og ég veit líka, að þessi þróun hefur farið vaxandi á síðari árum. Það er meira um það, jafnvel hlutfallslega, að nemendur falli milli bekkja hér í menntaskólanum í Reykjavík heldur en áður var. Hvert samband kann að vera á milli þessa, prófþungans og húsnæðisvandamálanna, skal ég ekki fullyrða neitt um. Það má vel vera, að það séu nemendurnir, sem eru ekki eins góðir og þeir voru áður, eða nemendurnir í menntaskólanum í Reykjavík séu lakari en allra annarra menntaskóla. Þetta vil ég ekkert fullyrða um. En ég vil leggja áherzlu á það, að með hliðsjón af þeirri þörf, sem okkur Íslendingum er á því, að fólk fái aðgang að framhaldsmenntun og að sérhæft fólk fáist til starfa í framleiðslugreinunum, þörf, sem allir hafa keppzt um að lýsa hér, er áreiðanlega brýn þörf á því, að haldið sé áfram við byggingu þess nýja menntaskóla í Hamrahlíð, sem nú er byrjað á samkv. lögum frá s. l. þingi, og með þeirri fjárveitingu, sem ráðgerð er í fjárlagafrv. fyrir árið 1966. Þetta vil ég undirstrika mjög rækilega, um leið og ég vil lýsa fullum stuðningi við óskir Vestfirðinga og Austfirðinga um nýjan menntaskóla og vonast til þess, að hægt verði að hefja byggingu þeirra samkv. sömu lögum og sett voru um byggingu menntaskólans í Reykjavík og a. m. k. með þeim fjárveitingum, sem til þeirra eru ætlaðar á fjárlagafrv. fyrir árið 1966, enda er það algerlega í samræmi við þann tillöguflutning, sem ég hef leyft mér að gera hér á hv. Alþingi.

**Eysteinn Jónsson:** Herra forseti. Ég vil í sambandi við þessa fsp., vegna þess að umr. hafa fallið þannig, lýsa ánægju minni yfir því, að það hefur verið tekinn póstur á fjárlög til þess að byggja menntaskóla á Austurlandi, og er það í samræmi við yfirlýsingu hæstv. menntmrh. þar að lútandi á síðasta Alþ. Ég veit, að aðrir þm. af Austurlandi geta tekið undir þetta og miklu fleiri.

Ég vil ekki trúa því, að það verði tekið aftur með annarri hendinni, sem þannig er rétt með hinni, á þá lund, að þessir peningar, sem veittir eru í menntaskólabyggingu á Austurlandi, verði ekki notaðir í slíka byggingu. Ég vil treysta því, að að því leyti sem skilja mátti, að slíkt kæmi til greina, sé það á einhverri fljótfærni byggt eða misskilningi, enda heyrist mér sem yfirlýsingar hæstv. menntmrh. bendi í aðra átt, þar sem hann lýsti því yfir, að engin ákvörðun hefði verið tekin um að fresta framkvæmdum menntaskólanna á Ísafirði eða Austurlandi.

Ég vil lýsa ánægju minni með þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh. Ég vil einnig treysta því, að það verði byrjað á þessum byggingum, jafnskjótt og eðlileg fjárhæð er komin, til þess að hægt sé að byrja sæmilega myndarlega og halda síðan áfram í áföngum.

Ég tel, að það hljóti að vera hægt að sameina það að bæta úr menntaskólaskorti í Reykjavík og á Suðurlandi og byggja jafnframt í áföngum þá menntaskóla, sem Alþ. hefur ákveðið að skuli rísa á Austurlandi og á Ísafirði. Og mér mun óhætt að lýsa því yfir fyrir hönd okkar allra Austfjarðaþm., að við getum alls ekki samþykkt það, að menntaskólabygging á Austurlandi verði sett aftur fyrir allar aðrar framkvæmdir, sem ráðgerðar eru í menntaskólamálum um næstu fyrirsjáanlega framtíð. Þess í stað treystum við því, að á málinu verði haldið á eðlilegan hátt og veitt ein fjárveitingin af annarri og haldið áfram með eðlilegum hraða.

**Þorvaldur G. Kristjánsson:** Herra forseti. Með lögum frá síðasta Alþ. var stigið merkt framfaraspor með því að ákveða, að það skyldi koma menntaskóli á Ísafirði, og mér finnst sérstök ástæða til þess að fagna því. Það er líka sérstök ástæða til þess að fagna þeirri uppbyggingu, sem hefur verið á undanförnum árum á Vestfjörðum í skólamálum, og á ég þá sérstaklega við uppbyggingu Núpsskóla og Reykjanesskóla. Vil ég færa hæstv. menntmrh. og ríkisstj. sérstakar þakkir fyrir þann mikla skilning og mikla áhuga, sem sýndur hefur verið í þessum málum.

Það er hér rætt um, hver hraði verði á því að byggja menntaskóla á Ísafirði. Það er augljóst mál, að það er mikil ástæða til þess að hraða því máli, svo sem kostur er, út frá því almenna sjónarmiði, að það er þörf á því að fjölga menntaskólunum í landinu. En menntaskóli á Ísafirði er líka þýðingarmikill frá öðru sjónarmiði. Nú er verið að vinna að sérstakri framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði. Það er verið að gera það samkv. ákvörðun Alþ., vegna þess að það er litið svo á, að það þurfi að grípa til sérstakra og gagngerðra ráðstafana til þess að koma í veg fyrir brottflutning fólks frá Vestfjörðum. Einum hluta þessarar áætlunar er þegar lokið. Það er framkvæmdaáætlun í samgöngumálum Vestfjarða, og það er þegar farið að vinna að framkvæmd þeirrar áætlunar. Það er gert bæði með fjárframlögum af hálfu ríkisins og með sérstöku lánsfé, sem til þeirra framkvæmda er fengið. Það er fengið sérstakt lánsfé til þessara framkvæmda, vegna þess að hér er um svo mikil og sérstök verkefni að ræða, sem þarf að leysa á svo skömmum tíma, að það þykir nauðsynlegt og eðlilegt að afla sérstaks lánsfjármagns til þess.

En þetta er aðeins einn hluti Vestfjarðaáætlunarinnar. Aðrir hlutar eru eftir. Það er eftir að ljúka áætluninni að því er varðar atvinnumál, félagsmál og menningar- og skólamál. En það er eins með þessi mál og samgöngumálin, að á þessu sviði er þörf mikilla aðgerða á skömmum tíma á Vestfjörðum. Af því leiðir, virðist mér, að það komi fyllilega til álita, ef það er ekki nauðsynlegt, að taka sérstakt lán til þessara framkvæmda, með hvaða hætti sem það kann að vera gert, hvort það verður gert hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, sem ég tel að geti komið til greina, eða með öðrum hætti. En ég tel, og því er ég að minnast á þetta mál í þessum umr., að það eigi að líta á menntaskólamálið á Ísafirði sem einn þátt í Vestfjarðaáætluninni.

Mér er ekki kunnugt um annað en að þar sem hafa verið gerðar áætlanir með svipuðum hætti og í svipuðum tilgangi og Vestfjarðaáætlunin,

séu sérstaklega tekin til meðferðar og skipi veigamikinn sess í slíkum áætlunum einmitt skólamálin. Og að mínu viti verður að gera það einnig á Vestfjörðum. Það verður að efla aðstöðuna á sviði skólamálanna á Vestfjörðum með sérstökum aðgerðum og með skjótum hætti. Það kemur ýmislegt þar til greina. Ég læt mér til hugar koma t. d., að það þurfi að athuga mjög gaumgæfilega, hvort þar ætti að koma á fót — (**Forseti:** Ræðutíminn er búinn.) ég er að ljúka máli mínu, — verkstæðisskólum eða fiskiðnaðarskólum, en ekki sízt á þar menntaskóli að koma til greina. Þetta vildi ég að kæmi fram hér í þessum umr., og ég treysti vel hæstv. menntmrh. og ríkisstj. til þess að athuga þetta mál einnig frá þessu sjónarmiði með það fyrir augum, að það dragist ekki, að framkvæmdir verði hafnar í menntaskólamálinu á Ísafirði.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Nú þykir mér nóg komið af þakkarávörpum og ætla því ekki að bæta því fimmta við og vona nú, að hæstv. ríkisstj. sé ánægð með þau fjögur, sem hún hefur fengið á þessum fáu mínútum.

Gott var það, að Alþ. samþykkti frv. um menntaskólabyggingu á Ísafirði, eftir að frumvörp um það höfðu verið borin fram á Alþ. allt frá 1947. Eftir hart nær tveggja áratuga baráttu fyrir málinu gat Alþ. fallizt á það. En næst þegar fjárlög koma fram, eru 800 þús. kr. ætlaðar til byggingar menntaskóla á Vestfjörðum, en tugir millj. settir í menntaskóla annars staðar, svo að jafnvægið milli þess, sem gert er fyrir landsbyggðina í menntaskólamálum, og þess, sem gert er í Reykjavík með þrjá menntaskóla fyrir, er ekki á marga fiska og ekki margra þakkarávarpa vert, það verð ég að segja. Allra sízt finnst mér þessi fundur vera til þess fallinn að flytja þakkarávörp um framkvæmdir í menntaskólamálum Vestfirðinga, þegar uppistaðan og undirstaðan að þessum umr. eru orð sjálfs fjmrh. um það, að ekki komi til mála að sinna byggingu menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum, fyrr en búið sé að koma öðrum menntaskólamálum landsins í sómasamlegt horf, og þá fáum við lesna skýrslu um, að það eigi að sinna málum menntaskólans í Reykjavík betur, hins nýja skóla í Hamrahlíðinni, það eigi að verja í hann tugum millj., það eigi að tvöfalda menntaskólann að Laugarvatni og það eigi eigi yfirleitt allt að gera í menntaskólamálum, áður en komi að þessu. Þá flytja menn þakkarávörp, standast ekki mátið, spretta upp hver á fætur öðrum, þegar einmitt allar líkur benda til þess, að frv., sem samþ. var í fyrra um menntaskóla á Vestfjörðum, eigi að vera dúsa fyrir Vestfirðinga. Ég vona, að það verði ekki reynt til þess að hafa það sem dúsu. Ég vil vona í lengstu lög, að það megi marka þau orð hæstv. menntmrh., að það sé ætlunin að ganga að þessu verki með skörungsskap, hefja framkvæmdir sem fyrst og láta þær ganga sem bezt, eins og hann endaði sína loforðaræðu áðan. (**Forsrh.:** Þetta er nú orðið þakkarávarp líka.) Ja, það er dálítið í öðrum tón en hin þakkarávörpin í gylltu sniðunum, sem voru flutt hér áðan. Ég sagði ekki heldur, að ég ætlaði eingöngu að lýsa mínu vanþakklæti.

Það er gott, ef menn finna eitthvað til að gleðjast yfir í mínum orðum. Það var ekki mín ætlun að fara að hárreyta neinn eða skaprauna meira en efni stæðu til. En ég ætlaði eiginlega ekkert að tala um þetta mál, ég er búinn að tala svo oft um menntaskólamál Vestfirðinga, en það setti að mér ugg við að heyra þessi orð fjmrh. í hans framsöguræðu, það verð ég að segja. Og ég hygg, að það hafi farið um fleiri, meira að segja einhverja af þeim, sem þakkarávörp hafa flutt hér í dag eða heyrðu.

En það, sem kom mér til þess að standa hér upp, var sá þáttur, sem fléttaðist inn í þessar umr. hér áðan í lofgerðartón um Vestfjarðaáætlun. Ég spyr sem einn af þm. Vestfjarða: Hvað er Vestfjarðaáætlunin? Hvar er hún? Ég hef aldrei séð hana. Eg veit ekki til, að hún sé til. Og það er verið í mörgum ræðum víðs vegar um land að jafna til þess, sem eigi að gera fyrir aðra landsfjórðunga, eins og nú sé verið að gera samkv. Vestfjarðaáætlun. Hvaða Vestfjarðaþm. hefur séð hana? Er hún til? Get ég fengið hana eftir þennan þingfund? Nei, það er einhver tilbúningur. Og þó hefur þetta plagg verið notað til þess að svipta Vestfjarðaþm. aðstöðu til þess að taka þátt í eðlilegri skiptingu fjárlagafjárveitinga. Þannig var okkur sagt frá henni á síðasta þingi, þegar fjárlög voru í undirbúningi, að samkv. till. manna, sem væru að semja Vestfjarðaáætlun, yrðu fjárveitingar vegna láns, sem líklega yrði tekið, til ákveðinna framkvæmda, þess vegna yrðu vegafjárveitingarnar og hafnarmálafjárveitingarnar að fara til sömu mannvirkja. Þar með voru stjórnarandstöðuþm. á Vestfjörðum sviptir aðstöðu til að fá nokkra fjárveitingu til nokkurs annars en þeir vísu menn, sem starfa að þessari Vestfjarðaáætlun undir forustu Benjamíns Eirikssonar, ætluðu og una því, að allar þeirra till. um aðra tilhögun fjárveitinga væru felldar, því að það væri alveg eins og skrifað af drottni. Það yrði að fara til sömu verka og ákveðið væri að veita lánsfénu til framkvæmda á Vestfjörðum. Ég álít, að þetta sé óþinglegt með öllu, og vil nú óska eftir því — (**Forseti:** Ræðutíminn er búinn.) herra forseti, ég er alveg að ljúka, — óska eftir því, að stjórnarandstöðuþm. á Vestfjörðum gefist nú kostur á, helzt í dag, að sjá þetta dýrlega plagg, sem kallað er Vestfjarðaáætlun. Og þá skal ég flytja þakkarávarp, ef ég fæ hana í dag og sé þar einhverja gleðilega hluti í menntamálum m. a. Hitt er mér líka ókunnugt, að það sé búið að ljúka einhverjum þætti í samgöngumálum Vestfjarða, eins og hér var sagt áðan. Það er mér ókunnugt.

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 3. þm. Vestf., beindi til mín þeirri fsp., hvort um væri að ræða í ríkisstj. einhvern ágreining um byggingarmál menntaskólanna fyrirhuguðu á Vestfjörðum og Austfjörðum. Mér er ánægja að upplýsa, að um engan slíkan ágreining hefur verið né er að ræða. Þótt hæstv. fjmrh. hafi sagt í fjárlagaræðu sinni eitthvað á þá leið, að hann teldi skynsamlegast, að fyrst yrði byggingarmálum þeirra menntaskóla, sem nú störfuðu í landinu, komið í viðunandi horf, áður en ráðizt yrði í það að byggja alveg nýja menntaskóla, þarf í því engan veginn að felast, að það sé skoðun hæstv. fjmrh., að fresta

eigi um einhvern ófyrirsjáanlegan tíma undirbúningi eða byggingarframkvæmdum við menntaskóla á Vestfjörðum eða Austfjörðum.

Til að gera þetta ljósara með örfáum orðum er rétt að ítreka það eða undirstrika, sem ég sagði áðan, að þegar hafa verið teknar ákvarðanir um byggingarframkvæmdir í menntaskólamálum Reykjavíkur, þ. e. með ákvörðuninni um byggingu Hamrahlíðarskólans, sem þegar er hafin. Um þetta þarf því ekki að taka neina viðbótarákvörðun. Sú ákvörðun hefur verið tekin. Enn fremur hefur þegar verið tekin ákvörðun um tvöföldun á menntaskólanum að Laugarvatni og búið að veita fé til þess tvisvar sinnum á fjárl. Í samræmi við þessa ákvörðun voru á þessu hausti teknir inn nemendur í tvo 3. bekki við menntaskólann að Laugarvatni, en hingað til hefur hann starfað þannig, að aðeins hefur verið starfandi þar ein 3. bekkjardeild, sem síðan í 4., 5. og 6. bekk hefur skipzt í máladeild og stærðfræðideild eftir venjulegum menntaskólahætti. 4., 5. og 6. bekkur á Laugarvatni hafa því ekki verið nema hálfsetnir, sem svarar til um það bil helmings af einni 3. bekkjardeild við skólann. Það var þetta, sem ríkisstj. tók ákvörðun um að breyta fyrir rúmu ári. Þess vegna hafa tveir 3. bekkir tekið til starfa við menntaskólann að Laugarvatni nú í vetur, og þess vegna munu verða tveir 4. bekkir í menntaskólanum næsta vetur og byggður nemendabústaður yfir eina bekkjardeild í vor og næsta sumar, og þannig mun framkvæmdum verða haldið áfram. Hinn veturinn munu verða tveir 5. bekkir, þriðja veturinn síðan tveir 6. bekkir, þannig að menntaskólinn hefur stækkað upp í 8 bekkjardeilda skóla, þ. e. um 200 manna skóla, á þessu tímabili, ef þessar framkvæmdir koma með algerlega eðlilegum hætti, skólinn tvöfaldast á eðlilegum tíma, þannig að hver bekkurinn tekur við af öðrum. Þessi ákvörðun hefur þegar verið tekin.

Eina stórframkvæmdin í menntaskólamálum, sem enn er á athugunarstigi, er, hvernig eigi að bæta aðstöðu menntaskólans á Akureyri, og það tók ég fram í svari mínu strax áðan, að það, sem þar er helzt umrætt, og það, sem ég persónulega tel brýnasta nauðsyn á, er að auka sérkennsluaðstöðu menntaskólans á Akureyri með líkum hætti og þegar hefur verið gert við menntaskólann í Reykjavík. Ég vona, að þessi ákvörðun verði tekin hið allra fyrsta, og er hún eiginlega eina ákvörðunin, sem á döfinni er, sem segja má, að tilheyri því, að málum hinna menntaskólanna sé komið í viðunandi horf, ef má nota það orðalag, áður en eða samtímis sem ákvarðanir eru teknar um fjárveitingar og byggingarframkvæmdir menntaskólanna á Vestfjörðum og Austurlandi. Það verður eflaust skoðun ýmissa manna, að mjög æskilegt sé að hraða sem allra mest þessum framkvæmdum við menntaskólann á Akureyri og hefja myndarlegar fjárveitingar til þeirra, og það verður eflaust skoðun margra manna, að það sé enn nauðsynlegra en hefja byggingu menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum. En það mál kemur auðvitað til yfirvegunar og athugunar, því að það er væntanlega öllum ljóst, að ekki verða allir hlutir gerðir í einu, eins og hv. formaður Framsfl. hefur undirstrikað rækilega í glöggri ræðu ekki alls fyrir löngu.

Í sambandi við þetta skal ég svo að síðustu geta þess, að að því er unnið að semja framkvæmdaáætlun um skólabyggingar í landinu yfirleitt, þar með byggingu menntaskólanna, áframhald á framkvæmdum, sem þegar hafa verið ráðnar eða á döfinni eru, og framkvæmdir við menntaskólann á Vestfjörðum og menntaskólann á Austfjörðum. Þegar framkvæmdaáætlanir til nokkurra ára eru samdar, þarf auðvitað að vega og meta, hvaða framkvæmdir eigi að hefjast á þessu árinu eða hinu, og mér er óhætt að fullyrða, að framkvæmdir við menntaskóla á Austfjörðum og Vestfjörðum koma til algerlega sambærilegrar athugunar og niðurröðunar við aðrar framkvæmdir í menntaskólamálum þjóðarinnar, þegar endanlega hefur verið gengið frá þessari framkvæmdaáætlun um skólabyggingarnar.

Svo vildi ég aðeins segja örfá orð út af því, sem hv. þm. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv., sagði varðandi það atriði, að veitt hefði verið viðtöku til menntaskólanáms öllum þeim, sem staðizt hefðu til þess tilskilin próf. Hann viðurkenndi auðvitað, að þessi staðhæfing mín væri rétt, enda er hún það, en bætti því við, að hann teldi prófið, inngönguprófið í menntaskólana, þ. e. landsprófið, vera óeðlilega þungt. Ég held, að það sé ekki réttur vettvangur hér að ræða, hvort ákveðin próf séu of þung eða of létt, enda hvorki ég né alþm. almennt hafa aðstöðu til að dæma um það, sem er algert sérfræðilegt og kennslufræðilegt atriði. En á það vildi ég aðeins benda í fyrsta lagi, að eftir núgildandi reglum, þar sem landspróf með einkunninni 6 er skilyrði inn í menntaskóla, eru þetta vægari kröfur, léttari kröfur en gerðar voru, áður en núgildandi landsprófsskipan var tekin upp. Á minum menntaskólaárum t. d. giltu mun þyngri prófkröfur, hærri einkunnarkröfur inn í lærdómsdeild hinna almennu menntaskóla en nú á sér stað. Að þróunin hefur verið þessi, kemur m. a. fram í því, að hlutfallslega miklu fleiri nemendur stunda nú menntaskólanám í hverjum árgangi en var fyrir 20—30, að ég ekki tali um 40 árum. Og þó að margir falli á landsprófi og nokkrir falli við millibekkjarpróf í menntaskólunum, er það engin sönnun fyrir því, að nemendur séu ekki eins góðir og áður var, heldur fyrst og fremst vitnisburður um það, að miklu fleiri reyna hlutfallslega við þessi próf heldur en tíðkaðist fyrir 10—20, að ég ekki tali um 30 eða 40 árum.

**Þorvaldur G. Kristjánsson:** Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. spurði hér áðan: Hvar er Vestfjarðaáætlunin? Mér virtist þessi hv. þm. koma eins og álfur út úr hól. Ég hélt, að allir, sem eitthvað láta sig skipta Vestfjarðaáætlunina, vissu, hvernig það mál stendur. Þeim mun fremur hefði hv. þm. átt að vita það, þar sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að það væri verið að vinna að heildarframkvæmdaáætluninni. Þetta vita allir, sem sýna minnsta snefil af áhuga á þessu máli. Hann segir: Ég hef ekki séð þetta. — Ég segi: Ég hef ekki heldur séð þetta. — Hver hefur séð það, sem ekki er til? Áætlunin er ekki til enn þá í heild. En það er sumt til. Það er til áætlun um vegaframkvæmdir. En hv. þm. sagði, að það væri tilbúningur. Og hann sagði meira. Hann sagðist ekkert hafa heyrt um slíkt. Hann

veit ekki, að það er búið að gera framkvæmdaáætlun í samgöngumálum Vestfjarða, sem þýðir það, að það verði unnið að tilteknum verkefnum á næstu 4 árum fyrir rúmar 170 millj. í vegagerð, í flugvallagerð, í hafnagerð. Og hann veit ekki, að í sumar hefur verið unnið að þessum framkvæmdum fyrir ¼ af þessari upphæð. Nei, hv. þm. veit þetta ekki. Hann sagði, að honum væri ókunnugt um, að nokkur áætlun hafi verið gerð í samgöngumálum, — ókunnugt um það. Hv. þm. sagði þetta, ég skrifaði það eftir honum, og það er rétt með farið. En hv. þm. virðist vera búinn að gleyma því, að á síðasta Alþ. var gefin yfirlýsing um þessa áætlun og þessari áætlun lýst í umr. hér á Sþ. af fyrrv. fjmrh. Það mætti ætla, að það mætti gera þær kröfur til þessa hv. þm., að hann gegndi þeirri þingskyldu sinni að vita, hvað fram fer á þingi. En hitt er sjálfsagt of mikið, að gera þær kröfur til hans, að hann gegni skyldu sinni við umbjóðendur sína í Vestfjarðakjördæmi, að hann beri skyn á þýðingu þeirra framkvæmda, sem nú er verið að vinna skv. áætluninni um samgöngumál.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Mér þykir leitt, að hæstv. menntmrh. skyldi ekki, þegar hann talaði nú síðast, gefa svar við þeirri fsp. hv. 3. þm. Vestf., hvort hann teldi, að byrjað mundi verða á byggingu menntaskóla á Ísafirði á næsta ári, þegar 2 ára fjárveitingar lægju fyrir. En hann kom sér hjá að svara því, og ég harma það. Ég vil ítreka þá ósk, að svar við því fáist.

Ég fékk það svar, sem ég vonaðist eftir að fá og vissi, að ég hlyti að fá, ef satt yrði sagt: Hver getur séð það, sem ekki er til? Ég spurði: Hvar er Vestfjarðaáætlunin? Er hún til? Ég hef ekki séð hana. Hv. þm. sagðist ekki heldur hafa séð hana og spurði síðan: Hver getur séð það, sem ekki er til? — Hún er ekki til. En það er mikið búið að guma af henni. Það er búið að gleðja aðra landshluta með því, að þeir fái öll lífandis ósköp, eins og nú sé verið að gera skv. Vestfjarðaáætlun, sem ekki er til. Er það ekki dálítið skrýtið?

Hitt skulum við alveg láta liggja milli hluta, hvor okkar hv. þm. fylgist betur með því, sem verið er að gera á Vestfjörðum, og gegni betur þingmannsskyldum fyrir Vestfjarðakjördæmi. Það er hvorugur okkar í dómarasæti um það. Þar skulu aðrir dæma, þegar þar að kemur.

En svo mikið er víst, að Vestfirðingar féllu ekkert í stafi yfir því, þó að þeim væri sagt frá því, þegar búið var að taka lántökur hundruðum milljóna saman í vegagerðir annars staðar, að þá kæmi að því, að það yrði líka, loksins seint og síðar meir, tekið lán til vegagerða í þeim landshluta, sem óumdeilanlega er langverst staddur í vegamálum, sem eru Vestfirðir. En það var ekki til ein einasta íslenzk króna til að sinna því hlutverki. Það varð að sníkja það frá flóttamönnum Evrópu, úr sjóði þeirra. Og það er óneitanlegt, að Vestfirðingum finnst yfirleitt heldur óbragð af því, að svona skyldi vera leyst úr þeirra málum, þegar allir aðrir voru búnir að fá margfalt meira til umbóta í sínum vegamálum með lánsfé, — enginn íslenzkur eyrir til í það, varð að fara ofan í sjóði flóttamanna Evrópu til að gera einhverja úrlausn þar.

Þar að auki tel ég, að það séu alveg óviðunandi slík vinnubrögð sem þarna eru viðhöfð. Vestfjarðaþingmenn fá ekki að sjá þá áætlun, sem unnið er að árum saman. Og til þeirra er ekkert leitað um það, hvaða verkefni skuli taka inn á þessa blessuðu áætlun, — bara notað til að guma af þessu plaggi, áður en það er til.

Ég heyrði, að hæstv. menntmrh. sagði, að það yrði gerð áætlun um aðgerðir í menntamálum. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, hv. alþm., sagði það einnig um Vestfjarðaáætlunina. Ætli það þurfi tvær áætlanir um þetta? Ég kann líka illa við slíkt skrum, að verið sé að flytja sérstök þakkarávörp fyrir það, þó að endurbætur fari fram á tveimur héraðsskólum á Vestfjörðum. Það hafa farið fram endurbætur á Núpsskóla, það hafa farið fram endurbætur á húsakosti Reykjanesskólans, og það er nú allt og sumt. En af þessu tilefni vil ég minna á það, að Reykjanesskólinn varð fyrir því áfalli, að húsakostur hans brann að nokkru leyti fyrir skömmu. Ég hafði nýlega afskipti af því máli og leitaði til menntmrh. Það þurfti þar skjótra aðgerða við, því að nemendur geta ekki beðið langt fram eftir vetri til að vita, hvort skólinn starfar eða ekki. Nú vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Er búið að tryggja það, að viðgerð geti hafizt á húsakosti Reykjanesskólans vegna brunans, svo að nemendur viti, að það verði skólahald í vetur og skólinn geti starfað? Ég veit, að þetta er ekki neitt, sem við kemur fjármálaákvörðunum. Þetta er hlutur, sem allt veltur á, að sérstakra úrræða sé leitað til þess að bjarga með skjótum hætti.

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ég skal með ánægju svara þessari fsp. örfáum orðum. Það er búið að gera ráðstafanir til þess, að héraðsskólinn á Reykjanesi verði að fullu byggður upp eftir hinn hörmulega bruna, sem varð þar nú fyrir skömmu. Fjármagn til þeirra framkvæmda hefur þegar verið tryggt, sumpart af vátryggingarfé, en sumpart með bráðabirgðaláni til framkvæmdanna úr ríkissjóði, þannig að fé þarf ekki að skorta til þess, að uppbyggingin geti gengið með þeim hraða, sem byggingartækni og vinnuhraði frekast leyfir, þannig að óhætt mun vera að fullyrða, að skólinn geti innan skamms tekið til starfa í Reykjanesi og starfað þar með eðlilegum hætti í vetur.

## 4. Rannsóknarskip í þágu sjávarútvegsins.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

**Fsp. til ríkisstj. um rannsóknarskip í þágu sjávarútvegsins** [52. mál, 1] (A. 55).

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason):** Herra forseti. Á þskj. 52 hef ég leyft mér að flytja svofelldar fsp. til ríkisstj., en fsp. eru í þrem liðum og hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hafa verið gerðir samningar um smíði rannsóknarskips í þágu sjávarútvegsins?
2. Hve mikið fé er fyrir hendi til smíði skipsins?
3. Hvað er talið, að vel búið rannsóknarskip kosti nú?“

Þetta mun vera í fjórða skiptið, að ég ætla, sem ég fer af stað í þinginu með fsp. um hafrannsóknarskip í þágu sjávarútvegsins. Af þeirri ástæðu sé ég ekki, að sérstakt tilefni sé til þess, að ég fylgi þessum fsp. nú eftir með langri ræðu, en vil þó aðeins víkja að nokkrum meginatriðum málsins.

Eins og hv. alþm. vafalaust vita, hefur á undanförnum árum verið mikið rætt og skrifað um þörfina á vel útbúnu haf- og fiskirannsóknarskipi fyrir Íslendinga. Íslendingar eiga meira undir sjávarútvegi og fiskveiðum en flestar eða allar aðrar þjóðir, sem þekkist til. Öllum er því ljóst, og það út af fyrir sig er ekki umdeilt, að hafrannsóknir og fiskirannsóknir og fiskileit eru mjög þýðingarmikil atriði í þjóðarbúskap okkar. Á undanförnum árum hefur líka verið unnið talsvert að því að bæta aðstöðu þeirra, sem að þessum málum vinna. Fyrir nokkrum árum voru þannig tekin í notkun mjög glæsileg húsakynni við Skúlagötu í Reykjavík með vel útbúnum rannsóknarstofum og tækjum fyrir fiskifræðingana. Hins vegar hefur aðstaða fiskifræðinganna til þess að vinna að sínum verkefnum úti á sjónum verið allt fram á þennan dag mjög erfið. Fiskirannsóknirnar hafa þannig orðið ár eftir ár að búa að því að nota leiguskip til þessarar rannsóknarstarfsemi, og hefur þá gjarnan verið reynt að leigja skipin hjá landhelgisgæzlunni eða ýmsir togarar, sem lausir hafa verið í þann og þann tíma, hafa verið teknir til leigu til skamms tíma í senn. Að sjálfsögðu hefur þetta fyrirkomulag leitt til þess, að hvorki hefur verið hægt að búa þessi skip þeim fullkomnustu tækjum, sem nauðsyn væri á, og ekki hefur heldur starfsaðstaðan að öðru leyti um borð í skipunum fyrir fiskifræðingana verið eins góð og hún þyrfti að vera.

Þeir, sem fylgjast eitthvað með gangi þessara mála meðal annarra þjóða, vita vel, að aðrar fiskveiðiþjóðir, eins og Norðmenn, Rússar, Bretar, Þjóðverjar, Bandaríkjamenn o. fl., hafa mjög kappkostað á undanförnum árum að efla flota hafrannsóknarskipa og fiskirannsóknarskipa. Mig minnir, að ég hafi rakið það með tölum, seinast þegar ég fór af stað með þessar fsp., og skal því ekki þreyta hv. alþm. á að endurtaka þá upptalningu. En þetta út af fyrir sig sýnir, að allar þessar þjóðir leggja ofurkapp á að efla þessa starfsemi, af því að þeim er það ljóst, að hún er mjög þýðingarmikil.

Hér hjá okkur hefur hins vegar þróun þessara mála ekki verið eins hröð og æskileg hefði verið. Sérstaklega hefur gengið illa að hrinda í framkvæmd því brýna hagsmunamáli sjávarútvegsins og raunar alþjóðar að fá byggt haf- og fiskirannsóknarskip, eins og við þó eigum mikið undir því. Ég vil aðeins í örfáum orðum reka gang þess máls á hv. Alþ. (**Forseti:** Ræðutíminn er búinn. 5 mínútur.) Það var fyrst þann 4. febr. 1953, að þál. var samþ. frá Pétri Ottesen alþm. um byggingu slíks skips. Með l. um útflutningssjóð frá 1958 var svo í fyrsta sinn lögtekinn fastur tekjustofn til byggingar hafrannsóknarskipsins. Á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna árið 1960 skýrði hæstv. sjútvmrh. frá því, að gengið hefði verið frá teikningum og gengið frá útboði til smíði á hafrannsóknarskipi, en ekkert varð úr þeim framkvæmdum. Að síðustu var með l. um efnahagsmál frá í febrúar 1960 tekjustofn til smíði hafrannsóknarskipsins hækkaður í 3% af útflutningsgjaldi.

Ég hef svo, eins og ég gat um í upphafi, þrisvar áður flutt fsp. um þetta efni. Fsp. sjálfar eru ljósar og gefa ekki tilefni til frekari umr., en ég vona, að hæstv. ráðh. geti gefið við þeim nokkuð skýr svör.

**Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson):** Herra forseti. Hinn 4. febr. 1953 samþykkti Alþ. þál. frá hv. alþm. Pétri Ottesen um að fela ríkisstj. að láta athuga, hvernig íslenzka ríkið geti með sem hagkvæmustum hætti eignazt hæfilega stórt og traust skip, sem útbúið verði hinum fullkomnustu tækjum til haf- og fiskirannsókna. Þótt athuganir hafi sýnt nauðsyn hafrannsóknarskips fyrir Íslendinga, var fjárhagsgrundvöllur til smíði slíks skips fyrst lagður með lögum nr. 33 frá 10. sept. 1958, um útflutningssjóð, þar var ákveði um, að hluti tekna af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skyldi renna til smíði haf- og fiskirannsóknarskipa. Ákvæði þessu var svo haldið í l. um efnahagsmál frá 1960, enda þótt l. um útflutningssjóð féllu þá úr gildi. Síðan árið 1958 hefur meira og minna verið unnið að undirbúningi og smíði rannsóknarskips af Hafrannsóknastofnuninni, en undirbúningurinn komst fyrst í fast form með skipun byggingarnefndar hafrannsóknaskips í maí 1964. Í n. eiga sæti Gunnlaugur E. Briem ráðuneytisstjóri, sem er formaður, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, Jóhannes Nordal bankastjóri, Hjálmar R. Bárðarson skipaskoðunarstjóri og Jón Jónsson forstjóri Hafrannsóknarstofnunarinnar. N. fól Agnari Norland skipaverkfræðingi og Ingvari Hallgrímssyni fiskifræðingi að vinna úr fram komnum till. í nánu samstarfi við hafrannsóknastofnunina og gera fyrirkomulagsteikningu að hinu fyrirhugaða skipi. Hafa þeir síðan unnið að þessu máli með aðstoð erlendra aðila, sem reynslu hafa á þessu sviði. Er þess að vænta, að nauðsynlegri undirbúningsvinnu verði lokið snemma á næsta ári.

Skal ég þá víkja sérstaklega að þeim fsp., sem hér eru til umr., en 1. liður þeirra er, að spurt er, hvort samningur hafi verið gerður um smíði rannsóknarskips. Svar: Það hefur ekki verið gert, enda er undirbúningsvinnu ekki að fullu lokið, eins og fyrr er greint.

Varðandi 2. lið fsp. er spurt, hve mikið fé sé fyrir hendi til smíði skipsins. Svar: Til smíðinnar renna 3% af útflutningsgjaldi, og var heildarupphæðin 11 millj. 433 þús. kr. í árslok 1964. Á því ári nam framlag úr útflutningsgjaldi 2 millj. 800 þús. kr., og má gera ráð fyrir, að í lok þessa árs verði heildarupphæðin orðin röskar 14 millj. kr.

3. liður. Spurt er, hvað talið sé, að vel búið hafrannsóknarskip kosti nú. Svar: Skip það, sem fyrirhugað er að smíða, er af skuttogaragerð, og mun kostnaður með öllum búnaði skipsins vart verða undir 50 millj. kr.

Til viðbótar framangreindum upplýsingum vil ég hér með gefa þær upplýsingar, þótt ekki sé sérstaklega um þær spurt í umræddri fsp., að fyrir nokkrum vikum fór Jakob Jakobsson fiskifræðingur þess á leit í bréfi til sjútvmrn., að keypt yrði sérstaklega útbúið síldarleitarskip, sem eingöngu yrði ætlað það hlutverk að leita síldar og fylgjast með síldargöngum. Ríkisstj. hefur tekið þessari till. Jakobs til athugunar og mun kanna þær ýtarlega, er öll gögn málið varðandi liggja fyrir.

Ég vænti, að með þessum upplýsingum hafi ég svarað fsp. hæstv. fyrirspyrjanda.

**Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason):** Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör við fsp. minum, sem voru glögg og fullnægjandi. Ég vil aðeins í tilefni þeirra svara ítreka nauðsynina á því, að ríkisstj. taki þegar ákvörðun um að smíða skipin. Það hefur einu sinni áður hent, eins og ég vék lítillega að í frumræðu minni, ég held árið 1960, að miklum tíma og fjármunum var varið til þess að undirbúa smíði slíks skips, ganga frá teikningum og öðru slíku, sem því tilheyrir, en svo varð ekkert úr framkvæmdum og engin ákvörðun tekin um, að smíði skipsins skyldi hafin. Að sjálfsögðu leiddi þetta til þess, að öll sú mikla vinna, sem lögð hafði verið í að teikna skipið þetta árið, og allir þeir miklu fjármunir, sem til þess var varið, fóru að mestu í súginn. Við skulum vona, að það fari ekki eins í þetta skiptið, og ég fyrir mitt leyti er trúaður á, að nú loksins sé komið að því, að hugmyndinni um smíði haf- og fiskirannsóknarskips verði hrundið í framkvæmd.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Ég vil í tilefni af því, að þetta mál liggur nú hér fyrir, lýsa yfir undrun minni yfir því, hvernig haldið hefur verið á þessu máli nú um langa hríð. Það er búið að vefjast fyrir stjórnarvöldum landsins nú í nærri 8 ár að gera kaup á fiskirannsóknarskipi, þó að búið væri að tryggja öruggan tekjustofn til að standa undir þeim hluta, sem líkur bentu til að ríkið yrði að greiða í sambandi við skipskaupin. Ég beitti mér fyrir því á árinu 1958, að tekinn væri upp sérstakur tekjustofn í þessu skyni, og þá þegar var sá undirbúningur kominn í gang í sambandi við málið, sem gerði það kleift að ganga frá kaupum á þessu skipi á tiltölulega stuttum tíma, ef skilningur og vilji hefði verið fyrir hendi. Það hefur því allan þennan tíma ekki staðið á því, að það væru til fjármunir af hálfu ríkisins til að leggja í skipið. En það er eitthvað annað, sem hér hefur tafið. Nú sjá menn, að til eru um 14 millj. kr. í sjóði, en sú fjárhæð gerir fyllilega frá hálfu ríkisins að vera nægileg til að gera kaup á slíku skipi með þeim almennu útborgunarreglum, sem eru í sambandi við skipakaup erlendis frá, því að hvaða einstaklingur svo að segja sem er hefur átt auðvelt með að geta fengið lán upp í 70% af andvirði skipanna, og líklega hefði ríkið átt að geta það líka.

Ég vil vænta þess, að núv. hæstv. sjútvmrh. sjái, hve illa hefur verið haldið á þessu máli nú um langa hríð, og hann taki nú rögg á sig og hrindi málinu í framkvæmd. En jafnhliða því legg ég áherzlu á það fyrir mitt leyti, að það verði einnig ráðizt í kaup á síldarleitarskipi. Hér er um tiltölulega auðveldan hlut að ræða, og kæmu þar bæði til greina skip, sem fáanleg eru innanlands, og einnig erlendis frá, og meira að segja sum þau skip, sem hafa verið í þjónustu ríkisins og þyrftu ekki ýkjamikilla breytinga við til að geta þjónað þessu starfi allvel, ef ríkið legði fram nokkra fjárhæð til umbóta á slíkum skipum. En það er alveg augljóst mál, að það þarf nú þegar á sérstöku síldarleitarskipi að halda, sem er við slík störf árið um kring.

Ég vænti svo þess, að hæstv. sjávarútvegsmálaráðherra sjái um það að gera reka að því að undirskrifa kaupsamning á fiskirannsóknarskipi og einnig að semja um kaup á sérstöku síldarleitarskipi.

**Utanrrh. (Emil Jónsson):** Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Austf. (LJós), vildi segja, að ekki hefði verið unnið að þessu máli eins og æskilegt hefði verið, og hann sagði raunar, að það hefði vafizt fyrir stjórnarvöldunum í 8 ár að hrinda þessu máli í framkvæmd. Ef við drögum 8 frá 1965, þá komum við til ársins 1957, og þá lendir a. m. k. nokkur hlutinn á því tímabili, sem hann sat í þessu embætti. En það, sem hefur gerzt í því síðan, er, að það hafa verið sett lög um tekjuöflun til smiði slíks skips, en sú tekjuöflun hefur ekki gefið nema 1—2 millj. á ári, síðan þau lög voru sett, en sú fjárhæð var vitanlega alls ófullnægjandi til að fara af stað með smíði slíks skips, sem mun kosta, eins og upplýst hefur verið hér nú af hæstv. sjútvmrh., í kringum 50 millj. kr. Hins vegar var hafizt handa um undirbúning þessa máls, undireins og útlit var fyrir það, að fjármunir væru handbærir. En nokkur ágreiningur hefur orðið um gerð skipsins, og var þess vegna hafizt handa á nýjan leik 1964 um það að endurskoða fyrri áætlanir og gerðir skipa, og voru þar hafðir með í ráðum bæði erlendir og innlendir sérfræðingar, sem voru ráðgefandi fyrir þá n., sem þetta mál var falið.

Ég tel, að nú sé málið komið á þann rekspöl, að það sé eingöngu spurning um vikur eða mánuði, þangað til hægt er að bjóða skipið út, og þeir fjármunir, sem nú eru fyrir hendi, ættu að nægja til að borga þann hlutann, sem þarf að inna af hendi við samningsgerð og meðan á smíði skipsins stendur. Ég tel, að þessi undirbúningur, sem gerður hefur verið, sé það vandaður, að líklegt sé, að nú sé komið niður á þá gerð skipsins, sem hentugust geti orðið, og sé ekki illa varið þeim tíma, sem í þennan undirbúning hefur farið. En að ráðast í smíði slíks skips í algeru fljótræði, eins og mér skildist að hv. síðasti ræðumaður teldi að hefði verið rétt að gera, og með alls ófullnægjandi fjármuni í höndum, tel ég, að ekki hefði verið vel staðið að því verki.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram og taldi rétt og skylt, þar sem sjálfsagt er mér um að kenna, ef óhæfilegur dráttur hefur orðið á þessu máli.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Það fer fjarri því, að sá fasti tekjustofn, sem hefur verið í gangi, hafi bætt stöðuna eitthvað teljandi í þessum málum fyrir ríkið nú á síðustu árum. Sannleikurinn er sá, að kostnaðarverð skipsins hefur þotið svo upp í krónum talið á þessu tímabili, sem nú hefur liðið, að það er síður en svo, að við stöndum nokkuð betur að vígi með framlag ríkisins nú en var fyrir nokkrum árum. Það var því vitanlega ekki um það að ræða, að það skorti peninga, enda hefði þá líklega mátt leita til Alþingis með það að fá nokkurt viðbótarframlag, ef ekki hefði þótt nóg í þessum sjóði. En það var ekki gert. Það stóð sannarlega ekki á fjármunum í þessum efnum, eins og margsinnis hefur verið minnt á hér áður í umr. Það er fráleitt að tala um, að það sé eitthvert fljótræði, eftir að talsverð athugun hafði farið fram á málinu og m. a. með leiðbeiningum frá erlendum sérfræðingum strax á árinu 1958, rétt eins og fiskirannsóknarskip okkar sé einhver nýjung í heiminum, eins og enginn annar hafi smíðað fiskirannsóknarskip og ekki sé við neitt að styðjast, og það eigi að taka 7—8 ár. Sannleikurinn er sá, að það er rétt, að það standi, sem er, að það hefur verið illa á málinu haldið, ekki skilningur fyrir hendi hjá þeim, sem með málið hafa farið. Hæstv. fyrrv. sjútvmrh., hann um það, hvort hann tekur þessa sök á sig, eða hvort hann veit um það, að sökin liggi hjá öðrum. Það veit ég ekki um, en hitt sé ég, að það hefur verið illa á málinu haldið.

**Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson):** Herra forseti. Það er aðeins í sambandi við lokaorð hv. 5. þm. Austf. (LJós) í hans fyrri ræðu, þar sem hann lagði fram þá ósk sína, að ráðizt yrði einnig í smíði sérstaks síldarleitarskips. Vil ég vísa til þess, sem ég áður sagði, að þessi ósk er áður komin frá okkar færasta manni í þessum efnum fyrir þó nokkrum tíma, þ. e. Jakobi Jakobssyni fiskifræðingi. Varðandi þá till. hv. þm., að það yrðu jafnframt kannaðir möguleikar á að breyta einhverju þeirra eldri skipa, sem til eru í landinu, til þessarar þjónustu, er m. a. við því að búast, að einhver örlítill dráttur verði á ákvörðun í þessu efni vegna þessa samanburðar. Þess hefur verið óskað, að Jakob léti gera þennan samanburð, þ. e. annars vegar á smíði nýs skips, sem sérstaklega yrði til þess byggt að annast þessa þjónustu, og svo þeim möguleikum að endurbyggja eldra skip, sem þætti geta þjónað þessu hlutverki. Þessi athugun fer nú fram og ríkisstj. mun, eins og ég áðan sagði, taka lokaákvörðun um þessi efni, þegar þessar kannanir liggja endanlega fyrir, og að færustu manna yfirsýn gera endanlegar till. í málinu.

## 5. Sameining Landsbókasafns og Háskólabókasafns o. fl.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

**Fsp. til menntmrh. um sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns o. fl.** [52. mál, 3] (A 55).

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson):** Herra forseti. Þessi fyrirspurn fjallar um það, hvað ríkisstj. hafi gert til að framkvæma ályktun Alþingis frá 29. maí 1957 um sameiningu Landsbókasafns og Háskólabólasafns o. fl. Hinn 29. maí 1957 samþ. Alþ. eftirfarandi ályktun:

„Alþingi ályktar:

1) að sameina beri Landsbókasafn Háskólabókasafni eins fljótt og unnt er á næstu árum, þannig að Landsbókasafn verði aðalsafn, en í Háskólabókasafni sé sá þáttur starfseminnar, sem miðast við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir kennara,

2) að fela ríkisstj. að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessa átt,

3) að nú þegar verði svo náið samstarf tekið upp milli Landsbókasafn og Háskólabókasafns sem við verður komið að áliti forráðamanna þeirra og hliðsjón höfð af væntanlegri sameiningu safnanna."

Tildrög þessarar ályktunar Alþingis voru þau, að 11. sept. 1956, fól þáverandi menntmrh. 5 mönnum að rannsaka, hvort hagkvæmt væri að sameina þessi söfn. Í n. voru Þorkell Jóhannesson þáv. háskólarektor, Finnur Sigmundsson þáv. landsbókavörður, Björn Sigfússon háskólabókasafnsvörður, Bjarni Vilhjálmsson og Birgir Thorlacius.

Eftir allýtarlega athugun komst þessi n. að þeirri niðurstöðu, að það væri bæði fjárhagslega og skipulagslega hagkvæmt að sameina söfnin, og byggði það m. a. á eftirfarandi röksemdum:

1) Að bæði söfnin hefðu ófullnægjandi húsnæði og betra væri að byggja yfir eitt safn en fleiri.

2) Að fjárveitingar til bókakaupa nýttust betur hjá einu safni en tveimur.

3) Að mannafli nýttist einnig betur á þann hátt.

Það kemur fram í áliti n. á þeim tíma, að þá var mögulegt að fá lóð fyrir slíkt safn á Melunum sunnan Suðurgötu, eða skammt frá háskólanum. Í framhaldi af þessu lagði n. til, að Alþingi gerði þá ályktun, sem ég las hér áðan upp og var afgreidd frá Alþingi 29. maí 1957.

Síðan þessi ályktun var gerð á Alþingi, hefur þörfin fyrir slíka sameiningu augljóslega aukizt. Húsnæðisskortur safnanna hefur aukizt, og þörfin fyrir hvers konar fræðimennsku og vísindastarfsemi, sem byggist á góðu bókasafni, hefur aukizt og verður að sjálfsögðu enn meiri í framtíðinni, t. d. í sambandi við, ef deildum háskólans verður fjölgað, sem sjálfsagt verður innan tíðar. Ég hygg, að það sé óþarft að lýsa því, því að það er sjálfsagt flestum eða öllum þm. kunnugt, hve óhæg aðstaða er nú á þessum söfnum, til þess að þau geti fullnægt þeirri starfsemi, sem þar þarf að halda uppi.

Ég vil svo í framhaldi af því, sem ég hef nú sagt, endurnýja þá fyrirspurn mína, hvað ríkisstj.

hafi gert til að framfylgja umræddri ályktun Alþingis.

**Menntmrh.** (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þeirri ályktun Alþingis, sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til og gerð var 29. maí 1957, er fólgin almenn stefnuyfirlýsing í málefnum vísindalegra bókasafna á Íslandi. Í þessari ályktun lýsir Alþ. yfir þeirri skoðun sinni, að í málefnum safnanna eigi að fylgja þeirri stefnu að sameina þau svo fljótt sem unnt er á næstu árum, en þangað til eigi að vinna að því, að sem nánast samstarf sé milli Landsbókasafns og Háskólabókasafns. Þessi ályktun var í samræmi við niðurstöðu n., sem ég hafði skipað 11. sept. 1956 til þess að kanna málefni vísindasafnanna og gera tilraun til að móta framtíðarstefnu í málum þeirra.

Það gefur auga leið, að það fyrsta, sem gera þarf, ef gera á tilraun til að framkvæma þá stefnu, sem í þessari ályktun Alþingis felst, er að tryggja húsnæði fyrir væntanlega safnbyggingu, sem hýst geti bæði Landsbókasafn og Háskólabókasafn og að því er ég tel nú einnig Handritastofnun Íslands í framtíðinni. Þess vegna skrifaði menntmrn. borgaryfirvöldum þegar 7. júní 1957, eða rétt eftir að Alþingi hafði gert þessa ályktun, og fór fram á, að væntanlegri safnsbyggingu yrði ætlað lóðarrými á Melunum vestan háskólans og sunnan Íþróttavallar. Endanleg ákvörðun í þessu máli hefur ekki verið tekin enn.

Það er kunnara en frá þurfi að skýra, að skipulagsmál Reykjavíkurborgar eru í gaumgæfilegri og mjög rækilegri athugun, og stendur það eflaust í sambandi við það, að enn hefur ekki verið tekin fullnaðarafstaða til þessarar málaleitunar menntmrn. Þó er rétt að geta þess í þessu sambandi, að borgaryfirvöld hafa verið mjög örlát á lóðir handa Háskóla Íslands fyrir framtíðarbyggingar hans. Hér mundi verða um ríkisbyggingu að ræða. Ég vil þó með engu móti segja, að það, að lóð hefur ekki enn verið ákveðin undir væntanlega bókasafnsbyggingu, stafi af því, að henni hafi ekki verið ætlaður framtíðarstaður í skipulagi höfuðborgarinnar, heldur er sannast mála, að hér er um mjög stórt mál að ræða. Hér er um að ræða eina af helztu byggingarfyrirætlunum hjá ríkinu og um byggingu, sem mundi kosta eflaust tugi millj. kr.

En það er ekki einungis, að þörf sé á nýju og vönduðu safnhúsi. Fjölmargar aðrar byggingarfyrirætlanir eru á döfinni hjá ríkinu og bíða ákvarðana, sem allar verða að teljast mjög mikilsverðar, og vil ég þar t. d. nefna það, sem hv. alþm. er kunnara en öllum öðrum, þ. e. byggingu fyrir Alþingi, byggingu stjórnarráðshúss, byggingu í þágu háskólans og byggingu listasafns. Ég nefni hér aðeins 4 stórbyggingar auk safnhússins, sem taka þarf afstöðu til á næstu árum.

Einmitt vegna þess, að ég hef þótzt sjá fram á, að alveg eðlilegur dráttur yrði á því, að endanleg ákvörðun yrði tekin um byggingu fyrir vísindaleg söfn landsmanna, hef ég talið rétt að beita mér fyrir því, að sem mestar úrbætur yrðu gerðar, þótt til bráðabirgða væru, í málefnum þeirra safna, sem nú starfa, og þá fyrst og fremst í Landsbókasafni, en húsakostur þess hefur verið hættur stórkostlega nú á allra síðustu árum, fyrst og fremst með hinni nýju handritadeild, sem er til húsa á 1. hæð hinnar gömlu og ágætu landsbókasafnsbyggingar. Þar hefur verið komið fyrir handritageymslum, mjög vönduðum, í stálskápum, og mjög vandaðri og fullkominni vinnuaðstöðu fyrir álitlegan hóp fræðimanna, sem þau söfn þurfa að nota. Því starfi er haldið áfram, að bæta húsakost Landsbókasafns á þann hátt að gera nýtizkulegar allar bókageymslur safnsins, þ. e. með því að láta nýtízku stálskápa koma í stað hinna gömlu hillna, en það eykur geymslurými byggingarinnar gífurlega. Sams konar framkvæmdir standa yfir í Þjóðskjalasafni. Geymslurými þess hefur verið stóraukið með því að hefja notkun nýtízku stálskápa. Enn fremur hafa fjárveitingar til bókakaupa í Landsbókasafni og Háskólabókasafni verið auknar verulega.

Þá hefur verið talið rétt að efna til aukinnar samvinnu milli Landsbókasafns og Háskólabókasafns til þess að koma í veg fyrir, að um tvíkaup á vísindaritum eða öðrum ritum hjá þessum tveim söfnum sé að ræða. Í þessu sambandi hefur athyglinni sérstaklega verið beint að því verkefni að koma á fót sérstakri skráningarmiðstöð, þ. e. gera ráðstafanir til þess, að á einum stað sé til yfirlit um öll sérfræðibókasöfn, ekki aðeins þessi tvö, heldur öll sérfræðibókasöfn opinberra stofnana, svo að sjá megi á einum stað, hvaða vísinda- og fræðibækur séu til í innlendum söfnum og þá hvar þær séu fyrir hendi.

Á s. l. vori var efnt í menntmrn. til umræðufundar með fulltrúum ríkissafnanna stóru og þeirra opinberra stofnana sem eiga sér einhver sérfræði- eða vísindabókasöfn, og er haldið áfram athugun á því, hvernig þessu skráningarmiðstöðvarmáli megi hrinda sem skjótast og haganlegast fram.

Þá vil ég einnig láta þess getið, að æskilegast væri, að komið yrði á fót upplýsingarmiðlun, t. d. í sambandi við skráningarmiðstöðina, þar sem menn geti fengið m. a. ljósritaða útdrætti úr vísindabókum og sérfræðitímaritum, en slíkt er farið að tíðkast mjög í ýmsum nálægra landa og er til mikils hægðarauka fyrir vísindamenn og fræðimenn, sem þurfa að nota þau gögn, sem um er að ræða.

Ég vona, að með þessu megi fsp. hv. þm. teljast svarað. Það er í athugun að finna væntanlegri safnbyggingu hæfilegan og virðulegan stað í höfuðstaðnum. En þar eð fyrirsjáanlegt er, að eðlilega mun líða nokkuð langur tími, þangað til hægt er að hefja byggingu slíks húss, hvað þá að taka það í notkun, hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu í þeim bókasöfnum, sem fyrir eru, svo sem frekast hefur verið unnt, og mun verða haldið áfram athugunum á því að koma upp skráningarmiðstöð fyrir öll vísindasöfn í Reykjavík a. m. k. og ef til vill upplýsingaþjónustu í sambandi við þá miðstöð.

**Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson):** Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, því að ég býst við, að þau séu nokkurn veginn eins greinileg og þau geta verið varðandi það, sem hefur verið gert eða ekki verið gert í þessum málum á undanförnum árum. En hitt vil ég hins vegar harma, að það virðist hafa verið ótrú-

lega lítill skriður á því að framkvæma þessa till. hvað það snertir að sameina söfnin og koma upp sæmilegum húsakynnum fyrir þau. Ég hygg, að af þeim verkefnum, sem hæstv. ráðh. minntist hér á áðan, að nauðsynlegt væri að vinna að, þá sé kannske þetta eitt hið allra merkasta, að koma hér upp verulega góðu bókasafni, því að við verðum að búa okkur undir það eins og aðrar þjóðir, að hvers konar vísindastarfsemi verði efld hér í landinu á komandi árum, en ein meginundirstaða þess, að það sé hægt, er að hafa gott og fullkomið bókasafn. Og við verðum að játa, að það skortir stórkostlega á, eins og nú standa sakir, að því skilyrði sé fullnægt. Ég vil aðeins minna á í sambandi við það, hve mikilvægt þetta verkefni er, að nú fyrir skömmu, þegar Háskóli Íslands var settur, minntist háskólarektor á þetta verkefni og taldi, að það væri kannske einna bezt til fallið, ef sérstaklega væri minnzt þess stórafmælis í sögu Íslands, sem nú er fram undan, að það væri gert með því að koma upp slíku safnahúsi sem hér um ræðir.

Þess vegna vil ég að lokum láta í ljós þá von, að það verði ekki unnið að þessu máli á þann hátt, eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh., að það þyrfti að taka langan tíma enn, að slíku safni yrði komið upp, heldur yrði undirbúningi að því hraðað og jafnvel stefnt að því, að það geti komizt í framkvæmd á því stórafmæli í sögu Íslands, sem verður eftir nokkur ár.

## 6. Tilboð í verk samkvæmt útboðum.

Á deildafundum 9. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

**Fsp. til viðskmrh. um setningu reglna um tilboð í verk samkvæmt útboðum** [59. mál, 1] (A. 68).

Á 10. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Þorvaldur G. Kristjánsson):** Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram fsp. ásamt hv. 10. þm. Reykv. og 2. þm. Norðurl. e. til viðskmrh. á þskj. 68. Fsp. þessi er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað líður störfum nefndar, sem viðskmrh. skipaði 18. des. 1959 til að athuga þann hátt, sem á er um tilboð í verk samkv. útboðum, og gera till. um leiðir til úrbóta með það fyrir augum, að reglur verði settar um þau mál.“

Þessi fsp. er fram komin vegna þeirrar nauðsynjar, að settar verði reglur um tilboð í verk samkv. útboðum.

Hér á landi eru engar almennar reglur um tilboð í verk samkv. útboðum, þó að einstakir verksalar hafi í sumum tilfellum sett sér reglur til að fara eftir. Þrátt fyrir þetta hafa útboð farið sívaxandi á síðustu árum, bæði af hálfu hins opinbera og einkaaðila.

Þar sem engar reglur hafa verið til um, með hverjum hætti þessi samskipti verkkaupa og verktaka skuli vera, hafa margsinnis komið upp ýmis deilumál, sem engin úrlausn hefur fengizt á. Þeir, sem gera tilboð, telja sig oft misrétti beitta, en geta hvergi leitað réttar síns, þar sem engar skýlausar reglur eru til um þessi efni. Það má taka dæmi, sem gefa til kynna, hvers konar vandamál er við að etja.

Verkkaupar afla tilboða, en telja sér ekki skylt að taka lægsta boði, heldur semja við annan, sem boðið hefur, um, að hann lækki boð sitt, og láta hann vinna verkið.

Verktakar, sem bjóða í stór verk, afla sér undirtilboða frá öðrum verktökum í einstaka þætti verksins og byggja heildartilboð sitt á slíkum undirtilboðum. Oft hefur komið fyrir, þegar aðalverktaki fær slíkt verk, að hann telur sig óbundinn af tilboðum undirverktakanna, en fær þriðja aðila til að vinna verkið og semur þá sérstaklega við hann, e. t. v. um lægri greiðslu en þá, sem hann byggði heildartilboðið á.

Á tímum mikillar umframeftirspurnar eftir vinnuafli og þegar mörg verk eru boðin út samtímis, freistast verktakar, sem þegar hafa nóg verkefni og ekki geta annað meiru, til að gera tilboð. Þeir gera í tilboði sínu ráð fyrir verulegum hagnaði og reikna með, að tilboðinu verði ekki tekið. Og ef svo kynni að fara, að tilboði þeirra yrði tekið, hefðu þeir engu að tapa. Þegar slíkum tilboðum er tekið, leiðir það til verulegra yfirborgana fyrir verkkaupa.

Þegar mikil samkeppni er um tilboð, bjóða verktakar oft svo lágt, að dæmi eru til um, að tilboðsupphæð hafi ekki dugað einu sinni fyrir áætluðum efniskostnaði. Þegar verktakar gera slíkt tilboð, er það oft í trausti þess, að þeim takist að hækka upphæðina með því að vinna fyrir aukareikning ýmsa liði í útboðinu, sem verði þannig breytt, eða að þeir geti samið við verkkaupann, eftir að verkið er hafið, að því verði breytt í tímavinnu. Oft lýkur þó slíkum málum á þann hátt, að verktaki getur með engu móti staðið við skuldbindingar sínar og af hljótast málaferli, sem dæmi eru til um að leitt hafi til gjaldþrots verktaka og um leið mikils fjármagnstjóns fyrir verkkaupa.

Reglur um útboð og tilboð ættu að geta bætt úr þessu ástandi.

Það er brýn nauðsyn að koma fastri skipan á þessi mál. Það hefur verið viðurkennt af hálfu ríkisvaldsins með skipun nefndar árið 1959. Iðnaðarsamtökin sjá og skilja þýðingu málsins. Þannig hefur Meistarasamband byggingarmanna samþ. á aðalfundum sínum undanfarin ár að skora á n. þá, sem skipuð var í des. 1959 af viðskmrh. til þess að semja reglur um útboð og tilboð, að hraða störfum sínum, svo að þeim yrði sem fyrst lokið. En störfum n. mun ekki enn lokið.

Hér er hæstv. viðskmrh. spurður: Hvað líður störfum n.? Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að gefa þessar upplýsingar.

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Það er hverju orði sannara hjá hv. fyrirspyrjanda, að hér er um mikilvægt mál að ræða, sem nauðsynlegt er, að settar séu um sem fastastar

reglur. Þess vegna var það, að í des. 1959 skipaði ég eftirtalda menn í n. til þess að gera till. um þetta mál: Magnús Torfason prófessor, sem er formaður n., Gústaf E. Pálsson verkfræðing, Sigurð Thoroddsen verkfræðing, Björgvin Frederiksen framkvæmdastjóra, Árna Brynjólfsson rafvirkjameistara, Finn B. Kristjánsson rafvirkjameistara, Hjálmar Blöndal hagsýslustjóra og Guðmund Guðjónsson arkitekt. N. hefur því miður ekki enn lokið störfum þrátt fyrir eftirrekstur viðskmrn., en samkv. upplýsingum formanns hennar mun hún skila áliti fyrir næstu áramót.

**Fyrirspyrjandi (Þorvaldur G. Kristjánsson):** Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. fyrir svör hans, og mér þykir gott að heyra það, að nú er gert ráð fyrir, að störfum þessarar n. verði lokið fyrir næstu áramót. Og ég treysti því, að það verði ekki frekar dráttur á því, að störfum n. verði lokið. Ég viðurkenni það, að hér er um mikið og vandasamt verk að ræða.

Í íslenzkri löggjöf eru ekki almenn ákvæði um útboð, en útboð má skilgreina svo, að það sé áskorun til margra um að gera innan ákveðins frests skriflegt og bindandi tilboð í verk á sama útboðsgrundvelli, þannig að áskoruninni sé beint samtímis til allra tilboðsgjafa og jafnframt hverjum einstökum sé gert ljóst, að skorað sé á aðra að gera tilboð. Það getur verið um að ræða opinbert útboð, og það getur verið um að ræða óopinbert útboð. Útboð getur verið bundið við verktaka á ákveðnum landssvæðum eða ákveðna hópa verktaka. En hverrar tegundar sem útboð eru, gegna þau mikilvægu hlutverki í athafnalífinu.

Erlendis, á Norðurlöndum og í öðrum Vestur-Evrópulöndum, gilda fastar, ákveðnar reglur um útboð. Heildarlöggjöf um þetta efni mun þó yfirleitt ekki vera um að ræða. En þróunin í hverju einstöku landi hefur leitt til þess, að mótazt hafa reglur, sem eru í sumum greinum frábrugðnar frá einu landi til annars. Þessar reglur mótast af einstökum lagaákvæðum og siðvenjum, sem skapazt hafa. Sums staðar gilda um skipan þessara mála, reglugerðir, sem gefnar eru út af hálfu ríkisvaldsins í samvinnu og með aðild félagssamtaka, svo sem fagfélaga, iðnaðarmanna, arkitekta, verkfræðinga og málflutningsmanna og byggingarfélaga. Gildi slíkra reglugerða hvílir á samningsgrundvelli, sem þessir aðilar standa að.

Ef gengið er út frá, að útboðslýsing geri skýra og nákvæma grein fyrir eðli og umfangi verksins, sem boðið er út, og tilboðsgjafar verðleggi óháðir hverjir öðrum verkið út frá aðstæðum hvers og eins, má ætla, að venjulega hafi verkkaupi möguleika á að semja við þann tilboðsgjafa, sem bezta aðstöðu hefur til að framkvæma verkið á hagkvæmastan hátt. Með þessu móti gegna útboðin því mikilvæga hlutverki að stuðla að bættum vinnubrögðum, aukinni tækni og lækkuðum kostnaði við byggingar og mannvirkjagerð. Með tilliti til þessa verður að líta svo á, að mikil þörf sé á því, að sú skipan sé á þessum málum, sem stuðlar að því, að verk séu boðin út í auknum mæli.

Hér er um stórmál að ræða, mál, sem hafa hina mestu þjóðhagslegu þýðingu. Þó að útboð verklegra framkvæmda hafi farið vaxandi á undanförnum árum, þarf þróunin að ganga í þá átt í enn auknum mæli. Það ætti að vera regla eða skylda, að framkvæmdir hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, verði boðnar út til þess að tryggja sem bezt hagsýni í meðferð opinbers fjár. Þetta á ekki einungis við um opinberar byggingar, skóla, sjúkrahús, orkuver, hafnargerðir og þess háttar, heldur og vegagerð ríkisins. Hin stórvirku tæki, sem nú eru notuð til vegalagningar, breyta vegagerðinni ekki einungis tæknilega, heldur og skapa eðlilegan grundvöll fyrir því, að gerð nýrra þjóðvega verði boðin út. Byggingar og mannvirkjagerð í þágu atvinnuveganna ætti að bjóða út í auknum mæli frá því, sem nú tíðkast.

Þá ber í þessu sambandi að nefna byggingu íbúðarhúsa. Það er hvarvetna viðurkennt, að hinum margumtalaða byggingarkostnaði verði helzt haldið niðri með aðferðum fjöldaframleiðslunnar, þar sem komið verði við nýjustu tækni og vinnuhagræðingu. Þessu verður bezt náð gegnum útboð í stórum byggingarframkvæmdum. En til þess að þetta geti gerzt, þurfa fyrirtæki verktaka að geta komið til og starfað með eðlilegum hætti. Verktakar þurfa að vera öflugir til þess jafnan að geta tileinkað sér nýjustu tækni og vinnuaðferðir. Það hamlar þessari þróun hér á landi, að ekki skuli vera til almennar reglur um útboð.

Ég segi að sjálfsögðu ekki, að öll okkar vandamál leysist við það, að verklegar framkvæmdir séu boðnar út. En ég fullyrði, að mörg þeirra yrðu auðveldari viðfangs. Reynslan hefur kennt öðrum þjóðum mikilvægi þess. Við höfum ekki heldur efni á öðru en að hagnýta okkur kosti hinnar frjálsu samkeppni á þessum sviðum sem öðrum. Þannig nýtist þjóðfélaginu bezt hugvit og framtak hinnar vel menntuðu og starfshæfu iðnaðarmannastéttar okkar og annarra tæknimenntaðra manna. Þessum tilgangi þjónar það, að settar verði reglur um tilboð í verk samkv. útboðum. Þannig verða tryggðir hagsmunir ekki aðeins verktaka og verkkaupa, heldur og þjóðarheildarinnar.

## 7. Sjálfvirkt símakerfi.

Á deildafundum 9. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
**Fsp. til ríkisstj. um framkvæmd áætlana um sjálfvirkt símakerfi** [59. mál, 2] (A. 68).

Á 10. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Ég ætla mér nú ekki að halda fræðilegan fyrirlestur um viðfangsefnið, heldur fylgja fsp. minni úr hlaði með örfáum orðum.

Eins og sjá má á þskj. 68, ber ég fram fsp. í tveimur liðum um sjálfvirkt símakerfi. Í fyrsta lagi spyr ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvenær fá eftirtaldir staðir sjálfvirkar símastöðvar og þar með símaþjónustu allan sólar-

hringinn: Ísafjörður, Brú, Borðeyri, Hólmavík, Bolungarvík, Hnífsdalur, Súðavík, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Bíldudalur, Innri-Tunga og Patreksfjörður.

2) Hvað líður að öðru leyti framkvæmd áætlunar póst- og símamálastjórnarinnar um sjálfvirkt símakerfi?“

Fyrir Alþ. árið 1960, hygg ég að það hafi verið, lágu 4 þáltill. um sjálfvirkt símakerfi. Þá sendi póst- og símamálastjórnin Alþ. ýtarlega áætlun um framkvæmdir símans á næstu árum, og var þessum 4 till. þá steypt saman í eina um það að koma upp sjálfvirku símakerfi um landið allt á vissu árabili. Sú till. var samþ. og afgreidd. Í áætlun Landssímans var talið, að því takmarki yrði náð að koma sjálfvirku símakerfi á um landið allt á árunum 1967—1968.

Mér er vissulega kunnugt um, að það hefur verið unnið kappsamlega að því að koma á sjálfvirku símakerfi sem víðast um landsbyggðina, og símaþjónusta allan sólarhringinn er gífurlega mikils virði, og eftir framkvæmd þessarar áætlunar er því beðið með mikilli óþreyju víða, þar sem hún er ekki komin í framkvæmd enn þá. Í áætluninni var gefið fyrirheit um það, að kaupstaðir og kauptún, þorp og margir sveitabæir þar í nánd fengju sjálfvirkt símakerfi fyrir árslok 1966 ásamt sjálfvirku sambandi sín á milli, en síðan yrði haldið áfram, þannig að nær allir sveitabæir hefðu fengið sjálfvirkan síma fyrir árslok 1968. Á árunum 1965—1966 var samkv. áætluninni gefið fyrirheit um, að Brú, Borðeyri, Hólmavík, Ísafjörður, Hnífsdalur, Bolungarvík, Patreksfjörður, Bíldudalur, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Súðavík ásamt allmörgum stöðum á Austfjörðum fengju símakerfi, sem sé, eins og ég segi, á árunum 1965—1966. Nú langar mig til að vita, hvað framkvæmd líði, hvenær þessir staðir, sem upp eru taldir í fsp., geti átt von á því að fá sjálfvirkt símakerfi og þar með símaþjónustu allan sólarhringinn. En það, að síminn hefur aðeins verið opinn nokkrar klukkustundir á sólarhring hverjum í sjóþorpunum á Vestfjörðum, hefur oft verið sárlega bagalegt, einkanlega þegar skipum hefur hlekkzt á eða skip hefur vantað og símaþjónustan ekki getað komið þar til fyrirgreiðslu.

Þá langar mig í leiðinni til þess að vita, hvað framkvæmd áætlunar Landssímans í heild líði og hvenær sú stund muni upp renna, að sjálfvirkur sími spanni um landið allt, hvort það muni sem sé verða, eins og boðað var, á árunum 1967—1968 eða þá hvenær.

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Spurt er að því, hvenær eftirtaldir staðir fái sjálfvirkar stöðvar. Það eru ýmis kauptún á Vestfjörðum ásamt Ísafirði. Svarið er, að það er samkv. áætlun póst- og símamálastjórnarinnar á árinu 1968. Á árinu 1968 er gert ráð fyrir, að sími verði lagður að Höfn í Hornafirði, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði með Hnífsdal, Þingeyri, Flateyri, Bolungarvík, Suðureyri, Súðavík, Bíldudal, Tálknafirði, og á því ári er einnig gert ráð fyrir, að lokið verði stækkun í Reykjavík.

Ég geri ráð fyrir, að hv. fyrirspyrjanda finnist þetta vera nokkuð miklu seinna en hann hafi búizt við, eftir því sem hann lýsti hér áðan, en þetta er samkv. áætlun póst- og símamálastjórnarinnar. Það hefur verið pantað efni í þessar stöðvar, þannig að efnið geti komið til landsins á árinu 1967 eða jafnvel um áramótin 1966—1967, þannig að af þeim ástæðum ætti að vera hægt að halda sér við þessa áætlun, og það er gert ráð fyrir því, að fjárhagsáætlun verði þannig, að hægt verði að standa við það. Og það þykir eðlilegra að segja hér 1968 en 1967, jafnvel þótt til þess gæti komið, að það mætti vinna eitthvað af því á því ári, að stöðvar á Vestfjörðum fengju þá sjálfvirkan síma.

2. liður fsp. er: „Hvað líður að öðru leyti framkvæmd póst- og símamálastjórnarinnar um sjálfvirkt símakerfi?“ Þá er rétt að geta þess, að á árinu 1966 er gert ráð fyrir að setja í samband sjálfvirka stöð á Selfossi, Eyrarbakka með Stokkseyri, Þorlákshöfn, Hveragerði, Hvolsvelli, Hellu, Þykkvabæ, Vík, Stykkishólmi, Ólafsfirði og væntanlega Brúarlandi og Vogum. Enn fremur verða stækkanir í Hafnarfirði, Selási, Grindavík, Grensásstöðinni í Reykjavík og í Kópavogi. Gert er ráð fyrir, að á næsta ári verði bætt við 2000 númerum frá Grensásstöðinni í Reykjavík, enda gerist þess þörf, þar sem nú má segja, að öll símanúmer séu upptekin hér í Reykjavík. Þá er það á árinu 1967, að gert er ráð fyrir að koma sjálfvirkri stöð í Grafarnesi, Ólafsvík, Hellissandi, Brú, Borðeyri, Hólmavík, Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd, Sauðárkróki, Hofsósi og Kópaskeri og enn fremur stækkun á Selási. Árið 1968 var eins og ég áður lýsti. En það, sem búið er að gera í sambandi við sjálfvirkar stöðvar, er, að á öllu landinu eru nú í notkun 18 sjálfvirkar símstöðvar og í des. n. k. bætast væntanlega við 2. Þá verða sjálfvirku stöðvarnar 20. Þessar stöðvar eru Reykjavík, Grensás, Selás, Kópavogur, Hafnarfjörður, Keflavík, Innri-Njarðvík, Gerðar, Sandgerði, Grindavík, Vestmannaeyjar, Akranes, Borgarnes, Akureyri, Hjalteyri, Dalvík, Húsavík, Raufarhöfn, Siglufjörður og Hafnir. Og enn fremur er sjálfvirkt langlínusamband á milli framangreindra staða, þannig að þægindi eru orðin talsverð að þessu.

Stöðvar á Austfjörðum ættu þá að geta komið einnig á árunum 1968—1969. Það hefur ekki enn verið pantað efni í þær, en það má gera ráð fyrir, að afgreiðslufrestur sé 1½ ár, þannig að ef pöntun væri gerð um næstu áramót, muni efnið koma til landsins á miðju ári 1967.

En framkvæmdin í þessum málum öllum fer vitanlega ekki aðeins eftir þessari áætlun, sem gerð er, heldur fer hún eftir því fjármagni, sem til þessa verður varið. Hún fer einnig eftir því, hve miklum mannskap er á að skipa hjá Landssímanum, en það hefur tafið mjög framkvæmdir að undanförnu, að það hefur vantað símvirkja og fleiri tæknimenntaða menn til þess að vinna að þessu. Og ég held, að það verði að segja, að þótt ekki hafi verið staðið að fullu við þessa fyrstu áætlun, sem gerð var lauslega af Landssímanum, þegar talað var um, að kauptún og þorp hefðu fengið sjálfvirkan síma á árunum 1966 og 1967 og allar sveitir 2 árum seinna, 1968—1969, þó að það verði nú ekki alveg, verður að segja, að það hafi verið unnið að þessum málum með talsverðum hraða. En samkv. þessu má gera ráð fyrir, að það verði tveimur árum seinna en upphaflega

var áætlað, sem kauptún og þorp hafa fengið sjálfvirkar stöðvar, og þá væntanlega tveimur árum seinna, sem sveitirnar hafa fengið sjálfvirkt samband. En ég hygg, að það sé öllu erfiðara að gera nákvæma áætlun um það, hvenær því verður lokið, og ekki verða það að sinni nema þéttbýlustu sveitirnar, sem geta komizt í sjálfvirkt samband, vegna margs konar tæknilegra erfiðleika.

Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að það vitanlega bætir ákaflega mikið þjónustuna að fá sjálfvirkar stöðvar og geta haft opið allan sólarhringinn, og það er þess vegna, sem að þessu er stefnt með ærnum tilkostnaði. Og það er ástæða til þess að ætla, að þetta takist tiltölulega fljótt og tiltölulega miklu fyrr hér á landi en í nágrannalöndunum. Við höfum gert hærri kröfur en ýmis hin þéttbýlli og fjölmennari lönd, og er það að vísu vel, úr því að hægt er að standa við það. Og þegar til lengdar lætur, borgar sig að hafa lagt í þennan kostnað. Það borgar sig beinlínis fjárhagslega með sparnaði í rekstrinum. Þetta hlýtur að taka eðlilega nokkurn tíma, ekki aðeins vegna þess, að það þarf mikið fjármagn, heldur einnig vegna tæknilegra erfiðleika, sem þessu eru samfara. Og þá ber að geta þess, að um leið og hugsað er um það að setja upp sjálfvirkar stöðvar víðs vegar úti um land, í kauptún og þorp og síðan út um sveitir, þarf að byggja upp í þéttbýlinu hér, því að þaðan koma mestar tekjurnar, og bezt að segja það eins og er, að það hefur oft verið lagt til frá Landssímanum hér úr höfuðborginni fjármagn til þess að færa símann víðs vegar út um byggðina. Þess vegna er það, að hraða verður því að fullgera Grensásstöðina og losa þannig 2000 númer, og síðan verður að hefjast handa, helzt á næsta ári, að stækka aðallandssímahúsið hér í miðbænum, til þess að geta bætt við þar síðar.

Þetta er nú það, sem ég hef að segja um þessi mál nú í bili, og er það byggt á bréfi frá póst- og símamálastjóra.

**Matthías Bjarnason:** Herra forseti. Framkvæmdir í símamálum á Vestfjörðum hafa gengið hægt og rólega að mínum dómi. Á Alþ. 1956 var samþ. þál. um að athuga möguleika á því að setja upp sjálfvirkar símastöðvar á Ísafirði, Bolungarvík og Hnífsdal, enn fremur að fram verði látin fara athugun á því, á hvern hátt verði bætt símasamband þessara byggðarlaga og Vestfjarða í heild við aðra landshluta. 1957 er flutt þáltill. á ný í þessum málum, og var orðalag hennar á þá leið, að ríkisstj. er falið að láta Landssímann koma upp sjálfvirkri símstöð fyrir Ísafjörð, Hnífsdal, Bolungarvík og Súðavík, eins fljótt og verða má. Þessari till. var vísað til fjvn. og í nál. n. segir, að póst- og símamálastjóri telji, að sjálfvirk símstöð á Ísafirði muni spara Landssímanum um 400 þús. kr. árlega. Með hliðsjón af þessum sparnaði og þægindum þeim, sem sjálfvirk símstöð jafnframt veitir símnotendum, telur n. mikilvægt, að umrædd stöð komist upp. Hins vegar telur n. ekki fært að leggja til, að breytt verði niðurröðun einstakra liða. En póst- og símamálastjóri segir í þessu nál., að þessi sjálfvirka símstöð á Ísafirði verði komin upp á árinu 1963. Það verða því fleiri en ein áætlun, sem fyrir liggja um sjálfvirkt símakerfi í þessum landshluta, og það er því orðinn ærið langur dráttur, sem þar hefur orðið á.

Ég fyrir mitt leyti tel fulla ástæðu til þess, að framkvæmdaáætlun Landssímans sé ekki í höndum póst- og símamálastjórnarinnar einnar, heldur ætti hér að vera um þingkjörna stjórn að ræða, sem endurskoðar þessa framkvæmdaáætlun og jafnar framkvæmdir með einhverjum öðrum hætti en þessum embættismönnum hefur þóknazt. Ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég tel, að svæði eins og Ísafjarðarsvæðið með Hnífsdal og Bolungarvík og Súðavík, þar eru í sept. í haust 835 símnotendur, kauptún í Vestur-Ísafjarðarsýslu eru með 241 símnotanda, kauptún í Vestur-Barðastrandarsýslu með 338 og kauptúnin í Strandasýslu með 137, — þessi svæði eru gersamlega látin vera útundan, svo og Austfirðir, og ég tel, að þarna hafi átt að jafna á milli eða a. m. k. taka fjölmennustu svæðin fyrr, en láta ekki ár eftir ár dragast þessa framkvæmdaáætlun, sem var lofað á árinu 1957 að væri komin í notkun, a. m. k. hvað þennan hluta af Vestfjörðum snerti, á árinu 1963.

Það ber að viðurkenna, að framkvæmdir Landssímans hafa verið miklar á undanförnum árum í öðrum landshlutum og sífellt verða fleiri og fleiri landsmenn aðnjótandi sjálfvirka símakerfisins og fá með því þjónustu símans allan sólarhringinn. En finnst mönnum það réttlæti, að þeir, sem lengst eiga að bíða eftir að fá sams konar þjónustu, eiga jafnframt að búa við það að njóta símans aðeins 2 klukkutíma á sólarhring, eins og verið hefur undanfarna áratugi, og er það réttlátt, að þróttmikil framleiðslukauptún eigi enn þá um árabil að hafa símstöðvar sínar opnar 6 klukkutíma á virkum dögum og 3 klukkutíma á helgum dögum og einstaka kaupstaðir 14½ klukkutíma á virkum dögum og 4 klukkutíma á helgum dögum?

Ég vil hér með bera fram þau eindregnu tilmæli til hæstv. samgmrh., að hann láti athuga þennan þátt í þjónustu símans og sjái um, að hér verði gerð sú breyting, að þjónustutími símans á þessum stöðum, sem ég hef hér nefnt, verði aukinn verulega frá því, sem nú er, og þykir mér það á engan hátt ósanngjörn krafa, að símstöðvar þær, sem nú eru opnar í 2 klukkutíma á sólarhring, verði opnar í 6 klukkutíma og á öðrum stöðum verði þjónustutími hlutfallslega lengdur frá því, sem nú er. Ég vona, að hæstv. samgmrh. taki þessum tilmælum vel og athugi þetta mál, því að ég veit, að sjálfur hefur hann áhuga á því að leiðrétta slíkt misræmi, og vona, að þetta misræmi verði leiðrétt þegar á þessum vetri og helzt ekki síðar en um n. k. áramót.

**Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson):** Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgmrh. fyrir þau svör, sem hann gaf við báðum liðum fsp. minnar, en harma það hins vegar, að enn skuli verða nokkur dráttur á framkvæmdum frá því, sem fyrirheit hefur verið gefið um í áætlun landssímastjórnarinnar, eins og gengið var frá þeirri áætlun 1960. Það er bert af svörum hæstv. ráðh., að framkvæmdir eru orðnar tvö ár á eftir þeirri síðustu áætlun, og enn meiri er dráttur orðinn frá því, sem fyrst var gefið fyrirheit um sjálfvirkan síma á Ísafjarðarsvæðinu, sem sé þegar

fyrirheit var gefið um, að það skyldi verða eigi síðar en 1963. Nú fáum við fyrirheit um það, að þetta skuli gerast á árinu 1968, og jafnvel gefnar vonir um, eða þannig skildi ég orð hæstv. ráðh., að þetta kynni að geta orðið á árinu 1967 að einhverju leyti. Ég skal hins vegar játa, að Landssíminn hefur haft í mörg horn að líta og hefur vitanlega kosið að haga framkvæmdum í þessu máli þannig að byrja í fjölbýlinu, því að með því móti hefur Landssíminn getað fengið mest fjármagn til þess að sinna framhaldi verkefnisins að öðru leyti, og það var gerð grein fyrir því, að sú yrði röð verkefnanna í áætluninni 1960, og að lokum klykkt út með því, að sveitasímum skyldi verða breytt og þeir tengdir við sjálfvirka kerfið, og nýjar smástöðvar og stækkanir á ýmsum stöðum, svo og viðaukar símarása, hafi verið síðasti kapitulinn í framkvæmd þessarar áætlunar, og átti henni þá að vera lokið 1967 og 1968, en verður nú sýnilega ekki fyrr en 1969—1970. Það hafa fleiri framkvæmdir farið fram úr áætlun, bæði að því er kostnað snertir og tíma, og veit ég, að þarna verður unnið að eins og framast er hægt.

En að lokum vil ég taka undir þau tilmæli hv. 11. landsk. þm., sem hér talaði áðan, Matthíasar Bjarnasonar, að ef mögulegt væri, yrði bætt símaþjónusta kauptúnanna, sjávarútvegsplássanna við Djúp, sem hafa nú mjög takmarkaða símaþjónustu, þ. e. a. s. um skamman tíma sólarhringsins, en hafa brýna þörf fyrir það að hafa betra samband við Ísafjörð, sem hefur nú þegar símaþjónustu allan sólarhringinn.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Hér hafa verið gefnar upplýsingar af hæstv. samgmrh. um áætlanir Landssímans varðandi meiri háttar símaframkvæmdir á næstu árum. Í þeim upplýsingum kemur í ljós, að enn er það svo, að hlutur okkar Austfirðinga er látinn liggja algerlega eftir. Enn hafa ekki verið gerðar ráðstafanir til þess að kaupa efni fyrir sjálfvirkar stöðvar á Austurlandi, og við erum huggaðir með því nú í dag, þegar komið er að þeim tíma, sem okkur hafði verið lofað að úr framkvæmdum yrði í þessum efnum, að við megum fyrst búast við sjálfvirkum stöðvum á Austurlandi árið 1969, ef þá efni verði keypt nú á næstunni.

Ég vil í tilefni af þessu beina því til hæstv. ráðh., að hann beiti sér fyrir því, að þessi áætlun verði endurskoðuð með tilliti til Austurlands. Ég efast ekkert um það, að hæstv. ráðh. hlýtur að vera það kunnugt, að ástandið í símamálum er verra á Austurlandi en alls staðar annars staðar á landinu og hefur raunverulega farið versnandi þrátt fyrir vissar umbætur í þessum efnum á síðustu árum vegna þess, hverjar breytingar hafa orðið í símaviðtölum og í atvinnuþróuninni á Austurlandi nú á síðustu árum. Ég efast ekkert um, að það er ekki ástæða til þess að bíða með framkvæmdir í símamálum á Austurlandi vegna þess, að símaafgreiðsla þar standi ekki fjárhagslega undir sínum hlut. Ég er ekki í neinum vafa um það, að það eru stöðvar á ýmsum stöðum, sem skila drjúgum hagnaði, og er engin ástæða til þess að draga framkvæmdir í þessum efnum yfir allt Austurland, jafnvel þó að þar kynnu að vera einstaka staðir, sem vegna smæðar sinnar yrðu að bíða nokkuð. En mér sýnist áætlunin vera sú, að fyrst eigi að taka upp alla stóra og smáa staði hér í nánd við Reykjavík og á Vesturlandi og jafnvel að koma á sjálfvirku símasambandi við sveitir, á sama tíma sem réttmætt þykir að láta Austurland liggja algerlega eftir og hafa miklu lakari þjónustu í þessum efnum en alla aðra menn í landinu, eins og verið hefur um langan tíma. Ég treysti því, að hæstv. ráðh. kynni sér þetta mál með tilliti til þess að bæta nokkuð úr því misrétti, sem Austurland hefur orðið fyrir bæði í þessari áætlunargerð og framkvæmdum þessara mála.

## 8. Fávitahæli.

Á deildafundum 9. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
**Fsp. til ríkisstj. um framkvæmd laga um fávitahæli** [59. mál, 4] (A. 68).

Á 10. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Alfreð Gíslason):** Herra forseti. Lög um fávitahæli voru sett árið 1936. Ég lít svo á, að þessi lög hafi verið prýðilega úr garði gerð, sérstaklega miðað við þann tíma, sem þau voru sett á. Helzti gallinn á þessum l. er máske sá, að ekki var séð nægjanlega fyrir fjármagni til þess að byggja fyrir þær stofnanir, sem l. gera ráð fyrir. Það er um þessi lög eins og önnur góð lög, að það er slæmt, ef þau eru ekki framkvæmd, en mér er ekki kunnugt um, að nokkur mikilsverð atriði þessara l. hafi komið til framkvæmda eða a. m. k. séu framkvæmd nú í dag. En um þetta efni ræðir í fsp. minni á þskj. 68.

Í 6. gr. l. um fávitahæli er ákveðið um, að ráðh. skuli skipa þriggja manna n. til eftirlits með heimilum og hælum fávita, heimilum og hælum, sem rekin eru af hinu opinbera. Í þessari þriggja manna n. skulu eiga sæti læknir, kennari og kona. Ég hef gert ítrekaðar tilraunir til þess að hafa upp á þessari eftirlitsnefnd fávitahæla, en án árangurs til þessa. Þess vegna leyfi ég mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj.: Hefur þessi eftirlitsnefnd fávitahæla verið skipuð, og ef svo er, hverjir eiga þá sæti í henni nú?

Í 8. gr. þessara sömu l. er mjög mikilsvert ákvæði þess efnis, að sett skuli reglugerð, þar sem tiltekið sé, hvernig safna skuli skýrslum um tölu og hagi fávita í landinu, hvernig aðgreina skuli fávita börn, sem ætluð er vist á skólaheimilum eða hjúkrunarhælum, og loks, hvernig eftirliti skuli hagað með þeim fávitum, sem dveljast utan opinberra hæla. Ég hef ekki getað haft upp á þessari reglugerð, sem 8. gr. l. fyrirskipar að sett skuli, og því spyr ég í 2. lið minnar fsp.: „Hafa með sérstakri reglugerð verið sett ákvæði um skýrslusöfnun, aðgreiningu og eftirlit, svo sem fyrir er mælt í 8. gr. laganna?“

Ég vænti þess að fá greinargóð svör við þessu af hálfu hæstv. ríkisstj.

**Dómsmrh. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Þessum tveimur fsp. frá hv. 9. þm. Reykv. verður að svara báðum neitandi. Ég skal leyfa mér að gera örstutta grein fyrir málinu að öðru leyti.

Um fávitahæli gilda nú lög nr. 18 frá 1. febr. 1936, eins og þann vék að, og samkv. 1. gr. þeirra laga skal ríkisstj. sjá um, að stofnað verði, jafnóðum og veitt er fé til þess á fjárl., skólaheimili fyrir þá unga fávita, sem eitthvað geta lært, hjúkrunarheimili og í þriðja lagi vinnuhæli. Á vegum ríkisins hefur enn sem komið er einungis verið reist hjúkrunarhæli, og var það fyrst stofnsett á Kleppjárnsreykjum, eins og kunnugt er, en er nú í Kópavogi, þar sem hugsað er að hafa í framtíðinni aðalfávitahæli ríkisins. Þarna hafa átt sér stað mjög merkar framkvæmdir, sem fyrst og fremst hafa orðið mögulegar vegna þess, að á undanförnum árum hefur verið tryggt fé til þessara framkvæmda með sérstökum hætti, svo sem kunnugt er. Veruleg stækkun á þessu hæli átti sér stað nú ekki alls fyrir löngu, þegar tekið var til starfa í nýjum húsakynnum, og hygg ég, að allur aðbúnaður þar sé með ágætum og þeim til mikils sóma, sem að því hafa unnið. Á vegum einkaaðila hafa verið stofnsett fávitahæli að Sólheimum í Grímsnesi, og er það elzt þeirra fávitahæla, sem nú eru rekin, að Skálatúni í Mosfellssveit, Tjaldanesi í Mosfellssveit og Lyngási í Reykjavík. Hið síðast talda er stofnað og rekið af Styrktarfélagi vangefinna og ætlað aðallega börnum, sem mörg hvar njóta þar nokkurrar kennslu.

Eftirlitsnefnd sú, sem 6. gr. l. um fávitahæli gerir ráð fyrir til að hafa eftirlit með fávitaheimilum og hælum, hefur, eins og ég sagði áðan, aldrei verið skipuð og ekki heldur sett reglugerð sú, sem 8. gr. l. gerir ráð fyrir að sett verði um skýrslusöfnun, aðgreiningu og eftirlit með fávitum og hælum þeirra.

Síðan þessi lög frá 1936 um fávitahæli voru sett, hefur orðið mikil þróun í fræðslumálum hér á landi, og gera lög nr. 34 frá 1946, um fræðslu barna, 5. og 6. gr., ráð fyrir, að börnum, sem annaðhvort skortir hæfileika eða heilsu til að stunda nám í almennum barnaskólum, skuli séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veiti þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi. Þar sem sveitarfélög og ríkissjóður standa sameiginlega undir kostnaði af fræðslu barna, en l. um fávitahæli gera ráð fyrir ríkisreknum skólaheimilum fyrir fávita, sem eitthvað má kenna, eru komin upp vandamál í sambandi við fyrrnefnt Lyngáshæli um, hvernig greiðslu kostnaðar af fræðslu barna, sem þar dveljast, skuli hagað. Fyrir tilstuðlan menntmrn. var úr því leyst til bráðabirgða, og jafnvel lagði menntmrn. til við dóms- og kirkjumrn. með bréfi, dags. 27. maí s. l., að l. um fávitahæli verði í heild endurskoðuð hið allra fyrsta.

Ég hef síðan sem ráðh. heilbrigðismála ákveðið að skipa n. til þess að endurskoða þessi lög. Ég hygg, að æðimargt hafi breytzt í viðhorfi manna til þess, hvernig þessum málum skuli skipað, á þessum næstum 30 árum síðan l. voru sett, og eins og kunnugt er, hafa þau ekki nema að litlu leyti verið virk og þá kannske eingöngu og sér í lagi ekki þangað til nú síðustu árin af margs konar fjárhagsörðugleikum. N., sem hefur verið falið það verkefni að endurskoða l. í heild, er skipuð þremur mönnum og mun taka til starfa á næstunni. Í henni eiga sæti Benedikt Tómasson skólayfirlæknir, sem verður jafnframt formaður n., Björn Gestsson, sem er forstöðumaður Kópavogshælisins, og Hrafn Bragason, sem er tilnefndur af menntmrn.

**Fyrirspyrjandi (Alfreð Gíslason):** Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. svör hans. Þau voru skýr og ótvíræð. Hvorug þessara ákvæða í l. um fávitahæli hafa nokkru sinni komið til framkvæmda. Þetta ber að harma, og það ber að víta þetta. Hér er um mestu lítilmagna þjóðfélagsins að ræða, fólk, sem getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér á neinn hátt. Þessi ákvæði, sem hér er um að ræða og aldrei hafa verið framkvæmd, snerta það sérstaklega að reyna að tryggja öryggi þessa fólks, en um það hefur ekki verið hirt, hvorki fyrr né síðar. Það var hins vegar jákvætt hjá hæstv. ráðh., að hann gat þess, að nú hefði verið skipuð n. til að endurskoða l. um fávitahæli. Ég fagna því og tel það þakkarvert út af fyrir sig.

Ég tók það fram áðan, að þessi lög eru tvímælalaust vel úr garði gerð, sérstaklega miðað við þann fjarlæga tíma, sem þau urðu til á. En hitt er auðvitað æskilegt, að endurskoða slík lög nú eftir 30 ár. Það getur, eins og hæstv. ráðh. tók fram, verið eitt og annað, sem tímabært sé að taka til endurskoðunar í l. og breyta til samræmis við breyttar aðstæður og breytta tíma.

Eftirlitsnefnd fávitahæla hefur að sjálfsögðu alltaf verið nauðsynjamál. Hvort sem hælin voru mörg eða fá á þessu tímabili, hafa alltaf einhver fávitahæli verið, eitt eða fleiri, og það bar að skipa þessa eftirlitsnefnd til þess að tryggja, að vel færi um þau börn, sem þar voru sett. Eins er um ákvæðið í 8. gr., sem er mjög mikilsvert, m. a. þetta, að safna skýrslum um tölu fávita í landinu. Enginn veit enn í dag, hve margir fávitar eru í landinu, og þaðan af síður, að nokkur viti í dag um hagi alls þorra þessara barna. Það var sérstakt mannúðarmál að láta þetta ákvæði koma til framkvæmda. En um það hefur enginn ráðh. hirt á öllum þessum árum.

Þá er ekki síður ástæða til þess ákvæðis í 8. gr., að haft sé eftirlit með fávita börnum utan hinna opinberu hæla, því að þótt alltaf geti átt sér stað slæm aðbúð á hælum eftirlitslaust, er þó enn meiri hætta á slæmri aðbúð barna hjá hinum og öðrum einstaklingum, vandamönnum eða vandalausum. Það má því furðulegt heita, að þessi mikilsverðu ákvæði í þessum ágætu l. skuli aldrei hafa komið til framkvæmda. En ég vona, að þessu ófremdarástandi sé nú senn lokið og hraðað verði endurskoðun l., þau færð í nútímabúning, og umfram allt vil ég láta í ljós vonir um, að þau væntanlegu lög verði framkvæmd.

## 9. Sérleyfissjóður og umferðarmiðstöð.

Á deildafundum 9. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
**Fsp. til samgmrh. um sérleyfissjóð og umferðarmiðstöð** [59. mál, 3] (A. 68).

Á 10. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

---

Á 12. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Ingi R. Helgason):** Herra forseti. Ég hef á þskj. 68 leyft mér að flytja fáeinar fsp. til hæstv. samgmrh. um sérleyfissjóð og umferðarmiðstöð og vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa þær upp:

„1. Hversu mikið fé hefur innheimzt í sérleyfisgjöldum og hópferðagjöldum, frá því að sú innheimta byrjaði til október 1965? 2. Á hvern veg hefur því fé verið varið, sem spurt var um í 1. fsp.? 3. Hvenær var byrjað að byggja umferðarmiðstöðina í Reykjavík? 4. Hversu mikið fé hefur Reykjavíkurborg lagt af mörkum til byggingar umferðarmiðstöðvarinnar? 5. Hver var byggingarkostnaður umferðarmiðstöðvarinnar orðinn 1. okt. 1965: a) í heild, b) miðað við rúmmetra? 6. Hvað er áætlað, að kostnaðurinn verði mikill við þær framkvæmdir, sem ólokið er við byggingu umferðarmiðstöðvarinnar, og hvenær má búast við því, að hún verði fullfrágengin? 7. Hverjum hefur verið veitt aðstaða til rekstrar hótels og verzlunar í umferðarmiðstöðinni? 8. Hver verður aðstaða sérleyfishafa í umferðarmiðstöðinni og hvað þurfa þeir að greiða fyrir þá aðstöðu á mánuði? 9. Má búast við því, að byggingarkostnaður umferðarmiðstöðvarinnar leiði til fargjaldahækkunar á sérleyfisleiðum?"

Ég hef leyft mér að hafa þessar fsp. svona sundurgreindar í staðinn fyrir 1—2 almennar spurningar um sérleyfissjóð og umferðarmiðstöð. Þessar fsp. skýra sig sjálfar, og þarf ég ekki að fylgja þeim úr hlaði með mörgum orðum.

Í tilefni af hinni skeleggu ræðu hv. 4. þm. Vestf. hér áðan um útboð og tilboð í verk, bæði á vegum hins opinbera og einstaklinga, vildi ég leyfa mér að biðja hæstv. samgmrh. að upplýsa, um leið og hann svarar þessum fsp. mínum, hvort það verk að byggja umferðarmiðstöðina í Reykjavík hafi á sínum tíma verið boðið út, og ef svo er ekki, með hvaða rökum það var gert.

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Fsp. þær, sem hér er um að ræða, eru í mörgum liðum, og er það út af fyrir sig ekkert til aðfinnslu, en ég vil leitast við að svara þeim eftir réttri röð.

1. spurning: „Hversu mikið fé hefur innheimzt í sérleyfisgjöldum og hópferðagjöldum, frá því að sú innheimta byrjaði til 1. okt. 1965." Svar: Innheimta sérleyfis- og hópferðagjalda er kr. 13 418 113.62, auk þess vaxtatekjur 973 855.36 kr. og endurgreiddur kostnaður 72 578.84 kr. Þetta verður 14 464 557.81 kr.

2. spurning: „Á hvern veg hefur því fé verið varið, sem spurt var um í 1. fsp.?" Svar: Það er sundurliðað hér í skýrslu frá póst- og símamálastjóra. Því hefur verið varið þannig: Framlag til Ferðaskrifstofu ríkisins kr. 2 143 055.17. Kostnaður við framkvæmd sérleyfislaga 6 849 624 kr. Styrkur til gistihúsa 1942—1948 399 894.40 kr. Eftirgefin sérleyfisgjöld 16 500 kr. Afskrifuð skuldabréf 45 000 kr. Greitt til byggingar umferðarmiðstöðvar 4 millj. 570 þús. Lán til gistihúsa 314 643 kr. Mismunur 125 832.25, sem er í sjóði.

3. spurning: „Hvenær var byrjað að byggja umferðarmiðstöðina í Reykjavík?" Bygging umferðarmiðstöðvarinnar hófst í aprílmánuði 1960.

„4. Hversu mikið fé hefur Reykjavíkurborg lagt af mörkum til byggingar umferðarmiðstöðvarinnar?" Svar: Reykjavíkurborg hefur lagt fram 1 millj. kr. til byggingarinnar sjálfrar.

„5. Hver var byggingarkostnaður umferðarmiðstöðvarinnar orðinn 1. okt. 1965: a í heild, b. miðað við rúmmetra?" Hinn 1. okt. 1965 var búið að greiða 16 millj. kr. vegna byggingarkostnaðar. Þá voru ógreiddar um 2 millj. kr. vegna framkvæmda síðustu 2—3 mánuðina. Í heild skiptist byggingarkostnaðurinn nokkurn veginn að jöfnu milli húss og lóðar. Rúmtak hússins er nokkuð á 9. þús. rúmmetra, byggingarkostnaður sjálfs hússins nálægt 1200 kr. á rúmmetra. Skipt var um jarðveg á um það bil 1400 fermetra svæði, og mun meðaljarðvegsþykkt um 2 metrar. Steypt og malbikuð bílastæði eru um 6000 fermetrar.

„6. Hvað er áætlað, að kostnaðurinn verði mikill við þær framkvæmdir, sem ólokið er við bygginguumferðarmiðstöðvarinnar, og hvenær má búast við því, að hún verði fullfrágengin?" Þegar framkvæmdum lýkur, sem búizt er við að geti orðið á næstu 4—6 mánuðum, má ætla, að byggingarkostnaður að meðtöldum vöxtum á byggingartíma verði 19 millj.

„7. Hverjum hefur verið veitt aðstaða til rekstrar hótels og verzlunar í umferðarmiðstöðinni?" Sumarið 1964 var aðstaða til veitingarekstrar auglýst laus til umsóknar. Gerður hefur verið samningur við Hlað h/f um, að hlutafélagið leigi þessa aðstöðu. Það bárust nokkur tilboð, og þetta var sá aðili, sem tiltækilegt var að semja við.

„8. Hver verður aðstaða sérleyfishafa í umferðarmiðstöðinni, og hvað þurfa þeir að greiða fyrir þá aðstöðu á mánuði?" Sérleyfishafar fá til afnota afgreiðsluaðstöðu í aðalsal, rúmgóða vörugeymslu fyrir smærri vörusendingar og 5 skrifstofuherbergi auk bílastæða úti við. Mánaðarleigan er ákveðin 10 þús. kr. á mánuði.

„9. Má búast við því, að byggingarkostnaður umferðarmiðstöðvarinnar leiði til fargjaldahækkunar á sérleyfisleiðum?" Svar: Til fargjaldahækkana mun ekki koma vegna flutnings sérleyfishafa í stöðina, og stefnt er að því, að sérleyfisgjald þurfi ekki að hækka frá því, sem nú er.

Mér þykir rétt að gera örstutta grein fyrir því, hvers vegna ýmsu af tekjum sérleyfissjóðsins hefur verið varið eins og áður var lýst og með hvaða heimildum það var gert.

Með l. um Ferðaskrifstofu ríkisins, nr. 33 1. febr. 1963, var, sbr. 7. gr. þeirra l., ákveðið, að 5% stimpilgjald af brúttóupphæð afhentra farmiða á sérleyfisleiðum skyldi renna til starfsemi

Ferðaskrifstofunnar. Þegar áðurnefndum l. um Ferðaskrifstofu ríkisins var breytt með l. nr. 20 12. marz 1947, var eins og upphaflega kveðið svo á í 13. gr. hinna nýju l., að heimilt væri að greiða kostnað við rekstur Ferðaskrifstofunnar af sérleyfisgjaldi bifreiða, sem var innheimt samkv. l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum. Á þessum lagaheimildum grundvallast greiðsla á því framlagi til Ferðaskrifstofu ríkisins, sem um ræðir á yfirliti pósts og síma. Í sambandi við meðferð skipulagslaganna á Alþ. 1945 var þar um það rætt og því ómótmælt, að fé mætti veita, eins og þá hafði verið gert að undanförnu, til þess að styrkja gistihús á landsbyggðinni til þess að láta gera á þeim æskilegar og nauðsynlegar umbætur. Á þessu eru byggðar styrk- og lánveitingar þær til gistihúsa, sem um ræðir í téðu yfirliti pósts og síma, samtals um 400 þús. kr. í styrki og lán, að eftirstöðvum rúmar 300 þús. kr.

Mér þykir rétt að geta þess, að það er gert ráð fyrir, að sérleyfishafar flytji í þessa nýju byggingu um næstu helgi. Það er, eins og fram var tekið, ekki alveg fullokið við þessa framkvæmd, og er það aðallega suðurglugginn, sem ekki er kominn í. Hefur staðið á verksmiðjunni að smíða hann, og þess vegna er því ekki lokið. En það er gert ráð fyrir, að því verði lokið á 1. eða 2. mánuði næsta árs.

Um hina munnlegu fsp., sem hv. fyrirspyrjandi varpaði hér fram áðan, hvort þetta verk hefði verið boðið út, minnir mig, að hlutar af því hafi verið boðnir út, en ekki verkið í heild. En Almenna byggingarfélagið hefur unnið að miklum hluta af þessu, að grefti og séð um nokkurn hluta af byggingunni. Hins vegar var í upphafi skipuð byggingarnefnd, sem hefur séð um framkvæmdir allar við bygginguna.

Þessi bygging er allmikið hús, eins og lýst hefur verið, og verður þarna mikil og breytt aðstaða fyrir sérleyfishafa frá því, sem verið hefur. Í húsinu verður veitingastofa, eins og fram er tekið. Þar verður einnig bankaútibú. Þar er aðsetur Umferðarmálaskrifstofunnar, og sérleyfishafar hafa þarna einnig aðstöðu með skrifstofuhúsnæði.

**Fyrirspyrjandi (Ingi R. Helgason):** Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. samgmrh. fyrir hans mjög greinargóðu svör við fsp. mínum. Þessi svör hæstv. ráðh. bera með sér, að byggingarkostnaður umferðarmiðstöðvarinnar er kominn nú upp í 18 millj. kr., og hann býst við því, að þegar öllu er lokið, verði kostnaðurinn um 19 millj. kr.

Það, sem vakti athygli í sambandi við svör hæstv. ráðh., var einkum tvennt. Í öðru lagi, að byggingarframkvæmdir hafa verið á döfinni frá því 1960 eða í 5 ár, og er það auðvitað óhæfilega langur tími við slíkar byggingarframkvæmdir og veldur auknum kostnaði og töfum. Hitt atriðið var það, að kostnaðurinn virðist skiptast að jöfnu milli kostnaðar við byggingarframkvæmdir og kostnað við lóðarframkvæmdir, og hæstv. samgmrh. upplýsti, að skipt hefði verið um jarðveg á því svæði, sem þessi umferðarmiðstöð var byggð á.

Hæstv. ráðh. svaraði því til í 7. fsp.-lið, að aðstaða til veitingahúsarekstrar hefði verið veitt fyrirtæki, sem Hlað h/f nefnist. Þannig háttar til, að sérleyfishafar, í þeirri aðstöðu, sem þeir eru nú, hafa þær tekjur af sölu veitinga eða af verzlun í húsnæði því, sem þeir eru í núna, að tekjurnar af því nægja til þess að halda uppi kostnaði þeirra við afgreiðslustörf í sambandi við afgreiðslumiðstöðina hjá þeim. Það hefði því verið eðlilegt, að þeir hefðu fengið þá aðstöðu í umferðarmiðstöðinni, svipað og þeir hafa nú í eigin húsakynnum, að fá tækifæri til að hafa tekjur af veitingarekstri þar til að standa undir kostnaði af þeirri leigu, sem þeir þurfa að greiða.

Mér þykir gott að hafa fengið þær upplýsingar hjá hæstv. ráðh., að sérleyfisgjöldin þurfi ekki að hækka vegna kostnaðarins af þessari umferðarmiðstöð og ekki þurfi hennar vegna að hækka fargjald á sérleyfisleiðum í landinu, sem hefði verið óheppilegt, bæði vegna dýrtíðarspursmáls og einnig vegna samkeppni þessara fólksflutninga við fólksflutninga á sjó og í lofti.

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði. Ég get tekið undir það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að sérleyfishafar hefðu vitanlega vel getað komið til greina með það að hafa veitingaaðstöðu í umferðarmiðstöðinni. En eins og ég sagði áðan, var þessi aðstaða auglýst, og ég hef ekki orðið var við neina umsókn frá sérleyfishöfum. Það er þess vegna, sem það hefur ekki komið til greina að leigja þeim.

## 10. Sjónvarpsmál.

Á deildafundum 9. nóv., var útbýtt frá Sþ.:

**Fsp. til menntmrh. um sjónvarpsmál** [59. mál, 5] (A. 68).

Á 10. fundi í Sþ., 10. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):** Herra forseti. Uppbygging sjónvarpskerfis á Íslandi og rekstur íslenzks sjónvarps er stórmál, hvort heldur litið er á fjárhagslega eða menningarlega hlið þess. Það mætti því ætla, að löggjafarþing þjóðarinnar þyrfti um slíkt mál að fjalla, þar væru teknar ákvarðanir um helztu framkvæmdaratriði og stofnuninni sniðinn stakkur með sérstakri löggjöf. Svo mikið er víst, að oft hefur Alþ. fjallað um mál, sem eru á allan hátt minni í sniðum en þetta. En það er því líkast, sem stjórnarvöld landsins telji það óþarfa, að Alþ. skipti sér neitt verulega af þessari stórframkvæmd, og sjálft hefur Alþ. verið furðu tómlátt um málið. Nú hefur heyrzt í fréttum, að undirbúningur að íslenzku sjónvarpi á vegum ríkisútvarpsins sé töluvert langt á veg kominn og nokkrir tugir manna hafi þegar verið ráðnir að þessari nýju stofnun. Ég tel því fyllilega tímabært, að Alþ. og þjóð-

inni í heild sé gerð grein fyrir því, hvernig þessi mál standa nú.

Það er liðið hátt á annað ár síðan ég flutti hér á hv. Alþ. fsp. um sjónvarpsmál. Af því tilefni gaf hæstv. menntmrh. þá allýtarlega skýrslu um málið og skýrði þar frá því, hverjar áætlanir væru uppi og hvernig sakir stæðu þá. En síðan hefur ýmislegt gerzt og mikil undirbúningsvinna farið fram, svo að ætla má, að sitthvað sé ljósara í þessum efnum nú en þá var. Fsp. mín er í fimm liðum og er svo hljóðandi:

„1. Hvenær er gert ráð fyrir, að íslenzkt sjónvarp, sem undirbúið hefur verið á vegum ríkisútvarpsins, taki til starfa. 2. Hvenær er áætlað, að íslenzkt sjónvarpskerfi verði komið í það horf, að sjónvarpssendingar geti náð til allra landsbúa? 3. Hvaða áætlanir liggja nú fyrir um stofnkostnað og rekstrarkostnað íslenzks sjónvarps? 4. Hefur ríkisstj. látið semja frv. til l. um íslenzkt sjónvarp? 5. Hefur ríkisstj. með hliðsjón af tilkomu íslenzks sjónvarps endurskoðað afstöðu sína til sjónvarpsrekstrar varnarliðsins svonefnda í því skyni að banna þann rekstur eða takmarka útsendingar Keflavíkursjónvarpsins við herstöðina eina?“

Ég tel, að þessi fsp. eða einstakir liðir hennar þurfi ekki mikilla skýringa við, og skal því látið nægja að fara aðeins örfáum orðum um síðasta liðinn.

Allt frá því að leyfð var stækkun sjónvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli árið 1961, hafa sjónvarpssendingar þaðan náð yfir svæði, þar sem býr meira en helmingur íslenzku þjóðarinnar. Nú leyfi ég mér að spyrja: Er það ætlun íslenzkra stjórnarvalda að heimila þann sjónvarpsrekstur með óbreyttu sniði, eftir að íslenzkt sjónvarp tekur til starfa? Sjá ráðamenn ekki ærin vandkvæði á því frá þjóðernislegu og menningarlegu sjónarmiði, að rekið sé hér slíkt sjónvarp, herstöðvarsjónvarp, sem nær til meira en helmings þjóðarinnar, rekið í 7—14 klukkustundir á dag við hlið íslenzks sjónvarps, sem gert er ráð fyrir að því er manni skilst, að verði 2 stundir á dag eða svo? Ég tel ástæðu til að ætla, að sumir ráðamenn a. m. k. sjái vandkvæði á þessu. Þannig hefur blað hæstv. menntmrh., en ritstjóri þess er formaður útvarpsráðs, hv. þm. Benedikt Gröndal, sagt, að núverandi ástand í sjónvarpsmálum sé andstyggileg sjálfhelda og rekstur ameríkskrar sjónvarpsstöðvar við hlið væntanlegs íslenzks sjónvarps gangi ekki til frambúðar. Og samkv. því, sem blað, sem Ingólfur nefnist, skýrði frá hinn 17. júní í vor, hafði hæstv. menntmrh. á fundi um sjónvarpsmál þá nýlega sagt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. kvaðst telja núverandi ástand í sjónvarpsmálum óviðunandi fyrir sjálfstæða menningarþjóð. En eins og nú væri komið, yrði ekki ráðin bót á því, fyrr en komið væri á önnur vegamót. Þegar íslenzkt sjónvarp hefði tekið til starfa, taldi hann rétt að taka leyfisveitinguna til varnarliðsins til endurskoðunar, og kvað hann það vera sína persónulegu skoðun, að þá ætti að takmarka hið erlenda sjónvarp við Keflavíkurflugvöll einan.“

Nú leyfi ég mér að lokum að spyrja: Hefur hæstv. menntmrh. tekið þetta mál upp innan ríkisstj., og ef svo er, hefur viðhorf hæstv. ráðh. þá sigrað innan stjórnarinnar eða hefur hann beðið ósigur í málinu?

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Spurt er, hvenær gert sé ráð fyrir, að íslenzkt sjónvarp tæki til starfa. Ráðgert er, að íslenzkt sjónvarp hefjist á árinu 1966, eins og áætlað var í áliti n. þeirrar, sem skipuð var til þess að gera athuganir og áætlanir í sjónvarpsmálinu á sínum tíma.

Í júní s. l. festi Ríkisútvarpið kaup á húseign við Laugaveg 176 í Reykjavík í því skyni, að sjónvarpsstöð Ríkisútvarpsins fengi það til afnota. Kaupverð var 12.5 millj. kr., og var helmingur staðgreiddur, en afgangurinn á að greiðast á 5 árum. Þegar hefur verið varið rúmum 200 þús. kr. til breytinga á húsinu, en miklar framkvæmdir eru þar eftir. Helztu starfsmenn sjónvarpsins hafa þegar verið ráðnir. Frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir allt að 30 manna starfsliði. Búið er að ganga formlega frá ráðningu 5 starfsmanna, þ. e. a. s. skrifstofustjóra, deildarverkfræðings, tveggja dagskrárstjóra og kvikmyndatökumanns. Ákveðin hefur verið ráðning 15 annarra starfsmanna sjónvarpsins, þar af 4 dagskrármanna og 11 tæknimanna. Munu tæknimennirnir allir fara utan til þátttöku í 3½ mán. námskeiði, er danska sjónvarpið skipuleggur sérstaklega fyrir þá, en dagskrármennirnir munu leita í ýmsar áttir til þess að afla sér menntunar og reynslu. Ýmisleg tæki í þágu sjónvarpsins hafa þegar verið keypt. Ber þar fyrst og fremst að nefna sjálfan sendi Reykjavíkurstöðvarinnar, sem kostar um 4 millj. kr., og myndsegulband, sem kostar um 3.3 millj. kr. Eru þá ótalin ýmis smærri tæki. Sjónvarpssendingarnar munu þó ekki hefjast með þessum nýja sendi Reykjavíkurstöðvarinnar, heldur með tækjum, sem fengin hafa verið eða verða að láni frá norrænu sjónvarpsstöðvunum, en meðal þeirra eru sendir og ýmis stjórntæki, mælitæki og kvikmyndatökutæki, textavél, ljósabúnaður og framköllunartæki. Enn fremur hefur sænska sjónvarpið boðizt til þess að lána fullkomna upptökubifreið, en tæki hennar yrðu notuð sem stúdíótæki til bráðabirgða. Að fenginni reynslu munu þessi lánstæki annaðhvort verða endurnýjuð með nýjum erlendum tækjum eða þau keypt af norrænu sjónvarpsstöðvunum.

Þá er spurt, hvenær áætlað sé, að íslenzkt sjónvarpskerfi verði komið í það horf, að sjónvarpssendingar geti náð til allra landsbúa. Í áætlunum sjónvarpsnefndarinnar var við það miðað, að sjónvarpssendingar gætu náð til allra landsbúa á næstu 7 árum eða svo. Þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar af hálfu ríkisútvarpsins, eru ekki einungis miðaðar við það, sem óhjákvæmilega er fyrsta stig framkvæmdanna, að koma upp sjónvarpsstöð í Reykjavík, heldur eru þær einnig frá upphafi miðaðar við framkvæmd landskerfisins. Þannig er húsið, sem keypt hefur verið fyrir sjónvarpið, miðað við það, að þar geti farið fram nauðsynleg starfsemi fyrir allt landskerfið. Einnig hafa verkfræðingar Landssímans framkvæmt á vegum Ríkisútvarpsins nauðsynlegar mælingar víða um land til rannsóknar á beztu möguleikum sjónvarpsins og dreifingar þess um landið á grundvelli þeirra áætlana,

sem á sínum tíma voru gerðar í sjónvarpsnefndinni í samvinnu við innlenda og erlenda sérfræðinga.

Þá er spurt, hvaða áætlanir liggi nú fyrir um stofnkostnað og rekstrarkostnað íslenzks sjónvarps. Til 1. nóv. s. l. hafa tekjur þær, sem lögum samkv. eiga að ganga til stofnunar og rekstrar íslenzks sjónvarps, numið 27.5 millj. kr. En tekjur sjónvarpsins eru annars vegar aðflutningsgjöld af sjónvarpsviðtækjum og hins vegar einkasölugjöld af innfluttum tækjum. Frá upphafi hefur verið ráð fyrir því gert, að allur kostnaður við stofnun og rekstur sjónvarpsins yrði greiddur með aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum, einkasölugjöldum af þeim, afnotagjöldum sjónvarpsnotenda og auglýsingatekjum sjónvarpsins sjálfs. Aldrei hefur verið gert ráð fyrir því, að ríkissjóður legði beint fram neitt fé til sjónvarpsins. Af þessum 27.5 millj. kr. tekjum hefur ríkisútvarpið þegar notað um 9 millj. kr. Helztu greiðsluliðirnir eru þessir: Kostnaður við sjónvarpshús 6.3 millj. Mælingar, aðallega utan Reykjavíkur, vegna dreifingarkerfisins 770 þús. Greiðslur upp í áhöld og tæki 640 þús. Ýmis undirbúningskostnaður og ferðakostnaður sjónvarpsmanna 246 þús. Laun 275 þús. Innréttingar á sjónvarpshúsi 212 þús. Kaupverð bifreiðar 127 þús. Ýmis annar kostnaður 430 þús. Ekki er enn hægt að gera nákvæma áætlun um, hver verða muni heildarstofnkostnaður íslenzka sjónvarpsins, þegar það byrjar fyrstu sendingar sínar, m. a. og raunar fyrst og fremst af því, að ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um, hversu lengi verður notazt við lánstæki frá norrænu sjónvarpsstöðvunum og hvort eða að hversu miklu leyti leitað verður eftir kaupum á þeim eða ný tæki keypt í staðinn. Reynslan verður höfð til leiðbeiningar um ákvarðanir í þessum efnum. Varðandi rekstrarkostnaðinn er enn byggt á þeim áætlunum, sem sjónvarpsnefndin gerði á sínum tíma, en þá var gert ráð fyrir 20 millj. kr. rekstrarkostnaði á fyrsta heila starfsárinu og að árlegur rekstrarkostnaður yxi síðan að óbreyttu verðlagi upp í 40 millj. kr. 1972.

Þá er spurt, hvort ríkisstj. hafi látið semja frv. til l. um íslenzkt sjónvarp. Í gildandi l. um Ríkisútvarpið er talin felast heimild til þess að taka einnig upp sjónvarpsrekstur, ef fé er veitt í því skyni. 7. ágúst 1964 fól menntmrn. Ríkisútvarpinu að hefja undirbúning að því að koma sem fyrst á laggirnar íslenzku sjónvarpi og skyldi í fyrsta áfanga stefnt að byggingu sjónvarpsstöðvar í Reykjavík, en síðan smám saman komið á fót kerfi til endurvarps um allt landið, eftir því sem fjárhagsgeta sjónvarpsins leyfði. Alþ. samþykkti á sínum tíma að verja einkasölugjöldum af innfluttum sjónvarpstækjum til undirbúnings sjónvarpsrekstrar, og síðar, að tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum skyldu notaðar til stofnunar og rekstrar sjónvarps. Í fjárlagafrv. fyrir 1966 er gert ráð fyrir 42 millj. kr. tekjum og gjöldum vegna sjónvarps, bæði vegna stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar. Samþykki hins háa Alþ. á þessum fjárlagaákvæðum er auðvitað, ásamt gildandi l. um Ríkisútvarpið og fyrri samþykktum Alþ. um ráðstöfun einkasölugjalds og tolltekna af sjónvarpstækjum fullgildur lagagrundvöllur undir stofnun og rekstri íslenzks sjónvarps. Engin þörf er því á sérstökum lögum um sjónvarpið. Hins vegar er heildarendurskoðun á l. um Ríkisútvarpið til athugunar.

Þá er að lokum spurt, hvort ríkisstj. hafi með hliðsjón af tilkomu íslenzks sjónvarps endurskoðað afstöðu sína til sjónvarpsrekstrar varnarliðsins. Þessu er því til að svara, að ríkisstj. hefur engar ákvarðanir tekið um breytingu á leyfisveitingunni til handa varnarliðinu til starfrækslu sjónvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli.

**Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson):** Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin við fsp. minni. Þau voru fróðleg á ýmsa lund, bæði um það, sem beinlínis kom fram í svörunum, og eins um það, sem ráðh. hafði ýmist mjög fá orð um eða þagði um algerlega.

Ég vil aðeins minnast á tvö atriði af því, sem fram kom í svari hæstv. ráðh. Fyrra atriðið er það, að í sambandi við fsp. mína um það, hvort eigi ekki að setja löggjöf um þessa miklu og dýru og mikilsverðu starfsemi, er því þannig svarað til nú eins og raunar áður, að bent er á lög um Ríkisútvarpið og orðað á þá leið, að talið sé, að í einhverri lagagr. þar felist heimild til sjónvarpsrekstrar. Ég verð að segja, að mér finnst þessi vinnubrögð mjög óvenjuleg, svo að ekki sé meira sagt, og ég vil ítreka það, sem ég áðan sagði, að Alþ. hefur með löggjöf oft fjallað um minna mál en stofnun og rekstur fyrirtækis eða stofnunar, þar sem um er að tefla fjölda starfsmanna þegar í upphafi og tugi og jafnvel hundruð millj. í stofnkostnað og tugi millj. í rekstrarkostnað.

Hitt atriðið, sem ég vildi aðeins nefna, er það, að hæstv. ráðh. svaraði því stutt og laggott í lok svarsins, að hæstv. ríkisstj. hefði enga afstöðu tekið til þess atriðis, hvort heimila eigi áfram starfsemi Keflavíkursjónvarpsins á sama hátt eins og verið hefur. Það kemur sem sagt í ljós, að um þetta hefur ríkisstj. enga ákvörðun tekið. Ég verð að segja það, að mér finnst, að ef hæstv. ríkisstj. ætlar að gera eitthvað í því máli, sé margra hluta vegna fyllilega tími til þess kominn að gera það nú, þegar mjög líður að þeim tíma, að íslenzkur sjónvarpsrekstur á að hefjast. Og ég verð að segja það, að sú skoðun, sem hæstv. menntmrh. hefur sett fram í þessu máli og ég lýsti hér áðan, virðist annað tveggja ekki hafa verið til umr. enn þá innan ríkisstj. eða hæstv. ráðh. hefur orðið þar í minni hluta með sína skoðun. Ég skora á hann að skýra frá því, hvort þetta mál hefur verið rætt innan ríkisstj. og hvort hann hefur orðið þar í minni hl. með skoðun sína.

**Ólafur Jóhannesson:** Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrst af öllu að þakka hæstv. menntmrh. fyrir sérlega greinargott svar, sem ég held að gæti verið til fyrirmyndar fyrir aðra hæstv. ráðh., þegar þeir svara fsp.

En það, sem kom mér til þess að segja hér nokkur orð út af þessari fsp., var sú yfirlýsing hæstv. menntmrh., að hann teldi, að það væri engin þörf á sérstökum lögum um sjónvarpið og það væri af þeirri ástæðu, að það væri talin heimild til sjónvarpsins í útvarpslögunum. Ég

verð að segja, að ég er nú dálítið hissa á þessari yfirlýsingu. Ég hef litið svo á, að það væri ákaflega hæpin heimild til sjónvarpsrekstrar í útvarpsl., og ég held, að það mundi nú sjást, ef það mál væri allt skoðað niður í kjölinn, að sú heimild væri meira en hæpin. T. d. get ég nefnt það, að einu sinni var í reglugerð um útvarpið, með vafasamri heimild að vísu, skotið inn orðinu „myndvarpi", ef ég man rétt, sem heyrandi undir verksvið útvarpsins. Seinna meir, þegar þeirri reglugerð var svo breytt fyrir allmörgum árum, var þetta fellt niður, þannig að það virtist ljóst, að ráðamenn litu þá svo á, að ekki væri heimild til sjónvarpsrekstrar í útvarpsl., enda er sannleikurinn sá, að útvarp og sjónvarp er sitt hvað. En alveg að slepptu öllu slíku er það auðvitað svo, að það nær ekki nokkurri átt, að það sé hægt að setja á stofn jafnumsvifamikinn rekstur og sjónvarpsrekstur er og svo sem hann er ráðgerður, án þess að sett séu um það lög. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt, að það sé hægt að fara að auglýsa 17 eða 20 stöður á ríkisins vegum lausar til umsóknar, án þess að það sé nokkur lagastafur fyrir því. Það er a. m. k. skylda alþm. að standa fast á því, að það sé ekki stofnað til embætta nema með lagaheimild. Þá lagaheimild skortir í þessu tilfelli. Hennar hefur ekki verið leitað. Hitt er svo annað mál, að það er enginn að saka ríkisstj. út af fyrir sig né hæstv. menntmrh. fyrir þær framkvæmdir, sem að hefur verið unnið í þessu máli, vegna þess, að það er rétt að þær hafa verið gerðar með vitund Alþingis. Og eins og hann réttilega benti á, hefur Alþ. óbeint samþ. það, að unnið væri að sjónvarpinu og framkvæmdum í því efni, sérstaklega með samþykkt á tekjuöflun í því skyni. En þar fyrir verð ég að segja það, að ég hef alltaf álitið það sjálfsagt mál, að á sínum tíma væri komið til Alþingis og lagt fyrir það frv. um sjónvarp. Mér hefði ekki getað dottið annað í hug. Og má ég svo spyrja hæstv. menntmrh.: Hvernig ætlar hann að fara að því að innheimta afnotagjöld af sjónvarpi? Telur hann, að hann geti farið að innheimta afnotagjöld af sjónvarpi, án þess að nokkur lagaheimild sé til þeirrar skattheimtu? Ég verð að telja það mjög vafasamt. Ég bendi aðeins á þetta, og ég geri það af því, að ég tel nauðsynlegt, að það sé spyrnt fæti við svona starfsháttum, að það sé sett upp ein geysileg ríkisstofnun, keypt hús upp á margar millj., stofnuð embætti og ráðnir menn, án þess að formlega sé leitað eftir lagaheimild um það. Þetta er óhafandi og óhæf sú yfirlýsing frá hæstv. menntmrh., að hann ætli sér ekki að leggja neitt frv. um þetta fyrir Alþ. Ég skora á hann að vinda nú bráðan bug að því að undirbúa lagafrv. um þetta efni og leggja fyrir Alþingi.

Ég vil svo bara að endingu þakka hæstv. menntmrh. fyrir það, að unnið hefur verið að framkvæmd þessara mála, vegna þess að á því er út af fyrir sig mikil nauðsyn. Vitaskuld er það ósamboðið virðingu fullvalda þjóðar að veita erlendu ríki einkaleyfi til sjónvarpsrekstrar í landi sínu. Og það er það, sem að mínu viti er meginatriðið í þessu máli, en ekki það út af fyrir sig, hvort sjónvarpið, sem flutt er á hverri tíð, er betra eða verra á einum tíma eða öðrum. Það er með sama hætti jafnósamboðið virðingu fullvalda þjóðar, eins og það væri, ef það ætti að veita erlendu ríki ótakmarkaðan rétt, einkaleyfi til rekstrar útvarps hér á landi, eða t. d. til þess að reka bókaútgáfu hér á landi. Slíkt einkaleyfi er ekki samboðið virðingu fullvalda þjóðar. Það er á þeim grundvelli, sem auðvitað verður að taka til endurskoðunar reglurnar um sjónvarpsreksturinn. En þó að hæstv. ríkisstj. hafi ekki tekið það til athugunar enn, höfum við ekki misst af tækifæri í því efni, vegna þess að það er Alþingi, sem hlýtur að fjalla um málið, og það reynir þá á alþm., hvað þeir vilja gera í þessu efni.

**Benedikt Gröndal:** Herra forseti. Ég mun aðeins segja örfá orð út af lagalegri hlið sjónvarpsmálsins, sem hér hefur komið til umr.

Ég er algerlega ósammála hv. síðasta ræðumanni um það, að útvarp og sjónvarp séu sitt hvað. Útvarp og sjónvarp eru nákvæmlega það sama, aðeins sá litli tæknilegi munur, hvort það, sem sent er út og fólk tekur á móti, er hljóðbylgja eða myndbylgja. Ég hygg, að það sé fullkomlega eðlilegt að líta þannig á, að löggjöf um útvarp geti gilt á sama hátt bæði um sjónvarp og hljóðvarp. Þegar athugað er, hvaða atriði eru í lögum um slíka stofnun, t. d. allt, sem varðar félagsleg afskipti, óhlutdrægni og annað slíkt, sést, að vandamálin eru nauðalík. Það er því fullkomlega eðlilegt sjónarmið hjá hæstv. menntmrh. og í algeru samræmi við viðhorf, sem ég þekki til í öðrum löndum, að líta svo á, að löggjöfin um útvarp heimili þau fyrstu skref, sem stíga þarf og hafa verið stigin til undirbúnings sjónvarps. Hér hefur því ekki verið sett upp ný stofnun og ekki stofnað til nýrra embætta í þeim skilningi, heldur hefur aðeins færzt vöxtur í þá ríkisstofnun, sem heitir Ríkisútvarp, í sambandi við þessa nýju deild. Er það ekkert nýtt og þarf ekki samþykki Alþingis í hvert skipti, sem ríkisstofnanir setja upp nýjar deildir og færa örlitið út starfsemi sína.

Nú vil ég spyrja um eitt: Þurfti Landssími Íslands að fá nýja löggjöf um sjálfan sig og sína starfsemi, þegar hann breytti úr síma eftir þræði og í þráðlausan síma? Og ég vil enn fremur spyrja: Er það ólöglegt eða þarf til þess sérstaka löggjöf, að Landssíminn megi senda myndir frá meginlandi Evrópu og Bretlandseyjum hingað til lands, eins og hann gerir? Starfsemi Landssímans í dag er alls ekki takmörkuð við að flytja hljóð. Landssíminn flytur myndir hingað til lands frá útlöndum og héðan til útlanda, og enginn hefur talið ástæðu til að setja sérstaka löggjöf um það.

Ég vil minna á, að sett var n. til þess að fjalla um undirbúning sjónvarps, og í þá nefnd voru valdir sömu menn, sem Alþingi hafði kosið í útvarpsráð. Og þegar breyting varð á útvarpsráði, þannig að einn flokkur féll þar út, en annar fékk 2 fulltrúa, var fyrri mönnum haldið, svo að allir flokkar ættu þar fulltrúa.

Um löggjafaratriðið segir í skýrslu þessarar sjónvarpsnefndar það, sem nú skal greina, með leyfi hæstv. forseta:

„Útvarpslöggjöfin er í meginatriðum 30 ára gömul, enda þótt ýmsar breytingar hafi verið gerðar á henni. Senn verður rétt að taka hana

til rækilegrar endurskoðunar með tilliti til breyttra tíma. Ekki virðist skynsamlegt að láta slíka endurskoðun fara fram, rétt áður en íslenzkt sjónvarp hefst, meðan engin reynsla er fengin af því eða þeim vandamálum, sem kunna að rísa með því. Væri betra að öðlast fyrst 2—3 ára reynslu af sjónvarpi og taka svo löggjöfina í heild til endurskoðunar."

Þetta var sjónarmið undirbúningsnefndar sjónvarpsins, þar sem fulltrúar allra flokka áttu sæti.

Ég vil minna á, að ég hef tvisvar sinnum á undanförnum árum, a. m. k. í annað skiptið með þm. úr Framsfl. og Sjálfstfl., flutt till. um endurskoðun útvarpslöggjafarinnar, en Alþ. sjálfu þóknaðist ekki að afgreiða þær. Hins vegar hefur það sjónarmið ríkt, og ég hygg, að það sé sjónarmið hæstv. ráðherra, að þegar komið er svo nærri sjónvarpinu, sem við höfum verið síðustu 2—3 árin, sé rétt að sjá, hvernig þessi stofnun mótast í höndum okkar og hver þau vandamál verða, sem við stöndum sérstaklega frammi fyrir, og sé því eðlilegast og skynsamlegast að láta þá endurskoðun fara fram jafnóðum og við fáum fyrstu reynslu af sjónvarpinu. En hitt er fullkomlega eðlilegt, að Alþingi fái næg tækifæri til þess að fjalla um málið. Hefur raunverulega ekkert verið gert, sem máli skiptir, nema í beinu sambandi við samþykktir Alþingis um það að veita ákveðið fé til þessara mála, og er það kjarninn í valdi Alþingis, hvernig það fer með fjármuni þjóðarheildarinnar.

**Ólafur Jóhannesson:** Herra forseti. Það er að sjálfsögðu nokkurs virði að heyra það, að formaður útvarpsráðs lítur svo á, að það sé eðlilegt, að þessi starfsemi falli undir útvarpslögin. En ég get nú ekki talið hann neinn hæstarétt um það. Og þar sem hæstv. menntmrh. lýsti því yfir, að talið hefði verið, að heimild til sjónvarpsrekstrar hefði falizt í útvarpslögunum, bendir það til þess, að einhver athugun hafi farið fram á þessu og einhver önnur en þeirra sjónvarpsnefndarmanna. Ég vil þess vegna leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvaða lögfræðingar t. d. hafa athugað það mál og hvaða lögfræðingar hafa látið uppi það álit, að ekki þyrfti neina lagaheimild til þess að hefja sjónvarpsrekstur? Ég teldi fróðlegt að sjá svör þeirra þar um.

Sönnun sú, sem hv. þm. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., hugðist færa fram hér fyrir sínu máli, var harla léttvæg, vegna þess að hann tók að bera saman Landssímann og útvarpið og spurði, hvort Landssíminn þyrfti þá ekki nýja lagaheimild til þess að flytja myndir. Þetta er af miklum misskilningi sagt, vegna þess að samkv. lögunum um fjarskipti hefur Landssíminn einkaleyfi á öllum fjarskiptum, sem ekki eru undan tekin. Og það eina, sem undan er tekið, er útvarpsreksturinn. Það er takmörkun, sem þar í felst. Þetta hygg ég, að flestir muni vera sammála um, ef þeir athuga þetta mál.

En það, sem ég gerði athugasemd við, var í raun og veru bara þessi yfirlýsing hæstv. menntmrh., að það væri ekki meiningin nú á næstunni að leggja fram neitt lagafrv. um þetta efni. Ég var alls ekki að saka hann eða aðra fyrir neitt, sem gert hafði verið í þessu efni, og það er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Vesturl., að auðvitað hefur Alþingi óbeint lagt blessun sína yfir það, sem gert hefur verið í málinu. En það haggar ekki því, að auðvitað hafa menn gert ráð fyrir því, að á sínum tíma yrði gengið frá þessu á formlegan hátt og lagt fram lagafrv. um þetta mál, hvort sem það yrði viðbót við eða breyting á útvarpslögunum eða ný, sjálfstæð lög. Að gefnu tilefni frá hv. þm. tek ég það líka fram, að ég álít út af fyrir sig eðlilegt, að þessi starfsemi, sjónvarpsrekstur og útvarpsrekstur, sé undir einum og sama hatti, svo að hann þarf ekki að bera neinn kvíðboga í því efni fyrir minni afstöðu. Og það er sú leið, sem farin hefur verið í nágrannalöndum, að ég held. Mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið gert, án þess að leitað hafi verið lagaheimildar eða útvarpslögin þar hafi verið skýrð á þá lund, sem hann vill vera láta. Ég skal þó taka það fram, að ég hef ekki rannsakað það mál. En alveg án tillits til þess, hvernig þeir hafa hagað sér í þessu efni, álít ég, að okkar vegur sé þarna alveg ljós og útlátalítill, að ganga frá þessu formlega og láta semja frv. um þetta og leita lagaheimildar, hvort sem það verður gert sem viðauki við útvarpslögin eða breyting á þeim. Og hv. formaður útvarpsráðs svaraði ekki þeirri fyrirspurn, sem ég beindi reyndar til menntmrh., en ég gæti trúað að snerti hann ekki minna, en hún var á þá lund: Hvernig hugsar útvarpsráð sér að fara að innheimta afnotagjöld fyrir sjónvarp án þess að leita lagaheimildar þar til?

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, hefur í ræðum sínum dregið það í efa, að fullgildur lagagrundvöllur væri í útvarpslögunum fyrir rekstri sjónvarps á Íslandi. Þar sem hann er prófessor í lögum, er auðvitað skylt að gefa sérstakan gaum að orðum hans um þetta efni. Ég er ekki lögfræðingur, og taldi ég það því skyldu mína við upphaf þessa máls að leita um það álits lögfræðinga, hvort í gildandi útvarpslögum fælist heimild til rekstrar íslenzks sjónvarps. Niðurstaðan varð sú, að skilja bæri útvarpslögin á þann hátt, að í þeim fælist slík heimild. Á grundvelli þessarar niðurstöðu og þessarar vitneskju, sem segja má að ég sjálfur persónulega sé ekki dómbær um, — á grundvelli þessarar lögfræðilegu niðurstöðu hafa framkvæmdir í málinu síðan byggzt. Ef mér hefði verið tjáð, að þessi heimild væri ekki fyrir hendi, jafnvel að hún væri vafasöm, þá hefði ég talið það sjálfsagða og eðlilega skyldu mína að beita mér fyrir þeim smávægilegu breytingum á útvarpslögunum, sem hefðu verið nauðsynlegar til þess að taka af öll tvímæli um þetta efni. Af því að ég hef verið í góðri trú um, að til þess væri ekki ástæða, hef ég ekki beitt mér fyrir því. Ég minnist þess ekki heldur, að af neinum málsmetandi aðila hafi því fram að þessu verið hreyft, t. d. ekki hér á Alþ., að lagagrundvöll skorti.

Það, sem styrkti mig í þeirri trú, að ekki væri þörf á neinum breytingum á útvarpslögunum vegna tilkomu íslenzks sjónvarps, var að sjálfsögðu það atriði, sem hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, benti á í sinni ræðu, að um nokkurra ára skeið starfaði n. til þess að fjalla um undirbúning og áætlunargerð um sjónvarpið,

skipuð beinlínis fulltrúum þingflokkanna, og í þeirri n. var þessu sjónarmiði, að því er ég bezt veit, aldrei hreyft. Ég las álit hennar mjög vandlega, án þess að þar væri að finna einn staf um gagnrýni í þessa átt. Þetta álit n. staðfesti því einnig þá skoðun, sem ég taldi þó rétt og varlegt í upphafi að ganga úr skugga um, að útvarpslögin væru nægilegur lagagrundvöllur undir framkvæmdum í sjónvarpsmálinu. Enn fremur vissi ég það, sem styrkti enn þessa skoðun mína, þótt ólögfærður sé, að með sama hætti hafði verið farið að á hinum Norðurlöndunum. Á öllum hinum Norðurlöndunum fjórum eru sjónvarpsstöðvarnar deild í ríkisútvarpi hlutaðeigandi lands. Að þessu leyti eru grundvallarákvæði löggjafarinnar um útvarpsstarfsemi á hinum Norðurlöndunum fjórum eins eða mjög svipuð, algerlega áþekk lagaákvæðunum hér, svo að sá skilningur virðist hafa verið uppi á öllum hinum Norðurlöndunum fjórum, að unnt væri að efna til sjónvarpsrekstrar á grundvelli þeirra laga, sem þá giltu um radíó, sem þá giltu um útvarp í þeim löndum, án þess að gerð væri sérstök lagabreyting í þeim löndum til þess að gera sjónvarpsreksturinn löglegan, án þess að fá honum sérstakan lagagrundvöll. Þar hefur t. d. alls staðar verið talinn nægur lagagrundvöllur og eðlilegt rekstrarform, að sjónvarpið yrði deild eða hluti af útvarpsstarfseminni, af radíóstarfseminni, og tekin upp þvílík málvenja, eins og nú er að skapast hér, að greina útvarp í tvo þætti, í hljóðvarp og sjónvarp.

Á grundvelli þessarar skoðunar hafa framkvæmdir í málinu verið byggðar, og auðvitað á grundvelli þessarar lagaskýringar á ríkisútvarpslögunum verða afnotagjöld innheimt á sínum tíma. Fyrst lögin veita heimild til þess að innheimta afnotagjöld af útvarpi fyrir hljóðvarpsþjónustu, hljóta lögin einnig að veita fullgilda lagaheimild til að innheimta afnotagjöld af sjónvarpi fyrir sjónvarpsþjónustu.

Hitt er svo annað mál, eins og ég sagði áðan, að til athugunar hefur verið að endurskoða í heild löggjöfina um Ríkisútvarpið, sem er orðin óeðlilega gömul, að því er ég tel. En þá kemur það sjónarmið til greina, sem hv. 5. þm. Vesturl. gat um í sinni ræðu, að margt mælir með að fá fyrst nokkra reynslu af rekstri sjónvarpsins, áður en ný heildarlöggjöf er sett um útvarp, þ. e. um hljóðvarp og sjónvarp. Þó kann að vera nauðsynlegt að gera sérstakar breytingar á einstökum þáttum útvarpslöggjafarinnar. Er það mál til sérstakrar athugunar og kann að koma til kasta þess Alþ., sem nú situr.

**Benedikt Gröndal:** Herra forseti. Mér þykir leitt að deila um keisarans skegg við fyrirrennara minn sem formann útvarpsráðs, merkan lagamann, en viðhorf mitt er óbreytt. Hann viðurkennir, að Landssíminn þurfi ekki vegna síns einkaleyfis til fjarskipta sérstaka lagaheimild til að taka upp nýja gerð fjarskipta. Eins tel ég, að Ríkisútvarpið, sem fer með einkaleyfi til útvarps, þurfi ekki sérstaka lagaheimild til að taka upp nýja gerð útvarps. Ef menn vildu fá niðurstöðu um þetta, hygg ég, að við ættum ekki aðeins að spyrja lögfræðinga, heldur tæknimenn, um það, hvort hljóðvarp og sjónvarp séu ekki í eðli sínu það sama og eigi þar af leiðandi að falla bæði undir sömu löggjöf.

Ég vil að lokum undirstrika það, sem er meira virði í þessum umr., að við erum allir, sem hér höfum talað, sammála um, að orðið sé tímabært að endurskoða löggjöfina um útvarpsrekstur ríkisins. Ástæður fyrir því, að ég og fleiri hafa ekki viljað gera það rétt áður en kemur að sjónvarpinu, eru bæði þær, sem fram hafa komið, að það muni vera æskilegt að fá reynslu af sjónvarpi, og að auki annað atriði, að í þessari löggjöf er ýmislegt, sem getur valdið deilum, t. d. framtíð Viðtækjaverzlunar ríkisins, sem gæti orðið allheitt deilumál. Ég hef persónulega ekki viljað blanda slíkum málum, sem óhjákvæmilega koma upp, þegar lögin í heild verða endurskoðuð, inn í fæðingarhríðir sjónvarpsins.

## 11. Lánasjóður sveitarfélaga.

Á deildafundum 16. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
**Fsp. til ríkisstj. um Lánasjóð sveitarfélaga** [70. mál, 2] (A. 83).

Á 12. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Sveitarfélögum landsins eru ætluð margs konar og mikilsverð verkefni í þjóðfélaginu. Til þess að leysa mörg þeirra verkefna, þurfa sveitarfélögin á miklu lánsfé að halda, meira lánsfé, en þeim hefur reynzt auðvelt að fá hjá lánastofnunum að undanförnu. Óhætt má fullyrða, að lánsfjárskorturinn hefur staðið sveitarfélögunum fyrir þrifum. Á ég þar bæði við vöntun á fé til stofnlána til langs tíma og einnig vöntun á skyndilánum til rekstrar. Sérstaklega knýja þó miklir fjárfestingartímar, eins og nú hafa verið um skeið, fast á í þessum efnum.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur, eins og eðlilegt er, haft lánamálin á dagskrá. Og fyrir áhrif frá þeim samtökum skipaði hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, nefnd 1963 til þess að fjalla um þessi málefni. N. skilaði till. í frv.-formi um lánasjóð sveitarfélaga, og ráðh. lagði frv. þetta fyrir hv. Nd. á seinasta þingi. Frv. hafði inni að halda mikilsverð ákvæði fyrir sveitarfélögin. Það fékk ágætar undirtektir, fór með shlj. stuðningi allra flokka gegnum 1. umr. og til hv. heilbr.- og félmn. í Nd., og mælti n. með samþykkt frv. En síðan ekki söguna meir á því þingi. Hæstv. ríkisstj. virtist, þegar þarna var komið, hafa misst áhugann á þessu frv. sínu. Hún lét það daga uppi. Eitthvað hafði komið fyrir hið innra með henni. En hvað var það? Því hélt hún leyndu, nema ef til vill innan fjölskyldu sinnar?

Mér er óhætt að fullyrða, að þetta urðu sveitarstjórnarmönnum um land allt mikil vonbrigði. Við hv. meðflm. minn að þessari fsp., 3. þm.

Vesturl., ákváðum okkar á milli að taka málið upp á næsta þingi, þ. e. þessu þingi, ef stjórnin endurflytti það ekki. En í haust, þegar hæstv. núv. fjmrh., flutti fjárlagaræðu sína, minntist hann lauslega á málið, og af orðum hans var hægt að láta sér detta í hug, að ríkisstj. mundi endurflytja frv. Við höfum því ekki tekið það upp til flutnings enn, töldum, að eðlilegra væri, að ríkisstj. sjálf legði það aftur fyrir þingið. Hins vegar líður þingtíminn hratt, og frv. gerir ráð fyrir framlagi til lánasjóðsins úr ríkissjóði. Ef lánasjóðurinn á að geta tekið til starfa á næsta ári, eins og nauðsynlegt er að hann geri og engin ástæða er til að mínu áliti að draga, þarf að ætla fé til hans á fjárlögum þeim, sem afgreidd verða væntanlega í næsta mánuði. Flutningur málsins má þess vegna ekki dragast meira en orðið er og hefur raunar dregizt óhæfilega lengi.

Af ástæðum þeim, sem ég nú hef greint, er fsp. fram borin, og leyfi ég mér að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. telji ástæðu til að gefa við henni skýr svör. En fsp. er, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Ætlar ríkisstj. ekki að endurflytja frv. til l. um lánasjóð sveitarfélaga, sem kom fram sem stjórnarfrv. á síðasta þingi, en var af einhverjum ástæðum ekki fylgt eftir til afgreiðslu? Og ef hún ætlar að endurflytja frv., hvers vegna lætur hún það dragast?“

**Fjmrh. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Spurt er: „Ætlar ríkisstj. ekki að endurflytja frv. til laga um lánasjóð sveitarfélaga, sem kom fram sem stjórnarfrv. á síðasta þingi, en var af einhverjum ástæðum ekki fylgt eftir til afgreiðslu? Og ef hún ætlar að endurflytja frv., hvers vegna lætur hún það dragast?“

Svarið við þessari spurningu er það, að í sambandi við athugun á skipulagningu stofnfjáröflunar vegna lánasjóðs atvinnuveganna og framkvæmdaáætlunar ríkisins hafa úrræði til stofnfjáröflunar sveitarfélaga einnig verið til sérstakrar meðferðar. Fyrr en þessari heildarathugun stofnlánamálanna er lokið, er ekki tímabært að taka um það ákvörðun, í hvaða formi lánamál sveitarfélaganna verða lögð fyrir Alþingi. Vænta má niðurstöðu heildarathugunar stofnlánamálanna á næstunni.

**Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson):** Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Svörin voru samt sem áður, að mínu áliti, ekki svo æskileg sem skyldi. Þau bera með sér, að hæstv. ríkisstj. ætlar að fresta lánsstofnunarmáli sveitarfélaganna enn. Það tel ég slæmar fréttir. Vel má vera, að rétt sé að samræma starfsemi stofnlánasjóða þeirra, sem eru starfandi í þjóðfélaginu, og ekki skal ég hafa á móti því, að það sé athugað, hvernig það verður bezt gert og hvernig heppilegast er að afla fjár til slíkra sjóða. En ég er viss um, að sú athugun mun taka langan tíma. Hitt er ég líka viss um, að hún er ekki eins aðkallandi og stofnun lánasjóðs sveitarfélaganna. Frv. um lánasjóðinn er vel undirbúið. Það var undirbúið af n., sem vandaði störf sín mikið, mér er það kunnugt. Og sá sjóður á ekki aðeins að vera stofnlánasjóður, heldur líka fyrirgreiðslustofnun sveitarfélaganna um útvegun rekstrarlána og hagræðingu lánsfjármála yfirleitt. Ég tel, að þennan sjóð megi og eigi að stofna nú þegar, þótt athuga eigi fyrir framtíðina stofnlánasjóðastarfsemina yfirleitt. Auðvitað má þá breyta þessum sjóði, ef ástæða þykir til, en að láta stofnun hans bíða enn óákveðinn tíma er ekki rétt og ekki hyggilegt. Ég get ekki að því gert, að ég gruna hæstv. ríkisstj. um, að hún vilji spara í næstu fjárlögum þær 15 millj., sem frv. gerir ráð fyrir að ríkissjóður leggi árlega til sjóðsins. Ég skal viðurkenna, að sparnaðar kann að vera þörf. En þessi sparnaður er ekki ráðdeildarlegur. Hann hefnir sín með erfiðleikum sveitarfélaganna. Á það ber stjórn ríkisins að líta, svo þýðingarmiklu hlutverki gegna sveitarfélögin.

Ég leyfi mér að skora á hæstv. ríkisstj. að endurflytja frv. sitt frá í fyrra um lánasjóð sveitarfélaga og búa þannig um hnúta, að hann geti tekið til starfa 1966.

Til viðbótar þessum orðum mínum vil ég geta þess, að ráðstefna sveitarstjórnarmanna, sem er rétt afstaðin hér, samþykkti að því er snertir þetta frv. svo hljóðandi yfirlýsingu:

„Ráðstefnan ályktar að fela stjórn sambandsins að fylgja því fast fram, að frv. um lánasjóð sveitarfélaga, sem lagt var fyrir síðasta Alþ., nái fram að ganga á því þingi, sem nú situr.“

Á þessari ráðstefnu voru mættir á annað hundrað menn frá sveitarfélögum landsins, og ég tel fulla ástæðu til þess fyrir hæstv. ríkisstj. að taka þessa ályktun þeirrar ráðstefnu til greina, skylt að gera það.

**Fjmrh. (Magnús Jónsson):** Herra forseti. Ég kaus að svara þessari fsp. í stuttu máli og skýra efnislega aðeins frá því, sem fsp. gaf tilefni til, en gerði ekki ráð fyrir því, að hér yrðu vaktar sérstaklega almennar umr. um lánamál sveitarfélaga. Það hefur að vísu margt í þessum fyrirspurnatímum komið fram á þann veg, að það hafa verið hafnar um það almennar umr. á breiðum grundvelli, en ég er þeirrar skoðunar, eins og raunar margir hv. þm. hafa lýst yfir, að fyrirspurnatímar séu ekki til slíkra umr.

Þar sem hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) hins vegar ræddi hér allmikið efnislega um stofnlánamálin og byggði ræðu sína upp sem framsöguræðu fyrir ýmsum þáttum þess vanda, sem þar er við að glíma, og enda í seinni ræðu sinni vék einnig að þeim efnislega og lét orð falla að því í fyrri ræðu sinni, að hér væri um að ræða sýnilegt áhugaleysi ríkisstj. á þessum vandamálum sveitarfélaganna, þá kemst ég ekki hjá því, herra forseti, að fara aðeins örfáum orðum um það efni.

Það er alveg rétt, að frv. til laga um lánasjóð sveitarfélaga var lagt hér fram á síðasta Alþingi sem niðurstöður af tillögum nefnda, sem um það mál höfðu fjallað. Með framlagningu þess var því engan veginn slegið föstu af ríkisstj., að endilega skyldi þessi leið farin til þess að leysa þennan vanda. Það kemur iðulega fyrir, að frv., sem eru samin af nefndum, eru lögð fram sem stjórnarfrv., án þess að endilega hafi verið tekin nákvæmlega afstaða um það, að þar í mætti engu breyta og skyldi fram ganga eins og n. hefði frá því gengið.

Ástæðan til, að frv. var ekki endanlega afgreitt á síðasta þingi, var sú, að það þótti nauðsynlegt

að athuga betur viss atriði þess, og fólst ekki í því, nema síður væri, nokkur fjandskapur til málsins í heild eða þess vanda, sem átti að reyna að leysa með þessu frv.

Hitt er auðvitað öllum hv. þm. ljóst, að þetta frv. út af fyrir sig, nákvæmlega eins og frá því er gengið, er enginn lífselexír í sambandi við lánamál sveitarfélaga, þannig að það má hugsa sér, að það sé hægt að koma þeim málum fyrir með einhverjum öðrum hætti varðandi fjáröflun og annað. Og þegar ákveðið var af ríkisstj. í sumar að taka til athugunar í senn að víkka grundvöllinn undir framkvæmdaáætlunum, þannig að reyna að láta þær ná einnig til sveitarfélaganna, eins og mikið var rætt um á umræddri ráðstefnu sveitarfélaganna, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. vitnaði til, og jafnframt hlaut að koma til athugunar, með hverjum hætti væri hægt að vinna að stofnfjáröflunarmálum í senn fyrir sjóði atvinnuveganna og til framkvæmda ríkis og sveitarfélaga, þá þótti eðlilegt að taka þessi mál upp sameiginlega og stofnlánamálin í heild í sambandi við athugun á þessu máli öllu saman.

Sveitarfélögin eru vitanlega veigamikill aðili í framkvæmdamálum í landinu á hverjum tíma, og það hefur orðið æ ljósara, eftir því sem reynslan hefur komið betur fram, að það ber brýna nauðsyn til, að þau komi inn í framkvæmdaáætlunargerð, engu síður en ríkið. Samaðild ríkis og sveitarfélaga á svo mörgum sviðum er svo rík, að það er óumflýjanlegt annað en að samræmi sé þar á milli framkvæmda hverju sinni, þannig að sveitarfélög ráðist t. d. ekki í dýrar framkvæmdir, sem ríkið telur sér ekki fært að greiða sinn hluta af, fyrr en svo og svo löngu seinna, og þá jafnframt, að reynt sé að athuga, að það séu ekki lagðar sérstakar byrðar á sveitarfélögin, sem þeim er um megn að rísa undir.

Það mun koma í ljós, enda var það, held ég, greinilega ljóst öllum þeim, sem sátu umræddu sveitarstjórnarmálaráðstefnu nú, að þessi vandamál ríkis og sveitarfélaga eru svo nátengd, að þau verða naumast með góðu móti sundurgreind, og það er öllum ljóst, að það verður að vera fyrir hendi einhver grundvöllur til þess, að sveitarfélögin geti aflað sér lánsfjár. Þar með er ekki sagt, að það eigi að afla þeim lánsfjár til allra þeirra hluta, sem þeim dettur í hug að framkvæma. Þau auðvitað verða að sníða sér sinn stakk, nákvæmlega eins og ríkið verður að gera í sínum framkvæmdamálum. Það eru á hverjum tíma uppi miklu meiri óskir og tillögur um framkvæmdir á vegum ríkisins í mörgum greinum heldur en nokkur leið er að afla fjár til, og það hefur vitanlega komið í ljós við framkvæmdaáætlanir þær, sem gerðar hafa verið. Með því hins vegar að gera þessar áætlanir fyrir fram, sem í einni grein hefur einnig náð til sveitarfélaganna og verið þeim til mikils hagræðis, en það er í sambandi við hafnargerðirnar, þá er þó nokkurn veginn tryggt, að út í þessar framkvæmdir verði ekki ráðizt með þeim afleiðingum, að þær strandi í miðju kafi. Það er engum til góðs og sízt af öllu sveitarfélögunum.

Það er öllum ljóst, að hvað sem líður því frv. um lánasjóð sveitarfélaga, sem hér er um að ræða og ég skal alls ekki gera lítið úr, þá leysir þessi sjóður ekki nema að mjög takmörkuðu leyti þann vanda, sem hér er við að glíma. Það er að vísu gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi í hann 15 millj. og 15 millj. komi frá sveitarfélögunum úr jöfnunarsjóði, sem hvort sem er ætti að renna til sveitarfélaganna og að sjálfsögðu gerir það, ef þessi sjóður verður stofnaður í þessari mynd. Það má því segja, að nýtt fé fyrir sveitarfélögin samkv. þessu frv. sé ekki annað en 15 millj. frá ríkissjóði og svo meira og minna að vísu óákveðið orðalag um það, að sjóðurinn eigi að beita sér fyrir að greiða fyrir rekstrarlánamálum sveitarfélaga og á hinn bóginn að gefa út skuldabréf og freista að sjálfsögðu að selja þau og afla lána til frekari þarfa sveitarfélaganna.

Ég held, að það þurfi að tengja þennan sjóð, þegar hann verður stofnaður, — og ég tel víst, að hann verði stofnaður í einhverri mynd, og nauðsynlegt, — þá þurfi að tengja hann við framkvæmdasjóð ríkisins á þann veg, að það verði reynt að sjá honum raunverulega fyrir því lánsfé, sem nauðsynlegt er hverju sinni til að tryggja framgang framkvæmdaáætlana sveitarfélaga. Og það er auðvitað grundvallaratriði, að frá byrjun sé tryggð samvinna milli hins væntanlega lánasjóðs og framkvæmdasjóðs ríkisins og ríkisvaldsins í sambandi við framkvæmdaáætlunargerð þess.

Þetta tel ég miklu meira höfuðatriði en það, hvort frv. um lánasjóð kemur fram fyrr eða seinna. Og þó að sveitarstjórnarmálaráðstefnan hafi, svo sem hv. þm. sagði, samþ. ákveðna till. um, að þetta frv. yrði flutt nákvæmlega í því formi, sem það er hér, þá tel ég ekki, að það þurfi að sanna neitt um, að það sé rétt að gera það. Ég lýsti ákveðið skoðun minni á ráðstefnu sveitarfélaganna um þennan vanda, sem ég hef hér farið nokkrum orðum um, og að það væri mikill vilji hjá ríkisstj. fyrir því að reyna að greiða fyrir lánsfjármálum sveitarfélaganna. Ekki sízt ef framkvæmdamálum þeirra yrði komið í eðlilegt horf og framkvæmdaáætlanir þeirra gerðar í samræmi við framkvæmdaáætlanir ríkisins hverju sinni, þá væri mikill vilji fyrir því að reyna að leysa úr þeim vandkvæðum, sem sveitarfélögin eiga hér við að stríða. Ég tók það hins vegar skýrt fram, að hvort það yrði nákvæmlega gert á þennan hátt, sem hér er gert, eða ekki, það álít ég ekki öllu máli skipta. Og mér er það ekkert launungarmál, sem ég býst einnig við að hv. þingmönnum sé fullkomlega ljóst, miðað við þær ástæður, sem eru hjá ríkissjóði nú, að ég tel ekki miklar líkur til þess, að það sé auðið að leggja á ríkissjóð að leggja fram 15 millj. kr. í þennan lánasjóð, eins og nú er ástatt um og horfur um fjárhag ríkissjóðs á næsta ári. Á síðasta þingi var þetta frv. lagt fram og þá með þeim fyrirvara, að þetta kæmi ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1966, án þess að nokkur vissa væri fyrir um það, hvernig horfur yrðu þá með fjárhag ríkissjóðs. Það er hins vegar öllum hv. þm. ljóst, hverjar slíkar horfur eru, og ég er ekki alveg sannfærður um, að það sé almennt fylgi fyrir því hér á hinu háa Alþingi, að endilega þær 15 millj. kr., ef til væru, væri rétt að leggja í einhvern lánasjóð í stað þess að verja þeim til ýmissa ákveðinna þarfa, sem Alþingi ráðstafaði fé til. Með þessu er ég ekkert að segja um, að það verði ekki lögð fjárhæð af ríkisins

hálfu til lánasjóðsins, þegar þar að kemur, það er allt annað mál. En út af því, sem hv. þm. sagði beinlínis um nauðsyn þess að taka málið upp núna, áður en fjárl. verða afgreidd, þá tel ég ekkert á móti því, að þetta komi fram, að ég tel ekki auðið, eins og sakir standa nú, að leggja fram það fé, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja frekar um þetta mál, ef ekki gefast tilefni til þess. En ég vil aðeins endurtaka það, að þetta mál er í athugun og sérstaklega þetta frv. samhliða þeim tillögum eða athugunum, sem uppi hafa verið um fjárfestingarlánamálin almennt, og ég tel mig geta fullyrt, að það muni birtast innan tíðar ásamt þeim málum, þegar þau liggja endanlega fyrir. Og það er eins og var lýst yfir af hæstv. forsrh. í upphafi þings í haust, þá er ákveðið, að um þau efni verði sett löggjöf nú á yfirstandandi þingi.

**Halldór E. Sigurðsson:** Herra forseti. Á þingi, sem haldið var á vegum íslenzkra sveitarstjórna sumarið 1962, mun það hafa verið, flutti þáv. fjmrh., sem þá fór með sveitarstjórnarmál, Gunnar Thoroddsen, ræðu, þar sem hann boðaði, að hann mundi beita sér fyrir því, að sett yrði löggjöf um lánasjóð sveitarfélaga eða banka fyrir þau. Ég held, að engu máli, sem fram kom á því þingi, hafi verið jafnvel tekið, því beinlínis fagnað, þegar ráðh. flutti þennan boðskap sinn í ræðu þeirri, þegar hann ávarpaði þingið í upphafi þess. Hann var þá búinn að skipa n. til þess að vinna að framkvæmd þessa máls. Þessi n. skilaði áliti til ráðh., og seint á þinginu í fyrravetur var þetta frv. lagt fram hér á hv. Alþ. Áður en það var lagt fram hér á hv. Alþ., átti ráðh. tal við nokkra menn úr stjórnarandstöðuflokkunum til þess m. a. að tryggja það, að málið næði fram að ganga. Í því sambandi ræddi hann við hv. 1. þm. Norðurl. e. og mig úr Framsfl. og bað okkur að athuga það sérstaklega í okkar flokki, sem við og gerðum og fengum fyrir því fylgi í þingflokknum, að flokkurinn mundi greiða götu málsins í gegnum þingið í fyrravetur, þannig að hann mundi ekki flytja við það brtt. eða gera á því stigi þær athugasemdir, sem hann mundi að öðrum kosti hafa gert, til þess að málið næði fram að ganga. Þó fór svo á þessu þingi, að málið var ekki afgreitt og hefur ekki verið sýnt á því hv. Alþ., er nú situr að störfum.

Í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. á s. l. hausti tók ég eftir því, að hann boðaði, að þetta mál mundi koma fram á þessu þingi í einhverri mynd. Nú hefur það komið fram í svörum hæstv. ráðh. við þessari fsp. okkar, að hann dregur það í efa, að ég held, að málið komi fram í þeirri mynd, sem það var lagt fyrir hv. Alþ. í fyrra. Og ég verð að segja, að ég harma það, ef svo er, og vildi gjarnan vona, að ég hefði misskilið það. Ég held, að það verði svo fyrir fleiri sveitarstjórnarmönnum, að þeim finnist miður farið, ef málið verður ekki lagt fram í þeirri mynd, sem það var gert hér í fyrra, sem sérstakur lánasjóður fyrir sveitarfélögin. Ég held, að hæstv. fyrrv. fjmrh., sem var kunnugur sveitarstjórnarmálum sem fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík, hafi áttað sig alveg rétt á eðli þessa máls og því hafi hann borið þetta frv. fram.

Ég held, að það sé öllum ljóst, að þó að settur yrði upp lánasjóður, mundi hann ekki verða við óskum allra sveitarfélaga landsins um að lána þeim til allra hugsanlegra framkvæmda. Það dettur ekki þeim mönnum í hug, sem fyrir sveitarfélögum standa. Hitt eru þeir vissir um, að lánasjóðurinn mundi greiða úr þessum málum og það mundi komast betra skipulag á lánaþörf sveitarfélaganna með stofnun lánasjóðsins. Ég er sannfærður um, að hann er spor í rétta átt, og ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. virði svo mikils ályktun, er ráðstefna sveitarfélaganna um fjármál gerði í dag um þetta efni, að hann hlutist til um, að þetta mál nái fram að ganga á yfirstandandi Alþingi.

## 12. Endurskoðun laga um hlutafélög.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
**Fsp. til dómsmrh. um endurskoðun laga um hlutafélög** [52. mál, 2] (A. 55).

Á 9. fundi í Sþ., 3. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 10., 12. og 13. fundi í Sþ., 10., 17. og 24. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. enn tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Jónas G. Rafnar):** Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 55 að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. dómsmrh., hvað líði endurskoðun l. um hlutafélög.

Lög um hlutafélög eru frá árinu 1921, og á þeim hafa síðan óverulegar breytingar verið gerðar. Þau munu á sínum tíma að mestu leyti hafa verið samin eftir dönskum l. frá 1917. Síðan nefnd löggjöf var sett, hefur að sjálfsögðu fengizt mikil reynsla, bæði hér á landi og erlendis, um lagareglur, er að hlutafélögum lúta, og þá um leið varðandi kosti og galla hlutafélagsformsins. Þetta hefur m. a. leitt til þess, að samþ. voru í Danmörku ný lög um hlutafélög árið 1930 og skipuð var n. af Norðurlandaþjóðunum, — Íslendingar munu þar þá ekki hafa verið þátttakendur, — til að gera till. um samræmda löggjöf fyrir öll löndin á þessu sviði. Á árinu 1944 voru sett í Svíþjóð mjög ýtarleg lög um hlutafélög.

Á Alþ. 1948 var samþ. ályktun þess efnis að skora á ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á l. nr. 77 frá 1921, um hlutafélög, og l. nr. 42 frá 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð. Samkv. þessari ályktun skipaði þáv. dómsmrh. hæstaréttardómaranna Árna Tryggvason og Þórð Eyjólfsson til að framkvæma þessi störf. Gengu þeir síðan frá frv. til hlutafélagalaga, sem lagt var fram á Alþ. 1952, en var þá ekki afgreitt. Á næsta þingi var frv. svo aftur lagt fram, afgr. til Nd. með nokkrum breytingum, en dagaði uppi. Frv. hæstaréttardómaranna mun að verulegu leyti hafa verið samið eftir sænsku l.

frá 1944, en tillögugerð þó við það miðuð, að hún hæfði sem bezt íslenzkum staðháttum. Frv. er ýtarlegt, í einum 16 köflum.

Miðað við þær stórfelldu breytingar í þjóðfélagsháttum okkar Íslendinga síðustu áratugina, má segja, að l. um hlutafélög frá 1921 hafi reynzt vel. Þau eru rúmt orðuð og ná þannig yfir flest tilvik, sem fyrir koma. Hins vegar þarfnast þau nú endurskoðunar. Með bættum efnahag almennings má gera ráð fyrir, að þeim þjóðfélagsborgurum fjölgi, sem gerast vilja beinir þátttakendur í atvinnurekstri. En þá ber nauðsyn til að tryggja sem bezt hagsmuni þessara aðila, sem koma til með að nota sér hlutafélagsformið. Við þá endurskoðun ber að hagnýta sér okkar eigin reynslu og reynslu annarra þjóða. Því er spurt, hvort ekki sé að vænta frv. um þetta efni, sem þá að sjálfsögðu mundi miðast við allar aðstæður, eins og þær eru nú í dag, sem mjög eru breyttar frá því, sem var fyrir 40 árum.

**Dómsmrh. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Ég bið hv. fyrirspyrjanda, 2. þm. Norðurl. e., velvirðingar á því, að það hefur dregizt nokkuð að svara þessari fsp., frá því að hún var lögð fram. En þær ástæður lágu til þess, að ég taldi nauðsynlegt að hafa samband við Árna Tryggvason núv. sendiherra okkar í Stokkhólmi, en hann hefur haft ásamt með Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara með meðferð endurskoðunar á hlutafélagal. að gera, og nú nýlega, eða 29. nóv., barst mér frá honum nokkur grg. um málið, sem ég vildi leyfa mér að vitna til til svars við þessari fsp., sem hér er fram borin. Hún hljóðar svo:

„Eftir beiðni dómsmrh. skal hér með gerð nokkur grein fyrir störfum til endurskoðunar á íslenzkri hlutafélagalöggjöf og norrænni samvinnu á því sviði.

Gildandi íslenzk hlutafélagalög eru frá 1921 með örfáum breytingum, en þau lög voru mjög sniðin eftir hinum fyrstu dönsku hlutafélagalögum frá 1917. Eru þau að sjálfsögðu orðin mjög úrelt og ófullkomin miðað við hina miklu notkun og þýðingu hlutafélagaforms í þjóðfélagi nútímans.

Á árinu 1948 ályktaði Alþ. að skora á ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á gildandi hlutafélagalögum. Fól þáv. dómsmrh., dr. juris Bjarni Benediktsson, á sama ári þáv. hæstaréttardómurum Árna Tryggvasyni og dr. juris Þórði Eyjólfssyni endurskoðun þessa. Og frv., sem í meginatriðum var byggt á till. þeirra, var lagt fram á Alþ. 1952 og 1953, en hlaut eigi fullnaðarafgreiðslu. Síðan var ekkert aðhafzt í málinu, unz sami dómsmrh. fól síðari hluta ársins 1961 þeim Árna Tryggvasyni og Þórði Eyjólfssyni að taka af Íslands hálfu þátt í því norræna samstarfi, sem hafizt hafði í byrjun sama árs í þeim tilgangi að koma á auknu samræmi í norrænni hlutafélagalöggjöf. Hafa umr. um þessi efni síðan farið fram tvisvar á ári með þátttöku fulltrúa allra Norðurlanda. Hefur Árni Tryggvason tekið þátt í flestum þeim ráðstefnum, Þórður Eyjólfsson í einni þeirra ásamt Svavari Pálssyni endurskoðanda. Til notkunar við umr. hefur m. a. legið frammi erlend þýðing á íslenzka frv. frá 1952.

Að fyrirlagi viðkomandi ráðh. allra Norðurlandanna var verkefni fulltrúanna á árinu 1962 fært út á þann veg, að það nær til þess að semja, eftir því sem tök eru á, uppkast að samkynja norrænum reglum á sviði hlutafélagalöggjafar. Að ósk allra fulltrúanna hefur formaður finnsku nefndarinnar fyrir nokkru samið drög að slíku frv., að stærð um 150 greinar eða svipað íslenzka frv. frá 1952, þ. e. um 80 gr. færri en nú eru í sænsku l. frá 1944, sem að áliti allra fulltrúa eru, þótt vönduð séu, of ýtarleg og margbrotin. Framangreint bráðabirgðauppkast er nú til nánari athugunar á ráðstefnu norrænu fulltrúanna, en næsta ráðstefna verður haldin í Stokkhólmi í marzmánuði n. k. Margs konar ágreiningur er enn óleystur um ýmis atriði, smærri og stærri. En sjónarmið virðast um margt samræmast meir og meir. Fulltrúar hinna einstöku þjóða gera þó ákveðna fyrirvara um hugsanlegar sérreglur í sinni löggjöf. Af Íslands hálfu hefur m. a. verið gerður fyrirvari um hugsanlegar sérreglur um svokölluð lítil hlutafélög, svo og um aðild og áhrif erlendra, þ. á m. norrænna, ríkisborgara og fyrirtækja í íslenzkum hlutafélögum. En sjónarmið hinna fulltrúanna eru andstæð því, að víðtækar takmarkanir séu gerðar á því sviði. Á þessu stigi málsins verður samkv. framansögðu ekki sagt með vissu, hvenær vænta megi endanlegrar vitneskju um, hvort nefnt samstarf um samræmingu norrænnar hlutafélagalöggjafar beri árangur eða ekki."

Af þessu stutta yfirliti má sjá, að það má segja, að endurskoðun hlutafélagal. sé tvíþætt: annars vegar endurskoðun á okkar íslenzku löggjöf, sem hafin var fyrir allmörgum árum eða 1948 og kom m. a. fram í frv., sem lögð voru fyrir þingið 1952 og 1953, og hins vegar á síðara stigi þessa máls að láta þessa endurskoðun íslenzku löggjafarinnar, eftir því, sem verða má, verða samferða norrænni endurskoðun eða endurskoðun hlutafélagalöggjafar hinna Norðurlandanna og þá um leið samræmast þeirri löggjöf að meira eða minna leyti, á sama hátt og við höfum á undanförnum árum og í vaxandi mæli við tilkomu Norðurlandsráðs samræmt okkar löggjöf ýmsum löggjafaratriðum norrænnar löggjafar. Nú er gert ráð fyrir, að í marzmánuði verði fundur í sambandi við þessa endurskoðun á samnorrænni löggjöf á þessu sviði, og það kann að liggja nánar fyrir eftir þann fund, hvers vænta má um framgang þeirrar endurskoðunar, og Árni Tryggvason hefur lagt til, að við leggjum nokkra aukna áherzlu á þátttöku einmitt í þessari ráðstefnu, sem fram undan er, og leggjum í það meiri vinnukraft en við höfum getað gert fram til þessa. Mér er kunnugt um, að Þórður Eyjólfsson mun sennilega ekki telja sig hafa aðstöðu til þess að taka þátt í áframhaldandi vinnu á sviði þessarar norrænu samræmingarlöggjafar, en hins vegar hygg ég, að treysta megi því, að hann geti orðið til ráðuneytis við sjálfa endurskoðunina hér innanlands, sérstaklega að svo miklu leyti sem hún víkur frá þeim norrænu till., sem fram kunna að koma.

Þess var getið, að Svavar Pálsson hefði tekið þátt í einum þessara funda Norðurlandafulltrúa. Það var á s. l. ári, og lét hann þá í té álitsgerð, sérstaklega um þá þætti löggjafarinnar, sem hann öðrum fremur fjallaði um, og það var um bókhaldið, bókhaldsskyldu, reikningshald og

annað slíkt. Ég vil sérstaklega geta þess, að hann tekur fram í inngangi að þessum aths. sínum, að „um svo verulegar breytingar er að ræða frá núgildandi löggjöf um sama efni, að mér finnst vera full þörf á því að láta athuga öll þessi mál mjög vandlega, áður en lengra er haldið, og fá þá t. d. fulltrúa frá bönkum, atvinnurekendum og endurskoðendum til þeirrar athugunar auk þeirra lögfræðinga, sem að málinu hafa unnið". Ég held, að hér sé um athyglisverða ábendingu frá endurskoðendum að ræða, og hef hugsað mér, að það gæti verið heppilegt eftir þessa marz-ráðstefnu að fá fulltrúa frá þessum aðilum eða öðrum til þess að ganga betur í málið út frá því sjónarmiði, hvort við eigum að reyna að undirbúa íslenzka löggjöf sem fyrst, e. t. v. fyrir næsta þing, og binda okkur ekki eins mikið og verið hefur nú síðustu árin við hugsanlega samvinnu við hin Norðurlöndin á þessu sviði, enda mætti þá endurskoða slíka löggjöf síðar, ef þurfa þætti. En þetta segi ég vegna þess, að það dylst engum, að það er orðin mikil þörf á endurskoðun íslenzku hlutafélagalöggjafarinnar. Inn í það mál kynnu einnig að blandast önnur atriði, sem reyndar hafa verið til meðferðar hér á Alþ. og eru að vísu viðtækari og snerta ekki aðeins hlutafélagalöggjöfina. Þar á ég við till., sem samþykktar hafa verið hér á þingi um eftirlit með félagasamsteypum hér á landi, og það kynni að hafa sína þýðingu, að það mál væri haft í huga við endurskoðun hlutafélagalöggjafarinnar.

Ég skal geta þess, að þegar ég tók við dómsmrh.-embættinu í nóvembermánuði 1963, hafði fyrirrennari minn þar fengið Theódór Líndal til þess að semja uppkast að frv. til l. um eftirlit með félagasamsteypum. Ég kynnti mér það mál nokkuð rækilega og átti um það viðræður við Theódór Líndal, en hef ekki treyst mér fram til þessa að flytja það frv. og tel, að það þurfi töluvert miklu nánari athugunar við, en hins vegar fléttast það að sjálfsögðu inn í svo víðtæka félagalöggjöf hjá okkur eins og hlutafélagalöggjöfin sjálf er. Hún er líka orðin augljóslega mikið vandamál, sem snertir nokkuð mál eins og félagasamsteypur og eftirlit með þeim og áhrif slíkra samsteypna á verðmyndun og rekstur félaga. Það hefur t. d. vakið verulega mikla athygli hér á landi á þessu ári, að annað af hinum stóru flugfélögum hér hefur gert verulega tilraun til þess með hlutafjárkaupum að verða ráðandi um rekstur hins hlutafélagsins, Flugfélags Íslands. Það er enginn vafi á því, að bæði þessi félög hafa notið mikillar velvildar frá ríkisvaldi á hverjum tíma og einnig hér í sölum Alþ. Þó er á það að líta, að mikil auðsöfnun hjá öðru þessara félaga er að verulegu leyti vegna sérstakrar aðstöðu Íslands í sambandi við önnur ríki og að verulegu leyti fyrir tilstuðlan opinberra stjórnvalda, og ég get ímyndað mér, að það sé ekki að öllu leyti vel séð, að slík auðsöfnun á tíma sé notuð til þess að kaupa sér yfirráð í öðrum félögum, sem rekin eru á sama vettvangi. Allt þetta gæti verulega komið til athugunar í sambandi við endurskoðun á hlutafélagalöggjöfinni. Það rísa þarna upp fleiri vandamál, eins og t. d. um stórt hlutafélag, Eimskipafélag Íslands, en á hendur félagsins sjálfs hafa á undanförnum árum færzt æ fleiri og fleiri hlutabréf, sem þá stjórn félagsins sjálf hefur farið með, og hefur þetta valdið töluverðum umræðum og erfiðleikum á aðalfundum félagsins, og ég veit, að það er mikið áhugamál þeirra, sem þarna standa í fyrirsvari, hvernig skipa skuli þessum málum, því að eftir því sem hlutabréfin færast meir á hendur félaganna sjálfra og þá meira og minna ótakmörkuð yfirráð félagsstjórnanna, þá færist úr skorðum það eðlilega hlutafélagaform, sem okkar löggjöf gerir ráð fyrir. Á síðasta aðalfundi Eimskipafélagsins kom þetta nokkuð til umræðu, eins og ég sagði, og vék ég þá einmitt að því, að það kynni að vera eðlilegt, að atriði eins og þessi, sem ég nú hef nefnt, kæmu verulega til athugunar í sambandi við endurskoðun hlutafélagalaganna og ábendingar, sem komið hafa fram um nauðsyn eftirlits með félagasamsteypum og hringamyndunum í landinu.

Það hefur einnig á síðari árum komið upp vaxandi áhugi fyrir almenningshlutafélögum hér á landi. Löggjöf okkar gerir í sjálfu sér lítla sem enga grein fyrir þeim, og að svo miklu leyti sem menn vildu örva slíka félagsmyndun, yrði að sjálfsögðu að taka afstöðu til þess í sambandi við endurskoðun hlutafélagalaganna.

Og loks minnist ég svo enn á eitt atriði, sem ekki er hvað veigaminnst, að hér geti komizt upp verðbréfamarkaður og skapazt frjáls kaup og sala á hlutabréfum, sem alls ekki hefur verið hjá okkur, en hins vegar er gert ráð fyrir í endurskoðun löggjafar um bankakerfið, eins og mönnum er kunnugt um, og reyndar hefur verið gert ráð fyrir því á síðari árum, að Seðlabankinn hefði forgöngu um að koma upp slíkum almennum verðbréfamarkaði, sem mikla þýðingu gæti haft í sambandi við starfsemi hlutafélaga og þá við slíka og jafnvíðtæka löggjöf hlutafélagalaga eins og hér hefur verið vikið að.

Ég held, að því miður geti ég ekki á þessu stigi málsins gefið nánari svör við þessu, en menn sjá af því, að verulega hefur verið unnið að því að taka þátt í norrænni samvinnu um endurskoðun hlutafélagalaganna, og óhjákvæmilega er fram undan hjá okkur sjálfum að hyggja að því, hvort við höfum ráð á því lengur að bíða eftir niðurstöðum þeirrar endurskoðunar, en verðum ekki hvað úr hverju að hefja aftur þá endurskoðun löggjafarinnar, sem hér var stofnað til 1948 og frv. voru lögð fyrir Alþ. um 1952 og 1953, án þess þau bæru þá árangur, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

**Fyrirspyrjandi (Jónas G. Rafnar):** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans svör, en þau gefa það til kynna, að endurskoðun l. um hlutafélög stendur enn yfir og vænta megi frv. um það félagsform innan tíðar hér á hæstv. Alþ.

## 13. Kísilgúrverksmiðja.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
**Fsp. til iðnmrh. um kísilgúrverksmiðju** [75. mál, 1] (A. 91).

Á 13. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson):** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 91 fyrirspurn í 4 liðum varðandi kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Spurt er:

„1) Hafa verið teknir upp samningar við aðra erlenda aðila um þátttöku í kísilgúrvinnslu og sölu en ráð var fyrir gert í rökstuðningi fyrir lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, og ef svo er, hve langt eru þeir samningar á veg komnir og hver eru meginatriði þeirra?

2) Er fyrirhugað að leggja samninga, er gerðir verða við aðra aðila og á öðrum grundvelli en ráð var fyrir gert í grg. ríkisstj. með frv. til l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, fyrir Alþingi?

3) Hvað líður athugunum á þeim hættum og vörnum gegn þeim, sem leiða kann af byggingu kísilgúrverksmiðju við Mývatn fyrir dýralíf í Mývatni og við Mývatn?

4) Hvaða samráð hefur verið haft eða er fyrirhugað við Mývetninga og þ. á m. við landeigendur og eigendur veiðiréttar í Mývatni um starfrækslu fyrirhugaðrar kísilgúrverksmiðju?"

Ástæðan fyrir þessari fsp. minni er í stuttu máli þessi:

Með lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sem samþ. voru á Alþ. vorið 1964, var heimilað í 4. og 6. gr. þeirra laga, að ríkið og sá erlendi aðili, sem samvinna verður við höfð, eins og þar segir, verði aðalstofnendur þriggja hlutafélaga, sem mynduð yrðu: í fyrsta lagi um skipulagningu og annan undirbúning að rekstri verksmiðjunnar, en þetta yrði bráðabirgðafélag, sem leyst yrði upp, er undirbúningi væri lokið, í öðru lagi um byggingu og rekstur fyrirhugaðrar verksmiðju og í þriðja lagi um dreifingu og sölu afurða verksmiðjunnar. Skyldi ríkið eiga a. m. k. 51% í hinum tveim fyrrgreindu hlutafélögum.

Öllu nákvæmari eru hin beinu lagafyrirmæli ekki varðandi hina erlendu samvinnu. Á hinn bóginn tekur grg., sem frv. fylgdi, og fylgiskjöl, sem lögð voru fram með frv., af allan vafa um tilgang og nánari framkvæmd þessara fyrirmæla laganna. Hinn erlendi samvinnuaðili er þá þegar ákveðinn og fyrirhuguð samvinna við hann nákvæmlega tilgreind í einstökum atriðum í samningi eða samkomulagi, sem birt er sem fskj. nr. VII með grg. frv. Í upphafi þessa samnings segir, að hann hafi verið staðfestur af AIME, þ. e. a. s. hinum þegar fastákveðna erlenda samvinnuaðila, og af ríkisstj. Íslands. Varðandi staðfestingu ríkisstj. Íslands segir síðan: Staðfestingin var að sjálfsögðu með þeim fyrirvara, að Alþ. veitti nauðsynlega lagaheimild til að framkvæma samkomulagið. Síðan koma algerlega bindandi skuldbindingar um stofnun undirbúningsfélagsins og eignaraðild að því, stjórn o. s. frv., en hins vegar er endanleg ákvörðun um samvinnu um byggingu og rekstur verksmiðjunnar og um stofnun sölufélags háð því, að undirbúningi ljúki með fullnægjandi árangri að beggja dómi. En samningurinn tiltekur einnig nákvæmlega, hvernig sú samvinna skuli fara fram, ef til komi, sem lítill vafi virðist á eftir anda og ákvæðum samningsins.

Nú hafa verið uppi um það meira eða minna óljósar fregnir allt síðan á s. l. vori, að á ferðinni væri, að teknir yrðu upp samningar og samvinna í þessu máli við allt aðra aðila en þann eina erlenda aðila, sem um var að ræða, þegar nefnd lög voru sett, og enginn vafi getur á leikið, að verið var að heimila samvinnu við með samþykkt á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og Námuskarð, eins og allt það mál var lagt fyrir hér á hv. Alþ. Því þykir mér ástæða til að spyrja og fá greinileg svör við því, hvaða ástæður hafi valdið því, að samningurinn við AIME frá 27. febr. 1964 hafi ekki komið til framkvæmda og hvað hafi yfirleitt síðan gerzt í málinu. En það var einmitt þessi samningur, sem raunverulega var verið að staðfesta með samþykkt laga um þessa verksmiðju. Í framhaldi af því verður líka að telja eðlilegt, að spurt sé um fyrirhugaða málsmeðferð og öflun nýrra heimilda frá Alþ., ef sá grundvöllur er brostinn, svo sem vera virðist, sem öll lagasetningin varðandi hina erlendu samvinnu var á sínum tíma byggð á.

Varðandi tvo síðari hluta fsp. vil ég segja þetta:

Það er alkunnugt, að ýmsar tegundir nútíma verksmiðjurekstrar eru meira eða minna varhugaverðar frá sjónarmiði náttúruverndar, dýralífs og gróðurs og þeim mun varhugaverðari sem meira er að vernda af náttúruverðmætum, sem ekki verða metin til fjár, en geta verið óbætanleg jafnvel öðrum fremur. Við frumathugun á kísilgúrvinnslu við Mývatn mun ekki ýkjamikið hafa verið hugað að þessu mikilvæga atriði, og bendir það til þess, að hvergi er á það minnzt í grg. með frv., sem samþ. var síðar sem lög frá Alþ. Ætla ég þó ekki neinum, sem forgöngu hefur haft í þessu máli, að vilja fljóta sofandi að feigðarósi á þann hátt að leggja í verksmiðjurekstur, sem hætt gæti hinu stórfenglega náttúruríki við Mývatn, sem engan á sinn líka hér á landi og jafnvel þó að miklu víðar væri leitað. Nýleg blaðaskrif um þessi efni, m. a. frá hendi vel menntaðs líffræðings, hafa vakið upp nokkurn vafa um það, hvort hér væri staðið að málum og gætt þeirrar varfærni, sem frekast væri unnt, og því þykir mér einnig ástæða til að spyrja um, hvaða ráðgerðir eru uppi varðandi þetta atriði, og einnig, hvort eðlilegt samráð hafi verið haft við Mývetninga í þessum efnum, því að engum hygg ég betur treystandi til þess að gæta þess, að ekki sé óvarfærnislega að farið, heldur en þeim, sem þá sveit byggja.

**Dómsmrh. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Það er mjög eðlilegt, að þessar fsp. á þskj. 91 eru fram komnar, og hefur hv. fyrirspyrjandi gert nánari grein fyrir þeim.

Í fyrsta lagi er um það spurt, hvort teknir hafi verið upp samningar við aðra erlenda aðila um þátttöku í kísilgúrvinnslu og sölu en ráð er

fyrir gert í rökstuðningi fyrir lögum um kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn. Um þetta liggja nú fyrir, held ég, nokkuð ljósar upplýsingar. Iðnmrn. hefur sent frá sér fréttatilkynningar þar að lútandi, en ég skal að öðru leyti svara þessu nánar.

Þegar lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn voru samþ. á Alþ. vorið 1964, hafði verið gert bráðabirgðasamkomulag við hollenzka fyrirtækið AIME um samvinnu um vinnslu og sölu kísilgúrs úr Mývatni. Á grundvelli samkomulags þessa var Kísiliðjan hf. stofnuð í júní 1964 af íslenzka ríkinu og hinu hollenzka fyrirtæki til þess að annast endanlega skipulagningu og annan undirbúning kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Skv. samkomulaginu skyldu aðilar stofna tvö félög: framleiðslufélag og sölufélag, þegar fyrrnefndum undirbúningi væri lokið með þeim árangri, sem báðir aðilar teldu viðunandi. Snemma á þessu ári voru báðir aðilar sammála um, að afstaðnar athuganir og rannsóknir réttlættu það, að ráðizt yrði í byggingu verksmiðjunnar.

Þegar á reyndi var hollenzka fyrirtækið hins vegar ekki reiðubúið til að efna samkomulagið af sinni hálfu að fullu með því að taka þátt í stofnun framleiðslufélagsins og sölufélagsins, þar sem slík þátttaka yrði því fjárhagslega ofviða vegna annarra fjárfrekra framkvæmda, sem það gerði grein fyrir, að það hefði nýlega lagt í. Í staðinn bauðst það til að annast sölu kísilgúrsins gegn ákveðnum sölulaunum. Ríkisstj. taldi slíkt fyrirkomulag óviðunandi, eftir að henni hafði verið gerð grein fyrir því, þar sem það gæfi enga tryggingu fyrir sölu kísilgúrsins. Varð því að ráði að kanna möguleika á framleiðslu og sölu kísilgúrsins í samvinnu við aðra erlenda aðila, og í þeim tilgangi hafa verið teknar upp viðræður við bandaríska fyrirtækið Johns-Manville. Af hálfu ríkisstj. hafa tekið þátt í viðræðum þessum þeir Magnús Jónsson fjmrh., dr. Jóhannes Nordal bankastjóri, Karl Kristjánsson alþm., Pétur Pétursson forstjóri og Halldór Jónatansson lögfræðingur. Viðræður þessar hafa verið jákvæðar til þessa, en þær verða ekki til lykta leiddar fyrr en á næsta ári, þar sem beðið er eftir niðurstöðum af rannsóknum Johns-Manville á sýnishornum úr Mývatni.

Þá er spurzt fyrir um í öðru lagi, hvort fyrirhugað sé að leggja samninga, ef gerðir verða við aðra aðila en upphaflega var ráðgert og á öðrum grundvelli, fyrir Alþ. Um það vil ég segja þetta:

Lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 1964, veita almennan rétt til samvinnu við erlendan aðila um framleiðslu og sölu kísilgúrsins, og takmarkast lögin því ekki við hollenzka félagið AIME og samvinnu við það. Ég tel hins vegar rétt, að Alþ. verði gerð grein fyrir til hlítar, ef og þegar fyrir liggja hugsanlegar breytingar frá því, sem áður var ráðgert við afgreiðslu málsins í þinginu. Að svo miklu leyti sem aðstöðubreytingar kynnu að leiða til þess, að nauðsyn væri breyt. á löggjöf, verður að sjálfsögðu ekki hjá því komizt, að málið komi að nýju fyrir Alþ. En ég vil leggja á það áherzlu, að ég tel engu að síður rétt, að þinginu verði gerð grein fyrir málinu, þó að ekki sé nauðsyn sérstakrar lagabreytingar, vegna þess, hvernig lögin í upphafi voru samþykkt. En það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að þm. höfðu við afgreiðslu þess máls ástæðu til þess að ætla, að samningar við erlenda aðila væru í tilteknu formi, eins og fskj. báru með sér.

Þá er í þriðja lagi spurt um, hvað líði athugunum á þeim hættum og vörnum gegn þeim, sem leiða kann af byggingu kísilgúrverksmiðju við Mývatn fyrir dýralíf í Mývatni og við Mývatn.

Um það vil ég segja þetta: Undirbúningur kísilgúrvinnslu við Mývatn hefur allur miðazt við það að forðast bæði tjón á dýralífi þar og náttúruspjöll. Þannig var verksmiðjunni ráðgerður staður í Bjarnarflagi við Námaskarð, í um 3 km fjarlægð frá vatninu. Hinn 4. maí s. l. ritaði Kísiliðjan hf. náttúruverndarráði bréf og óskaði álits þess á hinum fyrirhuguðu framkvæmdum félagsins við Mývatn. Í framhaldi af þessu lét Baldur Líndal, sem hefur verið sérfræðilegur ráðunautur í þessum kísilgúrmálum, náttúruverndarráði í té 2 grg. um, hvaða úrgangsefni sé um að ræða við framleiðslu kísilgúrs og hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, að þau valdi tjóni á dýralífi og jurtagróðri Mývatns og umhverfis, svo og hvernig tryggt verði, að olía komist ekki í vatnið. Skv. grg. Baldurs Líndals eru úrgangsefni þessi þrenns konar: gastegundir, ryk og fráræst efni. Fyrirhugað er, að verksmiðjan noti salt til efnaglæðingar á gúrnum, og mun reykurinn frá verksmiðjunni því innihalda nokkuð af bundnu og óbundnu klóri. Hins vegar er fyrirhugað, að reykháfurinn verði 25 m hár, og er þá álitið, að skaðlegra áhrifa muni ekki gæta. Kísilryk mun verða í reyknum frá verksmiðjunni og einnig í útblæstri frá þurrkurunum. Hins vegar mun þessa ryks ekki gæta teljandi mikið nema innan 300 m vegalengdar frá verksmiðjunni. Hið fráræsta efni er sá hluti hins upphaflega hráefnis úr Mývatni, sem verksmiðjan nýtir ekki. Er hér um að ræða kísilgúrblandaðan sand. Um olíunotkun við verksmiðjureksturinn er það að segja, að dæludrammminn notar olíu sem eldsneyti og olía er notuð við glæðingu kísilgúrsins. Um þessa hlið málsins segir í grg. Baldurs Líndals:

„Skammt frá bryggju við Helgavog er 10 þús. lítra geymir fyrir dísiloliu vegna dælingarbátsins. Utan um þennan geymi verður settur varnargarður, svo að öruggt sé, að olían komist ekki frá geyminum í vatnið, þótt um leka yrði að ræða. Olían er síðan flutt í lokuðum geymi út í dælingarbátinn. Báturinn, sem olían er flutt á, er úr stáli og hefur góðan stöðugleika. Geymirinn er tekinn af bátnum milli ferða með olíu. Þessir olíuflutningar fara fram á 2 vikna fresti, þegar dælt er venjulegan vinnudag. Í dælingarbátnum sjálfum hafa þær ráðstafanir verið gerðar, að kjalvatnið er sogað inn í leðjuleiðsluna. Við verksmiðjuna sjálfa uppi í Námaskarði verður einnig olíugeymir. Þar er notuð olía í sambandi við glæðingu á gúrnum, sem fram fer við hátt hitastig í snúningsofni. Ákveðið hefur verið, að garður verði byggður umhverfis þennan geymi til öryggis."

Þá var loksins í fjórða lagi spurt um það, hvaða samráð hafi verið haft eða fyrirhugað við Mývetninga og þ. á m. landeigendur og eigendur veiðiréttar í Mývatni um starfrækslu fyrirhugaðrar kísilgúrverksmiðju. Um það vil ég segja þetta:

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps og bæjarstjórn Húsavíkur gerðu eftirfarandi samþykkt um kísilgúrverksmiðju á fundi 19. sept. 1961:

„Sameiginlegur fundur sveitarstjórnanna í Skútustaðahreppi og Húsavíkurkaupstað, haldinn í Reynihlíð í Mývatnssveit 19. sept. 1961, þar sem oddviti sýslunefndar S.-Þingeyjarsýslu er einnig mættur, leyfir sér, með skírskotun til grg. raforkumálastjóra og rannsóknaráðs ríkisins frá marz s. l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, að skora á ríkisstj. að láta halda kappsamlega áfram athugun og áætlunargerð um kísilgúrverksmiðju við Mývatn og á öllu, er þar að lýtur, þar sem líkur þess, að hún geti orðið hagkvæmt fyrirtæki, eru miklar, eins og segir í nefndri grg. Jafnframt skorar fundurinn á Alþ. að veita nauðsynlegt fé til þessara rannsókna, svo að þeim geti orðið lokið og áætlunargerðinni hið allra fyrsta.

Fundurinn ákveður að senda öllum þm. Norðurl. e. og einnig landsk. þm., sem búsettir eru í kjördæminu, áskorun þá, er hann hefur samþ. til ríkisstj. og Alþ. um kísilgúrmálið, og leyfir sér að vænta þess, að allir þessir þm. veiti málinu brautargengi."

Hér lýkur tilvitnuninni í ályktun hreppsfundar Skútustaðahrepps og bæjarstjórnar Húsavíkur. Á s. l. og á þessu ári hafa þeir Magnús Jónsson fjmrh. og Karl Kristjánsson alþm. haldið fundi bæði með hreppsnefnd Skútustaðahrepps og einnig sérstaka fundi. Með þessum aðilum hefur verið gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og fyrirhugaðri starfrækslu verksmiðjunnar. Samningum er ekki lokið við landeigendur, en verður væntanlega innan skamms.

Varðandi veiðirétt í Mývatni vil ég á þessu stigi málsins vísa til álitsgerðar Ólafs Jóhannessonar prófessors, sem birt var sem fskj. með frv. um kísilgúrverksmiðju á sínum tíma, og hef ekki að svo komnu neinu frekar þar við að bæta.

Ég vil leyfa mér að vona, að með þessu sé svarað, svo að fullnægjandi sé talið, þeim 4 fsp., sem hér liggja fyrir.

**Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson):** Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. iðnmrh. fyrir mjög greinileg svör, og ég tel, að með svörum hæstv. ráðh. hafi þinginu borizt nauðsynleg vitneskja, sem málið varðar, þar sem allar framkvæmdir eru byggðar á löggjöf frá Alþ. Hér er ekki aðstaða til að ræða ýtarlega allt, sem til álita kemur í sambandi við þessi svör. Ég fagna því, að hæstv. ráðh. lýsir því yfir, að Alþ. verði a. m. k. gerð grein fyrir þeim samningum, sem kunna að verða gerðir við allt annan aðila en gert var ráð fyrir að yrði hinn erlendi samvinnu-aðili, þegar lögin voru samþ. En hins vegar greinir mig ofurlítið á við hann um þetta efni, því að mér skilst, að það eigi ekki að leggja málið fyrir Alþ., nema þurfi sérstakrar lagabreytingar við. En þá er þess að gæta, að lögin eru gerð við alveg sérstakar forsendur, þannig að ef samningur á annað borð er gerður við þetta fyrirtæki, hefði ég álitið, að það bæri að leggja hann undir atkvæði hér á Alþ.

Það má vel vera, að það standist fræðilega, að þetta sé ekki lagt fyrir Alþ., ég skal ekkert um það segja, en það stenzt áreiðanlega ekki við próf um það, hvort um eðlileg og ég vil segja heiðarleg vinnubrögð sé að ræða, því að svo hefur blaðinu verið snúið við á margan hátt í þessu máli frá því, sem hér var gert, þegar Alþ. samþ. þessi lög.

Það er í fyrsta lagi, að hér var aldrei svo mikið sem imprað á þeim möguleika, að hér kæmi neinn annar samvinnuaðili til greina en hollenska fyrirtækið AIME, og því var lýst yfir, að samþykkt laganna væri í rauninni heimildaröflun handa hæstv. ríkisstj. til þess að láta þann samning, sem hún hafði gert við þetta fyrirtæki, ganga í gildi. Það var tilgangur lagasetningarinnar fyrst og fremst. Það má kannske segja, að það skipti ekki ýkjamiklu máli, hvort fyrirtækið, sem samið er við, ef þau eru að öllu leyti eins, heitir AIME í Hollandi eða Johns-Manville í Bandaríkjunum, en þó hygg ég, að í augum ýmissa geti það út af fyrir sig skipt nokkru máli. Ég býst við því, að þeir séu ótaldir hér á landi, sem telja, að áhrif Bandaríkjanna séu ærin hér á Íslandi, þó að þeim sé ekki leyft að seilast hér inn í okkar atvinnulíf, jafnvel þótt í smáum stíl sé í fyrstu. Hitt er þó kannske eins þýðingarmikið, að með samningum við fyrirtæki eins og Johns-Manville, sem mun vera einn stærsti kísilgúrframleiðandi veraldar, er í raun og veru öllum háttum, sem fyrirhugaðir voru á sölu afurðanna, gerbreytt. Í fyrra tilfellinu er gert ráð fyrir því að semja fyrst og fremst við sölufélag, sem ekki hafi eigin framleiðslu og hafi þess vegna ekki hagsmuna að gæta gagnvart Íslendingum sem slíkt, enda var því lýst yfir, að það væri einmitt samið við svona fyrirtæki vegna þess, að það þyrfti að ráðast inn á kísilgúrmarkaðinn bæði í Evrópu og annars staðar í heiminum í harðri samkeppni við hringana, sem hefðu búið um sig þar um langt skeið og væru þar grónir. En nú er blaðinu svo gersamlega snúið við, að það er skriðið með samningum við þetta fyrirtæki undir pilsfald eins stærsta hrings, sem til er í heiminum í sambandi við kísilgúrvinnslu. Þarna er um svo gjörólíkar forsendur að ræða, að ég tel, að það hljóti að skipta verulegu máli, þegar Alþ. tekur ákvörðun um það, hvort samningur skuli gerður við þetta fyrirtæki eða ekki, jafnvel þó að hann sé að öðru leyti á svipuðum grundvelli byggður og fyrirhugað var, að samningurinn yrði við AIME. Ég vil því aðeins ítreka það, að ég tel, að ef samið verður við þetta fyrirtæki, sem vafalaust verður allt öðruvísi samningur en gerður hefði verið við AIME, einmitt vegna eðlismunar þessara tveggja fyrirtækja, þá hlýtur að þurfa að fá aðrar og betri tryggingar fyrir því, að hagsmunir hringsins, hagsmunir framleiðslunnar, sem hann hefur með höndum, verði ekki látnir víkja fyrir hagsmunum Íslendinga, þegar til sölunnar á afurðunum kemur, heldur en við fyrirtæki, sem fyrst og fremst og eingöngu er sölu- og dreifingarfélag. Til þess hlýtur að þurfa að gera öðruvísi samninga.

Um svörin við síðari spurningum mínum get ég verið fáorður að sinni. Mig skortir þekkingu til þess að geta rætt það og haft á því fastmótaða skoðun nú og gert grein fyrir henni á fáum augnablikum, hvort hér er um fullnægjandi aðgerðir að ræða í sambandi við náttúruverndina. En það verður vitanlega að vera algert frumskil-

yrði fyrir því, að hægt sé að leggja út í þetta fyrirtæki, að öryggi sé ekki aðeins eitthvað, sem er líklegt, heldur sem er fulltryggt. Og ég hygg, að það væri hollt athugunar á því atriði málsins, að hlustað væri eftir skoðunum kunnáttumanna um þessi efni og jafnvel út fyrir náttúruverndarráð. Reynsla þess getur ekki verið ýkjamikil í þessum efnum. Og ég verð enn að ítreka það, að mér finnst eðlilegt, að um þann þátt málsins sé haft samráð v.ð Mývetninga og nánara samráð en hægt er að koma við á einum fundi með hreppsnefndinni.

**Dómsmrh. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Ég hefði mjög gjarnan kosið, að hv. fyrirspyrjandi, Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., hefði getað sparað sér getsakir um, að meiningin væri að viðhafa einhverja óheiðarlega meðferð máls. Enn er ekki heldur sýnt, hversu mikið eða lítið verður skriðið undir pilsfald Johns-Manville, þess ameríska fyrirtækis, sem gerð hefur verið grein fyrir, að tilraun til samningagerðar hafi farið fram við. Í svari mínu, sem var tvíþætt, ætlaðist ég alls ekki til annars en málið gæti komið til ákvörðunar Alþingis. Í fyrra tilfellinu, ef ekki væri um löggjafaratriði að ræða, yrði það ekki lagt fram í löggjafarformi, en auðvitað koma til álita, að Alþ. tæki afstöðu til mála á annan hátt en þann, með þál. eða á annan veg. Mér er ekki alveg ljóst — ég segi það eins og er — á þessu stigi málsins, hvernig hentast verður að láta það mál koma fyrir. En til þess að fyrirbyggja allan misskilning og eyða allri tortryggni er ég alveg reiðubúinn til þess að hafa samráð við stjórnarandstöðuna um það, þegar það mál liggur þannig fyrir. Og ég skil mjög vel og ég tel það rétt rök, sem færð eru fram af hv. fyrirspyrjanda, að fylgiskjölin með frv. á sínum tíma hafi gefið þm. alveg rökstudda ástæðu til þess að ætla, að í þessu formi og við skulum segja: ekki öðru formi hafi verið þá ætlazt til að gera þessa samninga, og þess vegna sé rétt, að þær breytingar, sem á þessu kunna að verða, fari á engan hátt fram hjá Alþ. og Alþ. fái eftir atvikum alveg ótakmarkaða og fullkomna aðstöðu til þess að taka afstöðu til þess, lýsa sinni afstöðu með eða móti, ef svo ber undir.

Annað er nú ekki, sem ég tel ástæðu til að taka fram í þessu sambandi. Ég veit ekki betur en að af fyllstu kostgæfni og vandvirkni hafi verið unnið af þeim aðilum, sem haft hafa málið til meðferðar, að því er snertir aðallega síðari þætti fsp., um aðstöðuna við Mývatn og um samningaviðræður við bæði hreppsnefndir og bæjarstjórnir, og vona þess vegna, að enn sem komið er sé ekkert það fram komið, sem þurfi að gera þetta mál að sérstöku deiluefni milli okkar, fremur en það var við afgreiðslu þess hér í þinginu á sínum tíma.

## 14. Lýsisherzluverksmiðja.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

**Fsp. til ríkisstj. um lýsisherzluverksmiðju** [75. mál, 2] (A. 91).

Á 13. fundi í Sþ., 24. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 16. des., var fsp. aftur tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Hinn 5. maí næstliðið vor samþykkti Alþ. ályktun um lýsisherzluverksmiðju. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar kanna möguleika á sölu hertrar síldarfeiti á erlendum mörkuðum og gera að öðru leyti rækilegar rannsóknir á því, hvort nú sé orðið tímabært að byggja verksmiðju til herzlu síldarlýsis samkv. ákvæðum laga nr. 93 frá 1942. Sýni rannsóknirnar hagstæða útkomu, skal þegar kanna til hlítar, hvar verksmiðjan skuli staðsett, og að því loknu hefja undirbúning að byggingu hennar.“

Og nú er spurt: Hvað hefur ríkisstj. gert til framkvæmda á ályktun Alþ. frá 5. maí 1965, um lýsisherzluverksmiðju?

**Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson):** Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. fyrirspyrjanda vildi ég gefa þessar upplýsingar:

Svo sem hann réttilega gat um, var hinn 5. maí 1965 samþ. á Alþ. þál. um lýsisherzluverksmiðju. Ályktaði Alþ. að fela ríkisstj. að láta þegar kanna möguleika á sölu hertrar síldarfeiti á erlendum mörkuðum og gera að öðru leyti rækilegar rannsóknir á því, hvort orðið sé tímabært að byggja verksmiðju til herzlu síldarlýsis samkv. ákvæðum l. nr. 93 frá 1942. Sýni rannsóknin hagstæða útkomu, skal þegar kanna til hlítar, hvar verksmiðjan skuli staðsett, og að því loknu hefja undirbúning að byggingu hennar.

Með skírskotun til þessarar samþykktar Alþ. ritaði rn. síldarverksmiðjum ríkisins hinn 25. maí s. l. bréf, þar sem rn. fól verksmiðjunum að kanna möguleika á sölu hertrar síldarfeiti á erlendum mörkuðum og gera að öðru leyti rækilegar rannsóknir á því, hvort nú orðið sé tímabært að byggja verksmiðju til herzlu síldarlýsis samkv. fyrrgreindum lögum, eins og í þál. segir. Síldarverksmiðjur ríkisins hafa síðan haft mál þetta til athugunar. Í ljós hefur komið, að vegna mikilla anna við dagleg störf í þágu verksmiðjanna hafa framkvæmdastjórar síldarverksmiðja ríkisins ekki haft aðstöðu til þess að sinna athugun þessari sem skyldi. Af þeim sökum fór stjórn síldarverksmiðja ríkisins þess á leit við rn. fyrir skömmu, að ráðinn yrði sérstakur maður til þessara starfa. Lagði rn. svo fyrir, að það skyldi gert. Jón Gunnarsson verkfræðingur hefur nýlega verið ráðinn til þessa starfs. Hefur

hann þegar hafið rannsóknir sínar og hefur gert ráð fyrir, að athugun þessari, sem er mikil og vandasöm, verði lokið eftir 3—4 mánuði.

Ég vænti, að þetta svar fullnægi hv. fyrirspyrjanda, því að önnur svör er ekki mögulegt að gefa á þessari stundu.

**Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir svarið við fsp. okkar, og ég vænti þess, að hann geri sér far um að fylgjast vel með **þessu máli, að** það verði sem rækilegast rannsakað, svo fljótt sem unnt er, og reynt það, sem mögulegt er til þess að finna markað fyrir herta síldarfeiti.

**Ragnar Arnalds:** Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er spurt um framkvæmd á, var flutt af okkur þm. úr Norðurl. v., bæði kjörnum og landsk., að tilhlutan atvinnumálaráðstefnu verkalýðsfélaganna á Siglufirði. Það þarf ekki að taka það fram, eins og raunar kom glögglega fram í þáltill. hér í fyrra, að þessi hugmynd hefur oft verið á döfinni áður og fyrir hefur legið ónotuð lagaheimild í málinu í 26 ár. Nú eru liðnir allmargir mánuðir, síðan þáltill. var samþ., og var því eðlilegt, að spurt væri, hvað til stæði í þessum málum og hvað rannsóknirnar hefðu leitt í ljós.

Það var nú heldur lítið að græða á upplýsingum ráðh., þó að vissulega bæri að þakka þær. Því miður vill það oft vera svo hjá hæstv. ríkisstj., að henni er falið að rannsaka hluti, og málin dragast síðan von úr viti. Í þessu máli er vissulega aðalatriðið, hvort unnt er að finna markað eða ekki. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að það er unnt. En ég vildi leyfa mér að fullyrða, að ef það ætti að takast, þyrfti töluvert meiri kraft af hálfu ríkisstj. í þessu máli en verið hefur fram til þessa.

Nú standa yfir viðræður um byggingu alúmíníumverksmiðju hér á Íslandi, en það mun vafalaust verða mesta stórmálið, sem tekið verður fyrir á þessu þingi. Formælendur þessarar samningsgerðar básúna mjög þá fullyrðingu sína, að stóriðjuframkvæmdirnar muni veita nýju lífi í íslenzka atvinnuvegi. Þó er vitað, að verksmiðjan á að verða eign erlendra manna, vinna úr erlendu hráefni og hlutverk okkar Íslendinga verður ekki annað en að selja raforku á kostnaðarverði. Ég ætla ekki að fjölyrða hér um þessa fyrirhuguðu samningsgerð, en ég vil aðeins minna á í þessu sambandi, vegna þess að þessi mál ber að um svipað leyti, að bygging lýsisherzluverksmiðju væri íslenzk stóriðja, sem bæri nafn með rentu. Hér væru Íslendingar sjálfir að verki. Hér væri eingöngu byggt á íslenzku hráefni. Og bygging slíkrar verksmiðju á Norðurlandi mundi stórum bæta atvinnulíf í þeim landshluta og þannig hafa bætandi áhrif á atvinnulíf og efnahagskerfi landsmanna í stað þess að stuðla að aukinni þenslu hér sunnanlands, eins og alúmíníumverksmiðjan mun gera, og hafa almennt hin verstu áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar og jafnvægi í byggð landsins.

Það er ástæðulaust að vera að fjölyrða um þessi mál hér í fsp.-tíma, en ég vildi aðeins segja að lokum, að mér er nær að halda, að hæstv. ríkisstj. ynni þjóðinni allmiklu þarfara verk með því að eyða leyfi sínu til undirbúnings byggingar lýsisherzluverksmiðju í stað þeirra leynifunda við erlenda aðila, sem nú standa fyrir dyrum.

## 15. Greiðsla sjúkrakostnaðar í einkasjúkrahúsum.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:
**Fsp. til félmrh. varðandi greiðslu sjúkrakostnaðar í einkasjúkrahúsum** [86. mál, 2] (A. 143).

Á 17. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 16. des., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson):** Hæstv. forseti. Svo sem flestum er kunnugt, hefur um skeið ríkt deila milli einkasjúkrahúsanna, St. Jósefsspítalanna í Reykjavík og Hafnarfirði annars vegar og Tryggingastofnunar ríkisins hins vegar. Almennt mun mönnum ekki hafa verið ljóst, um hvað deilan snerist, en verið þeim mun betur kunnugt um, að afleiðingar hennar hafa verið þær, að utanbæjarsjúklingar, sem vistast á þetta sjúkrahús í Reykjavík, svo og allir sjúklingar á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, verða að greiða úr eigin vasa hluta af legukostnaði, svo og allar læknisaðgerðir. Þessar greiðslur geta orðið mjög verulegar og fyrir einstakar læknisaðgerðir numið þúsundum króna. Þetta hefur svo leitt til þess, að á sama tíma og sárlega skortir sjúkrarúm í landinu, er St. Jósefsspítalinn í Hafnarfirði aðeins hálfskipaður sjúklingum, þar sem einstaklingum er mörgum hverjum um megn að kosta sjálfir dvöl sína og læknisaðgerðir. Þessi skipan mála er með öllu óviðunandi, og kemur þar bæði til aðstaða sjúklinga, sem með þessum hætti er mjög mismunað, svo og sú staðreynd, að nauðsyn er að nýta til fulls þau sjúkrarúm, sem til eru í landinu.

Eftir því sem ég bezt veit, mun gangur þessarar deilu, sem þessar afdrifaríku afleiðingar hefur haft fyrir fjölda sjúklinga, vera sá, að s. l. vor runnu út samningar um greiðslu til lækna á þessum sjúkrahúsum. Læknafélag Reykjavíkur gaf út gjaldskrá fyrir læknisþjónustuna, en samningar náðust ekki. Varðandi Landakotsspítalann í Reykjavík gerðist það, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur, borgaryfirvöldin og stjórnendur Landakotsspítalans sömdu um, að sjúkrahúsin tækju að sér að greiða læknum fyrir læknisþjónustuna, en Sjúkrasamlag Reykjavíkur skyldi greiða 360 kr. á dag sem vistgjald plús 166 kr. á dag upp í læknishjálp. Borgarsjóður Reykjavíkur skyldi síðan vegna Reykvíkinga greiða viðbót til sjúkrahússins, þannig að það bæri jafnmikið úr býtum og raunverulegur kostnaður er á Borgarsjúkrahúsinu í Reykjavík. Sá kostnaður mun hafa verið um 606.80 kr. 1964. Síðan skyldi sjúkrahúsið greiða læknum sínum taxta þeirra með 29% afslætti. Þessi samningur við Landakot gildir aðeins fyrir Reykvíkinga. Varðandi St. Jósefs-

spítalann í Hafnarfirði gerðist það, að Tryggingastofnun ríkisins heimilaði Sjúkrasamlagi Hafnarfjarðar að greiða upp í allan kostnað, daggjald og alla læknishjálp 468 kr. á dag, en daggjaldið eitt hefur numið um 500 á dag frá 25. júlí fyrir fyrstu 14 dagana, sem sjúklingurinn hefur legið á sjúkrahúsinu, en 400 kr. á dag síðan. Aðstaða sjúklinga á þessu sjúkrahúsi er því sú, að þeir fá frá sjúkrasamlaginu 468 kr. á dag upp í daggjaldið, sem er 500 kr., og verða þar að auki að greiða allan lækniskostnað. Til þess að sýna, hvaða afleiðingar þetta ástand hefur haft fyrir einstaklinga, sem hafa vistazt á þennan spítala s. l. sumar og haust, skal ég nefna nokkur dæmi, sem eru raunveruleg. Einn sjúklingur lá í sjúkrahúsinu í 19 daga. Það kostaði 9000 kr., læknishjálpin 5540 kr. eða samtals 14 540 kr. Af þessum kostnaði fékk hann endurgreitt 8892 kr., en varð sjálfur að greiða 5648 kr. Annar lá í 9 daga. Það kostaði 4500 kr., læknishjálp 4270 eða samtals 8770 kr., og endurgreiddar voru 4212 kr., en hann varð sjálfur að greiða 4558 kr. Hinn þriðji lá í 5 daga, og hann varð sjálfur að greiða fyrir vist sína þar og læknishjálp 3005 kr. fyrir 5 daga legu. Fjórði dvaldist í 15 daga, og hann varð að greiða sjálfur 7355 kr. Sjúkrahúsdvölin verður að sjálfsögðu ekki öllum sjúklingum svona dýr, en séu athugaðir 63 reikningar frá sjúkrahúsinu í ágúst til nóv. s. l., kemur í ljós, að þar eru 627 legudagar, sem kosta 300 400 kr., læknishjálp 136 380 kr., samtals 436 780 kr. Af því fá sjúklingarnir endurgreitt 293 436 kr., en verða sjálfir að greiða 143 344 kr.

Við höfum um alllangt skeið talið það sjálfsagðan hlut, að á móti greiðslu almennings til almannatrygginga, sjúkrasamlaga og ríkis og bæja í sköttum og útsvörum fengju allir landsmenn ókeypis sjúkrahúsvist og möguleikar einstaklinga til að njóta læknishjálpar í sjúkrahúsum væru ekki háðir greiðslugetu þeirra eða fjárhag. Þróunin undanfarin ár og áratugi hefur stefnt að því. Þetta ástand, sem hér ríkir nú varðandi einkasjúkrahúsin, er því algerlega óþolandi, og slíkt misrétti, sem sjúklingar verða nú fyrir með þessum hætti, má ekki lengur standa, og ég held, að um það þurfi ekki að hafa mörg orð. Sjúkrahúsin eru yfirfull, og margir eiga ekki í annað hús að venda en fara í þessi sjúkrahús, og utanbæjarmenn, sem veikjast í Reykjavík, geta engu um það ráðið, hvort þeir eru lagðir inn á Landakotsspítalann, þar sem þeir þurfa sjálfir að greiða læknishjálpina, eða fá einhvers staðar annars staðar inni. Ég hafði satt að segja ekki trúað öðru en stjórnarvöldin kipptu þessu í lag með einhverju móti, en tíminn hefur liðið og ekkert gerzt, svo að ég viti til. Þess vegna hef ég talið ástæðu til að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. félmrh., þær eru á þskj. 143:

„1. Hvað hefur Tryggingastofnun ríkisins gert til þess að leysa deiluna við einkasjúkrahúsin, St. Jósefsspítalana í Reykjavík og Hafnarfirði?

2. Hvenær má vænta þess, að sjúkratryggt fólk, sem vistast á fyrrgreind sjúkrahús, njóti að nýju sömu kjara og sjúklingar í opinberum sjúkrahúsum?“

**Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson):** Herra forseti. Félmrn. fór þess á leit við Tryggingastofnun ríkisins, að hún svaraði þeim fsp., sem hér eru til umr., enda má segja, að fsp. beinist fyrst og fremst til stofnunarinnar. Af því tilefni tekur Tryggingastofnunin fram eftirfarandi í bréfi sínu, sem ég vil hér með gera að mínu svari við þessum fsp. báðum:

„Deilan við St. Jósefsspítalana í Reykjavík og Hafnarfirði leysist aðeins á þann hátt, að samningar takist um fulla greiðslu fyrir sjúkrahúsvist, þar með talin læknishjálp og annar kostnaður, sem vistin á sjúkrahúsi hefur í för með sér, eða til þess bær stjórnarvöld ákveði, hvaða greiðsla skuli vera full greiðsla fyrir alla þessa þjónustu.

Með bréfi, dags. 2. júní 1965, skrifar dóms- og kirkjumrn. Tryggingastofnun ríkisins eftirfarandi bréf:

„Með vísun til viðræðna við herra forstjóra Sverri Þorbjörnsson fer rn. þess hér með á leit við Tryggingastofnun ríkisins, að hún framlengi til bráðabirgða, þó eigi lengur en til áramóta, það samkomulag, sem gilt hefur við lækna á St. Jósefsspítalanum á Landakoti í Reykjavík um greiðslu læknisaðstoðar sjúklinga spítalans, sem lögheimili eiga utan Reykjavíkur, með viðeigandi lagfæringum vegna verðlagsbreytinga. Rn. mun á tímabilinu stuðla að því, að viðunandi lausn verði fundin á greiðslu rekstrarhalla spítalans vegna umræddra sjúklinga.“

**Á grundvelli þessa bréfs reyndi Tryggingastofnunin að ná samningum við Læknafélag Reykjavíkur um greiðslu fyrir lækniskostnað til n. k. áramóta á einkasjúkrahúsum. En með bréfi, dags. 6. júlí 1965, staðfesti Læknafélag Reykjavíkur, að tilboð Tryggingastofnunarinnar, sem samsvaraði 8% grunnkaupshækkun frá fyrri samningum auk verðlagsuppbótar, væri ekki á lítandi. Væru kröfur Læknafélags Reykjavíkur, miðað við fyrri samninga, um 60% hækkun, og þar sem svo mikið bæri á milli, hafi samningum verið frestað. Þar sem læknar voru þá þegar farnir að krefja sjúklinga um greiðslu samkv. gjaldskrá, sem var enn hærri en ofannefndar tölur sýna, átti Tryggingastofnun ríkisins ekki annarra kosta völ en að grípa til þeirra lagafyrirmæla að láta sjúkrasamlög endurgreiða sjúklingum legukostnað með fastri hámarksupphæð á dag, sem var jafnhá gjaldi samkv. ákvörðun heilbrigðisstjórnarinnar fyrir utanhéraðssjúklinga á sambærilegum opinberum sjúkrahúsum.**

Eins og bréf dóms- og kirkjumrn. frá 21. júlí **1965 ber með sér, ætlaði það rn. að stuðla að því, að viðunandi lausn yrði fundin á greiðslu rekstrarhalla St. Jósefsspítalans vegna utanbæjarsjúklinga fyrir n. k. áramót, og hefur Tryggingastofnunin því beðið átekta að öðru leyti en því, að hún hefur ætíð verið reiðubúin til þess** að taka upp viðræður við hvern þann aðila, sem eitthvað hefur haft fram að færa í málinu, sem vænlegt væri til lausnar þess. Í þeim tilgangi m. a. hefur stofnunin haft frumkvæði að því, að sett hefur verið á stofn sameiginleg samninganefnd ríkissjóðs, Tryggingastofnunar ríkisins og Sjúkrasamlags Reykjavíkur, sem nú hefur hafið störf sín, til þess að semja við þá aðila, sem fara með samninga fyrir lækna, sem starfa fyrir sjúkrasamlög, til þess á þann hátt að auðvelda stjórnarvöldum heildarsýn yfir ágreiningsefnin

og til þess að tryggja, eins og frekast er hægt, fullkomna heilbrigðisþjónustu á grundvelli sjúkratrygginga."

Ég vænti, að framangreind svör fullnægi óskum hv. fyrirspyrjanda.

**Dómsmrh. (Jóhann Hafstein):** Herra forseti. Mér datt í hug að leggja aðeins orð í belg í sambandi við þessa fsp.

Hv. fyrirspyrjandi, 10. landsk., hóf mál sitt með því, að mönnum hefði ekki almennt verið ljóst, um hvað þessi deila, sem hér er verið að ræða um, snerist, og ég hygg, að það sé hverju orði sannara. Og ég tek undir það, að ég hef átt sem heilbrmrh. erfitt með að átta mig til fulls á því, hvað hér væri í raun og veru um að ræða.

Eins og fram kom í svari hæstv. félmrh., hefur heilbrmrn. eða dómsmrn., þeir menn, sem að heilbrigðismálum þar vinna, reynt að stuðla að því að koma á viðunandi lausn þessarar deilu. Ég hef sjálfur verið á fundum með aðilum, sem **þarna eiga hlut að máli: príorinnunni í Landakoti hér í Reykjavík, tryggingalækni, fulltrúum frá Læknafélagi Reykjavíkur, forstjóra Tryggingastofnunarinnar og fleiri aðilum, en engu að síður er hitt staðreynd, eins og hér hefur komið fram, að við svo búið stendur enn sem lýst var af hv. fyrirspyrjanda.**

Nú hefur það einnig gerzt, eins og menn hafa tekið eftir, á þessu hausti, að læknar við Landsspítalann hafa margir sagt lausu starfi sínu, og ég hef því að undanförnu verið að reyna að gera mér grein fyrir, hvað hér búi í raun og veru á bak við, og það kynnu að vera einhver tengsl á milli allra þessara mála. Ég hef átt viðræður við þá lækna, sem sagt hafa upp störfum sínum, suma hverja, við stjórn Læknafélagsins, og málin hafa verið til athugunar hjá heilbrigðismálastjórninni, landlækni og mér sem heilbrmrh.

Ég hef ákveðið að setja á laggirnar nefnd til þess að athuga um fyrirkomulag læknaþjónustunnar við ríkisspítalana og þá með það fyrir augum, að álitsgerð og till. frá slíkri n. gætu haft víðtækari áhrif en aðeins það, sem að sjálfum Landsspítalanum eða ríkisspítölunum stefnir. Ég hef því nýlega ritað stjórn Læknafélags Reykjavíkur og stjórn Læknafélags Íslands og beðið þær um að tilnefna sinn manninn hvort félag í slíka n. og í öðru lagi yfirlæknaráði Landsspítalans og óskað eftir því, að það tilnefni 2 menn. Fimmta nm. eða oddamanninn mundi ég skipa sjálfur án tilnefningar og yrði hann formaður n. Þegar tilnefningar hafa borizt mér, sem ég vænti alveg á næstunni, verður þessi n. sett á laggirnar. Ég skal engu spá um, hvaða árangur sú nefndarskipun kann að bera, en n. er þó falið að rannsaka og gefa álit sitt um fyrirkomulag læknaþjónustunnar, og mig grunar, að það sé töluverð undirrót þeirrar deilu, sem hér er um að ræða, allvíðtækar og allmismunandi skoðanir læknanna sjálfra á fyrirkomulagi þessara mála. Í þessu felst hins vegar engin ásökun af minni hálfu um það, að þeim sé fremur en öðrum aðilum, spítölunum, Tryggingastofnuninni, sjúkrasamlögum eða öðrum aðilum, um að kenna þá deilu, sem hér hefur risið. Það vakir aðeins fyrir mér, að með slíkri nefndarskipun mætti að einhverju leyti stuðla að lausn deilunnar og betri framtíðarskipun þessara mála, sem ég tel mjög þýðingarmikið og mest aðkallandi mál, eins og á stendur.

**Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson):** Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðh., og ef ég hef skilið það rétt, sem hæstv. félmrh. upplýsti, að það sé fyrirætlun stjórnarvaldanna að leysa þetta mál á þann hátt að tryggja greiðslu á hallarekstri einkaspítalanna á annan hátt en þann, að sjúklingarnir greiði hann, eins og verið hefur nú undanfarið, þá fagna ég því, að það er í vændum. Ég vil aðeins ítreka það, sem ég sagði áðan, að það ástand er óþolandi, að sumir þeir, sem þurfa á sjúkrahúsvist að halda, skuli sjálfir þurfa að greiða jafnvel þúsundir króna úr eigin vasa til þess að verða þeirrar sjúkrahúsvistar aðnjótandi, þótt þeir greiði til ríkis, bæja, Tryggingastofnunarinnar og sjúkrasamlaga eftir sömu reglum og aðrir.

Ég vek athygli á því, að þetta mál, sem snertir einkasjúkrahúsin, liti allt öðruvísi út, ef ríkissjúkrahúsin gætu tekið á móti öllum þeim sjúklingum, sem þar þurfa að fá inni, en svo er ekki. Þess vegna eiga margir sjúklingar ekki í önnur hús að venda en leita til einkasjúkrahúsanna. Og t. d. í Hafnarfirði er ekki um annað sjúkrahús að ræða, sem annast skurðaðgerðir. Vegna þessa ber stjórnarvöldunum skylda til að tryggja, að þeir þjóðfélagsþegnar, sem verða að leita til einkasjúkrahúsanna, njóti þar sömu kjara og þeir aðrir, sem fá inni í ríkissjúkrahúsunum. Það er t. d. ekki við því að búast, að Hafnarfjarðarbær geti leyst þetta mál á svipaðan hátt og Reykjavíkurborg hefur gert um greiðslur úr bæjarsjóði, vegna þess að það er ekki sambærilegt, þar sem aðalsjúkrahúsið í Hafnarfirði er einkasjúkrahús, en í Reykjavík dvelst aðeins mjög lítill hluti sjúklinganna á Landakoti. Allir vita að sjálfsögðu, að daggjöldin duga ríkisspítölunum ekki og sjúklingar á þeim eru ekki látnir greiða hallann, heldur greiðir ríkið hann. Samanlagður halli ríkisspítalanna, þegar daggjöldin höfðu verið dregin frá, nam um 60 millj. kr. árið 1964, en ríkisstyrkur til einkasjúkrahúsanna, St. Jósefsspítalanna í Hafnarfirði og Reykjavík, nam á sama tíma um 2 millj. 350 þús. kr.

Það er skoðun mín, að ef þetta mál verður ekki leyst með öðrum hætti, komi tvennt til greina: Annars vegar að ríkið greiði þessum sjúkrahúsum styrk, sem dugi til þess, að sjúklingar þar verði gjaldfríir eins og á ríkisspítölunum, eða þá að ríkið taki rekstur þessara sjúkrahúsa algerlega í sínar hendur. Það er a. m. k. óþolandi, að vegna þessarar deilu séu þessi sjúkrahús aðeins hálfnýtt, þegar sárlega skortir sjúkrarúm í landinu.

Ef stjórnarvöldin telja hins vegar, að ekki sé til fé til þess að gera þessa hluti og veita sjúklingunum lausn frá þessu ástandi, skal ég benda á leið, sem kæmi vel til greina að mínum dómi og gæti leyst þetta fjárhagsmál að einhverju eða öllu leyti, en hún er sú, að Tryggingastofnun ríkisins eða ríkið sjálft eða sjúkrasamlögin fái einkarétt til lyfjasölu í landinu. Þeirri skipan ætti að vera búið að koma á fyrir löngu. Það er engin ástæða til þess, að sala á lyfjum til sjúkra sé gróðalind fyrir einstaklinga, en það er ekki annað að sjá en einmitt lyfjasala sé einn mesti gróðavegurinn í verzlunarrekstri nú í dag.

Ég vil svo að lokum ítreka það, að það ástand, sem nú ríkir varðandi utanbæjarsjúklinga, sem vistast á St. Jósefsspítala í Reykjavík, og alla sjúklinga á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, hefur varað lengur en svo, að það sé viðunandi. Á því verður að fást lausn nú þegar, og ég vil leggja áherzlu á það, að þegar þetta mál verður leyst, verði séð til þess, að þeir sjúklingar, sem á þessu tímabili hafa orðið að greiða sjúkrahúsunum dvöl sína og læknishjálp að einhverju eða öllu leyti úr eigin vasa, fái þær upphæðir endurgreiddar. Á því eiga þeir fullan rétt.

## 16. Félagsheimilasjóður.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:
**Fsp. til ríkisstj. um félagsheimilasjóð** [86. mál, 1] (A. 143).

Á 17. fundi í Sþ., 8. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 16. des., var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Hinn 13. maí 1964 var samþ. á Alþ. ályktun um endurskoðun l. um félagsheimili og um eflingu félagsheimilasjóðs. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á gildandi l. um félagsheimili með það fyrir augum, að félagsheimilasjóður verði efldur og eðlileg skilyrði heilbrigðs félags- og menningarlífs verði sköpuð í sem flestum byggðarlögum landsins. Jafnframt verði athugaðir möguleikar til að ráða fram úr þeim vandræðum, sem fjárskortur félagsheimilasjóðs hefur valdið einstökum héruðum. Stefnt verði að því í hinni fyrirhuguðu löggjöf um félagsheimili, að forráðamönnum þeirra verði framvegis gert kleift að efla menningarlega fræðslu- og skemmtistarfsemi í ríkara mæli en unnt hefur verið fram að þessu. Endurskoðuninni skal lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis."

Þetta var í maí 1964. Þrátt fyrir það, þótt þar væru fyrirmæli um að ljúka endurskoðuninni, áður en næsta reglulegt Alþingi kæmi saman, lá ekkert fyrir í byrjun þings haustið 1964 frá ríkisstj. um þetta mál. Þegar mjög var liðið á það þing, bar ég fram fsp. um málið, og hæstv. menntmrh. svaraði þeirri fsp. 5. maí s. l. vor. Í svari sínu sagði hæstv. ráðh. m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er algerlega ljóst, að hér er um mikið vandamál að ræða, sem þarf að finna einhverja gagngera og róttæka lausn á. Að því hefur verið unnið allar götur síðan þáltill. var samþ. í lok síðasta þings, þótt tillögugerð um þetta efni sé ekki tilbúin enn þá. Að því mun verða haldið áfram að vinna, því að auðséð er, að hér þarf að gera gagngerar breytingar á, bæði löggjöfinni sjálfri og framkvæmdinni allri, ef komast á frá þeim vanda, sem hér er augljóslega á ferðinni."

Nú eru liðnir meira en 7 mánuðir síðan hæstv. ráðh. gaf þessa yfirlýsingu, að það yrði unnið að því áfram að finna gagngera og róttæka lausn á þessu máli, en enn þá hefur ekkert heyrzt frá hæstv. stjórn um málið. Því er nú spurt: Hvað er að frétta af endurskoðun l. um félagsheimili og eflingu félagsheimilasjóðs, sbr. ályktun Alþ. 13. maí 1964 og fyrirheit menntmrh. í þingræðu 5. maí 1965?

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Málefni félagsheimilasjóðs hafa verið til ýtarlegrar athugunar í menntmrn., og þau hafa verið rædd í ríkisstj. Á s. l. ári var gerð mjög viðtæk athugun á byggingu félagsheimila í landinu og skýrsla um þann styrk, sem félagsheimilasjóður hefur þegar greitt til þeirra. Jafnframt var athugað, hver skilyrði væru til áframhaldandi styrkveitinga miðað við lögbundnar tekjur félagsheimilasjóðs. Samkv. gildandi l. um félagsheimili fær félagsheimilasjóður helming skemmtanaskatts. Á s. l. ári námu tekjur félagsheimilasjóðs rúmum 6 millj. kr., en á yfirstandandi ári verða þær væntanlega mun meiri eða um 7½ millj. kr. Félagsheimili þau, sem félagsheimilasjóður hefur styrkt, eru 71 talsins. 19 þeirra eru fullgerð, en 52 í smíðum. 20. sept. 1964 hafði stofnkostnaður allra þessara félagsheimila numið 127 millj. kr. Heimild er til þess, að félagsheimilasjóður greiði allt að 40% byggingarkostnaðar í byggingarstyrk. Félagsheimilasjóður hefur þegar veitt þessum félagsheimilum 21.6 millj. kr. í styrk. En eigi styrkveiting til þeirra allra að nema 40% byggingarkostnaðar, þyrfti að greiða 28.8 millj. kr. til viðbótar, til þess að 40% styrk yrði náð, miðað við þann kostnað, sem þegar hafði verið lagt í á s. l. hausti. Áætlaður kostnaður við að ljúka byggingu þeirra 52 félagsheimila, sem voru í smíðum, nam 126.6 millj. kr. Eigi félagsheimilasjóður að styrkja öll þessi félagsheimili með 40% byggingarkostnaðar, nema þær greiðslur 50.7 millj. kr. Til þess að félagsheimilasjóður geti greitt 40% byggingarkostnaðar allra félagsheimila, sem nú eru í smíðum, þyrfti, miðað við áætlaðan byggingarkostnað á s. l. ári, að greiða samtals tæpar 80 millj. kr. í byggingarstyrk. Er þar um að ræða u. þ. b. 11 ára tekjur félagsheimilasjóðs, miðað við áætlaðar tekjur hans í ár. Er augljóst, að hér er um mikið fjárhagsvandamál að ræða og torleyst. Ýmsar leiðir hafa verið athugaðar í því sambandi. Innan ríkisstj. hefur fyrst og fremst verið rætt um þá leið að heimila félagsheimilasjóði að gefa út ríkistryggð skuldabréf, t. d. til 15 ára, og yrðu þau endurgreidd með lögbundnum tekjum félagsheimilasjóðs, sjóðurinn greiddi síðan félagsheimilunum styrkveitingarnar með þessum skuldabréfum, sem einstök félagsheimili ættu væntanlega auðvelt með að koma í peninga til þess að leysa úr brýnni fjárþörf sinni. Endanlegar ákvarðanir hafa ekki verið teknar í þessu máli, en ég geri ráð fyrir, að þær verði teknar innan skamms.

**Ásgeir Pétursson:** Herra forseti. Sú þáltill., sem hér er m. a. rætt um og varðar fsp., varð þannig til, að það var steypt saman þáltill., sem hv. 2. þm. Vestf. flutti á sinni tíð ásamt öðrum þm.,

og viðaukatill., sem ég flutti. Upphaflega till. stefndi að því, að l. um félagsheimili yrðu endurskoðuð með það fyrir augum fyrst og fremst, að félagsheimilasjóður yrði efldur að því marki, að hann gæti greitt lögboðin framlög og staðið við skuldbindingar sínar. Viðaukatill. mín stefndi hins vegar að því, að ráðstafanir yrðu gerðar í l. til þess að hagnýta betur þá góðu aðstöðu, sem hefur fengizt víða um land með hinum mikla og góða húsakosti félagsheimilanna í því skyni að efla félags- og menningarlíf í landinu.

Með flutningi till. minnar í fyrra vildi ég undirstrika þá augljósu staðreynd, að það er ekki nóg að byggja félagsheimili, heldur verður jafnframt að sjá um það, að þau geti orðið vettvangur menningarlegrar félagsstarfsemi og fræðslu. Fram að þessu hefur mest verið hugsað um hin ytri skilyrði félagslífsins, þ. e. a. s. að skapa skjól fyrir félagsstarfsemina, en minna hirt um innri skilyrðin, m. ö. o. það, að félagsheimilin komi að raunverulegu gagni. Það mætti raunverulega líkja slíkum vinnubrögðum við það, að það væru byggð vönduð skólahús, en síðan látið undir höfuð leggjast að útvega hæfa kennara og fræðsluefni.

Því fer fjarri, að það sé rétt eða æskilegt, að ríkisvaldið eitt eigi að hafa allan vanda eða forgöngu í þessu efni, að hagnýta félagsheimilin betur. Þar ættu vissulega hin ýmsu héruð og sveitarfélög að leggja hönd á plóginn og hjálpa til við það sjálf og eiga frumkvæði að umbótum í þessu efni. En engu að síður virðist rétt, að lögum um félagsheimili verði breytt þannig, að það verði tekin upp í þau heimild til þess að færa út hlutverk félagsheimilasjóðs, þannig að í framtíðinni greiði sjóðurinn ekki eingöngu til þess að standa undir byggingu félagsheimila, heldur komi að því, að hann greiði fyrir útvegun menningarlegs fræðslu- og skemmtiefnis í félagsheimilunum. Það mætti t. d. hugsa sér það, að sjóðurinn styddi, að það yrðu fengnir leikflokkar, tónlistarmenn, fyrirlesarar, sem færu á milli hinna ýmsu félagsheimila í landinu. Þess er þó að sjálfsögðu ekki að vænta, að það verði unnt að taka slíka starfsemi upp á vegum sjóðsins fyrr en hefur verið greitt fram úr mestu fjárhagserfiðleikum hans, sem eru ærnir, eins og fram kom í ræðu hæstv. menntmrh. hér áðan. En í þessu efni skiptir auðvitað miklu máli að hefja ekki nýjar framkvæmdir við byggingu félagsheimila, nema þar sem brýnust nauðsyn er, og reyna þá heldur að einbeita sér að því að grynna á skuldum sjóðsins. Þótt seint sé, er einnig rétt að rannsaka núna, hvar brýnust þörf er á félagsheimilum, og stöðva það ráðslag að láta hendingar oft og tíðum ráða því, hvar þessi heimili eru staðsett.

Allir eiga mikið undir því, að bragarbót verði gerð á málefnum félagsheimilanna, en enginn á eins mikið í húfi og æskan. Umrædd þáltill., sem hér var rædd í fsp., stefndi einmitt að umbótum í þessu efni. Ég treysti hæstv. ríkisstj., menntmrh., til þess að fylgja því fast eftir, að hið fyrsta verði lagðar fram till. til úrbóta í þessum efnum.

**Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson):** Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svar hans, en verð þó að láta í ljós nokkur vonbrigði með það, því að mér sýnist málið vera á sama stigi og það var fyrir 7—8 mánuðum, þegar síðast var rætt um það hér á þingi. Tölur þær, sem hæstv. ráðh. lét okkur heyra, eru okkur kunnar síðan í vor. Ég held, að hann hafi þá gefið þær upp, svipaðar eða sömu tölur og hann kom nú með.

Hæstv. ráðh. er að tala um, að það komi til mála að gefa út ríkistryggð skuldabréf, sem félagsheimilasjóður gæti greitt með framlagið, sem honum er ætlað að greiða, og hæstv. ráðh. segir, að heimilin ættu væntanlega auðvelt með að koma þeim í peninga. Hvað hefur hæstv. ráðh. fyrir sér í því efni? Mundi ríkisstj. e. t. v. greiða fyrir því, að menn gætu komið þessum ríkistryggðu skuldabréfum í peninga? Ég veit það ekki, hann gat ekkert um það. En ég vil aðeins benda á það, að ríkissjóður gefur út annað slagið vísitölutryggð skuldabréf til sölu, og það er sagt, að það hafi gengið allvel að selja þau. Mundu þau verða þannig, þessi bréf, ef til kemur? Mundi ríkið taka sams konar ábyrgð á þeim, vísitölutryggja þau, til þess að greiða fyrir sölu þeirra? Það gæti náttúrlega haft töluvert að segja.

Ég ræði ekki málið frekar í þessum fsp.-tíma, en mönnum fer vitanlega að leiðast að bíða eftir þeirri gagngeru og róttæku lausn á málinu, sem hæstv. ráðh. hét okkur fyrir 7—8 mánuðum.

## 17. Dánar- og örorkubætur sjómanna.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt frá Sþ.:

**Fsp. til félmrh. um dánar- og örorkubætur sjómanna** [126. mál] (A. 251).

Á 28. fundi í Sþ., 23. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson):** Herra forseti. Fyrir rúmum 5 árum flutti ég ásamt núv. 5. þm. Vestf. (HV) frv. til l. þess efnis, að öllum íslenzkum sjómönnum yrðu tryggðar úr almannatryggingum sérstakar örorku- og dánarbætur, allt að 200 þús. kr. við fulla örorku eða dauða. Þá stóðu mál svo, að sjómenn í ýmsum sjómannafélögum nutu slíkrar tryggingar í kjarasamningum, en ýmis félög sjómanna höfðu ekki fengið þessi réttindi fram, og þessara sérstöku bóta nutu engir sjómenn á bátum undir 12 tonnum að stærð, þar sem ekki er lögskráð á þá báta og engir kjarasamningar gerðir fyrir þá. Þessara sértrygginga samkv. kjarasamningum hinna ýmsu sjómannafélaga njóta því engir sjómenn á bátum undir 12 tonnum enn í dag. Frv. okkar, sem var ætlað að koma í veg fyrir þetta misrétti, náði ekki fram að ganga, og fluttum við þá till. til þál. þess efnis, að ríkisstj. léti undirbúa og leggja fyrir Alþ. lagafrv., sem tryggði öllum íslenzkum sjómönnum þessar örorku- og dánarbætur. Loks kom að því fyrir réttum tveimur

árum, — það eru víst tvö ár á föstudaginn kemur, — að þáltill. okkar var samþ. nokkuð breytt og var þá svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga, á hvern hátt megi tryggja, að allir íslenzkir sjómenn njóti sérstakrar slysatryggingar, eigi lægri en 200 þús. kr. miðað við fulla örorku eða dauða. Athugun skal lokið fyrir þinglok 1965."

Þetta tímamark í lok þáltill. var sett samkv. ósk minni, og athugun þessa máls átti þannig samkv. samþykkt Alþ. að vera lokið fyrir þinglok 1965 eða í síðasta lagi fyrir um það bil ári. Þegar leið að þinglokum í fyrra og ekkert bólaði á niðurstöðu í þessu máli, lagði ég fram til hæstv. félmrh. sams konar fsp. og nú er hér aftur til umr., en hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hversu miðar þeirri athugun, sem gert er ráð fyrir í till. til þál. um sérstakar dánar- og örorkubætur sjómanna, sem samþ. var á Alþ. hinn 4. marz 1964?

2. Eru líkur á, að niðurstöður þeirrar athugunar verði lagðar fyrir Alþ. það, er nú situr?"

Af svörum hæstv. þáv. félmrh. hinn 28. apríl 1965 varð því miður ljóst, að slælega hafði verið að því staðið að tryggja framgang þess þingvilja, sem fyrir lá, að niðurstöður í þessu hagsmunamáli sjómanna yrðu fyrir hendi fyrir þinglok 1965. Þáltill. var samþ. hinn 4. marz 1964, og tíminn líður, án þess að n. sé skipuð til þess að vinna verkið. 30. júlí sama ár er skipuð n. til að athuga samkv. annarri þáltill., sem síðar var samþ., hvort unnt væri að breyta tryggingum, sem útgerðarmenn verða að kaupa, í eina tryggingu, og af svörum hæstv. félmrh. kom í ljós, að þeirri n. var svo einhvern tíma, — hvenær það var, veit ég ekki, — falið að framkvæma einnig þá athugun, sem þáltill. okkar hv. 5. þm. Vestf. fjallaði um.

Þegar komið var að því tímamarki, sem hv. Alþ. setti um lausn þessa máls, þinglokum 1965, lá ekkert fyrir um, hvernig störfum n. liði, nema það, að þeim mundi ekki ljúka fyrir tilsettan tíma. Nú fara þinglok að nálgast aftur og ekkert bólar enn á niðurstöðum af störfum þeirrar n., sem átti að skila af sér fyrir ári. Að öllum líkindum er ekki lengri tími til þingloka en svo, að það má ekki dragast lengur, að niðurstöður af störfum n. verði lagðar fyrir Alþ., til þess að það geti gengið endanlega frá afgreiðslu málsins á þessu þingi.

Ég hef því séð ástæðu til þess að spyrjast fyrir um málið á nýjan leik og legg þar fram sömu spurningar og ég las hér áðan og vænti þess, að svör hæstv. félmrh. geti verið jákvæðari en þau, sem veitt voru í fyrra. Ég skal ekki draga úr því, að það geti verið erfitt og vandasamt að finna lausn á því, á hvern hátt megi tryggja öllum íslenzkum sjómönnum sömu réttindi í tryggingarmálum. En ég hygg þó, að vandasamari mál hafi verið leyst á styttri tíma en þessi stjórnskipaða n. hefur haft til starfa, og sá dráttur, sem þegar er orðinn á afgreiðslu þessa máls, er óviðunandi.

**Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson):** Herra forseti. Ég get verið samþykkur hv. fyrirspyrjanda um það, að hér er spurt um mjög mikilsvert mál, sem nauðsyn er á að úrlausn fái. En þar sem hann lagði í inngangi sínum og skýringum á þessari fsp. aðaláherzluna á það að spyrja um störf þeirrar n., sem að málum þessum hefur unnið, vil ég upplýsa það, sem er meginástæðan fyrir því, að svar mitt verður að þessu sinni æðistutt, að fyrir 2 dögum, — ég man ekki, hvort það var í fyrradag eða daginn þar áður, — þá barst mér loks í hendur skýrsla þessarar nefndar. Og í meginatriðum er þar bent á tvær leiðir. Skýrslan er æði viðamikil, og ég hef ekki haft ástæðu til þess að kynna mér allt efni hennar, en bent er á tvær leiðir, till. eru nánast tvær, þ. e. a. s. í fyrsta lagi, að sú sérstaka trygging, sem hér um ræðir, verði sett inn sem viðbótartrygging í almannatryggingalögin, og svo hitt, að samin verði sérstök löggjöf um þetta efni, þannig, að hinum frjálsu tryggingafélögum verði falið að framkvæma þessar tryggingar.

En eins og ég áðan sagði, ég hef ekki haft aðstöðu til þess á þeim örskamma tíma, sem síðan er liðinn, að mér barst í hendur þetta nál., að kynna mér það til hlítar og ríkisstj. þaðan af síður, því að hún hefur ekki séð skýrsluna sem slíka. Henni hefur ekki verið útbýtt til ráðh. allra. En ég get lýst þeim vilja mínum, sem ég efast ekki um, að sé vilji ríkisstj. allrar, að þessu máli verði hraðað svo sem kostur er og þær leiðir, sem n. bendir á til úrlausnar þessu, verði kannaðar til hlítar, þannig að afgreiðsla fáist á þessu atriði svo fljótt sem nokkur kostur er á.

**Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson):** Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans og fagna því, að nú að lokum skuli hafa verið skilað þeim till., sem samkv. ályktun Alþingis áttu að liggja fyrir, áður en þingi var slitið vorið 1965. Um efnisatriði tillagna þeirrar nefndar, sem athugun hefur haft á því, hvernig megi tryggja, að allir íslenzkir sjómenn njóti sértryggingarinnar, er að sjálfsögðu ekki hægt að ræða að þessu sinni. En tilgangurinn með fsp. minni, bæði í fyrra og nú, var fyrst og fremst sá að reka á eftir því, að þessi athugun yrði framkvæmd. Það er svo annað mál, sem kemur síðar til athugunar, hvernig nefndin hefur unnið þetta verk sitt, hversu heppileg sú lausn er á málinu, sem hún hefur lagt til.

Eins og ég tók fram áðan, er ekki vandalaust að leysa þetta mál varðandi þá sjómenn, sem ekki eru lögskráðir. En ég legg áherzlu á það, að ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að sjómenn njóti hærri tryggingar en aðrir landsmenn, a. m. k. á meðan almennar tryggingar eru ekki fullnægjandi. Þeir eiga að njóta sérstakrar tryggingar vegna þeirrar sérstöku hættu, sem þeir taka á sig við þjóðnauðsynleg störf, — hættu, sem er meiri en aðrir þjóðfélagsþegnar eru að jafnaði í við sín störf. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir, að slys hendi á sjónum. En þeirri sérstöku hættu, sem sjómenn ganga í, á að mæta með sérbótum til þeirra og aðstandenda þeirra, ef illa tekst til.

Það er eitt höfuðatriði þessa máls, að þótt þessi sértrygging sé staðreynd varðandi meginhluta sjómanna, er nokkur hópur þeirra afskiptur, og ef Alþingi lýkur þessu máli ekki á þann veg að tryggja öllum íslenzkum sjómönnum þessar sér-

bætur, heldur það áfram að gerast, sem hefur átt sér stað til þessa, að við sjóslys fá aðstandendur sumra sjómanna aðeins hinar venjulegu bætur almannatrygginganna, en aðstandendur annarra sérbætur að auki, 200 þús. kr. sérbætur. Úr þessu misrétti verður að bæta, og í þáltill. frá 4. marz 1964 kemur fram vilji Alþ. til þess, að það verði gert. Og þótt sú athugun, sem þáltill. gerði ráð fyrir á hugsanlegum lausnum á málinu, hafi dregizt lengur en þörf hefði verið á, vænti ég þess, að nú þurfi ekki að líða langur tími, þar til þetta mál verður farsællega til lykta leitt.

## 18. Sjálfvirkar símastöðvar í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Á deildafundum 16. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
**Fsp. til samgmrh. um sjálfvirkar símstöðvar í Gullbringu- og Kjósarsýslu** [70. mál, 1] (A. 83).

Á 12. fundi í Sþ., 17. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 13., 17. og 29. fundi í Sþ., 24. nóv., 8. des. og 2. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Sþ., 9. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):** Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 83 að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. samgmrh.:
„Hvenær má búast við, að símkerfi neðangreindra sveitarfélaga verði tengd sjálfvirka símkerfinu:
I. Gullbringusýsla: a. Hafnahreppur, b. Vatnsleysustrandarhreppur?
II. Kjósarsýsla: a. Mosfellshreppur, b. Kjalarneshreppur, c. Kjósarhreppur?“
Það er dálítið umliðið, síðan þessari fsp. var útbýtt, svo að praktískt hefur a-lið í I. verið svarað, þar sem Hafnahreppur hefur þegar verið tengdur sjálfvirka símkerfinu. En ég vildi mega vonast til þess, að hæstv. samgmrh. gæti leyst úr hinum fsp.

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það er rétt, sem fyrirspyrjandi sagði, að það er langt síðan þessari fsp. var útbýtt, en það er ekki af því, að það hafi ekki verið til svör við þessum fsp., að þeim hefur ekki verið svarað, heldur hafa verið ýmsar aðrar ástæður, sem hafa tafið málið.
Eins og fyrirspyrjandi sagði, hefur verið opnuð símstöð í Höfnum, síðan fsp. var útbýtt, og hv. fyrirspyrjandi hefur sagt það og lýst ánægju sinni yfir því, hversu mikið hefur nú verið gert í símamálum í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það má t. d. minna á það, að sjálfvirku stöðvarnar í Keflavík, Sandgerði, Gerðum og Hafnarfirði hafa nýlega verið stækkaðar, og **það er gert ráð fyrir,** að Grindavík verði stækkuð á þessu ári. Sjálfvirkar símstöðvar í Brúarlandi og Vogum er fyrirhugað að reisa á þessu ári, en þar vantar nú hús fyrir þær, en verður að byggja það á komandi vori.
Svör við þessum fsp., sem hv. fyrirspyrjandi las hér upp áðan, verða að vera nokkuð almenns eðlis, þar sem reikna má með því, að farið verði líkt að með Gullbringu- og Kjósarsýslu og aðrar sýslur í þessum málum. Það má geta þess, að frá upphafi áætlana um sjálfvirkar stöðvar um allt land var ekki gert ráð fyrir, að sjálfvirkt samband í sveitum kæmist yfirleitt á, fyrr en lokið væri að setja upp sjálfvirkar stöðvar í öllum kaupstöðum, kauptúnum, þorpum og fáeinum öðrum þéttbýlisstöðum, væntanlega 1970. Fyrir sveitina nægir ekki aðeins að setja upp venjulegar sjálfvirkar stöðvar, heldur þarf jafnframt að fara fram gagnger breyting á línukerfinu og þá sérstaklega þar sem margir eru nú tengdir við sömu línu. Vegna kostnaðar og þess tíma, er það tekur að koma upp sérlínu til hvers notanda, er í ráði, að framkvæmdirnar fari fram í tvennu lagi: fyrst með fækkun notenda á hverri línu og nota þá sérstakan sjálfvirkan búnað, þar sem nokkrir, t. d. allt að 5 notendur, geta verið á sömu línu, en kunnugt er um, að það fyrirkomulag hefur m. a. verið notað erlendis. Nú er hins vegar í uppsiglingu ný gerð slíks búnaðar, og á næsta ári er fyrirhugað að prófa hann hér á litlu kerfi til þess að öðlast reynslu af honum, áður en almennt verður farið út í slíkar sveitarsímaframkvæmdir og áætlanir þar að lútandi gerðar í einstökum atriðum. Síðar verður unnið að því að koma hverjum notanda á sérlínu.
Þess má geta, að ekki er gert ráð fyrir, að síminn fylgi hreppamörkum, enda eru þau víða mjög óeðlileg. Ofannefnt svar er því almennt orðað og ekki miðað við þá sérstöku hreppa, sem nefndir eru í fsp., og hefur ekki enn verið ákveðið neitt um það, í hvaða röð sveitirnar verða teknar fyrir, en sennilega yrðu þéttbýlissvæðin tekin fyrst og sérstaklega þar, sem auðveldast er um línulagnir.

**Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen):** Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgmrh. svör hans. Ég vil jafnframt geta þess, að það, hversu fsp. er seint tekin á dagskrá, er, eins og hann gat um réttilega áðan, ekki hans sök, heldur ýmis atvik, sem hafa leitt til þess, að hún var ekki tekin fyrr á dagskrá en núna.
Ég vil aðeins undirstrika það, sem ég hugsaði með þessari fsp., að áherzla verði lögð á að tengja við sjálfvirka símkerfið sveitarfélögin í nágrenni Reykjavíkur, og jafnframt þakka hæstv. ráðh., á hvern hátt hann hefur tekið á málum Gullbringu- og Kjósarsýslu, þ. e. a. s. símamálum þar.

## 19. Verðlagsmál.

Á deildafundum 15. marz var útbýtt frá Sþ.:
**Fsp. til viðskmrh. um verðlagsmál** [147. mál] (A. 311).

Á 31. fundi í Sþ., 16. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 23. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 30. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson):** Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 311 fsp. til hæstv. viðskmrh. um verðlagsmál. Fsp. er svo hljóðandi:

„1. Hvaða flokkar vöru og þjónustu hafa frá 1. marz 1960 og þar til nú verið leystir undan verðlagsákvæðum?

2. Á hvaða flokkum vöru og þjónustu hafa ákvæði um álagningu í heildsölu og smásölu verið rýmkuð frá 1. marz 1960 og þar til nú, og hverjar eru breytingarnar í hverjum flokki?

3. Á hvaða flokkum vöru og þjónustu hafa ákvæði um álagningu í heildsölu og smásölu verið þrengd frá 1. marz 1960 og þar til nú, og hverjar eru breytingarnar í hverjum flokki?

4. Hvert er áætlað heildarsöluverðmæti til neytenda, miðað við sömu flokka og áður er spurt um: a) þeirrar vöru og þjónustu, sem leyst hefur verið undan verðlagsákvæðum, b) þeirrar vöru og þjónustu, sem verðlagsákvæði hafa verið rýmkuð á, c) þeirrar vöru og þjónustu, sem verðlagsákvæði hafa verið þrengd á?"

Tilgangur minn með þessari fsp. er að sjálfsögðu sá að fá fram í dagsljósið nokkur þau atriði verðlagsmálanna, sem verulegu skipta, þegar reynt er að meta þær breytingar, sem yfirstjórn þeirra hefur beitt sér fyrir og framkvæmt síðustu árin og flestum mun vera ljóst, að eru mjög veigamiklar. Heildaryfirlit yfir þessar breytingar hefur ekki, svo að mér sé vitanlegt, verið birt almenningi, og enn síður hafa verið fyrir hendi tölulegar upplýsingar um þá fjárhagslegu tilfærslu, sem átt hefur sér stað sem bein afleiðing breyttra verðlagsákvæða, — tilfærslu, sem öll hefur verið á einn veg, — og það leiðréttist þá við svör hæstv. ráðh., ef svo er ekki, — að auka hlut verzlunarinnar á kostnað neytendanna í landinu. Á slíkum upplýsingum er brýn þörf, þar sem hér er vafalaust um að ræða eina og ekki veigaminnstu orsökina fyrir þeirri óhagstæðu verðlagsþróun, sem nú er orðin viðvarandi í landinu. Skýr svör við fsp. minni mundu að vísu ekki gefa fullkomna mynd af því, sem verið hefur að gerast í þessum efnum, en ættu hins vegar að geta verið nokkur vísbending til gleggri skilnings á því, hvern þátt breytt stefna í verðlagningarmálunum hefur átt í þessari óhagstæðu þróun.

Ég hef miðað fsp. mína við breytingarnar frá 1. marz 1960. Ástæðan fyrir þeirri tímaviðmiðun er sú, að eftir gengisfellinguna í ársbyrjun 1960 var álagning lækkuð í hundraðshlutum vegna hins gerbreytta álagningargrundvallar, sem af gengislækkuninni leiddi, en þó þannig, að sízt var á verzlunina hallað. Verðlagsnefnd mun hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að verzlunin stæði jafnrétt eftir gengisfellinguna, ef hún fengi sem svaraði óbreyttri álagningu á 23% af hækkuninni, sem af gengisfellingunni leiddi. Niðurstaðan varð þó sú, að reiknað var út frá óbreyttri prósentuálagningu á 30% hækkunarinnar, og var því mjög ríflega fyrir því séð, að verzlunin fengi að fullu bættan allan aukinn tilkostnað vegna gengisbreytingarinnar, á sama tíma og launamenn urðu að taka á sig beina kauplækkun þrátt fyrir gífurlegar verðhækkanir. Með breytingu á álagningarreglum, sem verðlagsnefnd gerði í febr. 1960, var því fullkomlega gert upp við verzlunina og ekki um neina þrengingu verðlagsákvæða að ræða, því að þrátt fyrir nokkuð lækkaða álagningarprósentu var fremur um hækkaða álagningu og bættan hlut verzlunarinnar að ræða. Af þessum ástæðum er viðmiðunartíminn 1. marz rökréttur. Fyrsta stórbreytingin, sem síðar var gerð, var í ágústmánuði 1961, en þá var nýafstaðin önnur gengisfelling núv. hæstv. ríkisstj. Með þessari breytingu var full álagning í hundraðshlutum leyfð á hinn hækkaða álagningargrundvöll, nokkrir vöruflokkar undanþegnir verðlagsákvæðum og bein hækkun leyfð á öðrum. Gengisfellingin sjálf var ekki látin nægja sem hefndarráðstöfun, heldur kné látið fylgja kviði með stórhækkaðri álagningu. Í febr. 1964 er svo næsta stóra lotan tekin. Fjöldi vörutegunda er þá leystur undan verðlagsákvæðum og prósentuálagning yfirleitt hækkuð í hið sama og verið hafði í gildi fyrir viðreisnina, en þá við allt annan og lægri álagningargrundvöll og því ekki sambærilegan. Auk þessara tveggja stórbreytinga, þ. e. a. s. í ágúst 1961 og í febr. 1964, hafa svo verið gerðar margs konar aðrar breytingar með einstökum ákvörðunum, sem samanlagðar skipta verulegu máli og allar eru sama hækkunarmarkinu brenndar. Sú breyting hefur svo einnig verið gerð á þessu tímabili, sem hér er rætt um, á skipun verðlagsnefndar, að Alþb. hefur verið útilokað frá því að eiga þar fulltrúa og fylgjast þar með gangi mála. Er verðlagsnefnd nú svo skipuð, að þar á aðeins einn maður sæti, sem talizt getur málsvari opinberra afskipta af verðlagsmálum. Allir aðrir nm. eru yfirlýstir andstæðingar þeirra afskipta, sem þeim eru þó þar falin, og er þá sízt að undra, þó að ákvarðanir þeirra, sem vafalaust eru teknar í fullu samráði við hæstv. ríkisstj., beri þess ljósan vottinn.

Hér er ekki ráðrúm til þess að ræða frekar þessa fsp., sem hér liggur fyrir, né heldur til þess að ræða þá reynslu, sem fengin er af auknu verðlagningarfrelsi. Ég verð því að láta mér nægja að lýsa von minni um skýr svör hæstv. viðskmrh. við spurningum mínum og þá ekki sízt við 4. lið fsp.

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Í sambandi við efnahagsráðstafanirnar í febr. 1960 voru sett ný verðlagsákvæði. Í þeim fólst lækkun á hundraðshluta álagningar til samræmingar við þá hækkun álagsgrundvallar, sem leiddi af gengisbreytingunni. En þá voru flestar vörur háðar verðlagsákvæðum og innflutningur að mestu háður leyfum eða bundinn við vöruskiptalönd. Eftir gengisbreytinguna í ágústbyrjun 1961 var verðlagsákvæðum breytt aftur. Höfuðbreytingin fólst þá í því, að nokkrar vörutegundir voru undanþegnar verðlagsákvæðum. Höfðu flestar þessar vörur verið á innflutningsfrílista frá því í maí 1960. Var þess vegna talið, að stóraukið vöruframboð skapaði aukna samkeppni og væri af þeim sökum mögulegt að undanþiggja þessar vörur verðlagsákvæðum. Helztu vöruteg-

undirnar, sem undanþegnar voru verðlagsákvæðum í ágúst 1961, voru þessar: Niðursoðnir ávextir, aldinmauk, niðursoðið grænmeti, kryddvörur alls konar, snyrtivörur, ytri fatnaður, sokkar, kvenskór, búsáhöld úr leir og gleri, baðker og vaskar, lampar, ljósakrónur, skrifstofuvélar og armbandsúr.

Á árunum 1962 og 1963 var verðlagsákvæðum breytt lítils háttar vegna lækkunar á tollum, þ. e. hundraðshluti álagningar var þá hækkaður lítið eitt til samræmis við lækkaðan álagningargrundvöll. Hér var um hið gagnstæða að ræða og átti sér stað í sambandi við gengisbreytinguna 1960. Var hér um að ræða eftirtaldar vörutegundir: Vefnaðarvörur, þ. e. metravöru innan vefnaðarvörunnar, pappír, vatnskrana, blöndunartæki, hljóðfæri, bifreiðavarahluti, reiðhjól og barnavagna. Þessi breyting hafði eingöngu þann tilgang að tryggja verzluninni óbreytta álagningu í krónum talið.

Um áramótin 1963—1964 báru samtök kaupsýslumanna, Samband ísl. samvinnufélaga og Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis fram eindregnar óskir um, að verðlagsákvæðum yrði breytt, og rökstuddu þær óskir með því, að verzlunarkostnaður, einkum þó laun, hefði hækkað stórlega frá því að þágildandi verðlagsákvæði voru sett eða 1961. Eftir að kjaradómur verzlunarmanna kvað upp úrskurð sinn í febr. 1964, ítrekuðu kaupmenn og kaupfélög enn óskir sínar. Kaupmenn og kaupfélög töldu, að verzlunarkostnaður hefði hækkað um 60—70% frá 1961. Efnahagsstofnuninni var þá falið að gera athugun á afkomu verzlunarinnar, og var niðurstaða þeirrar athugunar í meginatriðum sú, að verzluninni nægði ekki lægri álagning en gilt hafði 1958, til þess að afkoma hennar yrði svipuð og þá var. Var verðlagsákvæðum breytt í samræmi við niðurstöður þessarar athugunar Efnahagsstofnunarinnar og nokkrar fleiri vörutegundir undanþegnar verðlagsákvæðum í samræmi við stefnuna í innflutningsmálum að auka innflutningsfrelsið ár frá ári. Helztu vörutegundir, sem verðlagsákvæði voru þá afnumin á, voru þessar: Kex, ávextir, bæði nýir og þurrkaðir, handverkfæri, leðurvörur, þ. e. töskur og veski, rafknúin heimilistæki, fittings, lím, vatnskranar og blöndunartæki.

Á þessu ári hafa kaupmenn enn óskað þess, að verðlagsákvæðum verði breytt vegna hækkunar á verzlunarkostnaði, sem þeir telja, að orðið hafi frá því í marz 1964, þegar núgildandi verðlagsákvæði voru sett. Er það mál nú í athugun hjá verðlagsyfirvöldum og viðskmrn. Á tímabilinu 1960—1965 hafa verðlagsákvæði verið afnumin á eftirtalinni þjónustu: Á útseldri vinnu bifreiðaverkstæða, á leigu fyrir stórvirkar vinnuvélar, á flutningsgjöldum á sjó, öðrum en fyrir flutning á olíu innanlands, og út- og uppskipunargjöldum og pakkhúsleigum hjá skipaafgreiðslum, á akstri leigu- og sendibifreiða, á steinsteypu og þjónustu rakara og hárgreiðslustofa.

Með þessu vona ég, að í aðalatriðum sé svarað 1.—3. lið fsp. Ég gæti að sjálfsögðu lesið miklu ýtarlegri skýrslu um þetta efni, nánari sundurliðun á þeim vöruflokkum, sem ég hef nefnt, og þær breytingar á hundraðstölu álagningar eða krónuupphæð, sem gerðar hafa verið. Það mundi hins vegar vera of langur lestur, að ég tel, fyrir hv. Sþ., svo að ég hef kosið að leggja ekki út í hann, en er að sjálfsögðu reiðubúinn til að afhenda hv. fyrirspyrjanda nákvæmar skrár um þessi efni, þannig að hann geti kynnt sér þær. Sömuleiðis ef aðrir hv. þm. hafa áhuga á því að kynna sér sundurliðun á þeim upplýsingum, sem ég hef nú gefið almenna grg. um, er ég reiðubúinn til að láta þeim hv. þm., sem þess kynnu að óska, slíkar skrár í té.

Hins vegar get ég því miður ekki veitt upplýsingar um 4. lið fsp., vegna þess að engar skýrslur eru fyrir hendi, sem geri mér kleift að veita þær upplýsingar, sem þar er um beðið, og niðurstaða embættismanna hefur einnig verið sú, að frumgögn muni skorta, til þess að hægt sé að safna þeim upplýsingum, jafnvel þó að í slíka rannsókn yrði lagt, en það mundi taka mikinn tíma og vera mjög fyrirhafnarsamt. Ég hefði þó verið reiðubúinn til þess að efna til hennar, ef embættismenn hefðu ekki tjáð, að a. m. k. mjög hæpið mætti teljast, að nægilega örugg frumgögn lægju fyrir, til þess að unnt væri að gera þá umfangsmiklu skýrslu, sem þar er farið fram á að gerð verði.

Í tilefni af orðalagi 2. og 3. spurningar hv. fyrirspyrjanda, þar sem spurt er um, hvaða álagning hafi verið rýmkuð eða þrengd, tel ég rétt að taka fram og benda á, að þrátt fyrir nokkra hækkun hundraðstölu álagningar til þess að mæta hækkuðum verzlunarkostnaði, munu bæði kaupmenn og kaupfélög vera þeirrar skoðunar, að þó að álagningarhlutfallstala hafi verið hækkuð, þ. e. álagningin hafi verið rýmkuð, svo að þau orð séu notuð, sem hv. fyrirspyrjandi notar, munu bæði kaupmenn og kaupfélög telja, að þar hafi sízt verið um rýmkun að ræða í þeim skilningi, sem þeir vilja leggja í orðið, þ. e. raunverulega hækkun á álagningu, þar eð bæði kaupmenn og kaupfélög munu telja, að hækkun kostnaðar við verzlun hafi á undanförnum árum orðið mun meiri en sú tekjuaukning, sem hækkaður álagningarhundraðshluti hafi haft í för með sér.

Ástæða er til að leggja á það sérstaka áherzlu, að í skiptum verðlagsyfirvalda og viðskmrn. við verzlunaraðila hefur jafnan verið um að ræða mikla, ef ekki algera samstöðu á milli kaupmanna og kaupfélaga. Þær óskir, sem ég gat um áðan, að fram hefðu verið bornar við verðlagsyfirvöld um hækkaða álagningu, og þær óskir, sem nú liggja fyrir, eru fram bornar bæði af fulltrúum kaupmanna og fulltrúum kaupfélaga.

Varðandi að síðustu það, sem hv. þm. gat um, að í verðlagsnefnd ætti nú ekki sæti neinn fulltrúi frá þingflokki Alþb., er þess að geta, að ástæðan til þess, að fulltrúi Alþb. náði ekki kjöri í hópi hinna þingkjörnu fulltrúa í n., þegar síðast var í hana kjörið, var bein afleiðing þeirrar breytingar, sem varð á flokkaskipun Alþ. eftir síðustu alþingiskosningar, þannig að tveir fulltrúar Framsfl. hlutu kosningu, en enginn fulltrúi Alþb. Ég get gjarnan notað þetta tækifæri til þess að láta í ljós þá skoðun mína, að ég tel þetta óheppilegt og þá breytingu, sem með þessu móti varð á samsetningu verðlagsnefndar, ekki hafa verið til bóta. Ekki svo að skilja, að ég sé með þessum orðum að amast neitt við þeim viðbótarfulltrúa, sem þingflokkur Framsfl. fékk kjörinn

í n., heldur láta hitt koma skýrt fram, að ég tel óheppilegt, að einn þingflokkanna skuli engan fulltrúa eiga í jafnmikilvægri nefnd og þeirri, sem verðlagsnefndin hlýtur að teljast, þar sem hún fjallar um opinbert verðlagseftirlit og verðlagsákvarðanir. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar, síðan síðustu kosningar fóru fram, á ýmsum 5 manna n. í því skyni að tryggja, að allir þingflokkar eigi þar sæti, og án þess að ég hafi borið mig saman um það við minn eigin flokk eða ríkisstj. í heild, get ég sagt það sem mína persónulegu skoðun og segi það eingöngu á eigin reikning, að ég tel vel geta komið til greina þess konar breyt. á verðlagslögunum, að allir þingflokkar eigi fulltrúa í verðlagsnefnd, eins og upphaflega var gert ráð fyrir, þegar verðlagslögin voru sett.

**Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson):** Herra forseti. Ég verð víst samkv. venju að þakka hæstv. viðskmrh. fyrir svör hans, um leið og ég lýsi ánægju minni yfir þeirri breytingu, sem á er orðin, að hann virðist nú fús til þess að stuðla að því, að þingflokkur sá, sem ég á sæti í, eignist fulltrúa í verðlagsnefndinni. Hins vegar verð ég að segja það um svör hæstv. ráðh., að þau eru ekki a. m. k. miklu ýtarlegri en svo, að auðvelt hefði verið að afla sér þeirra með öðrum hætti en bera fram spurningu um það hér á hv. Alþingi. Og það má öllum vera ljóst, sem fyrirspurn mína sjá, að þar er vitanlega aðalatriðið 4. spurningin, þar sem spurt er um það, hvert sé áætlað söluverðmæti þeirra flokka, sem hafa verið leystir undan verðlagsákvæðum, og þeirra flokka, sem álagning hefur verið hækkuð á. Sem sagt það, sem ég er fyrst og fremst með fsp. minni að seilast eftir, eru einhverjar tölulegar upplýsingar, þótt ekki væru nema áætlanir, um það, hvað sú tilfærsla er raunverulega mikil eða stórkostleg, sem þarna hefur átt sér stað. Og undrar mig það ekki, að hæstv. ráðh. kinokar sér við því að lesa hér upp allar þær breyt., sem hér hafa verið gerðar, svo gífurlegar sem þær hafa verið, né heldur að reyna að koma fram með nokkrar ágizkanir um það, hversu mikil tilfærsla hefur hér átt sér stað frá neytendum og til verzlunarinnar. En öll merki eru áreiðanlega uppi um það nú og hafa verið síðustu árin, að þessi tilfærsla sé gífurleg.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri hald kaupmanna og samvinnufélaga, að þrátt fyrir aukna hækkun í prósentutölu stæði verzlunin ekki betur að vígi en áður. Í því sambandi er nokkuð fróðlegt að kynna sér það, hvernig sjálfur álagningargrundvöllurinn hefur breytzt og hversu haldlítil sú mótbára er, sem hér kom fram hjá hæstv. ráðh., að tollalækkanirnar hafi haft gífurleg áhrif til þess að rýra hlut verzlunarinnar. Ég er hér með tölur, sem eru byggðar á verzlunarskýrslum og Hagtíðindum um þetta, og þær eru þannig, að 1959 er álagningargrundvöllurinn, þ. e. aðfluttar vörur og opinber gjöld á þær, 1870 milljónir, en á árinu 1964 er þessi grundvöllur kominn upp í 6153 milljónir eða hefur hækkað um 229%, og tollalækkanirnar, sem talað er um, hafa ekki haft meiri breytingu í för með sér í þeim efnum en það, að innflutningurinn hefur hækkað á þessu tímabili um 231.7%, en opinberu gjöldin um 220.5%, þ. e. a. s. aðflutningsgjöldin haldast svo til alveg í hendur við innflutninginn. Þess vegna hefur engin sú breyting átt sér stað í þessum efnum, sem væri hægt að nota sem röksemd fyrir hækkun álagningar í prósentutölu.

Á þessu tímabili, sem hér um ræðir, hefur það svo gerzt, að fjárfesting í verzluninni hefur samkv. opinberum heimildum a. m. k. þrefaldazt að krónutölu, en tvöfaldazt hlutur hennar í heildarfjármunamyndun þjóðarinnar. Mannafli hefur á þessu tímabili aukizt í verzluninni úr 11.9% í 14.2%, og er það vissulega glöggt dæmi um það, hvaða aukin ráð verzlunin hefur fengið á þessu tímabili, en hendir hins vegar líka á þann vítahring, sem skapast með auknu álagningarfrelsi, því að þegar álagning er hækkuð, gerist það, að þenslan vex í verzluninni, það koma upp fleiri verzlanir, sem leiðir svo til óhagstæðari verzlunarrekstrar almennt, sem aftur krefst meiri kostnaðar og hærri álagningar, og þarna er einmitt meginástæðuna að finna fyrir því, að mínu viti, að samvinnufélögin t. d. þykjast ekki komast af miklu betur nú en áður þrátt fyrir aukna álagningu. Það fer í aukna fjárfestingu og aukinn mannafla, og ástæðurnar fyrir því er að mjög miklu leyti að rekja einmitt til rýmkunar á verðlagsákvæðunum, því að reynslan hefur í öllum tilfellum orðið sú með auknu álagningarfrelsi, að álagningin hefur stóraukizt. Það munu vera mörg dæmi þess, að heildsöluálagning hefur á einstökum vörutegundum og þeim ekkert fáum af þeim vörum, sem undanþegnar hafa verið verðlagsákvæðum, þrefaldazt á þessu tímabili, og í smásöluverzluninni hefur reynslan alls staðar orðið sú, að um mjög verulegar hækkanir hefur verið að ræða, kannske litlar í fyrstu, en alltaf upp á við með hverju árinu sem líður á þeim vörutegundum, sem ekki eru undir verðlagsákvæðum. Þær vörur aftur á móti, sem undir verðlagsákvæðum eru, eru yfirleitt seldar á hámarksverði.

Allt þetta sýnist mér sanna, að það sé þörf á að taka verðlagningarmálin allt öðrum tökum en verið hefur. Hitt er svo hörmulegt til að vita, að ekki skuli hafa verið gerð nokkur tilraun til þess af hálfu hæstv. ríkisstj. að draga það fram, að sannprófa það, að láta sínar hagstofnanir rannsaka það, hversu mikil sú fjármunalega tilfærsla er, sem hér hefur átt sér stað.

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ég skal gjarnan taka undir það með hv. þm., að það er í sjálfu sér mjög miður, að íslenzk hagskýrslugerð skuli ekki vera fullkomnari en svo, að ógjörningur skuli vera að fá tiltölulega fljótlega svör við þeim atriðum, sem er spurt um í 4. lið fsp. hans. En það verður að játa hvern hlut eins og hann er, að það eru ekki fyrir hendi neinar upplýsingar, íslenzk hagskýrslugerð er ekki þannig uppbyggð, að unnt sé að veita svör við þessum fsp., nema efnt sé til alveg sérstakrar rannsóknar, sem mundi verða tímafrek og fyrirhafnarsöm, í því skyni. Verðlagsstjóri segir um þetta atriði í bréfi til viðskmrn., með leyfi hæstv. forseta, um 4. tölulið: „Mjög teldi ég æskilegt, að fyrir lægju upplýsingar, sem gerðu fært að svara þessu atriði fsp. Þær eru hins vegar ekki fyrir hendi, svo að mér sé kunnugt.“

Hins vegar vildi ég í tilefni af ívitnun hv. þm. í innflutningsskýrslur fyrr og nú aðeins benda á, að aukning heildarinnflutnings gefur í sjálfu sér ekkert áþreifanlegt til kynna um það, hver vera kunni aukinn hlutur verzlunarinnar vegna viðskipta með innflutninginn. Hann er samsettur af svo mörgum og gerólíkum liðum, sem um gilda svo ólíkar verzlunarvenjur, svo ólíkar verzlunarleiðir og svo gerólíkar álagningarreglur, að breyting á heildarinnflutningnum segir ekkert, sem neinar skynsamlegar ályktanir er hægt að draga af. Langstærsti einstakur þáttur innflutningsins er olíur og benzín, eins og öllum er kunnugt, sem um gildir alveg sérstakur innflutningsmáti og sérstakar verðlagningarreglur. Á þessum lið hefur orðið hvað mest aukning af öllum einstökum liðum innflutningsins, og áhrif hans á heildina eru svo mikil, að engar ályktanir er hægt að draga af heildinni í því sambandi.

Um þá meginniðurstöðu og meginstaðhæfingu hv. þm., að hlutdeild verzlunarinnar í þjóðartekjunum hljóti að hafa aukizt mjög á undanförnum árum, er það að segja, að úr því, hvort svo er eða ekki, verður ekki skorið nema með allsherjarrannsókn á þjóðartekjunum og skiptingu þeirra, og ég er hv. þm. alveg sammála um, að það er mjög æskilegt, að íslenzk hagskýrslugerð verði bætt með þeim hætti, að unnt sé að ganga að skýrum upplýsingum um það ár frá ári, ekki aðeins hverjar heildarþjóðartekjur eru og ekki aðeins hvernig þær skiptast á atvinnustéttir, eins og á síðari árum er þó hægt að fá upplýsingar um í grófum dráttum, heldur einnig hvernig þær skiptast á einstakar atvinnugreinar og undirgreinar hinna einstöku atvinnugreina, og helzt þannig, að þær væru sundurliðaðar í kostnaðarþætti og ágóða. Þannig er hagskýrslugerð komið hjá þeim þjóðum, sem hafa hana fullkomnasta, svo sem á sér stað í nokkrum löndum Vestur-Evrópu, þó engan veginn öllum, og í Bandaríkjunum. Þar liggja fyrir opinberar skýrslur um skiptingu þjóðartekna á tiltölulega mjög sundurliðaða þætti atvinnulífsins og greint á milli kostnaðar og hagnaðar. En því miður óttast ég mjög, að við eigum langt í land hér með að koma okkar hagskýrslugerð í það horf, að unnt væri að fá þessar upplýsingar, en þangað til svo er, verður í raun og veru ekki efnisatriðum 4. fsp. svarað, svo að óyggjandi megi teljast.

Varðandi þá almennu gagnrýni, að létt hafi verið verðlagsákvæðum af ýmsum vörum, eins og ég gat í svari mínu, vil ég að síðustu segja þetta:

Ég er þeirrar skoðunar, að þegar um innflutningshöft er að ræða, þegar utanríkisviðskipti þjóðar eru bundin innflutningshöftum og innflutningur er takmarkaður, þannig að ávallt megi búast við vöruskorti, a. m. k. á vissum sviðum, séu almenn verðlagsákvæði tvímælalaust nauðsynleg og raunar alveg óhjákvæmileg til þess að koma í veg fyrir, að vöruskortur og takmarkaður innflutningur veiti þeim, sem með vöruna verzla innanlands, skilyrði til óeðlilegs hagnaðar á kostnað neytenda. Hins vegar er ég jafnframt þeirrar skoðunar, að ef tekst að tryggja frjálsa innflutningsverzlun og raunverulega frjálsa samkeppni með innfluttar vörur, séu verðlagsákvæði á þeim sviðum í raun og veru óþörf. Þessa sömu skoðun virðist ríkisvald í öllum löndum Vestur-Evrópu hafa haft, algerlega án tillits til þess, hvort við stjórnvölinn hafa setið flokkar, sem venjulega eru kenndir við hægri stefnu, eða flokkar, sem venjulega eru kenndir við vinstri stefnu. Þess má t. d. geta, að á Norðurlöndunum öllum, þar sem jafnaðarmenn hafa verið við stjórn um langt skeið í öllum löndunum til skamms tíma a. m. k., var nákvæmlega sömu stefnu fylgt í þessum efnum og núv. ríkisstjórn hefur fylgt undanfarin 6 ár, að láta rýmkun verðlagsákvæða sigla hægt í kjölfar rýmkaðra innflutningstakmarkana, rýmkaðra hafta á innflutningsverzluninni. Fyrst hefur það komið, að afnumin hafa verið höft á innflutningsverzluninni. Þegar í kjölfar þess hefur siglt nægilega mikið aukið vöruframboð og nægilega mikil samkeppni, hefur þótt fært og að sumu leyti jafnvel til bóta að létta smám saman, hægt þó, á verðlagshömlunum, sem voru sjálfsagðar, meðan innflutningur var takmarkaður að meira eða minna leyti. Ég vil staðhæfa, en játa að vísu, að þar er um að ræða staðhæfingu á móti staðhæfingu, sem ég get ekki sannað frekar en hv. þm. getur sannað sína vegna skorts á upplýsingum, sem ég var að tala um, — ég vil staðhæfa, að það afnám verðlagsákvæða, sem smám saman, hægt og hægt hefur verið heimilað á undanförnum árum, hafi ekki orðið til þess að færa verzluninni óeðlilegan hagnað. Einu rökin, sem ég get fært fyrir því, að þessi skoðun sé rétt, er sú, að afkoma ýmissa almannafyrirtækja, sem við verzlun fást, bendir ekki í þá átt, að um óeðlilegan hagnað hafi verið að ræða. Hér á ég t. d. við langstærsta verzlunarfyrirtæki landsins, sem er Samband ísl. samvinnufélaga, sem ber höfuð og herðar yfir öll önnur fyrirtæki, sem við verzlun og viðskipti fást í landinu hvað stærð snertir og hvað snertir fjölda þeirra vörutegunda, sem með er verzlað. En á undanförnum árum, t. d. á árinu 1964, sem opinberir reikningar þegar liggja fyrir um, er það alveg ljóst, að afkoma Sambandsins hefur verið mjög slæm, í raun og veru mjög slæm, ef miðað er við heildarveltu Sambandsins. Og svipað virðist vera um ýmis kaupfélög að segja, ekki hvað sízt þau samvinnufélög, sem fást við hreina verzlun í kaupstöðum, svo sem Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, að afkoma þess virðist engan veginn benda til þess, að um nokkra óeðlilega gróðamyndun sé að ræða, ekki í smásöluverzluninni, jafnvel þrátt fyrir það afnám verðlagshafta, sem leyft hefur verið undanfarin ár. Ef svo væri, að í verzluninni almennt væri um óeðlilega gróðamyndun að ræða, eins og hv. þm. virtist telja í ræðu sinni áðan, hlyti það að koma fram í góðri afkomu jafnstórs og umfangsmikils heildsölufyrirtækis og Samband ísl. samvinnufélaga er, og ef um væri að ræða almennan óeðlilegan hagnað í smásöluverzluninni, finnst mér, að það hlyti að koma fram í afkomu jafnstórs fyrirtækis á smásölusviðinu og KRON í Reykjavík er, en það er eitt stærsta vörudreifingarfyrirtæki í höfuðstaðnum. Þessar staðreyndir, sem mér eru vel kunnar og hægt væri að skýra nánar frá, ef tilefni gæfist til, — þessar staðreyndir um afkomu t. d. Sambands ísl. samvinnufélaga, stærsta heildsölufyrirtækis landsins, og KRON, einnar stærstu smásöluverzl-

unar í landinu, virðast mér eindregið benda til þess, að það sé rétt, sem ég hef staðhæft um þetta, en hins vegar á misskilningi byggt, sem hv. fyrirspyrjandi hefur staðhæft um það, að afnám verðlagsákvæða hafi ekki leitt til neins, sem kalla mætti óeðlilega gróðamyndun í verzlun landsmanna.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Það var aðeins út af því, sem hæstv. viðskmrh. talaði um hagskýrslurnar og upplýsingar viðvíkjandi gróða og auðskiptingu. Það hefur hvað eftir annað hér á Alþingi verið farið fram á það, að hæstv. ríkisstj. léti rannsaka, hver gróðamyndunin og gróðaskiptingin og auðskiptingin í landinu væri. Það er búið að gera þetta í meira en áratug. Það er hins vegar svo, að stjórn, sem styðst fyrst og fremst við auðmannastéttina og rekur pólitík, sem samsvarar hennar hagsmunum, virðist hafa lítinn áhuga á því að veita slíkar upplýsingar. Erlendis er nokkurn veginn hægt að ganga að svona upplýsingum, vegna þess að þar þykir skattaframtal yfirleitt það heiðarlegt, við skulum segja t. d. í Bandaríkjunum, að þar getur maður bókstaflega flett upp í skattskýrslum og séð gróða þeirra stóru hringa og séð hins vegar, hvað þeir borga í laun. Hérna aftur á móti hefur íslenzk auðmannastétt sína bókfærslu þannig, að hún dylur þetta eins og hún getur, og þær ríkisstjórnir, sem setið hafa að völdum, hafa reynt að hylma yfir þetta með henni. Það hefur verið svo mikið af sérfræðingum í þjónustu hæstv. ríkisstj., að hefði hún haft áhuga á því að kynna almenningi, hvernig auðskiptingin í landinu væri og hvernig gróðamyndunin væri og hvernig sá gróði skiptist, þá hefði það verið hægt.

Það eina, sem maður hefur getað séð, það er nokkurn veginn, hvernig t. d. verzlunin hefur sogað til sín í æ ríkari mæli lánsfé frá bönkunum og aukið hjá sér einnig meira en til samans hjá iðnaði og sjávarútvegi, og það hefur ekki farið fyrst og fremst til samvinnuverzlunarinnar. Ég skal ganga út frá því, að mikið af þeim gróða, sem skapast í heildverzluninni núna, sé ólöglegur gróði, og ríkisstj. gæti kannske gefið upplýsingar viðvíkjandi bæði tekjuskattinum og slíku, hvað hún telur líklegt, og söluskattinum. Hins vegar býst ég við, að kaupfélögin yfirleitt skili söluskattinum.

Það er þess vegna svo, að það þarf að gera sérstakar ráðstafanir til þess að fá hugmynd um, hvern gróða íslenzk auðmannastétt hefur, hvernig auðskiptingin í landinu er. Þetta er margoft búið að fara fram á, og þetta er hægt að gera. En ef menn hins vegar hafa áhuga á því að dylja hann, er minnstur vandi fyrir eina ríkisstjórn að segja: Þetta er því miður svo erfitt, að það verður líklega langt þangað til við getum þetta. — En það er bara vegna þess, að viðkomandi ríkisstj. tekur ekki auðmannastéttina í landinu því taki, sem þarf. Bankarnir og aðrir slíkir geta fyllilega veitt aðgang að þessu, ef um það væri að ræða. Það er alveg hægt að grennslast eftir þessum hlutum, ef það væri gengið dálítið fast fram í því.

En þegar vinnudeilurnar nálgast, hvað verður þá sagt? Þá verður sagt, að atvinnulífið þoli ekki það, sem verkamenn fara fram á, og það er sungið ár eftir ár. Og ár eftir ár, þegar um það hefur verið rætt, höfum við fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar beðið um að fá skýringar um þetta, hvernig atvinnulífið standi, og það fæst aldrei. Svo segir sjálfur hæstv. viðskmrh.: Þetta er svo erfitt að rannsaka, og við höfum ekki næga sérfræðinga. Okkar sérfræðingar halda, að þetta sé næstum því ómögulegt. — En þeir geta reiknað allt mögulegt annað út, sem þeim er falið að gera.

Við skulum aðgæta það, að þetta er mál, sem snertir mjög þau praktísku stjórnmál í landinu. Allt sem heitir að reyna að dylja, hvernig gróðaauki íslenzku auðmannastéttarinnar er, gerir það að verkum, að verkalýðurinn hlýtur að verða því ákafari í sínum kröfum að knýja fram kauphækkanir, sem hann veit ósköp vel að atvinnulífið þolir. Við þurfum ekki nema líta á, hvernig menn lifa hér í Reykjavík í yfirstéttinni og hvernig heildsalarnir láta afskrifa í sambandi við sín skattaframtöl allan sinn lúxus, á meðan verkamenn verða að þræla 10—12 tíma á dag og hlaðið er síðan á þá vísitölulánum, eins og núna er gert í sambandi við húsnæðið. Þessi þrældómur kemur ekki til með að ganga öllu lengur. Það eru þessir menn, sem halda þjóðfélaginu uppi með sínu starfi, og ef það á að koma fram, þegar vinnudeilurnar nálgast í sumar, að atvinnulífið beri það ekki, þá er það annað, sem atvinnulífið ekki ber, og það er lúxuslíf yfirstéttarinnar í Reykjavík. Ef hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til þess að koma með skýrslu um þetta, sem sé hægt að líta á sem hlutlausa skýrslu, verður stéttabaráttan einu sinni enn að ganga sinn gang og hver staðhæfir sitt.

**Forsrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. talaði mjög um það hér s. l. miðvikudag, að hann væri reiðubúinn til þess að fræða þm., sem vildu leita fræðslu hjá honum, og kunnu menn vitanlega mjög vel að meta þann mikla menntunaranda og þekkingu og hógværð, sem lýsti sér í öllum þeim ummælum. En það er alveg ljóst, að frá því að hv. þm. talaði úr þessum sama ræðustóli fyrir hálfum mánuði, hefur hann fengið alveg nýja fræðslu og allt annað viðhorf til mála. Þá gaf hann mjög skorinorða yfirlýsingu hér um það, að Ísland væri, þrátt fyrir það að það væri ekki með allra auðugustu þjóðum heims, — þá væri landið sérstakt að því leyti, að allur almenningur hefði hér háar og miklar tekjur, þ. e. a. s. hversu vel hefði tekizt um eignaskiptingu og tekjuskiptingu í þessu landi. Hv. þm. taldi þetta vera svo frábært afrek og einstætt, að hann vildi, að við gerðum sérstakar ráðstafanir til að kynna þetta fyrir þróunarlöndunum svokölluðu, færum á þing Sameinuðu þjóðanna, ræddum þetta þar og í framhaldi af því hefðum sérstakt samband við þessar þjóðir, sem væru á eftir okkur. Hv. þm. fjölyrti þá um það, að Íslendingar hefðu verið kúgaðir í 600 ár, eins konar nýlenduríki. Nú hefðum við á fáum áratugum brotizt svo fram, að við í dag, eins og hann sagði, værum til sérstakrar fyrirmyndar.

Það tjáir ekki fyrir hv. þm. að segja, að þessi hans boðskapur gæti staðizt, vegna þess að hér væri miðað við heildarþróun og allt hefði tekizt

verr hin allra síðustu ár heldur en áður, allt það, sem vel hefði farið, væri að þakka því, að hann hefði sjálfur haldið hér ræðu fyrir 20 árum og upplýst, hvernig fara ætti að því að koma öllum hlutum í lag. Nú vil ég ekki gera lítið úr ráðleggingum þessa hv. þm. Hann segir oft skynsamlega hluti, þó að það komi fyrir inn á milli, að það slái út í fyrir honum, eins og í dag. En við skulum játa, að við eigum allir, allir Íslendingar, allir þingflokkar og allar stéttir, mikinn þátt í þeirri miklu umbreytingu, sem orðið hefur í þessu landi, og okkur væri sæmra að viðurkenna það og hælast um af því sameiginlega afreki, í stað þess að vera að reyna að sá sæði tortryggni og rógs, eins og hv. þm. gerði hér áðan.

Vitanlega standast þessar hans fullyrðingar engan veginn, miðað við það, sem hann sagði fyrir hálfum mánuði. Það er óumdeilanlegt og verður ekki með nokkru móti hrakið, að þó að hér hafi verið samfelldar framfarir alla þessa öld, getum við sagt, með nokkrum afturkippum þó af ýmsum ástæðum á vissum tímabilum, sem ég skal ekki fara að rekja, hafa framfarirnar aldrei verið meiri en það sem liðið er af sjöunda tug aldarinnar, og allur almenningur í landinu hefur aldrei átt við betri kost að búa. Og því fer svo fjarri, að á hann hafi verið hallað, að einmitt það undursamlega og það, sem er til fyrirmyndar, er það, sem hv. þm. lagði á ríka áherzlu hér fyrir hálfum mánuði: Hin mikla umbreyting í lífi almennings, sú almenna tekjuaukning, sem gerir það að verkum, að íslenzkur almenningur á við betri kjör að búa en flestir aðrir. Við þennan lærdóm hefði hv. þm. átt að halda sér, en ekki lepja upp slúðrið, sem hann heyrði úr kommunum úti í Osló fyrir 10 dögum.

**Einar Olgeirsson:** Herra forseti. Því miður duga nú ekki 5 eða 10 mínútur til þess að eiga að fræða hæstv. forsrh. þannig, að hann hefði eitthvert vit á efnahagsmálum. Þar þyrfti lengri tíma til. En minna vil ég hæstv. forsrh. á, af því að hann var nú að tala um alla þessa öld og hvílíkar framfarir hefðu verið, að hann var nýlega að segja þá ágætu setningu hér í þessum þingsal, að munurinn á því, sem hefði verið nú síðustu áratugina hjá okkur, síðustu tvo áratugina, og því, sem var fyrir 1940, hefði verið álíka munur og á helvíti og himnaríki, þannig að það er nú ekki langt síðan alþýða Íslands fór að búa við það að losna úr atvinnuleysisþrísundinni, sem hún bjó hér undir og varð að slást við bæjarstjórn Reykjavíkur til þess að reyna að rýmka ofurlítið um sína fjötra. Eftir að verkalýðshreyfingin varð nægilega sterk í kringum 1942 til þess að bæta sinn hag, gerbreyttist þetta.

Hvernig er þetta svo í dag? Jú, við erum búnir að skapa gífurlegar heildartekjur fyrir þessa þjóð, þannig að miðað við aðrar þjóðir í veröldinni stöndum við tiltölulega vel. Það þýðir m. a., að við höfum gert okkar yfirstétt mjög ríka og við höfum skapað mjög efnaða millistétt hérna, og með því að vinna 11—12 tíma á dag árið um kring getur verkalýðurinn haft mjög sæmilega afkomu. En raunverulegt tímakaup hans í dag, miðað við 8 tíma vinnudag, er sama og það var fyrir 20 árum, vegna þess að af hálfu valdhafanna í landinu hefur verið séð um að auka dýrtíðina þannig að sama skapi og kaupgjald hefur hækkað, að verkalýðurinn verður að bæta við sig í yfirvinnu til þess að ná í þær heildartekjur, sem ég lýsti yfir að væru mjög sæmilegar. Maður var nýlega kallaður fyrir skattayfirvöld, eins og hér var upplýst, út af því, að hann hafði ekki talið fram nema 120—130 þús. sem árstekjur. Það er það, sem mönnum er ætlað að lifa af, 5 manna fjölskyldu. Það þótti svo ótrúlegt.

Við verðum að gá að því, að misskiptingin á auðnum í landinu hefur vaxið á síðustu árum. Hún er meiri núna og hún er að vaxa, og það er það, sem gerir, að hæstv. ríkisstj. mun ekki hafa áhuga á því að gefa upplýsingar um, hver gróði íslenzkrar auðmannastéttar er og hversu gróðinn hefur skipzt. Þess vegna verðum við, þegar til vinnudeilnanna kemur, að berjast í blindni, af því að því er haldið fram þá í áróðri, að atvinnulífið þoli ekki þetta og þetta, en ekki fást neinar skýrslur lagðar fyrir. Þess vegna er það, sem ég hef sagt í þessum efnum, rétt. Við höfum gert stórátak, Íslendingar, og verkalýðshreyfingin og verkalýðsstéttin hefur ekki látið sitt þar eftir liggja. En hún hefur borið skarðan hlut frá borði, og hún neyðist til þess að bæta sér upp þennan skarða hlut með því að þræla lengur en nokkur önnur verkalýðsstétt í Evrópu.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Hér hefur verið spurt um eitt mjög mikilvægt atriði varðandi efnahagsmál þjóðarinnar, og hæstv. viðskmrh. hefur vikið sér undan að svara þessari spurningu. Og hann hefur borið því við, að það væru ekki tök á því að gefa svör við fsp. í þessa átt, vegna þess að ekki lægi fyrir nægilega traust hagskýrslugerð í sambandi við þessi mál. Ég tel, að hér hafi verið gripið á svo þýðingarmiklu máli, að hæstv. ríkisstj. megi ekki komast undan því að gefa sómasamleg svör við þessum spurningum, enda held ég, að hæstv. viðskmrh. hafi skotið sér undan því að svara þessu atriði, sem hér hefur verið rætt um, vegna þess að það hafi að verulegu leyti vantað vilja til þess að finna út það svar, sem hér átti að koma. Um það var spurt, hve miklu mundi nema verðmæti þeirrar vöru og þjónustu, sem heimiluð hefur verið ákveðin álagningarhækkun á á undanförnum árum eða undanþegin hefur verið álagningarákvæði. Það er eflaust rétt hjá hæstv. viðskmrh., að það liggja ekki fyrir neinar glöggar skýrslur um það, svo að hægt sé að sækja svörin alveg beint í tilteknar töflur um þetta. En það er enginn vafi á því, að ríkisstj. getur látið vinna þetta svar út án þess að leggja þar mjög mikla vinnu í. Ég minni á það, að hæstv. viðskmrh. var í n. fyrir nokkrum árum með tveimur öðrum þekktum hagfræðingum landsins, í svonefndri hagfræðinganefnd, sem hér starfaði og gaf út allýtarlegt álit einmitt varðandi þessi mál. Þar var gerð allrækileg grein fyrir því, hverju öll smásöluálagning í landinu mundi nema á hverju ári og hverju öll heildsöluálagning í landinu mundi nema á hverju ári. Eins og þessi n. gat á sínum tíma gert sómasamlegar áætlanir í þessa átt, er vitanlega hægt að gera grein fyrir því, hverju muni nema álagningin á tilteknum vöruflokkum, sem hafa nú verið undanþegnir verðlagseftirliti. En það er rétt, það þarf

vitanlega að setja aðila til þess að taka þetta saman. En það skiptir mjög miklu máli, að þessum spurningum sé svarað. Því vil ég nú fyrir mitt leyti skora á hæstv. viðskmrh. að láta vinna að athugunum á þessum málum, svo að skýr svör fáist um það, hvað miklu þessi álagningarhækkun nemur samanlagt á þeim vöruflokkum, þar sem um álagningarhækkun hefur verið að ræða, og eins á þeim vöruflokkum, þar sem álagningin hefur verið gefin frjáls. En það ætti líka að vera auðvelt fyrir ríkisstj. að láta kanna það með eðlilegum hætti, hver álagningin er nú, eftir að álagningin hefur verið gefin frjáls. Ég fyrir mitt leyti uni ekki við það, að þegar spurt er um jafnþýðingarmikið atriði og þetta, sé svarað nánast út í hött. Svör um það, að einstaka kaupfélög sýni ekki of góða útkomu, m. a. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis hafi ekki sýnt mikinn hagnað og það bendi þá líklega helzt til þess, að það sé jafnvel óhætt að hækka enn þá meira álagninguna, til þess að þeir geti bætt reikninga sína e. t. v. eitthvað frá því, sem nú er, slíkt er að svara út í hött. Hæstv. viðskmrh. veit það manna bezt, að Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis og mörg önnur kaupfélög í landinu verzla að mjög miklum hluta með þær vörur einmitt, brýnustu nauðsynjavörur, sem enn eru undir verðlagsákvæðum. Það mun vera hartnær helmingur af umsetningu ýmissa kaupfélaga í landinu, sem er landbúnaðarvörur, sem enn eru undir verðlagsákvæðum og þar sem vitað er, að álagningunni hefur verið haldið tiltölulega lágri borið saman við álagningu á fjöldamargar aðrar vörutegundir.

Það var einkum þetta, sem ég vildi leggja áherzlu á hér í þessum stutta tíma, að ég vildi ítreka það við hæstv. viðskmrh., að hann léti finna út þessi svör, sem hann hefur verið hér beðinn um, því að þau skipta mjög miklu máli varðandi efnahagsmál okkar í heild.

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Hv. ræðumenn Alþb. hafa látið að því liggja, að ástæðan til þess, að ég hafi ekki svarað 4. fsp. hv. þm., sé sú, að til þess vanti mig vilja. Ég vil aðeins endurtaka, að svo er alls ekki. Ég tók það fram þegar í upphafi svars míns, að ég teldi mjög æskilegt að geta einmitt veitt þær upplýsingar, sem þar er beðið um, en grundvöllur fyrir því væri hins vegar ekki fyrir hendi. Íslenzk hagskýrslugerð væri ekki á því stigi, að unnt væri að sækja þangað upplýsingar til svars við þessari fsp. og ég vil undirstrika aftur vegna endurtekinna ummæla hv. síðasta ræðumanns um þetta efni, að þetta er ekki aðeins skoðun mín, heldur einnig þeirra embættismanna, sem að þessum svörum ættu að vinna, og þá fyrst og fremst verðlagsstjóra, og ég læt mér ekki detta í hug, að hv. þm. væni þann ágæta embættismann um viljaleysi til að veita þær upplýsingar, sem hér er um beðið.

Varðandi þau ummæli hv. þm., að við fjórir hagfræðingar höfum á sínum tíma í skýrslu, sem við sömdum, áliti hagfræðinganefndar, gert vissa útreikninga á heildarálagningu í smásöluverzlun og heildverzlun á Íslandi á ákveðnu tímabili, er það rétt, að við gerðum slíkar áætlanir. Ég vildi fremur kalla það áætlanir en útreikninga. En það kostaði okkur mikla vinnu og ýmsa aðstoðarmenn. Við unnum að samningu þessa rits, sem síðar var gefið út, í marga mánuði allir 4 með aðstoð nokkurra ágætra aðstoðarmanna. Hér er hins vegar borin fram fsp., sem ætlazt er til að svarað sé með viku fyrirvara, og vona ég, að gefi auga leið, að ógerningur er að efna til neins konar víðtækrar rannsóknar eða athugunar á þeim tíma, sem ráðh. er ætlað að svara fsp., sem fram eru bornar. Hins vegar endurtek ég það, að ég hef áreiðanlega ekki minni áhuga á því en hv. fyrirspyrjandi og ræðumenn Alþb., að sem ljósastar upplýsingar liggi fyrir um einmitt þau atriði, sem um er spurt í 4. liðnum, og ég skal gjarnan hafa það til áframhaldandi athugunar í viðskmrn. og hjá verðlagsyfirvöldunum, hvort unnt sé að efna til athugunar, sem leiði þau meginatriði í ljós, sem þarna er óskað vitneskju um.

Varðandi það, að hv. síðasti ræðumaður tók mjög sterklega undir þá skoðun, sem fram kom hjá fyrirspyrjanda og hv. 3. þm. Reykv., að hagur kaupsýslustéttanna muni hafa batnað óeðlilega mikið í kjölfar afnáms verðlagsákvæða á ýmsum vörum á undanförnum árum, vildi ég minna á, að það eru ekki nema 7—8 ár síðan við áttum saman sæti í ríkisstj., hv. síðasti ræðumaður og ég. Hann fór þar með viðskiptamál, en flokksbróðir hans í ríkisstj., núv. hv. formaður Alþb., hv. 5. þm. Vestf., fór hins vegar með verðlagsmál í þeirri ríkisstj. Á síðasta starfsári þeirrar ríkisstj. voru sett ný verðlagsákvæði, á árinu 1958. Sú ráðstöfun var nokkuð umdeild á sínum tíma. En það er rétt að minna á það, sem áreiðanlega oft hefur komið fram opinberlega, — minna á það sérstaklega í þessu sambandi, að um margra ára skeið eftir 1960 var það stöðug ósk, að ég ekki segi krafa bæði kaupsýslumanna og samvinnufélaga, að verðlagsákvæðum væri breytt í það horf, sem þau urðu 1958. Þeir töldu verðlagsákvæðin þegar á árinu 1961 vera orðin mun þrengri en þau voru samþ. á valdaárum stjórnar Hermanns Jónassonar og hafandi hv. þm. Hannibal Valdimarsson sem verðlagsmálaráðh. Þeir töldu verðlagsákvæðin þegar á árinu 1961 vera orðin mun þrengri en þau verðlagsákvæði, sem stjórn Hermanns Jónassonar eða verðlagsnefnd undir yfirstjórn hennar hafði samþykkt. Það er ekki fyrr en á árinu 1964, og það er síðasta breytingin, sem gerð er á verðlagsákvæðum, — 1964 er loksins ákveðið að undangenginni mjög ýtarlegri rannsókn Efnahagsstofnunarinnar að hækka verðlagsákvæðin í það horf, sem þau voru raunverulega 1958, svo að segja má, að þau verðlagsákvæði, sem nú eru í gildi og hafa verið síðan 1964, séu að efni til sömu verðlagsákvæði og samþ. voru undir yfirstjórn Hannibals Valdimarssonar 1958. Þau þykja nú orðin of þröng vegna þess kostnaðarauka og þeirrar verðbólgu, sem átt hefur sér stað síðan, og er það mál enn til athugunar. Hafi þess vegna verið á þessum árum um mjög óeðlilega gróðamyndun í viðskiptum landsmanna að ræða, á árunum eftir 1960—1961, má segja, að efnt hafi verið til óeðlilegrar og óskyggilegrar gróðamyndunar með ákvörðunum vinstri stjórnar Hermanns Jónassonar 1958.

**Forsrh. (Bjarni Benediktsson):** Herra forseti. Ég skal nú ekki fara langt út í þetta deilumál,

fyrst og fremst vegna þess, að hér er mjög ójafn ræðutími og eðlilegra, að ég deili við hv. 3. þm. Reykv., þegar hann getur notið sinnar miklu mælsku alveg ótruflaður af forseta, svo að ég skal ekki fara að eltast langt við hans mál, þó að ég komist ekki hjá að benda á það mikla ósamræmi, sem var í hans málflutningi nú miðað við það, sem hann sagði fyrir réttum hálfum mánuði. Þá sagði hann orðrétt standandi í þessum stóli: „Verandi núna með fremstu löndum veraldar hvað efnahag snertir, a. m. k. árstekjur almennt, þó kannske að ríkidæmið sé ekki á við aðrar þjóðir.“

Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. Íslendingar eru ekki rík þjóð miðað við það, sem gengur og gerist í Vestur-Evrópu eða Norður-Ameríku. En árstekjur almennt eru a. m. k. fyllilega sambærilegar við það, sem gerist í Vestur-Evrópu, og það er mikið þrekvirki, sem unnið hefur verið til þess að koma þessu fram.

Hv. þm. gat ekki látið vera að koma fram í sínu gamla kennarahlutverki, sem ég vil segja, að honum fer ekki allt of vel. Menn kunna sannast að segja ekki við þann menntamannshroka, sem allt of oft lýsir sér í ræðum hv. þm. Þetta segi ég sem góður kunningi hans og virðandi hann að mörgu leyti. En hv. þm. ætti að kunna sig betur sem gamall og reyndur og ljúflyndur maður í eðli heldur en að rjúka upp og lýsa yfir þessum sínum miklu kennarahæfileikum, hvenær sem honum finnst einhver annar vera á skoðun, sem honum líkar ekki.

Hv. þm. sagði, og það er rétt, að ég væri ekki ýkjavel að mér í efnahagsmálum, — ég skal ekki fara að þræta um það, — og vildi segja, að það væri ósamræmi í því, sem ég hefði sagt, að hér hefði verið lengst af samfelld þróun fram á við, það sem af er þessari öld, með nokkrum afturkippum þó. Ég efast ekki um, að hv. þm. er svo vel að sér, að hann veit, að þetta er rétt, sem ég segi. Það hefur verið stöðug framþróun hér á þessu tímabili, en með nokkrum afturkippum, og alvarlegasti afturkippurinn var á tímabilinu milli 1930 og 1940. Þetta vitum við ofur vel, og ég veit, að hans stjórnmálaafskipti hafa mótazt að verulegu leyti af því ástandi, sem þá var, eins og mínar skoðanir líka. Hvorugur okkar vill svo illt, að sams konar ástand komi yfir almenning í þessu landi aftur, alveg eins og ég er viss um, að jafnvel þeim, sem þá áttu við bág kjör að búa, leið miklu betur en almenningi á Íslandi t. d. á tímabilinu milli 1850 og 1900, enda sýna dánartölur það ótvírætt, flótti úr landi og margar aðrar skýrslur.

Ég vil engan veginn gera lítið úr áhrifum verkalýðshreyfingarinnar í þeirri framþróun, sem hér hefur orðið. Ég sagði það áðan, að í henni eiga allir landsmenn sinn hlut, verkalýðshreyfingin eins og atvinnurekendur, allir flokkar, hver með sínum hætti, eins og í lýðræðisþjóðfélagi er. Við viðurkennum lýðræðisþjóðfélag einmitt af því, að við teljum, að þessi framþróun verði þá bæði tryggust og örust og bezt, ef allir kraftar fá að njóta sín með þessum hætti. En auðvitað er það ótalmargt annað en verkalýðshreyfingin, sem hér hefur ráðið úrslitum, og það er fyrst og fremst tækniþróunin, sem Íslendingar fyrst fá að njóta í upphafi þessarar aldar með tilkomu fyrst þilskipa, raunar nokkuð á síðasta hluta 19. aldarinnar, en aðalbreytingin verður með tilkomu togara, síðan síma, innlendri verzlun, auknum samgöngum og öllum þeim efnum, sem við þekkjum, og þar á togstreitan um skiptingu arðsins sáralitinn þátt í. Hin mikla tekjuaukning fæst fyrst og fremst fyrir tilkomu tækni og vísinda, þegar við komumst inn í nútímaheim. Síðan hefur það gerzt, að í stað þess, að hér myndaðist þjóðfélag fárra ríkra og margra fátækra, hefur, eins og hv. þm. lagði áherzlu á í ræðu sinni fyrir hálfum mánuði, tekizt að láta allan almenning fá mjög háar tekjur, þó að þjóðfélagið sjálft yrði ekki mjög ríkt. Þetta eru slíkar höfuðstaðreyndir, að þegar hv. þm. fer að tala í allt öðrum dúr, verður að mótmæla þeirri villukenningu, því að hann hefur lært upp sinn kommúníska barnalærdóm á fundinum í Osló fyrir 10 dögum, og sannaðist þá enn, að dregur hver dám af sínum sessunaut. Jafnvel hv. 5. þm. Reykv. er hollari honum en félagarnir að austan, sem hann þar var í samsulli með.

Hitt skulum við svo játa, að okkur vantar ýmsar hagfræðilegar upplýsingar hér, eins og þessir þm. hafa nú getið um. Það er engin nýjung. En ég segi: einnig í þessum efnum hefur orðið stórkostleg breyting til bóta á hinum allra síðustu árum. Með tilkomu Efnahagsstofnunarinnar, áður þeirrar starfsemi, sem Framkvæmdabankinn hafði, en einkanlega með tilkomu Efnahagsstofnunarinnar, með hagfræðideild Seðlabankans, með kjararannsóknanefnd, svo að nokkur dæmi séu tilfærð, er nú hægt að hafa handbæran fjölda upplýsinga, sem menn áður skorti, svo að hægt er að átta sig í fljótu bragði á mörgum staðreyndum, sem nauðsynlegar eru til þess að skilja þróunina og átta sig á, hvert stefnir. Með meiri mannafla er vafalaust hægt að afla fleiri upplýsinga.

En ég vil algerlega mótmæla þeim getsökum, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur í frammi um, að tekjumismunur og eignamismunur fari vaxandi í þessu landi. Eins og hann hefur öðru hverju manna ákveðnast bent á, er þetta ekki rétt, enda er það alveg víst, að allar skýrslur, sem fyrir hendi eru, sýna, að það er rétt, sem hann sagði fyrir hálfum mánuði, en ekki nú, þegar hann heldur hinu gagnstæða fram.

Og ég spyr: Hvaðan hefur hv. þm. það, og hvernig getur hann staðið við það að bera það á heila stétt eins og kaupmenn, að þeir steli frekar undan söluskatti en kaupfélög? Hvernig leyfir hv. þm. sér að koma hér og slá þessari fullyrðingu fram? Eru til nokkur gögn, sem sanna þetta, sem heimila honum að bera þetta á borð? Hafa fleiri kaupmenn verið teknir af þessum sökum og fundnir sannir að sök heldur en kaupfélög? Hefur verið rannsakað hjá öllum þessum aðilum? Hvenær hefur hv. þm. orðið sá hjartnanna og nýrnanna rannsóknari, að hann geti gefið slíkar yfirlýsingar? (EOl: Vill forsrh. ganga inn á að setja rannsóknarnefnd hér í þinginu til þess að athuga þetta?) Setja rannsóknarnefnd í þinginu til þess að rannsaka þetta? Hv. þm. var nú einu sinni í rannsóknarnefnd, sem heldur lítið kom út úr. Þessi mál eru til rannsóknar hjá réttum yfirvöldum landsins, og við skulum halda okkur að því, sem þar kemur fram.

Ég er ekki sérstaklega hrifinn af þeim rannsóknarréttarhugsunarhætti, sem hv. þm. öðru hverju er haldinn og allt of mikið minnir á Stalin-réttarhöldin og lýsingar Nóbelsverðlaunaskáldsins Halldórs Kiljans á sinni eigin villu áður fyrr, meðan hann var sjálfur viðstaddur rannsóknarréttinn, og hans fordæmingu á þeim vinnubrögðum nú eftir á. En það væri sök sér, að hv. þm. bæri fram slíkar fullyrðingar, eftir að rannsókn hefði farið fram, ef hann hefði setið í rannsóknarnefnd, sem hefði staðreynt þetta. En meðan engin slík rannsókn hefur átt sér stað og hv. þm. talar af fullkomnu þekkingarleysi, ætti hann ekki að bera fram slíka fullyrðingu, um leið og hann belgir sig upp yfir því, að hann einn viti allt eins og einvaldskonungarnir forðum. Það fer betur aðeins meiri hógværð í þeim efnum, og þessum ljúflynda manni væri betra að halda sig að sínu íslenzka uppeldi og innræti, en læra minna af rannsóknarherrunum austur í Moskva.

**Ólafur Björnsson:** Herra forseti. Það er deilt hér um þjóðarauð, þjóðartekjur og skiptingu þeirra. Eins og hæstv. forsrh. ekki að tilefnislausu minnti á, bar þessi mál á góma fyrir hálfum mánuði, þegar málefni þróunarlandanna voru hér til umr., en við allir, sem tókum þátt í þeim umr., vorum sammála um það, sem líka er í samræmi við staðreyndir, að þjóðartekjur okkar Íslendinga eru með þeim hæstu hér í Evrópu. Ég vil til fyllri áréttingar, af því að enginn okkar mun hafa farið með tölur í því efni, vitna hér í skýrslu Efnahagsstofnunar Evrópu, sem útbýtt hefur verið á borð hv. alþm. Samkv. henni er sú þjóð Evrópu, sem hæstar þjóðartekjur hefur, Svíar, sem hafa árlega á mann 2280 dollara. Næstir eru Svisslendingar, sem hafa 2190 dollara. En þeir þriðju í röðinni af Evrópuþjóðum samkv. þessari skýrslu eru Íslendingar með 2110 dollara á mann. Næstir koma svo Danir með 1890 dollara, og aðrar Vestur-Evrópuþjóðir eins og Þjóðverjar og Englendingar eru þar lægri. Nú má vel vera, að þjóðarauður okkar Íslendinga sé ekki eins mikill samanborið við aðrar þjóðir og verðmæti þjóðarframleiðslunnar bendir til. En almennt er álitið, að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur séu réttari mælikvarði á lífskjör og afkomu þjóðanna heldur en þjóðarauðurinn, og þess vegna minni áherzla lögð á það að gera hann upp.

Hv. þm. Alþb., sem hér hafa talað, hafa að vísu ekki gert ágreining um þetta atriði, en segja sem svo, að aðstaða verkalýðsins hér á landi sé óviðunandi vegna þess, að tekjuskiptingin sé svo ójöfn. Nú mættu upplýsingar um tekjuskiptinguna vissulega vera fullkomnari en þær eru, um það er ég fullkomlega sammála hv. 3. þm. Reykv. og ýmsum öðrum, sem hér hafa talað. En þær ófullkomnu upplýsingar, sem við höfum, finnst mér að bendi síður en svo til þess, að tekjuskipting sé hér ójafnari en gerist t. d. í nágrannalöndum okkar. Mér finnst, að þessar upplýsingar bendi frekar til hins gagnstæða. Í nóvember-Hagtíðindum á s. l. ári er yfirlit, sem hagstofan hefur birt yfir tekjuskiptinguna, að vísu samkv. skattaframtölum. Samkv. þessu yfirliti er sú starfsstétt, sem hæst er á blaði, læknar og tannlæknar, sem hafa haft 360 þús. kr. árstekjur. Næstir eru svo yfirmenn á fiskiskipum með 290 þús. kr. árstekjur. En lægstir eru bændur og gróðurhúsaeigendur með 161 þús. kr. árstekjur. Munurinn á þeim lægstu og þeim hæstu er samkv. þessu ekki nema um það bil tvöfaldur. (EOl: En reiknað í meðaltali?) Já, þetta er meðaltal .... (EOl: Nei, meðaltal af því, sem þjóðin hefur.) Nei, þetta eru meðaltekjur kvæntra karla, 25—66 ára. Ófaglærðir verkamenn hafa frá 172 þús. upp í 184 þús. kr. tekjur. Vinnuveitendur og forstjórar hafa samkv. þessu 247 þús. kr. tekjur. Þetta virðist ekki benda til þess, að tekjuskipting sé hér ójafnari en gerast mun í nágrannalöndunum, heldur þvert á móti hins gagnstæða.

Nú veit ég, að við þessu verður sagt, að skattframtölin sé ekki að marka, og vissulega eru miklir örðugleikar á því að fá fullnægjandi upplýsingar um tekjuskiptinguna í heild. Að því mun þó unnið af hagstofunni, og má vænta árangurs í þeim efnum. En ég get ekki látið hjá líða, — einmitt í sambandi við þetta, sem ég skal játa, að sérstaka rannsókn þyrfti að framkvæma til þess að fá um upplýsingar, — að minna á, að það hafa verið gerðar margar tilraunir til þess að framkvæma slíka rannsókn, og ég vil leyfa mér í því sambandi að minna á, að það var fyrir 10 árum, á síðasta þingi áður en vinstri stjórnin var mynduð, að samþ. var, ég má segja í Nd. Alþ., þáltill. um að skipa í það sérstaka rannsóknarnefnd með öllu því valdi, sem slíkar þn. hafa, að rannsaka milliliðagróða. Þessi n. var skipuð, hún réð sér framkvæmdastjóra, og auðvitað hafa þeir flokkar, sem þá skömmu síðar stofnuðu vinstri stjórnina, haft þar öruggan meiri hl. Sem framkvstj. var af n. ráðinn Bergur Sigurbjörnsson viðskiptafræðingur, sem er alkunnur dugnaðarmaður og mun ekki vera áhugalaus um það að fá þessi mál upplýst. En það hefur ekki nokkur stafur sézt eftir þessa n. Nú skyldi maður ætla, að einmitt vinstri stjórnin hefði haft sérstakan áhuga á því að fá þessi mál upplýst. En mér er ekki kunnugt um það, að nokkur stafur hafi sézt eftir þessa n., og ætti það að vera órækt dæmi um það, að örðugleikar á því að framkvæma þessa rannsókn eru töluvert miklir, og það er ekki ástæða til þess að ásaka núv. hæstv. ríkisstj. fyrir það, þó að hún hafi ekki komið þessum málum e. t. v. í það lag, sem æskilegt væri. En ég býst við, að það sé einmitt meira og betur unnið að því nú en verið hefur.

**Lúðvík Jósefsson:** Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. vildi láta orð liggja að því hér, að á tímum vinstri stjórnarinnar hefðu verzluninni verið ætlaðar svo ríflegar álagningarreglur, að hún hefði í mörg ár á eftir eða nú alveg fram undir síðustu ár verið að fara fram á það að fá slíkar álagningarreglur aftur eins og hún hafði haft þá. En hæstv. viðskmrh. skaut því bara undan, að það, sem gerðist í millitíðinni, var það, að árið 1960 felldi núv. ríkisstj. gengi krónunnar, hækkaði verð á erlendum gjaldeyri um um það bil 70% og vitanlega gerbreytti þannig þeim grundvelli, sem álagningin er miðuð við. Hefði verzlunin fengið eftir gengisbreytinguna miklu að leggja á jafnháa prósentutölu í álagningu, hefði verzlunin vitanlega fengið stórkostlegan hag af gengisbreytingunni beint. Þetta þótti vitanlega nauðsynlegt að færa nokkuð til baka, en hins vegar

er nú svo komið, að nú er auðvitað búið að fá þetta allt saman upp unnið og meira til, þar sem hún hefur fengið alveg ótakmarkaða álagningarheimild á fjöldamörgum vöruflokkum. Þetta vitanlega hlýtur hæstv. viðskmrh. að vita, þó að hann skyti því undan og fyndist það betur viðeigandi. Það kom auðvitað önnur gengislækkun aftur árið 1961, sem enn gerði það að verkum, að hagur verzlunarinnar í þessum efnum batnaði.

Það er vitanlega ekki tími til þess í 5 mínútna ræðutíma að víkja að þeim atriðum, sem hér hafa komið fram. Og þó að hæstv. forsrh. segði, að hann skildi, að það væri ekki réttmætt af honum og öðrum ráðh. að halda hér langa ræðu yfir þeim, sem hefðu aðeins 5 mínútna ræðutíma, þegar ráðh. hafa ótakmarkaðan tíma, gleymdi hann því, þegar sótti fram í ræðuna, og talaði langt mál og talaði yfir þeim, sem voru búnir að missa allan sinn ræðutíma, og það vitanlega um algerlega óskyld mál þeim, sem hér voru raunverulega til umræðu.

Allt tal um það, að tekjur Íslendinga séu miklar, þjóðartekjur okkar séu háar og fyllilega sambærilegar við aðrar þjóðir og þjóðartekjurnar hafi aukizt nú síðustu árin, koma vitanlega ekki því máli við, sem hér er verið að ræða um. Og það er vitanlega hinn mesti misskilningur, sé svo, að hæstv. forsrh. haldi það, að núv. ríkisstj. eigi einhvern verulegan þátt í því, að þjóðartekjurnar hafa vaxið jafnmikið og raun er á á síðustu árum. Ríkisstj. á engan þátt í því, að síldarstofnarnir við Ísland hafa aukizt. Hún á engan þátt í því, að síldveiðarnar hafa orðið okkur jafntekjudrjúgar og þær hafa orðið nú á síðustu árum, það veit hún mætavel. Og hún á heldur engan þátt í þeirri verðhækkun á okkar útflutningsvörum, sem orðið hefur, svo að það er vitanlega alveg þarflaust fyrir ríkisstj. að tala um það, að batnandi þjóðarhagur nú síðustu árin sé eitthvað hennar pólitík að þakka.

Hér er svo verið að nefna það, að samkvæmt opinberum skýrslum séu meðaltekjur á hvern Íslending 2110 dollarar. Það þýðir, að meðaltekjur á hvert mannsbarn í landinu séu þá um 90 þús. kr., en það þýðir á 5 manna fjölskyldu 450 þús. kr. Hefur verið samið um eitthvert slíkt kaup fyrir venjulega erfiðismenn í þessu landi, um 450 þús. kr.? Nei, við vitum það — (**Gripið fram í:** Þjóðarframleiðsla.) Já, þetta var þjóðarframleiðslan, og hún skilar sér síðan út í þjóðartekjum, og það er einmitt það, sem um er að ræða, að þessum miklu tekjum þjóðarinnar er ekki jafnt skipt. Og jafnvel þó að menn hverfi síðan að því að taka framtalsskýrslur hinna einstöku starfsstétta og finni það út, að tilteknar stéttir, eins og t. d. kaupmenn, hafi ekki mjög miklu hærri tekjur en ýmsar aðrar vinnustéttir í landinu, þá vita allir, að aðstaða þeirra til þess að telja fram á skattskýrslum er allt önnur en þeirra, sem aðrir verða að telja fram fyrir með vinnumiðakerfi. Þeir eru einir til frásagnar um sínar tekjur. Nei, það er eins og ég hef sagt hér áður, það er brýn þörf á því, að upplýsingar fáist um, hve miklu það nemur, sem verzlunarstéttinni í landinu hefur verið rétt með hækkaðri álagningu, því að það er vitanlega hægt, ef vilji er fyrir hendi, að reikna út þá upphæð.

## 20. Íþróttasjóður.

Á deildafundum 22. marz var útbýtt frá Sþ.:

**Fsp. til menntmrh. um Íþróttasjóð** [162. mál] (A. 365).

Á 32. fundi Sþ., 23. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

---

Á 34. fundi í Sþ., 30. marz, var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Daníel Ágústínusson):** Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. í tveimur liðum á þskj. 365 til hæstv. menntmrh. varðandi fjármál íþróttasjóðs.

Íþróttalögin og þar með íþróttasjóður áttu 25 ára afmæli á síðasta ári. Setning íþróttalaganna markaði tímamót í íþrótta- og menningarmálum Íslendinga. Með þeim viðurkenndi löggjafinn stöðu íþróttanna í þjóðfélaginu og fjárhagslegan stuðning við þau mannvirki, sem þeim eru nauðsynleg. Áður hafði verið veittur styrkur til einstakra mannvirkja og einkum sundlauga, en um það voru engar fastar reglur né heildarkerfi. Tæknilegur undirbúningur og eftirlit voru oft af skornum skammti, enda sagði það oftlega til sín, þegar frá leið. Með setningu íþróttal. 1940 hættir Alþ. að veita fé í einstakar framkvæmdir, en tekur upp eina fjárveitingu til íþróttasjóðs, sem ráðstafað skyldi af íþróttanefnd ríkisins og íþróttafulltrúa, en þeir aðilar hófu störf sín samkv. íþróttalögunum.

Með tæknilegri aðstoð og fjárhagslegum stuðningi íþróttasjóðs hafa verið byggð eða eru í byggingu 167 íþróttamannvirki þennan aldarfjórðung. Þau skiptast þannig eftir tegundum: 54 sundlaugar, 68 íþróttavellir og hlaupabrautir, 22 skíðamannvirki, 14 baðstofur, 9 íþróttahús. Mannvirki þessi hafa kostað í heild um 160.5 millj. kr. Framkvæmdir þessar og fyrirheit ríkisins um fjárhagslegan stuðning við þær hafa leyst úr læðingi óhemjustarf og mikla fjármuni einstakra félaga og félagasamtaka, bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga í þágu hinna ýmsu íþróttamannvirkja. Er vafasamt, að slíkt hefði átt sér stað í jafnríkum mæli án íþróttal. og stuðnings þeirra. Greiddar hafa verið úr íþróttasjóði til umræddra framkvæmda 23.6 millj. kr. samkv. reglum, sem farið hefur verið eftir við úthlutun styrkja, en þær eru 40% til sundlauga, íþróttahúsa, baðstofa og héraðsíþróttavalla, 30% til íþróttavalla einstakra félaga og íþróttaáhalda og 20% til skíðamannvirkja. Nokkur fjárhæð hefur á hverju ári gengið í sérfræðilega aðstoð, fyrir teikningar, bæði til arkitekta og verkfræðinga, en samkv. íþróttal. ber að greiða hana úr íþróttasjóði. Það ákvæði er vafalaust sett í íþróttal. til að tryggja það, að teikningar og annar tæknilegur undirbúningur og eftirlit sé í fyllsta lagi. Þá hefur enn fremur nokkrum fjárhæðum verið varið til stuðnings íþróttakennslu hinnar frjálsu íþróttastarfsemi í landinu. Eftir var að greiða frá íþróttasjóði til allmargra mannvirkja 26.4 millj. kr., er úthlutun ársins 1965 lauk, og er þá miðað við þá reglu, sem áður er getið um. Upphæð þessi skiptist þannig samkv. tegundum íþróttamann-

virkja: Sundlaugar 10 millj. 357 þús., íþróttavellir 9 millj. 259 þús., íþróttahús og baðstofur 5 millj. 670 þús., skíðamannvirki 1 millj. 143 þús., íþróttaáhöld 15 þús., eða alls 26 millj. 446 þús. kr. Fjárveiting Alþ. til íþróttasjóðs er nú 3.4 millj. kr. Af þeirri upphæð ganga ca. 2.5 millj. til mannvirkja, hitt fer í sérfræðilega aðstoð og til styrktar íþróttakennslunni. Með sömu fjárhæð tæki það íþróttasjóð 10—11 ár að greiða þá skuld, sem nú hvílir á sjóðnum, þótt ekkert nýtt mannvirki bættist við, en slíkt er vitanlega alveg óhugsandi. Þótt margt hafi áunnizt á liðnum aldarfjórðungi, eru samt enn mikil verkefni óleyst, sem aðkallandi verða á næstu árum.

Fjárveiting Alþ. til íþróttasjóðs hefur hæst komizt í 4 millj. kr., var lækkuð í fyrra í 3.4 millj. og ekki hækkuð úr þeirri upphæð í ár. Á sama tíma, sem fjárl. hafa hækkað um hundruð milljóna, stendur umrædd fjárveiting í stað eða er lækkuð. Með ört vaxandi byggingarkostnaði verður fjárveiting Alþ. æ minna hlutfall af þörfum íþróttasjóðs, ef framkvæmdir halda áfram með svipuðum hætti og áður. Sem dæmi um þróun þessara mála vil ég benda á eftirfarandi: Árið 1955 var fjárþörf íþróttasjóðs 5 millj., fjárveiting Alþ. 1 millj. eða 20% af fjárþörfinni. 1960 var fjárþörf íþróttasjóðs 14.9 millj., fjárveiting Alþ. 2 millj. eða 13.4% af fjárþörfinni. 1965 var fjárþörf íþróttasjóðs 29.7 millj., fjárveiting Alþ. 3.4 millj. eða 11.4% af fjárþörfinni. Og í ár, 1966, er fjárþörf íþróttasjóðs talin vera 34 millj., fjárveiting Alþ. er 3.4 millj. eða 10% af hinni raunverulegu fjárþörf. Þetta eru rúmlega víxilvextir af þörf sjóðsins. Af þessu yfirliti mætti Alþ. vera ljóst, að mál þessi eru komin í fullkomið ófremdarástand, og það versta er, að hvergi verður vart viðleitni af hálfu stjórnarvaldanna til að ráða fram úr vandanum.

Alþ. hefur oft, þegar svipað hefur staðið á með ýmsa aðra málaflokka, t. d. skólamál, hafnarmál, sjúkrahúsmál o. fl., gert ráðstafanir með sérstökum fjárveitingum til að stytta skuldahalann og jafnframt komið fjármálunum á betri rekspöl til frambúðar. Á meðan þetta er ekki gert, líða einstök félög og félagasambönd, mörg bæjar- og sveitarfélög, og aðkallandi framkvæmdir dragast lengur en viðunandi er. Þetta tel ég mig geta dæmt um og fullyrt af rúmlega 20 ára starfi í íþróttanefnd ríkisins og nánu samstarfi við marga þá aðila, sem ríka þörf hafa haft fyrir hraðari afgreiðslu hjá íþróttasjóði á styrkjum.

Ég efast ekki um, að hæstv. menntmrh. er kunnugt um þetta vandamál og sennilega ríkisstj. allri og á það bendir m. a. skipun n. 23. febr. 1963 af hæstv. menntmrh. til að endurskoða lagaákvæðin um íþróttasjóð. Nú leyfi ég mér með vísun til þess, sem að framan er sagt, að spyrja hæstv. menntmrh.: „1. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera til að greiða úr fjárhagsvandræðum íþróttasjóðs? 2. Hvað líður störfum þeirrar n., sem menntmrh. skipaði í febr. 1963 til þess að endurskoða lagaákvæði um íþróttasjóð?“

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að málefni íþróttasjóðs eru í hinu mesta óefni. Þau eru ekki nýkomin í það óefni, heldur hafa þau verið það um margra ára skeið. Mér er nær að segja, að þau hafi verið í óefni, frá því að sjóðurinn var stofnaður. Í íþróttal. frá 1940, nr. 25, eru fyrst sett lagaákvæði um íþróttasjóð. Þar segir, að Alþ. veiti sjóðnum árlega fé til ráðstöfunar eða sjái honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt. Í framhaldi af þessu hafa fjárveitingar til íþróttasjóðs verið teknar árlega í fjárlög. Skömmu eftir setningu íþróttalaganna var skipuð íþróttanefnd samkv. lögunum, þriggja manna, og er hv. fyrirspyrjandi einn íþróttanefndarmanna og er því auðvitað nákunnugur málum sjóðsins.

Íþróttanefnd setti sér a. m. k. mjög fljótlega þær starfsreglur, sem hann raunar gat í ræðu sinni áðan, að styrkja íþróttamannvirki með allt að 40% byggingarkostnaðar, flest með 40% byggingarkostnaðar, nokkur með 30% byggingarkostnaðar, en fáein skíðamannvirki með aðeins 20% byggingarkostnaðar. En það er skemmst af að segja, að þessar starfsreglur hafa aldrei verið í samræmi við fjárhagsgetu sjóðsins, eða ef menn vilja orða það á hinn veginn: fjárveitingar Alþ. hafa aldrei — bókstaflega ekki eitt einasta ár frá stofnun sjóðsins 1940 — verið í samræmi við þessar starfsreglur. Það hefur frá upphafi, í meira en aldarfjórðung, verið hróplegt misræmi á milli fjárveitinga Alþ. til íþróttasjóðsins og starfsreglna eða starfshátta íþróttanefndarinnar.

Mér hefur verið þetta mál ljóst, síðan ég tók við forstöðu menntmrn., og átti um það marga fundi með mörgum áhugasömum mönnum um þetta efni, hvaða ráð hér væru til bjargar. M. a. skipaði ég n. þá, sem hv. ræðumaður gat um í ræðu sinni áðan, og eru niðurstöður hennar og till. til athugunar í rn. Þegar ég tók við forstöðu menntmrn. árið 1956, eða fyrir næstum 10 árum, þá þegar voru málefni sjóðsins í svo fullkomnu óefni, að ég fann ekkert ráð til þess að koma þessum málum í fullkomið lag og varð því að gera það sama, sem allir fyrirrennarar mínir höfðu gert, að fara fram á það við Alþ., að árlegar fjárveitingar væru auknar. Hefur tekizt að þoka þeim nokkuð upp á við, án þess þó að nokkuð hafi nálgazt það, að samræmi kæmist við fjárþörf sjóðsins, miðað við starfsreglur n. og fjárveitingar Alþ. Þetta skal ég skýra örlítið nánar með því að gera grein fyrir fjárveitingunum allar götur frá 1940.

1941 var fjárveitingin 40 þús. kr., en á því ári mun n. hafa sett sér þær starfsreglur að veita þann hámarksstyrk, sem hv. ræðumaður gat alveg réttilega um áðan. 1942 er fjárveitingin aukin upp í 75 þús., 1943 í 300 þús., 1944 í 450 þús., 1945 í 600 þús. og 1946 í 1 millj., svo að segja má, að á fyrstu árunum, frá 1941—1946, hafi verið um mjög myndarlega aukningu að ræða, hægt af stað farið með aðeins 40 þús., en kemst á 5 árum upp í 1 millj. Sú fjárhæð er síðan óbreytt á næsta ári, 1947, en er lækkuð á árinu 1948 niður í 700 þús., lækkuð enn 1949 ofan í 500 þús., óbreytt 1950 500 þús., síðan óbreytt í 3 ár, 600 þús., 1951, 1952 og 1953. Hún er hækkuð 1954 upp í 750 þús., kemst aftur upp í 1 millj. 1955, eins og hún hafði verið fyrir tæpum 10 árum, aukin upp í 1200 þús. 1956, upp í 1600 þús. kr. 1957, 1958 og 1959, hún er óbreytt þessi 3 ár, síðan aukin upp í 2 millj. 1960, er aftur 2 millj. 1961, aukin í 2.2 millj. 1962, í 3 millj. 1963, í 4 millj. 1964, aftur 4 millj. 1965, var þá lækkuð um 20%, eins og

framlög til opinberra framkvæmda, og er sú sama í fjárl. fyrir næsta ár. En frá 1960, þar sem hún var 2 millj., hafði hún verið tvöfölduð til ársins 1965.

Hitt er hverju orði sannara, sem hv. þm. sagði, að þessar fjárveitingar hafa aldrei, ekki á einu einasta ári, dugað til þess að greiða 20-40% styrk til þeirra íþróttamannvirkja, sem í byggingu hafa verið. Fyrir þá ráðh., sem með stjórn íþróttasjóðs hafa farið síðan 1940, hefur verið um það tvennt að velja að knýja á um auknar fjárveitingar af hálfu Alþ. eða skera reglur n. niður, þannig að þær samræmdust því fé, sem Alþ. veitir á hverju ári til íþróttasjóðs. Enginn minna fyrirrennara í menntmrh.-sæti vildi gera þetta, heldur vildu láta við það sitja, að fjárveitingin þokaðist eitthvað svolítið upp á við í von um, að aukningin yrði enn þá meiri á næstu árum, en hefur ekki viljað fyrirskipa íþróttan., sem ráðh. hefur auðvitað vald til, að breyta úthlutunarreglum, þ. e. lækka hlutfallslega styrkinn. Ég hef ekki heldur viljað grípa til þess ráðs, frekar en nokkur fyrirrennara minna, að fyrirskipa n. minnkaðan styrk með vísan til ónógra fjárveitinga frá hinu háa Alþ. Ég hef viljað hafa þar sama kostinn fram að þessu, að treysta á það, að fjárveitingin mundi smávegis aukast, þannig að einhvern tíma kæmi að því, að halinn gæti farið að minnka, en þyrfti ekki að aukast, eins og hann hefur gert á hverju einasta ári í 25 ár.

Það vil ég þó taka skýrt fram, að ákvæði íþróttal. eru þannig, að þau heimila íþróttan. að veita allt að 40% styrk til byggingar íþróttamannvirkja. Þau skylda n. ekki til þess og þau veita engum aðila, sem byggir íþróttamannvirki, rétt til 40% styrks úr íþróttasjóði. Þetta er heimildarákvæði fyrir n. til styrkveitinga, en skapar byggjendum þeirra engan rétt. Það ráðstöfunarfé, sem n. hefur yfir að ráða, er takmarkað, og það takmarkar heimild hennar til þess að skuldbinda ríkissjóð. Þess vegna er það mikill misskilningur, sem stundum kemur fram í blöðum og skýrslum, jafnvel hálfopinberum skýrslum, að íþróttasjóður skuldi hinu og þessu íþróttamannvirki svo og svo mikið upp í vangreiddan styrk íþróttasjóðs til hlutaðeigandi íþróttamannvirkis. Hér er um algeran misskilning að ræða. Starfsreglur n. eru til leiðbeiningar, og n. hefur aldrei getað sagt annað en það, að þegar nægilegt fé væri fyrir hendi, þegar nægilegt fé væri í íþróttasjóði, mundi þessi styrkur, stundum 40%, stundum 30% og stundum 20%, verða greiddur.

Íþróttalögin frá 1940 voru endurskoðuð og sett ný lög í þeirra stað 7. apríl 1956. Í þeirri löggjöf eru ákvæðin endurskoðuð að ýmsu leyti, en grundvallaratriðum þeirra þó ekki breytt.

Varðandi það, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hafi í hyggju til þess að greiða úr fjárhagsvandræðum íþróttasjóðs, er það að segja, að undanfarið hefur verið í endurskoðun gildandi löggjöf um greiðslu byggingarkostnaðar skólamannvirkja, þ. e. sú löggjöf, sem fjallar um hlutdeild ríkisins í stofn- og rekstrarkostnaði þeirra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Öllum hv. þm. er kunnugt, hvernig þau lög eru framkvæmd. Alþ. veitir á hverju ári fé til tiltekinna skólamannvirkja, og skólakostnaðarlögin mæla svo fyrir, að áætluð kostnaðarhlutdeild ríkisins skuli greidd á ekki lengri tíma en 5 árum, heimilt þó að greiða hana á skemmri tíma en 5 árum, en Alþ. hefur fylgt þeirri reglu að greiða áætlaða hlutdeild ríkissjóðs á 5 árum. Að því er snertir skólamannvirki er því allt öðruvísi farið að heldur en um íþróttamannvirkin. Alþ. tekur ákvörðun um, hvaða skóli skuli byggður, tekur fjárveitingu til hans inn á fjárlög og lýkur greiðslu til þessa skólamannvirkis á 5 árum. 1940 var hins vegar sú stefna mörkuð að því er snertir íþróttamannvirkin, að veitt var ein fjárveiting til þess að styrkja öll íþróttamannvirki, látið óbundið, hversu sá styrkur væri mikill, og þá auðvitað líka óbundið, til hvaða mannvirkja þessi styrkur færi.

Ég vil síður en svo ásaka þá, sem að íþróttalöggjöfinni 1940 stóðu. Hún var mjög merk löggjöf á sínum tíma, og ég er algerlega sammála hv. fyrirspyrjanda um, að enginn vafi er á því, að hefðum við ekki fengið þá löggjöf, hefðu framkvæmdir í íþróttamálum ekki orðið eins miklar og öll sú starfsemi ekki orðið jafngiftudrjúg og hún raunverulega hefur orðið. En hins vegar tel ég reynsluna hafa sýnt, að ákvæði l. um kostnaðarþátttöku ríkisins hafa verið mjög ófullkomin og í raun og veru mjög misráðin, algerlega misráðin, og heppilegra hefði verið, miklu heppilegra, að sami háttur hefði verið á um hlutdeild ríkisins í greiðslu kostnaðar við íþróttamannvirki og var þá þegar um greiðslu kostnaðarhlutdeildar ríkisins í skólamannvirkjum, þó að jafnýtarlegar reglur og nú eru til hafi ekki verið komnar á 1940. Ég er því þeirrar skoðunar, að það, sem stefna beri að í þessum efnum, og hið eina, sem í raun og veru geti leyst úr því öngþveiti, sem þessi mál eru þegar komin í, sé, að hliðstæðar reglur verði teknar upp um greiðslu kostnaðarhlutdeildar ríkisins við byggingu íþróttamannvirkja eins og nú gilda um skólamannvirki. Með þessu er ég ekki að segja, að hlutfallstala kostnaðarins eigi að vera hin sama og þar er, heldur aðeins, að hliðstæðar reglur eigi að taka upp. Ég er ekki heldur að segja, að það kostnaðarhlutfall, sem íþróttan. hefur sett sér, eigi að vera bindandi fyrir Alþ. eða ríkisstj. í framtíðinni. Það, sem ég er að segja, er, að sú regla, sem fylgt er um skólana, sé skynsamleg og eðlileg og hana ætti að taka til endurskoðunar og hana ætti að hafa til fyrirmyndar varðandi bráðnauðsynlega endurskipulagningu málefna íþróttasjóðs. Þess vegna hef ég beint því til n., sem nú starfar að endurskoðun skólakostnaðarlaganna, að taka það til athugunar, hvort og með hverjum hætti það gæti talizt skynsamlegt, að hliðstæðar reglur yrðu teknar upp um styrk ríkisins til íþróttamannvirkja, og mundi þá framkvæmdin verða sú, a. m. k. um tiltekin stærri mannvirki, að Alþ. samþykkti árlega ákveðna fjárveitingu til hvers mannvirkis um sig, miðað við áætlun um heildarkostnað mannvirkisins, og síðan yrði sett ákveðið árabil, sem heildarstyrkur ríkisins skyldi greiðast á. Hitt er mér ljóst, að um mörg minni háttar mannvirki er að ræða og fjölmargar minni háttar framkvæmdir einstakra íþróttafélaga, sem ekki hentar að hafa slíka reglu um. Varðandi þau mannvirki mætti þó veita eina heildarfjárveitingu á fjárl., sem

væri til úthlutunar hjá ríkisvaldinu eða íþróttanefnd. En enn sem komið er eru þetta persónulegar hugleiðingar mínar um málið, sem eru til athugunar í skólakostnaðarnefnd. Ég vona, að hún ljúki störfum, hefur unnið mjög mikið undanfarnar vikur. Það hefur alltaf verið tilætlun mín, að frv. að nýjum skólakostnaðarlögum gæti komið fyrir þetta Alþ., og ég vona enn, að það takist, þó að reynslan af nefndarstörfunum hafi að vísu sýnt, að öll þau mál eru mun flóknari en ókunnugir kynnu að halda. Með þessu vona ég, að hv. fyrirspyrjandi telji fyrri fsp. svarað.

Þá spyr hann, hvað líði störfum n., sem ég skipaði 1963 til að endurskoða lagaákvæðin um íþróttasjóð. Í þeirri n. áttu sæti Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi, formaður n., séra Eiríkur J. Eiríksson sambandsstjóri Ungmennafélags Íslands, Gísli Halldórsson forseti Í.S.Í., Guðjón Einarsson formaður íþróttanefndar ríkisins, Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri í fjmrn. og Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri í menntmrn. N. skilaði áliti 22. sept. 1964, og er það álit til athugunar í menntmrn. En megintillögur hennar voru þessar, með leyfi hæstv. forseta:

1. Ríkisstj. Íslands fái á Alþ. samþykkta þá heimild, að sú vangreidda, áætlaða þátttaka íþróttasjóðs, sem var að lokinni úthlutun úr sjóðnum fyrst í marz 1964 23.7 millj. kr., sú tala er komin upp í 26.4, eins og hv. þm. gat um áðan, verði greidd í jöfnum greiðslum á þrem næstu árum, þ. e. 7.9 millj. kr. ár hvert.

2. Á grundvelli þeirrar áætlunar, sem lögð var fram á 2. fundi n. um uppbyggingu íþróttaaðstöðu þjóðarinnar þessi 20 ár, sé sú stefna samþ. af ríkisstj. Íslands, að íþróttahús og sundlaugar, sem bæjar- og sveitarfélög reisi í samvinnu við íþrótta- og ungmennafélög eða samtök þeirra og fræðsluráð eða skólanefndir í þeim tilgangi, að þau nýti þau á þrennan hátt, þ. e. í skólastarfi, íþróttaiðkunum almennings og starfsemi íþrótta- og ungmennafélaga eða samtaka þeirra, séu styrkt af ríkissjóði á sama hátt og önnur skólamannvirki, enda hafi fræðslumálastjórn og íþróttanefnd ríkisins samþ. gerð þeirra. Óski bæjar- eða sveitarfélag, íþrótta- eða ungmennafélög eða samtök þeirra að reisa íþróttahús eða sundlaug, sem eigi kemur í þarfir íþróttaiðkana skóla, en er talið nauðsynlegt af íþróttanefnd ríkisins, fellur styrkveiting til þess eigi undir ákvæði þessarar gr., en mannvirkið skal njóta styrks úr íþróttasjóði.

Eins og sjá má, er hér um sömu meginstefnuna að ræða og ég lýsti áðan, að ég hafi rætt við skólakostnaðarnefndina, og þess vegna má segja, að það sé til athugunar, ekki aðeins í menntmrn., heldur einnig hjá skólakostnaðarnefnd. Með þessu móti vona ég, að hv. fyrirspyrjandi telji fsp. fyllilega svarað.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 13. apríl, var fsp. tekin til frh. umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 20. apríl, var fram haldið umræðu um fsp.

**Halldór E. Sigurðsson:** Herra forseti. Meðan Daníel Ágústínusson sat hér á hv. Alþ. í fjarveru minni, flutti hann fsp. þá, sem hér er til umr. Þegar fsp.-tíma lauk, var umr. um fsp. ekki lokið, og hefur hann beðið mig um að koma á framfæri aths., sem hann vildi gera út af ræðu þeirri, sem hæstv. menntmrh. flutti í máli þessu.

Hæstv. ráðh. mun hafa tekið það fram, að fjármál íþróttasjóðs hafi verið í óefni frá því í upphafi. Við þetta vill fyrirspyrjandi gera þá aths., að fjármál íþróttasjóðs hafa þó mjög gengið úr skorðum hin síðari ár. Það var svo, að með fjárveitingu 1955 var fullnægt 20% af fjárþörf íþróttasjóðs, en með fjárveitingu 1966 er aðeins fullnægt 10% af fjárþörf sjóðsins. Það hefur hins vegar verið regla sjóðsins að greiða eftir á til þeirra framkvæmda, sem ákvæðnar höfðu verið hverju sinni, en þar til síðustu árin var þetta hóflegt, en nú hefur það mjög gengið úr skorðum.

Í öðru lagi hafði hæstv. ráðh. bent á það, að vald íþróttanefndar hefði verið frá upphafi takmarkað, þar sem í lögunum sé aðeins um heimild að ræða, en n. setti sér reglu þegar í upphafi starfstíma síns og hefur fylgt þeirri reglu um að styrkja íþróttamannvirki um 20—40%. Þessari reglu hefur n. fylgt, og studdist hún þar við það, sem áður hafði gerzt, meðan á fjárlögum var veitt fé til íþróttamannvirkja. Þá var m. a. veitt um 50% til sundhallarinnar í Reykjavík og gufubaðstofa og fleiri íþróttamannvirkja, og þess vegna setti n. sér reglur sínar hóflega. Hins vegar vill fyrirspyrjandi líka benda á, að á síðari árum hafa verið tekin inn í fjárlög framlög til íþróttahúsa og sundlauga og fleiri íþróttamannvirkja og hafa þau þá verið styrkt með 50% framlagi, og sýnir þetta, að n. hefur mjög gætt hófs í þessu, en reglum verð hún að fylgja.

Þá vill fyrirspyrjandi benda á það, að hann flutti hér á hv. Alþ. till. um, að íþróttasjóður fengi sérstakan tekjustofn. Það hafa nokkrir sjóðir fengið, svo sem landgræðslusjóður, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Styrktarfélag vangefinna. Enn fremur hafa Í.S.Í. og Slysavarnafélag Íslands fengið sérstakan tekjustofn við fjárlagaafgreiðslu nú fyrir tveim árum. Fyrirspyrjandi flutti, eins og ég tók fram áðan, hér á hv. Alþ. frv. um, að þetta yrði einnig ætlað íþróttasjóði, en það hefur ekki náð fram að ganga.

Að lokum vill fyrirspyrjandi taka það fram, að árangur af störfum íþróttasjóðs hefur orðið mikill, og gleggsta dæmið um það er landsmót ungmennafélaganna, sem haldið var að Laugarvatni í sumar. Forseti Íslands lét svo um mælt um það mót, að það stæði næst Alþingishátíðinni á Þingvöllum 1930 að glæsileik og myndarbrag. Þetta vill fyrirspyrjandi undirstrika, að ekki hefði verið hægt að leysa af hendi nema vegna starfa íþróttasjóðs, og þess vegna er brýn nauðsyn fyrir þjóðina að bæta úr fjárhag íþróttasjóðs, svo að hann nái þeim tilgangi, sem hann átti að ná, þegar til hans var stofnað, og hann hefur náð að nokkru á undanförnum árum, þótt mjög hafi dregið úr því.

## 21. Hlustunarskilyrði útvarps.

Á deildafundum 5. apríl var útbýtt frá Sþ.:

**Fsp. til menntmrh. um ráðstafanir til að bæta hlustunarskilyrði útvarps** [183. mál] (A. 450).

Á 36. fundi í Sþ., 13. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Sþ., 20. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason):** Herra forseti. Á síðasta þingi var fram borin fsp. af Jónasi G. Rafnar og Jónasi Péturssyni varðandi ráðstafanir til að bæta hlustunarskilyrði útvarps á Norður- og Austurlandi, og urðu um þau mál allmiklar umr. hér í Sþ. 10. febr. 1965. Í þeim umr. upplýsti menntmrh., að það, sem sérstaklega væri til athugunar hjá landssímanum og ríkisútvarpinu, væri: Í fyrsta lagi, að 20 kw. langbylgjustöð verði reist á Eiðum með sömu bylgju og Reykjavíkurstöðin starfar á og dagskráin leidd þangað norður um radíófjölsíma. Í öðru lagi að fá samþykki til þess að nota aðra langbylgju fyrir 5 kw. stöðvar, aðra í grennd við Húsavík, en hina við Kirkjubæjarklaustur. Í þriðja lagi að halda endurvarpsstöðvunum í Skjaldarvík og Hornafirði á miðbylgjum, en auka afl hinnar síðarnefndu úr 1 kw. í 5 kw. með því að flytja núverandi Eiðasendi þangað. Í fjórða lagi að reisa í Skagafirði 5 kw. endurvarpsstöð til þess að bæta hlustunarskilyrði þar. Og í fimmta og síðasta lagi að reisa smám saman og koma upp FM últrastuttbylgjustöðvakerfi um allt landið. Í þeim umr. barst einnig í tal ástandið í þessum efnum víðast á Vestfjörðum, einkum á norðanverðum Vestfjörðum, og þá upplýsti ráðh., að þegar hinn nýi sendir yrði tekinn í notkun, væri vonandi komizt fyrir þá erfiðleika með öllu og Vestfirðingar fengju þá útvarp með eðlilegum hætti. Þar sem ekkert hefur síðan heyrzt um þessi mál, hvaða ákvarðanir hafi verið teknar, hef ég leyft mér ásamt 2. þm. Norðurl. v., að gera þessar fsp. til hæstv. menntmrh.:

„1. Hefur endanleg ákvörðun verið tekin um, með hvaða hætti ríkisútvarpið ætlar að bæta hlustunarskilyrði á þeim stöðum á landinu, sem búa við sífelldar útvarpstruflanir?

2. Ef svo er, hvenær hefjast þessar framkvæmdir og hvenær er áætlað, að þeim verði lokið?“

Það er eðlilegt, að slík fsp. komi fram, því að eins og þm. hafa eflaust séð í flestum blöðum landsins, eru að koma kvartanir frá Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum út af útvarpstruflunum, og þessum kvörtunum linnti ekki sérstaklega á tímabili í vetur í svartasta skammdeginu. Og ég vil í þessu sambandi t. d. nefna það, að bæjarstjórn Ísafjarðar sendi ríkisútvarpinu kvörtun um það, að útvarpstruflanir af völdum lóranstöðvarinnar á Snæfellsnesi hafa farið mjög vaxandi og hlustunarskilyrði versnað á Ísafirði, og sömuleiðis hafi komið kvartanir víðar að, eins og t. d. frá Bolungarvík, að hlustunarskilyrði séu algerlega óviðunandi, og skoraði bæjarstjórn Ísafjarðar á forráðamenn ríkisútvarpsins að gera nú þegar ráðstafanir, sem að gagni kæmu í þessum málum. Bæjarstjórnin fékk ákaflega stutt og kurteist og elskulegt svar frá ríkisútvarpinu, þar sem bréfið er þakkað og ríkisútvarpið harmar þetta ástand mjög og hefur lagt málið fyrir verkfræðinga landssímans til álits og úrlausnar og vonar, að góð og fullnægjandi úrbót fáist.

Ég veit, að menntmrh. mun gefa svör við þessum fsp. En þetta mál er orðið svo hvimleitt og fólkið orðið þreytt á því að geta ekki notið útvarps víðast hvar í þremur landsfjórðungum, að við svo búið má ekki lengur standa. Og ég harma það, að frá því að þessar umr. fóru fram hér 10. febr. 1965 hafa a. m. k. hvað Vestfirði snertir — og ég hygg ég megi þar einnig tala um Skagafjörð og fleiri staði — ekki verið sendir neinir menn til þess að athuga um þessi mál, fyrr en fer að lengja daginn og útvarpstruflanir fara að minnka. En truflanir t. d. á norðanverðum Vestfjörðum eru frá því að haustinu og þangað til fer að lengja verulega daginn eða fram í marzmánuð, en þá lagast ástandið mjög mikið.

**Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Ég hef beðið ríkisútvarpið um upplýsingar um það mál, sem spurzt er fyrir um í þessari fsp. Það, sem ég segi hér á eftir sem svar við fsp., er byggt á upplýsingum ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið telur, að hlustunarskilyrði séu nú góð á öllu Suðurlandsundirlendi og Suðvesturlandi, a. m. k. norður á miðja Vestfirði, og á Norðurlandi í Húnavatnssýslum, innanverðum Eyjafirði, frá Langanesi og nokkuð suður fyrir Djúpavog og að mestu í Austur-Skaftafellssýslu, þó að frátalinni Suðursveit og Öræfum. Segir ríkisútvarpið, að láta muni nærri, að 91% landsmanna hafi hlustunarskilyrði í fullkomnu lagi, en 9% hafi breytileg eða slæm hlustunarskilyrði. Beinlínis slæm hlustunarskilyrði, segir ríkisútvarpið, að um 4% hlustenda hafi, þ. e. í austanverðri Skagafjarðarsýslu, Ólafsfirði, Suður-Þingeyjarsýslu og nokkrum hluta Kelduhverfis og Vestur-Skaftafellssýslu. En breytileg hlustunarskilyrði og ekki ávallt fullnægjandi eru á norðanverðum Vestfjörðum, í vestanverðri Skagafjarðarsýslu, Svarfaðardal og Dalvík, Melrakkasléttu, Axarfirði og nokkrum hluta af Lóni, Suðursveit og Mýrdal. Þannig virðist ástandið vera, eins og sakir standa.

Ríkisútvarpið segir, að hlustendur sætti sig mjög misjafnlega við breytileg og slæm hlustunarskilyrði. Hafi t. d. komið tiltölulega fáar kvartanir úr Vestur-Skaftafellssýslu og Suður-Þingeyjarsýslu, þó að hlustunarskilyrði þar séu slæm. Aftur á móti hafi komið margar kvartanir úr Skagafirði, en þar eru skilyrði breytileg og slæm.

Í Skagafirði hafa hlustunarskilyrði versnað við tilkomu Eiðastöðvarinnar, sem starfar á sömu tíðni og Reykjavíkurstöðin, en ekki hefur reynzt unnt að fá úthlutað nýrri tíðni fyrir Eiðastöðina. Þegar áætlanir voru gerðar um Eiðastöðina, var gert ráð fyrir sérstökum úrbótum á þeim svæðum, þar sem búast mátti við, að langbylgjustöðvar trufluðu hvor aðra. Þessar úrbætur hefur því miður ekki verið unnt að framkvæma enn sem komið er. En ríkisútvarpið stefnir að sjálfsögðu að úrbótum í þessu efni. Þegar næsta sumar verða

gerðar bráðabirgðaráðstafanir til úrbóta fyrir þéttbýlustu staðina á þessum kvörtunarsvæðum, þ. e. fyrir Dalvík, Ólafsfjörð og Sauðárkrók. Þegar hafa verið gerðar slíkar ráðstafanir fyrir Húsavík, Kópasker, nokkuð af Kelduhverfi, Raufarhöfn, Álftafjörð og Lón.

Ríkisútvarpið vekur athygli á því, að jafnvel á þeim stöðum, þar sem hlustunarskilyrði eru góð, geti komið fyrir truflanir, sem ekki stafi af tæknigöllum á vegum útvarpsins sjálfs, heldur af staðbundnum orsökum, svo sem truflunum af rafmagnskerfi staðarins, ekki sízt götulýsingu, og hefur þetta t. d. sýnt sig á Norðfirði, Siglufirði og víðar, jafnvel hér í Reykjavík. Einnig geta slíkar truflanir stafað af bilun í tækjum eða ófullkomnum búnaði í sambandi við loftnet og jarðsamband.

Þó að breytileg og slæm hlustunarskilyrði séu hjá 9% og ótvírætt slæm skilyrði hjá 4% hlustenda, ætti þetta nokkuð að lagast við þær ráðstafanir, sem gera á í sumar. En sumar af þeim truflunum, sem hér koma fram, stafa af ráðstöfunum í öðrum löndum til þess að bæta úr sams konar ágöllum hjá þeim, og má þar til nefna nýtt dæmi, stöðina í Poznan í Póllandi, sem nýlega hefur verið stækkuð úr 20 kw. í 300 kw. og útvarpar á sömu tíðni og Akureyrarstöðin. Þessi stækkun Poznan-stöðvarinnar var framkvæmd þrátt fyrir mótmæli ríkisútvarpsins og raunar í trássi við alþjóðasamkomulag. Fleiri dæmi eru um slíkt, og hefur þetta skapað sívaxandi erfiðleika hér á landi, án þess að unnt hafi verið að reisa rönd við.

Gerð hefur verið áætlun um bætt hlustunarskilyrði, og hefur hún tvíþættan tilgang: í fyrsta lagi að bæta viðtöku á þeim svæðum, sem hafa breytileg eða slæm hlustunarskilyrði, og í öðru lagi að bæta tóngæði útsendinga um allt land. Hafa þegar verið gerðar ráðstafanir á Austurlandi til þess að bæta hlustunarskilyrði þar með nýrri langbylgjustöð á Eiðum, og fullnægir sú stöð svæðinu frá Langanesi suður fyrir Djúpavog. Bætir þessi stöð einnig útvarpsviðtöku á miðunum út af Austfjörðum. Sendirinn, sem áður var á Eiðum, hefur verið fluttur á Höfn í Hornafirði, og er verið að ljúka uppsetningu hans þar. Þessi sendir kemur í stað lítils sendis, sem áður var þar, og fullnægir svæðinu innan fjallahringsins og að nokkru leyti í Lóni.

Kröfur hlustenda um gæði tónflutnings hafa eðlilega aukizt á síðustu árum, eftir því sem viðtækjakostur hefur batnað og eftir því sem skilningur manna og áhugi á tónlist hefur aukizt. Þess vegna gerir áætlunin ráð fyrir byggingu FM-stöðva einnig fyrir svæði, þar sem hlustun var annars áður talin góð og fullnægjandi fyrir hlustun talaðs orðs og tónlistar að vissu marki. FM-útvarp veitir kost á mun fullkomnari flutningi tónlistar en langbylgjur.

Gerðar hafa verið mælingar og undirbúningsathuganir á nokkrum svæðum á Norður- og Suðurlandi vegna byggingar FM-stöðva. Eru framkvæmdir hafnar að því leyti, að reist hefur verið langbylgjustöð að Eiðum, stækkaður sendirinn á Höfn í Hornafirði og settar upp FM-stöðvar í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Norðfirði og Raufarhöfn, og sett hefur verið upp lítil FM-stöð í Vík í Mýrdal í tilraunaskyni. Auk þess verða í sumar settar upp litlar bráðabirgðastöðvar á Dalvík, Ólafsfirði og Sauðárkróki.

Að öðru leyti hefur framkvæmd FM-áætlunarinnar um endurbætur á hlustunarskilyrðum dregizt vegna þess, að hér er um mjög fjárfrekar framkvæmdir að ræða. Kostnaður við framkvæmd fyrri áfanga FM-áætlunarinnar var áætlaður 35 millj. kr. og kostnaður við síðari hlutann 25 millj. kr. eða samtals 60 millj. kr., og skiptist þetta á sex ára framkvæmdatímabil.

Eins og ég gat um áðan, hefur ríkisútvarpið þegar gert áætlanir, þessa allsherjaráætlun fyrir landið allt um byggingu FM-stöðva víðs vegar um landið, og svo áætlanir um það að bæta hlustunarskilyrði sérstaklega á þeim stöðum, þar sem þau nú hljóta að teljast verst. Mun ég í framhaldi af þessari fsp. ræða það sérstaklega við ríkisútvarpið, að framkvæmdum verði hraðað sem mest er unnt nú í sumar, til þess að þegar í haust verði ekki um að ræða það ástand, að hlustunarskilyrði verði nokkurs staðar á landinu talin vera óviðunandi eða mjög slæm. Vona ég, að þetta geti einnig tekið til Vestfjarða, sem hv. þm. ræddi sérstaklega, þegar hann mælti fyrir fsp. sinni. Að öðru leyti verður framkvæmdahraði heildaráætlunarinnar að fara eftir fjárhagsgetu útvarpsins, en hún er hins vegar háð hæð afnotagjalda og öðrum tekjum útvarpsins, þar eð það nýtur einskis framlags af almannafé, heldur stendur sjálft straum af öllum kostnaði af rekstri sínum og framkvæmdum.

**Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason):** Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör, og ég fagna því, að þegar er ákveðið að ráða bót á þeim slæmu hlustunarskilyrðum, sem víða eiga sér stað og einkum skv. hans upplýsingum á Norðurlandi. Hins vegar finnst mér, að norðanverðir Vestfirðir hafi verið látnir sitja mjög á hakanum, eftir því sem fram kom í hans ummælum, og ég vil í því sambandi sérstaklega nefna það, að í umr. um þetta mál 10. febr. 1965 sagði hæstv. ráðh., að það væri rétt, að bæði rn. og ríkisútvarpinu hafa borizt kvartanir um hlustunarerfiðleika á Vestfjörðum, og um það hef ég rætt alveg sérstaklega við forráðamenn útvarpsins og verkfræðinga landssímans, og þeir hafa fullvissað mig um það, að þeir erfiðleikar séu algerlega tímabundnir og standi í sambandi við hina lágu orku, sem notuð hefur verið undanfarið til sendinga á dagskrá útvarpsins vegna hinna miklu framkvæmda, sem staðið hafa yfir við hinn nýja aðalsendi útvarpsins á Vatnsendahæð.

Ég verð að segja það, að hæstv. ráðh. auðvitað svaraði ekki þessari fsp. hér í fyrra nema eftir því sem sérfræðingar segja og gefa honum upplýsingar um. En sérfræðingar, sem fullyrða á þennan hátt, eins og þessir sérfræðingar hafa gert, hvað svo sem þeir heita, það hlýtur að vera eitthvað bogið við þeirra sérfræðiþjónustu. Og væri þá ekki rétt að fara að hugsa sér fyrir að leita sérfræðiþjónustu hjá einhverjum öðrum mönnum en þeim, sem fullyrða út í loftið, að úr ákveðnum hlutum verði bætt með komu hins nýja sendis? En það hefur aldrei verið verra ástandið í hlustunarskilyrðum á norðanverðum Vestfjörðum heldur en frá s. l. hausti og þangað til dag fór að lengja.

Á sama tíma og hér við þéttbýlið við Faxaflóa er farið að rífast um það, hvort eigi að fá að horfa á eina eða tvær sjónvarpsstöðvar, þá eiga ákveðnir hlutar landsmanna að búa e. t. v. við það árum saman að geta ekki hlustað á dagskrá ríkisútvarpsins kvöldum saman og þó sérstaklega á vetrum, þegar fólk hlustar mest.

Ég veit, að hæstv. menntmrh. er maður, sem vill framfarir, og hann vill, að þær stofnanir, sem undir hann heyra, standi við sitt. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, en ég vænti þess og treysti honum til þess, að hann herði á þessum málum, og það harma ég mest í sambandi við hlustunarskilyrðin á Vestfjörðum, að skammdegið í vetur var á engan hátt notað, hvorki af ríkisútvarpinu né landssímanum, til þess að gera þar rannsóknir. Það er ekki fyrr en daginn fer að lengja og hlustunarskilyrði fara að batna, sem loksins er rumskað til að senda menn til athugunar.

**Gísli Guðmundsson:** Herra forseti. Ég er ekki kunnugur hlustunarskilyrðum á Vestfjörðum, sem hv. fyrirspyrjandi ræddi sérstaklega hér áðan, en dreg ekki í efa, að það sé rétt, sem hann segir um þá hluti og hér hefur verið viðurkennt. Hins vegar er ég allvel kunnugur hlustunarskilyrðum eins og þau hafa verið á Norðausturlandi og hef áður haft orð á því hér á hinu háa Alþingi, að ástandið í þeim málum í þeim landshluta væri fullkomlega óviðunandi.

Ég hjó eftir því áðan, að þegar hæstv. menntmrh. var að skýra frá því, hvaðan helzt hefðu borizt kvartanir um slæm hlustunarskilyrði, þá nefndi hann ekki Norður-Þingeyjarsýslu. Mér kom það dálítið á óvart, að hún skyldi ekki vera nefnd, vegna þess að þar hafa hlustunarskilyrði lengi verið mjög slæm. Mér er kunnugt um það, að nú fyrir nokkrum dögum var formaður Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga hér á ferðinni alveg sérstaklega til þess að ræða þessi mál við útvarpsstjóra og tæknimenn landssímans, sem um þessi mál fjalla. Mér er ekki kunnugt um það, hvort hann hefur einnig rætt við hæstv. menntmrh. um það efni, en för hans var gerð vegna þess, að ástandið er talið óviðunandi.

Hæstv. ráðh. orðaði það áðan þannig í upplestri sínum frá útvarpinu varðandi þetta mál, að slæm hlustunarskilyrði mundu vera í einhverjum hluta af Kelduhverfi. Ég hygg, að telja megi, að þau séu slæm í Kelduhverfi öllu, nema e. t. v. í félagsheimilinu Skúlagarði, þar sem gerðar voru einhverjar smávegis ráðstafanir, og á nokkrum heimilum, sem þar eru allra næst, og ég minnist þess, að ekki er mjög langt síðan úr Axarfirði austan Jökulsár bárust erindi, að ég ætla til okkar þm. kjördæmisins, um þetta mál.

Um þetta skal ég svo ekki hafa fleiri orð. Ég tók svo eftir, að hæstv. menntmrh., um leið og hann lýsti sex ára áætlun um byggingu FM-stöðva, segði hér áðan, að fyrir næsta haust yrði þannig bætt úr, þar sem ástandið er verst, að fyrir þann tíma yrðu alls staðar á landinu komin viðunandi hlustunarskilyrði. Vil ég nú spyrjast fyrir um það, hvort ég hafi ekki tekið rétt eftir þessu, sem hæstv. ráðh. sagði, þannig að þess megi nú vænta, að úr þessum vandræðum verði bætt fyrir næsta haust í þeim byggðarlögum, þar sem hlustunarskilyrði eru á þann hátt, sem nú hefur verið lýst.

## 22. Almennur lífeyrissjóður.

Á deildafundum 1. marz var útbýtt frá Sþ.:
**Fsp. til ríkisstj. um almennan lífeyrissjóð** [130. mál] (A. 274).

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var fsp. tekin á dagskrá, hvort leyfð skyldi.

**Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason):** Herra forseti. Eftir þá löngu skýrslu og miklu umr., sem hér hafa orðið út af fsp. þeirri, sem ég hef borið fram, sé ég ekki ástæðu til þess, að hún verði tekin á dagskrá, og dreg hana því til baka.

## 23. Bifreiðaferja á Hvalfjörð.

Á deildafundum 15. febr. var útbýtt frá Sþ.:
**Fsp. til samgmrh. um bifreiðaferju á Hvalfjörð** [111. mál] (A. 232).

Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 28., 29., 30. og 38. fundi í Sþ., 23. febr., 2. og 9. marz, 20. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var fsp. enn tekin til umræðu.

**Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal):** Herra forseti. Hvalfjörður er einn mesti farartálmi á vegakerfi Íslands. Fyrir hann liggur þjóðbraut frá Suðurlandi og Reykjavíkursvæðinu annars vegar til Vesturlands, Vestfjarða, Norður- og Austurlands hins vegar. Hver bifreið, sem ekur þessa leið, verður að taka 40—50 km krók, allt að klukkustundar akstri.

Mikið hefur verið um það hugsað, hvernig stytta megi leið um Hvalfjörð. Hefur verið rætt um malbikaðan veg, um brú í Þyrilsnes, um ferju yfir fjörðinn innarlega eða utarlega, um brú yfir fjörðinn eða göng undir hann og loks um bílaferju beint frá Reykjavík til Akraness. Árið 1946 hófust Akurnesingar handa um að leysa mál þetta með ferju yfir fjörðinn. Voru tvö skip keypt og byrjað á mannvirkjum, en þó horfið frá frekari framkvæmdum. Pétur Ottesen flutti málið hér á þingi, en það varð ekki útrætt.

Árið 1963 vakti ég hugmyndina á nýjan leik, og samþykkti Alþ. þá till., þar sem ríkisstj. var falið að láta gera áætlanir um stofnkostnað og rekstur ferjunnar. Árið 1964 fylgdi Alþ. málinu eftir með því að veita 100 þús. kr. á fjárl. til þessa undirbúnings. Sú fsp., sem ég nú ber fram,

er um árangur af þessum tveim samþykktum þingsins.

Hvalfjörður verður því meira vandamál sem umferðin eykst. Samkv. upplýsingum vegamálaskrifstofunnar er sumarumferð fyrir fjörðinn nú þegar komin upp í 500—600 bíla á dag. Þegar umferð fer yfir 500 bíla á dag, er talið, að hún verði innan 10 ára a. m. k. 1000 bílar á dag, og þá verður vegurinn samkv. vegal. að hraðbraut. Hvalfjörður er þegar kominn í þennan flokk, og verður því samkv. l. að stefna að því að malbika hann innan tíðar. Mjög lauslega áætlað má gera ráð fyrir, að malbikun Hvalfjarðar mundi kosta 400—500 millj. kr. Vegarstæði er þar svo miklu erfiðara en t. d. Keflavíkurvegar, brúagerð svo mikil, að kostnaðurinn verður a. m. k. þetta miklu meiri. Er því augljóst, hversu hagkvæmt það væri, ef ferja gæti gert okkur mögulegt að fresta malbikun Hvalfjarðarvegar, t. d. í 10 ár eða svo. Rétt er að minnast þess, að samkv. reynslu vegagerðarinnar er nálega ómögulegt að halda við malarvegi, þegar umferðin nálgast 1000 bíla á dag. Þá virðist vera sama, hvað gert er. Eftir klukkutíma rigningu og bleytu eða svo verður vegurinn nálega ófær. Þess vegna er ekki hægt að fresta lengi varanlegri vegagerð, þar sem umferðin nálgast þetta mark.

Það er mikið hagsmunamál fyrir Vesturland, Vestfirði og Norðurland, að leiðin fyrir Hvalfjörð styttist. En engin byggð hefur þó eins mikilla hagsmuna að gæta í þessu máli og Akranes, vaxandi útgerðar- og iðnaðarbær á Skaga. Er það sérstaklega nauðsynlegt fyrir hinn nýja iðnað á Akranesi og iðnfyrirtæki, sem eiga eftir að rísa þar, að eiga greiðan aðgang að Reykjavíkursvæðinu, t. d. sem markaði. Er því mikill áhugi á samgöngubótum á þessu svæði á Akranesi ekki síður en í öðrum landshlutum, sem nota þessa samgönguleið.

Akraborg siglir nú 2—3 sinnum á dag milli Akraness og Reykjavíkur, og hefur sú þjónusta batnað í seinni tíð, enda munu um 40 þús. manns fara þessa leið á sjó til viðbótar við alla þá, sem fara á landi. En mikill halli er á rekstri skipsins, og útgerð þess er að verða illviðráðanleg. Þegar fullkomnar upplýsingar liggja fyrir um kostnað við Hvalfjarðarferju, væri einnig rétt að athuga til samanburðar, hvort hugsanleg væri bein bílaferja á milli Akraness og Reykjavíkur nú á næstunni eða hvort sú framkvæmd, sem örugglega verður gerð, þarf að bíða langt fram í framtíðina. Vandinn er að komast fram hjá farartálmanum á hvern þann hátt, sem hagkvæmastur reynist. Og þess vegna er sótt á með það að fá gerðar athuganir á þessu máli. Þegar 600 bílar aka fyrir Hvalfjörð á dag, kostar það 600 vinnustundir bifreiðastjóra og mörg þúsund vinnustundir farþega, en ca. 3000 lítra af benzíni a. m. k. Ef við gætum minnkað þennan kostnað, þótt ekki væri nema um helming, væri mikið unnið. Ég hygg, að vandfundið sé það verkefni í samgöngumálum landsins, sem beinlínis mundi spara svo mikil verðmæti og tíma, ef leyst væri.

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Í sambandi við fsp. þá, sem hér er um að ræða, er rétt að geta þess, að undir forustu vegamálastjóra og vitamálastjóra hefur verið gerð allýtarleg athugun á því, hvort tiltækilegt er og hvort það mundi svara kostnaði að gera bílferju á Hvalfjörð. Ýmsir staðir koma vitanlega til greina, og hafa þeir ekki allir verið rannsakaðir, en sá staðurinn, sem líklegastur er, hefur verið rannsakaður allrækilega, og sú áætlun, sem hér er um að ræða, má því teljast nokkuð nákvæm miðað við þennan stað.

Það er þá í fyrsta lagi yfirlit um kostnaðaráætlun:

Stofnkostnaður á landi, þ. e. vegalagnir, 13 millj. kr., bifreiðastæði 1 millj. kr., hús fyrir farþega ca. 1 millj. kr. 15 millj. kr. kostnaður á landi, sem þyrfti að framkvæma vegna ferjunnar. Kostnaður við hafnargerð, þ. e. viðlegukantar 15 millj. kr., dýpkun og uppfylling 4.5 millj. kr., 3 bifreiðabrýr 2 millj. kr., varnargarðar 26 millj. kr., lýsing og raflögn 1 millj. kr. 48.5 millj. kr. kostnaður vegna hafnargerðar og þess, sem henni tilheyrir. Þá er kaupverð á tveim ferjum 40 millj. kr. Stofnkostnaður alls er því með því að reikna með 10% ófyrirsjáanlegum kostnaði 113 millj. kr.

Þá hefur verið gerð áætlun um rekstrarkostnað: Kostnaður við mannahald 5.6 millj. kr., viðhald á tveim ferjum 2.8 millj., olíur og smurningur 1 millj. 350 þús., viðhald mannvirkja 250 þús., annar kostnaður 500 þús., afskriftir og tryggingarkostnaður af ferjum 2 millj. 900 þús. Árlegur rekstrarkostnaður yrði þá samkv. þessu 13.4 millj. kr.

Það er álit vitamálastjóra og vegamálastjóra reyndar líka, að mest not af ferju yfir Hvalfjörð muni verða, ef hún er staðsett utarlega í firðinum. Þessi athugun miðast við, að ferjuhafnirnar séu við Hjarðarnes að sunnanverðu og í Ytri-Galtarvík að norðanverðu. Vegasamband norður yrði með þessum staðsetningum mjög beint, auk þess sem stutt er frá Galtarvík til Akraness. Vegna strauma og vinda má þó gera ráð fyrir, að verja yrði þessar hafnir með skjólgörðum. Vegalengd sú, sem sparast við að nota ferju á þessum stað, er nálægt 55 km. Samkv. umferðartalningu í 28 vikur við Fossá í Kjós var umferð á tímabilinu 26. apríl til 8. nóv. 1965 99400 bifreiðar alls í báðar áttir. Alls mun óhætt að álita, að umferð yfir allt árið nemi 150 þús. bifreiðum. Samkv. umferðargreiningu má margfalda bifreiðafjölda með 1.5 til að fá út fjölda bifreiðaeininga, en bifreiðaeining er sama sem lítil fólksbifreið. Fjöldi eininga á ári: 1.5 sinnum 150 þús. gerir sama sem 225 þús. bifreiðaeiningar á ári. Meðaltal á viku yfir tímabilið, sem umferðin var talin, er 5000 bifreiðar á viku eða 700 bifreiðar á dag, þegar mest var, sem svarar til 1000 bifreiðaeininga. Ef takast ætti að þjóna allri þessari umferð með ferjum, þyrfti tvær ferjur með flutningsgetu 40 bifreiðaeiningar hvor. Þá er gert ráð fyrir, að farið sé með ½ klukkustundar millibili frá hvoru landi, meðan báðar ferjur ganga, sem þyrfti a. m. k. 9 tíma daglega, en með 1 klukkustundar bili aðra 9 tíma og þá eingöngu önnur ferjan í gangi. Umferð milli kl. 2 og 8 er svo lítil, að ekki borgar sig að halda uppi ferjuáætlun á þeim tíma enn sem komið er.

Hvað viðvíkur kostnaði, ef reiknað er með, að 75% af 725 bifreiðaeiningum á ári yrði flutt með

ferju, þyrfti gjaldið að nema 80 kr. á hverja bifreiðaeiningu til þess að fá rekstrarkostnaðinn uppborinn. Benzínkostnaður pr. bifreiðaeiningu er á 55 km. nálægt 40 kr. Reynsla Norðmanna sýnir, að ekki sé ráðlegt að hafa ferjugjöld öllu hærri en nemur spöruðum benzínkostnaði, ef ferjan á að vera almennt notuð, þar sem völ er bæði á ferju og akvegi. Samkv. upplýsingum frá vegamálaskrifstofunni er reiknað með, að umferð tvöfaldist á næstu 9 árum. Eftir 5 ár er því umferð nálægt 55% meiri en nú er eða í bifreiðaeiningum: 225 þús. sinnum 1.55, sama sem 350 þús. bifreiðaeiningar á ári eftir 5 ár. Ef 75% vegfarenda nota ferju, verða það nálega 260 þús. einingar á ári, og 50 kr. gjald á einingu gæfi þá 13.4 millj. á ári. M. ö. o.: þá er gjaldið á hverja bifreiðaeiningu komið niður í 50 kr. til þess að ná þeim árlega rekstrarkostnaði, sem nú er reiknað með. Þá er orðið svo ódýrt að nota ferju, að gera má ráð fyrir, að 75% noti hana. Miðað við 10 ára tímabil frá í dag yrði því tap fyrstu 5 árin, en hagnaður hin 5 síðari af ferjurekstrinum, miðað við beinan, árlegan rekstrarkostnað.

Ég vil skjóta því inn í, þó að það sé ekki í þessari grg., sem bæði vegamálastjóri og vitamálastjóri standa að, að það kemur fram í þessari grg., að það er reiknað með sama byggingarkostnaði eftir 5 ár og í dag og það er reiknað með sama benzínkostnaði eftir 5 ár og er í dag og öðrum kostnaði, þannig að þessi skýrsla er náttúrlega ekki tæmandi, ef málið er hugsað ofan í kjölinn. En það sýnir sig eigi að síður, að ef umferðaraukningin verður svo mikil sem hér er áætlað, kæmi að því, áður en mjög mörg ár líða, að það yrði rekstrargrundvöllur fyrir bílferju miðað við það, að 75% af þeim, sem ferðast, vilji nota ferjuna, en það er sú reynsla, sem er byggt á og hefur verið í Noregi, hvort sem það yrði eitthvað svipað hér.

Þá er talið, að sigling milli fyrrgreindra ferjustaða með ferju, sem gengur 10.5 mílur, sé um 15 mínútur, en 55 km er varla hægt að aka á skemmri tíma en 1 klst. Með aukinni umferð er hægt að láta ferjurnar ganga tíðar en með ½ klst. millibili. E. t. v. má færa ferjustað að norðanverðu nokkru utar og stytta siglingu, og mætti þá fara frá hvoru landi á 20 mínútna fresti með tveimur ferjum í gangi. Sú tíðni annar allri umferð, sem búast má við á næstu 10—12 árum. Hér er hvergi reynt að spá um umferðaraukningu, sem beinlínis verður af tilkomu ferjunnar, en eflaust má gera ráð fyrir, að hún verði nokkur.

Við útreikninga á beinum, árlegum rekstrarkostnaði er ekki tekið tillit til kostnaðar af fjárfestingu til hafnargerðar, vegagerðar og ferjukaupa. Þessa fjárfestingu má líta á frá öðrum sjónarhóli. Þar kemur, að leggja þarf varanlegt slitlag á Vesturlandsveg og þá að sjálfsögðu einnig Hvalfjarðarveg. Sú upphæð, sem er nauðsynleg til þess að leggja varanlegt slitlag á 55 km veg fyrir Hvalfjörð, er mun hærri en stofnkostnaður til ferjurekstrar, en hann er um 113 millj. kr., eins og áður er sagt. Því fé, sem verja ætti til að leggja slitlag á Hvalfjarðarveg, mætti því verja til ferjukaupa og stofnkostnaðar ferjurekstrar á fyrrgreindum ferjustöðum. Samt sem áður yrði eftir fé til nokkurra endurbóta á Hvalfjarðarvegi.

Enn sem komið er virðist varla tímabært að reka ferju á Hvalfirði. Hins vegar krefst undirbúningur mikils tíma og vinnu og því rétt að reikna með um tveggja ára bili frá því, að ákvörðun er tekin um ferjurekstur, þar til hann gæti hafizt. Til aðstoðar við rekstrar- og kostnaðaráætlun er notuð kostnaðaráætlun frá nefnd í Noregi.

Meira hef ég nú eiginlega ekki að segja um þetta. Þetta er skýrsla, sem vitamálastjóri hefur tekið saman, og vegamálastjóri hefur þar einnig lagt nokkuð inn, og samkv. henni sýnist það vel koma til greina eftir vissan árafjölda, miðað við, að umferðaraukning verði mikil, eins og hér er með reiknað, að það gæti svarað kostnaði að gera bílferju á Hvalfjörð og hefja rekstur hennar. Og það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að hér er vitanlega um mikla vegalengd að ræða, sem sparast. Það sparast mikill kostnaður í því að þurfa ekki að setja slitlag á Hvalfjarðarveginn, a. m. k. ekki eins fljótt. Það sparast ákaflega mikill kostnaður í því og það sparast líka margar vinnustundir, milljónir vinnustunda yfir árið, með því að spara sér krókinn, sem Hvalfjörður er. Þetta mál er þess vegna vissulega þess virði, að það sé áfram í athugun og enn rækilegri athugun en hér hefur farið fram, því að það er líklegt, að í framtíðinni svari kostnaði að setja upp bílferju á Hvalfjörð.

**Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal):** Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgmrh. fyrir þá skýrslu, sem hann hefur flutt um þær athuganir, sem gerðar hafa verið á þessu máli, og þær upplýsingar, sem hann veitti. Niðurstaðan af þessum athugunum er sú, að þetta mál muni verða fjárhagslega mjög hagstætt eftir fá ár, eins og það er orðað. Í sambandi við niðurstöður á kostnaðaráætlunum verð ég að játa það, að stofnkostnaður er allmiklu meiri en ég hafði búizt við. Hins vegar hefur ferjustaðurinn verið færður töluvert utar í Hvalfirði. Við það styttist leiðin enn þá meira, verður hagkvæmari frá því sjónarmiði, en hafnarmannvirki verða auðvitað allmiklu dýrari, þannig að ég hygg, að rétt væri að gera nákvæmari kostnaðaráætlun um, hvernig rekstur og aðstaða kæmi út, ef ferjan væri á nokkrum mismunandi stöðum. Einnig gera sérfræðingarnir ráð fyrir því þegar í upphafi að kaupa tvær ferjur, sem kosta 20 millj. hvor, en ég gæti ímyndað mér, að það væri hægt að komast af með eina ferju fyrst og kaupa aðra ferju 2—3 árum síðar. Ég hygg, að fyrri ferjan mundi fá miklu meira en 50% af þeirri umferð, sem þær koma til með að hafa báðar, því að seinni ferjan kemur óneitanlega fyrst og fremst að notum við toppumferð, eins og kallað er.

Í sambandi við þær áætlanir, sem sérfræðingarnir nefna um umferðaraukningu, verður það ljóst, sem ég benti á í fyrri ræðu minni, að eftir sárafá ár, eftir e. t. v. 5—6 ár, verður umferðin um Hvalfjarðarveginn orðin svo mikil, að samkv. reynslu vegamálastjórnarinnar verður illmögulegt að halda malarvegi við, svo að vandamálið er komið að dyrum okkar og engin skynsemi í því að fresta því. Ég vil leggja á það áherzlu, sem

sérfræðingarnir einnig benda á, að það tekur 2—3 ár að koma þessu mannvirki upp, ef tekin væri ákvörðun um það, þannig að undirbúnings- og byggingartími mundi þegar ná yfir helming þess tíma, sem þeir telja fram að því umferðarmagni, að fjárhagslegur grundvöllur væri örugglega fyrir hendi.

Ég vil svo að lokum benda á það, að engum dettur annað í hug en ferjurnar verði að svara kostnaði, þær eru komnar þegar í þann flokk umferðar- og samgöngumannvirkja á Íslandi, að það er ætlazt til þess, að þær borgi sig í beinum rekstri. En það kemur nú sjaldan fyrir, að talað er um mannvirki eins og vegi eða brýr, sem ferjurnar eru samkv. íslenzkum lögum hluti af, þær eru hluti af vegakerfinu, og það er sjaldan, sem talað er um þessi mannvirki á þann hátt. En ég skal ekki mótmæla því, að það verði að taka mikið tillit til þess, að skipin sjálf geti borið sig þegar í upphafi, þó að ég telji, að það verði líka að meta það út frá málinu í heild og það geti sannarlega borgað sig fyrir okkur að koma þessu mannvirki upp 2—3 árum fyrr frekar en síðar, enda þótt svo færi, að einhver halli yrði á rekstri ferjanna fyrstu 2—3 árin. En samt er ég ekki viss um, að það yrði nokkurn tíma halli á þeim þrátt fyrir þá útreikninga, sem ég hef heyrt, og þótt svo færi í byrjun, held ég, að það yrði aldrei lengi.

Ég vil því fagna þeirri niðurstöðu hæstv. ráðh., að rannsóknin sýni, að hér sé um raunhæfa hugmynd að ræða, sem líkur séu til þess, að verði nokkuð hagstæð, og ég vil vænta þess, að hann framkvæmi þá skoðun sína, að málið verði áfram í alvarlegri rannsókn á næstunni, þannig að það verði ekki látið bíða, þangað til algert umferðaröngþveiti er komið í Hvalfirði.

**Hannibal Valdimarsson:** Herra forseti. Það er vissulega rétt, að Hvalfjörður er leiðinleg lykkja á leið margra frá Reykjavík og norður um land og til Vestfjarða. En þó er naumast hægt að telja hann torfæru lengur fyrir þann, sem ferðast vill um landið, og mörg er torfæran verri á íslenzku vegakerfi heldur en þessi leið. Samt fagna ég því, að athugun sé gerð á því, hvernig megi auðvelda umferðina og fullnægja betur þörfum umferðarinnar á þessu svæði, og þótti fróðlegt að heyra þá áætlun, sem hæstv. samgmrh. gerði hér grein fyrir varðandi hugmyndina um ferju yfir Hvalfjörð, 113 millj. kr. stofnkostnaður og 13—14 millj. kr. rekstrarkostnaður. Þetta eru háar upphæðir miðað við það litla fjármagn, sem íslenzka ríkið getur lagt til vegamála í heild, og hygg ég því, að það gæti talizt nokkuð mikið átak til þess að leysa þó ekki meiri vanda en hér er um að ræða að verja eitthvað á 2. hundrað millj. kr. í stofnkostnað til þess að koma þarna á ferjusambandi. Nú er þessari umferðarþörf aðallega mætt með því að reka fólksflutningaskip milli Akraness og Reykjavíkur, og að öðru leyti ganga vöruflutningar landleiðina fyrir Hvalfjörð. Að því er snertir Akranes, sem á ríkra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta mál, er sem sé skipinu haldið uppi með miklum halla, aðallega til þess að annast fólksflutningana. Vöruflutningarnir hafa farið í þann farveg, að vörur eru fluttar með stórum vöruflutningabílum landleiðina fyrir Hvalfjörð, og sú leið er valin fremur en að flytja vörurnar með skipinu, sem þó er haldið úti. Næstu árin verður þetta áreiðanlega svona.

Mér dettur í hug, að hægt væri að leysa a. m. k. verulegan þátt þessa vandamáls með öðru móti, þ. e. a. s. koma greiðara fólksflutningasambandi á milli Reykjavíkur og Akraness og komast þannig fram hjá Hvalfirði með því að fara fram hjá farartálmunum, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, en fara upp í loftið til þess að komast fram hjá þessum farartálmum, og þá dettur mér í hug farartæki, sem Íslendingar eiga ákaflega erfitt með að tileinka sér að nota, þ. e. a. s. þyrilvængjan, sem hvorki kostaði flugvallargerð Akranesmegin né hér, gæti tekið sig upp og lyft sér yfir þetta fjarðarsvæði, sem hér er um að ræða, og a. m. k. haldið uppi sambandi milli Reykjavíkur og Akraness á hálftíma fresti, án þess að dýr mannvirki væru gerð og án þess að þar kæmi til annað en stofnkostnaður slíkrar þyrilvængju og rekstrarkostnaður hennar, sem ég get varla ímyndað mér að væri eins mikill og úthald þess skips, sem hér er haldið uppi eingöngu vegna fólksflutninganna. Ég held því, að landfræðileg aðstaða, sem hér er, þessi langi fjörður, þessi langa lykkja á landleiðinni, en örstutt bil milli Reykjavíkur og Akraneskaupstaðar, bjóði því heim a. m. k., að þessi úrlausn málsins væri reynd, og ég held, að það væri ekki mjög áhættusamt fyrirtæki að reyna þetta. Ég a. m. k. leyfi mér í sambandi við þetta mál að varpa fram þeirri hugmynd, hvort hæstv. ríkisstj. vildi ekki athuga þá lausn, að tekið væri upp fast samband með þyrilvængju til fólksflutninga frá Reykjavík til Akraness. Maður getur sagt að vísu, að það sé aðallega til að leysa samgöngumál Akurnesinga og Reykvíkinga, en allmikið fjölmenni er það, sem fengi úrlausn á þessum samgönguvandamálum með þessu móti. En einnig gætu margir af þeim, sem færu milli Norðurlands og Reykjavíkur og Vestfjarða og Reykjavíkur, e. t. v. kosið það að fara eingöngu með bifreið sína til Akraness og ganga svo að henni þar aftur, en vippa sér yfir sundið í loftinu.

**Einar Ágústsson:** Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þessa bílferju, sem búið er að tala um hér í æðimörg ár, bæði utan þings og innan. Ég verð að segja það, að ég hef mjög takmarkaða trú á þessu fyrirtæki. Ég hef ekki trú á því, að það þyki svara kostnaði fyrir ferðamenn að bíða eftir ferju með þeirri fyrirhöfn, sem það nú er að koma bílnum sínum á sinn stað og sjálfum sér á sinn stað og aka á ferjuna og af henni aftur, þegar haft er í huga, að það er aðeins 55 km vegalengd, sem sparast. Hvað er lengi verið að aka 55 km á góðum vegi? Það fer auðvitað eftir því, hver hámarkshraði er leyfður hæstur, en með löglegum hraða hygg ég að það mundi taka eitthvað nálægt 45 mínútum. (Gripið fram í.) Já, er það ekki sá hraði, sem kemur væntanlega á hraðbrautum, þegar þær eru komnar í notkun?

Það er upplýst í skýrslu hæstv. ráðh., að ferðirnar verði á hálftíma fresti, miðað við, að tvær ferjur verði notaðar. Ef hugmynd hv. fyrirspyrjanda yrði framkvæmd fyrst um sinn,

mundu ferjurnar vitanlega verða þeim mun sjaldnar, þar sem hann gerir ráð fyrir einni ferju fyrst. Það þýðir það, að þótt tvær ferjur væru notaðar, gæti biðtíminn orðið allt að því hálf klukkustund. Væntanlega tekur einhvern tíma að sigla yfir fjörðinn og að koma bílunum fyrir á ferjunni og taka þá af ferju. Eins og allir vita, sem þessa samgönguleið hafa notfært sér, tekur það talsverðan tíma, og ég held þess vegna, að það þyki ekki hagkvæmt fyrir þá, sem ferðast, að nota þessa ferju. Hitt er svo aftur annað mál, að það má auðvitað alltaf sanna það, að bílferja geti borið sig fjárhagslega. Til þess þarf ekki annað en ákveða fargjaldið nægilega hátt. Og það eru út af fyrir sig sáralitil rök í þessu máli, hvort bílferjur geti borið sig fjárhagslega eða ekki, enda benti hv. fyrirspyrjandi á, að það væri þá nýmæli nánast í íslenzkri vega- eða samgöngusögu, ef vegirnir eða það, sem í þeirra stað kæmi, ætti að borga sig fjárhagslega. Þess vegna er það ekki sú spurning, sem hér þarf að velta fyrir sér, finnst mér, heldur fyrst og fremst, hver er hagkvæmnin, með hvaða móti er hagkvæmnin mest. Ég vil leyfa mér að benda á það, að enda þótt það kæmi bílferja frá þessum tveim stöðum, sem ráðgert er í skýrslunni, þarf að hafa veg eftir sem áður fyrir Hvalfjörð. Sérfræðingar þeir, sem láta skýrsluna frá sér fara, hafa ekki gert ráð fyrir því, að það mundi fara meira en 75% af umferðinni með ferju. Þessi 25%, sem fara þá veginn, þurfa að komast veginn, auk þess sem þarna er byggð, sem væntanlega á að halda áfram í vegasambandi, þó að bílferja komi yfir Hvalfjörðinn utanverðan.

Ég hefði þess vegna viljað óska þess, að áður en farið verður að samþykkja það hér með pompi og prakt, að bílferja skuli koma á Hvalfjörð, verði upplýst fyrir hv. alþm., hvað kosti að gera varanlegan veg með öðrum hætti, og er ekki hægt að stytta veginn fyrir Hvalfjörð með t. d. brú innarlega við fjörðinn, eins og margur maðurinn hefur bent á?

Mig langar til þess að spyrja hæstv. samgmrh., fyrst ég fór að standa hér upp út af þessu máli, hvort hann í skýrslu þeirri, sem hann gaf um kostnaðinn, hafi talið vegagerð frá aðalvegi og að aðalvegi. Ég tók eftir því, að hann gerði ráð fyrir 13 millj. kr. kostnaði við vegagerð á landi. Þýðir það, að það sé þá innifalið í kostnaðaráætluninni vegur frá Hvalfjarðarveginum að sunnanverðu niður að ferju og svo aftur að norðanverðu frá ferju og upp að Norðurlandsvegi? Ef það er, er náttúrlega áætlunin fullnægjandi, en ef það er ekki, sýnist mér, að þennan kostnað vanti, — ég er alveg að ljúka máli mínu, herra forseti, — og ef hæstv. ráðh. talar aftur í þessu máli, þætti mér vænt um, að hann upplýsti mig um þetta.

**Landbrh. (Ingólfur Jónsson):** Herra forseti. Það er misskilningur, ef hv. 11. þm. Reykv. hefur látið sér detta í hug, að þetta mál væri komið á það stig, að það yrði lagt fyrir Alþ. til samþykktar eða synjunar, en hv. þm. sagði það ekki beinlínis, en það jaðraði við, að hann hugsaði á þá leið, eftir því sem hann talaði, hv. þm.

Það er vitanlega ákaflega margt, sem þarf að kanna og athuga í þessu máli, áður en menn gætu gert sér fulla grein fyrir því, hvort það er hægt að ráðast í þetta fyrirtæki. En samkv. þessari skýrslu, sem hér liggur fyrir og vitamálastjóri hefur samið og vegamálastjóri hefur lagt talsvert inn í, sýnist það, að í framtíðinni geti þetta orðið fjárhagslega gott fyrirtæki, og er þá reiknað með því, að umferðin aukist, að það sparist vegagerð fyrir Hvalfjörð 55 km, því að það er vitanlega ákaflega mikill munur á sliti vegarins, hvort 25% af umferðinni fer um veginn eða öll umferðin. Það yrði áreiðanlega látið bíða fyrst um sinn og jafnvel mörg ár að setja varanlegt slitlag á þann veg, sem ekki ætti að taka nema 25% af umferðinni. Það yrðu vitanlega margir vegir, sem yrðu teknir á undan, enda teldist þessi vegur þá ekki lengur hraðbraut, þegar hann hefur ekki nema 25% af umferðinni. Þannig vitanlega sparaðist mikið fé, og er það alveg rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hvað það snertir.

Hv. 11. þm. Reykv. spurði um það, hvort reiknað væri með vegi í þessum 13 millj., sem ég nefndi í vegagerðarkostnaði, frá aðalvegi að ferju. Það er ekki tekið fram beinlínis í þessari grg., en ég ætla, að svo muni vera, og tel sjálfsagt, að svo muni vera, því að vitanlega verður að reikna með varanlegum vegi, vegi með slitlagi, að ferjunni báðum megin frá. En það er ekki tekið sérstaklega fram hér, en ég ætla, að það sé í þessum 13 millj.

Svo vil ég aðeins taka undir það, sem kom óbeint fram hjá hv. 11. þm. Reykv., að það gæti orðið bið við ferjuna, sérstaklega ef ekki væri nema ein ferja. Þess vegna tel ég það ekki rétt, sem hv. 5. þm. Vesturl. talaði hér um áðan, að það mætti spara sér kaup á annarri ferjunni til að byrja með. Ég held, að það væri alveg útilokað að gera það, vegna þess að það mundi kalla á biðraðir og þannig mundi missast mikið af þeirri umferð, sem reiknað er með að notaði ferjuna. Það yrði þess vegna strax að byrja með tvær ferjur, og eins og kemur fram í þessari skýrslu, er talið, að það mætti láta ferjurnar ganga á 20 mínútna fresti frá hvoru landi og þannig væri hægt að taka við allri umferðinni næstu 10—12 árin. Og hvort menn taka krókinn eða ferjuna, er vitanlega allt undir því komið, hvort menn tefjast við það að taka ferjuna og fá óþægindi og tafir, og ég er þeirrar skoðunar, að menn fari heldur krókinn en bíða, ef afgreiðslan gengur ekki fljótt.

Hv. 5. þm. Vestf. talaði hér áðan um að nota þyrlu fyrir Akranes, það væri ekki dýrara en skipið. En þeir, sem tala um bílferju á Hvalfjörð, tala ekki um það eingöngu vegna þeirra, sem búa á Akranesi, heldur muni það stytta leiðina til Vestur- og Norðurlandsins. Og þyrlur eru ákaflega dýrar í rekstri, alveg sérstaklega dýrar, þær eru dýrari en aðrar vélar, og ég held, að það yrði þess vegna ekki samgöngutæki til að leysa þennan hnút, ekki einu sinni fyrir Akurnesinga. Hitt hefur svo legið fyrir, að það þarf að gera athugun á því, hvort ferjan gæti komið til greina héðan frá Reykjavík frekar en fara upp í Hvalfjörð fyrst. Það er vitanlega til athugunar, og áður en þessu máli væri lokið og áður en til mála kæmi að leggja það fram hér á Alþ., er eftir að athuga aðra staði, eins og ég sagði í

byrjun máls míns, og verður ekki til fullnaðar sagt um það, hver staðurinn heppilegastur er, enda þótt bæði vitamálastjóri og vegamálastjóri teldu líklegast, að sá staður, sem hefur verið valinn í þessari álitsgerð, komi helzt til greina.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 29. apríl, var fsp. tekin til frh. umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 24. Starf vélbátanefndar.

Á deildafundum 26. apríl var útbýtt frá Sþ.:

**Fsp. til sjútvmrh. um starf vélbátanefndar** [200. mál] (A. 586).

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

---

Fsp. var ekki á dagskrá tekin framar.